Hæstaréttardómar 1946

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Meiriháttar gallar á bls. 111-112, 329, 352, 388, 492, og 551 á prenteintaki.
Minniháttar gallar á bls. 9, 17, 24, 36, 39, 45, 49, 64, 68, 70, 76, 85, 106, 115, 120, 122, 124, 157, 165, 188, 194-195, 262, 271, 288, 317, 320, 351, 363, og 453-454 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI
HÆSTIRÉTTUR

XVII. BINDI
1946

REYKJAVÍK
RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG
MCMXLVII

Reglulegir dómarar hæstaréttar 1946.

Gizur Bergsteinsson. Forseti dómsins frá 1. janúar til 31. ágúst.
Jón Ásbjörnsson. Forseti dómsins frá 1. september til 31. desember.
Árni Tryggvason.
Jónatan Hallvarðsson.
Þórður Eyjólfsson.

Registur.

I. Málaskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Höskuldi Guðmundssyni. Ómerking héraðsdóms og heimvísun máls ..	9/1	1
2.	Ármann Jakobsson gegn Sveini Frímannssyni og Agli Sigurðssyni. Kærumál. Frávísunardómur ómerktur og máli vísað til héraðsdómara	9/1	8
3.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Ólafi Johnson og Arent Claessen. Brot gegn verðlagslögum og gjaldeyris. Sýknað af ákæru um brot á XV. kafla hegningarlaganna	12/1	11
4.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Jóhannesi Sölva Sigurðssyni. Bifreiðarslys. Manndráp af gáleysi	14/1	22
5.	Jón N. Jóhannessen gegn Guðmundi Jóhannessyni. Leigutaka gert að rýma húsnæði	16/1	27
6.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Hinrik Ragnarssyni. Um öflun rækilegri gagna	16/1	31
7.	Hansína Eiríksdóttir gegn Hector h/f. Húsaleiga. Útburðarmál	21/1	32
8.	Síldarverksmiðjur ríkisins gegn Kaupfélagi Eyfirðinga og gagnsök. Um öflun rækilegri skýrslna	28/1	34
9.	Valdstjórnin gegn Hirti Georg Ingþórssyni. Brot gegn bifreiðalögum	28/1	35
10.	Kristján Kristjánsson gegn Eggert Eggertssyni. Húsaleiga. Útburðarmál	30/1	41
11.	Magnús Thorlacius gegn Stjórn Lögmannafélags Íslands. Kærumál. Agamál lögmanna. Ómerking úrskurðar	1/2	44
12.	Valdstjórnin gegn Ingibjarti Helga Magnússyni. Brot gegn bifreiðalögunum	4/2	47
13.	Réttvísin gegn Vernharði Eggertssyni. Þjófnaður ..	6/2	53
14.	Valdstjórnin gegn Gústav Straumberg Karlssyni. Brot gegn lögum nr. 62/1915 og rgj. nr. 48/1920 ..	8/2	57
15.	Ottó Jörgensen, Þóroddur Guðmundsson, Kristján		

		Dómur	Bls.
	Sigtryggsson, Guðbrandur Magnússon og Óskar Garibaldason gegn Jóhanni Þorvaldssyni, Hjörleifi Magnússyni, Haraldi Gunnlaugssyni, Jónasi Jónassyni, Halldóri Kristinssyni, Kristjáni Sigurðssyni og Skafta Stefánssyni og gagnsök. Innsetningarmál. Samvinnufélög	11½	60
16.	Sigurður Jónasson, Gestur Pálsson og Jónas Ólafsson gegn tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og gagnsök og tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs gegn Ólafi Þorsteinssyni og Sigurborgu Geirmundardóttur. Skattamál	15½	106
17.	Sigurður Benediktsson gegn Magnúsi Thorlacius f. h. King Features Syndicate Inc., New York. Skuldamál	18½	114
18.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Jóni N. Jóhannssyni. Bifreiðalagabrot. Manndráp af gáleysi	20½	117
19.	Valdstjórnin gegn Jóni Sigurðssyni Erlendssyni. Brot gegn áfengislögum, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt	22½	121
20.	Björn Pálsson gegn Guðmundi Sigurðssyni. Ómerking	22½	124
21.	Björn Björnsson gegn bæjarstjóranum í Neskaupstað f. h. bæjarsjóðs. Ómerking og heimvísun	22½	127
22.	Hermann Hjartarson gegn hreppsnefnd Breiðdalshrepps. Vísun máls frá hæstarétti	22½	128
23.	Leifur Böðvarsson gegn bæjarfógetanum á Akranesi f. h. ríkissjóðs. Skattamál	25½	129
24.	Jakob Jónsson, Kristján Jónsson, Þorsteinn Jónsson og Björgvin P. Jónsson gegn Verzluninni Agli Jacobsen h/f. Húsaleiga. Útburðargerð	27½	134
25.	Kristján Guðmundsson gegn Halldóri Benediktssyni. Útivistardómur	27½	138
26.	Útgerðarfélagið Narfi gegn Áka Jakobssyni. Frestur veittur til sameiningar mála í hæstarétti	⅓	138
27.	Sigurður Jónasson gegn tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og gagnsök. Skattamál	⅔	139
28.	Bæjarstjórn Siglufjarðar f. h. bæjarsjóðs gegn dánarbúi Ingvars Guðjónssonar. Útsvarsmál. Lögtaks synjað í skuldafrágöngubúi	⅔	146
29.	Guðmundur Jóhannsson gegn Ólafi Halldórssyni. Bifreiðamál. Skaðabótamál	⅔	150
30.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Viggó Björgólfssyni og gagnsök. Fébótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943	1⅓	156

		Dómur	Bls.
31.	Franz A. Andersen gegn Tryggva Magnússyni og gagnsök. Ósannað, að sala hlutar hefði gerzt	1⅔	162
32.	Valdstjórnin gegn Valdemar Ragnari Jónssyni. Brot gegn lögum nr. 105/1936	1⅔	168
33.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Sigurði Guðna Gíslasyni. Ómerking máls og heimvísun	1⅔	170
34.	Gunnar Bjarnason gegn Þorleifi Ben. Þorgrímssyni og Sigrúnu Pétursdóttur. Verklaun dæmd	2⅓	174
35.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Hinrik Ragnarssyni. Refsing og fébætur vegna líkamásrásar	2⅔	179
36.	Olíuverzlun Íslands h/f gegn hreppsnefnd Blönduósshrepps f. h. hreppsins. Ómerking máls og heimvísun	2⅔	184
37.	Laxinn h/f gegn Vélsmiðjunni Jötni h/f. Kærumál. Kröfu um frest synjað	2⅔	186
38.	Valdstjórnin gegn Rögnu Sigurðardóttur. Brot gegn lögum nr. 3/1943 um verðlag	2⅔	189
39.	Valdstjórnin gegn Agnari Stefánssyni. Brot gegn 1. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941 um bifreiðar ..	2⅔	195
40.	Vigfús Pálmason gegn Ragnari Guðmundssyni. Innsetning í leigt húsnæði	2⅔	198
41.	Ólafur O. Guðmundsson f. h. h/f Oddgeirs gegn Sigurgeir Sigurjónssyni. Útivistardómur	2⅔	205
42.	Enok Ingimundarson gegn Ólafi Eliassyni. Útivistardómur	2⅔	205
43.	Jón Magnússon gegn h/f Sæfara. Útivistardómur	2⅔	206
44.	Ólína J. Erlendsdóttir gegn Oddnýju E. Sen og Jóni Dúasyni. Um það, hvort tilgreinda spurningu mætti leggja fyrir vitni. Kærumál	¼	206
45.	Ólína J. Erlendsdóttir gegn Oddnýju E. Sen. Kærumál. Um dómkvaðningu matsmanna	¼	208
46.	Réttvísin gegn Sveini Bergmanni Bjarnasyni og Birni Kolbeinssyni. Árás á lögreglumenn	¼	211
47.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Emil Hjartarsyni og Jóhannesi Halldórssyni. Manndráp af gáleysi og brot gegn bifreiðalögum	¾	219
48.	Rútur Jónsson gegn Jakob Thorarensen. Húsaleigumál. Útburðargerð	¾	226
49.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Steini Jónssyni og réttvísin gegn Guðmundi Kristjánssyni. Brot á verðlagslögum og 147. gr. hegningarlaganna	⅝	230
50.	Árni J. Björnsson gegn hreppsnefnd Borgarnesshrepps f. h. hreppsins. Um valdsvið hreppsnefndar og byggingarnefndar. Lögbann	⅞	235

		Dómur	Bls.
51.	Réttvísin gegn Gísla Sigurðssyni. Lögreglumaður verður offari. Fyrning sakar	8/4	239
52.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Hirti Magnúsi Guðmundssyni og Einari Sigurjónssyni. Brot á bifreiðalögum og umferðarlögum. Manndráp af gáleysi	10/4	244
53.	Guðmundur Ólafsson gegn Guðmundi Sigmundssyni. Húsaleigumál	12/4	252
54.	Júlíus Davíðsson gegn Ólafi Ásgeirssyni. Húsaleigumál. Útburðarmál	12/4	255
55.	Magnús Andrésson gegn Kristjáni Kristjánssyni. Um öflun frekari skýrslna	12/4	258
56.	Valdstjórnin gegn Jóhanni Þorgrimi Friðrikssyni. Ölvun við bifreiðarakstur	12/4	260
57.	Bergsveinn Guðmundsson gegn Sigurði Ólafssyni og Helga Péturssyni. Verksamningur. Vanefndir. Riftun	14/4	262
58.	Eigendur jarðarinnar Þingness gegn landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs, eiganda jarðarinnar Hests, og kirkjumálaráðherra sem fyrirsvarsmanni Reykholts- og Hvanneyrarkirkna. Kærumál. Um valdsvið matsmanna samkvæmt 84. gr. laga nr. 112/1941	3/5	266
59.	Hedvig D. Blöndal gegn Páli Zóphóníassyni og gagnsök. Húsaleigumál. Um rýming húsnæðis	6/5	269
60.	Réttvísin gegn Jóni Guðjónssyni. Líkamsárás og brot á húsfriði	8/5	275
61.	Jón Jónsson gegn Kristjáni Jónssyni. Húsaleigumál og útburðar	8/5	279
62.	Jón Magnússon gegn Ólafi Stefánssyni. Húsaleigumál og útburðar	8/5	281
63.	Friðrik Guðjónsson gegn h/f Hrönn og gagnsök. Bjarglaun	10/5	286
64.	Réttvísin gegn Sigfúsi Jónassyni. Brot gegn 1. mgr. 221. gr. hegningarlaganna	13/5	290
65.	Þorsteinn Ásgeirsson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök. Skaðabætur samkvæmt lögum nr. 99/1943	17/5	297
66.	Ingibjörg Jónsdóttir gegn Halldóri Guðmundssyni. Mál til heimtu húsaleigu og skaðabóta vegna þrásetu	17/5	301
67.	Valdstjórnin gegn Jóni Tómasi Markússyni. Akstur manns, er var með áhrifum áfengis	22/5	303
68.	Ingólfur Bjarnason f. h. Rafækjaverzlunarinnar Ljósafoss gegn Magnúsi Jónssyni. Húsaleigumál	24/5	306
69.	Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs gegn		

		Dómur	Bls.
	háskólaráði f. h. Sáttmálasjóðs sem eiganda Tjarnarbíós. Útsvarsmál	24/5	309
70.	Sighvatur Blöndal gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Synjun frests í máli. Kærumál	24/5	312
71.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Guðmundi Holberg Þórðarsyni og Brynjólfi Einarssyni. Ómerking dóms og heimvísun	5/6	314
72.	Hermann Hjartarson gegn hreppsnefnd Breiðdalshrepps f. h. hreppsins. Útsvarsmál. Lögtak framkvæmt af hreppstjóra	5/6	342
73.	Hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps f. h. hreppsins gegn Stefáni Jónssyni og gagnsök. Um eignarrétt að fjöru á hafnarsvæði	6/6	345
74.	Ingibjörg Einarsdóttir gegn skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. dánarbús Sigurðar Sveinssonar. Barnsfaðernismál	7/6	349
75.	Slippfélagið í Reykjavík h/f gegn Ludvig Larsen og gagnsök. Skaðabótamál	8/6	353
76.	Jón Jónsson gegn Ingólfi Guðmundssyni og gagnsök. Skaðabótamál	12/6	358
77.	Jón Ingimarsson gegn Guðmundi Holberg Þórðarsyni og Halldóru Björnsdóttur og gagnsök. Útburðarmál	12/6	362
78.	Eigendur og ábúendur Ölvaldsstaða, þeir Gunnar Jónsson, Björn H. Jónsson, Einar Runólfsson og Albert Jónsson gegn Ólafi Ólafssyni og Benjamín Ólafssyni. Úrskurður gerðardóms úr gildi felldur	14/6	366
79.	Hafnarstjóri Reykjavíkur f. h. hafnarsjóðs gegn tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs. Ekki skylt að greiða fasteignaskatt af hafnarmannvirkjum	14/6	374
80.	Jóhann Þ. Jósefsson gegn Magnúsi Thorlacius. Kærumál. Ómerkingar- og frávísunarkröfu hrundið	15/6	378
81.	Ásgrímur Albertsson gegn Erlendi Þorsteinssyni. Kærumál. Ómerking og heimvísun	15/6	381
82.	Ásgrímur Albertsson gegn Erlendi Þorsteinssyni. Kærumál. Ómerking og heimvísun	15/6	382
83.	Fiskur & Ís h/f gegn Höjgaard & Schlutz A/S. Skaðabótamál	15/6	384
84.	Einar M. Einarsson gegn Skipaútgerð ríkisins. Skaðabótamál	18/6	392
85.	Þorlákur Einarsson gegn J. Þorlákssyni & Norðmann. Skaðabótamál	20/6	397
86.	Valdstjórnin gegn Eyvindi Árnasyni. Brot á verðlagslögum	20/6	404

		Dómur	Bls.
87.	Réttvísin gegn Hauki Einarssyni, Magnúsi Gíslasyni og Steingrimi Agli Þorkelssyni. Þjófnaður og þjófsneyzla	2%	407
88.	Skipaútgerð ríkisins gegn Hraðfrystihúsi Dýrfirðinga. Um öflun frekari skýrslna	2½	414
89.	Þóra Borg Einarsson f. h. sjálfrar sín og sonar sins, Gunnars Borgþórs Gunnarssonar gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök. Skaðabótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943	2⅔	415
90.	Sigurður Sigmundsson gegn Vigfúsi Einarssyni. Útivistardómur	2⅔	421
91.	Sigurður Björgvin Þorsteinsson gegn Kristínu Jóhönnu Guðmundsdóttur. Útivistardómur	2⅔	421
92.	Ólafur E. Einarsson & Co. h/f gegn Oddi Kristinssyni. Kröfu um hafningu máls hrundið. Frestur veittur	2⅔	421
93.	Vélbátatrygging Eyjafjarðar gegn Jóni Ásgeirssyni. Vátryggingarmál	2⅘	422
94.	Jónas Hvannberg gegn Skafta Davíðssyni og Davíð Jóhannessyni og gagnsök. Um öflun skýrslna	2⅚	428
95.	Hreppsnefnd Skilmannahrepps f. h. hreppsins gegn bæjarstjóra Akraness f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál. Ágreiningur dómenda	2⅗	429
96.	Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs gegn eigendum Alþýðublaðsins. Útsvarsmál	2⅚	433
97.	H/f Sæfinnur gegn bæjarstjóranum i Neskaupstað f. h. bæjarsjóðs. Kærumál. Frestun máls	2⅞	435
98.	H/f Foss gegn Sigfúsi Baldvinssyni og Hirti Lárussyni. Um málskostnað. Kærumál	2⅞	436
99.	Ragnheiður Guðmundsdóttir gegn Sigfúsi Sighvatssyni. Um öflun skýrslna	3%	438
100.	Ólafur E. Einarsson & Co. h/f gegn Oddi Kristinssyni. Útivistardómur	3%	439
101.	Jón Þorsteinsson og Kristín Dahlsted gegn Karli Árnasyni. Útivistardómur	3%	440
102.	María Jónsdóttir gegn Sigurði Berndsen. Kærumál. Synjað frests	4/10	440
103.	Skipaútgerð ríkisins gegn hreppsnefnd Flateyrarhrepps f. h. hreppsins. Skaðabótamál	7/10	442
104.	Skipaútgerð ríkisins gegn hreppsnefnd Flateyrarhrepps, f. h. hreppsins. Skaðabótamál	9/10	445
105.	Ásgeir Kristjánsson gegn Kaupfélagi Þingeyinga og gagnsök. Um samskipti samvinnufélags við félagsmenn	1 1/10	449

		Dómur	Bls.
106.	Dánarbú Ásgríms Sigfússonar, Ásgeir Stefánsson og Þórarinn Egilson gegn h/f Sviða. Skýring og fylling samnings	14/10	460
107.	Ásgrímur Albertsson gegn Erlendi Þorsteinssyni. Synjun frests. Kærumál	14/10	467
108.	Holger P. Gíslason gegn Benedikt Sigfússyni. Bifreiðaslys. Skaðabótamál	16/10	470
109.	Ásgrímur Albertsson gegn Erlendi Þorsteinssyni. Kærumál. Ómerking úrskurðar	16/10	473
110.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Friðrik Jónssyni. Bifreiðarslys. Manndráp af gáleysi	18/10	476
111.	Réttvísin gegn Jóhanni Hermanni Júlíussyni og Sigurði Björnssyni. Manndráp af gáleysi	25/10	479
112.	Mjólkursamsalan í Reykjavík gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál	28/10	486
113.	Einar B. Guðmundsson f. h. Mildred M. Mc. Coy gegn Gunnari Sveinssyni. Bifreiðaslys. Skaðabætur	30/10	490
114.	Jóhann Karlsson & Co. gegn Eiríki Kristjánssyni. Útivistardómur	30/10	494
115.	Hraðsteypan Málmur h/f gegn Hans Þorsteinssyni. Útivistardómur	30/10	494
116.	Úlfar Valberg Þorkelsson gegn Guðbjörgu Maríu Helgadóttur. Útivistardómur	30/10	494
117.	Dieseltogarar h/f gegn Guðmundi Guðmundssyni. Skaðabætur vegna brottvikningar úr stöðu	30/10	495
118.	Lárus Þ. Blöndal gegn h/f Björgvini. Kaupkröfu hrundið. Tómlætisverkun	1/11	499
119.	Helgi Thorlacius, Rakel Sigurðardóttir og Helga Pétursdóttir gegn Önnu Guðmundsdóttur og Ástríði Ingimundardóttur. Ómerking úrskurðar. Kærumál	5/11	504
120.	Jóhann Hákonarson gegn Hjálmari Þorsteinssyni. Máli frestað sjálfkrafa í hæstarétti. Kærumál	6/11	505
121.	H/f Shell á Íslandi gegn h/f Gísla Súrssyni. Þóknun fyrir aðstoð skipi til handa	8/11	506
122.	Réttvísin gegn Kristjáni Birni Bjarnasyni. Manndráp af gáleysi	13/11	511
123.	Mjólkurbú Flóamanna gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Gjald í varasjóð samvinnufélags ekki talið til rekstrarkostnaðar félagsins	15/11	515
124.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Árna Magnúsi Bjarnasyni. Bifreiðaslys. Sýknað af ákæru um manndráp af gáleysi. Ágreiningur dómenda	18/11	518
125.	Sigfús Baldvinsson og Hjörtur Lárusson gegn Ólafi		

		Dómur	Bls.
	Stefánssyni og gagnsök. Sýknað af bótakröfu vegna brottvikningar skipstjóra	29/11	526
126.	Vélbátatrygging Eyjafjarðar og Leó Sigurðsson gegn Helga Benediktssyni. Sjálfkrafa frávísun máls frá hæstarétti	29/11	532
127.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Sæmundi Guðmundssyni. Um öflun skýrslna	25/11	539
128.	H/f Rifsnes gegn Kaupfélagi Eyfirðinga og gagnsök. Bjarglaun	25/11	539
129.	H/f Fákur gegn Þórarni Gunnlaugssyni. Útivistardómur	29/11	544
130.	Guðmundur Valgrímsson og Magnús Guðmundsson gegn Kristjáni Elíassyni. Útivistardómur	29/11	544
131.	Anna Guðmundsdóttir og Ástríður Ingimundardóttir gegn Helga Thorlacius, Rakel Sigurðardóttur og Helgu Pétursdóttur. Kærumál. Synjun frests	2/12	545
132.	Stórstúka Íslands gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál	2/12	547
133.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Þorvaldi Jónassyni. Brot gegn 219. og 245. gr. laga nr. 19/1940 og gegn bifreiðalögum, umferðarlögum, áfengislögum og lögreglusamþykkt	6/12	549
134.	Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs og gagnsök. Útsvarsmál	9/12	566
135.	Hringbraut 56 h/f gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarins. Skýring og fylling leigusamnings um lóð	11/12	570
136.	Valdstjórnin gegn Guðna Ásgrímssyni. Brot gegn bifreiðalögum	11/12	575
137.	Matthildur Halldórsdóttir og Kjartan Jakobsson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök. Skaðabótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943	13/12	578
138.	Kaupfélag Siglfirðinga gegn Útibúi Útvegsbanka Íslands h/f á Siglufirði. Víxilréttur glataður vegna vangeymslu. Ágreiningur dómenda	13/12	585
139.	Póst- og símamálastjóri f. h. ríkissjóðs gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Skýring á 6. og 7. gr. laga nr. 22/1945	16/12	594
140.	H/f Bragi gegn erfingjum Einars Benediktssonar. Málflytjanda brast heimild til að krefjast skýrslu um málsatriði. Kærumál	16/12	599

		Dómur	Bls.
141.	Áki Jakobsson gegn Guðmundi Jörundssyni og gagnsök. Um öflun skýrslna	19/12	602
142.	Jóhanna Pálmadóttir gegn Guðjóni Sæmundssyni. Synjað innsetningar í herbergi	20/12	603
143.	Georg Magnússon gegn Hildiþór Loftssyni. Útivistardómur	20/12	607
144.	Guðlaug Björnsdóttir gegn Magnúsi Jónssyni. Kröfu um frávísun máls frá héraðsdómi hrundið. Kærumál	20/12	608
145.	Karl Þorfinnsson gegn Hermanni Guðjónssyni og Magnúsi V. Jóhannessyni. Um vitnishæfi. Kærumál	20/12	610

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XXVII. árgangur. 1946.

Miðvikudaginn 9. janúar 1946.

Nr. 111/1945. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Gustav A. Sveinsson)
gegn
Höskuldi Guðmundssyni
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Héraðsdómur ómerktur og málinu vísað til héraðsdómara.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm í máli þessu hefur kveðið upp Guðmundur Eggerz, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu. Löggilding handa Guðmundi Eggerz til fulltrúastarfa hjá greindum dómara, útgefin af dómsmálaráðuneytinu 23. febrúar 1945, tekur ekki til uppkvaðningar dóma í sakamálum. Brast fulltrúann því heimild til uppsögu dóms í máli þessu. Af þessari ástæðu verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað.

Rannsaka ber málið rækilegar, áður en dómur gengur í því af nýju í héraði. Spyrja ber unnustu ákærða, sem hjá honum sat í bifreiðinni, um það, hvort hún hafi séð ákærða neyta áfengis þann morgun, er slysið varð, eða nóttina áður og hvort hún hafi þá séð áfengisáhrif á honum. Svo skal og farþegi sá, Aðalsteinn að nafni, sem fór úr bifreiðinni á Hofsósi, einnig spurður um það, hvort hann hafi orðið vís áfengisneyzlu ákærða eða áfengisáhrifa á honum. Þá ber að lýsa betur ræsi því, er bifreiðin fór yfir, er slysið varð, dýpt þess og hversu stórir steinar liggja að því. Loks ber að rannsaka þau atriði, er framhaldsrannsóknin gefur efni til.

Allur áfrýjunarkostnaður sakar þessarar greiðist úr ríkis-

sjóði, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til framhaldsrannsóknar og og dómsuppsögu af nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústavs A. Sveinssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 300.00. til hvors.

Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 25. maí 1945.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða, Höskuldi Guðmundssyni bifreiðarstjóra, til heimilis í Aðalstræti nr. 12 á Akureyri, samkvæmt fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins í bréfi, dags. 24. janúar 1945, af réttarins hálfu fyrir brot á 23. kafla almennra hegningarlaga frá 12. febrúar 1940 og af valdstjórnarinnar hálfu fyrir brot á bifreiðalögunum nr. 23 frá 16. júní 1941, umferðarlögunum nr. 24 frá 16. júní 1941 og áfengislögunum nr. 33 frá 9. janúar 1935.

Málsatvik eru þessi:

Morguninn 10. september 1944 féll maður út úr bifreið, er ákærði stýrði, skammt fyrir utan Hofsós og beið bana, en um ferð þessa er þetta upplýst með eigin játningu ákærða og í öðrum skýrslum.

Ákærði hafði um rúmlega mánaðarskeið flutt grjót og sand til Skeiðarárfossavirkjunarinnar í Skagafjarðarsýslu á bifreiðinni A. 161, eign Guðmundar Jónassonar bifreiðarstjóra á Akureyri. Um kl. 10 á laugardagskvöldið 9. september ók ákærði bifreiðinni úr Haganesvík, og var ferðinni heitið til Hofsóss, en þar átti dansleikur að vera um nóttina. Helgi nokkur Helgason réð ákærða til fararinnar. Snemma um sunnudagsmorguninn var lagt af stað frá Hofsós. Samkvæmt skýrslu héraðslæknis var komið með slasaða kl. rúmlega 6 að morgni til hans, en vitnið Karl Jóhannsson leit á úr sitt, þegar slysið var um garð gengið, og vantaði klukkuna þá 27 mínútur í 6. Er þá hér um hálftíma ferð að ræða. Ákærði telur, að lagt hafi verið af stað kl. 4, en bifreiðarstjórarnir Alfreð Jónsson og Guðbjartur Júlíus Geirsson kl. 5. Helgi og unnusta ákærða sat hjá honum í stýrishúsinu, en aðrir farþegar, 7 að tölu, í lausaskýli á palli bifreiðarinnar. Á skýlinu voru 3 dyr, ein fyrir hvern

bekk. Allir karlmennirnir voru, að því er ákærði segir, mjög ölvaðir, er hann lagði af stað frá Hofsós, og hófust þá þegar ryskingar og hörkuáflog í bifreiðarskýlinu, og það áður en lagt var af stað. Þegar komið var út á slétta mela skammt fyrir utan Hofsós, þá var bankað úr bílskýlinu á ákærða, og stöðvaði hann þá undireins bifreiðina. Lá þá einn mannanna úr skýlinu flatur á bakinu vinstra megin við bifreiðina, sem eina bíllengt aftan við bifreiðina. Var hann meðvitundarlaus. Þessi maður var Sigurbergur Steinsson. Vöruflutningabifreið K 27 var rétt á eftir bifreið ákærða. Tók bifreiðin manninn upp og ók honum til læknis á Hofsós. Samkvæmt skýrslu héraðslæknisins á Hofsós var komið með Sigurberg Steinsson til hans rúmlega 6 að morgni 10. september. Var maðurinn þá ósjálfbjarga og meðvitundarlaus, og andaðist hann kl. 8, eða tæpum tveimur klukkustundum, eftir að komið var með hann til héraðslæknis. Í skýrslu sinni getur héraðslæknirinn þess, að sterkan vínþef hafi lagt af hinum slasaða manni, að spurningum öllum hafi hann svarað út í hött eða alls ekki, að yfirhöfn og yfirföt hafi verið gauðrifin og blóðblettur á löfum yfirhafnar. Á hvirfli aftarlega kom í ljós áverki, bogadreginn skurður (flipi), ca. 3—4 cm á lengd, og hafði blætt úr, en ekki var finnanlegt, að bein væri þar skaddað. Nokkru fyrir neðan miðju á vinstra framhandlegg, utan megin, var blár og bólginn blettur, kringlóttur, lítið eitt stærri en 2ja krónu peningur, ölnarbeinið virtist óbrotið. Við hreyfingu kviðar kveinkaði sjúklingur sér, en engan áverka var þar að sjá eða annars staðar. Að lokum komst héraðlæknir að þessari niðurstöðu: „Af kliniskum einkennum má helzt ráða, að hauskúpan hafi klofnað og blætt inn í heilann".

Um einstök atriði skal þetta tekið fram:

Þegar farið var frá Hofsós á sunnudagsmorguninn, voru allir farþegarnir, karlmennirnir, meira eða minna drukknir að einum undanskildum, enda hefur ákærði skýrt svo frá: Undireins og lagt var af stað úr Hofsósi, hófust ryskingar og hörkuáflog í skýlinu á bifreiðinni, jafnvel áður en lagt var af stað, byrjuðu þeir að fljúgast á í skýlinu." Vitnið Alfreð Jónsson segir og, að þegar farþegarnir voru að fara upp í skýli á bifreið hans, hann stýrði K 27, hafi hann heyrt áflog og brothljóð inni í skýlinu á bifreið A 161, sem stóð rétt fyrir aftan K 27. Þá hefur vitnið Karl Jóhannsson borið, að ryskingar hafi hafizt í bifreiðarskýlinu, áður en lagt var af stað frá Hofsós. Var það sérstaklega einn farþeginn, Knud Herdner, sem var mjög drukkinn, er stóð fyrir ryskingunum, og brotnaði þá rúða á hægri hlið bílskýlisins.

Slysið vildi til skammt fyrir utan Hofsós. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um, hvernig vegurinn fyrir utan Hofsós er, en allt bendir til, að hann muni ekki góður. Samkvæmt athugun dómarans og ákærða í réttarhaldinu í Skagafirði 14. september

hefur bifreið ákærða um það leyti, er slysið varð, farið yfir skurð eða vatnsrás, áður en hún komst upp á sjálfan veginn, en bifreið ákærða, að því er virðist, farið yfir sléttan mel til þess að komast fram hjá annari bifreið, og vildi slysið þannig til, er bifreiðin komst aftur upp á veginn. Farþegar bifreiðarinnar telja, að slysið hafi viljað til vegna ójöfnu á veginum, og einn þeirra, Karl Jóhannsson stúdent, segir, að bifreiðin hafi henzt allmikið til og að hann hafi tvisvar sinnum kastazt upp undir loft á þaki bifreiðarinnar, sem tók kast á báðar hliðar.

Þá má telja upplýst, að ákærði hafi að minnsta kosti ekið með 30 km hraða á klukkustund, þegar slysið vildi til. Bæði er, að ákærði telur sjálfur, að hann hafi ekið með þessum hraða, og þá liggja fyrir framburðir vitnanna um þetta atriði, ökuhraðann. Framburður Alfreðs bónda Jónssonar, er ók flutningabifreiðinni K 27, er á þessa leið: „Hann segist hafa litið á hraðamæli bifreiðar sinnar, rétt áður en bifreið A 161 fór fram úr K 37, og sýndi hann þá 30 kílómetra hraða á klukkutíma, og með því að jafnt bil hélzt á milli K 27 og A 161, hefur A 161 verið með framangreindum hraða, þegar slysið varð.“ Vitnið Guðbjartur Júlíus Geirsson, er stýrði bifreiðinni K 37, telur, að þegar A 161 ók fram hjá því, hafi það stöðvað bifreið sína, en hann telur, að hann, áður en hann stöðvaði bifreið sína, hafi ekið með 30 km hraða á klukkustund. Vitnið tekur fram, að það hafi ekki litið á hraðamælinn. Er þetta því ágizkun vitnisins. Framburður vitnisins Jóns Jóhannssonar lögregluþjóns: „... en A 161 mun hraðar og ógætilega, og var hraði A 161 aukinn, er henni hafði verið ekið fram úr K 37“, þykir ekki það nákvæmur, að byggt verði sérstaklega á honum um ökuhraðann.

Þá vill rétturinn í þessu sambandi taka fram, að hraði bifreiðarinnar hlýtur að hafa verið æði mikill, úr því að hurðirnar fuku frá bifreiðarskýlinu, og þar sem ekki er upplýst, að verulegar skemmdir hafi orðið, virðist allt benda til þess, að hinar miklu skemmdir á skýlinu eigi rót sína að rekja til þess kasts, er bifreiðin tók, um leið og slysið vildi til, en að þessum skemmdum verður síðar nánar vikið.

Það er upplýst, að um leið og bifreiðin kastast til, fremsta hurðin á skýlinu opnast og fellur út, hrekkur Sigurbergur Steinsson, sem er mjög drukkinn og situr við hurðina, út á veginn og bíður bana af. En hins vegar er ekkert fram komið í rannsókninni, er bendi til, að annað en þetta, að hann hrekkur út, hafi verið orsök slyssins eða dauða hans. Þá má geta þess, að um leið og Sigurbergur dettur út úr skýlinu, hrökk einnig Guðjón Högni Pálsson, er situr við hlið Sigurbergs, að hálfu leyti út, en hann náði í kaðal, sem skýlið var bundið með á bifreiðarpallinn, og meiddist ekki. Rétturinn hefur veitt því athygli, að í vottorði hér-

aðslæknis er tekið fram, að yfirhöfn slasaða hafi verið gauðrifin. Er því líklegt, þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um þetta atriði, að fötin hafi rifnað við áflogin í bílskýlinu.

Skal nú vikið að áfengisneyzlu ákærða.

Vitnið Friðbjörn Þórhallsson, er hafði á hendi forstöðu dansskemmtunarinnar á Hofsós umrædda nótt, 10. september, telur, að ákærði hafi verið ölvaður, bæði þegar hann kom að Hofsós um kvöldið og eins, þegar hann fór þaðan um morguninn, en þó minna, er hann fór þaðan. Ekki sá hann þó ákærða neyta áfengis, en dregur ályktun sína um ölvun ákærða af því, að hann, þegar hann drakk kaffi, hafi hann verið „með þat og látbragð drukkinna manna." Vitnið Halldór Jónsson, einn þeirra, er stóð fyrir skemmtuninni, segir, að ákærði hafi haft vín um hönd, og að hann hafi séð hann súpa á flösku, en ekki virtist vitninu ákærði áberandi drukkinn. Hins vegar eru framburðir annarra vitna um þetta atriði á þessa leið. Alfreð Jónsson gat ekki séð, að ákærði væri ölvaður, er hann lagði af stað frá Hofsós, og sá hann ekki neyta áfengis. Karl Jóhannsson sá ákærða aldrei á ferðinni neyta áfengis og sá ekki á honum ölvun, en vitnið tekur fram, „að dimmt hafi verið, svo það sé ekki að marka". Pétur Joensen segist ekki hafa merkt það af neinu, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis í förinni, og ekki vitað til, að hann hafi neytt áfengis. Skarphéðinn Veturliðason segist ekki hafa komizt að því á nokkurn hátt, að ákærði væri ölvaður eða að hann neytti áfengis í ferðinni. Magnús Stefán Guðlaugsson segist ekki hafa séð ákærða neyta nokkurs áfengis og ekki hafa merkt, að hann væri undir áhrifum áfengis. Knud Herdner Georgsson sá ekki ákærða neyta áfengis, en hitt sá hann, að Helgi Helgason, sem var hjá bílstjóra, var með vínflösku. Helgi Helgason kveðst ekki vita til, að ákærði hafi neytt áfengis í ferðinni, og ekki hafa séð á honum vín. Jón Jóhannsson telur, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, en getur þess jafnframt, að það hafi ekki getað athugað ástand hans eins nákvæmlega og það hefði viljað. Þar sem nú þannig liggja fyrir samhljóða framburðir 6 farþega bifreiðarinnar og einnig framburðir bifreiðarstjóra Alfreðs Jónssonar um það, að ákærði hafi ekki verið undir áhrifum áfengis og að vitnin hafi ekki séð hann bragða áfengi, þykir framburður hinna 3ja vitna, er borið hafa hið gagnstæða, ekki það greinilegir, að talið verði sannað, að ákærði hafi við aksturinn verið undir áhrifum áfangis, gegn eindregnum mótmælum hans um, að svo hafi verið. Framburður vitnisins Guðbjarts Júlíusar Geirssonar þykir lítið upplýsa um þetta atriði. Samkvæmt þessu verður að sýkna ákærða fyrir brot á áfengislögunum.

Um framkomu ákærða eftir slysið skal tekið fram, að upplýst er, að hann hélt kyrru fyrir á slysstaðnum, þangað til að ekið var

í burtu með hinn slasaða mann, en að öðru leyti liggja engar sannanir fyrir um, að hann hafi sérstaklega átt þátt í eða hjálpað til við brottflutning mannsins.

Ákærði heldur fram, að ekki hafi verið hægt að láta hinn slasaða mann inn í bílaskýlið, eins og það var orðið útleikið, og þá heldur hann fram, að hann hafi beðið „Adda", Alfreð Jónsson, um að fara með manninn til læknis, en þetta vitni, Alfreð Jónsson, hefur gefið þá skýrslu, að það og einn af farþegum hans hafi tekið hinn meðvitundarlausa mann, og að einhver úr bifreið K 37 hafi mælzt til þess við vitnið, að hann færi með manninn til læknis, og er þetta í samræmi við framburð vitnisins Jóns Jóhannssonar lögregluþjóns. Skal í þessu sambandi tekið fram, að í aukarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 5. apríl 1945 var lagt fram símskeyti frá greindu vitni, rskj. nr. 12, þess efnis, að ákærði hefði beðið það að aka hinum slasaða manni til læknis, en í lögregluréttí Skagafjarðarsýslu 24. f. m. heldur vitnið Alfreð Jónsson fram, að þetta sé rangt og stafi af misminni sínu og því, að hann hafi skrifað skeytið í flýti. Hins vegar tekur Alfreð fram í greindum lögreglurétti Skagafjarðarsýslu, að Jón Jóhannsson hafi beðið hann að fara með manninn til læknis, en eins og tekið er fram hér að framan, bar Alfreð það í byrjun, að einhver úr bifreið K 37 hafi beðið hann um þetta. Ákærði kannast ekki við að hafa átt á slysstaðnum tal við lögregluþjón Jón Jóhannsson. En fyrir lögreglurétti Reykjavíkur hefur hann, Jón, borið það, að hann hafi sagt ákærða að fara með manninn strax til læknis á Hofsós, en að ákærði hafi sagt, að hann gæti ekki farið með manninn þangað, án þess að gera nánari grein fyrir þessu. Allt bendir þannig til, að ákærði hafi engin afskipti haft af hinum slasaða manni á slysstaðnum. Og ákærði hefur viðurkennt, að hann gerði lögreglunni ekki aðvart um slysið.

Um bifreiðina sjálfa þetta:

Hún var skoðuð á Akureyri 19. maí 1944 og var þá í góðu lagi. Þá var hún aftur skoðuð af bifreiðaeftirlitsmanninum á Akureyri 21. september 1944, og var þá heldur ekkert við hana að athuga, nema hvað afturljós loguðu ekki. Hins vegar eru allar líkur fyrir, að farþegaskýli það, er fest var á bifreiðarpallinum, hafi verið lélegt eða lítt nothæft. Að öðrum kosti gat það naumast skemmzt svo mikið, er raun varð á. En menn þeir, er dómarinn útnefndi til þess að skoða skýlið eftir slysið, lýsa skemmdum þannig: „Þeim megin, sem hurðir eru á skýlinu, er hliðin brotin úr því, allir bekkir, sem í skýlinu hafa verið, eru einnig brotnir, 2 brotnir alveg niður og sá þriðji einnig mikið skakkur og brotinn. Auðsætt er, að um ný brot er að ræða, enda hefði ekki verið lagt upp með að nota skýlið til mannflutninga, eins og það nú er.

Annar matsmaður bætir því við í réttinum, að einn aflstuðullinn í hinni brotnu hlið skýlisins sé heill.

Ákærði hefur kannazt við, að farþegaskýlið hafi ekki verið löglega útbúið, þar sem það var fest með kaðli, en ekki með járnboltum. Ákærði festi sjálfur skýlið á pallinn með öðrum manni, og ekki lét hann bifreiðaeftirlitsmann skoða skýlið.

Skaðabótakröfur hafa ekki verið gerðar.

Skulu nú tekin fram aðalatriði málsins:

1. Skýlið er bundið niður með kaðli, í stað þess að festa átti það niður með járnboltum. Bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði ekki skýlið, sem að öllum líkindum hefur verið lélegt eða lítt nothæft.
2. Samkvæmt skoðunarvottorði bifreiðarinnar mátti ákærði aðeins hafa einn mann í stýrishúsinu, en hann hafði tvo, og við þetta bætist, að annar þeirra, Helgi Helgason, var svo fullur, að því er hann sjálfur segir, að hann vissi ekkert, hvað gerðist, og vitnið Knud Herdner Georgsson ber það, að hann hafi séð Helga, „sem sat í stýrishúsi bifreiðarinnar hjá bílstjóra með vínflösku". Það, að ákærði hefur mjög drukkinn mann í stýrishúsinu hjá sér, er alvarlegt brot á öllum varúðarreglum.
3. Allir farþegarnir, að tveimur undanteknum, eru fullir. Einn þeirra, Guðjón Högni Pálsson, er borinn út í bifreiðina. Knud H. Georgsson og Helgi Helgason vissu ekki, hvað gerðist.
4. Þegar slysið varð, er ökuhraðinn að minnasta kosti 30 km á klukkutíma. Þegar tekið er tillit til þess, að ákærði ók út af veginum og hann var að öllum líkindum ekki vel kunnugur honum, að minnsta kosti kannast hann við, að honum hafi sýnzt skurðurinn eða vatnsrásin grynnri en hann í raun og veru var, þykir þetta ógætilegur akstur. Og hér við bætist, að ákærða mátti vera ljóst, að honum bar að aka mjög gætilega, þar sem farþegarnir voru fullir og bílsskýli ekki svo fest sem vera bar.
5. Ákærði virðist enga hjálp hafa veitt hinum slasaða manni.

Þá skal tekið fram, að ákærði heldur fram, að ekki hafi verið hægt að aka hægra megin fram hjá bifreiðinni K 37. En rétturinn lítur svo á, að, eins og á stóð, bar ákærða enga nauðsyn til að aka fram fyrir bifreiðina. Talsmaður ákærða telur, að bifreiðinni hafi verið ekið afturljósalausri í umræddri för.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur ekki sætt ákæru eða refsingu áður. Með skírskotun til framanskráðs þykir hann hafa gerzt sekur við 7. gr. 5. mgr. reglugerðar nr. 72 frá 24. júní 1937, 14. gr. 3. mgr. bifreiðalaganna frá 16. júní 1941, 28. gr. 3. mgr. sömu laga — ákærði ók fram hjá til vinstri —, 26. gr. 1. mgr., 27. gr. 1. mgr. og 29. gr. sömu laga, sbr. 38. gr. laganna.

Þá hefur ákærði gerzt sekur við 2. gr., 4. gr., 9. gr. 1. og 2 mgr. umferðarlaganna frá 16. júní 1941, sbr. 14. gr. sömu laga.

Loks telur rétturinn, að þegar litið er á öll framanskráð atriði, beri að telja ákærða brotlegan við 215. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30 daga varðhald.

Þá þykir og rétt samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs talsmanns síns, Friðriks Magnússonar héraðsdómslögmanns, er ákveðast kr. 300.00.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Höskuldur Guðmundsson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 1 ár frá birtingu dóms þessa. Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, héraðsdómslögmanns Friðriks Magnússonar, kr. 300.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. janúar 1946.

Kærumálið nr. 16/1945. **Ármann Jakobsson**
gegn
Sveini Frímannssyni og **Agli Sigurðssyni.**

Frávísunardómur ómerktur og máli vísað til héraðsdómara.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa kveðið upp Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, og samdómandinn Benedikt Steingrímsson. Hinn samdómandinn, Gísli Eyland, greiddi sératkvæði í málinu.

Með kæru 13. desember f. á., er hingað barst 27. sama mánaðar, hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært dóm sjó- og verzlunardóms Akureyrar, upp kveðinn 10. sama mánaðar, þar sem vísað var frá héraðsdómi máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómurinn verði úr gildi felldur og

að varnaraðiljar verði dæmdir til að greiða honum málskostnað í hæstarétti, kr. 400.00.

Varnaraðiljar krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað, kr. 400.00, í héraði og fyrir hæstarétti.

Sóknaraðili, sem hefur fengið sér framseldar kaupkröfur 9 skipverja á v/b Gaut E A 669, sækir í héraði varnaraðilja til að greiða sér kaup þeirra frá afskráningardegi til skiladags. Er krafa þessi reist á 9. gr. samnings um kaup og kjör á síldveiðum milli stéttarfélaga sjómanna og útgerðarmanna, dags. 1. júlí f. á. Verður að telja almennum dómstólum rétt að meta öll atriði, er kaupkröfuna varða, og að skýra ákvæði nefndrar samningsgreinar í því sambandi. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu til héraðsdóms til löglegrar meðferðar.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að varnaraðiljar greiði in solidum sóknaraðilja kærumálskostnað í hæstarétti, sem ákveðst 150 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur.

Varnaraðiljar, Sveinn Frímannsson og Egill Sigurðsson, greiði in solidum sóknaraðilja, Ármanni Jakobssyni, 150 krónur í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 10. desember 1945.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar eða dóms þann 29. nóv. s. l., hefur Ármann Jakobsson héraðsdómslögmaður, Akureyri, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 30. okt. s. l., á hendur þeim Sveini Frímannssyni og Agli Sigurðssyni, báðum á Akureyri, og gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda kr. 1980.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 26. ágúst 1945 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Þá krefst hann og sjóveðréttar í v/b „Gaut" E A 669 fyrir upphæðum þessum.

Krafa stefnanda er gerð fyrir eftirstöðvum á kauptryggingu 9 manna, er voru á síldveiðum á v/b „Gaut" s. l. sumar, og hafa þeir

framselt stefnanda kröfurnar. Kauptryggingarkrafan er gerð fyrir dagana 21.—26. ágúst 1945, eða frá afskráningardegi til „uppgerðardags", og byggist á 9. gr. samnings um kaup og kjör á síldveiðum milli stéttarfélaga sjómanna og útgerðarmanna, sem gerður var 1. júlí 1945.

Stefndu vefengja, að krafa þessi sé lögmæt, og telja sér ekki skylt að greiða hina umstefndu upphæð, vegna þess að dráttur á uppgjöri við sjómennina, eftir að þeir voru afskráðir, verði ekki gefinn stefndu að sök. Gera stefndu þá kröfu, að málinu verði vísað frá dómi, þar sem hér verði að dæma um gildi vinnusamnings, en samkvæmt 2. tölulið 44. gr. laga nr. 80 1938 eigi félagsdómur að fjalla um slík mál. Verði frávísunarkrafan tekin til greina, krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Í 44. gr. laga nr. 80 11. júní 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir, að verkefni félagdóms sé að dæma í málum út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi og gildi hans meðal annars.

Í máli þessu er ágreiningur um skilning á 9. gr. framangreinds stéttarfélagssamnings, og er því fallizt á það með stefndu með tilvísun til 2. töluliðs lagagreinar þeirrar, er síðast var vitnað til, sbr. 47. gr. í sömu lögum, að vísa beri málinu frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Gísla Eylands sjó- og verzlunardómsmanns.

Stefnandi sækir í máli þessu kaupkröfur, sem byggjast á 9. gr. samnings milli stéttarfélaga sjómanna og útgerðarmanna á síldveiðum 1945. Verður að telja almennum dómstólum rétt að meta atriði þau, er varða gildi þessara kaupkrafna. Um gildi ofangreinds samnings er ekki ágreiningur, og ákvæði 9. greinar hans, þau sem hér eiga við, eru það skýlaus, að ekki verður um deilt. Fellur mál þetta því ekki undir verkefni félagsdóms samkvæmt 2. tölul. 44. gr. l. nr. 80 1938.

Samkvæmt þessu verður frávísunarkrafan ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafan verður ekki tekin til greina.

Laugardaginn 12. janúar 1946.

Nr. 151/1945. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Theódór B. Lindal)
gegn
Ólafi Johnson (Hrl. Einar Arnórsson)
og
Arent Claessen (Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot gegn verðlagslögum og gjaldeyrislögum. Sýknað af ákæru um brot gegn XV. kafla hgl.

Dómur hæstaréttar.

Ákærði Ólafur Johnson dvaldist í Bandaríkjum Norður-Ameríku frá því haustið 1939 og fram á sumar 1945. Annaðist hann þar m. a. vörukaup handa hlutafélaginu Ó. Johnson & Kaaber, sem hann er einn aðalhluthafi í. Íslenzk stjórnvöld létu hlutafélagi þessu erlendan gjaldeyri í té til þessara vörukaupa og veittu því innflutningsleyfi, enda áttu vörur þær, sem ákærði Ólafur keypti vestan hafs handa hlutafélaginu, að seljast og hagnýtast hér á landi. Ákærði Ólafur var því um framkvæmd nefndrar umboðsmennsku fyrir Ó. Johnson & Kaaber h/f háður ákvæðum íslenzkra laga um verðlag, innflutning og gjaldeyrismeðferð svo og ákvæðum íslenzkra refsilaga, sbr. 6. gr. 1. tl. laga nr. 19/1940. Bar ákærða Ólafi því m. a. að fara eftir þeim reglum, sem verðlagsyfirvöldin settu 11. marz 1943 og 6. október s. á., en í reglum þessum var svo ákveðið, að aðili, sem verzlun stundar hér á landi og umboðsmann hefur eða útibú erlendis til þess að annast þar vörukaup fyrir sig, megi leggja allt að 5% af kaupverði vörunnar á verð hennar, „eftir að álagningu hefur verið bætt við kostnaðarverð", enda séu skilríki sýnd fyrir því, að umboðsmaðurinn eða útibúið hafi annazt kaup vörunnar. Þá átti og ákærði Ólafur að hlíta viðaukareglum frá 31. marz 1944, þar sem svo er mælt, að verðlagning skyldi jafnan reist á reikningi frá erlendum seljendum.

Rannsókn og ákæra þessa máls hefur einungis beinzt að athöfnum ákærðu, eftir að reglurnar frá 11. marz 1943 voru gefnar út. Frá þeim tíma og til 25. október 1944 hlítti ákærði Ólafur ekki reglum verðlagsyfirvaldanna, heldur lagði hann, svo sem nánar er rakið í héraðsdómi, frá 5% og allt að 20% á flestar þær vörur, sem hann keypti handa hlutafélagi sínu í Ameríku. Á kaffi það, er hann keypti þar, lagði hann þó ekkert. Með öllum þeim vörum, sem ákærði Ólafur lagði á, sendi hann til Íslands reikninga, er hann gaf út. Var verð vörunnar og álagning Ólafs ósundurliðað á reikningum þessum, og sást því ekki, hvert verð hinir erlendu seljendur höfðu tekið fyrir vöruna. En ólögleg umframálagning Ólafs á því tímabili, er hér skiptir máli, reyndist vera að viðbættri heildsöluálagningu á hana kr. 367690.89, og afsláttur, er erlendir seljendur veittu Ólafi og hann tók ekki tillit til við álagninguna, nam að viðbættri heildsöluálagningu á hann kr. 2164.34. Ákærði Ólafur hefur viljað réttlæta nefndar athafnir sínar með því, að sér hafi verið algerlega ókunnugt um hinar íslenzku verðlagsreglur, er nefndar voru, fyrr en í október 1944, en þá hafi hann hætt að leggja meira en 5% á vörur þær, sem hann keypti vestan hafs handa hlutafélagi sínu. Að vísu er ósannað gegn neitun hans, að hann hafi fengið vitneskju um reglur þessar fyrr en hann heldur fram, en þegar litið er til stöðu hans í New York og horfs hans við íslenzkum hagsmunum, er ollu því, að hann var um kaupmennsku þá, er í máli þessu greinir, bundinn af íslenzkum verðlagsákvæðum, þá verður vanþekking hans á verðlagsreglunum ekki talin afsakanleg, enda var honum kostur að fylgjast með íslenzkum verðlagsákvæðum, og eru því ekki skilyrði fyrir hendi samkvæmt 3. tl. eða lokaákvæði 74. gr. laga nr. 19/1940 til lækkunar eða niðurfalls þeirrar refsingar, sem hann hefur unnið til með athöfnum, sem andstæðar voru gildandi verðlagsákvæðum.

Það verður að teljast sannað, að ákærða Arent Claessen hafi frá upphafi verið það ljóst, að ákærði Ólafur lagði á því tímabili, sem hér skiptir máli, meira en 5% á ýmsar þær vörur, sem hann, þ. e. Ólafur, keypti handa hlutafélaginu í Ameríku. Ákærði Arent Claessen gerði samt ekkert til

að hefta þessar athafnir Ólafs fyrr en í símskeyti 25. október 1944, en lagði reikninga þá, sem Ólafur samdi um verð hins keypta varnings, fyrir verðlagsyfirvöldin, og voru reikningar þessir lagðir til grundvallar við ákvörðun verðs á varningnum. Telja verður með vísun til 1. og 7. gr. laga um verðlag nr. 3/1943, að Viðskiptaráð hafi haft heimild til setningar reglna þeirra, sem það setti 11. marz 1943, 6. október s. á. og 31. marz 1944. Ákærðu brutu með ofangreindum athöfnum gegn 2. tl. verðlagningarreglnanna frá 11. marz 1943 og I. lið 2 sams konar reglna frá 6. október s. á. svo og reglunum frá 31. marz 1944. Varðar þetta brot hinna ákærðu við 9. gr. 2. mgr. laga nr. 3/1943.

Vegna umframálagningar þeirrar, er að framan greinir, safnaðist ákærðu innstæða í amerískum banka, að fjárhæð 47627.34 í bandarikjadollurum. Ákærðu stóðu ekki íslenzku bönkunum skil á þessum erlenda gjaldeyri, svo sem boðið er í 5. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 77/1943, fyrr en eftir að stefna í máli þessu hafði verið gefin út á hendur þeim. Þykja ákærðu með þessu hafa gerzt brotlegir við greint ákvæði svo og 17. gr. nefndrar reglugerðar og 4. og 6. gr. laga nr. 1/1943.

Reikningar þeir, sem ákærðu lögðu fyrir verðlagsyfirvöldin, greindu ekki, svo sem þegar er lýst, verð það, sem ákærði Ólafur greiddi seljendum varningsins í Ameríku, heldur var þar talið fram í einu lagi verð varningsins, er hinir amerísku seljendur fengu, og álagning sú, er ákærði Ólafur lagði á hann. Reikningar þessir voru því ófullkomnir, þar sem þeir báru ekki með sér, hvert verð ákærðu guldu fyrir varninginn, og veittu reikningarnir verðlagsyfirvöldunum ærið efni til að krefja ákærðu sagna um álagningu þeirra. Verður ekki, að svo vöxnu máli, talið, að reikningar þessir hafi geymt yfirlýsingu ákærðu þess efnis, að þeir hefðu ekki lagt á vöruna vestan hafs meira en 5%. Þykja ákærðu því ekki hafa gerzt brotlegir við 146. gr. eða 147. gr. laga nr. 19/1940.

Sekt sú, sem hvor hinna ákærðu hefur unnið til, þykir að athuguðum málavöxtum og með hliðsjón af efnahag ákærðu, sbr. 51. gr. laga nr. 19/1940 svo og 77. gr. sömu

laga, hæfilega ákveðin kr. 80000.00, og komi varðhald 9 mánuði í stað sektar hvors þeirra, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu hafa haldið því fram, að upptaka eigna eigi ekki að taka til kr. 75109.55, sem er hagnaður samkvæmt vörureikningum, er út voru gefnir fyrir 11. marz 1943, en þar sem vörur þessar voru tollafgreiddar og verðlagðar hér á landi eftir 29. marz 1943, þá þykir einnig bera að gera þenna hagnað upptækan, sbr. 4. tl. verðlagningarreglna frá 11. marz nefnt ár. Með þessari athugasemd ber að staðfesta ákvæði héraðsdómsins um upptöku hins ólöglega hagnaðar.

Ákvæði sama dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Um greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar fer sem hér segir: Ákærði Ólafur Johnson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, sem ákveðast kr. 2500.00.

Ákærði Arent Claessen greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, sem ákveðast kr. 2500.00.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda í hæstarétti, kr. 3500.00, greiði hinir ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærðu, Ólafur Johnson og Arent Claessen, greiði hvor 80000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 9 mánaða varðhald í stað sektar hvors þeirra, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku ólöglegs hagnaðar og málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði Ólafur Johnson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Einars Arnórssonar, kr. 2500.00.

Ákærði Arent Claessen greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Einars B. Guðmundssonar, kr. 2500.00.

Allan annan áfrýjunarkostnað, þar með talin máls-

sóknarlaun skipaðs sækjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Theódórs B. Líndals, kr. 3500.00, greiði hinir ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. nóvember 1945.

Ár 1945, mánudaginn 12. nóvember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara upp kveðinn dómur í málinu nr. 3075—3076/1945: Réttvísin og valdstjórnin gegn Ólafi Johnson og Arent Claessen, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Johnson stórkaupmanni, Grenimel 35 hér í bæ, og Arent Claessen stórkaupmanni, Laufásvegi 40 hér í bæ, fyrir brot gegn XV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 13. febrúar 1940, verðlagslöggjöfinni og gjaldeyrislöggjöfinni.

Ákærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna, Ólafur fæddur 29. maí 1881 og Arent fæddur 31. janúar 1887, og hefur hvorugur þeirra áður sætt ákæru eða refsingu.

Hlutafélagið O. Johnson & Kaaber var skráð í hlutafélagaskrá Reykjavíkur 30. desember 1935, og hefur stjórn félagsins verið sú sama frá upphafi, ákærði Ólafur formaður, ákærði Arent varaformaður og Friðþjófur O. Johnson meðstjórnandi. Báðir eru ákærðu framkvæmdastjórar félagsins og hafa verið frá stofnun þess. Félagið rekur heildverzlun hér í bænum. Frá því á árinu 1939 og fram í síðastliðinn júnímánuð var ákærði Ólafur í New York í Bandaríkjum Norður-Ameríku og annaðist vörukaup fyrir félagið og auk þess fyrir innflytjendasambandið og var annar af framkvæmdastjórum innkaupanefndarinnar. Á sama tíma stýrði ákærði Arent rekstri félagsins hér.

Í verðlagningarreglum, útgefnum af verðlagsstjóra í umboði Viðskiptaráðs hinn 11. marz 1943, birtum í Lögbirtingablaði hinn 13. sama mánaðar, segir svo í 2. tölulið: „Hafi verzlun umboðsmann eða útibú erlendis til þess að annast þar vöruinnkaup fyrir sig, má verzlunin bæta allt að 5% af innkaupsverði vörunnar við verð hennar, eftir að álagningu hefur verið bætt við kostnaðarverð, ef skilríki eru sýnt fyrir því, að umboðsmaðurinn eða útbúið hafi annazt innkaup vörunnar.“

Hinn 31. marz 1944 var gefinn út svo hljóðandi viðauki við þessar reglur: „Verðlagningin skal jafnan byggð á vörureikningi frá erlendum seljanda.“ Áður en þessi regla kom til framkvæmda, hafði tíðkazt, að umboðsmenn íslenzkra innflytjenda vestanhafs sendu vörur hingað til lands með vörureikningum, sem þeir gáfu

út sjálfir. Til að ganga úr skugga um, hvort nefndum ákvæðum frá 11. marz 1943 hefði verið hlýtt og þá hve mikil brögð hefðu verið að brotum gegn þeim, voru hlutaðeigandi fyrirtækjum gefin fyrirmæli um það í apríl 1944 að skila verðlagsstjóra frumvörureikningum um þær vörusendingar, sem sendar höfðu verið hingað með vörureikningum íslenzkra borgara í Bandaríkjunum. Við samanburð frumreikninga, er O. Johnson & Kaaber h/f skilaði verðlagsstjóra samkvæmt nefndum fyrirmælum, og eigin vörureikningum umboðsmanns félagsins í Bandaríkjunum, ákærða Ólafs, kom í ljós, að umboðsmaðurinn hafði lagt meira en hin heimiluðu 5% á sumar vörur. Með bréfi, dagsettu 3. janúar síðastliðinn, kærði verðlagsstjóri félagið fyrir þetta. Af þeim frumreikningum, er verðlagsstjóra höfðu þá borizt, sem voru um 32 vörusendingar, að innkaupsverði kr. 737160.52, taldi hann hafa komið í ljós, að ólöglegur hagnaður félagsins næmi af þeim sendingum kr. 112811.70, og er sú tala út af fyrir sig óvéfengd af ákærðu. Vantaði þá frumreikninga fyrir 110 vörusendingum, að innkaupsverði kr. 2047415.51. Undir rekstri málsins hefur félagið skilað verðlagsstjóra öllum þessum frumreikningum. Hinn 6. janúar s. l. var hrl. Ragnar Ólafsson löggiltur endurskoðandi skipaður til að framkvæma endurskoðun hjá félaginu til upplýsingar máli þessu. Samkvæmt skýrslu hans, sem er tölulega óvéfengd af ákærðu, eftir að þeir höfðu látið athuga hana af sinni hálfu, nemur álagning umboðsmanns félagsins í New York, ákærða Ólafs, umfram hin heimiluðu 5% á vörur þær, er hann sendi hingað til lands á eigin vörureikningum, og afsláttur hinna erlendu seljenda, hvorttveggja að viðbættri heildsöluálagningu, kr. 369855.23. Upphæðin skiptist þannig, að umframálagning umboðsmanns að viðbættri heildsöluálagningu á hana nemur kr. 367690.89, en afslátturinn að viðbættri heildsöluálagningu nemur kr. 2164.34. Allar þær vörur, sem hér er um að ræða, eru toll- og verðreiknaðar hér eftir gildistöku nefndrar reglu frá 11. marz 1943. Ákærði Ólafur hefur viðurkennt að hafa lagt meira en 5% á sumar vörur, er hann keypti fyrir félagið í Ameríku og sendi hingað og að álagning þessi hafi verið frá 5% og upp í 20%. Fór álagningin mjög eftir magni og tegund hins keypta og hversu heppileg innkaupin voru á hverjum tíma. Á allt það kaffi, er félagið keypti frá Brasilíu á tímabilinu janúar 1943 til ársloka 1944, að verðmæti kr. 800291.45, var ekkert lagt vegna umboðsmannsins og ef til vill á lítið eitt annað af vörum. Allar vörurnar, sem á var lagt, voru sendar hingað á vörureikningum, útgefnum af ákærða Ólafi, og var verð þeirra greint þar ósundurliðað, þ. e. a. s. eigi sundurliðað innkaupsverð og álagning. Þegar reglan frá 11. marz 1943 gekk í gildi, ákvað ákærði Arent að leggja ekki hin heimiluðu 5% á vöruna

hér, því að hann áleit, að ákærði Ólafur legði á hana vestra, og vitað var, að starfsemi hans þar átti að standa undir sér fjárhagslega. Hefur því ekkert verið lagt á vöruna hér vegna starfsemi ákærða Ólafs vestra. Allt frá því að þessi regla gekk í gildi, áleit ákærði Arent, að ákærði Ólafur mundi leggja meira en 5% á þær vörur, er hann sendi félaginu frá Ameríku, og taldi hann það nauðsynlegt til að hafa upp í kostnaðinn við starfsemi ákærða Ólafs, og taldi ákærði Arent þetta réttmætt, þar sem starfsemi ákærða Ólafs yrði að skoðast sem sérstakt fyrirtæki. Allt voru þetta þó hugleiðingar ákærða Arents, sem hann byggði ekki á neinu skjallegu, og síðasta atriðið, að starfsemi ákærða Ólafs væri sérstakt fyrirtæki, hafði eigi við nein rök að styðjast. Ekki lét ákærði Ólafur hann vita um álagningu sína vestra, og mun ákærði Arent því eigi hafa vitað, hver álagning hans var í einstökum tilfellum. Þó ákærði Arent teldi álagningu ákærða Ólafs vegna umboðsins vestra hærri en leyfilegt var, gerði hann engar ákveðnar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir hana fyrr en með símskeyti 25. október 1944. Að vísu er ljóst af bréfkafla á ensku, sem ákærði Ólafur hefur birt kafla úr bréfi frá 6. júlí 1944, að ákærði Arent hefur þá þegar rætt um 5% álagningarregluna, og lætur þar þá skoðun í ljósi, að hann búist við, að ómögulegt muni reynast að fá nokkurt samþykki hjá verðlagsstjóra eða ráðherra til þess að fara yfir 5% álagningu. Jafnframt segir hann, að „vitanlega" (of course) muni 5% álagning ekki nægja fyrir útgjöldum skrifstofunnar í New York, og virðist vera ráðalaus (wondering) um það, hvað skuli til bragðs taka. Eins og bréfkafli þessi er orðaður, virðist tæplega unnt að hugsa sér annað en að bréfritarinn hafi áður haft bréfaskipti við móttakanda bréfsins um margnefnda 5% álagningarreglu og að hann, er hann skrifar bréfið, þykist fullviss um, að ákærði Ólafur viti áður um hana. Samt verður ekki vegna framburðar ákærðu beggja talin full sönnun fyrir bréfaskiptum um þetta áður.

Í símskeytinu frá 25. október 1944, sem áður er minnzt á, segir, að verðlagsstjóri hafi í trúnaðarsamtali við ákærða Arent „strongly advised sending originals all future shipments charging maximum five percent" og ákærði Ólafur beðinn að haga sér samkvæmt því framvegis. Ákærði Ólafur heldur því fram, að hann hafi skilið þetta þannig, að verðlagsstjóri hafi „fastlega ráðlagt" afhendingu frumreikninga og 5% álagningu, og hefur hann og talsmaður hans lagt allmikla áherzlu á, að aðeins sé um ráðleggingu að ræða. Ákærði Ólafur fór samt eftir skeytinu og lagði eftir móttöku þess, skömmu eftir 25. október, ekki meira en 5% á vörur, er hann sendi félaginu síðar, enda er ljóst, að réttara var að skilja hin tilfærðu orð sem „áminnir alvarlega" eða eitthvað þess konar, þar sem verðlagsstjóri á í hlut, því auðvitað er hann sem emb-

ættismaður ekki neinn viðskiptaráðunautur O. Johnson & Kaaber h/f, heldur segir aðeins til um það, hve há álagning má vera, svo ekki varði ábyrgð að lögum.

Í upphafi rannsóknar málsins skýrði ákærði Arent svo frá, að þegar 5%-reglan frá 11. marz 1943 gekk í gildi, hafi ákærða Ólafi verið gert aðvart um hana annað hvort með skeyti eða með því að senda honum dagblöð með auglýsingu um regluna. Ákærði Ólafur hefur eindregið neitað, að sér hafi verið send tilkynning um þetta. Kveðst hann enga vitneskju hafa fengið um reglu þessa frá skrifstofu félagsins hér, ekki hafa fengið Lögbirtingablaðið, meðan hann var í Ameríku, og ekki hafa séð reglu þessa auglýsta í dagblöðum. Kveðst hann því ekki hafa vitað um reglu þessa fyrr en seint á árinu 1944, er hann fékk skeyti félagsins, dagsett 25. október 1944, sem áður er á minnzt, og er þar þó eigi annað sagt en að fastlega sé ráðið til að leggja eigi meira en 5% á vestra.

Eftir að ákærði Ólafur hafði neitað vitneskju um reglu þessa fyrr en seint á árinu 1944 og ákærði Arent vissi um þá neitun, er framburður hans í réttarhaldi hinn 6. september s. l. á þá leið, að ákærði Ólafur kannist ekki við að hafa fengið neitt skeyti um þetta, og ekki er sjáanlegt í skjalasafni félagsins né bókum, að honum hafi verið sent slíkt skeyti, og hann minnist þess ekki sérstaklega, að slíkt skeyti væri sent. Hann telur og, að ákærða Ólafi hafi ekki að jafnaði verið sent Lögbirtingablaðið eða aldrei, en dagblöðin hafi honum verið send, en ekki veit hann til þess, að honum (ákærða Ólafi) væri sérstaklega bent á, að í þeim væri margnefnd reglugerð. Ákærðu voru báðir sammála um, að ákærði Ólafur hafi aldrei óskað eftir, að sér væru send verðlagsákvæði frá skrifstofu félagsins í Reykjavík.

Af því, sem nú hefur verið sagt, verður ekki um það ráðið, hvort ákærða Ólafi hefur verið sent skeyti um 5% regluna, svo sem ákærða Arent virðist hafa minnt samkvæmt framburði hans 4. jan. s. l. Hins vegar má telja það víst, að ákærða Ólafi hafi verið send dagblöð héðan að heiman frá þeim tíma, er 5% reglan frá 11. marz 1943 gekk í gildi. Það er vitað, að í dagblöðum Reykjavíkur hinn 13. marz 1943 var birt tilkynning frá verðlagsstjóra til þess að vekja athygli kaupsýslumanna á verðlagningar- og álagningarreglum, sem birtar voru sama dag í Lögbirtingablaðinu, en þar var einmitt 5% álagningarreglan fólgin í. Verður að telja mjög ótrúlegt, með tilliti til þess, sem fram hefur komið, að ákærði Ólafur hafi ekki fengið eitthvað af blöðum þessum, og er það þá einnig mjög ólíklegt, að hann hafi ekki veitt því athygli, sem í blöðunum stóð um verðlagsmál eða önnur viðskiptamál, sem sérstaklega varða atvinnu hans. Eru mjög miklar líkur fyrir því, að hann hafi ekki verið „bona fide" um 5% álagningarregluna, eftir að dagblöð frá marz 1943 komu til hans. En þótt samt sé gengið

út frá því, sem ákærði heldur fram um þetta, getur það eigi leyst hann frá refsiábyrgð, því að vanþekking laga og löglega birtra stjórnvaldserinda svo sem margnefnds verðlagsákvæðis, veldur eigi sýknu. Verður og að meta ákærða Ólafi til mikils gáleysis að leggja eigi fyrir félagið að láta sig fá vitneskju um öll verðlagsákvæði, er beinlínis vörðuðu starf hans fyrir félagið í Ameríku.

Um álit ákærða Arents á álagningu ákærða Ólafs og afskiptaleysi hans af henni hefur áður verið rætt. Ákærðu hafa haldið því fram sér til afsökunar, að verðlagsstjóra hafi verið kunnugt um hina of háu álagningu félagsins vegna umboðsmannsins í Ameríku, löngu áður en hann kærði félagið. Verðlagsstjóri heldur því hins vegar fram, að sér hafi eigi orðið kunnugt um þetta fyrr en síðast á árinu 1944, er athugaðir höfðu verið frumvörureikningar þeir, er félagið hafði skilað sér. Verður af því, sem fram er komið um þetta atriði, eigi séð, að það fái orkað á úrslit málsins.

Fyrirsögn margnefndrar tilkynningar frá 11. marz 1943 er: „Reglur um verðlagningu vara, sem ákvæði um hámarksálagningu gilda um." Fyrirsögn tilkynningarinnar frá 6. október 1943, er nam hina úr gildi, er: „Reglur um verðlagningu vara, sem ákvæði um hámarksálagningu eða hámarksverð gilda um." Af þessu kynni að mega ályktа, að margnefnd 5% regla gilti einungis um þær vörur, er sérstök hámarksákvæði giltu um, en óbundið væri, hvað leggja mætti á aðrar vörur vegna umboðsmannsins í New York. Á þetta verður þó eigi fallizt, því að samkvæmt 1. gr. verðlagslaganna var verð allra vara háð valdi Viðskiptaráðs, og það hafði raunverulega afskipti af verðlagi annarra vara en þeirra, sem sérstök verðlagsákvæði giltu um, sbr. reglur Viðskiptaráðs frá 26. febrúar 1943, aðra regluna frá 11. marz sama ár og 7. gr. verðlagslaganna. Var framkvæmdin og sú, að hver verðreikningur um vörur, sem sérstök verðlagsákvæði voru eigi um, var athugaður, álagning innflytjandans eftir atvikum samþykkt eða lækkuð, og sú ákvörðun talin jafngilda sérstökum verðlagsákvæðum, enda kveður Viðskiptaráð undantekningarlaust hafa verið farið eftir þessu af innflytjenda hálfu.

Þó að því sumar þær vörur, er Ó. Johnson & Kaaber h/f fluttu inn og meira var lagt á vegna ameríkuumboðsmannsins en 5%, hafi eigi verið háðar sérstökum verðlagsákvæðum, þykir 5% reglan samt sem áður ná til þeirra, enda er það í fullu samræmi við framkvæmdir Viðskiptaráðs í þessum efnum.

Af því, sem nú hefur verið rakið um málavexti, þykir ljóst, að ákærðu — Ólafur með hliðsjón af niðurlagi 1. töluliðs 6. gr. og 7. gr. almennra hegningarlaga — hafi gerzt brotlegir við 2. tölulið verðlagningarreglna frá 11. marz 1943 og I. lið 2 í verðlagningarreglunum frá 6. október sama ár, hvorttveggja sbr. 9. gr. 2. mgr. verðlagslaganna.

Eins og sést af skýrslu endurskoðandans, nemur afsláttur hinna erlendu seljenda að viðbættri heildsöluálagningu á hann kr. 2164.34. Afslátt þenna fékk félagið af verði viðkomandi vara hjá hinum amerísku seljendum þeirra, en hann var ekki greindur í vörureikningum, heldur var verð vörunnar þar talið að fullu, eins og enginn afsláttur hefði verið gefinn.

Var varan síðan greidd þessu verði seljandanum í Ameríku, sem svo endurgreiddi félaginu afsláttinn. Mun afsláttur þessi allmjög tíðkaður í verzlunarviðskiptum. Heildsöluálagning hér kom jafnt á hið raunverulega verð vörunnar og afsláttinn. Eigi verður litið á afslátt þenna sem umboðslaun, þar sem hér var um vörukaup félagsins sjálfs að ræða, en eigi umboðsverzlun. Í verðlagningarreglum frá 11. marz og 6. október 1943 er eigi leyft að telja afslátt sem þenna með í innkaupsverði vöru. Með því að telja afsláttinn með í innkaupsverðinu, teljast ákærðu hafa gerzt brotlegir við nefndar verðlagningarreglur, sbr. 9. gr. 2. mgr. verðlagslaganna nr. 3 13. febrúar 1943.

Vörur þær, er félagið keypti frá Bandaríkjunum, voru greiddar þangað í bandaríkjadollurum samkvæmt leyfum Viðskiptaráðs. Nú þurfti félagið, eins og áður er sýnt fram á, eigi að nota til greiðslu hins raunverulega vöruverðs allan þann erlenda gjaldeyri, er umboðsmanni þess, ákærða Ólafi, var greiddur fyrir vörur þær, er hann sendi hingað til lands á eigin vörureikningum, og var fé þetta lagt í banka í New York, að svo miklu leyti sem það fór eigi til greiðslu kostnaðar af starfsemi ákærða Ólafs. Samkvæmt 5. gr. 5. mgr. reglugerðar um innflutning og gjaldeyrisverzlun nr. 77 3. apríl 1943 bar félaginu að skila sölubanka gjaldeyrisins þeim hluta gjaldeyrisins, sem eigi þurfti að nota til greiðslu andvirðis hinnar keyptu vöru. Hafa ákærðu með því að láta þessa skyldu undir höfuð leggjast, gerzt brotlegir við nefnda reglugerðargrein, sbr. 17. gr. 1. mgr. sömu reglugerðar og 4. og 6. gr. laga nr. 1 16. janúar 1943 um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

Hinn 13. f. m. yfirfærði félagið frá skrifstofu sinni í New York til Útvegsbanka Íslands h/f 47627.34 bandaríkjadollara, eða 308277.48 íslenzkar krónur, en það var innstæða félagsins í hinum bandarísku banka, er skapazt hafði, svo sem áður segir. Þar sem yfirfærsla þessi fór eigi fram, fyrr en ákærðu hafði verið tilkynnt málshöfðun fyrir brot gegn gjaldeyrislöggjöfinni af nefndum sökum, getur hún eigi firrt þá refsiábyrgð á brotum.

Loks er ákærðu gefið að sök brot gegn XV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Sú eina grein þess kafla, er hér gæti komið til álita, er 146. greinin, sem leggur við því refsingu, ef opinberu stjórnvaldi er gefin röng yfirlýsing um málefni, sem yfirlýsanda er skylt að gefa upplýsingar um. Yfirlýsingar þær, sem ákærðu hafa lagt fyrir opinber stjórnvöld í sambandi

við þetta mál, eru vörureikningarnir, bæði þeir upprunalegu og vörureikningar ákærða Ólafs. Vörureikningar ákærða Ólafs greina verð vörunnar ósundurliðað. Þar er eigi sagt, fyrir hvaða verð hann hafi keypt vöruna, né heldur, hve mikið hann hafi lagt á hana. Þó að hann samkvæmt framansögðu mætti eigi leggja nema 5% á vöruna, þykir hann eigi með reikningum hafa gerzt brotlegur við nefnda hegningarlagagrein. Sama máli gegnir um ákærða Arent. Eigi verður heldur séð, að ákærðu hafi með notkun frumvörureikninganna gerzt brotlegir við nefnda grein. Verða þeir því sýknaðir af ákæru réttvísinnar í þessu máli.

Refsingar ákærðu, hvors um sig, fyrir brot þau, er að framan greinir, þykja með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðnar 80000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í eitt ár í stað hvorrar sektar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ágóði sá, er félagið hefur haft af verðlagsbrotum ákærðu, nemur samkvæmt framansögðu kr. 369855.23. Samkvæmt 69. gr. 3. tölulið hegningarlaganna ber að gera hann upptækan ríkissjóði til handa, og ber að dæma hina ákærðu fyrir félagsins hönd til að greiða hann innan 15 sólarhringa frá birtingu dómsins.

Ákærða Ólaf ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. jur. Einars Arnórssonar hrl., kr. 2000.00, og ákærða Arent ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Einars B. Guðmundssonar, kr. 2000.00. Allan annan kostnað sakarinnar ber að dæma ákærðu til að greiða in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu, Ólafur Johnson og Arent Claessen, greiði hvor 80000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi eins árs varðhald í stað hvorrar sektar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði f. h. O. Johnson & Kaaber h/f ríkissjóði upptækan ólöglegan ágóða, kr. 369855.23, innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Ólafur Johnson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. jur. Einars Arnórssonar hrl., kr. 2000.00.

Ákærði Arent Claessen greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Einars B. Guðmundssonar, kr. 2000.00.

Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. janúar 1946.

Nr. 130/1945. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Gunnar J. Möller)
gegn
Jóhannesi Sölva Sigurðssyni
(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Bifreiðarslys. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Telja verður, að maður sá, er varð fyrir bifreið ákærða, hafi hagað göngu sinni ógætilega, þar sem hann hélt sig ekki utarlega á akbrautinni. Á hinn bóginn ók ákærði bifreið sinni fram hjá manni þessum, án þess að fullvissa sig um, að hann hefði veitt bifreiðinni athygli og vikið nægjanlega til hliðar. Þykir hann því ekki hafa gætt þeirrar varúðar um aksturinn, sem boðin er í þeim greinum bifreiðalaga, sem til er vitnað í hinum áfrýjaða dómi, svo og í 3. málsgr. 28. gr. sömu laga. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 2000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber og samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið eitt ár frá birtingu dómsins.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skal vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 350 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhannes Sölvi Sigurðsson, greiði 2000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur leyfi til að aka bifreið eitt ár frá birtingu dómsins.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 350.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 27. ágúst 1945.

Ár 1945, mánudaginn 27. ágúst, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2453/1945: Réttvísin og valdstjórnin gegn Jóhannesi Sölva Sigurðssyni, sem tekið var til dóms hinn 14. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóhannesi Sölva Sigurðssyni bifreiðarstjóra, Aðalstræti 16 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 11. júní 1921. Hinn 10. marz 1943 var hann sektaður um kr. 30.00 fyrir að hafa tvo farþega í framsæti bifreiðar, en að öðru leyti hefur hann ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Hinn 23. febrúar s. l., klukkan rúmlega 8 árdegis, varð bifreiðarslys á Suðurlandsbraut skömmu vestan Elliðaánna, og beið Oddur Snorrason verkamaður, Sólheiði í Sogamýri, bana af. Á þessum tima ók ákærði 26 manna áætlunarfólksbifreiðinni G 201 frá Reykjavík austur Suðurlandsbraut áleiðis til Mosfellssveitar í áætlunarferð. Ákærða minnir, að 8 farþegar væru í bifreiðinni, og hefur nafngreint tvo þeirra, Val Júlíus Hinriksson, gæzlumann á Korpúlfsstöðum, og Svanþór Jónsson múraranema, Óðinsgötu 17 B hér í bæ. Óvíst er, hverjir hinir farþegarnir voru. Bifreiðin var í góðu lagi að öðru leyti en því, að hraðamælir hennar var óvirkur, og hafði hann verið það um nokkurt skeið. Um fjórum klukkustundum eftir slysið reyndi lögreglan hemla bifreiðarinnar, og voru þeir þá í góðu lagi. Ákærði var vel fyrir kallaður í akstrinum, hafði sofið vel um nóttina, og þetta var fyrsta ferð hans þenna dag. Veður var kalt og hvasst suðvestan, og gekk á með skafrenningséljum. Samkvæmt vottorði Veðurstofunnar var veðrið

kl. 8 um morguninn SSW 6, alskýjað, skyggni 2—4 km og hiti 0 stig. Við veðurathugun kl. 5 árdegis sama dag var snjókoma og við veðurathugun kl. 11 árdegis sama dag voru snjóél. Milli athugana var snjókoma öðru hverju. Vegurinn, þar sem slysið varð, er malbikaður og mjög breiður, þar sem þar kemur saman nýi vegurinn að Elliðaárbrúnni og vegurinn, sem liggur að gömlu Elliðaárbrúnum. Vegurinn var snjólaus og umferð um hann engin á þessu svæði nema G 201 og þeir tveir fótgangandi menn, sem nú verður að vikið. Þessir menn voru áðurnefndur Oddur Snorrason og Þorsteinn Magnússon verkamaður, Selby-camp 19. Þeir gengu austur Suðurlandsbraut og voru á leið til vinnu í sandgryfjunum innan við Elliðaár og höfðu skóflur um öxl. Þeir gengu með venjulegum gönguhraða, og rétt áður en slysið varð, gekk Þorsteinn aðeins á undan Oddi. Þorsteinn segir þá hafa gengið um miðbik vinstri vegarhelmings og Odd nær vegarmiðju en sig, en ákærði telur þá hafa gengið á miðjum veginum. Vitnin Valur og Svanþór segja þá hafa gengið nálægt miðjum veginum. Strax og ákærði sá mennina, en þá átti hann töluverðan spöl, sennilega nokkra tugi metra, ófarna til þeirra, gaf hann hljóðmerki. Þá telur hann sig hafa ekið með 20—30 km hraða, miðað við klukkustund. Þorsteinn heyrði hljóðmerkið og færði sig út á vinstri vegarbrúnina, en leit ekki við og sá því hvorki Odd né bifreiðina, fyrr en slysið var orðið. Bæði ákærði og vitnin, Valur og Svanþór, bera, að Oddur hafi, þegar hljóðmerkið var gefið, vikið til hægri inn á veginn, og er það óvéfengt.

Ákærði skýrir nú frá næstu viðburðum á þessa leið: Í sömu andránni og hann gaf hljóðmerkin, skipti hann gangvél bifreiðarinnar úr fjórðu í þriðju gangskiptingu, sté snöggvast af benzíngjöfinni á hemlana, en sá þá, að svigrúm yrði til að komast á milli mannanna, og sté hann því þá af hemlunum og á benzíngjöfina og ók áfram, og telur hann ökuhraðann þá hafa verið 10—15 km, miðað við klukkustund, og á þeim hraða hafi bifreiðin verið, þegar slysið varð. Þegar ákærði gaf hljóðmerkið, bjóst hann við, að mennirnir færu út á vinstri vegbrún, og beygði hann því stefnuna lítið eitt til hægri og hyggur, að við það hafi bifreiðin komizt á miðju vegarins, því að áður hafði hann ekið á vinstri vegarhelmingi. Þegar hann sá, að Oddur beygði til hægri, beygði ákærði til vinstri, og þegar hann ók fram á milli mannanna, var bifreiðin komin aðeins vinstra megin við vegarmiðju. Þegar fremsti hluti bifreiðarinnar, vélarhúsið, fór fram á milli mannanna, gekk Oddur áfram og til hægri, en um leið og ákærði var að fara fram hjá honum, leit hann út um hægri framrúðuna og sá þá, að andlit Odds vissi að bifreiðinni, og heyrði um leið, að skarpt högg kom á bifreiðina hægra megin, en heyrði ekkert óp. Um leið hemlaði ákærði, svo sem unnt var, og þegar bifreiðin nam staðar, segir

hann Odd hafa legið ca. 2 lengdir bifreiðarinnar, 15 metra, aftan við afturenda hennar. Ekki varð ákærði þess var, að Oddur dræg-ist neitt með bifreiðinni. Vitnið Valur Júlíus Hinriksson, sem sat í framsæti bifreiðarinnar við hlið ákærða og hefur bifreiðarstjóra-réttindi og er nokkuð vanur bifreiðaakstri, gizkar á, að ökuhraði-nn austur veginn hafi verið 35—40 km, miðað við klukkustund. en vitnið tekur fram, að það hafi ekkert um ökuhraðann hugsað, meðan aksturinn stóð yfir, og sé hraðaágizkun þessi gerð eftir á. Vitnið telur, að ákærði hafi dregið úr þessum ökuhraða, áður en hann kom að mönnunum, en getur ekki um það sagt, hvort þetta gerðist nær eða fjær mönnunum. Þegar bifreiðin var að koma á móts við mennina, virtist vitninu sá þeirra, sem var hægra megin við hana, en það var Oddur, færa sig til vinstri. Vitnið sá ekki, hvar hann lenti á bifreiðinni, en virtist það vera framarlega á hægri hlið hennar. Vitnið fullyrðir, að maðurinn hafi ekki orðið fyrir framenda bifreiðarinnar. Þegar bifreiðin hafði numið staðar, sá vitnið Odd liggja nokkurn spöl aftan við bifreiðina, en það getur ekki um það sagt, hve langur sá spölur var, en gizkar á þrjár lengdir bifreiðarinnar. Vitnið hljóp strax í næsta hús og símaði til lögreglunnar um slysið. Vitnið Svanþór Jónsson sat í næsta sæti fyrir aftan ákærða hægra megin í bifreiðinni. Vitnið var að lesa í blaði, þar til hljóðmerkið var gefið, og veitti akstrinum því litla athygli, en því virtist bifreiðinni vera ekið á venjulegum hraða austur veginn. Vitnið kveður ákærða hafa dregið úr hraða bifreiðarinnar, þegar hann nálgaðist mennina, og þegar slysið varð, hafi bifreiðin verið orðin ferðlítil og hafi verið á að gizka tvær lengdir hennar frá afturenda hennar að Oddi, þegar hún hafði numið staðar. Þegar vélarhús bifreiðarinnar var að færast fram á milli mannanna, sá vitnið Odd hægra megin við það, og var hann að vísu nálægt bifreiðinni, en þó eigi svo nálægt, að vitninu virtist það hættulegt. Kveðst vitnið hafa séð báða mennina, þegar frammendi bifreiðarinnar fór á milli þeirra, og virtist því vera nóg bil milli þeirra fyrir bifreiðina. Þegar bifreiðin var að fara milli mannanna, heyrði vitnið glamur við hægri hlið bifreiðarinnar um miðju, að því er vitninu virtist, og telur það, að skófla sú, er Oddur bar um öxl, hafi þá rekizt í bifreiðina. Þetta þótti vitninu undarlegt, þar sem það taldi bifreiðina hafa haft nóg rúm til að komast á milli mannanna, og kveðst það hafa látið undrun sína yfir þessu í ljós við ákærða. Telur vitnið, að Oddur hljóti að hafa fært sig að bifreiðinni, eftir að hún var farin að fara framhjá hon-um, eða hrakið að henni af stormi eða snúið sér og þá lent á bif-reiðinni.

Þegar vitnið Þorsteinn Magnússon sá bifreiðina fara fram hjá sér, eftir að Oddur hafði rekizt á hana, virtist því hún vera á töluverð-um hraða, en það treystist ekki til að áætla hraðann nánar. Þetta

vitni segir bifreiðina hafa numið staðar 4—5 lengdir sínar fyrir framan vitnið. Eftir slysið lá Oddur meðvitundarlaus nálægt miðju vegarins. Hann lá á vinstri hlið, og snéri höfuð hans til austurs, og skófla hans lá rétt hjá honum. Hann var með sár á höfði, og dreyrði úr því. Lögreglan kom brátt á vettvang og lét færa Odd á Landspítalann. Samkvæmt vottorði Landspítalans var Oddur við komuna þangað algerlega meðvitundarlaus. Uppi á höfðinu hægra megin var ca. 4 cm langur skurður. Engin blæðing var úr eyrum eða nefi, en rétt eftir komuna þangað tók að myndast mar kringum hægra auga. Púls var 80/mín. Yfirendi hægra viðbeins var brotinn rétt við herðablaðið. Sjúklingurinn var strax látinn í rúm, en ástand hans fór versnandi, púls varð lítill, hraður og óreglulegur, öndun grunn og hrygglukennd, og þannig smádró af honum, þar til hann andaðist hinn 25. febrúar kl. 16.30. Krufning sýndi brotinn höfuðkúpubotn og mikla blæðingu á heilann.

Ekkja Odds hefur upplýst, að hann hafi frá æsku verið bilaður á taugum, og hafi bilun þessi lýst sér í krampatitringi. Segir hún hann stundum, sérstaklega fyrr á árum, hafa vegna þessa gengið hraðar en ella, en ekki segist hún hafa séð hann skjögra eða taka ósjálfráð hliðarspor.

Vitnið Ólafur Ólafsson, er síðast var verkstjóri Odds, varð þess daglega vart, að Oddur fékk krampadrætti í andlitið og átti illt með að tala, meðan á þeim stóð, en eigi sá vitnið hann taka ósjálfráð hliðarspor eða bakföll á göngu.

Vitnið Þorsteinn Magnússon hafði alloft orðið Oddi samferða til vinnu og orðið þess vart, að hann átti vanda til krampakasta og hristist þá til og skjögraði stundum til hliðar. Vitninu virtist hann alltaf vilja ganga inni á veginum og álítur, að hann hafi vegna krampakastanna forðazt að ganga á vegarbrúnunum. Þetta, að Oddur hafi viljað ganga inni á veginum, kveðst ekkja hans hafa heyrt fólk tala um.

Vitnin Valur og Svanþór tóku ekki eftir neinu óeðlilegu við göngulag Odds í umrætt skipti, en bæði vitnin þekktu hann áður og vissu, að hann var krampaveikur, og kveðst Valur hafa vitað, að hann átti til að taka víxlspor eða kippast til í gangi.

Þegar ákærði gaf hljóðmerkið, tók hann ekki eftir neinu einkennilegu við göngulag Odds, en þegar bifreiðin nálgaðist hann meira, tók ákærði eftir, „að Oddur var eins og skjögrandi. Var eins og hann vippaðist til, og axlir hans kipptust til. Hann virtist þó halda nokkurn veginn stefnu á ganginum."

Sannað er, að framendi bifreiðarinnar var kominn fram hjá Oddi, þegar áreksturinn varð, og verður að álíta, að Oddur, sem hafði beygt til rangrar hliðar, hafi af einhverjum ástæðum, sjálfráðum eða ósjálfráðum, breytt stefnu sinni nær bifreiðinni og við það rekizt á hana. Hraði bifreiðarinnar var að vísu ekki mikill,

en eins og á stóð, sérstaklega, þar sem ákærði sá, að Oddur var óeðlilegur í gangi og beygði skakkt, hefði honum að áliti réttarins borið að sýna meiri varkárni um ökuhraðann og að aka eigi svo nálægt Oddi sem hann gerði. Óvarkárni ákærða í þessum efnum verður að telja meðorsök slyssins, og hefur ákærði því gerzt brotlegur við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, 26. gr. 1. mgr. og 27. gr. 1. mgr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941 og 4. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941. Með því að aka bifreiðinni án virks hraðamælis hefur ákærði brotið 9. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna. Þykir refsing ákærða eftir atvikum og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 20 daga varðhald.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jóhannes Sölvi Sigurðsson, sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Ólafs hæstaréttarlögmanns Þorgrímssonar, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. janúar 1946.

Nr. 160/1945. **Jón N. Jóhannessen** (Hrl. Sigurður E. Ólason)
gegn
Guðmundi Jóhannessyni
(Hrl. Kristján Guðlaugsson).

Leigutaka gert að rýma húsnæði.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. des. 1945. Krefst hann þess aðallega, að uppsögn hans 28. júní 1945 á leigumála stefnda verði dæmd gild og og stefnda verði gert að rýma allt leiguhúsnæðið nú þegar. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefnda verði dæmt að flytjast úr hinni leigðu íbúð að undanskildu forstofuher-

bergi hennar. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara, að staðfestur verði úrskurður húsaleigunefndar frá 24. sept. 1945. Hann krefst og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram í máli þessu, að Björn Jónsson, tengdasonur áfrýjanda, sé ekki „heimilisfastur innanhéraðsmaður" í Reykjavík, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1943, þar sem hann hafi flutzt til bæjarins, eftir að bráðabirgðalög nr. 107 frá 8. sept. 1941 tóku gildi. Samskonar andmæli hafði stefndi uppi fyrir húsaleigunefnd haustið 1944 og sumarið 1945, er mál aðilja var þar til úrskurðar. En húsaleigunefnd, sem vald hefur samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1943 til að veita undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. sömu gr., hefur þrátt fyrir nefnd andmæli stefnda heimilað honum í úrskurði að taka húsnæði á leigu hér í bæ. Verður þegar af þeirri ástæðu ekki unnt að fallast á nefnda mótbáru stefnda.

Með því að áfrýjandi hefur brýna þörf fyrir umrædda íbúð til handa dóttur sinni og tengdasyni og ekki þykja efni til að undanskilja forstofuherbergið, þá ber að taka aðalkröfu áfrýjanda til greina.

Eftir atvikum þykir mega ákveða, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dómsorð:

Uppsögn áfrýjanda, Jóns N. Jóhannessens, 28. júní 1945 á leigumála stefnda, Guðmundar Jóhannessonar, telst gild, og ber stefnda að rýma húsnæði það, er hann hefur á leigu í húsi áfrýjanda nr. 14 við Ránargötu.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. nóvember 1945.

Mál þetta, er dómtekið var 15. þ. m., hefur Jón N. Jóhannessen, fyrrverandi sóknarprestur, Ránargötu 14 hér í bæ, höfðað fyrir

bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 3. október 1945, gegn Guðmundi Jóhannessyni, Ránargötu 14 hér í bænum, og gert þær dómkröfur, *aðallega* að síðargreind uppsögn á húsnæðisleigumála stefnda verði metin gild að öllu leyti og stefnda gert að rýma nú þegar allt húsnæði það, er hann hefur á leigu í húsinu nr. 14 við Ránargötu hér í bæ. Þá hefur stefnandi og krafizt þess, að stefnda verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu.

Til *vara* hefur stefnandi gert þá kröfu, að sér verði dæmdur umráðaréttur yfir öllu nefndu húsnæði, að fráteknu forstofuherbergi þess.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans, en *til vara*, að síðargreindur úrskurður húsaleigunefndar Reykjavíkur verði staðfestur.

Jafnframt hefur hann með stefnu, útgefinni 22. okt. 1945, höfðað gagnsök og gert þær dómkröfur, *að* greindur úrskurður húsaleigunefndar Reykjavíkur verði úr gildi felldur, *að* áðurgreind uppsögn aðalstefnanda á leigumála aðilja verði metin ógild og sér dæmdur leiguréttur til alls umrædds húsnæðis.

Þá hefur gagnstefnandi krafizt þess, að aðalstefnanda verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu í aðalsök og gagnsök.

Í gagnsök krefst gagnstefndi (aðalstefnandi) sýknu og málskostnaðar sér til handa.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 28. júní s. l. sagði aðalstefnandi aðalstefnda upp leigumála þeim um húsnæði það, er aðalstefndi hefur á leigu í kjallara (á neðstu hæð) hússins nr. 14 við Ránargötu, til brottflutnings 1. október 1945, en aðalstefnandi virðist hafa verið eigandi húss þessa síðan árið 1940. Er húsnæði þetta að stærð 3 herbergi og eldhús. Aðalstefnandi kvaðst þurfa húsnæði þetta fyrir dóttur sína, Guðrúnu, mann hennar og 3 börn þeirra ásamt starfsstúlku. Gildi uppsagnar þessarar var borið undir húsaleigunefnd Reykjavíkur. Með úrskurði, uppkveðnum 24. september s. l., mat húsaleigunefndin uppsögnina gilda að lluta, þannig að leigutaki (aðalstefndi) var skyldaður til þess að rýma forstofuherbergi íbúðarinnar og leyfa aðgang að hálfu eldhúsi íbúðarinnar og hreinlætistækjum. Úrskurði þessum hefur aðalstefnandi ekki viljað hlíta, og hefur hann því höfðað mál þetta.

Dómkröfur sínar í aðalsök og gagnsök byggir aðalstefnandi á því, að tengdasonur sinn Björn Jónsson og dóttir sín Guðrún séu algerlega húsnæðislaus ásamt 3 börnum þeirra og starfsstúlku, er þau hafi ráðið til sín. Kveður hann sér vera brýna þörf á húsnæði þessu til íbúðar fyrir þau, og sé sér því heimilt samkvæmt 1. gr. laga nr. 39 frá 1943 að segja aðalstefnda upp leigusamningnum um húsnæðið.

Aðalstefndi byggir sýknukröfu sína í aðalsök og aðalkröfu sína í gagnsök á því, að aðalstefnanda hafi verið óheimilt að segja sér upp húsnæðinu til afnota fyrir dóttur hans og fjölskyldu hennar, þar eð þau hafi ekki flutzt til bæjarins fyrr en hinn 20. október 1941, og séu þau því ekki heimilisfastir innanhéraðsmenn í merkingu húsaleigulaganna nr. 39 frá 1941. Aðalstefnandi telur hins vegar, að áðurgreindur Björn hafi flutzt búferlum til Reykjavíkur í lok ágústmánaðar 1941 og þá strax fengið til afnota herbergi í nefndu húsi sínu. Hafi hann því verið orðinn heimilisfastur innanhéraðsmaður hér, er húsaleigulögin gengu í gildi. Þá hefur aðalstefnandi bent á, að yrði hins vegar litið þannig á, að svo væri ekki, þá verði fyrrgreindur úrskurður húsaleigunefndar Reykjavíkur ekki skilinn á annan veg en þann, að hún hafi talið hann heimilisfastan innanhéraðsmann og því óbeint veitt honum búsetuleyfi hér í bænum, sbr. 3. gr. nefndra laga.

Það er upp komið í máli þessu, að nefndur Björn kom hingað til bæjarins 29. ágúst 1941 og hafði þá meðferðis rekkjuvoðir sínar svo og ýmsan fatnað, en kona hans og börn komu hingað í októbermánuði s. á. Hins vegar telur Björn sig hafa flutzt búferlum til bæjarins hinn 20. okt. 1941 samkvæmt tilkynningu til yfirvalda Reykjavíkurbæjar, dagsettri 6. nóvember 1941. Þykir verða að leggja tilkynningu þessa til grundvallar heimilisfesti hans hér í bænum.

Verður því að telja, að Björn sé ekki heimilisfastur innanhéraðsmaður í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur í merkingu ákvæða nefndra laga og að aðalstefnandi eigi því ekki rétt á að segja aðalstefnda upp húsnæðisleigumála til hagsbóta fyrir Björn og fjölskyldu hans. Ekki verður heldur fallizt á þá skýringu aðalstefnanda, að í margnefndum úrskurði húsaleigunefndarinnar felist búsetuleyfi til handa Birni né að vera Björns sjálfs hér í bænum fyrir gildistöku húsaleigulaganna skipti nokkru máli í þessu sambandi.

Úrslit aðalsakar verða því þau, að sýkna ber aðalstefnda af öllum kröfum aðalstefnanda, en rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Með skirskotun til þess, er að framan greinir í aðalsök um rétt Björns til þess að fá húsnæði á leigu hér í bænum, þykir verða að taka kröfur gagnstefnanda í gagnsök til greina að öllu leyti og fella úr gildi fyrrgreindan úrskurð húsaleigunefndar Reykjavíkur. Þá þykir rétt, að gagnstefndi greiði gagnstefnanda kr. 150.00 í málskostnað.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Því dæmist rétt vera:

Í aðalsök á aðalstefndi, Guðmundur Jóhannesson, að vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Jóns N. Jóhannessens, en málskostnaður falli niður.

Í gagnsök er framangreindur úrskurður húsaleigunefndar Reykjavíkur úr gildi felldur. Gagnstefndi greiði gagnstefnanda kr. 150.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. janúar 1946.

Nr. 140/1945. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
Hinrik Ragnarssyni (Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Um öflun rækilegri gagna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur gengur í máli þessu í hæstarétti, þykir rétt að leggja fyrir héraðsdómarann að afla frekari gagna um atriði þau, er kærandinn, Helgi Þórðarson, reisir skaðabótakröfu sína á. Sérstaklega ber að leiða í ljós, hve lengi hann hafi að dómi læknisins verið óvinnufær vegna áverkans, svo og hver kostnaður við læknishjálp hafi orðið. Loks ber að afla annarra gagna, er framhaldsrannsókn gefur efni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómarinn skal afla framangreindra gagna, svo fljótt sem kostur er.

Mánudaginn 21. janúar 1946.

Nr. 131/1945. **Hansína Eiríksdóttir**
(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Hector h/f (Hrl. Kristján Guðlaugsson).

Húsaleiga. Útburðarmál.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. október 1945, gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógetann að framkvæma útburðargerð þá, sem um er beðið. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi stefnda eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Mál þetta bar að leggja fyrir húsaleigunefnd samkvæmt lögum nr. 39/1943, áður en það var borið undir dómstóla. Þetta hefur ekki verið gert, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 700 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hansína Eiríksdóttir, greiði stefnda, „Hector" h/f, 700 krónur í málskostnað í hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 8. október 1945.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 3. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Hansína Eiríksdóttir, til heimilis Hrefnugötu 2 hér í bæ, krafizt þess, að skóverzlunin Hector h/f verði borin út úr hús-

næði því, sem félagið hefur á leigu fyrir atvinnurekstur sinn í húsi gerðarbeiðanda, nr. 7 við Laugaveg hér í bæ.

Gerðarþoli hefur undir munnlegum flutningi málsins mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar. Þá hefur hann og gert þá varakröfu, að ef rétturinn féllist á málsástæður og kröfur gerðarbeiðanda, að útburður yrði ekki leyfður nema gegn a. m. k. 10000.00 króna tryggingu. Lögðu aðiljar þannig málið undir úrskurð fógetaréttarins. Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 27. maí 1942 seldi Þórarinn Benediktz kaupmaður f. h. Hansínu Eiríksdóttur, gerðarbeiðanda máls þessa, gerðarþola, h/f Hector, á leigu sölubúð í húsinu nr. 7 við Laugaveg. Enn fremur voru gerðarþola heimiluð afnot af kjallara hússins til að taka þar upp vörubirgðir verzlunarinnar svo og afnot af porti bak við húsið í sama skyni. Skriflegur samningur var gerður um leigu þessa, og er hann framlagður í máli þessu sem rskj. nr. 2. Samkvæmt samningnum skyldi leigutíminn hefjast 1. júní 1942 og standa til þriggja ára, eða til 1. júní 1945. Enn fremur segir í sömu málsgrein, að uppsagnarfrestur, miðað við þann dag, þ. e. 1. júní 1945, skuli vera af beggja hálfu 6 mánuðir, og sé leigutaka áskilinn forgangsréttur til áframhaldandi leigu til 3ja ára, eða til 1. júní 1948, nema því aðeins, að húseigandi eða erfingjar hans þurfi á húnæðinu að halda eða í því tilfelli, að húsið yrði selt.

Hinn 30. nóvember 1944 skrifaði gerðarbeiðandi gerðarþola bréf, þar sem gerðarþola var tilkynnt, að gerðarbeiðandi ætlaði sjálfur að taka húsnæði gerðarþola til eigin afnota, er leigutími húsnæðisins væri á enda hinn 1. júní 1945, og yrði húsaleigusamningurinn ekki framlengdur. Bréf þetta hefur verið lagt fram í máli þessu sem rjskj. nr. 4.

Gerðarþoli svaraði aftur um hæl, að hann myndi ekki flytja úr húsnæðinu, bæði vegna þess, hve mikill hörgull væri á húsnæði til verzlunarrekstrar, og einnig vegna þess, að í samningnum á rskj. 2 væri gert ráð fyrir uppsögn, og hlyti slík uppsögn að eiga að leggjast fyrir húsaleigunefnd, sem þá að sjálfsögðu tæki afstöðu til uppsagnarinnar.

Með bréfi til fógetaréttarins, dags. 29. júní s. l., sjá rskj. 1, bað gerðarbeiðandi svo um útburð á gerðarþola. Vitnar hann þar í það ákvæði samningsins á rskj. 2, að leiguafnotin séu takmörkuð við þriggja ára leigutímabil, og séu þau afnot nú niður fallin. Þá bendir hann einnig á það, að ákvæði samningsins um forgangsrétt gerðarþola til áframhaldandi leigu séu ekki „effectiv" nú, þar sem gerðarbeiðandi óski sjálfur að taka húsnæðið til eigin afnota og hafi tilkynnt gerðarþola það með þeim fyrirvara, sem áskilinn var í samningnum.

Fyrir réttinum hefur gerðarþoli haldið fram sömu málsástæð-

um og mótmælum og hér að framan getur og mótmælir því þar að auki sérstaklega, er fram virðist koma í rskj.1, að uppsagnarákvæði samningsins eigi aðeins við það, að forleiguréttur sinn falli niður, ef húseigandi eða erfingjar hans þurfi á húsnæðinu að halda. Þá kveður gerðarþoli, að ákvæðið um forleiguréttinn hafi verið sett inn í samninginn samkvæmt beiðni sinni, og hafi það verið ætlan sín, að það ákvæði verndaði leigurétt sinn, ef húsaleigulög yrðu afnumin, áður en útrunnið væri samningstímabilið.

Eins og að framan getur, stendur í samningnum á rskj. nr. 2, að leigutíminn skuli standa til 1. júní 1945, en jafnframt er í næstu málsgrein gert ráð fyrir uppsögn af hálfu aðilja. Verður að telja, að ætlazt hafi verið til, að leigutíminn stæði um 3 ár *hið skemmsta*, því að með öðru móti virðast þessi ákvæði tæplega geta samrýmzt.

Til að slíta leiguafnotum leigutaka hefði því þurft formlega uppsögn, sem að sjálfsögðu verður að leggja fyrir húsaleigunefnd, áður en fógetarétturinn er bær að úrskurða um hana.

Samkvæmt þessu verður að neita um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ekki fara fram.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 28. janúar 1946.

Nr. 13/1945. **Síldarverksmiðjur ríkisins**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
Kaupfélagi Eyfirðinga og gagnsök
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Um öflun rækilegri skýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur er lagður á mál þetta í hæstarétti, þykir rétt, að héraðsdómarinn veiti aðiljum kost á samkvæmt analogíu 120. gr. laga nr. 85/1936 að afla skýrslna um atriði þau, er hér greinir.

Leita þarf skýrslna um það, hvort atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu hafi verið um það kunnugt, er það ákvað skömmtun á síldarmjöli í október 1942, að aðaláfrýjandi hafi þá þegar lofað gagnáfrýjanda eða öðrum ákveðnu magni af síldarmjöli. Og hafi ráðuneytinu verið um slíkt kunnugt, hvort það hafi ætlazt til, að aðiljar, sem lofað hafði verið síldarmjöli, fengi aðeins 60% af því magni, sem þeim hafði verið lofað. Ef svo var, þá ber og að grennslast eftir því, hvort ráðuneytið hafi viljað, að aðiljar, sem pantað höfðu meira magn síldarmjöls en þeir höfðu fengið loforð fyrir, fengi 60% af því magni, sem þeir höfðu pantað, eða einungis af því, sem lofað hafði verið. Svo er og rétt að afla rækilegra gagna um það, hvað ráðherra og starfsmönnum nefnds ráðuneytis annars vegar og fyrirsvarsmönnum Síldarverksmiðja ríkisins hins vegar hafi farið á milli um þessi efni. Loks ber að veita aðiljum kost á að afla annarra þeirra gagna, sem framangreindar skýrslur kunna að veita efni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómarinn skal veita aðiljum kost á öflun framangreindra gagna.

Mánudaginn 28. janúar 1946.

Nr. 109/1945. **Valdstjórnin** (Hrl. Kristján Guðlaugsson)
gegn
Hirti Georg Ingþórssyni
(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar og í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot gegn bifreiðalögum.

Dómur hæstaréttar.

Kærði skýrir svo frá, að hann hafi verið illa fyrir kallaður við vinnu sína eftir hádegi þann 14. júlí 1944. Hafi

hann þá drukkið nokkra sopa af óblönduðu whisky milli kl. 2 og 3 um daginn, en ekki kveðst hann hafa fundið til áhrifa áfengis. Kærði tók að aka bifreið um kl. 7 þann dag, og var öðru hverju að akstri, þangað til kl. um 3 næstu nótt á eftir, er lögreglumenn stöðvuðu bifreið hans og tóku hann til rannsóknar. Reyndist áfengismagn í blóði hans þá vera 1,15 af þúsundi. Samkvæmt álitsgerð Jóhanns yfirlæknis Sæmundssonar, sem lögð hefur verið fyrir hæstarétt, má telja líklegt, að áfengismagn í blóði kærða, er hann hóf akstur bifreiðar kl. 7 síðdegis þann 14. júlí 1944, hafi eigi verið undir 1,71 af þúsundi, og er þá byggt á þeim framburði kærða, að hann hafi einskis áfengis neytt frá því kl. 3 síðdegis nefndan dag og þangað til honum var tekið blóð til rannsóknar um nóttina á eftir. Þegar þetta er virt og þess einnig gætt, að fjórir lögreglumenn telja sig hafa séð nokkur merki áfengisneyzlu á kærða um nóttina, er hann var tekinn, og kærði sjálfur kveður líklegt, að þeir hafi séð á sér þreytumerki, þá verður að telja, að hann vegna undanfarandi neyzlu áfengis hafi verið haldinn slíkri þreytu eða sljóleika, að akstur hans um kvöldið og nóttina varði við 3. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941. Hins vegar ber að sýkna hann af kæru fyrir brot á lögum nr. 33/1935.

Refsing kærða samkvæmt 38. gr. laga nr. 23/1941 þykir hæfilega ákveðin 400 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 10 daga varðhaldi, ef sektin greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og samkvæmt 39. gr. sömu laga að svipta kærða leyfi til aksturs bifreiðar 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber kærða að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda í hæstarétti, kr. 350.00, og skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 550.00.

Það er athugavert, að ekki hefur verið tekin skýrsla af lækni þeim, er tók blóð úr kærða, né heimilisfólki hjá Þorvaldi þeim Jónassyni, er í málinu greinir.

Dómsorð:

Kærði, Hjörtur Georg Ingþórsson, greiði 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði skal sviptur leyfi til aksturs bifreiðar 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Kristjáns Guðlaugssonar, kr. 350.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Sigurgeirs Sigurjónssonar, samtals kr. 550.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 31. janúar 1945.

Ár 1945, miðvikudaginn 31. janúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Þórði Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3051/1944: Valdstjórnin gegn Hirti Georg Ingþórssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Hirti Georg Ingþórssyni skrifstofumanni, til heimilis á Ásvallagötu 71 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 1935 og bifreiðalögum nr. 23 1941.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. marz 1901 að Óspaksstöðum í Staðarhreppi, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1930 15/10 Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.
1930 21/10 Áminning fyrir brot gegn samþykkt um bifreiðastæði.
1931 1/8 Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.
1938 ⅝ Sátt, 10 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.

Málavextir eru þessir:

Kl. 2,50 aðfaranótt 15. júlí s. l. kom Vilhjálmur Heiðdal, Karlagötu 11 hér í bæ, á lögreglustöðina og kærði yfir barsmíðum Þorvalds Jónassonar, Hátúni 9 hér í bæ, í bifreiðinni R 2752, sem kærði á. Lögreglumennirnir Sigurður Gunnlaugur Halldór Ingason, Friðrik Jónsson, Tryggvi Haraldsson og Bergsteinn Jónsson fóru að leita að bifreiðinni og fundu hana í Vonarstræti og stöðvuðu hana. Kærði stjórnaði bifreiðinni, en auk þess voru í henni

fyrrgreindur Þorvaldur, Pálína Helga Sigmundsdóttir, kona kærða, og Hallfríður Hansína Guðmundsdóttir ráðskona, til heimilis að Bringum í Mosfellssveit. Farið var með fólk þetta á lögreglustöðina, og vegna gruns um, að kærði væri undir áhrifum áfengis, var farið með hann á læknavarðstofuna, þar sem blóðsýnishorn var tekið úr honum.

Sigurður Gunnlaugur Halldór Ingason og Bergsteinn Jónsson hafa borið það, að nokkru áður en þetta skeði, sá fyrrnefndi segir um stundarfjórðungi, áður en Vilhjálmur Heiðdal hafi komið á lögreglustöðina, en sá síðarnefndi segir nokkru eftir kl. 2 um nóttina, hafi þeir verið á gangi á uppfyllingunni við Hafnarhúsið og séð bifreið á henni. Önnur framhurð bifreiðarinnar hafi verið opin. Þeir hafi gengið að bifreiðinni, en kærði, sem reyndist vera stjórnandi hennar, hafi þá komið til þeirra. Hafi hann verið með stóryrði og svarað bendingum þeirra með þjósti. Bergsteinn kveðst hafa sagt við kærða vegna stóryrða hans, að annaðhvort hlyti hann að vera undir áhrifum áfengis eða tæpur á sönsum. Lögreglumennirnir segjast síðan hafa gengið frá bifreiðinni.

Bergsteinn Jónsson kveðst ekki geta staðhæft, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis. Hann hafi verið ósvífinn í framkomu, en ekki hafi virzt neitt óeðlilegt við göngulag hans, mæli eða útlit. Bergsteinn kveðst ekki hafa komið svo nálægt honum, að hann geti sagt um, hvort áfengislykt hafi lagt úr vitum hans.

Sigurður Gunnlaugur Halldór Ingason segir, að sér hafi kærði virzt vera eitthvað undir áhrifum áfengis, og byggir það á því, að hann hafi verið fölur og voteygur. Þá hafi hann reykt vindlinga í sífellu og kveikt á nýrri með eldri stubb. Hann hafi ekki reikað í spori, talað lítið, og því ekki geta sagt um, hvort nokkuð athugavert hafi verið við mæli hans.

Friðrik Jónsson hefur borið það, að það hafi ekki leynzt, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis. Hafi hann verið daufeygður, fölur í framan, linmæltur og á vörum hans hafi verið húð, eins og oft sé á drukknum mönnum, er munnur þeirra verði þurr. Hins vegar hafi hann ekki reikað í spori, og Friðrik kveðst ekki hafa komið það nálægt honum, að hann geti sagt um, hvort áfengislykt hafi lagt úr vitum hans.

Tryggvi Haraldsson hefur borið það, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis. Hann hafi verið fölur í andliti, varir hans verið þurrar og augu hans vot og rauð, en hann hafi ekki reikað í spori. Tryggvi kveðst ekki hafa heyrt hann tala og ekki komið svo nálægt honum, að hann geti sagt um, hvort vínlykt hafi lagt úr vitum hans.

Jakob Björnsson lögregluþjónn, sem var varðstjóri á lögreglustöðinni, er komið var með kærða þangað, kveðst ekki hafa getað betur séð en að kærði væri undir áhrifum áfengis. Hafi hann verið rauður í andliti og þrútinn til augnanna. Hins vegar hafi hann

ekki reikað í spori eða verið með drykkjuraus, og ekki hafi verið neitt sérstakt athugavert við mæli hans. Jakob kveðst ekki hafa komið það nálægt kærða, að hann geti borið um, hvort vínlykt hafi lagt úr vitum hans.

Kærði skýrir svo frá, að um klukkan langt gengin 19 um kvöldið hafi fyrrnefndur Þorvaldur Jónasson hringt frá Slippnum til hans í Skipaútgerð ríkisins, þar sem hann vinnur, og beðið hann að aka sér heim til sín, en kærði og Þorvaldur eru kunningjar. Kærði kveðst hafa orðið við bón hans og ekið honum í bifreið sinni R 2752 heim til hans, en komið þó við í nokkrum verzlunum á leiðinni. Hann hafi dvalið heima hjá Þorvaldi góða stund og þegið þar kaffi. Síðan hafi hann ekið með konu Þorvalds suður að Þóroddsstöðum í Öskjuhlíð, tekið þar börn hans í bifreiðina, en ekið svo með þau heim til Þorvalds. Kærði kveðst síðan hafa dvalið þó nokkuð lengi hjá Þorvaldi og segir ástæðuna til þess þá, að Þorvaldur hafi beðið hann um að aka sér seint um kvöldið niður að höfn, því að hann þyrfti að tala þar við varðmann. Hann hafi svo ekið Þorvaldi í bifreiðinni niður að höfn og stöðvað bifreiðina við Hafnarhúsið. Þeir hafi báðir farið inn á skrifstofu Skipaútgerðarinnar og notað þar síma. Þorvaldur hafi síðan farið um borð í skip eitt, sem verið hafi í höfninni. Kærði kveðst á meðan hafa fyrst beðið í skrifstofunni, en síðan farið út í bifreiðina. Er hann hafi verið við bifreiðina, hafi lögreglumenn komið að henni og opnað hana. Kærði kveðst hafa gengið til þeirra og spurt, hvort nokkuð væri athugavert við bifreiðina, en þeir þá kveðið nei við og gengið burt. Segir kærði, að lögreglumennirnir hafi ekki vikið að því, að nokkuð athugavert væri við hann. Þorvaldur hafi komið nokkrum mínútum síðar að bifreiðinni. Kærði kveðst hafa verið að snúa bifreiðinni við hjá Sprengisandi, er fyrrnefndur Vilhjálmur Heiðdal og Sophus Jensen bakari, Leifsgötu 15, hafi farið inn í hana og hafi verið ómögulegt að fá þá til að fara út úr henni. Hafi hann fyrst ekið þeim heim til sín á Ásvallagötu 71 og þar hafi fyrrgreindar Pálína Helga, kona hans, og Hallfríður Hansína komið í bifreiðina. Síðan hafi verið ekið niður í miðbæ og þar hafi tekizt að koma þeim Vilhjálmi og Sophusi úr bifreiðinni. Kærði kveðst síðan hafa ekið bifreiðinni suður Lækjargötu og vestur Vonarstræti, þar sem lögreglumenn stöðvuðu ferð hans.

Kærði neitar því að hafa verið undir áhrifum áfengis við akstur inn í umrætt skipti. Hann kveðst hafa verið eitthvað illa fyrir kallaður eftir hádegi 14. júlí s. l. og hafi hann drukkið nokkra sopa af óblönduðu whisky milli klukkan 14 og 15 á vinnustað sínum. Hafi hann orðið hressari við þetta, en ekki komizt undir áfengisáhrif. Hann neitar því eindregið að hafa neytt frekara víns í umrætt skipti. Hann hafi unnið allan daginn, og kunni lögreglu-

mennirnir því að hafa getað séð þreytumerki á sér. Þorvaldur hafi verið undir áfengisáhrifum, er hann hitti hann við Slippinn, og muni hann hafa neytt áfengis, er hann fór um borð í skipið.

Framburður Þorvalds Jónassonar er í samræmi við framburð kærða, en hann kveðst þó ekki muna, hvort hann fór snöggvast með kærða á skrifstofu Skipaútgerðarinnar. Hann kveðst ekki hafa getað séð vín á kærða eða vitað til þess, að hann neytti áfengis í umrætt skipti.

Vilhjálmur Heiðdal og Sophus Jensen hafa borið það, að þeim hafi verið boðið í bifreið kærða við Sprengisand og farið í henni heim til hans. Þar hafi tvær konur komið í bifreiðina. Síðan hafi kærði ekið bifreiðinni niður í miðbæ, og þar hafi þeir farið úr henni. Þeir segjast ekki geta fullyrt, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis, og ekki hafi þeir séð hann neyta áfengis, enda hafi ekkert áfengi verið haft um hönd í bifreiðinni, á meðan þeir voru í henni. Þeir segjast sjálfir hafa verið búnir að neyta áfengis, en lögreglumenn töldu þá vera undir áhrifum áfengis.

Pálína Helga Sigmundsdóttir og Hallfríður Hansína Guðmundsdóttir segjast hafa komið í bifreið kærða við heimili hans, og hafi þá verið í henni auk kærða Þorvaldur Jónasson og tveir menn aðrir. Kærði hafi síðan ekið bifreiðinni niður í miðbæ og þar hafi tveir síðasttaldir menn, sem verið hafi óvelkomnir í henni, farið úr henni. Í Vonarstræti hafi svo lögreglumenn stöðvað bifreiðina. Þær segjast ekki hafa getað séð eða vita til þess, að kærði hefði neytt áfengis í þetta skipti.

Áfengisákvörðun í blóðsýnishorninu, sem tekið var úr kærða, sýndi, að áfengismagn þess var 1,15 af þúsundi.

Einkenni þau, sem Tryggvi Haraldsson byggir þá staðhæfingu sína, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis, á, eru aðeins þau, að hann hafi verið fölur í andliti, varir hans rauðar og augu hans vot og rauð, en Friðrik Jónsson á því, að hann hafi verið daufeygður, fölur í framan, linmæltur og á vörum hans hafi verið húð, eins og oft sé á drukknum mönnum. Jakob Björnsson kveðst ekki hafa getað betur séð en að kærði væri undir áhrifum áfengis og byggir það á því, að hann hafi verið rauður í andliti og þrútinn til augnanna. Allir þrír segja, að kærði hafi ekki reikað í spori, og Jakob bætir því við, að hann hafi ekki verið með drykkjuraus eða neitt sérstakt athugavert við mæli hans. Sigurður Gunnlaugur Halldór Ingason og Bergsteinn Jónsson töluðu við kærða niður við höfn, nokkru áður en hann var handtekinn, og vissu þá, að hann var með bifreið, en létu hann afskiptalausan. Sigurður Gunnlaugur Halldór segir svo, að er kærði hafi verið handtekinn, hafi honum virzt hann vera undir áhrifum áfengis, og byggir það á því, að hann hafi verið fölur, voteygður og reykt vindlinga í sífellu. Hins vegar hafi hann ekki reikað í spori. Bergsteinn kveðst aftur á

móti ekki geta staðhæft, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann var handtekinn, og hafi ekki virzt vera neitt óeðlilegt við mæli, útlit eða göngulag hans.

Þegar þess er gætt, *að* einn lögreglumannanna gat ekkert óeðlilegt séð við mæli, útlit eða göngulag kærða, *að* einkenni þau, er hinir lögreglumennirnir byggja þá skoðun sína, að kærði hafi verið undir áfengisáhrifum, á, eru ekki ótvíræðari eða önnur en áður greinir, *að* engin önnur vitni, sem leidd hafa verið í málinu, hafa borið, að kærði hafi verið undir áfengisáhrifum, og loks *að* samkvæmt áfengismagninu í blóðsýnishorninu úr kærða eru frekar líkur fyrir því, að hann hafi ekki verið undir áfengisáhrifum, þykir ekki gegn eindregnum mótmælum hans örugg sönnun fram komin fyrir því, að hann hafi ekið bifreiðinni R 2752 undir áhrifum áfengis í umrætt skipti. Verður því að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu, og ber þá að greiða úr ríkissjóði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 200.00.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Hjörtur Georg Ingþórsson, skal vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda kærða, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 200.00.

Miðvikudaginn 30. janúar 1946.

Nr. 115/1945. **Kristján Kristjánsson**
(Hrl. Gústav A. Sveinsson)
gegn
Eggert Eggertssyni (Hrl. Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Húsaleiga Útburðarmál.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur kveðið upp sem setufógeti Kristinn Ólafsson lögfræðingur.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með

stefnu 11. september 1945. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að fógeta verði gert að framkvæma útburðargerð þá, er í málinu greinir. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjandi greiði honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Húsakostur áfrýjanda er það rúmur, að telja verður, að honum sé unnt að láta móður sinni í té sérstakt herbergi. En ekki verður talið, að móðir áfrýjanda hafi brýna þörf fyrir sérstakt eldhús, enda hefur hún eigi haft eldhús út af fyrir sig á heimilum þeim, sem hún hefur dvalið á mörg undanfarin ár. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristján Kristjánsson, greiði stefnda, Eggert Eggertssyni, kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 29. júní 1945.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 27. júní s. l., hefur gerðarbeiðandi, Kristján Kristjánsson, Ránargötu 18 hér í bæ, krafizt þess, að gerðarþoli, Eggert Eggertsson, yrði borinn út úr íbúð þeirri, er hann býr í kjallara húss gerðarbeiðanda, Ránargötu 18.

Hefur gerðarþoli mótmælt framgangi gerðarinnar, og lögðu báðir aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þessir.

Árið 1940 tók gerðarþoli, Eggert Eggertsson, á leigu kjallaraíbúð í húsi gerðarbeiðanda, Kristjáns Kristjánssonar, Ránargötu 18.

Íbúð þessi er tvö íveruherbergi, baðherbergi og eldhús og enn fremur aðgangur að þurrklofti, vatnssalerni og þvottaherbergi.

Með bréfi, dags. 1. febr. s. l., sagði gerðarbeiðandi gerðarþola upp íbúð þessari frá 14. maí 1945 og færði fram þá ástæðu, að móðir hans væri húsnæðislaus og gerðarbeiðandi þyrfti því á íbúðinni að halda fyrir hana.

Nú gat gerðarþoli ekki rýmt íbúðina 14. maí vegna húsnæðisskorts, og snéri gerðarbeiðandi sér þá daginn eftir til húsaleigunefndar og beiddist úrskurðar hennar um, að gerðarþola bæri að flytja úr íbúðinni af fyrrgreindum ástæðum. Úrskurður húsaleigunefndar í málinu féll síðan 25. maí, og var þar neitað að fallast á heimild fyrrgreindrar uppsagnar á húsnæðinu. Forsendur húsaleigunefndar fyrir þessum úrskurði voru þær, að nefndin taldi, eftir að hafa skoðað íbúðir beggja aðilja, að leigusali hefði það rúmt húsnæði, að ekki yrði fallizt á, að hann hefði brýna þörf fyrir íbúð leigutaka í merkingu húsaleigulaganna.

En upplýst er í málinu, að gerðarbeiðandi hefur til afnota átta herbergi og eldhús í húsi sínu Ránargötu 18 og býr þar með konu sinni og fjórum börnum, 10—15 ára að aldri.

Gerðarbeiðandi vildi ekki hlíta úrskurði húsaleigunefndar og hefur því snúið sér til fógetaréttarins með beiðni um útburðargerð þessa.

Gerðarbeiðandi skýrir svo frá, að móðir hans hafi verið hjá fósturdóttur sinni þar til í nóvember 1944, að hún tilkynnti gerðarbeiðanda, að hann yrði að útvega annað húsnæði fyrir móður sína. Kveðst hann þá hafa fengið á leigu fyrir hana eitt herbergi og aðgang að eldhúsi með því skilyrði, að hún flytti burt þaðan 14. maí s. l., og er lögð fram í málinu yfirlýsing gerðarbeiðanda þess efnis, dags. 22. des. 1944. Afleiðingin af því, að gerðarþoli fór ekki úr íbúðinni á tilsettum tíma, hefði orðið sú, að gerðarbeiðandi hefði orðið að flytja móður sína vestur í Dali í júní s. l. vegna húsnæðisskorts.

Þá hefur gerðarbeiðandi haldið fram þeim skilningi á öðrum lið 5. gr. húsaleigulaga frá 1943, nr. 39, að úr því að húsaleigunefnd hafi ekki tekið af honum það húsnæði, sem móðir hans hefði haft til afnota, meðan hún bjó hjá honum fyrir þremur árum, geti nefndin ekki með úrskurði sínum skert það nú.

Gegn þessu heldur gerðarþoli því fram, að gerðarbeiðandi hafi sjálfur ærinn húsakost til að skjóta skjólshúsi yfir móður sína, og enn fremur mótmælir hann, að hún hefði þurft að fara frá fósturdóttur sinni, og sömuleiðis er því mótmælt, að gerðarbeiðandi hefði þurft að skuldbinda sig til að láta móður sína flytja af Bollagötu 12 þann 14. maí þ. á., en þar hafði gerðarbeiðandi útvegað henni samastað.

Engar sönnur hafa fram komið af hálfu gerðarbeiðanda fyrir þeim atriðum, er gerðarþoli hefur þannig mótmælt.

Gerðarbeiðandi reisir heimild sína til uppsagnar á íbúð gerðarþola á því einu, að honum sé brýn þörf húsrúmsins fyrir móður sína.

Þar sem beinum orðum er tilskilið í 1. gr. húsaleigulaganna nr. 39/1943, að leigusala sé að dómi húsaleigunefndar brýn þörf húsnæðisins til íbúðar fyrir sig eða skyldmenni sín, og í þessu máli liggur fyrir gagnstætt álit húsaleigunefndar, sem ekki hefur verið að neinu leyti hnekkt, heldur virðist þvert á móti á fullum rökum reist, ber af þeirri ástæðu að synja um framgang þessarar gerðar.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að úrskurða gerðarþola málskostnað af hálfu gerðarbeiðanda, og þykir hann hæfilega metinn kr. 150.00.

Því úrskurðast:

Umbeðin útburðargerð skal ekki ná fram að ganga.

Gerðarbeiðandi, Kristján Kristjánsson, greiði gerðarþola, Eggert Eggertssyni, 150 krónur í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. febrúar 1946.

Kærumálið nr. 1/1946. **Magnús Thorlacius**
gegn
stjórn Lögmannafélags Íslands.

Agamál lögmanna. Ómerking úrskurðar.

Dómur hæstaréttar.

Hinn kærði úrskurður er uppkveðinn af stjórn Lögmannafélags Íslands, þeim Sigurgeir Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni, Gunnari E. Benediktssyni héraðsdómslögmanni og Ágúst Fjeldsted héraðsdómslögmanni.

Máli þessu er skotið til hæstaréttar samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur.

Stjórn Lögmannafélags Íslands hefur ekki aflað allra nauðsynlegra gagna, áður en hún kvað upp úrskurð í máli þessu. Bogi Brynjólfsson héraðdómslögmaður, sem stóð að

fjárnámi því, sem í málinu getur, hefur ekki verið krafinn sagna um, hvað sóknaraðilja og honum fór á milli, er hann tók við heimtu dómskuldarinnar. Einkum þurfti að spyrja hann um það, hvort sóknaraðili skýrði honum frá samtölum þeim, er hann hafði átt við Einar Ásmundsson hæstaréttarlögmann um greiðslu dómskuldarinnar. Einnig þurfti að spyrja Boga Brynjólfsson, hvort hann hafi gert skuldara eða skrifstofu Eggerts Claessens viðvart, áður en hann hófst handa um fjárnámið. Þá bar og að leiða í ljós, hvort fógeti gerði sömu aðiljum viðvart, áður en hann fór í fjárnámsförina. Svo var og rétt að fá glögg svör sóknaraðilja um það, hvort Einar Ásmundsson hermir rétt samtal þeirra, er þeir hittust hjá borgardómara 13. nóv. f. á.

Vegna þessara megingalla á meðferð málsins ber að ómerkja hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur krafizt kærumálskostnaðar aðallega úr ríkissjóði, en til vara úr hendi kæranda, Eggerts Claessens hæstaréttarlögmanns. En þar sem heimild þykir bresta til að dæma þessum aðiljum að greiða kærumálskostnað, fellur hann niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Málskostnaður fellur niður.

Úrskurður Lögmannafélags Íslands 5. janúar 1946.

Með bréfi, dags. 28. nóv. 1945, til stjórnar Lögmannafélags Íslands kærir hrl. Eggert Claessen hrl. Magnús Thorlacius fyrir brot gegn ákvæðum 4. gr. samþykktar fyrir Lögmannafélag Íslands svo og ákvæðum 8. gr. laga um málflytjendur nr. 61 frá 4. júlí 1942 og krefst þess aðallega, að stjórn félagsins samkvæmt 8. gr. l. 61/1942 geri hrl. Magnús Thorlacius á hendur háa sekt, sem frekast telst rétt, til styrktarsjóðs félagsins, en til vara, að félagsstjórn veiti honum áminningu samkvæmt sömu lagagreinum.

Kærði, Magnús Thorlacius, krefst algerrar sýknu af báðum kröfum kæranda.

Kærði og kærandi hafa báðir gefið stjórninni skriflega skýrslu um kæruatriðið og hafa lýst því yfir, að þeir hefðu ekki frekara fram að færa en greint er í skjölum málsins.

Málavextir eru þeir, að með kæru, dags. 25. sept. 1945, kærði hrl. Eggert Claessen f. h. firmans Höjgaard & Schultz til hæsta-

réttar úrskurð, kveðinn upp í bæjarþingi Reykjavkur 25. sept. s. l., í málinu h/f Fiskur & Ís gegn Höjgaard & Schultz, þar sem sóknaraðilja var synjað um frekari frest í máli varnaraðilja gegn honum.

Hæstiréttur kvað upp dóm sinn í máli þessu þann 26. október s. l. með þeim úrslitum, að hinn áfrýjaði úrskurður skyldi vera óraskaður, auk þess sem firmað Höjgaard & Shultz, sem hrl. Eggert Claessen var umboðsmaður fyrir, var gert að greiða h/f Fiski & Ís kr. 350.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Nokkru eftir að hæstaréttardómur þessi var upp kveðinn, hringdi kærði, sem var umboðsmaður h/f Fisks og Íss til skrifstofu kæranda og spurði, hvort skrifstofan myndi greiða téða málskostnaðarupphæð. Kærandi var ekki viðstaddur, en fyrir svörum varð félagi hans, hrl. Einar Ásmundsson. Kvaðst hann vera ókunnur málavöxtum og ekkert haft með mál þetta að gera.

Vísaði hann því kærða til kæranda sjálfs um þetta atriði. Enn fremur er því ómótmælt haldið fram af hálfu kæranda, að hrl. Einar Ásmundsson hafi svo skömmu síðar hringt til skrifstofu kærða. Var hann ekki við sjálfur, en Einar kveðst hafa beðið skrifstofustúlku kærða að skila því til hans, að upphæð sú, kr. 350.00, er hann hefði talað um við Einar, yrði greidd á skrifstofu þeirra kæranda og Einars gegn kvittun á endurriti dómsins.

Eftir að þetta símtal átti sér stað, kveðst Einar einnig hafa talað við kærða sjálfan í síma og ítrekað það, sem hann hafði áður um þetta sagt við skrifstofustúlkuna. Kveðst Einar jafnframt hafa sagt, að sama væri, hvort hann sendi peninga þá, sem um var að ræða, eða að kærði sækti þá, ef hentugleikar væru til, gegn kvittun á afrit dómsins. Við þetta virtist kærði ekkert hafa að athuga.

Nokkru eftir þetta símtal, eða hann 13. nóv. s. l. um kl. 3 e. h., voru þeir Einar og kærði saman í réttarhaldi hjá borgardómara. Spurði Einar þá kærða, hvort hann væri búinn að fá eftirrit af dóminum, svo að hægt væri að kvitta á hann fyrir greiðslunni. Hefur því ekki verið mótmælt, að kærði hafi þá svarað því til, að hann skyldi athuga það.

Um sama leyti og þetta samtal átti sér stað, eða kl. 3½ e. h., hringdi Kristján Andrésson, skrifstofustjóri Höjgaard & Schultz, heim til kæranda og skýrði honum frá því, að þar á skrifstofu firmans væri kominn fulltrúi borgarfógeta og með honum fyrrverandi sýslumaður Bogi Brynjólfsson til þess að gera fjárnám hjá firmanu fyrir kr. 350.00 málskostnaðarupphæð. Vissi skrifstofustjórinn ekki, hvernig í þessu lægi, og spurði, hvað gera ætti í málinu. Talaði kærandi þá við Boga í símann, en hann kvaðst eingöngu mæta í réttinum f. h. kærða og vísaði til hans.

Ráðlagði þá kærandi skrifstofustjóranum að greiða fjárnámskröfur þessar, sem þá námu samtals með kostnaði kr. 442.55.

Strax að lokinni fjárnámsgerð þessari, átti nefndur skrifstofustjóri símtal við hrl. Einar Ásmundsson og skýrði honum frá, hvað gerzt hafði. Hringdi þá Einar til kærða, sem neitaði að tala við hann um málið og skellti heyrnartólinu á símann.

Kærði heldur því fram, að greiðslustaður fyrrgreinds hæstaréttardóms hafi verið hjá sér og greiðsludráttur firmans Höjgaard & Schultz hafi verið réttarbrot gagnvart h/f Fiski og Ís. Jafnframt hefur hann ásakað kæranda um óviðeigandi framkomu gagnvart sér í sambandi við önnur mál, kærumáli þessu óviðkomandi. Neitar hann því eindregið, að hann hafi gerzt sekur um framferði, sem lögmannastéttinni sé ósamboðin.

Jafnvel þótt fallizt verði á það með kærða, að greiðslustaður fyrrgreinds málskostnaðar hafi verið hjá honum, þá þykir þó ekki hafa verið tilefni til þess, eins og á stóð fyrir kærða, að láta innheimta dóm þenna á þann hátt, sem að framan er lýst. Þegar á það er einnig litið, að hér var um að ræða viðskipti tveggja félagsmanna Lögmannafélags Íslands, sbr. 4. gr. samþykkta félagsins, og enn fremur það, að ítrekaðar yfirlýsingar lágu fyrir af hálfu kæranda eða félaga hans um, að sjálfsagt væri að greiða dóminn gegn kvittun á endurrit hans, og loks með tilliti til annarra atvika málsins, þá þykir ekki verða hjá því komizt að átelja framangreint athæfi kærða, sbr. 3. mgr. 8. gr. l. nr. 61/1942. Hins vegar þykir ekki næg ástæða til að taka til greina sektarkröfu kæranda.

Því úrskurðast:

Framangreind framkoma hrl. Magnúsar Thorlacius telst ámælisverð.

Mánudaginn 4. febrúar 1946.

Nr. 108/1945. **Valdstjórnin** (Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn
Ingibjarti Helga Magnússyni
(Hrl. Theódór B. Líndal).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot gegn bifreiðalögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í héraðsdómi, ber að sýkna kærða af broti gegn lögum nr. 33/1935.

Frásögn kærða er á þá leið, að hann hafi setið að sumbli

aðfaranótt laugardagsins 2. september og orðið þá ofurölvi. Kveðst hann síðan hafa sofið í nokkrar klukkustundir, eða til kl. 17 um daginn. Um kvöldið hafi hann síðan ekið á bifreið sinni, R 2451, austur að Tryggvaskála við Ölfusárbrú. Hann hefur neitað því, að hann hafi drukkið vín frá því snemma á laugardagsmorgun, en játar, að sér hafi í förinni til Tryggvaskála liðið illa vegna víndrykkjunnar aðfaranótt laugardagsins. Blóðsýnishorn var tekið úr kærða milli kl. 4 og 5 aðfaranótt sunnudagsins 3. september. Reyndist áfengismagn í blóði hans 1,25‰. Samkvæmt álitsgerð Jóhanns yfirlæknis Sæmundssonar, sem lögð hefur verið fram í hæstarétti, er sennilegt, að áfengismagn í blóði kærða, er hann hóf akstur laugardaginn 2. september, hafi ekki verið undir 1,74‰, og er þá miðað við þá skýrslu kærða, að hann hafi ekki neytt áfengis frá því á laugardagsmorguninn og þangað til blóðið var tekið úr honum. Þegar virt eru þau atriði, sem nú voru rakin, og athugaðar eru skýrslur lögreglumanna, að þeir hafi séð merki áfengisneyzlu á kærða, þá verður að telja, að kærði hafi vegna undanfarinnar neyzlu áfengis verið haldinn slíkri þreytu eða sljóleika, að akstur hans laugardagskvöldið 2. september og aðaranótt sunnudagsins 3. september 1945 varði við 3. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941.

Refsing kærða þykir samkvæmt 38. gr. laga nr. 23/1941 hæfilega ákveðin 800 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 15 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og með skírskotun til fyrri brota kærða á áfengis- og bifreiðalögum og samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga að svipta kærða leyfi til aksturs bifreiðar ævilangt.

Eftir þessum úrslitum ber kærða að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda í hæstarétti, kr. 350.00, og skipaðs verjanda í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 550.00.

Rannsókn máls þessa er ekki svo rækileg sem skyldi. Dómara bar að spyrja lögreglumanninn Bergstein Jónsson nánar og láta hann síðan staðfesta skýrslu sína. Þá hefði átt að spyrja menn þá, sem kærði sat að sumbli með að-

faranótt laugardagsins, um vínneyzlu þeirra þá og um það, hvenær þeir hættu drykkju. Loks hefði átt að spyrja menn á bifreiðastöð þeirri, er kærði heldur sig á, um akstur hans 2. september og um hátterni hans og hag þann dag.

Dómsorð:

Kærði, Ingibjartur Helgi Magnússon, greiði 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði skal sviptur leyfi til aksturs bifreiðar ævilangt.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Magnúsar Thorlacius, kr. 350.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda í héraði og fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Theódórs B. Líndals, samtals kr. 550.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 7. marz 1945.

Ár 1945, miðvikudaginn 7. marz, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Þórði Björnssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 886/1945: Valdstjórnin gegn Ingibjarti Helga Magnússyni, sem tekið var til dóms 2. f. m.

Mál þetta er höfðað að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins af valdstjórnarinnar hálfu gegn Ingibjarti Helga Magnússyni bifreiðastjóra, til heimilis á Tryggvagötu 6 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 1935 og bifreiðalögum nr. 23 1941.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 5. september 1906 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1929 5/4 Sátt, 20 kr. sekt fyrir lögreglubrot.
1930 21/5 Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum.
1930 4/7 Sátt, 15 kr. sekt fyrir lögreglubrot.
1930 3/11 Sátt, 10 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
1930 25/11 Sátt, 15 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
1930 28/11 Aðvörun fyrir afturljósleysi á bifreið.
1930 18/12 Sátt, 15 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
1932 27/4 Sátt, 10 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

1934 $^{2}/_{12}$ Dómur hæstaréttar, 300 kr. sekt og svipting ökuskirteinis í eitt ár fyrir brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum.
1935 $^{11}/_{11}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
1937 $^{1}/_{9}$ Undir rannsókn vegna ökuóhapps. Fellt niður.
1938 $^{1}/_{1}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
1938 $^{7}/_{8}$ Sátt, 15 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
1938 $^{7}/_{12}$ Áminning fyrir brot gegn 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1939 $^{11}/_{12}$ Undir rannsókn vegna ökuóhapps. Fellt niður.
1940 $^{4}/_{4}$ Undir rannsókn vegna ökuóhapps. Fellt niður.
1940 $^{3}/_{9}$ Undir rannsókn vegna ökuóhapps. Fellt niður.
1940 $^{18}/_{11}$ Dómur lögregluréttar, 300 kr. sekt og sviptur ökuskirteini ævilangt fyrir brot gegn 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 5. gr. 3. mgr. og 15. gr. sbr. 14. gr. bifreiðalaganna.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt 3. september s. l. var dansleikur haldinn í Tryggvaskála við Ölfusárbrú. Kl. 3.10 um nóttina, er dansleikurinn var úti, voru lögregluþjónarnir Hákon Kristinsson og Bergsteinn Jónsson staddir við Ölfusárbrúna. Vestan megin við hana stöðvuðu þeir bifreiðina R 2451, sem ekið var í áttina til Reykjavíkur, og báðu stjórnanda hennar, sem var kærði, um að sýna ökuskirteini sitt. Í bifreiðinni var einn farþegi, Sigurður Jónsson bifreiðarstjóri, Baldursgötu 11 hér í bæ. Lögregluþjónarnir álitu kærða undir áhrifum áfengis og tóku hann því fastan. Höfðu þeir hann með sér til Reykjavíkur, þar sem blóðsýnishorn var tekið úr honum.

Hákon Kristinsson og Bergsteinn Jónsson hafa báðir borið það, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar í umrætt skipti. Segir Hákon, að kærði hafi verið með drykkjuraus, reikað örlítið í spori, mæli hans verið óeðlilegt og þvöglulegt, og hafi hann viðurkennt að vera undir áhrifum áfengis. Bergsteinn segir, að framkoma kærða hafi verið ör, augu hans hafi ekki verið eins skýr og í algáðum mönnum, áfengislykt hafi verið úr vitum hans, og hafi hann viðurkennt að hafa neytt áfengis, en ekki tiltekið, hvenær. Hann kveðst ekki hafa séð kærða reika í spori, og hann hafi verið kurteis í framkomu. Þá hafi ekkert athugavert verið við akstur kærða og hafi hann hemlað bifreiðina, strax er honum var gefið stöðvunarmerki. Hákon hefur unnið eið að framburði sínum, en Bergsteinn vildi ekki vinna eið að sínum framburði „að svo stöddu".

Kærði skýrir svo frá, að aðfaranótt laugardags 2. september s. l. hafi hann drukkið vín fram undir morgun með kunningjum sínum hér í bænum og orðið mjög ölvaður. Hann hafi svo sofið í nokkrar klukkustundir, eða til kl. 17 um daginn, en síðan farið niður á Bifreiðastöð Íslands og verið þá „timbraður" og illa fyrir kallaður. Um kvöldið hafi hann farið með áðurgreindan Sigurð Jóns-

son í bifreið sinni, R 2451, sem hann ekur frá Bifreiðastöð Íslands, á dansleik í Tryggvaskála við Ölfusárbrú. Sigurður hafi verið með vín í bifreiðinni og verið eitthvað kenndur. Kærði kveðst hafa farið á dansleikinn, drukkið þar bjór og dansað, en þeir Sigurður hafi þó ekkert verið saman. Er dansleikurinn var úti, hafi hann hitt Sigurð, þeir farið út í áðurgreinda bifreið og verið nýlagðir af stað, er lögreglumenn hafi stöðvað þá.

Kærði neitar því eindregið að hafa verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar í þetta skipti og kveðst ekki hafa neytt áfengis frá því snemma á laugardagsmorgun. Hins vegar viðurkennir hann, að sér hafi liðið mjög illa vegna vínđrykkjunnar aðfaranótt laugardags, og af þeim ástæðum verið búinn að biðja kunningja sinn um að aka bifreiðinni frá Ölfusásbrú til Reykjavíkur. Hafi hann ætlað að bíða eftir þessum kunningja sínum vestan megin Ölvusárbrúar. Kærði neitar því að hafa viðurkennt að vera undir áhrifum áfengis, er hann var handtekinn.

Sigurður Jónsson, sem kveðst hafa fengið kærða til að aka sér héðan úr bænum austur að Ölfusárbrú umrætt kvöld, segist hafa farið á dansleikinn í Tryggvaskála og ekki hitt kærða aftur fyrr en við bifreið hans að dansleiknum loknum. Sigurður kveðst hafa verið með vín í bifreiðinni á austurleiðinni, en fullyrðir, að kærði hafi ekki neytt af því, og kvaðst ekki vita til þess, að hann neytti áfengis í þetta skipti. Hann kveðst ekki hafa veitt kærða svo athygli, er þeir lögðu af stað frá Tryggvaskála um nóttina, að hann gæti nokkuð sagt um, hvort hann var þá með víni, en viðurkennir að hafa verið sjálfur undir áfengisáhrifum um kvöldið og nóttina.

Lárus Salómonsson og Tryggvi Friðlaugsson lögregluþjónar voru við löggæzlu á dansleiknum í Tryggvaskála.

Lárus kvaðst þekkja kærða vel í sjón og hafa séð hann í byrjun dansleiksins við inngangsdyrnar. Hafi það þá ekki leynzt, að hann var undir áhrifum áfengis, og það sézt bæði á andliti hans og hreyfingum, því að hann hafi verið ör. Lárus kveðst hafa setið við hlið kærða í bifreið til Reykjavíkur og hafi annar lögregluþjónanna, er handtóku hann, sagt honum, að kærði hefði játað brot sitt. Hafi hann því ekki veitt kærða eins athygli og annars hefði verið, en kveðst þó geta fullyrt, að hann hafi ekki verið, eins og hann eigi að sér að vera. Kærði hafi verið ör, talað meira en venjulega sagt, að það, sem hann hefði drukkið, væri svo lítið, spotti sá, er hann hefði ekið, svo stuttur, og hvort mætti ekki þess vegna sleppa þessu alveg, þegar heim kæmi.

Tryggvi Friðlaugsson kveðst hafa séð kærða tilsýndar vera að dansa seinni hluta dansleiksins og ekki getað þá betur séð en að hann væri undir áhrifum áfengis. Útlit hans hafi bent til þess, því að hann hafi verið þrútinn í andliti og augu hans verið rauð. Tryggvi kveðst hafa séð kærða, er búið var að handtaka hann, og

grunað þá strax, að það væri fyrir að aka bifreið undir áfengisáhrifum, en hann hafi ekki veitt kærða neina sérstaka athygli og farið í annari bifreið en hann til Reykjavíkur. Hann kvaðst hafa heyrt, að kærði viðurkenndi að hafa verið búinn að neyta áfengis, en svo lítils, að hann hafi beðið um, að málið yrði fellt niður.

Kolbeinn Guðnason bifreiðaviðgerðarmaður, til heimilis að Skarði við Ölfusá, hefur borið það, að hann hafi séð kærða, sem hann kannast við, nokkrum sinnum á dansleiknum og talað að minnsta kosti tvisvar sinnum við hann. Seinast hafi hann séð kærða, nokkru áður en dansleikurinn var úti, við bifreið sína og þá búizt við, að hann ætlaði að fara að leggja af stað af dansleiknum. Hann kveðst ekki hafa getað séð, að kærði væri undir áhrifum áfengis eða hefði neytt þess, og kveðst ekki hafa vitað til þess, að hann hefði gert það.

Áfengisákvörðun í blóðsýnishorninu úr kærða sýndi, að áfengismagn þess var 1,25 af þúsundi.

Bergsteinn Jónsson byggir þá fullyrðingu sína, að kærði hafi verið undir áfengisáhrifum, aðeins á því, að framkoma hans hafi verið ör, augu hans ekki verið eins skýr og í algáðum mönnum og að áfengislykt hafi lagt úr vitum hans. Lárus Salómonsson segir, að í byrjun dansleiksins hafi það ekki leynzt, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis, sem hafi bæði sézt á andliti hans og hreyfingum, því að hann hafi verið ör, en þó að hann sæti við hlið kærða í bifreið til Reykjavkur, segir hann ekki meira um ástand hans þá en að hann hafi ekki verið, eins og hann eigi að sér að vera, aðallega talað meira og verið ör. Tryggvi Friðlaugsson kveðst hafa séð kærða, en aðeins tilsýndar seinni hluta dansleiksins, er hann var að dansa, og ekki getað betur séð en að kærði væri undir áfengisáhrifum. Hafi útlit hans bent til þess, því að hann hafi verið þrútinn í andliti, og augu hans verið rauð. Tryggvi kveðst ekki hafa veitt kærða neina sérstaka athygli, er búið var að handtaka hann. Kolbeinn Guðnason kveðst hafa séð kærða seinast, nokkru áður en dansleikurinn var úti, og ekki getað séð, að hann hefði neytt áfengis.

Þegar þess er sérstaklega gætt, *að* Bergsteinn Jónsson, sem var annar þeirra lögregluþjóna, sem stöðvuðu kærða í akstri bifreiðarinnar, hefur ekki viljað vinna eið að framburði sínum, *að* Lárus Salómonsson, sem sat við hlið kærða til Reykjavíkur, treystir sér ekki til að fullyrða, að hann hafi þá verið undir áfengisáhrifum, þó að hann segi, að það hafi ekki leynzt í byrjun dansleiksins, *að* einkenni þau, er lögregluþjónarnir, að undanteknum Hákoni Kristinssyni, byggja þá skoðun sína, að kærði hafi verið undir áfengisáhrifum á, eru ekki ótvíræðari en þau, er áður greinir, og loks að samkvæmt áfengismagninu í blóðsýnishorninu úr kærða eru litlar líkur fyrir því, að hann hafi verið undir áfengisáhrif-

um, þykir ekki gegn eindregnum mótmælum hans örugg sönnun fram komin fyrir því, að hann hafi ekið bifreiðinni R 2451 undir áhrifum áfengis í umrætt skipti. Þá hefur ekkert komið fram í málinu, er sýni, að kærði hafi verið haldinn slíkri þreytu og sljóleika, að hann hafi ekki getað á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni, heldur hefur annar þeirra lögreglumanna, er stöðvuðu bifreið hans, borið það, að ekkert athugavert hafi verið við akstur hans. Verður því að sýkna kærða af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu, og ber þá að greiða úr ríkissjóði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Theódórs B. Líndals hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00.

Sökum sérstakra anna við önnur dómstörf hefur nokkur dráttur orðið á uppkvaðningu dóms þessa. Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ingibjartur Helgi Magnússon, skal vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda kærða, Theódórs B. Líndals hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00.

Miðvikudaginn 6. febrúar 1946.

Nr. 135/1945. **Réttvísin** (Hrl. Ragnar Ólafsson)
gegn
Vernharði Eggertssyni (Hrl. Gunnar J. Möller).

Þjófnaður.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Vernharður Eggertsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutnings-

laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Ólafssonar og Gunnars J. Möllers, 200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 22. september 1945.

Ár 1945, laugardaginn 22. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2439/1945: Réttvísin gegn Vernharði Eggertssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Vernharði Eggertssyni verkamanni, til heimilis í skála nr. 12 við Þóroddsstaði hér í bænum, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 4. desember 1909, og hefur sætt þessum kærum og refsingum:

1925 $^{2}/_{5}$ Aðvörun fyrir ölvun og 3 krónur í skaðabætur.

1931 $^{2}/_{3}$ Dæmdur í aukarétti Reykjavíkur eftir 6. gr. laga nr. 51/1928 í 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið (fyrir þjófnað).

1931 $^{2}/_{7}$ Sætt, sekt 50 krónur fyrir ölvun á almanna færi.

1931 $^{2}/_{10}$ Sætt, sekt 100 krónur fyrir ölvun á almannafæri.

1931 $^{2}8/_{10}$ Dæmdur í aukarétti Reykjavíkur eftir 8. gr. laga nr. 51/1928 í 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

1932 $^{1}/_{3}$ Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.

1932 $^{1}/_{4}$ Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.

1932 $^{2}/_{5}$ Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.

1932 $^{7}/_{6}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ölvun og þjófnað.

1932 $^{1}3/_{6}$ Sætt, sekt 75 kr. fyrir ölvun á almannafæri.

1933 $^{1}/_{6}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, betrunarhússvinna í 1 ár fyrir innbrotsþjófnað og greiði in solidum 362 kr. í skaðabætur.

1933 $^{9}/_{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði, 500 kr. sekt og 40 krónur skaðabætur fyrir brot gegn hegningarlögunum, áfengislögunum og bifreiðalögunum. Dómur hæstaréttar í sama máli, $^{7}/_{5}$ 1934, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði og 40 krónur skaðabætur fyrir brot gegn 238. gr. hegningarlaganna m. m.

1934 $^{2}/_{5}$ Dómur hæstaréttar, 14 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 231. gr. hinna

alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869, sbr. 46. gr. og 63. gr. sömu laga.

1935 ⅙ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 8 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51 1928 o. fl.

1936 $1\frac{1}{12}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og óknytti á almannafæri.

1938 ½ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 1 árs betrunarhússvinna fyrir þjófnað.

1938 $1\frac{1}{2}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Látið falla niður.

1938 $1\frac{1}{2}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1938 $2\frac{1}{2}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1938 ⅜ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1938 $2\frac{3}{8}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1938 $2\frac{5}{8}$ Kærður fyrir að hafa tekið náttból í bil. Látið niður falla.

1938 $2\frac{3}{11}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Látið falla niður.

1938 $2\frac{5}{11}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1939 ¼ Áminning fyrir hávaða og óspektir á almannafæri.

1939 $2\frac{3}{8}$ Kærður fyrir óspektir, afgreitt til bæjarfógetans á Akureyri með beiðni um að senda málið sýslumanni Strandasýslu.

1940 $\frac{7}{7}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1940 $1\frac{6}{8}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1941 $1\frac{3}{11}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1941 $2\frac{1}{11}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1941 $\frac{1}{12}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1942 $1\frac{1}{1}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 15 mánaða fangelsi og sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir þjófnað.

1943 $2\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1944 ⅜ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

1944 $1\frac{5}{8}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1944 $\frac{9}{10}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrri ölvun á almannafæri.

1944 $1\frac{1}{10}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1944 $1\frac{4}{10}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1944 $2\frac{8}{11}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1944 $1\frac{1}{1}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 $1\frac{2}{5}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 $1\frac{5}{5}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 ⅙ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 ⅖ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 $1\frac{3}{6}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 $2\frac{2}{6}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 $\frac{5}{7}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 $1\frac{2}{7}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 $2\frac{7}{7}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 ⅛ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 $^{2}/_{8}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{5}/_{9}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{6}/_{9}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{7}/_{9}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1933 $^{30}/_{12}$ Vestmannaeyjar: Dómur 14 mánaða betrunarhússvinna fyrir ítrekaðan innbrotsþjófnað. Staðfest í Hæstarétti $^{2}/_{6}$ 1934.
1931 $^{5}/_{9}$ Siglufjörður: 50 kr. sekt fyrir götuóspektir og áflog.
1939 $^{28}/_{10}$ Strandasýsla: Dómur aukaréttar, 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 100 kr. sekt fyrir brot gegn 205. gr. hegningarl., 18. sbr. 38. gr. áfengislaganna nr. 33 1935 og 78. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1943 $^{1}/_{2}$ Keflavík: Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. laga nr. 33 1935.

Sumpart með eigin játningu ákærða og sumpart með framburðum vitna og öðrum gögnum er sannað, að hann fór hinn 19. þ. m. ölvaður inn í forstofu í verzlunarhúsi Ragnars Blöndals h/f hér í bæ og tók þar í heimildarleysi frakka, sem í var óframseld tékkávísun, að upphæð kr. 439.80, og hafði á brott með sér, en skildi eftir mjög lélegan frakka sinn. Í frakkanum, sem hann tók, mun auk ávísunarinnar hafa verið einn reikningur og eitthvað smádót. Ákærði fór með frakkann inn í veitingastofu eina hér í bænum og hitti þar menn, er hann þekkti. Einn þessara manna fékk tékkávísunina í hendur og fór ásamt öðrum mannanna með hana í Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, en á hann var hún stíluð, og ætlaði að fá hana greidda, en það fékkst ekki. Óvíst er, hvort ákærði stuðlaði að þessari för með ávísunina.

Frakkinn og ávísunin hafa komizt til skila, en reikningurinn og smádótið ekki, hafi það verið í frakkanum. Skaðabótakrafa hefur eigi fram komið. Með töku frakkans hefur ákærði gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsing hans með tilliti til fortíðar hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði hefur verið í gæzluvarðhaldi frá 20. þ. m., og samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber að ákveða, að það komi til frádráttar refsingunni.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að ákveða, að ákærði skuli frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Vernharður Eggertsson, sæti fangelsi 6 mánuði.
Gæzluvarðhald ákærða komi til frádráttar refsingunni.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.
Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
Dómi þesum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. febrúar 1946.

Nr. 98/1945. **Valdstjórnin** (Hrl. Gústav A. Sveinsson)
gegn
Gústav Straumberg Karlssyni
(Hrl. Garðar Þorsteinsson).

Brot gegn lögum nr. 62/1915 og rgj. nr. 48/1920.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt 8. gr. hafnarlaga fyrir Akureyrarkaupstað nr. 62/1915 skulu takmörk hinnar löggiltu hafnar Akureyrar ákveðin með reglugerð. Í 1. gr. hafnarreglugerðar fyrir nefndan kaupstað nr. 48/1920 er svo kveðið á, að höfnin takmarkast að norðan af beinni línu, er hugsast dregin úr yzta Glerárós í Geldingsá. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu umhverfis fjarðarbotninn á alla vegu. Kærði skaut kóp þann, er í málinu greinir, innan takmarka hafnarinnar, og hefur hann með því gerzt brotlegur við 6. gr. hafnarreglugerðarinnar, sbr. auglýsing nr. 96/1944 og 14. gr. laga nr. 62/1915. Hins vegar er ekki heimild til að dæma kærða samkvæmt lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað og ber að sýkna hann fyrir brot á henni. Refsing kærða þykir samkvæmt 47. gr. hafnarreglugerðar nr. 48/1920 og 14. gr. laga nr. 62/1915 hæfilega ákveðin 50 króna sekt til hafnarsjóðs Akureyrar, og aflpánist hún 2 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði, kr. 150.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Gústav Straumberg Karlsson, greiði 50 króna sekt til hafnarsjóðs Akureyrarkaupstaðar, og afplánist hún 2 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði, héraðsdómslögmanns Jóns Sveinssonar, kr. 150.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústavs A. Sveinssonar og Garðars Þorsteinssonar, kr. 300.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 5. apríl 1945.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað með stefnu, útgefinni 9. f. m., gegn Gústav Karlssyni, Hafnarstræti nr. 2, Akureyri, fyrir brot á lögreglusamþykkt Akureyrarkaupstaðar, sbr. auglýsing um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Akureyrarbæ frá 19. júní 1944, til hegningar, greiðslu iðgjalda og málskostnaðar.

Atvik málsins eru þessi:

Um kl. 11,30 árdegis 5. f. m. heyrðist skothvellur frá bát, sem var við austurlandið hér á höfninni milli Veigastaða og Varðgjár. Lögreglan hafði gætur á bátnum, og er hann kom að landi, var í honum nýskotinn kópur, enda hefur kærði, Gústav Karlsson, kannazt við, að hann hafi skotið kópinn í Veigastaðalandi, en færir sér til málsbóta, að þurrt land verði um fjöru, þar sem hann skaut selinn, hringanór, og að Eirikur nokkur, sem býr með föður sínum á Veigastöðum, hafi heimilað honum að skjóta undan Veigastaðalandi.

Samkvæmt 6. gr. lögreglusamþykktarinnar, sbr. auglýsingu dómsmálaráðuneytisins nr. 119 4. ágúst 1944, er öll veiði með skotum bönnuð innan takmarka hafnarinnar, en samkvæmt hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað frá 20. júní 1920, 1. gr., takmarkast Akureyrarhöfn að norðan af beinni línu, sem hugsast dregin frá ytri Glerárós í Geldingsá, og innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu umhverfis fjarðarbotninn á alla vegu. Þá má geta þess, að í 6. gr. greindrar hafnarreglugerðar var veiði með skotum bönnuð 200 metra frá landi út á Pollinn, en þessu ákvæði var breytt þannig með auglýsingu atvinnu- og samgöngu-

málaráðuneytisins frá 19. júní 1944, að veiði með skotum er bönnuð innan takmarka hafnarinnar.

Ofangreind ákvæði eru ljós, og þar sem kærði skaut selinn langt fyrir innan takmarkalínu hafnarinnar, virðist það ekki geta losað kærða við ábyrgð, enda þótt rétt væri, að mjög grunnt hafi verið, þar sem hann skaut selinn. Þá lítur rétturinn svo á, að það sé augljóst, að landeigandinn geti ekki heimilað veiði með skotum innan takmarka hafnarinnar.

Með dómi, gengnum hér fyrir lögregluréttí 8. febrúar s. l., var kærði dæmdur fyrir brot á 6. gr. lögreglusamþykktar Akureyrar, selsdráp, í 100 kr. sekt til Akureyrarbæjar auk málskostnaðar.

Fyrir brot á framangreindum ákvæðum 6. gr. lögreglusamþykktarinnar, sbr. auglýsing um breyting á hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað frá 19. júní 1944, nr. 96, greiði kærði í sekt til Akureyrarbæjar kr. 100.00, en verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi í staðinn 3 daga varðhald.

Selurinn, er kærði skaut, var virtur á kr. 15.00, og skal þessi upphæð renna í bæjarsjóð Akureyrar samkvæmt 97. gr. lögreglusamþykktarinnar.

Kærði greiði allan af sökinni leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns, hérðsdómslögmanns Jóns Sveinssonar, er þykja hæfilega ákveðin kr. 100.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Gústav Karlsson, greiði 100 króna sekt til bæjarsjóðs Akureyrar, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögra vikna frá birtingu dóms þessa. Þá greiði kærði verð selsins, 15 krónur, til bæjarsjóðs. Loks greiði kærði allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 100.00 til skipaðs talsmanns, hdl. Jóns Sveinssonar.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. febrúar 1946.

Nr. 112/1945. **Ottó Jörgensen, Þóroddur Guðmundsson, Kristján Sigtryggsson, Guðbrandur Magnússon og Óskar Garibaldason**
(Hrl. Ragnar Ólafsson)
gegn
Jóhanni Þorvaldssyni, Hjörleifi Magnússyni, Haraldi Gunnlaugssyni, Jónasi Jónassyni, Halldóri Kristinssyni, Kristjáni Sigurðssyni og Skafta Stefánssyni
og gagnsök. (Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Innsetningarmál. Samvinnufélög.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. september 1945, krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður og innsetningargerð verði úr gildi felld og gagnáfrýjendum dæmt að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Gagnáfrýjendur, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 30. janúar 1946, hafa skotið málinu til hæstaréttar með stefnu sama dag, hafa krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað in solidum fyrir hæstarétti.

Svo sem nánar er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði, greinist Kaupfélag Siglfirðinga í 4 deildir samkvæmt heimild í 19. gr. laga um samvinnufélög nr. 46/1937. Dagana 1.—5. júní 1945 voru haldnir fundir í deildum og þar kosnir fulltrúar og varafulltrúar til setu á aðalfundi kaupfélagsins í samræmi við ákvæði nefndrar greinar samvinnulaganna og samþykktir kaupfélagsins. Voru 63 aðalfulltrúar kjörnir og 31 varafulltrúi. Auglýst var með þeim hætti, sem boðið er í samþykktum kaupfélagsins, að aðalfundur skyldi haldinn 7. júní 1945. Á þann aðalfund komu, eftir því sem bókað er, 59 fulltrúar, en 61 voru viðstaddir atkvæðagreiðslu síðar á fundinum. Virðast þeir allir hafa verið teknir gildir fundarmenn. Á þessum tíma höfðu risið deilur og ýfingar innan

félagsins vegna ýmissa framkvæmda, er stjórn kaupfélagsins hafði staðið að, og í þremur deildum kaupfélagsins höfðu hlotið kosningu fulltrúar, sem andvígir voru stjórn kaupfélagsins og töldu, að ýmsar gerðir hennar væru kaupfélaginu mjög óhagkvæmar og fjárhagslega hættulegar. Þá litu þeir svo á, að stjórnin hefði ráðizt í framkvæmdir, sem lægju fyrir utan markmið og verkahring kaupfélagsins.

Á aðalfundinum kom upp sundurþykkja milli meirihluta fulltrúa og formanns kaupfélagsins, sem fundarstjórn hafði á hendi. Var því á fundinum borin upp tillaga um að fresta honum til 10. s. m. og fela framkvæmdarstjóra og stjórn „að auglýsa fundinn af nýju" og geta þess í fundarboði, að bornar yrðu fram tillögur um breytingar á samþykktum félagsins. Fundarstjóri leitaði einungis atkvæða um frestun fundar, en neitaði gegn vilja fundarmanna að bera undir atkvæði tillöguna að öðru leyti. Svo synjaði hann og fundarmönnum þess að ganga til atkvæða um framkomna tillögu um takmörkun á valdi stjórnarinnar. Leiddi þessi fundarstjórn til þess, að einungis 15 fulltrúar greiddu atkvæði um fundarfrestun, en aðrir fulltrúar greiddu ekki atkvæði. Var fundinum síðan frestað.

Hinn 10. s. m. var aðalfundur settur af nýju. 63 fulltrúar virðast hafa verið á fundi þessum. Á fundinum var lögð fram tillaga til dagskrár, þar sem 44 fulltrúar vittu fundarstjórn formanns stjórnar kaupfélagsins og samþykktu að kjósa annan fundarstjóra þegar í stað. Formaður, sem enn var í sæti fundarstjóra, neitaði að bera tillögu þessa undir atkvæði. Kvaddi þá einn fulltrúa, Bjarni Jóhannsson, sér hljóðs, las tillöguna upp, leitaði atkvæða fulltrúanna um hana og nefndi tvo fulltrúa til að telja atkvæði. Samkvæmt þeirri talningu var tillagan samþykkt með 44 samhljóða atkvæðum. Því næst lét Bjarni fulltrúa ganga til atkvæða um kosningu fundarstjóra, og var Jóhann Þorvaldsson kjörinn fundarstjóri með 43 atkvæðum.

Það verður að líta svo á, að formaður kaupfélagsstjórnar hafi ranglega synjað að bera undir atkvæði áðurgreindar tillögur, sem fram komu 7. júní, svo og tillögu þá um kosningu annars fundarstjóra, sem þegar er greind og fram kom

á fundinum 10. júní. Þar sem formanni kaupfélagsstjórnar hafði farið fundarstjórn svo illa úr hendi og hann ekki gætt réttra reglna, þá var kosning nýs fundarstjóra heimil. Meira en tveir þriðju hlutar allra þeirra fulltrúa, sem á fundi voru, greiddu því atkvæði að skipta um fundarstjóra. Af hendi gagnáfrýjenda hefur því verið haldið fram, að ekki verði mark tekið á atkvæðagreiðslu þessari bæði sökum þess, að í mesta lagi 38 fullgildir fulltrúar hafa samþykkt að skipta um fundarstjóra, og vegna þess að talning atkvæða hafi ekki verið framkvæmd með nægilega öruggum hætti. Af skjölum málsins virðist mega ályktа, að 63 fulltrúar hafi komið á fund þenna. Af þeim 44 fulltrúum, sem guldu því atkvæði að skipta um fundarstjóra, voru, að því er ætla má, 12 varafulltrúar. Nú er svo kveðið á í 5. gr. reglna um kosningu deildarstjórna og fulltrúa fyrir kaupfélagið, að varamenn taki sæti aðalmanna í forföllum þeirra eftir atkvæðamagni. Þessu ákvæði hafði verið beitt þannig, að vanti aðalfulltrúa á fund, hefur verið tekinn gildur varamaður, sem komið hefur úr sömu deild, og það jafnvel þótt annar varamaður, er fjarverandi var, kynni að hafa meira atkvæðamagn. Var og á sjálfum fundinum 10. júní ekki hreyft athugasemdum við setu varamanna þar. Ber því að meta öll atkvæðin gild.

Ekkert er fram komið í málinu, er sanni það, að atkvæðagreiðslan á fundinum 10. júní hafi verið ógreinileg eða talningu atkvæða þar ábótavant.

Tók nú Jóhann Þorvaldsson við fundarstjórn, voru fundarritarar kosnir, og hélt fundurinn áfram um stund í sama fundarsal, án þess að fulltrúar þeir, sem í minnihluta voru, vildu hlíta valdi meirihluta. Varð af þessu truflun á fundinum, og leiddi af því, að hinn nýkjörni fundarstjóri og 42 fulltrúar, er virðast hafa greitt honum atkvæði, fóru í önnur salarkynni í sama húsi, héldu fundinum þar áfram og afgreiddu þar ýmis mál, en einn fulltrúi úr hópi meirihluta vék af fundi. Var þar á fundinum m. a. gerð ályktun um, að kaupfélagsstjórninni væri óheimilt að gera bindandi samþykktir fyrir félagsins hönd nema með samþykki meirihluta fulltrúa, þar til aðalfundi væri lokið. Loks var samþykkt að fresta aðalfundinum af nýju til 21. júní og fela

framkvæmdarstjóra og fundarstjóra að boða með auglýsingu til þess fundar, þar sem getið væri, að á fundinum yrði tekin til meðferðar tillaga til breytinga á samþykktum félagsins, er fram kom á fundinum 10. júní og þar var útbýtt, áður fulltrúar meirihluta og minnihluta skildu, en tillaga þessi miðaði að því, að stjórn félagsins skyldi skipuð 7 mönnum, kosnum á aðalfundi, í fyrsta skipti á aðalfundi 1945. Þá skyldi og kjósa 3 varamenn. Kjörtími aðalmanna skyldi vera 4 ár, þó þannig, að úr stjórn þeirri, sem fyrst væri kosin, gengi einn maður eftir eitt ár og síðan tveir á ári.

Víkur nú sögunni að fulltrúum minnihlutans. Eftir að fundarstjóri og fulltrúar meirihluta höfðu vikið úr sal þeim, þar sem fundurinn 10. júní var settur, hélt formaður kaupfélagsstjórnar og 18 fulltrúar með honum þar fundi áfram og töldu sig afgreiða þar ýmis mál. En þar sem samkoma meirihlutans var samkvæmt því, sem að framan er lýst, lögmætur og ályktunarfær aðalfundur, verður samkoma minnihlutans ekki skoðuð aðalfundur að lögum.

Næst gerist það, að þeir aðaláfrýjendurnir Ottó Jörgensen, Guðbrandur Magnússon, Þóroddur Guðmundsson og Kristján Sigtryggsson, sem voru í stjórn kaupfélagsins, gerðu hinn 16. júní ályktun kaupfélagsstjórnar um að reka úr félaginu 29 fulltrúa meirihlutans. Hinn 18. s. m. gerðu og aðaláfrýjendurnir Guðbrandur Magnússon, Þóroddur Guðmundsson, Kristján Sigtryggsson og Óskar Garíbaldason enn ályktun kaupfélagsstjórnar að reka úr félaginu alls 41 félagsmann. Brottrekstur fulltrúanna var rökstuddur með því, að þeir hefðu gerzt brotlegir við samþykktir félagsins og fundarsköp með hátterni sínu á aðalfundi. Brottrekstur fulltrúanna var algerlega ólögmætur, þar sem þeir fóru löglega með æðsta vald í kaupfélaginu, svo sem áður er rakið. Þá var og ólögleg gegn vilja aðalfundarins boðun funda í þremur deildum kaupfélagsins svo og fundir deildanna 18. og 19. júní, enda komu á deildafundi þessa einungis 73 af 460 deildamönnum, og á engan fundinn kom einn þriðji deildamanna, sbr. 6. gr. reglna um kosningu deildarstjórna og fulltrúa kaupfélagsins og 2. gr. fundarskapa félagsins.

Samþykkt var og tilkynnt á aðalfundinum 10. júní að fresta fundarstörfum til 21. júní. Fullvíst má telja eftir gögnum málsins, að bæði fulltrúum og félagsmönnum hafi 11. júní verið kunnugt, að aðalfundi skyldi haldið áfram 21. júní og að á dagskrá væri tillaga sú til breytinga á samþykktum félagsins, er útbýtt var á fundinum 10. júní, áður meiri og minnihlutinn skildu. Á aðalfundinum 21. júní var samþykkt með 46 samhljóða atkvæðum greind breyting á samþykktum félagsins, og fór samkvæmt því fram kosning 7 manna í stjórn félagsins og þriggja varamanna. Hlutu gagnáfrýjendur í máli þessu kosningu í stjórn kaupfélagsins, svo sem greinir í úrskurði fógeta. Þar sem ósamþykki aðaláfrýjenda og fulltrúa þeirra, er með meirihlutavald fóru á aðalfundi, var orðið svo mikið, að loku var skotið fyrir samstarf þeirra á milli, og þar sem aðaláfrýjendur höfðu ekki virt lögmætar ályktanir aðalfundarins og auk þess á ólögmætan hátt gert tilraun til að reka fulltrúana, þá þykir 20. gr. samvinnulaga nr. 46/1937 ekki hafa verið því til fyrirstöðu, að kosin væri ný stjórn á fundinum 21. júní.

Samkvæmt þessu þykir bera að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjendum málskostnað fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Ottó Jörgensen, Þóroddur Guðmundsson, Kristján Sigtryggsson, Guðbrandur Magnússon og Óskar Garíbaldason, greiði in solidum gagnáfrýjendum, Jóhanni Þorvaldssyni, Hjörleifi Magnússyni, Haraldi Gunnlaugssyni, Jónasi Jónassyni, Halldóri Kristinssyni, Kristjáni Sigurðssyni og Skafta Stefánssyni, kr. 2000.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Siglufjarðar 6. september 1945.

Í bréfi, dagsettu 11. júlí 1945, fóru gerðarbeiðendur í máli þessu, stjórn Kaupfélags Siglfirðinga, kosin 21. júní 1945, þeir Jóhann Þorvaldsson barnakennari, Hverfisgötu 4, Hjörleifur Magnússon bæjarfógetafulltrúi Hólavegi 25, Haraldur Gunnlaugsson skipasmiður, Túngötu 25, Jónas Jónasson verkstjóri, Lindargötu 17, Halldór Kristinsson héraðslæknir, Aðalgötu 8, Kristján Sigurðsson verkstjóri, Eyrargötu 6, og Skafti Stefánsson útgerðarmaður, Snorragötu 7, allir á Siglufirði, þess á leit við bæjarfógetann á Siglufirði, að hann setti þá með beinni fógetagerð inn í öll umráð bóka og eigna Kaupfélags Siglfirðinga sem lögmæta stjórn félagsins, en um þau höfðu gerðarþolar, áður kosin stjórn Kaupfélags Siglfirðinga, þeir Ottó Jörgensen símstjóri og póstafgreiðslumaður, Suðurgötu 36, Þóroddur Guðmundsson alþingismaður, Eyrargötu 12, Kristján Sigtryggsson húsgagnasmiður, Vetrarbraut 17, Guðbrandur Magnússon kennari, Grundargötu 16, og Óskar Garibaldason skrifstofumaður, Hvanneyrarbraut 25, allir á Siglufirði, neitað gerðarbeiðendum. Var málið fyrst tekið fyrir í fógetarétti Siglufjarðar 14. júlí 1945, en því réttarhaldi lauk á þann veg, að hinn reglulegi fógeti kvað upp úrskurð um, að hann viki sæti í málinu. Hinn 18. júlí 1945 skipaði dómsmálaráðherra Gunnar A. Pálsson lögfræðing í Reykjavík setufógeta í málið. Hefur hann því farið með það að öllu leyti, síðan hinn reglulegri fógeti vék sæti, og þá einnig kveðið upp úrskurð þenna.

Að undangenginni gagnasöfnun og öðrum venjulegum undirbúningi, var mál þetta munnlega flutt í fógetarétti Siglufjarðar dagana 21. og 22. ágúst 1945 og að því loknu tekið til úrskurðar.

Réttarkröfur gerðarbeiðenda eru þær, að þeir verði með innsetningargerð settir inn í öll umráð bóka og eigna Kaupfélags Siglfirðinga sem lögmæt stjórn þess, allt á þeirra ábyrgð, og að gerðarþolum verði gert að greiða þeim málskostnað eftir mati fógetaréttarins.

Réttarkröfur gerðarþola eru þær, að synjað verði um hina umbeðnu innsetningargerð og að þeim verði úrskurðaður hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins. Enn fremur krefjast gerðarþolar hæfilegrar tryggingar frá gerðarbeiðendum, verði hin umbeðna innsetningargerð framkvæmd.

Þess skal getið, að í fyrstu beindu gerðarbeiðendur máli þessu og gegn kaupfélagsstjóra Kaupfélags Siglfirðinga, en í réttarhaldi 24. júlí 1945 féll umboðsmaður þeirra frá því.

Gerðarbeiðendur skýra svo frá málavöxtum, að frá aðalfundi Kaupfélags Siglfirðinga, héreftir skammstafað K.F.S., sem haldinn var dagana 27. apríl og 7. maí 1944, hafi stjórn félagsins verið þannig skipuð: Ottó Jörgensen gerðarþoli formaður, Þóroddur

Guðmundsson gerðarþoli varaformaður, Guðbrandur Magnússon gerðarþoli ritari, Kristján Sigtryggsson gerðarþoli meðstjórnandi og Kristján Sigurðsson gerðarbeiðandi meðstjórnandi. Séu þeir Ottó, Þóroddur og Kristján Sigtryggsson allir fylgismenn Sósíalistaflokksins og hafi þeir því saman myndað meirihluta í stjórninni. Meirihluta þessum hafi þeir náð með því að smala fólki, er þeim fylgdi, í félagið fyrir aðalfundinn 1944. Eftir að stjórnarmeirihluti þessi hafi tekið við völdum í félaginu, hafi hann brátt farið að gera ýmsar ráðstafanir, er hafi verið þess eðlis, að meirihluti félagsmanna hafi fyllzt óánægju og gremju í hans garð, og einnig hafi komið í ljós, að rekstur og rekstrarútkoma félagsins hafi verið þannig, að ekki hafi verið við unandi. Enn fremur hafi framkoma formanns stjórnarinnar í ýmsu verið slík, að óhæf verði að teljast.

Það, sem gerðarbeiðendur telja einkum ámælisvert hjá stjórninni eða meirihluta hennar og við framkomu formanns stjórnarinnar fyrir aðalfundinn 1945, verður nú rakið í stuttu máli. Skýra gerðarbeiðendur frá því, svo sem nú greinir:

1. Kaupfélagið eigi 18 þúsund króna hlutabréf í h/f Gilslaug, en það félag mun vera stofnað á árinu 1942. Félag þetta hafi á sínum tíma tekið á leigu land og hitaréttindi til starfrækslu gróðurhúsa í landi jarðarinnar Gils í Fljótum, en sú jörð er eign Þórodds Guðmundssonar gerðarþola. Byggð hafi verið gróðurhús að Gili, og hafi ætlunin verið að starfrækja þau, en veturinn 1943—1944 hafi húsin fokið. Þau hafi þó verið endurbyggð sumarið 1944, en starfræksla þeirra gengið mjög illa. Þrátt fyrir þetta hafi stjórn K.F.S. lagt allmikið fé umfram hlutaféð í áhættu fyrir h/f Gilslaug og það jafnvel, eftir að aðalfundur K.F.S. 1944 hafi verið búinn að samþykkja, að félagið skyldi ekki binda sér meiri fjárhagslegar byrðar vegna h/f Gilslaugar en þá var orðið. Muni hafa verið svo komið s. l. áramót, að K.F.S. hafi að öllu samanlögðu átt í áhættu hjá h/f Gilslaug um kr. 70000.00. Meirihluti félagsmanna K.F.S. hafi því talið áhættu þá, er búið var að stofna K.F.S. í fyrir h/f Gilslaug, allt of mikla og stjórninni með öllu óheimilt að auka hana, a. m. k. án samþykkis fulltrúafundar, en þess muni ekki hafa verið leitað. Loks telja gerðarbeiðendur stjórnarmeirihlutann í K.F.S. hafa ívilnað h/f Gilslaug á óréttmætan hátt bæði með því að gefa félaginu um helming alls afsláttar, er K.F.S. gaf viðskiptavinum sínum 1944, eða um kr. 5000.00, og einnig með því að láta það hafa ýmsar vörur fyrir um kr. 15000.00 fyrir s. l. áramót, sem þó ekki hefðu verið færðar félaginu til reiknings a. m. k. þá samtímis.
2. Seint á árinu 1944 hafi stjórn K.F.S. keypt vörubirgðir verzlunarinnar Önnu og Gunnu, en aðaleigandi þeirrar verzlunar

hafi verið systir Þórodds Guðmundssonar gerðarþola. Enn fremur hafi stjórnin um sama leyti keypt vörubirgðir verzlunarinnar Geislans, er mágur Þórodds hafi átt í félagi við annan mann. Kaupverð varanna hafi verið nálægt kr. 150000.00, en útsöluverð þeirra nálægt kr. 200000.00. Meirihluti þessara vara muni hafa verið tilbúinn fatnaður og vefnaðarvara, gamlar vörur og lítt útgengilegar, svo að tvímælalaust sé, að kaupin hafi verið óhagstæð K.F.S., enda ástæðulaus með öllu. Hafi því meirihluti félagsmanna verið þeim andvígur og gagnrýnt þau mjög harðlega.

3. Seint á s. l. ári hafi stjórnin keypt síldarsöltunarstöð dánarbús Ingvars Guðjónssonar á Siglufirði fyrir kr. 355000.00, án þess að leita áður álits fulltrúafundar eða félagsfundar um kaupin, en til þess telja gerðarbeiðendur stjórninni tvímælalaust hafa borið skyldu, því að með kaupum þessum og fyrirhugaðri starfsemi í sambandi við þau hafi verið farið út fyrir verksvið K.F.S. samkvæmt 2. gr. samþykkta félagsins. Kaup þessi hafi og verið of stórfengleg til þess, að rétt væri fyrir K.F.S. að ráðast í þau, eins og fjárhag þess sé og hafi verið háttað. Seinna hafi stjórnarmeirihlutinn svo stofnað h/f Söltunarfélag Kaupfélagsins, er hafi þann tilgang að annast síldarsöltun, og hafi K.F.S. fyrir atbeina stjórnarmeirihlutans verið látið leggja til helming hlutafjár þess, eða kr. 125000.00. Með þessu hafi og verið farið út fyrir verksvið K.F.S. Telja gerðarbeiðendur félagsstjórnina hafa brotið samþykktir félagsins með báðum þessum ráðstöfunum, enda hefði þurft að breyta samþykktum K.F.S. til þess, að þær væru heimilar.
4. Vegna framkomu meirihluta stjórnarinnar hafi sumir beztu starfsmenn K.F.S. ekki viljað vinna hjá félaginu, og af því hafi leitt, að þeir hafi farið, og hafi þá í stað þeirra verið teknir hreinræktaðir flokksmenn stjórnarmeirihlutans.
5. Ekki hafi stjórnarmeirihlutinn þolað neina grgnrýni og hafi hann t. d. rekið ábyrgðarmann blaðsins Neista úr félaginu, en það blað hafi hafið gagnrýni út af starfsemi og rekstri K.F.S. Svo ástæðulaus hafi brottrekstur Ólafs verið, að á aðalfundi K.F.S. 7. júní 1945 hafi verið samþykkt tillaga með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða, er ógilti brottrekstur inn og taldi hann jafnframt ofbeldisráðstöfun, er enga stoð ætti sér í samþykktum og reglum K.F.S.
6. Rekstrarútkoma K.F.S. hafi verið með fádæmum léleg s. l. ár og það svo, að þess muni engin dæmi finnast í neinu kaupfélagi hér á landi. Reikningar félagsins sýni að vísu tekjuafgang kr. 12724.91, en það sé mjög villandi. Í raun réttri sé mikill tekjuhalli hjá félaginu. Meðalálagning s. l. ár muni hafa verið rúmlega 21%. Afskrift vörubirgða hafi hins vegar verið

aðeins rúmlega 19%, eða 2% neðan við meðalálagningu. Samkvæmt afskriftarreglum fyrir félög í S.Í.S. beri þeim að afskrifa vörubirgðir sínar um meðalálagningu að viðbættum a. m. k. 5%, en samkvæmt því hefði K.F.S. átt að afskrifa vörubirgðir sínar um rúmlega 26%. Hefði þeim reglum verið fylgt, hefði afskriftin átt að aukast um ca. 70 þúsund krónur, en við það hefði tekjuhalli K.F.S. árið 1944 orðið um kr. 60000.00. Flest kaupfélög hafi á árinu 1944 afskrifað vörubirgðir sínar um 30% af útsöluverði, og hefði K.F.S. gert það, myndi tekjuhalli félagsins hafa numið um kr. 95000.00. Þetta telja gerðarbeiðendur gerast í K.F.S. á sama tíma og önnur sambandsfélög greiði félagsmönnum sínum arð að meðtöldu stofnsjóðsgjaldi, er nemi frá 7%—13% af ágóðaskyldri úttekt þeirra.

Á starfsárinu 1944 telja gerðarbeiðendur, að vörurýrnun hjá K.F.S. hafi orðið óeðlilega mikil, eða á milli 110000.00 og 120000.00 krónur. Muni hún í einni deild félagsins hafi verið um 11%, en óeðlileg verði vörurýrnun að teljast, sé hún um eða yfir 2%. Á vörurýrnuninni hafi engin frambærileg skýring fengizt. Þá telja gerðarbeiðendur og, að af ýmsu sé auðsætt, að bókhaldi félagsins sé harla ábóta vant. En allt bendi það, er talið hefi verið í þessum lið, ótvírætt til þess, að stjórnin hafi ekki gætt hagsmuna félagsins, svo sem henni var skylt, og að hún hafi vanrækt nauðsynlegt eftirlit með rekstri þess.

7. Á aðalfundi K.F.S. árið 1944 telja gerðarbeiðendur framkomu félagsformanns, er stjórnaði þeim fundi, hafa verið slíka, að ekki hafi verið við unandi. Nefna þeir sem dæmi, að á fundinum hafi Kristján Sigurðsson gerðarbeiðandi flutt tillögu varðandi trúnaðarmannaval í félaginu, er ræddur var 7. liður dagskrárinnar, er var kosning nokkurra trúnaðarmanna. Sé svo bókað í fundargerðabók aðalfundarins, að formaður hafi úrskurðað, að tillaga Kristjáns skyldi teljast undir 8. lið dagskrárinnar, er var: Önnur mál. En er að þeim lið hafi komið og komið hafi fram tillaga, er m. a. hafi hnigið í þá átt að hefja umræður um tillögu Kristjáns, hafi formaður lýst yfir, að hann vísaði síðarfluttu tillögunni frá, þar eð dagskrárliðurinn, er hún ætti að teljast til, val trúnaðarmanna, væri þegar afgreiddur á lögmætan hátt. Hafi þannig tillaga Kristjáns alls ekki fengizt rædd á fundinum. Þá hafi formaður og á ýmsan hátt annan beitt aðalfundinn ólögum, t. d. hafi hann meinað Halldóri Kristinssyni gerðarbeiðanda að tala um nýgreinda tillögu Kristjáns Sigurðssonar, hann hafi talið atkvæði einn og neitað að skipa teljara, einnig hafi hann neitað að taka til greina athugasemdir, er gerðar hafi verið við

tillögur. Fundi hafi hann slitið, áður en fundargerðin fengist lesin upp, og neitað hafi hann að taka ný mál á dagskrá.

Þá hafi stjórnin og haft að engu ýmsar samþykktir og ályktanir aðalfundarins, t. d. samþykktina um, að K.F.S. hætti ekki meira fé í h/f Gilslaug en búið væri, svo og þá samþykkt fundarins, að stjórnin skyldi sjá um, að samþykktir félagsins yrðu teknar til rækilegrar athugunar í deildum félagsins nægilega snemma til þess, að breytingar á þeim, er nauðsynlegar kynnu að teljast, gætu orðið samþykktar á næsta aðalfundi, þ. e. aðalfundinum 1945.

8. Gerðarbeiðendur skýra svo frá, að í gildi hafi verið samningur um kaupfélagsmál milli Framsóknarfélags Siglufjarðar, Alþýðuflokksfélags Siglufjarðar og Sósialistafélags Siglufjarðar. Hafi þessi samningur á sínum tíma verið gerður vegna togstreitu, er verið hafi í K.F.S., sem verið hafi óheppileg fyrir félagið. Hafi samningurinn því verið gerður í því skyni að tryggja hagsmuni kaupfélagsins með því að fyrirbyggja deilur viðkomandi stjórnmálaflokka innan vébanda þess, t. d. um kosningar í stjórn félagsins. Samningi þessum hafi Sósialistafélag Siglufjarðar sagt upp frá 1. janúar 1944 að telja, en vafalaust sé, að stjórnarmeirihlutinn í K.F.S. hefði getað afstýrt uppsögninni, ef hann hefði viljað. Hann hafi hins vegar ekki gert það, en af uppsögn samningsins hafi síðan leitt illvígar deilur, er á allan hátt hafi haft slæmar afleiðingar á málefni K.F.S.

Við þær ásakanir, er í framangreindum liðum, 1—8, felast í garð stjórnarinnar eða meirihluta hennar og félagsformanns, hafa gerðarþolar gert eftirfarandi athugasemdir og skýringar:

Við 1. Hlutaféð í h/f Gilslaug hafi verið lagt fram, á meðan Framsóknarmenn og Alþýðuflokksmenn skipuðu meirihluta í stjórn K.F.S. Enn fremur hafi K.F.S. á árinu 1943, en þá hafi stjórn þess enn verið skipuð Framsóknar- og Alþýðuflokksmönnum að meirihluta, gengið í ábyrgð fyrir h/f Gilslaug fyrir kr. 30000.00 og lánað hlutafélaginu vörur fyrir kr. 11000.00. Á því ári hafi gróðurhúsin fokið og uppskeran eyðilagzt, en hið síðargreinda hafi verið að kenna garðyrkjumanni félagsins, er haft hafi meðmæli frá S.Í.S., þegar hann var ráðinn. Fjárhagur h/f Gilslaugar hafi því verið slæmur orðið 1944 og aðstaða slæm, þar sem gróðurhúsin hafi verið eyðilögð. Ekki hafi því verið nema um tvennt að velja fyrir K.F.S., annaðhvort að láta gera h/f Gilslaug upp sem gjaldþrota og þá að tapa því fé, er það hafði lagt í hlutafélagið, eða að byggja gróðurhúsin af nýju, fá nýjan garðyrkjumann og freista á þann hátt að vinna upp fyrri skakkaföll og tryggja K.F.S. það fé, er það hefði lagt í hlutafélagið. Sá kostur hefði verið valinn og horfi nú betur um málefni Gilslaugar en áður.

Þá telja gerðarþolar rangt, að ekki hafi verið leitað samþykkis fulltrúafundar um endurbyggingu húsanna. Það hafi verið gert 8. apríl 1944 og fulltrúafundur þá samþykkt endurbygginguna, jafnframt því sem hann hafi veitt h/f Gilslaug veðleyfi fyrir endurbyggingar- og rekstrarláni og lofað, að K.F.S. gengi ekki að félaginu til greiðslu skuldar þess við kaupfélagið. Eftir aðalfundinn 1944 hafi K.F.S. hvorki lagt fram hlutafé í h/f Gilslaug né gengið í ábyrgðir fyrir það. Skuld félagsins við K.F.S. hafi einnig verið mun minni í árslok 1944 en í ársbyrjun. Þá telja gerðarþolar og rangt, að h/f Gilslaug hafi verið gefinn óeðlilega mikill afsláttur, svo og það, að búið hafi verið að afhenda félaginu vörur um s. l. áramót, er ekki hafi verið bókfærðar samtímis.

Við 2. Gerðarþolar telja, að vörubirgðakaup þau, er um ræðir í þessum lið, séu þannig til komin, að nefndar verzlanir hafi boðið K.F.S. vörubirgðir sínar til kaups um mánaðamótin október og nóvember 1944. Hafi þáverandi kaupfélagsstjóri, Sigurður Tómasson, viljað kaupa vörubirgðirnar, enda hafi það verið á hans valdi. Hann hafi þó viljað fá samþykki stjórnarinnar til þess, þar sem um óvenjuleg vörukaup hafi verið að ræða. Hafi þrír þeirra fjögra stjórnarmanna, er á fundi hafi verið, þegar kaupin voru rædd, samþykkt þau, þ. á m. gerðarbeiðandinn Hjörleifur Magnússon, en Þóroddur Guðmundsson gerðarþoli hafi ekki greitt atkvæði, og sé því með öllu rangt, að hann hafi komið kaupunum á vegna venzlafólks síns, en því hafi gerðarbeiðendur haldið á loft. Vörubirgðirnar hafi kostað um kr. 150000.00, og hafi það verið hagstæð kaup, enda hafi vörurnar verið góðar, og muni þegar vera seldur af þeim helmingur eða ef til vill tveir þriðjuhlutar með hagnaði fyrir K.F.S. Þá hafi það og mælt með kaupunum, að K.F.S. hafi getað gengið inn í leigusamning verzlunarinnar Geislans og þannig getað framkvæmt ályktun, er aðalfundur K.F.S. 1944 hafi gert um, að athugaðir væru möguleikar á að stækka vefnaðarvöruverzlun félagsins, en það hafi til þess tíma reynzt ómögulegt. Enn fremur hafi K.F.S. verið heimilt að undanskilja kaupunum það af vörum verzlunarinnar Geislans, er félagið ekki vildi. Eigendur hvorratveggja vörubirgðanna hafi loks skuldbundið sig til að setja ekki upp vefnaðarvöruverzlanir á næstu árum, og sé að þessu öllu athuguðu ljóst, að þessi skipti hafi yfirleitt verið hagstæð K.F.S.

Við 3. Gerðarþolar skýra svo frá, að 8. október 1944 hafi öll stjórnin, þ. á m. gerðarbeiðandinn Kristján Sigurðsson, samþykkt að gera tilraun til að festa kaup á síldarsöltunarstöð fyrir félagið með framtíðarstarfrækslu fyrir augum. Hafi einkum verið hafðar í huga stöðvar dánarbúa Ingvars Guðjónssonar eða Ole Tynes, og í stjórnarsamþykktinni verið gert ráð fyrir 250000.00 króna hámarksverði á þeim hvorri um sig. Hafi stjórnin talið hyggilegra að gera ráð fyrir svona lágu verði, ef ályktunin spyrðist, en hins

vegar hafi henni ekki komið til hugar, að stöðvarnar yrðu seldar svo ódýrt. Kaupin hafi síðan komizt á um Ingvarsstöðina, en verðið verið kr. 355000.00 með söltunaráhöldum, er gerðarþolar telja rúmlega 25000.00 króna virði, og megi verð stöðvarinnar teljast hagstætt K.F.S. Kaupin hafi síðan verið borin undir fulltrúafund 4. janúar 1945, er hafi samþykkt þau. Árleiga stöðvarinnar sé kr. 40000.00 og geti orðið allt að kr. 60000.00, ef mikið sé saltað, og verði það að teljast góðar tekjur af eigninni. Á sama fulltrúafundinum, sem kaupin hafi verið samþykkt, hafi meirihluti stjórnarinnar lagt til, að stofnað væri hlutafélag um rekstur stöðvarinnar, en minnihlutinn hafi viljað, að K.F.S. starfrækti stöðina sjálft. Hlutafélagsstofnun hafi orðið ofaná og K.F.S. orðið aðalhluthafi í því félagi og eigi þar helming hlutafjár. Telja gerðarþolar hag K.F.S. betur borgið með þessu fyrirkomulagi, þar sem síldarsöltun sé áhættusamur atvinnuvegur, þótt arðvænn sé stundum, og öruggara sé fyrir K.F.S. að fá góða leigu eftir stöðina frá söltunarfélaginu en að starfrækja hana sjálft, þótt hins vegar komi þar á móti, að það fái ekki nema helming þess ágóða, er á stöðinni verði, þegar um ágóða af rekstri hennar verði að ræða.

Við 4: Gerðarþolar telja rangt, að sumir beztu starfsmenn K.F.S. hafi farið úr þjónustu þess vegna framkomu meirihluta stjórnarinnar við þá, svo og, að þeir hafi stutt að því, að nokkrir óhæfir starfsmenn hafi verið teknir í þjónustu félagsins.

Við 5: Gerðarþolar skýra svo frá, að blaðið Neisti, er Ólafur H. Guðmundsson sé ábyrgðarmaður að, hafi birt mjög ósæmilegar greinar um K.F.S., til þess fallnar að rýra álit þess og vekja tortryggni félagsmanna. Stjórnin hafi líka öll samþykkt að höfða mál gegn honum út af tiltekinni grein. Þegar skrifum Neista um K.F.S. hafi ekki linnt að heldur, þá hafi stjórnin samþykkt með 4 atkvæðum gegn atkvæði Kristjáns Sigurðssonar gerðarbeiðanda að víkja Ólafi úr félaginu, enda hafi það verið fullkomlega réttmæt ráðstöfun, eins og á stóð, og jafnvel bein skylda stjórnarinnar.

Við 6: Gerðarþolar viðurkenna, að rekstrarútkoma K.F.S. hafi verið frekar léleg árið 1944, en telja, að þar sé mest um að kenna óvenjulega mikilli vörurýrnun, einkum í matvörubúð, um 11%, og enda nokkurri í vefnaðarvörubúð. Telja þeir ekki unnt að ásaka stjórnina um neitt í sambandi við það, þar eð eftirlit með slíku hvíli á kaupfélagsstjóranum, en ekki hafi verið venja að láta fara fram vörukönnun nema einu sinni á ári. Stjórnin geti ekki annað gert en að láta yfirskoða reikninga félagsins og sannreyna rýrnunina svo og að skipta um þá menn, er fyrst og fremst verði að telja bera ábyrgð á henni. Hvorttveggja hafi verið gert. Yfirskoðun reikninga sé hafin, Sigurður Tómasson hafi hætt kaupfélagsstjórastörfum og Björn Dúason hætt störfum sem deildarstjóri matvörudeildar. Þá telja gerðarþolar afskrift af vörubirgðum í árslok 1944

hafa verið mjög svipaða og árið áður eða þó kannske heldur minni. Muni afskriftin 1943 hafa verið um 20%, en 1944 um 19%, en ekki muni það þó muna meira en því, að hagnaðurinn 1944 lækkaði um ca. kr. 10000.00, og yrði þannig ca. rúmar kr. 2000.00, ef afskrifað hefði verið eftir sömu reglum og árið 1943. Telja þeir afskriftina eðlilega og því ranga þá staðhæfingu gerðarbeiðanda, að hún sé of lág, og þær ályktanir, er þeir draga af því, þess vegna markleysur.

Við 7: Gerðarþolar telja, að rétt hafi verið af formanni á aðalfundinum 1944 að vísa tillögu Kristjáns Sigurðssonar gerðarbeiðanda varðandi trúnaðarmannaval í K.F.S., er fram kom undir 7. lið dagskrárinnar: Kosningar, til 8. dagskrárliðarins: Önnur mál, enda eigi kosningar í trúnaðarstöður að fara fram umræðulaust. Um þessa tillögu hafi Halldóri Kristinssyni verið neitað að ræða, þegar hún kom fram, og hafi sú neitun verið réttmæt af sömu ástæðu. Þegar að 8. dagskárlið hafi komið, hafi tillaga Kristjáns verið aftur tekin, en önnur komin í hennar stað, sem átt hefði undir 7. dagskrárlið, er þegar hefði verið afgreiddur. Hefði þeirri tillögu því að réttu verið vísað frá. Formaður hafi skipað tvo talningamenn á aðalfundinum, þegar þess hafi verið óskað og ágreiningur hafi verið um atkvæðatalningu. Formaður hafi slitið fundi, þegar öll mál, er fyrir hafi legið, hafi verið afgreidd. Stjórnin hafi farið eftir fyrirmælum aðalfundarins 1944 um að leggja ekki meira fé í h/f Gilslaug en þá hefði þegar verið búið. Að því er varði samþykkt aðalfundarins um undirbúning væntanlegra samþykktabreytinga af hálfu stjórnarinnar, þá hafi félagsmönnum verið sent fyrirspurnarbréf, sem fáir hafi að vísu svarað.

Við 8: Ekki telja gerðarþolar það geta verið ásökun á stjórnina eða meirihluta hennar, að samkomulagi því, er verið hafi í gildi milli Framsóknar-, Alþýðuflokks- og Sósialistafélags Siglufjarðar, hafi verið sagt upp af hálfu Sósialistafélagsins. Slíkt sé stjórnarmeirihlutanum óviðkomandi og honum væri því ekki um að kenna, enda þótt uppsögnin hefði haft einhverjar óheppilegar afleiðingar fyrir K.F.S.

Hafa þá verið raktar ásakanir gerðarbeiðenda á hendur stjórninni eða meirhluta hennar svo og félagsformanni fyrir aðalfundinn 1945 og enn fremur svör og athugasemdir gerðarþola við þeim. Nokkurs misræmis gætir í frásögnum og skýringum aðilja, og verður það nú athugað, að svo miklu leyti sem skjöl og önnur gögn málsins gera kleift.

Um 1. Ekki hefur reikningur h/f Gilslaugar við K.F.S. verið lagður fram í málinu, og er því ekki unnt að sjá með vissu, hvernig skiptum þeirra er farið. H/f Gilslaug sýnist þó hafa verið allfjárfrekt fyrirtæki og litlar tekjur hafa haft enn þá a. m. k. Virðist svo sem K.F.S eigi allmikið fé í hættu hjá hlutafélaginu og að

gengið hafi verið alllangt í því að styðja það, t. d. þegar fulltrúafundur K.F.S. samþykkti 8. apríl 1944 að veita h/f Gilslaug veðleyfi fyrir endurbyggingar- og rekstrarláni og lofaði jafnframt, að K.F.S. gengi ekki að h/f Gilslaug til greiðslu skulda hlutafélagsins. Samþykkt þessi var gerð með 16 atkvæðum gegn 13, og virðist meirihluti stjórnarinnar hafa staðið að henni. Ekki liggja fyrir sannanir um, að fulltrúafundur hafi beinlínis samþykkt endurbyggingu gróðurhúsa h/f Gilslaugar, en framangreint veðleyfi fulltrúafundarins og loforð um að ganga ekki að félaginu til greiðslu skulda þess við K.F.S. þykja þó gera líklegt, að meirihluti mættra fulltrúa hafi verið endurbyggingu hlynntur.

Um 2. Ekki liggja fyrir nein gögn, er unnt sé að ráða af, hve hagstæð K.F.S. hérgreind vörubirgðakaup hafa verið. Í fundargerð stjórnarfundarins, sem kaupin voru rædd á, er bókað, að verð vörubirgðanna til K.F.S. væri útsöluverð að frádregnum 27%. Hvernig verð þetta hefur verið fyrir K.F.S., hefur að sjálfsögðu farið alveg eftir því, um hvaða vörur var að ræða, hvort þær voru seljanlegar, hvernig ástand þeirra var o. s. frv., en um þetta liggja engin gögn fyrir. Engin hlunnindi fyrir K.F.S. virðast hafa fylgt kaupunum á vörum verzlunarinnar Önnu og Gunnu, og einnig sýnast vörurnar hafa verið keyptar upp til hópa af þeirri verzlun. Af vörum verzlunarinnar Geislans mátti hins vegar undanskilja það, er K.F.S. ekki vildi, og einnig fékk K.F.S. verzlunarhúsnæði í sambandi við þau kaup.

Um 3. Eftir því, hvernig tilgangur K.F.S. er skilgreindur í 2. gr. samþykkta þess, verður að telja, að hérgreind söltunarstöðvarkaup og söltunarfélagsstofnun hafi verið utan starfssviðsmarka félagsins. Virðist því, að sjálfsagt hefði a. m. k. verið að halda fulltrúafund um kaupin, áður en þau voru fullráðin, enda var hér og um að ræða stórfenglega ráðstöfun, sem líkleg var til þess að geta haft mikil áhrif á hag K.F.S. í framtíðinni.

Um afskipti Kristjáns Sigurðssonar gerðarbeiðanda af kaupum þessum er það eitt upplýst, að hann samþykkti tillöguna 8. október 1944 um, að gerð yrði tilraun til að festa kaup á söltunarstöð og kaupverð „miðað við 200—250 þúsund króna hámarksverð á stöðvum dánarbúa Ingvars Guðjónssonar eða O. Tynes". Hvort hann hefur viljað, að stjórnin gengi endanlega frá kaupunum a. m. k. fyrir svona hátt verð, án þess að leggja málið áður fyrir almennan félagsfund eða fulltrúafund, er ekki unnt að ráða í af gögnum málsins.

Um 4. Sem dæmi um menn, er gengið hafi úr þjónustu K.F.S. vegna framkomu stjórnarinnar, hafa gerðarbeiðendur einkum nefnt þá Árna Jóhannsson bókara og Björn Dúason deildarstjóra. Ekki hefur umsagnar þeirra verið leitað um þetta atriði, og því ekki unnt neitt um það að segja.

Um 5. Ekki hafa greinar þær um K.F.S., er birtust í Neista og Ólafur H. Guðmundsson var rekinn úr félaginu fyrir, verið lagðar fram í málinu. Verður þannig ekki séð, hversu réttlætanlegur brottrekstur hans hefur verið. En hins vegar taldi yfirgnæfandi meirihluti aðalfundarfulltrúanna 1945 brottrekstur Ólafs ofbeldisráðstöfun eina af hálfu meirihluta stjórnarinnar og ógilti hann með 43 atkvæðum gegn 15.

Um 6. Af gögnum málsins þykir sýnt, að rekstrarútkoman hjá K.F.S. árið 1944 sé mjög léleg og að rétt muni vera hjá gerðarbeiðendum, að hún sé í raun réttri verri en reikningar félagsins sýna, þar eð minna hefur verið afskrifað af vörubirgðum en varlegt má telja. Virðist svo af gögnum málsins sem rekstrarhalli hefði orðið á árinu, hefði afskriftin verið eðlilega há. Á vörurýrnuninni hefur engin skýring fengizt. Bendir þetta hvorttveggja til þess, að hagsmuna K.F.S. hafi ekki verið gætt sem skyldi, hverju eða hverjum, sem um er að kenna.

Um 7. Þegar tillaga Kristjáns Sigurðssonar gerðarbeiðanda varðandi trúnaðarmannaval kom fram á aðalfundinum 1944 undir 7. dagskrárlið: Kosningar, neitaði félagsformaður, sem var fundarstjóri aðalfundarins, að bera hana upp undir þeim dagskrárlið og neitaði einnig Halldóri Kristinssyni gerðarbeiðanda að ræða hana. Vísaði hann tillögunni undir 8. dagskrárlið: Önnur mál. Ekki verður séð, að Kristján hafi tekið tillögu sína aftur, og verður því að ætla, að hún hafi legið fyrir, þegar kom að 8. dagskrárlið, enda flutti Kristján sjálfur ásamt Halldóri Kristinssyni tillögu undir þeim dagskrárlið, er í síðari hluta sínum fór fram á, að tillaga sú, er Kristján flutti undir 7. dagskrárlið og fundarstjóri hafði þá bannað að ræða og vísað til 8. dagskrárliðs, yrði tekin til umræðu. Þá tillögu neitaði fundarstjóri að bera upp og gaf fundinum heldur ekki kost á að ræða tillögu Kristjáns, sem hann þó hafði vísað til 8. dagskrárliðs. Þessi meðferð fundarstjóra á tillögum þessum virðist ekki verða skilin á annan hátt en þann, að hann hafi viljað komast hjá að láta ræða tillögu Kristjáns, og geta má þess hér, að engin þau ákvæði sýnast vera í samþykktum eða fundarsköpum K.F.S., er gætu valdið því, að óheimilt hefði verið að ræða hana, og virðist því eðlilegast, að hún hefði verið rædd undir 7. lið dagskrárinnar.

Þau atriði önnur, er gerðarbeiðendur ásaka formann um undir þessum lið, þ. e. að hann hafi talið atkvæði einn, neitað að skipa teljara, neitað að taka til greina athugasemdir um tillögur, neitað að taka ný mál á dagskrá og loks slitið fundi, áður en fundargerðin væri lesin upp, komu fram á aðalfundinum í fyrra í mótmælum, er þau frú Guðrún Björnsdóttir og Trausti Reykdal létu bóka eftir sér, þegar fundinum hafði verið slitið. Svaraði formaður þeim einnig með bókun í fundargerðarbókina. Eru svör

formanns ekki skýr, og mótmælum þeirra frú Guðrúnar og Trausta ekki gerð þau skil sem skyldi. Kveðst formaður hafa skipað tvo talningamenn, þegar þess hafi verið óskað af fulltrúum og ágreiningur hafi verið um atkvæðatalningu. Ásökuninni um, að hafa neitað að taka til greina athugasemdir um tillögur, svarar formaður ekki, og ásökunum um, að hafa neitað að taka ný mál á dagskrá og að hafa slitið fundi, áður en fundargerðin væri lesin, svarar formaður orðrétt á þessa leið: „Fundarstjóri sleit fundi, þegar öll mál voru afgreidd, sem fyrir lágu, en það jafnframt fulltrúa að bíða, meðan ritari læsi fundargerðina. Þar sem svo virðist sem nokkrir vanstilltir fundarmenn ætluðu sér og gerðu tilraun til að spilla fundarfriði, var ekki hægt að viðhafa önnur fundarsköp, einnig í fullu samræmi við framkomu einstakra fundarmanna." Ekki verður af þessu svari ráðið með vissu, hvort formaður hefur leyft að taka ný mál á dagskrá eða hvort fundargerð hefur verið lesin upp í fundarlok, en helzt virðist þó, sem svo hafi ekki verið.

Hvort K.F.S. hefur lagt fé til h/f Gilslaugar eftir aðalfundinn 1944, verður ekki séð af gögnum málsins. — Ekki verður annað séð af því, sem fram hefur komið í málinu, en að stjórnin hafi vanrækt að sjá um framkvæmd þeirrar ályktunar aðalfundarins 1944, að samþykktir félagsins yrði teknar til athugunar í deildum þess nægilega snemma til þess, að hugsanlegar breytingartillögur gætu legið fyrir aðalfundinum 1945. Fyrirspurnarbréf það, sem gerðarþolar nefna í þessum lið, varðar ekki á neinn hátt samþykktabreytingar og var heldur ekki sent deildunum, heldur félagsmönnum almennt. Bréf þetta sýnist hins vegar hafa verið sent samkvæmt annari ályktun aðalfundarins, er var um það, að félagsmönnum skyldu tvisvar á ári sendir athugasemdamiðar, er þeir gætu skrifað á það, sem þeim virtist miður fara í félaginu.

Um 8. Samkomulag nefndra stjórnmálafélaga, er greinir í þessum lið, virðist aðallega hafa verið um, að menn þeir, er félögunum fylgdu og væru félagsmenn í K.S.F., skyldu standa saman um kosningar á trúnarmönnum kaupfélagsins, en frá efni samningsins hefur ekki verið skýrt að öðru leyti. Er ekki ólíklegt, eftir því sem fyrir liggur, að stjórnarmeirihlutinn hafi staðið að uppsögn samningsins, enda skýrði formaður svo frá í ræðu, er hann hélt, þegar mál þetta var munnlega flutt, að hann hefði verið andvígur þessu samkomulagi og unnið gegn því. Af þeim atburðum, sem gerzt hafa innan K.F.S., síðan samkomulagi þessu var sagt upp, virðist auðsætt, að uppsögn þess hafi haft þau áhrif að auka togstreituna innan félagsins og hún þannig, a. m. k. að því leyti, orðið því til óþurftar.

Allt það, sem nú hefur verið skýrt frá, hafa aðiljar og þá sérstaklega gerðarbeiðendur talið nauðsynlegt, að kæmi fram í málinu til skýringar þeim atvikum, er nú verður farið að lýsa. Og með

því að fógetarétturinn gat fallizt á, að svo væri, þá hefur framangreind forsaga málsins verið rakin hér allýtarlega.

K.F.S., sem er samvinnufélag, mun vera stofnað á árinu 1929. Fyrst framan af mun félagið hafa verið óskipt heild, þannig að á aðalfundinum og öðrum félagsfundum höfðu allir félagsmenn atkvæðisrétt og kusu stjórn og aðra trúnaðarmenn félagsins beint. En fyrir nokkrum árum var þessu breytt þannig, að félagssvæðinu, Siglufjarðarkaupstað, var skipt í fjögur deildarsvæði, sem hvert um sig kusu fulltrúa á aðalfundi og félagsfundi félagsins til eins árs í senn í hlutfalli við fjölda félagsmanna á deildarsvæðinu. Þessir fulltrúar höfðu einir atkvæðisrétt á félagsfundum, en allir félagsmenn höfðu þó aðgang að þeim, málfrelsi og tillögurétt. Eftir núgildandi samþykktum K.F.S. skulu fulltrúar vera 1 fyrir hverja 10 deildarmeðlimi, en í reglum um kosningu deildarstjórna og fulltrúa segir enn fremur, að auk þess skuli koma fulltrúi fyrir brot úr tug, sem sé $^{6}/_{10}$ eða stærra. Skulu fulltrúar þessir kosnir á aðalfundum deildanna, er halda skal í marz eða apríl ár hvert, hæfilega löngum tíma áður en aðalfundur kaupfélagsins er haldinn, en hann á að halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Varafulltrúa skal kjósa eftir þörfum samkvæmt samþykktum K.F.S., en í reglum um kosningu deildarstjórna og fulltrúa segir, að þeir skuli vera helmingi færri en aðalfulltrúar. Skulu varafulltrúar taka sæti aðalfulltrúa í forföllum þeirra eftir atkvæðamagni. — Á aðalfundum deildanna skal og kjósa 3 menn í deildarstjórn og 3 til vara. Atkvæðisrétt á deildarfundi eiga allir félagsmenn á deildarsvæðinu. Aðalfund deildanna skal boða með viku fyrirvara. Deildarstjórn boðar deildarfundi, en vanræki hún það, skal félagsformaður gera það.

Á árinu 1945 voru aðalfundir deilda haldnir, svo sem nú greinir:

Aðalfundur 1. deildar var haldinn 1. júní. Í þeirri deild voru þá 167 félagsmenn, og mættu á fundinum 85.

Aðalfulltrúar á aðalfund 1945 voru kosnir:

Sveinn Þorsteinsson.
Kristinn Sigurðsson.
Arnþór Jóhannsson.
Jónas Guðmundsson.
Jónas Björnsson.
Gunnlaugur Sigurðsson.
Halldór Kristinsson.
Björgvin Bjarnason.
Guðni Guðnason.
Kristján Sigurðsson.
Trausti Reykdal.
Ingólfur Árnason.
Björn Dúason.
Haraldur Hjálmarsson.
Kristinn Jóakimsson.
Sigurður Magnússon.
Jón Jóhannsson.

Þessir voru kosnir varafulltrúar og með þeirri atkvæðatölu, er við nöfnin greinir:

Guðvarður Jónsson 39.
Sigurður Magnússon múrari 29.
Jóhann Sveinbjörnsson 28.
Stefán Þórarinsson 27.
Sigurður Jóhannesson 27.
Jón Kjartansson 27.
Adolf Einarsson 26.
Einar Ásgrímsson 26.

Aðalfundur 2. deildar var haldinn 4. júní. Í þeirri deild voru þá 167 félagsmenn, og mættu 116 á fundinum.
Aðalfulltrúar á aðalfundi 1945 voru kosnir:

Páll Ásgrímsson.
Gunnar Jóhannsson.
Þórarinn Hjálmarsson.
Þóroddur Guðmundsson.
Óskar Garibaldason.
Guðjón Þórarinsson.
Ásgrímur Albertsson.
Sigþór Guðjónsson.
Heiðdal Jónsson.
Jóhann Guðjónsson.
Hallur Garibaldason.
Hlöðver Sigurðsson.
Einar Indriðason.
Ari Bjarnason.
Vilhelm Friðriksson.
Sigurður Sveinsson.
Njáll Sigurðsson.

Þessir voru kosnir varafulltrúar og með þeirri atkvæðatölu, er við nöfnin greinir:

Helgi Kristinsson 57.
Þorsteinn Aðalbjörnsson 57.
Karl Sæmundsson 57.
Benedikt Sigurðsson 57.
Björn Einarsson 56.
Sigríður Sigurðardóttir 55.
Eyþór Baldvinsson 55.
Jóhann Malmquist 53.

Aðalfundur 3. deildar var haldinn 5. júní. Í þeirri deild voru þá 101 félagsmaður, og mættu 54 á fundinum.
Aðalfulltrúar á aðalfund 1945 voru kosnir:

Jónas Jónasson.
Sigurður Jakobsson.
Stefán Guðmundsson múrari.
Friðrik Sigtryggsson.
Snorri Friðleifsson.
Sigurður Gunnlaugsson.
Jóhann Jóhannsson cand. theol.
Magnús Baldvinsson.
Jón Helgason.
Rögnvaldur Gottskálksson.

Þessir voru kosnir varafulltrúar og með þeirri atkvæðatölu, er við nöfnin greinir:

Jón Björnsson (Ljótsst.) 41.
Páll Hjartarson 33.
Ólafur Eiríksson 32.
Jóhann Rögnvaldsson 32.
Einar Eyjólfsson 30.
Stefán Guðmundsson 25.

Aðalfundur 4. deildar var haldinn 2. júní. Í þeirri deild voru þá 192 félagsmenn, og mættu 123 á fundinum.
Aðalfulltrúar á aðalfund 1945 voru kosnir:

Njáll Jónasson.
Friðleifur Jóhannsson.
Jóhann Þorvaldsson.
Kristján Ásgrímsson.

Skafti Stefánsson.	Guðmundur Þorleifsson.
Ásgeir Gunnarsson.	Páll Erlendsson.
Árni Jónasson.	Friðrik Sveinsson.
Sigurður Sveinsson.	Snorri Tómasson.
Þórir Konráðsson.	Ingólfur Arnarson.
Jón Kristjánsson.	Jóhann G. Möller.
Gunnlaugur Hjálmarsson.	Viggó Guðbrandsson.
Sveinn Björnsson.	

Þessir voru kosnir varafulltrúar og með þeirri atkvæðatölu, er við nöfnin greinir:

Jónas Halldórsson 64.	Bjarni Jóhannsson 63.
Johan Landmark 64.	Eggert Theódórsson 63.
Þorkell Jónsson 64.	Jónas Jónsson 63.
Steinn Skarphéðinsson 64.	Þorsteinn Gottskálksson 62.
Jörgen Hólm 63.	

Gerðarbeiðendur skýra svo frá, að vegna óánægju með stjórnarmeirihlutann í K.F.S. hafi andstæðingar sósialista haft með sér kosningasamtök í deildunum og fengið kosna alla fulltrúana í 1., 3. og 4. deild félagsins á aðalfundinn 1945, eða samtals 46 aðalfulltrúa, og enn fremur alla varafulltrúa í sömu deildum, samtals 23. Þó muni síðar einn eða tveir þessara fulltrúa hafa heltzt úr lest þeirra.

Fylgismenn stjórnarmeirihlutans hafi hins vegar fengið kosna alla aðalfulltrúana í 2. deild, 17 að tölu, og einnig alla varafulltrúana í þeirri deild, en þeir voru 8.

Aðalfundur K.F.S. árið 1945 kom fyrst saman fimmtudaginn 7. júní. Dagskrá sú, er fyrir fundinum lá, var þessi:

1. Athugun kjörbréfa.
2. Bréf Ólafs H. Guðmundssonar.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Skýrsla kaupfélagsstjóra.
5. Skýrsla endurskoðenda.
6. Ráðstöfun tekjuafgangs.
7. Erindi deilda.
8. Kosningar:
   a. Einn maður í stjórn félagsins til þriggja ára í stað Kristjáns Sigurðssonar (gerðarbeiðanda), er úr gengur.
   b. Einn varamaður í stjórn til tveggja ára.
   c. Einn aðalendurskoðandi til tveggja ára.
   d. Einn varaendurskoðandi til tveggja ára.
   e. Tveir fulltrúar á aðalfund S. Í. S.
9. Önnur mál.

Kjörbréfi virðast öll hafa verið tekin gild, og deila aðiljar ekki um það, að þarna hafi komið saman lögmætur aðalfundur K.F.S.

Bókað er í fundarbyrjun, að mættir séu 59 fulltrúar, en síðar á fundinum sýnir atkvæðagreiðsla, að mættir hafa verið þá a. m. k. 61 fulltrúi. Félagsformaður, Ottó Jörgensen gerðarþoli, var fundarstjóri á fundi þessum. Eftir athugun kjörbréfa var tekið fyrir brottrekstrarmál Ólafs H. Guðmundssonar, er lauk á þann hátt, sem þegar er greint. Síðan kom fram fundarályktun nokkur, er síðar getur lítillega. Þá kom fram tillaga frá Halldóri Kristinssyni gerðarbeiðanda svo hljóðandi: „Fundurinn samþykkir að fresta aðalfundi til næstkomandi sunnudags kl. 15 og felur framkvæmdastjóra og stjórn að auglýsa fundinn að nýju og geta þess í fundarboðinu, að tillögur um lagabreytingar verði bornar fram."

Aðra tillögu bar Halldór fram á fundi þessum. Frumrit hennar hefur glatazt, án þess þó að félagsformaður hafi getað gert grein fyrir, á hvern hátt það hefur skeð. Hafa gerðarbeiðendur haldið fram, og félagsformaður ekki treyst sér til að mótmæla, að tillagan hafi verið þannig: „Þar sem vitað er, að ýmsar ráðstafanir meirihluta stjórnar K.F.S á sl. l. starfsári eru ekki í samræmi við vilja meirihluta fulltrúa á aðalfundi K.F.S., samþykkir fundurinn að heimila ekki stjórn K.F.S. eða meirihluta hennar að ganga frá leigusamningum eða gera aðrar bindandi samþykktir fyrir félagsins hönd nema með samþykki meirihluta fulltrúa, þar til aðalfundi er lokið."

Þessarar síðari tillögu Halldórs Kristinssonar er ekki getið í fundargerðarbókinni, en viðurkennt er, að hún hafi komið fram, og telur Halldór, að hann muni hafa afhent formanni báðar tillögur þær, er nú hafa verið greindar, samtímis, enda telja gerðarbeiðendur tillögur þessar svo nátengdar, að þær hafi þurft að koma fram samtímis, þar eð sú síðari hafi eiginlega verið bein og eðlileg afleiðing af þeirri fyrri. Fundarstjóri telur hins vegar, að fyrri tillagan hafi komið fram, meðan stóð á umræðum um mál Ólafs H. Guðmundssonar, og að hún hafi verið rædd, að máli Ólafs afgreiddu. Meðan á umræðunum um frestunartillöguna hafi staðið, hafi Halldór komið með síðari tillöguna. Halldór hafi talað þrisvar um frestunartillöguna og í síðustu ræðu sinni vikið að síðari tillögu sinni og lesið hana upp.

Næsta tillaga, sem bókuð er, að hafi komið fram á fundi þessum, var frá Jóhanni G. Möller, svo hljóðandi: „Fundurinn samþykkir að slíta nú þegar umræðum um málið og ganga til atkvæða „um fram komnar tillögur." Var sú tillaga borin upp og samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Neitaði nú formaður að bera undir atkvæði nema þenna hluta fresttillögunnar: „Fundurinn samþykkir að fresta aðalfundi til næstkomandi sunnudags kl. 15", og var hann samþykktur með 15 samhljóða atkvæðum, en meirihlutafulltrúarnir sátu hjá, þar eð þeir töldu framferði formanns ólögmætt. Síðari tillögu Halldórs

Kristinssonar neitaði formaður með öllu að bera undir atkvæði. Að þessu loknu, lét Halldór Kristinsson bóka eftir sér eftirfarandi mótmæli: „Um leið og ég neita fundarstjórn O. J. (formanns) í heild, þá leyfi ég mér að telja algerlega óheimilt að neita að bera fram tillögu mína *alla*, eins og hún var lögð fram — og því verra, eftir að fundarstjóri er búinn að bera upp tillögu Jóhanns Möllers um að slita umræðum og ganga til atkvæða um *fram komnar tillögur*." Hefur Halldór, er hann gaf aðiljaskýrslu í málinu, að gefnu tilefni skýrt mótmæli þessi á þann veg, að með þeim hafi hann mótmælt því, að frestunartillagan var ekki borin undir atkvæði í heild, svo og því, að neitað var að bera undir atkvæði tillögu hans um takmörkun á valdsviði stjórnarinnar, meðan á aðalfundi stæði, sbr. hin undirstrikuðu orð í mótmælunum: *alla* og fram komnar tillögur. Virðist réttinum og ekki um að villast, að skilja verði mótmælin á þenna veg. Þess skal getið hér, að tvö vitni, er leidd voru í málinu, þeir Hlöðver Sigurðsson barnaskólastjóri og Ásgrímur Albertsson gullsmiður, báru það, að Halldór Kristinsson hafi í ræðu, er hann hafi haldið á fundinum, sagt frá því, að hann hefði fengið formanni tillöguna um takmörkun á valdsviði stjórnarinnar, og jafnframt lesið hana upp á fundinum. Hafi hann skýrt svo frá, að formaður væri því andvígur, að hún væri borin upp. Er Halldór hefði skýrt frá þessu, hafi hann jafnframt lýst yfir, að hann félli frá því að fá tillöguna borna upp á fundinum, en myndi, að því er Hlöðvi skildist, taka málið upp aftur á framhaldsaðalfundi. Þessu hefur Halldór Kristinsson harðlega mótmælt og talið, að þetta misminni vitnanna muni stafa af því, er nú greinir: Hann hafi á fundi í h/f Söltunarfélagi kaupfélagsins talið vafasamt, að K.F.S. mætti eiga þar helming hlutafjár, en Þóroddur Guðmundsson gerðarþoli andmælt þeirri skoðun hans. Þessu hafi hann skýrt frá á fundinum 7. júní og þá jafnframt sagt, að hann myndi sætta sig við þetta í bili, en athuga það betur síðar. Hafi hann sagt frá þessu í sömu ræðunni, sem hann hafi verið að tala um valdatakmörkunartillöguna í, og því kveðst hann ímynda sér, að misskilningur vitnanna sé af þessu sprottinn. Enginn málsaðilja og engin vitni, önnur en þeir Hlöðver og Ásgrímur, virðast hafa skilið Halldór á þann hátt, er þeir gerðu. Af þeirri ástæðu svo og því, að skýring Halldórs er mjög eðlileg, þykir gegn andmælum hans ósannað, að hann hafi tekið aftur síðari tillögu sína.

Þegar framangreind mótmæli Halldórs höfðu verið bókuð, var fundinum frestað, svo sem samþykkt hafði verið.

Félagsformaður og málflutningsmaður gerðarþola hafa réttlætt neitanir formanns um að bera frestunartillöguna upp í heild og valdatakmörkunartillöguna á þenna hátt: Síðari hluti frestunartillögunar hafi verið vitleysa, eins og hann var. Aðalfundinn hafi

þegar verið búið að auglýsa og hann hafi verið hafinn. Hafi því verið óheimilt að auglýsa aðalfund af nýju, en svo hafi orðið að skilja síðari hluta tillögunnar, að til þess væri ætlazt, að nýr aðalfundur yrði auglýstur. Þýðingarlaust hafi og verið að auglýsa, að tillögur til samþykktabreytinga kæmu fram, eftir að aðalfundurinn var hafinn, þar eð þær hefðu ekki verið boðaðar í dagskrá þeirri, sem ákveðin hafi verið í auglýsingunni um aðalfundinn 7. júní, því að, eftir að aðalfundur hafi á annað borð verið byrjaður, hefði ekki verið unnt að koma á samþykktabreytingum, nema eftir 2. mgr. 29. gr. samþykkta K.F.S., er síðar verður nánar getið, en, að fullnægðum skilyrðum þess ákvæðis, hefði verið hægt að samþykkja samþykktabreytingar á framhaldsaðalfundinum, er ákveðinn hafi verið 10. júní, án þess að þær hefðu verið boðaðar fyrirfram.

Neitun sína um að bera upp valdatakmörkunartillöguna skýrir formaður svo: Hann kveðst hafa lesið niðurlag tillögu Jóhanns G. Möllers um umræðuslit upp á þann hátt, að ganga skyldi til atkvæða um frestunartillöguna, og hafi sér ekki komið til hugar, að ætlazt væri til, að gengið yrði til atkvæða um aðrar tillögur, þar eð ekki hefði verið búið að taka aðrar tillögur til umræðu. Hafi hann síðan borið frestunartillöguna upp og, að henni samþykktri, lýst fundi frestað. Þá hafi athygli sín verið vakin á, að einnig hafi verið ætlazt til, að valdatakmörkunartillagan yrði borin upp, en hann þá ekki talið rétt að gera það, „bæði vegna þess, að hún hafi ekki heyrt undir dagskrárliðinn, og vegna þess, að búið var að fresta fundi."

Rétturinn lítur svo á, að orðalag frestunartillögunnar hafi ekki gefið tilefni til þess, að unnt væri að skilja hana á þann veg, að hún fæli í sér að auglýsa nýjan aðalfund, sbr. upphaf tillögunnar: „Fundurinn samþykkir að fresta aðalfundi ...", heldur hafi orðið að skilja hana þannig, að framhaldsaðalfundurinn yrði sérstaklega auglýstur. Þá verður og að líta svo á, að enda þótt rétt væri hjá gerðarþolum, að þýðingarlaust hefði verið að boða samþykktabreytingar í auglýsingunni um framhaldsaðalfundinn, þá hafi þó verið fyllilega lögmætt að gera það, en um það, hvort slíkt var þýðingarlaust, virðist þó, að ekki hefði verið unnt að segja fyrr en á framhaldsaðalfundinn kom, og ekki gat það á neinn hátt spillt, að sérstaklega væri vakin á því athygli, að tillögur til samþykktabreytinga væru væntanlegar á framhaldsaðalfundinum.

Að þessu athuguðu verður að telja neitun formanns um að bera frestunartillöguna upp í heild óréttmæta.

Hafi formaður lesið framangreinda tillögu Jóhanns G. Möllers upp á þann hátt, er hann telur í máli þessu, þá hefur hann farið rangt með hana. Tillöguna var ekki unnt að skýra á þann veg, er formaður kveðst hafa gert. Hún ber ljóslega með sér, að sam-

kvæmt henni skyldi ganga til atkvæða um allar framkomnar tillögur. Þar sem í tillögunni er talað um að slíta umræðum um *málið*, verður að hafa það í huga, að meirihlutafulltrúarnir, en í þeirra hópi var tillögumaðurinn, virðast hafa talið frestunartillöguna og valdatakmörkunartillöguna nátengdar, svo og það, að svo virðist sem a. m. k. Halldór Kristinsson hafi rætt tillögurnar að nokkru leyti báðar í einu. Að valdatakmörkunartillagan hafi ekki „heyrt undir dagskrárliðinn", er ekki afsökun fyrir því að bera hana ekki upp, því að svo verður að líta á, sem báðar tillögurnar hafi verið ræddar utan dagskrár.

Ef formaður sökum formfestu ekki treysti sér til að bera upp valdatakmörkunartillöguna, enda þótt hann hefði lýst fundi frestað, virðist hann þó hafa getað a. m. k. með samþykki fulltrúanna sett fundinn af nýju til þess að bera tillöguna undir atkvæði, eftir að honum var orðið ljóst, að til þess var ætlazt, eftir að honum átti að vera ljóst, að hin samþykkta tillaga Jóhanns G. Möllers fól það í sér.

Verður samkvæmt því, er nú hefur verið greint, að líta svo á, að neitun formanns um að bera valdatakmörkunartillöguna undir atkvæði hafi verið ólögmæt.

Ástæða þykir til að geta enn nokkurra atriða úr skjölum málsins og aðiljaskýrslu formanns varðandi fundarstjórastörf hans 7. júní. Í byrjun fundarins báru þeir Haraldur Gunnlaugsson og Ragnar Jóhannesson fram fundarályktun varðandi kosningu nokkurra aðalfundarfulltrúa 2. deildar. Var ályktunin nokkuð rædd, en að því búnu úrskurðaði fundarstjóri hana frá umræðum. Er engin grein gerð fyrir því í fundargerðinni, af hverju þetta var gert, né heldur því, hvers vegna ályktunin var ekki borin undir atkvæði. Formaður kveður Halldór Kristinsson hafa komið til sín með tillögu, meðan á umræðunum um frestunartillöguna hafi staðið. Kveðst hann ekki hafa athugað hana að efni til, en sagt við Halldór, að þýðingarlaust væri að koma með tillögur um önnur mál, meðan frestunartillagan væri til umræðu, og hafi þá Halldór farið með tillöguna aftur. — Verður að telja þessar móttökur formanns með öllu óviðeigandi, þar eð hann virðist ekki hafa getað haft neinn grun um, hvers efnis tillaga sú var, er Halldór kom með. — Tillögu frá Jóhanni G. Möller um, að fundurinn viki formanni úr fundarstjórasæti, virðist formaður hafa neitað að taka við, og mun Jóhann þá hafa tekið hana aftur.

Þá hefur formaður í aðiljaskýrslu sinni sagt frá því, að á meðan staðið hafi á umræðum, hafi þeir Jóhann G. Möller og Bjarni Jóhannsson haft sig í frammi um að færa honum ýmsar tillögur, en ekki er ljóst, um hvað þær hafa verið, né heldur, hvaða afgreiðslu þær hafa hlotið, enda er þeirra ekki getið í fundargerðinni, svo sem vænta hefði mátt.

Hvað snertir sjálfa fundargerðina, þá virðist formaður samkvæmt því, sem fram er komið hér að framan, ekki hafa gætt þess sem skyldi, að tillögur væru færðar í hana eða þeirra a. m. k. getið.

Af hálfu gerðarþola hefur verið á það minnzt, að svo mikið los hafi verið komið á fundinn, um það leyti sem honum var frestað, að ógerlegt hafi verið að afgreiða mál á honum. Ekki þykir þó unnt að ætla af gögnum málsins, að veruleg brögð hafi verið að því, og virðast fundarstörf hafa getað haldið áfram á eðlilegan hátt, unz þeim var lokið.

Það, sem nú hefur verið rakið um fundarstjórn formanns á aðalfundinum 7. júní, þykir sýna, að nægilegt tilefni hafi verið til dagskrártillögunnar, er flutt var í upphafi framhaldsaðalfundarins 10. júní, en henni verður nánar lýst hér á eftir.

Eftir fundarfrestunina 7. júní kom aðalfundur K.F.S. aftur saman sunnudaginn 10. júní kl. 15 í sal Gesta- og Sjómannaheimilisins á Siglufirði. Er það allstór salur, líklega um 9×12 m, ásamt útskoti, líklega um 3×6 m. Hliðar salarins munu vita nokkurn veginn suður og norður, en gaflar nokkurn veginn austur og vestur. Sætum var svo fyrir komið, að formaður, er var fundarstjóri, skyldi sitja við borð fyrir suðurgafli, en fulltrúar á bekkjum, er þannig var skipað, að tveir voru til hægri handar formanni, hvor fram af öðrum, við austurhlið salarins, tveir til vinstri handar, hvor fram af öðrum, við vesturhlið, en fyrir framan bekki þessa munu hafa verið einhverjir stólar. Þá munu loks hafa verið þrír fulltrúabekkir þvers í húsinu andspænis formanni, en nokkuð frá honum, líklega nokkurn veginn við nyrðri enda bekkja þeirra, er voru með austur- og vesturvegg salarins. Hefur þannig orðið nokkur auður ferhyrningur á gólfinu fyrir framan formann, er sæti hans og fulltrúabekkirnir mynduðu. Fyrir aftan þverbekki þá, er fulltrúum voru ætlaðir, var komið fyrir áheyrendabekkjum, er líklegt þykir, að greindir hafi verið frá fulltrúabekkjunum með einhverju meira bili en var á milli annarra bekkja í salnum, eins og gerðarbeiðendur halda fram. Ekki getur fundargerðin þess, hve margir fulltrúar voru mættir, en svo virðist, að þeir hafi svo til allir verið mættir eða þá varamenn í þeirra stað. Þá var og margt almennra félagsmanna á fundinum.

Um það bil, sem fundurinn skyldi hefjast, kvaddi formaður fulltrúa til að taka sæti á bekkjum þeim, er þeim voru sérstaklega ætlaðir, og virðist því hafa verið hlýtt. Þegar þessu var lokið, mun formaður hafa lýst fundinn settan, en annað hvort rétt áður eða í sama mund afhenti einn meirihlutafulltrúanna, Bjarni Jóhannsson yfirlögregluþjónn, honum tillögu, sem í málarekstrinum hefur alltaf verið nefnd dagskrártillaga og verður einnig kölluð það hér á eftir. Var tillaga þessi svo hljóðandi: „Með skírskotun

til 14. gr. fundarskapa K.F.S. samþykkir fundurinn eftirfarandi dagskrártillögu: Þar eð formaður félagsstjórnar, Ottó Jörgensen, hefur beitt ofríki úr fundarstjórasæti og neitað að bera undir atkvæði skriflegar tillögur, er fulltrúar hafa fram borið, vítir fundurinn harðlega fundarstjórn formanns og samþykkir að kjósa nú þegar annan fundarstjóra."

Undir tillögu þessa höfðu ritað 36 aðalfulltrúar og 8 varafulltrúar, og virðast þeir flestir hafa verið mættir á fundinum eða þá aðrir í þeirra stað. Höfðu þeir fyrir fundinn falið Bjarna að koma tillögunni á framfæri. Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt því í greinargerð sinni sem ósönnuðu, að þessir menn hafi undirritað tillöguna og að þeir hafi gert það af fúsum og frjálsum vilja, en þar eð skjalið hvorki eftir útliti sínu né efni vekur grun um, að það sé falsað, né heldur hefur það verið sennilegt gert, þá verður þessum mótmælum samkvæmt 154. gr. einkamálalaganna ekki sinnt.

Tillögu þessa las formaður upp, en neitaði að bera hana undir atkvæði, og kveðst hann í því sambandi hafa vitnað til fundarskapa K. F. S., er ákvæðu, að formaður skyldi stjórna fundum, en í forföllum hans varaformaður. Kveðst hann síðan hafa beðið varaformann, Þórodd Guðmundsson gerðarþola, að taka sæti fundarstjóra, og sjálfur hafið lestur skýrslu stjórnarinnar, en brátt orðið að hætta lestrinum vegna háreysti, sem orðið hafi í fundarsalnum, enda varaformaður lýst fundarhléi, meðan ró væri að komast á. — Bjarni Jóhannsson kveðst hafa beðið formann um orðið til að ræða tillöguna, um leið og hann afhenti honum hana. Í annað sinn kveðst hann hafa beðið um orðið, þegar formaður neitaði að bera tillöguna upp, og er sér hafi þá enn ekki verið sinnt, hafi hann beðið um orðið í þriðja sinn og vitnað um leið í fundarsköp K. F. S. Hafi þá formaður svarað, að fundarsköp breyttu ekki samþykktum félagsins, en að því svari fengnu, kveðst Bjarni hafa staðið upp, lesið upp tillöguna, er hann hafði samrit af, beðið fulltrúa að greiða um hana atkvæði og nefnt jafnframt sem teljara þá *Arnþór Jóhannsson* skipstjóra og *Jóhann Sveinbjörnsson* tollþjón. Telur Bjarni, að formaður hafi verið í fundarstjórasæti, þegar hann hafi staðið upp, en að sig minni, að varaformaður hafi sezt í það, meðan á atkvæðagreiðslunni hjá sér hafi staðið. Fundarhlé hafi varaformaður ekki gefið, fyrr en eftir að meirihlutafulltrúarnir hefðu verið búnir að kjósa fundarstjóra og hann tekinn við fundarstjórn.

Svo er að sjá af gögnum málsins, að rétt sé, að Bjarni hafi beðið um orðið um tillöguna, en ekki fengið, og að eftir að Bjarni stóð upp, hafi þeir formaður og hann einhverja stund talað báðir í einu, en ræða Bjarna þó yfirgnæft. Hefur verið deilt allmjög um aðstöðu alla á fundinum um þetta leyti, en þau deiluatriði verða

athuguð síðar, eftir því sem tilefni verður til. — Varaformaður kveður, að þegar svo hafi verið komið, að formaður og Bjarni hafi talað samtímis, hafi hann bæði vegna þess og annars hávaða í salnum gefið fundarhlé, meðan ró væri að komast á, eftir að hafa árangurslaust skorað á menn að hætta að trufla fundinn og gefa formanni hljóð til að flytja skýrslu sína. Hafi þá formaður hætt að tala, en Bjarni haldið áfram.

Fulltrúar greiddu atkvæði um dagskrártillöguna eftir tilmælum Bjarna, og reyndust 44 vera með henni. Mótatkvæði komu engin fram, enda þótt gögn málsins þyki sýna, að þeirra hafi verið leitað. Að tillögunni samþykktri, lét Bjarni fara fram atkvæðagreiðslu um fundarstjóra, og hlaut Jóhann Þorvaldsson gerðarbeiðandi kosningu með 43 atkvæðum. Tók Jóhann síðan við stjórn fundarins af hálfu meirihlutafulltrúanna, nefndi ritara þá Halldór Kristinsson gerðarbeiðanda og Sigurð Gunnlaugsson, og virðast þeir allir hafa komið sér fyrir við borð, er þeir hafi sett á auða svæðið, er var á milli fulltrúabekkjanna. Virðist Jóhann síðan eftir einhver ræðuhöld af hálfu fulltrúanna hafa lýst yfir, að fundurinn héldi áfram eftir dagskrá. Tvær fundargerðir liggja fyrir um fund þenna, önnur undirrituð af Jóhanni Þorvaldssyni ásamt riturum þeim, er hann tilnefndi, en hin af Otto Jörgensen og þeim Óskari Garibaldasyni gerðarþola og Hlöðvi Sigurðssyni barnaskólastjóra sem riturum, en sá síðarnefndi tók við ritarastörfum af Jóhanni Þorvaldssyni af hálfu minnihlutafulltrúanna, eftir að Jóhann tók við fundarstjórn samkvæmt kosningu meirihlutafulltrúanna, en til þess tíma virðist Jóhann hafa verið fundarritari ásamt Óskari.

Svo sem fyrr er greint, var lokið við afgreiðslu tveggja fyrstu dagskrárliða aðalfundarins hinn 7. júní. Í fundargerð meirihlutafulltrúanna 10. júní er bókað svo um afgreiðslu dagskrárliðanna: Um 3. dagskrárlið: Formaður neitaði að gefa skýrslu stjórnarinnar, um 4. dagskrárlið: Kaupfélagsstjóra var samkvæmt tilmælum hans veittur frestur til að flytja skýrslu sína, um 5. dagskrárlið: Kristmar Ólafsson endurskoðandi sagðist ekki flytja skýrslu sína nú frekar en aðrir, er skýrslur ættu að flytja, heldur síðar á fundinum, um 5. dagskrárlið: Samþykkt var að fresta afgreiðslu liðsins, enda hefði stjórnin enga skýrslu gefið og ekki óskað að leggja fyrir fundinn tillögu um ráðstöfun arðsins, og um 7. dagskrárlið: Engin erindi deilda bárust. Þá var komið að 8. lið dagskrárinnar: Kosningar. Kom þá fram svohljóðandi tillaga til breytingar á 1. lið 14. gr. samþykkta K. F. S.: „Stjórn félagsins skal skipuð 7 mönnum, kosnum á aðalfundi, í fyrsta skipti á aðalfundi 1945. Þá skal og kjósa 3 varamenn. Kjörtími aðalmanna skal vera 4 ár, þó þannig, að úr stjórn þeirri, sem fyrst er kosin eftir samþykktum þessum, gangi einn maður úr eftir 1 ár, síðan 2 á ári. Fyrsta árið gangi einn varamaður úr, 2 eftir tvö ár."

Þá var og lagt til að breyta e-lið 16. gr. samþykktanna, en þá breytingu er ekki tilefni til að ræða hér.

Ofangreindar tillögur til samþykktabreytinga voru afhentar aðalfundarfulltrúunum á fundinum. Munu þeir flestallir hafa tekið við þeim, og allir áttu þeir kost á að fá þær.

Þegar tillögur þessar voru komnar fram, er bókað svo í fundargerð meirihlutafulltrúanna, að fundurinn hafi samþykkt með 42 samhljóða atkvæðum að fresta kosningu eins aðalmanns og eins varamanns í stjórn K. F. S. vegna hinna framkomnu tillagna til samþykktabreytinga. Þá var kjörinn aðalendurskoðandi Karl Dúason með 39 atkvæðum og varaendurskoðandi Georg Pálsson einnig með 39 atkvæðum. Loks voru kjörnir tveir fulltrúar á aðalfund S. Í. S., þeir Sigurður Tómasson kaupfélagsstjóri og Kristján Sigurðsson gerðarbeiðandi, báðir með 38 atkvæðum. Þegar hér var komið, er bókað, að fundarstjóri, Jóhann Þorvaldsson, hafi tilkynnt fulltrúum, að fundurinn yrði fluttur í annan sal í sama húsi, þar eð formaður og varaformaður kaupfélagsins trufluðu svo fundinn, að ekki væri lengur unnt að halda honum áfram á sama stað. Fluttu meirihlutafulltrúarnir síðan í sal á öðru lofti hússins, en minnihlutafulltrúarnir sýnast hafa setið eftir.

Fundargerð minnihlutafulltrúanna segir, að þegar Bjarni Jóhannsson hafi hafið að láta fara fram atkvæðagreiðslu um dagskrártillöguna, hafi formaður, réttara mun þó vera varaformaður, enda leiðrétt í rekstri málsins af hálfu gerðarþola, gefið fundarhlé, meðan ró væri að komast á. Síðan segir, að eftir nokkurn tíma hafi formaður sett fundinn á ný og beðið jafnframt varaformann að hafa fundarstjórn, meðan hann sjálfur læsi skýrslu stjórnarinnar. Hafi formaður síðan lesið skýrsluna og drepið á flestar gerðir stjórnarinnar, er nokkru máli hafi skipt. Þá hafi frú Guðrún Björnsdóttir talað, en þar eð það, sem eftir frú Guðrúnu er haft í fundargerðinni, er að verulegu leyti rangt samkvæmt vottorði, er hún hefur gefið í málinu, þykir ekki ástæða til að rekja það, en þess má geta, að í vottorði frú Guðrúnar segir, að hún hafi bent á hættuna, er K. F. S. stafaði af hinum miklu deilum og flokkadráttum innan félagsins, og skorað á deiluaðilja að reyna að finna samkomulagsgrundvöll. Þá segir ennfremur í fundargerð minnihlutafulltrúanna, að eftir ræðu frú Guðrúnar hafi Þóroddur Guðmundsson lýst yfir, að hann væri fús til að beita sér fyrir því, að sættir kæmust á, en Jóhann Þorvaldsson lýst yfir, að hann tæki ekki til greina tilmæli frúarinnar, og myndi hann og fleiri fulltrúar ganga af fundi, og hafi þeir síðan gert það. Það, sem hér er bókað eftir Jóhanni, kemur ekki heim við vottorð frú Guðrúnar, er segir, að Jóhann hafi enga slíka yfirlýsingu gefið, að ræðu hennar lokinni, heldur staðið upp og sagt, að nú yrði fundurinn fluttur

í annað herbergi í húsinu, en yfirlýsingu um, að það yrði gert, hafi hann verið búinn að gefa, áður en hún hóf mál sitt.

Þá hafa fundargerðir meiri- og minnihlutafulltrúanna verið raktar fram að þeim tíma, er meirihlutafulltrúarnir fluttu fundinn í salinn á efra lofti hússins. Af gögnum málsins er vart unnt að sjá með fullri vissu, hvernig ástatt hefur verið á fundinum til þessa tíma. Hafa bæði málsaðiljar og vitni reynzt all ósamhljóða um það. Þó virðist ljóst, að nokkur óróa hafi verið á fundinum, er aðallega virðist þó hafa verið fólginn í hávaða, köllum og jafnvel fótastappi, og ennfremur sýnist svo, að stundum hafi fleiri en einn talað í einu í salnum, og þykir ekki, að öllu athuguðu, ólíklegt, að rétt sé sú lýsing frú Guðrúnar Björnsdóttur, er hún segir í vottorði sínu, að þegar Jóhann Þorvaldsson hafi lýst yfir, að fundurinn yrði fluttur, hafi „sakir staðið þannig, að svo leit út, sem verið væri að halda tvo fundi í salnum."

Verður ekki gerð nánari grein fyrir ástandinu á fundinum að sinni, en það athugað síðar, eftir því sem tilefni verður til, þegar ræddar verða einstakar málsástæður aðilja.

Verður nú lýst framhaldi fundanna eftir fundargerðunum og þá fyrst framhaldi fundar minnihlutafulltrúanna.

Svo sem fyrr var vikið að, var Hlöðver Sigurðsson barnaskólastjóri skipaður fundarritari á fundi þeim, er minnihlutafulltrúarnir héldu áfram, eftir að Jóhann lýsti yfir, að hann flytti fundinn. Þá er bókað, að haldið hafi verið áfram umræðum um skýrslu stjórnarinnar og síðan, að í þeim umræðum hafi komið fram svo hljóðandi tillaga frá Guðbrandi Magnússyni gerðarþola:

„Fundurinn samþykkir að kjósa 5 manna nefnd, sem leiti samkomulags um þau deiluatriði, sem upp hafa komið milli fulltrúa á aðalfundinum." Var tillaga þessi samþykkt með 19 samhljóða atkvæðum. Jafnframt er bókað, að hún hafi verið borin undir atkvæði þeirra félagsmanna, er voru á fundinum sem áheyrendur, og þeir samþykkt hana einróma. Kosnir voru í nefndina Jón Jóhannsson, Gunnar Jóhannsson, Ásgrímur Albertsson, Guðbrandur Magnússon og Hlöðver Sigurðsson. Síðan er bókað, að rætt hafi verið áfram um skýrslu stjórnarinnar, meðan nefndin starfaði, en nefndarmenn virðast þegar, eða a. m. k. Guðbrandur Magnússon, hafa farið á fund meirihlutafulltrúanna, sbr. síðar. Þá er loks bókað, að gefið hafi verið fundarhlé „vegna starfa nefndarinnar til sunnudags 1. júlí, „ef þörf krefur". Síðan er fundargerðin undirrituð.

Þess er fyrst að geta um framhald fundargerðar meirihlutafulltrúanna, eftir að þeir fluttu fundinn, að það hefst á því, að bókuð eru nöfn þeirra fulltrúa, er fóru á hinn nýja fundarstað. Voru það 31 aðalfulltrúi og 12 varafulltrúar. Einn aðalfulltrúi

Rögnvaldur Gottskálksson, er virðist hafa greitt atkvæði með meirihlutafulltrúunum um dagskrártillöguna og um fundarstjórann, fylgdi ekki meirihlutafulltrúum á hinn nýja fundarstað, þar eð hann þurfti að víkja af fundinum þegar eftir kosningu fundarstjórans. Nöfn aðalfulltrúanna, er fóru á nýja fundarstaðinn, er ekki ástæða til að greina, en varafulltrúarnir voru þessir og mættir fyrir aðalfulltrúa, er hér greinir:

Páll Hjartarson mættur fyrir Jóhann Jóhannsson ..... 3. deild,
Adolf Einarsson mættur fyrir Svein Þorsteinsson .... 1. deild,
Jón Björnsson mættur fyrir Jónas Jónasson ..... 3. deild,
Jóhann Sveinbjörnsson mættur fyrir Jónas Björnsson .. 1. deild,
Einar Eyjólfsson mættur fyrir Snorra Friðleifsson .... 3. deild,
Jónas Halldórsson mættur fyrir Gunnlaug Hjálmarsson 4. deild,
Ólafur Eiríksson mættur fyrir Magnús Baldvinsson .... 3. deild,
Jónas Jónsson mættur fyrir Þóri Konráðsson ..... 4. deild,
Guðvarður Jónsson mættur fyrir Sigurð Magnússon .... 1. deild,
Þorkell Jónsson mættur fyrir Jón Kristjánson ..... 4. deild,
Bjarni Jóhannsson mættur fyrir Pál Erlendsson ..... 4. deild,
Einar Ásgrímsson mættur fyrir Björgvin Bjarnason .... 1. deild.

Þá kusu fulltrúar tvo menn sem varafulltrúa á aðalfund S. Í. S., og hlutu kosningu þeir Jóhann Þorvaldsson með 43 atkvæðum og Bjarni Jóhannsson með 42 atkvæðum.

Að því loknu var tekinn fyrir 9. dagskrárliður: Önnur mál. Fram kom þá tillagan, er Halldór Kristinsson gerðarbeiðandi flutti á aðalfundinum 7. júní, sem formaður neitaði að bera undir atkvæði þá, en hún var tekin upp orðrétt hér að framan, þegar talað var um þann fund. Hefur hún í málinu verið nefnd valdatakmörkunartillagan, og er því nafni haldið um hana í úrskurði þessum. Var tillagan samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Þá kom fram svo hljóðandi tillaga, er einnig var samþykkt með samhljóða atkvæðum: „Fundurinn samþykkir að fela kaupfélagsstjóra að ganga frá leigusamningi við söltunarfélag K.F.S. fyrir lágmarksleigu 40—50 þúsund krónur, miðað við 9000—10000 tunna söltun, og 1.50—2.00 kr. á tunnu, sem umfram er. Öll viðhaldsskylda hvílir á leigutaka."

Nú er Guðbrandur Magnússon gerðarþoli kominn á fundinn. Bað hann um orðið og tilkynnti, að hann væri mættur fyrir hönd þeirra fulltrúa, er þarna væru ekki mættir, og flutti þau tilmæli til fundarins, að hann kysi 5 manna nefnd til að „ræða um allsherjarsamvinnu og samkomulagsgrundvöll allra fulltrúa K.F.S." Var þá flutt og samþykkt með samhljóða atkvæðum svo hljóðandi tillaga: „Fundurinn samþykkir að fela nefnd þeirri, er nú starfar fyrir fulltrúana, að mæta til viðræðna við þá nefnd minnihlutans, sem nú er hér mætt."

Loks kom fram svo hljóðandi tillaga: „Fundurinn samþykkir að fresta aðalfundinum enn á ný til 21. þ. m. og felur framkvæmdastjóra og fundarstjóra að auglýsa dagskrá með framkomnum lagabreytingum.“

Var þessi tillaga samþykkt með 43 samhljóða atkvæðum og fundi síðan frestað.

Samninganefndir þær, er meiri- og minnihlutafulltrúarnir höfðu nú kjörið, virðast hafa haldið tvo sameiginlega fundi. Auk þess vann lögfræðingur S.Í.S. um skeið að sáttatilraunum milli deiluaðilja. Engum sættum var þó á komið, og þykir því ekki ástæða til að rekja gang sáttatilraunanna hér.

Þegar hér var komið, höfðu leiðir meiri- og minnihlutafulltrúanna skilið, og verður nú rakið það af því, er máli virðist skipta, sem hvor hlutinn um sig gerði frá þessum tíma, unz gerðarbeiðnin var send.

Samkvæmt fundarsamþykktinni 10. júní auglýsti Jóhann Þorvaldsson gerðarbeiðandi framhaldsaðalfundinn 21. júní. Var fundurinn haldinn síðdegis þann dag í Gesta- og Sjómannaheimilinu. Í upphafi fundargerðarinnar er bókað, að mættir séu 46 fulltrúar, en síðar virðast a. m. k. um tíma hafi verið mættir 48. Eftir setningu fundarins las fundarstjóri yfirlýsingu, sem undirrituð var af 55 aðal- og varafulltrúum og send hafði verið stjórn K.F.S. Hafði yfirlýsing þessi verið afhent varaformanni í fjarveru formanns. Dagsett var hún 18. júní og efni hennar það, að stjórninni var tilkynnt samþykkt valdatakmörkunartillögunnar á fundinum 10. júní og brýnt fyrir henni, að hún gæti samkvæmt þeirri samþykkt engar bindandi ákvarðanir tekið fyrir félagið að svo komnu. Brottrekstrar, er stjórnin hefði framkvæmt, sbr. síðar, væru því markleysa. Loks sagði í yfirlýsingunni, að þeir, er hana undirrituðu, litu svo á, að ýmsar ráðstafanir stjórnarinnar sýndu fullkomið ábyrgðarleysi hennar og ofbeldi gagnvart aðalfundi og félaginu og að hún hefði fyrirgert öllum rétti til að starfa sem ábyrg stjórn K.F.S.

Þá var gengið til dagskrár fundarins. Fjórum fyrstu dagskrárliðunum, skýrslu stjórnar, skýrslu kaupfélagsstjóra, skýrslu endurskoðenda og ráðstöfun tekjuafgangs varð að fresta af ástæðum, er óviðráðanlegar voru fundinum. Næsti dagskrárliður var: Breytingar á samþykktum félagsins. Ræddar voru tillögur þær til samþykktabreytinga, er fram komu á fundinum 10. júní og getið er hér að framan. Voru þær síðan samþykktar með 46 samhljóða atkvæðum, sú um skipun stjórnarinnar að viðhöfðu nafnakalli, en hin á venjulegan hátt. Einn fulltrúi var mættur úr annari deild, líklega Óskar Garibaldason, en hann greiddi ekki atkvæði. Var nú gengið til næsta dagskrárliðs: Kosning stjórnar og varastjórnar.

Í stjórn voru kosnir: Kristján Sigurðsson gerðarbeiðandi, Hjörleifur Magnússon gerðarbeiðandi, Haraldur Gunnlaugsson gerðarbeiðandi, Gunnar Jóhannsson, Páll Ásgrímsson, Jóhann Þorvaldsson gerðarbeiðandi og Halldór Kristinsson gerðarbeiðandi. Tveir hinir síðastnefndu fengu 45 atkvæði, en hinir allir 46. Varamenn í stjórn voru kosnir: Jónas Jónasson gerðarbeiðandi með 46 atkvæðum, Skafti Stefánsson gerðarbeiðandi með 45 atkvæðum og Arnþór Jóhannsson með 46 atkvæðum.

Var nú gefið fundarhlé til klukkan 21, en þá var fundinum haldið áfram. Að hléinu loknu samþykkti fundurinn með 46 samhljóða atkvæðum ályktun frá stjórninni varðandi síðargreinda brottrekstra eldri stjórnarinnar á fulltrúum og félagsmönnum, þar sem brottrekstrarnir eru taldir markleysa án stoðar í samþykktum K.F.S., og því lýst yfir, að hinir brottreknu séu þrátt fyrir þá fullgildir félagsmenn í K.F.S. — Loks var samþykkt að fresta aðalfundinum um óákveðinn tíma og fela stjórninni að boða framhaldsaðalfund til að ljúka dagskránni, þegar hún teldi fært.

Fundarhléið, er gefið var til klukkan 21, var þannig notað, að fundarstjóri, Jóhann Þorvaldsson, boðaði þá menn, er kosnir höfðu verið í stjórn K.F.S. samkvæmt fyrrgreindri samþykktabreytingu, á fund. Mættu þeir allir. Lýstu þeir Gunnar Jóhannsson og Páll Ásgrímsson því strax yfir, að þeir teldu framhaldsfundinn 21. júní ekki löglegan, þar eð eldri stjórnin væri búin að halda framhaldsaðalfund með meirihluta kjörinna fulltrúa og stjórnarkosning hefði farið fram þar í samræmi við samþykktir K.F.S. Myndu þeir því ekki taka þátt í störfum þeirrar „gervistjórnar", er þeir hefðu verið kosnir í. Viku þeir Gunnar og Páll síðan af fundi, en fundarstjóri, Jóhann Þorvaldsson, boðaði varamennina Jónas Jónasson og Skafta Stefánsson gerðarbeiðendur á fundinn í þeirra stað, og tóku þeir sæti í stjórninni í stað þeirra Páls og Gunnars. Eru þeir Jónas og Skafti því gerðarbeiðendur í máli þessu, en ekki þeir Páll og Gunnar. Skipti stjórnin nú með sér verkum þannig, að Jóhann Þorvaldsson var kosinn formaður hennar, Halldór Kristinsson ritari og Kristján Sigurðsson varaformaður. — Síðan samþykkti stjórnin að leggja fyrir aðalfundinn ályktunina varðandi brottrekstrana, sem áður er sagt frá, að aðalfundurinn hafi samþykkt eftir fundarhléið, er gefið var til klukkan 21, og sleit fundi.

Klukkan 21.40 sama daga hélt stjórnin enn stjórnarfund og hafði boðað á hann Guðbrand Magnússon gerðarþola, er um þetta leyti gegndi kaupfélagsstjórastörfum, sbr. síðar. Var Guðbrandi skýrt frá, að ný stjórn hefði nú verið kjörin í K.F.S., og hann spurður, hvernig ráðningu hans sem kaupfélagsstjóra væri varið, hvort hann vildi afhenda hinni nýkjörnu stjórn bækur þær og gögn, er stjórn

K.F.S. bæri að hafa aðgang að, og loks hvort hann vildi starfa eftir fyrirmælum hennar. Skýrði Guðbrandur frá, að hann væri aðeins ráðinn munnlega og til óákveðins tíma. Þá kvaðst Guðbrandur telja kosningu stjórnar meirihlutafulltrúanna svo hæpna lagalega, að hann sem kaupfélagsstjóri myndi ekki veita henni viðtöku til fundahalda, né veita henni aðgang að bókum og gögnum K.F.S., unz úr öllum þrætum innan félagsins hefði verið skorið lagalega. — Eftir þessi svör Guðbrands samþykkti öll stjórnin að segja honum upp kaupfélagsstjórastarfinu „frá deginum í dag að telja" og afturkalla prókúruumboð hans. — Þessa stjórnarsamþykkt tók Guðbrandur jafngilda og skrifleg uppsögn hefði verið send honum. Var síðan stjórnarfundinum slitið.

Síðar mun hin nýkjörna stjórn hafa sent tilkynningu til samvinnufélagaskrár Siglufjarðar um stjórnarskipti í K.F.S., afturköllun prókúruumboðs Guðbrands Magnússonar og jafnframt um, að það væri veitt Jóhanni Þorvaldssyni gerðarbeiðanda.

Við þetta sýnist hafa setið af hálfu hinnar nýkjörnu stjórnar, unz gerðarbeiðnin var send, nema hvað svo virðist af skýrslu gerðarbeiðenda, að þeir hafi gert ítrekaðar tilraunir til að fá Guðbrand Magnússon til að láta af kaupfélagsstjórastörfum og afhenda þeim bækur, gögn og lykla K.F.S., en án árangurs.

Víkur nú að gerðum stjórnar K.F.S. og minnihlutafulltrúanna eftir 10. júní, unz gerðarbeiðnin kom fram.

Hinn 16. júní kl. 11 hélt stjórnin fund. Var þar lögð fram tillaga 4 stjórnenda um brottrekstur 29 aðal- og varafulltrúa úr F.F.S. Var hún rökstudd á þá leið, að þeir hefðu reynt að valda óeiningu og klofningi í félaginu með því að neita að taka þátt í aðalfundi félagsins og hlýða þar samþykktum og fundarsköpum, svo og með því að stofna til sérstakra fundarhalda, er þeir hefðu nefnt aðalfund K.F.S., og loks með því að auglýsa nú slíkan fund án samþykkis stjórnarinnar. — Var tillagan samþykkt með 4 atkvæðum (atkvæði formanns þó talið greitt símleiðis vegna fjarvistar hans) gegn atkvæði Kristjáns Sigurðssonar gerðarbeiðanda.

Sama dag, klukkan 18,30, hélt stjórnin annan fund. Var Kristján Sigurðsson ekki mættur á honum, en hins vegar Hjörleifur Magnússon gerðarbeiðandi. Var þar samþykkt að boða aukafundi í þremur deildum félagsins vegna brottrekstrar fulltrúanna, er nú var getið, í fyrstu deild 18. júní klukkan 20,30, og í þriðju og fjórðu deild 19. júní klukkan 20,30, en úr þessum deildum voru hinir brottreknu fulltrúar. Gegn ákvörðun þessari greiddi einn stjórnenda atkvæði, líklega Hjörleifur Magnússon.

Hinn 18. júní hélt stjórnin fund. Mættu þar 4, en enginn, er meirihlutafulltrúunum fylgdi. Þar var samþykkt að reka úr K.F.S. 38 menn fyrir að vera félagsmenn að yfirvarpi, en hafa mestöll við-

skipti sín annars staðar, og 3 menn fyrir að reka verzlun á félagssvæðinu með sömu vörur og K.F.S., að því er bezt verður séð. Þessi samþykkt var gerð með öllum atkvæðum.

Brottrekstrar þessir allir, bæði fulltrúa og félagsmanna, munu hafa verið tilkynntir þeim brottreknu.

Aukadeildarfundir þeir, sem ákveðið var 16. júní að halda skyldi, munu hafa verið auglýstir í búðargluggum K.F.S., fundurinn í fyrstu deild líklega þegar að kvöldi hins 16. júní, en hinir nokkru síðar, en líklega þó 18. júní e. t. v. 17. júní. Deildarfundirnir voru síðan haldnir á tilsettum tímum. Í fyrstu deild sóttu 22 félagsmenn fundinn, í þriðju deild 10 og í fjórðu deild 41. Nokkrar umræður urðu í öllum deildum um ýmis málefni K.F.S., og var á öllum fundunum samþykkt ályktun þess efnis, að fundarmenn lýstu sig samþykka þeirri ákvörðun félagsstjórnar „að vikja úr félaginu þeim, sem fyrir óspektum stóðu á aðalfundi K.F.S. ...“ þ. e. þeim 29 aðalfundarfulltrúum, er stjórnin rak úr félaginu 16. júní. Í stað þessara brottreknu fulltrúa kusu fundarmenn síðar nýja fulltrúa, svo sem nú greinir: Fyrsta deild kaus 9 aðalfulltrúa, þriðja deild kaus 4 aðalfulltrúa og fjórða deild kaus 9 aðalfulltrúa og 3 varafulltrúa. Samtals voru þannig kosnir 25 aðal- og varafulltrúar í stað hinna 29 brottreknu. Ekki er skýrt í málinu, hvernig á þessum mun stendur, en telja má víst, að hann stafi af þeirri fækkun, sem orðið hafði í deildunum við brottreksturinn.

Hinn 20 júní var síðan haldinn framhaldsaðalfundur af hálfu stjórnarinnar, og hafa hinir nýkjörnu fulltrúar sennilega mætt þar, eða a. m. k. einhverjir þeirra ásamt hluta af þeim aðalfundarfulltrúum, er stjórnin hafði ekki rekið. Ekki er bókað, hve margir mættu, en svo virðist, sem mætt hafi 36 eða þar um bil. Flutt var skýrsla stjórnarinnar og endurskoðenda svo og lesin rekstrarreikningur félagsins. Samþykkt var að fresta afgreiðslu reikninga K.F.S. og fela stjórninni að láta fram fara yfirskoðun rekstrar og reikninga félagsins, til þess, ef unnt væri, að fá upplýst, hvað ylli hinni óeðlilegu vörurýrnun. Þá var samþykkt tillaga um skiptingu ársarðsins, en síðan gengið til kosninga á einum aðalmanni í stjórn til þriggja ára í stað Kristjáns Sigurðssonar gerðarbeiðanda, er úr átti að ganga, og einum varamanni til tveggja ára í stað Hjörleifs Magnússonar gerðarbeiðanda. Aðalmaður í stjórn var kosinn Jóhann Guðmundsson með 36 atkvæðum og varamaður Jóhann Garibaldason með 34 atkvæðum. Jóhann Guðmundsson neitaði síðar að taka við stjórnarstörfum. Er hann því ekki einn gerðarþola, heldur Óskar Garibaldason, er sæti tók í stjórninni í hans stað sem varamaður, kosinn á aðalfundinum 1944. Þá fóru fram kosningar nokkurra trúnaðarmanna, er ekki þykir ástæða til að geta sérstaklega. Síðan var einróma samþykkt ákvörðun stjórnarinnar um brottrekstur fyrrgreindra 29 aðalfundarfulltrúa og til-

laga um laun stjórnarinnar. Loks voru málefni K.F.S., „sem efst eru á baugi", rædd nokkuð, en síðan var aðalfundinum slitið.

Hinn 21. júní skipti stjórn minnihlutafulltrúanna verkum með sér á þann hátt, að Ottó Jörgensen gerðarþoli var kosinn formaður, Þóroddur Guðmundsson gerðarþoli varaformaður og Guðbrand ur Magnússon gerðarþoli ritari.

Rétt þykir, áður en skilið er við athafnir eldri stjórnarinnar, að geta tvenns, er rætt hefur verið í rekstri málsins. Hinn 18. júní, klukkan 23, hélt eldri stjórnin fund, er allir gerðarþolar mættu á nema Ottó Jörgensen, og boðaði á hann Sigurð Tómasson kaupfélagsstjóra. Lauk ,skiptum þeirra Sigurðar þann veg á fundi þessum, að stjórnin samþykkti að segja honum upp kaupfélagsstjórastarfinu þá samstundis og taka af honum prókúruumboð fyrir K.F.S. Er bókað í fundargerðina, að þetta hafi verið gert eftir ósk Sigurðar, en við það hefur Sigurður þó ekki viljað kannast. Hefur verið um þetta deilt í rekstri málsins, en þar eð þetta atriði verður ekki talið hafa áhrif á úrslit þess, lítur rétturinn svo á, að hann þurfi ekki að taka neina afstöðu til þessa ágreinings. Á þessum sama fundi var Guðbrandur Magnússon gerðarþoli ráðinn kaupfélagsstjóri fyrst um sinn, en áður en gerð þessi var tekin fyrir í fyrsta skipti, hafði annar maður, Már Einarsson, tekið við kaupfélagsstjórastarfinu. Loks var á þessum fundi samþykkt að halda framhaldsaðalfund 20. júní, kl. 20,30, en þeim fundi hefur þegar verið lýst.

Þá skal þess loks getið, að 26. júní hélt eldri stjórnin fund út af því, að þá hafði hún fengið vitneskju um tilkynningu yngri stjórnarinnar til samvinnufélagaskrárinnar. Voru samþykkt mótmæli til bæjarfógetans á Siglufirði við því, að hann hefði tekið við tilkynningunni, og einnig var samþykkt að tilkynna honum, að eldri stjórnin áskildi sér rétt til skaðabóta úr hans hendi í þessu sambandi. Var bæjarfógeta tilkynnt þetta í bréfi, dagsettu 26. júní.

Hafa nú verið raktar athafnir málsaðilja og fylgismanna þeirra, þær er nokkra þýðingu virðast geta haft um úrlausn máls þessa til þess tíma, að gerðarbeiðnin kom fram.

Réttarkröfur sínar í máli þessu, þær er að framan greinir, byggja gerðarbeiðendur á því, er nú segir: Hinn 7. júní s. l. hafi komið saman lögmætur aðalfundur K.F.S. og hafi hann samkvæmt 18. gr. samvinnulaganna og 13. gr. samþykkta K.F.S., þegar er hann kom saman, orðið æðsti valdhafi í málefnum félagsins. Hann hafi orðið yfir stjórnina settur, hafi getað takmarkað vald hennar, gefið henni fyrirskipanir o. s. frv. Framhaldsaðalfundurinn 10. júní hafi tvímælalaust verið lögmætur og því á sama hátt verði æðsti valdhafi í málefnum K.F.S. Neitun félagsformanns um að bera tillöguna um, að hann viki sæti og kosin yrði annar fundarstjóri,

undir atkvæði, er fram kom í fundarbyrjun 10. júní, hafi verið ólögmæt með öllu, og þegar hann ekki fullnægði skyldu sinni í því efni, hafi aðalfundinum að sjálfsögðu verið heimilt að velja sér fundarstjóra á þann hátt, er hann gerði. Sá fundarstjóri hafi verið löglega kosinn, og því hafi það framhald fundarins, er farið hafi fram undir stjórn hans, og verið lögmætt svo og allar ákvarðanir, er þar voru teknar, þ. á m. frestun fundarins til 21. júní.

Í 2. mgr. 29. gr. samþykkta K.F.S. sé svo ákveðið, að þegar leggja eigi fyrir fund tillögur um breytingar á samþykktum félagsins, skuli þess getið í fundarboði, en með því ákvæði eigi að tryggja það og það eitt, að væntanlegar samþykktabreytingar fari ekki fram hjá neinum fulltrúa. Með þeirri aðferð, er höfð hafi verið, að fresta fundinum, auglýsa framhaldsaðalfund með 10 daga fyrirvara og taka fram, að samþykktabreytingar yrðu á dagskrá, þá hafi þessu skilyrði samþykktanna verið fullnægt, að því er varði samþykktabreytingarnar, er gerðar hafi verið á framhaldsaðalfundinum 21. júní, og því þeim fundi verið heimilt að gera þær, enda hafi þær verið gerðar á lögmætum aðalfundi og með nægu atkvæðamagni. Ekki sé heldur vafi á því, að samþykktabreytingarnar, er gerðar hafi verið, hafi að öllu leyti verið þess eðlis, að þær hafi verið fullkomlega heimilar bæði að samþykktum K.F.S. og landslögum. Ekki verði 20. gr. samvinnulaganna skilin á þann hátt, að hún hindri, að umræddar samþykktabreytingar séu lögmætar. — Þá telja gerðarbeiðendur, að áframhald fundar minnihlutafulltrúanna hafi verið marklaust með öllu. Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. samþykkta K.F.S. sé fulltrúafundur því aðeins lögmætur, að þriðjungur fulltrúa sé þar mættur, en svo hafi ekki verið á framhaldsfundi minnihlutafulltrúanna 10. júní, þar eð þar hafi í hæsta lagi mætt 18 eða 19 fulltrúar af 63. Auk þess ákveði 3. mgr. 19. gr. samvinnulaganna, að aðalfundur samvinnufélags sé því aðeins lögmætur, að fulltrúar frá meira en helmingi félagsdeilda sæki hann, enda sé á fundinum meirihluti þeirra, sem þar eigi atkvæðisrétt, en hvorugu þessara skilyrða hafi verið fullnægt, að því er snerti framhald fundar þeirra minnihlutafulltrúa. Brottvikningar aðalfundarfulltrúanna hafi verið alger markleysa. Bæði sé það, að enda þótt sakir þær, er hinir brottreknu fulltrúar voru bornir, væru sannar, sem þó ekki sé, þá séu þær ekki brottrekstrarástæður samkvæmt samþykktum K.F.S., og einnig sé stjórn samvinnufélags með öllu óheimilt að reka aðalfundarfulltrúa úr félaginu, þar eð þeir séu henni æðri, þeir kjósi stjórnina, hún beri ábyrgð fyrir þeim, og séu stjórnendur því í raun réttri trúnaðarmenn fulltrúanna eða aðalfundarins, er saman standi af þeim. Og þar sem brottrekstrar aðalfundarfulltrúanna séu markleysur, séu kosningar hinna nýju aðalfundarfulltrúa á deildarfundunum 18. og 19. júní það og. Einnig hafi deildarfundir þessir verið boðaðir gegn vilja deildar-

stjóra og með alltof skömmum fyrirvara og séu því einnig af þeim ástæðum marklausir. Þá séu hinar nýju fulltrúakosningar og löglausar sökum þess, að enda þótt brottrekstrarnir hefðu allir verið lögmætir, þá hefðu verið eftir óreknir það margir varafulltrúar, kosnir á hinum lögmætu deildarfundum fyrir aðalfundinn 7. júní, að ekki hefði þurft að kjósa nema 6 nýja fulltrúa, en í þess stað hafi 25 verið kosnir. Loks sé svo það, að samkvæmt samþykktum K.F.S. verði fulltrúar ekki kosnir nema á aðalfundi deildanna, en hann sé aðeins einn á ári og eigi að boðast með viku fyrirvara. — Af öllu því, er nú hafi verið talið, leiði svo það, að fundur sá, er eldri stjórnin hafi haldið 20. júní og kallað aðalfund K.F.S., hafi verið ólögmætur, enda sé þess og sérstaklega að gæta, að allar framangreindar ráðstafanir séu gerðar, eftir að aðalfundurinn 10. júní hafi verið búinn að takmarka heimild stjórnarinnar til að gera bindandi samþykktir fyrir félagið. Samkvæmt þeim málsástæðum, er nú hafa verið greindar, telja gerðarbeiðendur tvímælalaust, að eldri stjórn K.F.S. sé ekki lengur lögmæt stjórn þess. Telja gerðarbeiðendur, að þeir séu sjálfir lögmæt stjórn félagsins samkvæmt framangreindum rökum sínum, og beri því að taka til greina allar framangreindar réttarkröfur þeirra í máli þessu.

Gerðarþolar byggja réttarkröfur sínar á þeim málsástæðum, er nú verða greindar:

A1. Atkvæðagreiðslur þær, er Bjarni Jóhannsson hafi stjórnað á aðalfundinum 10. júní, hafi verið lögleysur og ógildar, og því allt, er á þeim hafi byggzt, ólöglegt, þar á meðal aðalfundur sá, er meirihlutafulltrúarnir hafi haldið 21. júní, og stjórnarkosning sú, er þar fór fram og gerðarbeiðendur leiða stjórnarheimild sína af. Stafi þetta af því, að samkvæmt 4. gr. fundarskapa K.F.S. skuli formaður vera fundarstjóri á fundum þess, en varaformaður í forföllum hans, en þá fyrst, ef hvorugur þeirra sé mættur, megi fundurinn kjósa sér fundarstjóra. Enn fremur segi í greininni, að fundarmenn séu skyldir að hlíta úrskurði formanns um allt, er varði fundarreglur. Tillaga sú, er Bjarni hafi borið upp, hafi ekki verið dagskrártillaga, heldur sjálfstæð tillaga, sem umræður hafi þurft um, og hafi því borið að taka hana til afgreiðslu undir dagskrárliðnum: Önnur mál, nema afbrigði hefðu verið leyfð, en fram á þau hafi ekki verið farið. Samkvæmt fundarsköpum K.F.S. megi ekki víkja formanni úr fundarstjórasæti, enda sé ljóst af 14. gr. fundarskapanna, að hún heimili aðeins afbrigði um einstök tilfelli í fundartilhöguninni, en ekki að því er snerti fundarskipulagið sjálft, en til þess verði að telja, að formaður stjórni fundum. En jafnvel þótt talið yrði, að heimilt væri að víkja frá fundarsköpunum að þessu leyti, þá hefði varaformaður átt að taka við fundarstjórn, nema honum væri vikið líka, en ekki hafi það verið

gert. En þegar þetta hvorttveggja hefði verið búið, hefði fyrst mátt kjósa sérstakan fundarstjóra. Úrskurðurinn um að vísa tillögunni frá, a. m. k. þegar hún hafi verið borin fram, hafi því verið réttur, en jafnvel þótt svo hefði ekki verið, hefði fundarmönnum samt borið að hlíta honum samkvæmt fundarsköpum K.F.S. Enginn fundarmanna hefði á löglegan hátt getað tekið fundarstjórn á þann hátt, er Bjarni gerði, og ef fundarmenn hefðu talið úrskurðinn rangan, hefðu þeir getað borið hann undir dómstólana og fengið þar leiðréttingu mála sinna. Engin nauðsyn hafi heldur verið til athafna Bjarna, formaður hafi ekkert ofbeldi sýnt sem fundarstjóri, enda hefði staðið svo á, þegar tillagan hafi komið fram, að hann hafi ætlað að fara að lesa skýrslu stjórnarinnar og varaformaður að taka sæti hans.

A2. Svo mikið öngþveiti hafi ríkt á fundinum, þegar atkvæðagreiðslurnar hjá Bjarna fóru fram, að enginn möguleiki hafi verið á að láta fara fram örugga atkvæðagreiðslu. Umgangur hafi verið og hávaði slíkur, að fulltrúar hafi ekki getað heyrt til Bjarna, hann hafi ekki gefið þess kost að ræða málin, og ekki muni hann hafa leitað mótatkvæða. Ekki hafi verið unnt að telja atkvæðin, er greidd hafi verið, og muni aðeins hafa verið talið, hve margir hafi undirritað tillöguna, og sé það rangt, að 44 hafi greitt henni atkvæði.

A3. En enda þótt talið yrði sannað, að 44 hafi greitt atkvæði undir stjórn Bjarna, þá hafi ekki nema í mesta lagi 32 aðalfulltrúar getað gert það. Varafulltrúar þeir, 12 að tölu, sem talið sé, að hafi greitt tillögunni um kosningu nýs fundarstjóra atkvæði, muni ekki hafa haft fulltrúaréttindi á fundinum, og hafi þeirra atkvæði, þótt greidd hefðu verið, þess vegna verið ógild. Tillagan hafi því ekki getað fengið ⅔ atkvæða atkvæðisbærra fundarmanna, en það hefði hún þurft að fá til þess að verða talin samþykkt sem afbrigði frá fundarsköpum K.F.S.

B1. Framhaldsaðalfundur þeirra meirihlutafulltrúa 21. júní var ekki ályktunarfær, að því er gerðarþolar telja. Jóhann Þorvaldsson gerðarbeiðandi hafi enga heimild haft til að kalla hann saman, í fyrsta lagi vegna þess, að hann hafi ekki verið löglega kosinn fundarstjóri, og í öðru lagi vegna þess, að félagsstjórn eigi samkvæmt samþykktum K.F.S. að boða félagsfundi, en fulltrúar geti ekki gert það sjálfir, nema þeir hafi áður árangurslaust skorað á stjórnina að gera það, en svo hafi ekki verið hér.

B2. Af þeim 46 mönnum, sem mættu á fundinum 21. júní, (þessi orð eru tekin orðrétt úr ræðu umboðsmanns gerðarþola, og verður að telja, að í þeim felist viðurkennig á því, að 46 fulltrúar hafi mætt á fundinum 21. júní, en því mótmælti hann í greinargerð sinni sem ósönnuðu, enda þótt nöfn allra mannanna séu skráð í

fundargerðina) hafi verið búið að víkja 26 úr félaginu á löglegan hátt, og hafi því aðeins mætt þar 20 menn með fulltrúaréttindum. Deildarfundir hefðu verið búnir að samþykkja ráðstöfun þessa og kjósa nýja menn í þeirra stað, og hafi það vafalaust verið réttmætt, því að heimild stjórnarinnar til að víkja mönnum úr félaginu nái til allra félagsmanna, fulltrúa sem annarra, og hafi brottvikningin því verið gild, þangað til hún hefði verið felld úr gildi annað hvort af ályktunarfærum aðalfundi eða dómstólunum. En hvernig sem litið yrði á brottvikninguna, sé þó vafalaust, að deildarfundirnir hefðu getað afturkallað umboð fulltrúanna til að mæta á aðalfundinum á þann hátt, er gert hafi verið 18. og 19. júní. Fundir þessir hafi á allan hátt verið lögmætir og ályktanir þeirra því löglegar og bindandi.

C. Samþykktabreytingarnar, sem stjórnarkosningin 21. júní hafi verið byggð á, hafi ekki verið löglega samþykktar samkvæmt 29. gr. samþykkta K.F.S. Samþykktunum verði aðeins breytt á aðalfundi, en hann sé ekki nema einn á ári. Ef samþykktabreytinga sé getið í fundarboði til aðalfundar, þurfi þær samþykki ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna, en ella atkvæði ⅘ þeirra, og auk þess samþykki meirihluta félagsstjórnar til að öðlast gildi. Sé þessu þannig fyrir komið, til þess að einhver tilviljunarmeirihluti á aðalfundi geti ekki hringlað með samþykktir félagsins að lítt athuguðu máli, eins og hér hafi átt að gera. Skilyrðunum um hinn aukna meirihluta og samþykki meirihluta stjórnarinnar hafi ekki verið unnt að fullnægja hér, en þess hefði þurft, þar sem tillögurnar um samþykktabreytingarnar hafi ekki komið fram fyrr en á aðalfundinum, þegar af þeirri ástæðu, að svo mikill hluti fulltrúa hafi ekki verið þeim samþykkur og meirihluti stjórnarinnar hafi verið þeim andvígur. Auglýsing Jóhanns Þorvaldssonar gerðarbeiðanda hafi ekki getað talizt nægilegt fundarboð, þar eð hún hafi ekki verið sett upp fyrr en 6—8 dögum fyrir aðalfundinn 21. júní, og heldur ekki frumvarpið að samþykktabreytingunum, sem afhent hafi verið einhverjum fulltrúum á aðalfundinum 10. júní, þar eð í því hafi ekki staðið, hvenær leggja ætti það fyrir aðalfund.

D. Samþykktabreyting sú, er hér ræði um, geti ekki verið gild samkvæmt 20. gr. samvinnulaganna, er taki fram, að meirihluti stjórnar samvinnufélags megi aldrei ganga úr á sama ári, nema óviðráðanleg atvik valdi. Sé þannig ákveðið í lögunum, að stjórnarumboð sé óafturkallanlegt út kjörtímabil hvers einstaks stjórnanda, nema hann missi almenn skilyrði til að gegna stjórnarstörfum eða óviðráðanleg atvik valdi, en svo hafi ekki verið hér, og hafi því ekki fundurinn 21. júní, þótt lögmætur hefði verið, getað tekið stjórnarumboðið af þeim stjórnendum, er ekki hafi átt að ganga úr stjórninni. Sé þetta gert til að skapa nauðsynlega festu og sam-

ræmi í stjórn samvinnufélaga, enda eðlileg varúðarráðstöfun, sérstaklega þegar þess sé gætt, að samvinnufélögin séu að nokkru leyti opinber eign.

Verða nú framangreindar málsástæður, er gerðarþolar telja eiga að valda því, að réttarkröfur þeirra verði teknar til greina, teknar til athugunar hver um sig.

Um A1. Svo sem þegar hefur verið greint, lítur rétturinn svo á, að ærið tilefni hafi verið til þess, að dagskrártillagan, sem kom fram í byrjun framhaldsaðalfundarins 10. júní um að víkja formanni úr fundarstjórasæti og kjósa annan fundarstjóra, var flutt. Virðist hún hafa verið bein og eðlileg afleiðing þess, sem á undan var gengið í fundarstjórn formanns og lýst hefur verið.

Ekki eru nein ákvæði um það í samþykktum K. F. S., að formaður skuli vera fundarstjóri á fundum félagsins. Hins vegar segir í 4. gr. fundarskapa félagsins, að formaður skuli vera fundarstjóri á félagsfundum, en varaformaður í forföllum hans. Í 14. gr. sömu fundarskapa segir, að afbrigði frá þeim geti fulltrúafundur gert í einstökum tilfellum, þegar nauðsyn þyki bera til, ef það sé samþykkt af ⅔ hlutum allra fulltrúa, sem á fundi séu. Þessi heimild til afbrigða verður ekki skilin á annan veg en þann, að hún heimili hverskonar afbrigði, er hinn tiltekni meirihluti telur nauðsynleg, þar á meðal afbrigði á þá lund, að fundurinn geti, hvenær sem er, tekið ákvörðun um, að hvorki formaður né varaformaður skuli stjórna honum, heldur sá, er fundurinn kýs sérstaklega til þess. Dagskrártillagan var því á allan hátt lögmæt samkvæmt fundarsköpum K. F. S. Tillagan, er samkvæmt efni sínu fól í sér afbrigði frá fundarsköpum, var þess eðlis, að skylt var að bera hana undir atkvæði þegar í stað og óheimilt með öllu að neita að bera hana upp eða fresta henni til síðasta dagskrárliðar: Önnur mál. Var því neitun formanns um að bera tillöguna upp í alla staði óréttmæt.

Þar sem svona stóð á, verður að telja, að eina leiðin, er fundurinn hafi haft til þess að ná rétti sínum, hafi verið sú, sem farin var, þ. e., að sá fulltrúanna, er falið hafði verið að koma tillögunni á framfæri, bæri hana undir atkvæði fundarmanna. Þess réttar, er aðalfundurinn átti, gat hann ekki neytt á annan hátt en gert var, eins og þarna stóð á, enda ómögulegt, eins og löggjöf vorri er háttað, að fá þá aðstoð dómsvaldsins, er að gagni hefði komið, nægilega skjótt.

Fyrir slíkum atvikum, sem hér ræðir um, er að sjálfsögðu ekki gert ráð í lögum. Til þess eru þau of óeðlileg. Hins vegar gerir 18. gr. laga um samvinnufélög og 13. gr. samþykkta K. F. S. ráð fyrir, að félagsstjórn kunni að vanrækja að boða til fundar, sem henni er skylt að boða eftir kröfu tiltekins hluta félagsmanna eða félagsdeilda, og er svo ákveðið í greinunum, að hafi stjórnin ekki boðað til fundarins innan tiltekins tíma, geti hlutaðeigendur sjálfir

kvatt til fundar. Virðast ákvæði þessi sett í þeim tilgangi, að stjórn samvinnufélags geti ekki að eigin geðþótta varnað félagsmönnum að ræða og taka ákvarðanir um þau efni, er þeir kunna að æskja, en stjórnin er mótfallin. En þýðingarlaus væru þau með öllu, ef fundurinn gæti ekki losað sig við þann mann úr fundarstjórasæti, er það skipaði samkvæmt ákvæðum í fundarsköpum og beitti valdi til þess að meina fundinum að ræða þau mál, er hann hefði ætlað. Ætla má því, að ef löggjafinn hefði gert ráð fyrir slíkum tilvikum og hér ræðir um, þá hefði hann einnig veitt félagsfundi heimild til sjálfstæðra athafna, eins og gert er í 18. gr. laga um samvinnufélög, til að skipta um fundarstjórn á sama eða svipaðan hátt og hér var gert. Svo hefði líklega og verið gert undir sama skilorði í samþykktum K. F. S. Virðist því liggja nærri að telja, að athafnir Bjarna Jóhannssonar á aðalfundinum 10. júní hafi einnig verið heimilar samkvæmt lögjöfnun við fyrrgreind ákvæði 18. gr. laga um samvinnufélög og 13. gr. samþykkta K. F. S.

Samkvæmt því, er nú hefur verið sagt, verður að telja, að heimilar hafi verið þær aðferðir um atkvæðagreiðslurnar, er Bjarni Jóhannsson stjórnaði á aðalfundinum 10. júní, er beitt var.

Um A 2. Fulltrúar á aðalfundinum 10. júní sátu í sérstökum bekkjum, svo sem þegar er lýst, og er ekki annað sýnilegt en að þeir hafi verið þar kyrrir eða hafi a. m. k. ekki farið út fyrir fulltrúasvæðið, sem lýst var hér að framan, (nema e. t. v. 1—3 minnihlutafulltrúar), meðan stóð á atkvæðagreiðslunum hjá Bjarna. Sýnist ekki hafa verið um að villast, hverjir fundarmanna voru fulltrúar og hverjir ekki, sbr. t. d. framburð Guðbrands Magnússonar gerðarþola, er segir, að þegar hann hafi komið inn í fundarbyrjun, hafi verið búið að koma fulltrúum þannig fyrir í bekkjum, að ekki hafi verið hægt að villast á, hverjir væru fulltrúar. Gerðarbeiðendur, þeir er á fundinum voru, þeir Jóhann Þorvaldsson, Halldór Kristinsson, Kristján Sigurðsson og Skafti Stefánsson, eru sammála um, að atkvæðagreiðslurnar hafi verið greinilegar og aðstaða við þær verið góð eða a. m. k. sæmileg. Gerðarþolar voru allir á fundinum. Enginn þeirra hefur skilorðslaust talið aðstöðuna svo slæma, að óframkvæmanlegt hafi verið að telja atkvæði. Otto Jörgensen telur aðstöðu til atkvæðatalningar hafa verið illa, Þóroddur Guðmundsson telur hana hafa verið slæma og talningu atkvæða hafa verið annaðhvort ill- eða óframkvæmanlega, svo að öruggt væri, Kristján Sigtryggsson segir, að erfitt muni hafa verið að telja atkvæði, Óskar Garibaldason sagði fyrst, að aðstaða til atkvæðagreiðslu og talningar atkvæða hafi ekki verið sem ákjósanlegust, og síðar, að gefnu tilefni frá umboðsmanni gerðarþola, að aðstaðan hafi verið svo slæm, að hann myndi sjálfur ekki hafa treyst sér til að láta fara fram nákvæma atkvæðagreiðslu, og loks segir Guðbrandur Magnússon, að sér hafi

fundizt, að vel væri hægt að telja atkvæði, og að ekki sé líklegt, að teljararnir hafi talið aðra fundarmenn í misgripum fyrir fulltrúana. Þeir meirihlutafulltrúarnir Sigurður Gunnlaugsson, Jóhann Möller og Bjarni Jóhannsson telja aðstöðuna hafa verið góða. Minnihlutafulltrúarnir Hlöðver Sigurðsson og Gunnar Jóhannsson telja, að óframkvæmanlegt hafi verið að láta atkvæðagreiðslur fara fram, Ásgrímur Albertsson segir, að mikil framiköll hafi verið og fulltrúar sumir staðið upp og gengið til, Páll Ásgrímsson segir, að sér hafi þótt atkvæðagreiðslurnar fara ógreinilega fram, og loks segir Jón Jóhannsson, að ókyrrð hafi verið nokkur í salnum, meðan atkvæðagreiðslurnar hafi farið fram, en þó ekki meiri en oft komi fyrir á fundum, þar sem dálítill hiti sé í málum.

Áheyrendurnir Páll Jónsson byggingafulltrúi og Kristján Sturlaugsson kennari telja atkvæðagreiðslurnar hafa verið greinilegar, Eggert Theodórsson leggur ekki dóm á það, en segir, að ókyrrð hafi verið mikil, og frú Jóhanna Pétursdóttir segir, að „heilmikil læti" hafi verið, er mest hafi lýst sér í tali og upphrópunum, en leggur ekki frekar en Eggert neinn dóm á atkvæðagreiðslurnar. Teljararnir, þeir Jóhann Sveinbjörnsson tollþjónn, sem unnið hefur eið að framburði sínum, og Arnþór Jóhannsson skipstjóri, er gefið hefur vottorð, sem tekið var gilt sem staðfest, segja báðir, að auðvelt hafi verið að telja atkvæðin og að þeir hafi talið rétt.

Ekki mun neinn fundarmanna hafa beðið Bjarna um orðið um dagskrártillöguna, mótatkvæða mun hann hafa leitað um hana, en engin komið fram. Um það, hvernig heyrzt hafi til Bjarna, þegar hann las tillöguna upp, eru framburðir nokkuð skiptir, en með öllu er ástæðulaust að ætla, að fulltrúar hafi ekki vitað, um hvað tillagan var, enda hafði formaður sjálfur lesið hana upp áður, eins og fyrr segir.

Af því, sem hér hefur verið rakið, verður að álykta, að framangreindar atkvæðagreiðslur hafi verið nægilega greinilegar til þess að verða teknar gildar og að atkvæði hafi verið rétt talin, 44 með dagskrártillögunni og 43 með nýja fundarstjóranum.

Um A 3. Í 5. gr. reglna um kosningu deildarstjórna og fulltrúa fyrir K. F. S. er svo ákveðið, að varamenn taki sæti aðalmanna í forföllum þeirra eftir atkvæðamagni. Telja má upplýst í málinu, að aðalfulltrúarnir Jóhann Jóhannsson, Sveinn Þorsteinsson, Jónas Jónasson, Jónas Björnsson, Snorri Friðleifsson, Gunnlaugur Hjálmarson, Magnús Baldvinsson, Jón Kristjánsson, Páll Erlendsson og Björgvin Bjarnason hafi verið forfallaðir frá að mæta á aðalfundinum 10. júní, og staðhæft hefur verið, að þeir Þórir Konráðsson og Sigurður Magnússon hafi og haft forföll, og eru engar mótlíkur leiddar gegn því. Af ofangreindum aðalfulltrúum eru 4 í fyrstu deild, 4 í þriðju deild og 4 í fjórðu deild. Af varafulltrúum, er mættu úr fyrstu deild, höfðu þeir Guðvarður Jónsson og Jóhann Svein-

björnsson samkvæmt atkvæðamagni sínu tvímælalausan rétt til að mæta samkvæmt reglum K. F. S., þeim er áður gat. Adolf Einarsson og Einar Ásgrímsson höfðu hins vegar lægra atkvæðamagn en aðrir varafulltrúar deildarinnar, er ekki mættu, og munaði 3 atkvæðum á þeim og atkvæðahæsta varafulltrúanum, er ekki mætti. Af varafulltrúum, er mættu úr 3. deild, höfðu þeir Páll Hjartarson, Jón Björnsson og Ólafur Eiríksson tvímælalausan rétt til að mæta, og má geta þess hér, þar eð Ólafur Eiríksson var að atkvæðatölu jafn Jóhanni Rögnvaldssyni, sem ekki mætti, að engin ákvæði eru í reglum K. F. S. um, í hverri röð varafulltrúar með jöfnum atkvæðum skuli mæta í forföllum aðalmanna, og sýnist þá vera óbundið, hver þeirra mætir. Einar Eyjólfsson, er mætti sem varafulltrúi, hafði hins vegar 2 atkvæðum minna en Jóhann Rögnvaldsson, sem ekki mætti.

Af þeim varafulltrúum, er mættu úr 4. deild, höfðu Jónas Halldórsson og Þorkell Jónsson tvímælalausan rétt til að mæta, en þeir Jónas Jónsson og Bjarni Jóhannsson höfðu hvor um sig einu atkvæði færra en tveir aðrir varafulltrúar, sem ekki mættu.

Þess skal getið, að aðalfulltrúinn Árni Jónasson úr 4. deild var forfallaður 10. júní og mætti ekki á fundinum, en ekki sýnist neinn sérstakur varafulltrúi hafa mætt í hans stað.

Það, sem nú hefur verið sagt um hina mættu varafulltrúa, hefur verið rakið til þess að sýna, að mjög litlu munaði, að varafulltrúar mættu nákvæmlega í samræmi við reglur um kosningu deildarstjórna og fulltrúa fyrir K.F.S., en annars eru það þau atriði, er nú greinir, sem hafa úrslitaþýðingu um þessa málsástæðu gerðarþola, eins og hér stendur á:

Greindar reglur eru að líkindum settar af aðalfundi K.F.S. til leiðbeiningar fyrir fundarstjóra, og telja verður, að aðalfundur geti vikið frá þeim, þegar honum býður svo við að horfa. Ottó Jörgensen gerðarþoli skýrði svo frá því í aðiljaframburði sínum, að undanfarin ár hafi það verið venja, að taka gilda varafulltrúa, er á fund hafi komið, ef þeir hafi verið mættir fyrir ákveðinn mann, og hafi það verið gert, án þess að ströngustu skilyrða hafi verið gætt um, hvort aðalfulltrúi hafi raunverulega verið forfallaður og kvatt viðkomandi til að mæta fyrir sig, og þá einnig án þess að athuga, að varafulltrúarnir mættu í réttri röð.

Að þessu hvorutveggja athuguðu svo og því, að telja verður, að bæði aðalfundurinn sjálfur og félagsformaður hafi viðurkennt alla varafulltrúana, er þeir, án þess að nokkur athugasemd kæmi um það, settust á fulltrúabekkina, eftir tilmælum formanns í fundarbyrjun, þá verður að telja, að varafulltrúarnir hafi allir haft fulltrúaréttindi á fundinum.

Af þessum ástæðum verður að telja öll hin greiddu atkvæði um umrædda tillögu og fundarstjórakosninguna gild.

Samkvæmt því, sem sagt hefur verið um málsástæður gerðarþola hér að framan undir A 1—3, lítur rétturinn svo á, að atkvæðagreiðslur þær, er Bjarni Jóhannsson stjórnaði á aðalfundinum 10. júní, hafi verið lögmætar, þær hafi verið nægilega greinilegar, atkvæði verið rétt talin og hin töldu atkvæði öll fullgild.

Um B1. Svo sem þegar er sagt, lítur rétturinn svo á, að Jóhann Þorvaldsson hafi verið löglega kjörinn fundarstjóri á aðalfundinum 10. júní. Eins og þarna stóð á, verður ekki talinn neinn vafi á því, að aðalfundurinn 10. júní hafi getað falið framkvæmdastjóra og hinum nýkjörna fundarstjóra sínum að auglýsa framhald aðalfundarins 21. júní með samþykkt þeirri, er gerð var í fundarlokin, enda var það hvorttveggja, að þá mátti líta svo á, að stjórnin eða meirihluti hennar hefði sagt sig úr lögum við aðalfundinn, og eftir öllum atvikum mátti telja fyrirfram víst, að hún myndi ekki sinna tilmælum fundarins um auglýsingu framhaldsaðalfundar í því skyni, sem hann átti að halda.

Um B2. Ástæður þær, er meirihluti eldri stjórnarinnar byggir á brottrekstur hinna 26 aðal- og varafulltrúa, er fram fór á stjórnarfundinum 16. júní, eru þær, að þeir hafi neitað að taka þátt í löglegum aðalfundi félagsins og hlíta þar samþykktum og fundarsköpum þess svo og stofnað til sérstakra fundarhalda, er þeir hafi kallað aðalfund K.F.S., og loks auglýst slíkan fund í nafni félagsins án samþykkis stjórnarinnar. Samkvæmt því, sem sagt hefur verið hér á undan, eru þetta rangar sakargiftir, eins og hér stóð á, og heimila því alls ekki brottrekstur umræddra manna. Auk þess verður eðli málsins samkvæmt að telja það utan valdssviðs stjórnarinnar að reka aðalfundarfulltrúa úr félaginu, meðan stendur á aðalfundi, a m. k. án samráðs við aðalfundinn sjálfan. Brottrekstrar hinna 26 aðal- og varafulltrúa verða því að teljast ógildir, og breytir það engu í því efni, þótt deildafundir þeir, er nú verða ræddir, hafi samþykkt þá.

Fullrúar á aðalfund K.F.S. skulu, svo sem fyrr greinir, kosnir á aðalfundi deildanna, sem er einn á ári og boðaður skal með viku fyrirvara. Deildarfundi skal deildarstjóri kalla saman eftir tillögum stjórnar og framkvæmdastjóra.

Deildarfundirnir, er haldnir voru 18. og 19. júní, voru aukafundir. Voru þeir auglýstir með ekki lengri fyrirvara en tveggja daga. Fundirnir voru boðaðir af stjórn K.F.S. og, að því er ætla verður, án samþykkis og gegn vilja deildastjórnanna, enda gáfu allar deildastjórnirnar, er málið skipti, út tilkynningar til félagsmanna um, að fundirnir væru þeim með öllu óviðkomandi og að þær teldu þá ólögmæta. Þegar af þessum ástæðum verður ekki talið, að fundir þessir hafi getað svipt aðalfundarfulltrúana umboðum þeirra, og þarf því ekki að taka afstöðu til þess, hvort slíkt er almennt á valdi almennra deildarfunda.

Samkvæmt því, sem sagt hefur verið undir B1 og 2, verður að líta svo á, að framhaldsfundurinn 21. júní hafi verið ályktunarfær aðalfundur K.F.S., eins og hann var skipaður.

Um C. Í 29. grein samþykkta K.F.S. segir, að þeim verði ekki breytt nema á aðalfundi, og þurfi a. m. k. ⅔ hlutar atkvæðisbærra fundarmanna að samþykkja breytinguna. Þegar leggja á samþykktabreytingar fyrir fund, skal geta þess í fundarboði. Aðalfund á að auglýsa með 10 daga fyrirvara.

Breytingum á samþykktum má koma fram á aðalfundi, þótt ekki hafi verið boðaður í fundarboði, en þá þurfa þær að hljóta ⅘ hluta greiddra atkvæða og fylgi meirihluta félagsstjórnar til að öðlast gildi.

Rétturinn verður að fallast á þá skoðun gerðarbeiðanda, að það ákvæði, að samþykktabreytinga skuli geta í fundarboði aðalfundar, sé til þess sett að tryggja, að ekki fari fram hjá neinum, að breytingarnar séu væntanlegar, svo og til þess að veita hæfilegan umhugsunarfrest um hinar væntanlegu breytingar. Verður því að líta svo á, að heimilt sé að beita þeirri aðferð, er hér var beitt, til þess að koma fram samþykktabreytingum með samþykki einungis ⅔ hluta atkvæðisbærra fundarmanna, þ. e. að fresta aðalfundi, er auglýstur hefur verið án boðunar samþykktabreytinga, og auglýsa framhaldsaðalfund með 10 daga fyrirvara og geta þess í fundarboði, að tillögur til samþykktabreytinga muni liggja fyrir.

Hér má og geta þess, að breytingar þær, er samþykktar voru á hinum lögmæta aðalfundi K.F.S. 21. júní, hlutu samþykki meira en ⅘ hluta mættra fulltrúa, en meirihluti stjórnar félagsins var ekki mættur og gat því ekki neytt þess réttar, er hann taldi sig eiga til að hindra samþykktabreytingarnar, en telja verður, að þess réttar verði stjórnin að neyta á fundi. Má því og líta svo á, að samþykktabreytingin hafi einnig verið gerð að fullnægðum hinum strangari skilyrðum 29. gr. samþykkta K.F.S.

Áður en meiri- og minnihlutafulltrúarnir skildu á fundinum 10. júní, var fulltrúum boðið og afhent, þeim er það vildu, frumvarp að samþykktabreytingum þeirra meirihlutafulltrúanna, og áður en hinu lögmæta framhaldi þess fundar lauk, var samþykkt að auglýsa, að framhaldsaðalfundur, er samþykktabreytingar væru væntanlegar á, yrði haldinn 21. júní. Auglýsingar um framhaldsaðalfundinn 21. júní voru samkvæmt framburði Sigurðar Tómassonar festar upp í 2—3 búðum K.F.S. hinn 13. júní, en rifnar niður aftur eftir fyrirmælum Þórodds Guðmundssonar gerðarþola, líklega 15. eða 16. júní. Þá var fundurinn og auglýstur í Siglfirðingi, er út kom 15. júní, og enn fremur með tveimur auglýsingum við götur bæjarins, en ekki er alveg ljóst, hvenær þær voru settar upp. Telja má eftir gögnum málsins, að alkunnugt hafi verið á Siglufirði, að fundinn átti að halda á hinum tiltekna tíma.

Ekki eru fyrirmæli um það í samþykktum K.F.S., í hverju formi boðun aðalfundar skuli vera, og þykir því mega líta svo á, að til framhaldsfundarins 21. júní hafi verið nægilega boðað og í samræmi við samþykktir K.F.S. á framangreindan hátt.

Samkvæmt því, er hér hefur verið rætt, verður því að telja samþykktabreytingarnar, sem stjórnarkosningin 21. júní byggðist á, lögmætar samkvæmt ákvæðum 29. gr. samþykkta K.F.S.

Um D. Í 20. gr. laga um samvinnufélög segir m. a. „... Í samþykktum skal tiltaka tölu stjórnenda og kjörtíma, og séu þeir eigi færri en þrír. Skulu þeir ganga úr á víxl, og aldrei meirihluti á sama ári, nema óviðráðanleg atvik valdi ...". Í 18. gr. sömu laga segir, að félagsfundur hafi æðsta vald í málefnum félagsins, með þeim hætti, sem lög ákveði og samþykktir þess. Þá segir og í 21. gr. laganna, að stjórnendur beri ábyrgð fyrir aðalfundi, einn fyrir alla og allir fyrir einn, nema sá, er látið hafi bóka ágreiningsatkvæði í gerðarbók félagsins.

Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að greint ákvæði 20. gr. samvinnulaganna sé bindandi ákvæði. Sé það sett í því skyni að skapa nauðsynlega festu og samræmi í stjórn samvinnufélaga. Virðist réttinum, að fallast megi á þessa skoðun gerðarþola um tilgang ákvæðisins, enda verður vart komið auga á önnur atriði, er gætu skýrt tilvist þess.

Í 20. gr. laga um samvinnufélög er ákvæði um, að stjórnendur félags skuli ekki vera færri en 3, en hins vegar er ekkert tekið fram um, hve margir þeir skuli eða megi vera flestir. Verður því að telja, að aðalfundur samvinnufélags geti sjálfur ráðið, hve marga hann hefur í stjórn félagsins, og sé hann ekki bundinn við annað en að hafa þá ekki færri en þrjá. Af þessu leiðir, að aðalfundur getur á hvaða tíma, sem er, fjölgað svo mikið í stjórn félags með samþykktabreytingu, að sá hluti stjórnarinnar, sem ekki á að ganga úr á þeim fundi, verði alger minnihluti í hinni nýju og fjölmennari stjórn. Þegar svo væri að farið, væri það á engan hátt á valdi meirihluta gömlu stjórnarinnar að ákveða stjórnarathafnir og þarmeð hefði hann misst aðstöðu til að halda þeirri festu og því samræmi í stjórn félagsins, er hann kynni að hafa talið æskilega. Með þessari aðferð, sem telja verður heimila eftir lögunum um samvinnufélög, gæti nægilega sterkur aðalfundarmeirihluti náð sömu eða a. m. k. nálega sömu aðstöðu í stjórn samvinnufélags, eins og hann myndi ná undir því skilorði, að víkja mætti allri stjórninni á fundinum. — Sýnist því greint ákvæði, þótt bindandi væri, ekki til þess fallið að ná ofangreindum tilgangi sínum.

Samkvæmt hinum tveimur ákvæðunum, sem tekin voru upp úr lögunum um samvinnufélög hér að framan, ber stjórn samvinnufélags ábyrgð fyrir aðalfundi sem æðsta valdhafa í málefnum fé-

lagsins. Ekki skýra lögin nánar, hvers konar ábyrgð fyrir aðalfundinum átt er við. Telja verður þó, þar sem engar takmarkanir eru settar, að stjórnin beri ábyrgð fyrir aðalfundinum á öllum þeim athöfnum, er hún hefur framkvæmt og staðið að sem stjórn félagsins. Nú má hugsa sér mörg þau tilvik, að aðalfundurinn væri mjög ósammála stjórn félagsins bæði um einstakar gerðir hennar og stefnu hennar í málefnum félagsins almennt. Stjórnin vildi hins vegar ekki breyta afstöðu sinni, heldur halda áfram á sömu braut, teldi t. d. framkvæmd vilja aðalfundarins geta valdið félaginu tjóni. Tvímælalaust væri það í samræmi við ákvæði laganna um samvinnufélög, að vilji aðalfundarins réði í slíkum tilvikum. Með tilliti til afstöðu stjórnarinnar kynni fundurinn að vantreysta henni til að framkvæma vilja hans, og væri hann þá illa settur og lítið orðið úr æðsta valdi hans í félagsmálum, ef hann gæti ekki skipt um menn í stjórninni og sett í hana menn, er hann treysti betur til að framfylgja þeirri stefnu, er hann óskaði. — Margvísleg tilvik gætu og komið fyrir, án þess að verða að lögum talin óviðráðanleg atvik, er gerðu það sjálfsagða ákvæði lítils virði, að stjórnin bæri ábyrgð fyrir aðalfundi, ef aðalfundurinn hefði ekki heimild til að víkja stjórn eða meirihluta hennar, allri eða öllum samtímis.

Að því athuguðu, að fyrstgreint ákvæði 20. gr. laga um samvinnufélög virðist ekki til þess fallið, að ná þeim tilgangi, sem telja verður, að því sé ætlað, enda þótt bindandi væri talið, svo og því, að sem bindandi ákvæði verður það vart talið samræmast þeim öðrum ákvæðum samvinnulaganna, sem greind hafa verið og telja verður til grundvallaratriða laganna, og loks því, að sem bindandi ákvæði samræmist það mjög illa hinum lýðræðislega anda, sem samvinnulögin eru byggð á, þá verður rétturinn að líta svo á, að ákvæði þetta sé ekki ófrávíkjanlegt, heldur sé það sett í lögin sem leiðbeiningarregla, er löggjafinn hafi talið æskilegt, að fylgt væri undir öllum venjulegum kringumstæðum.

Litur því rétturinn svo á, að umrædd samþykktabreyting brjóti á engan hátt bág við 20. gr. laga um samvinnufélög.

Samkvæmt því, er nú hefur verið sagt, þykir engin varnarástæða gerðarþola hafa við rök að styðjast. Verða úrslit málsins því þau, að framangreindar réttarkröfur gerðarbeiðenda verða teknar til greina á þann hátt, að heimilaður verður framgangur hinnar umbeðnu innsetningargerðar á ábyrgð gerðarbeiðenda og gegn þeirri tryggingu, er fógeti kann að krefjast.

Að því, er varðar málskostnað þykir ekki eftir málavöxtum unnt að gera gerðarþolum að greiða gerðarbeiðendum hann að fullu. Hins vegar ber að gera þeim að greiða nokkra fjárhæð upp í málskostnað. Þykir hún með tilliti til þess, hversu viðamikið málið er,

dýrra ferðalaga umboðsmanns gerðarbeiðenda og mikillar vinnu og langs tíma, er hann hefur orðið að fórna málinu, hæfilega ákveðin kr. 5000.00.

Því úrskurðast:

Framangreind umbeðin innsetningargerð á að fara fram á ábyrgð gerðarbeiðenda, stjórnar Kaupfélags Siglfirðinga, kosinnar 21. júní 1945, þeirra Jóhanns Þorvaldssonar o. fl., gegn þeirri tryggingu, er fógeti kann að krefjast. Gerðarþolar, áður kosin stjórn Kaupfélags Siglfirðinga, þeir Ottó Jörgensen o. fl., greiði óskipt gerðarbeiðendum kr. 5000.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. febrúar 1946.

Nr. 91/1945 **Sigurður Jónasson, Gestur Pálsson og Jónas Ólafsson** (Hrl. Guttormur Erlendsson)

gegn

Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og gagnsök (Hdl. Hermann Jónsson)

og Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs

gegn

Ólafi Þorsteinssyni og Sigurborgu Geirmundsdóttur.

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Skattamál.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. júlí 1945. Krefjast þeir *aðallega* algerrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, *til vara*, að þeim verði aðeins dæmt að greiða kr. 2293.76, *en* til *vara*, að þeim verði einungis gert að greiða kr. 21598.08, og loks til *þrautavara*, að dæmd fjárhæð verði lækkuð í kr. 52127.04.

Þá krefjast þeir, að vextir verði aðeins dæmdir frá stefnudegi og eigi hærri en 6%. Svo krefjast þeir og þess, að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum, ef aðalkrafa þeirra eða varakrafa yrði til greina tekin, en að málskostnaður verði látinn falla niður fyrir báðum dómum, ef fallizt yrði á síðari varakröfur þeirra.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 14. janúar þ. á. skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 15. s. m. Hefur hann stefnt aðaláfrýjendum svo og þeim Ólafi Þorsteinssyni og Sigurborgu Geirmundsdóttur. Krefst hann þess, að greindir aðiljar verði dæmdir til að greiða in solidum eða til vara pro rata kr. 54270.72 ásamt 6% vöxtum frá 11. nóvember til 31. desember 1942 og 12% ársvöxtum frá síðar nefndum degi til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar af sömu aðiljum bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það hefur komið fram í hæstarétti, að hin stefndu Ólafur Þorsteinsson og Sigurborg Geirmundsdóttir voru stjórnarmenn Tóbaksverzlunar Íslands h/f ásamt aðaláfrýjendum árið 1939, og var því ábyrgð þeirra á stjórnarákvörðunum í félaginu söm og aðaláfrýjenda.

Með skírskotun til raka þeirra, sem fram koma í héraðsdómi, og lagaákvæða þeirra, er þar greinir, þykja stjórnendur Tóbaksverzlunar Íslands h/f eiga að greiða in solidum tekjuskatt þann, sem félaginu bar að ljúka við slit þess. En er skattur var reiknaður, bar að draga frá tekjum samkvæmt g-lið 10. gr. laga nr. 6/1935 útsvar og skatt, er félagið hafði goldið árið 1939. Eru aðiljar sammála um, að skatturinn verði þá kr. 52127.04. Ber að dæma stjórnendurna in solidum til að greiða fjárhæð þessa ásamt 6% ársvöxtum frá 11. nóvember 1942 til 31. desember s. á. og 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 45. gr. laga nr. 6/1935 og 13. gr. laga nr. 20/1942.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Sigurður Jónasson, Gestur Pálsson og Jónas Ólafsson, og stefndu, Ólafur Þorsteinsson og Sigurborg Geirmundsdóttir, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Tollstjóranum í Reykjavík f. h. rkissjóðs, kr. 52127.04 ásamt 6% ársvöxtum frá 11. nóvember 1942 til 31. desember s. á. og 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. maí 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. f. m. og flutt hefur verið skriflega, hefur tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. júlí 1944, gegn Sigurði forstjóra Jónassyni, Miklubraut 3, Gesti cand. juris Pálssyni, Laugaveg 15, Jónasi verzlunarmanni Ólafssyni, Freyjugötu 49, Ólafi fulltrúa Þorsteinssyni, Auðarstræti 9, og Sigurborgu Geirmundsdóttur, Miklubraut 3, öllum hér í bæ, til greiðslu, *aðallega* in solidum, en *til vara* pro rata, á skatti, að fjárhæð kr. 54270.72, ásamt 6% dráttarvöxtum p. a. frá 11. nóv. 1942 til 31. des. 1942 og 12% p. a. frá þeim tíma til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast *aðallega* sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en *til vara*, að skattur verði aðeins reiknaður af kr. 77938.46.

Málsatvik eru þau, að þann 12. júlí 1939, gerði forstjóri hlutafélagsins Tóbaksverzlunar Íslands í umboði hluthafa félagsins Sjúkrasamlagi Reykjavíkur tilboð um kaup á öllum hlutabréfum félagsins fyrir kr. 300000.00, en eignir félagsins eru í tilboðinu sagðar vera húseignin Tryggvagata 28 hér í bæ með öllu tilheyrandi. Í tilboðinu er því yfir lýst, að það leiði af kaupum þessum, að Tóbaksverzlun Íslands h/f leysist upp. Sjúkrasamlagið gekk að tilboði þessu, og var félagið síðan leyst upp og strikað út úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur samkvæmt tilkynningu félagsstjórnarinnar, sem er dagsett 22. júlí 1939, og með samþykki atvinnumálaráðuneytisins. Er samþykki þess dagsett 24. júlí s. á., og segir þar, „að þar sem opinber stofnun á hér hlut að máli og telja

má vist, að engir gætu beðið tjón af því, að ekki væri fylgt ákvæðum VI. kafla hlutafélagalaga nr. 77/1921 um félagsslit, þá vill ráðuneytið samþykkja, að h/f Tóbaksverzlun Íslands verði slitið og félagið strikað út af hluthafaskrá." Um leið og kaupin fóru fram, gaf forstjóri Tóbaksverzlunar Íslands h/f Sjúkrasamlaginu yfirlýsingu um, að hann ábyrgðist „Sjúkrasamlagi Reykjavíkur greiðslu á öllum kröfum, sem kynni að koma fram á Tóbaksverzlun Íslands h/f eða í sambandi við hana, að frátekinni veðskuld á húsinu." Þann 18. maí 1940 ritaði Skattstofa Reykjavíkur stefnda Sigurði bréf, þar sem segir, að skattstofan hafi að svo stöddu ákveðið tekjuskatt hans, án þess að taka tillit til sölu hlutabréfa hans í Tóbaksverzlun Íslands h/f eða úthlutunar úr því félagi. Virðist síðan ekkert gerast í máli þessu, þar til sumarið 1942, þá ritar ríkisskattanefndin stefnda Sigurði sem fyrrverandi forstjóra Tóbaksverzlunar Íslands h/f bréf, sem er dags. 12. júní. Er honum boðið þar að færa fram athugasemdir, áður en falli úrskurður nefndarinnar um tekju- og eignarskatt félagsins fyrir síðasta starfsár þess, þ. e. skattárið 1939. Þann 20. júlí 1942 kvað ríkisskattanefndin upp úrskurð í máli þessu, og segir þar svo: „Félaginu var ekki gert að greiða neinn skatt fyrir skattárið 1939, og hefur ríkisskattanefnd því tekið til úrlausnar spurninguna um skattskyldu þess og sköttun fyrir nefnt ár ... Tóbaksverzlun Íslands h/f keypti Tryggvagötu 28 hinn 30. ágúst 1934 á kr. 259000.00. Hagnaður af umræddri sölu til Sjúkrasamlagsins nemur því kr. 41000.00, og er hann skattskyldur sem tekjur hjá félaginu, með því að það hafði ekki átt húsið full 5 ár. Varasjóður félagsins, sem innifalinn var í hinni úthlutuðu eign þess, nam kr. 138230.77, og ber að telja ⅗ hluta þeirrar upphæðar til skattskyldra tekna félagsins. ... Skattskyldar tekjur félagsins skattárið 1939 teljast samkvæmt framangreindu:

1. Söluhagnaður af Tryggvagötu 28	kr.	41000.00
2. ⅗ hlutar af kr. 138230.77, sem úthlutað var úr varasjóði	—	82938.46
Samtals	kr.	123938.46
þar frá dragast 5% af innborguðu hlutafé ..	kr.	5000.00
og verða skattskyldar tekjur því	—	118938.46

Ber félaginu að greiða af þeirri upphæð í tekjuskatt kr. 54270.72." Eftir þenna úrskurð ríkisskattanefndarinnar voru síðustu fyrirsvarsmenn Tóbaksverzlunar Íslands h/f, áður en það var leyst upp á árinu 1939, krafðir um skatt þenna, en þar sem skatturinn fékkst ekki greiddur, var til þessa máls stofnað gegn öllum hluthöfum í h/f Tóbaksverzlun Íslands, en það eru stefndu í máli þessu. Átti stefndi Sigurður 96% af hlutafénu, en hin stefndu 1% hvert um sig.

Stefnandi byggir aðalkröfu sína á því, að framsal hlutabréfa Tóbaksverzlunar Íslands h/f til Sjúkrasamlags Reykjavíkur hafi

raunverulega eigi verið annað en ákveðið form á afsali á eignum félagsins, þar sem félagið leið á samri stundu undir lok. Og þar sem andvirði þessara eigna félagsins ásamt varasjóði þess hafi verið skipt á milli hluthafanna að réttri tiltölu við hlutafjáreign hvers þeirra um sig, án þess að þess væri gætt að halda eftir nægilegri fjárhæð til lúkningar væntanlegum sköttum félagsins, þá beri hluthafar félagsins solidariska ábyrgð á greiðslu skattanna.

Stefndu byggja aðalkröfu sína á því í fyrsta lagi, að Tóbaksverzlun Íslands h/f var slitið og hún máð af hlutafélagaskrá Reykjavíkur árið 1939. Félagið hafi því ekki verið til sem juridisk persóna á árinu 1940 og því ekki unnt að gera því að greiða skatt þá né síðar. Leggja þeir áherzlu á það, að þar eð félaginu hafi verið löglega slitið, sbr. framangreint samþykki atvinnumálaráðuneytisins, hafi úthlutun eigna þess til hluthafanna einnig verið lögmæt og því ekki endurkræf. Benda þeir á, að ákvæði 9. gr. laga nr. 20 frá 1942, er banna félagsslit og úthlutun eigna þess, fyrr en skattar hafa verið greiddir fyrir allan starfstíma þess, gengu ekki í gildi fyrr en 20. maí 1942. Fyrir þann tíma hafi ekki verið neitt slíkt ákvæði í íslenzkum lögum og sanni það, að hér hafi verið löglega að farið. Þá halda þeir því og fram, að í íslenzkum lögum sé engin heimild til að telja hluthafa ábyrga fyrir greiðslu skatta, sem lagðir eru á hlutafélag, eftir að því var slitið. Loks benda þeir á það, að fjárhæð þeirri, sem krafizt er í máli þessu, var úthlutað til hluthafanna. Í fyrrgreindum úrskurði ríkisskattanefndar var hluthöfum þessum gert að greiða skatt af þeirri fjárhæð, er þeir fengu við þá úthlutun umfram nafnverð hlutabréfa sinna, og er rekið hér fyrir bæjarþinginu mál á hendur þeim til greiðslu þeirrar skattahækkunar. Telja stefndu það eigi samrýmanlegt að krefjast hvors tveggja, endurgreiðslu fjárhæðarinnar í máli þessu og skatta af sömu fjárhæð í hinu málinu.

Við slit fyrrgreinds hlutafélags og úthlutun eigna þess til stefndu fór jafnframt fram úthlutun úr varasjóði félagsins. Af ákvæðum 6. málsgr. 8. gr. laga nr. 6 frá 1935 mátti stefndu vera ljóst, að við það myndaðust félaginu skattskyldar tekjur á árinu 1939. Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 26. gr. laga nr. hlutafélög nr. 77 frá 1921, sbr. 2. og 3. mgr. 41. gr. sömu laga, er óheimilt að greiða hluthöfum, fyrr en trygging er sett fyrir greiðslu á óeindöguðum eða ósamþykktum kröfum, en til slíkra krafna þykir samkvæmt eðli málsins bera að telja skattakröfur. Framangreint samþykki atvinnumálaráðuneytisins fær eigi talizt hafa breytt þessu, enda verður eigi af því ráðið, að undanþága samkvæmt 3. mgr. 26. gr. laga nr. 77 frá 1921 sé í því fólgin. Er af þessu ljóst, að rétt var að leggja skatt á framangreint hlutafélag vegna rekstrar þess á árinu 1939, þótt því hafi verið slitið, er skattur var á lagður. Leiðir þessi varnarástæða stefndu því ekki til sýknu, en ekki þykir ástæða til

í þessu máli að taka afstöðu til þess atriðis, er síðast var rakið hér í næstu málsgrein að framan.

Í öðru lagi byggja stefndu aðalkröfu sína á því, að lögum samkvæmt hafi verið of seint að leggja skatt á félagið 20. júlí 1942 vegna rekstrar þess á árinu 1939. Styðja þeir það við ákvæði 13. gr. laga nr. 6 frá 1935 um, að skatt skuli miða við tekjur næsta almanaksárs á undan skattaákvörðun. Nú hafi skattayfirvöldin þegar á árinu 1940 verið kunnar þær ráðstafanir, sem stefndu höfðu gert um eignir félagsins. Félaginu hafi hins vegar verið sleppt af skattskrá með vitund og vilja skattstofunnar án nokkurs fyrirvara af hennar hálfu, enda hafa stefndu mótmælt eindregið staðhæfingum stefnanda í gagnstæða átt. Af þessum rökum telja stefndu það ljóst, að hér hafi ekki verið notuð heimild 49. gr. laga nr. 6 frá 1935, enda ekki skilyrði þess fyrir hendi, heldur hafi ríkisskattanefnd hér beitt eða ætlað að beita heimidinni í síðasta máls;ið, 1. málsgrein, 41. gr. sömu laga. Þá grein telja stefndu hins vegar að skilja beri með hliðsjón af 40. gr. sömu laga, þ. e. ríkisskattanefnd hafi tekið ákvarðanir sínar fyrir nóvemberlok þess árs, er skatt skyldi á leggja, og því í þessu tilviki fyrir nóvemberlok 1940. Heimild 10. gr. laga nr. 20 frá 1942 telja stefndu ekki geta átt við hér þegar vegna gildistöku ákvæða þeirra laga sjálfra, er heimili beitingu þeirra um tekjur skattþegna á árinu 1941, en ekki fyrr. Telja stefndu andstætt tilgangi skattalaga og hagsmunum skattþegna að draga svo lengi, sem hér er gert, ákvarðanir um skattaálögur. m. a. með tilliti til lagabreytinga sem þeirra, er felast í c-lið 4. gr. laga nr. 20 frá 1942, þar sem felld var niður heimild til að draga tekjuskatt eins árs frá skattskyldum tekjum næsta árs á eftir. Kveða þeir ákvæðin í IV. kafla laga nr. 6 frá 1935 um fresti skattayfirvöldum til handa sett til öryggis skattþegnum, og megi ekki bregða út af þeim ákvæðum, eins og hér hafi þó gert verið.

Ákvæði 49. gr. laga nr. 6 frá 1935 um það, að gera skuli skattþegni skatt eftir á, ef í ljós kemur, að hann vantar á skrá, þó eigi lengra aftur í tímann en 3 ár, þykir verða að skilja á þá leið, að heimild þessari megi beita, hverju sem það sætir, að skattþegn vantar á skattskrá. Hefur þessi skilningur og stoð í greinargerð fyrir frumvarpi til laga þessara. Skiptir því eigi máli um þetta, hvort skattstofan átti sök þess, að Tóbaksverzlun Íslands h/f var ekki á skattskrá árið 1940. Tilkynning sú, er ríkisskattanefnd sendi stefnda Sigurði sem fyrrverandi forstjóra greinds félags um þessa fyrirætlun sína, fullnægði ákvæðum þeim, sem niðurlag nefndrar lagagreinar setur, enda ómótmælt, að hún hafi borizt með nægum fyrirvara. Verður samkvæmt þessu að telja skattaálagningu þessa hafa farið fram í tæka tíð lögum samkvæmt, og leiðir þessi varnarástæða stefndu því eigi til sýknu.

Í þriðja lagi styðja stefndu aðalkröfu sína við það, að þar eð

Sjúkrasamlag Reykjavíkur hafi eignazt öll hlutabréf í Tóbaksverzlun Íslands h/f árið 1939, beri því að svara til sakar í máli þessu, en ekki hinir fyrri hluthafar.

Af skjölum máls þessa verður ekki annað ráðið en greindu hlutafélagi hafi verið slitið, er Sjúkrasamlagið eignaðist hlutabréfin, og verður þessi sýknuástæða stefndu því eigi til greina tekin þegar af þeirri ástæðu.

Í greinargerð sinni hreyfðu stefndu einni varnarástæðu enn, þ. e. að ríkisskattanefnd hafi a. m. k. að ýmsu leyti beitt ákvæðum laga þeirra, er ekki voru í gildi fyrr en 1942, við skattaálögur þessar. Síðar í rekstri málsins virðast þeir þó hafa fallið frá henni, eða a. m. k. hafa þeir ekki freistað nánari rökstuðnings, og verður þessari ástæðu því heldur ekki sinnt.

Samkvæmt öllu framanrituðu verður aðalkrafa stefndu því ekki tekin til greina.

Varakrafa stefndu byggist á því, að samkvæmt e-lið 7. gr. laga nr. 6 frá 1935 teljist ágóði af sölu fasteignar ekki til skattskyldra tekna, hafi hún verið í eign skattþegns 3 ár, nema þegar ræðir um fasteign, sem keypt hefur verið í því skyni að selja hana aftur með ágóða. Beri því að draga frá skattskyldum tekjum fyrrgreinds hlutafélags kr. 41000.00.

Með 2. gr. laga nr. 131 frá 1935 var e-lið 7. gr. laga nr. 6 frá 1935 breytt á þá leið, að eigi skiptir máli, í hverju skyni fasteign er keypt, og ágóði af sölu hennar telst skattskyldar tekjur, ef skattþegn hefur átt hana skemur en 5 ár. Verður varakrafa stefndu því eigi til greina tekin.

Í frumvörn sinni hreyfðu stefndu því, að engin ákvæði íslenzkra laga heimiluðu það, að þeir væri sóttir til ábyrgðar fyrir skattgreiðslur félagsins, og byggðu öðrum þræði sýknukröfur sínar á því.

Nú segir svo í 6. mgr. 26. gr. laga um hlutafélög nr. 77 frá 1921, að stjórnendur hlutafélags ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn skuldir félagsins, að því leyti sem því nemur, sem greitt var gagnstætt fyrirmælum 2. og 3. mgr. sömu lagagreinar. Samkvæmt öllu framanrituðu bera stjórnendur Tóbaksverzlunar Íslands h/f því óskipta ábyrgð á greiðslu dómkröfunnar í máli þessu. Hins vegar gilda ekki svo víðtæk ákvæði um aðra hluthafa, sbr. margnefnda lagagrein.

Af því, sem upp er komið í málinu, er ljóst, að þeir stefndu Sigurður, Gestur og Jónas áttu sæti í stjórn félagsins, er greindar ráðstafanir voru gerðar, og ber samkvæmt öllu framanrituðu að taka til greina kröfur stefnanda um, að þeir verði dæmdir til þess að greiða honum einn fyrir alla og allir fyrir einn hina umstefndu fjárhæð, enda hafa engin rökstudd andmæli komið fram gegn fjárhæð kröfunnar út af fyrir sig. Vexti þykir hins vegar ekki heimild

til að dæma þá til að greiða frá fyrri tíma en stefnudegi, en frá þeim degi ber samkvæmt 13. gr. laga nr. 20 frá 1942 að dæma þá til greiðslu 12% dráttarvaxta p .a., enda hefur fjárhæð vaxtanna út af fyrir sig ekki sætt sérstökum andmælum.

Þá þykir og rétt, að stefndu Sigurður, Gestur og Jónas greiði stefnanda in solidum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2500.00.

Hins vegar þykir, sbr. 26. gr. laga nr. 77 frá 1921, og gegn andmælum af hálfu hinna stefndu, þeirra Ólafs og Sigurborgar, eigi unnt að dæma um greiðsluskyldu þeirra í þessu máli, og ber því að sýkna þau bæði að svo stöddu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður gagnvart þeim.

Einar Arnalds, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna, en uppsaga hans hefur dregizt um venju fram vegna dómaraskipta við embættið og embættisanna, er af því leiddi.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu Ólafur Þorsteinsson og Sigurborg Geirmundsdóttir skulu að svo stöddu vera sýkn af kröfum stefnanda, tollstjórans í Reykjavík, í máli þessu, en málskostnaður gagnvart þeim falli niður.

Stefndu Sigurður Jónasson, Gestur Pálsson og Jónas Ólafsson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnanda kr. 54270.72 með 12% dráttarvöxtum p. a. frá 14. júlí 1944 til greiðsludags og kr. 2500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. febrúar 1946.

Nr. 47/1944. **Sigurður Benediktsson**
(Hrl. Egill Sigurgeirsson)
gegn
Magnúsi Thorlacius f. h. Kings Features Syndicate Inc., New York
(Hrl. Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Skuldamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. apríl 1944. Gerir hann þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Af þeim ástæðum, sem greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 800 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Benediktsson, greiði stefnda, Magnúsi Thorlacius f. h. King Features Syndicate Inc., New York, 800 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. marz 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. f. m., hefur Magnús hrl. Thorlacius f. h. King Features Syndicate Inc. í New York höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. nóv. f. á., gegn Sigurði blaðamanni Benediktssyni, Borgarholti við Engjaveg hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð sænskar kr. 380.00, ásamt 6%

ársvöxtum frá 20. nóv. 1938 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara*, að sér verði einungis gert að greiða s.kr. 20.00 án vaxta og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Um sumarið 1938 tókust samningar með stefnda fyrir hönd vikublaðsins Vikunnar og fyrirtæki, er nefnist Bulls Presstjänst A/B í Stocholm, þar sem hið sænska firma tókst á hendur að láta blaðinu í té á viku hverri myndir ásamt lesmáli úr framhaldsefni því, sem nefnt er „Serien Gyldenspjaet", í samningi um þetta, er undirritaður var 8. og 23. júní 1938. Endurgjald fyrir þetta var ákveðið í samningnum s. kr. 20.00 á viku hverri, og skyldu skipti þessi hefjast hinn 17. júlí s. á. Var blaðinu jafnframt áskilinn einkaréttur til birtingar þessa efnis á Íslandi, en samningurinn skyldi gilda í eitt ár. Hinn 5. sept. s. á. ritaði stefndi Bulls Presstjänst A/B og viðurkennir viðtöku reiknings, að fjárhæð s. kr. 120.00, um tímann frá 17. júlí til 27. ágúst, en hefir einnig uppi kvörtun um það, að honum hafi ekki verið send prentmyndamót nægilega snemma. Þau hafi ekki komið til Reykjavíkur fyrr en 31. ágúst, og þar eð vikublaðið „Hjemmet" í Kaupmannahöfn hafi þegar birt sama efni hér á landi, komi það ekki að gagni. Í bréfum, dags. 20. og 28. sept. s. á., minnir hið sænska hlutafélag stefnda á það, að hann hafi samið við forráðamenn „Hjemmet" um myndamótin, sem séu því ekki samningsatriði með sér og stefnda, og skorar jafnframt á hann að efna samninginn. Verður ekki séð, að stefndi hafi svarað bréfum þessum.

Hinn 15. okt. 1938 var stofnað hér í bænum hlutafélagið Vikan í því skyni m. a. að gefa út vikublað með sama nafni. Kom 1. tölublað þess út hinn 17. nóv. s. á. Stefndi var í upphafi hluthafi í félaginu og ritstjóri blaðsins, en virðist síðar hafa látið af starfinu og gengið úr félaginu, án þess að séð verði, hvenær það gerðist.

Í maímánuði 1942 mun stefnandi hafa sent blaðinu kröfubréf um greiðslu stefnukröfunnar í máli þessu. H/f Vikan krafðist nánari skýringa og virðist hafa fengið þær í bréfum sama sumar. Eitt þeirra hefur verið lagt fram í máli þessu, og segir þar m. a., að framangreint Bulls Presstjänst, sem fari með umboð stefnanda á Norðurlöndum, hafi tilkynnt samningana við stefnda í júlímánuði 1938, en í desember hafi hið sænska félag sent fyrirmæli um riftun samningsins sakir vanefnda um greiðslu, og hafi skuldin þá numið s. kr. 380.00 fyrir tímann frá 17. júlí til 26. nóv. Í maímánuði f. á. lét stefnandi höfða mál á bæjarþinginu gegn h/f Vikunni til greiðslu skuldar þessarar, en það mál var síðan hafið og mál þetta höfðað, eins og áður segir.

Stefndi byggði í upphafi sýknukröfu sína á því, að sér bæri ekki

að greiða skuld þessa, heldur útgefanda blaðsins, h/f Vikunni. en síðar í málflutningnum virðist hann hafa fallið frá þessari ástæðu, enda eru á engan hátt leidd rök að því, að nefnt hlutafélag hafi tekið að sér samninginn eða skuldina.

Í annan stað hefir stefndi haldið því fram, að Bulls Presstjänst A/B hafi vanefnt samninginn svo verulega, að hann hafi frá upphafi verið úr gildi fallinn, og vísar þar til bréfs síns frá 5. sept. 1938, er áður getur. Í því bréfi er, eins og fyrr var sagt, kvartað undan drætti á sendingu myndamóta, en gegn mótmælum stefnanda þykir ekki sýnt fram á, að það atriði hafi verið hluti af samningnum, sbr. fyrrgreind bréf til stefnda í sama mánuði. Verður ekki séð, að stefndi hafi á þeim tíma haft uppi neinar réttmætar kvartanir um efndir á samningnum, og verður þegar af þeirri ástæðu að telja hann bundinn við efndir hans.

Í munnlegum flutningi málsins vildi stefndi styðja sýknukröfu sína við það, að skuldin væri fyrnd. Gegn mótmælum stefnanda er eigi unnt að taka til greina þessa ástæðu, þar eð hún hefir eigi komið fram nægilega fljótt, enda verður að telja, að stefndi hefði getað komið henni að á fyrra stigi málsins.

Með hliðsjón af framanrituðu þykir sýknukrafa stefnda eigi svo rökstudd, að unnt sé að sinna henni.

Varakröfu sína hefir stefndi byggt á því, að efni það, er um var samið, hafi aðeins birzt í einu tölublaði Vikunnar, á meðan samningurinn var í gildi. Með tilvísun til þess, er áður segir um gildi samningsins, þykir það ekki geta haft þýðingu í málinu, að hve miklu leyti stefndi færði sér í not réttindi sín samkvæmt honum, og verður því þessari kröfu heldur ekki sinnt.

Verða málalok því þau, að dómkröfur stefnanda verða teknar til greina, þó svo, að ársvextir verða ákveðnir 5% og taldir frá stefnudegi. Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 150.00.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sigurður Benediktsson, greiði stefnanda, King Features Syndicate Inc., sænskar kr. 380.00 með 5% ársvöxtum frá 17. nóv. 1943 til greiðlsudags og kr. 150.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. febrúar 1946.

Nr. 139/1935 **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Hermann Jónasson)
gegn
Jóni N. Jóhannssyni
(Hrl. Kristján Guðlaugsson)

Bifreiðalagabrot. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Drengirnir voru á malarbrautinni nærri brún steinsteypta vegarins. Héldu þeir í sömu átt og ákærði. Bar ákærða því að gefa hljóðmerki, svo sem boðið er í 28. gr. laga nr. 23/1941, og ganga úr skugga um, að drengirnir hefðu veitt bifreiðinni athygli, áður en hann ók fram hjá þeim. Ákærði gerði þetta ekki, og hefur hann því gerzt brotlegur við nefnda grein bifreiðalaganna, sbr. 38. gr. sömu laga, svo og 215. gr. laga nr. 19/1940, en meta ber refsing ákærða með hliðsjón af því, að slysið má að miklu leyti rekja til hegðunar drengsins. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 1000.00 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 12 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo ber og að svipta ákærða ökuleyfi um 3 mánaða skeið, sbr. 39. gr. laga nr. 23/1941. Samkvæmt þessu ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, kr. 300.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 350.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jón N. Jóhannsson, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 12 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo ber og að svipta ákærða ökuleyfi um 3 mánuði frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæsta-

rétti, hæstaréttarlögmanns Hermanns Jónassonar, kr. 350.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda í héraði og fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Kristjáns Guðlaugssonar, samtals kr. 650.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 17. september 1945.

Ár 1945, mánudaginn 17. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2032/1945: Réttvísin og valdstjórnin gegn Jóni Níels Jóhannssyni, sem tekið var til dóms 12. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Níels Jóhannssyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Skólavörðustíg 17 B, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941. Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 7. júní 1909, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1932 $^{1}/_{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 $^{2}/_{1}$ Kærður fyrir skemmdir á kassa-apparati. Viðurkennt, en ekki talin ástæða til málssóknar.
1937 $^{6}/_{12}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{3}/_{5}$ Áminning fyrir brot gegn umferðarreglum.
1942 $^{5}/_{9}$ Sátt, 40 kr. sekt fyrir ölvun og brot gegn 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1944 $^{17}/_{12}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Hinn 9. maí síðastliðinn, um kl. 16,30, ók ákærði vörubifreið sinni R 271 austur Suðurlandsbraut. Hlass var ekkert á bifreiðinni og enginn í henni nema ákærði, sem var vel fyrir kallaður að öllu leyti. Veður var bjart og þurrt og bifreiðin í góðu lagi, bæði hemlar og stýrisútbúnaður. Við mót Suðurlandsbrautar og Holtavegar varð sex ára drengur, Eggert Matthías Kaaber, Hlíðarenda við Laugarásveg, fyrir bifreiðinni og beið bana af. Þar sem slysið varð og á öllu því svæði, er hér skiptir máli, er Suðurlandsbraut þannig háttað, eins og hinn framlagði uppdráttur sýnir, að suðurhluti hennar, um 8,25 metra breiður, er steinsteyptur, en norðurhlutinn, sem er nokkru mjórri, er malborinn. Holtavegur liggur til norðausturs af Suðurlandsbraut. Ákærði ók austur vinstri helming steypta vegarins með, að hann telur, allt að 40 km hraða, miðað við klukkustund. Þegar hann nálgaðist Holtaveg, sá hann tvo drengi á malarveginum, og voru þeir sem næst fyrir opnum Holtaveginum, 2—3 metra frá norðurbrún steypta vegarins. Honum virt-

ist drengirnir ganga austur veginn, og ætlaði hann að aka áfram, án þess að draga úr hraða bifreiðarinnar. Rétt áður en hann kom á móts við drengina, hljóp stærri drengurinn, sem var Ágúst Guðjón Hróbjartsson, Langholtsvegi 61, 8 ára, norður Holtaveginn, en hinn hikaði, og sýndist ákærða hann snúa sér að bifreiðinni. Ákærði sá svo ekki frekar til hans, því að hann var í þessu að aka fram hjá honum, en í sömu andránni heyrði hann eitthvað koma við bifreiðina, en gat ekki gert sér grein fyrir, hvar. Hann stöðvaði nú bifreiðina, eftir að hafa stýrt henni út á malarveginn, og aðgætti nú, hvað gerzt hafði. Þá lá drengurinn á grúfu nærri nyrzt á steypta veginum, snéri langs eftir veginum, og vissi höfuðið vestur. Það blæddi úr vitum drengsins, og virtist ákærða hann vera dáinn. Í þessu komu þarna að Ólafur Hannes Finsen verzlunarmaður, Skálholti við Kaplaskjólsveg, í bifreið austan veginn og Garðar Þormar bifreiðarstjóri, Aðalstræti 9 C, í bifreiðinni R. 2505 vestan veginn og námu staðar á slysstaðnum. Farþegi í R 2505 var Björn Kolbeinsson bifreiðarstjóri, Miklubraut 5, og sat í framsætinu hægra megin við Garðar Þormar. Þeir Garðar og Ólafur tóku drenginn upp og settu hann inn í bifreið Ólafs og fluttu hann á Landspítalann, en báðir telja þeir, að hann hafi dáið um leið og slysið varð.

Vitnið Garðar Þormar ók R 2505 á eftir R 271 austur veginn. Um tíma, áður en slysið varð, óku þær ámóta hratt, og var bilið á milli þeirra að áliti þessa vitnis á að gizka 25—30 metrar. Ökuhraða bifreiðanna telur vitnið hafi verið 20—25 eða allt að 30 km, miðað við klukkustund. Báðar bifreiðarnar óku á vinstra helmingi steypta vegarins. Vitnið sá drengina á malarveginum rétt við Holtaveginn mjög nálægt brún steypta vegarins, og virtist því þeir vera að kankast á. Þegar R 271 var á móts við drengina, sem ekki hefur verið nema augabragð, sá vitnið annan drengjanna, Eggert Matthías, hlaupa álútan á vinstri hlið bifreiðarinnar og lenda með höfuðið á fremra fjaðrahengsli á vinstri afturfjöður bifreiðarinnar, eftir því sem vitninu sýndist. Við þetta skall drengurinn frá bifreiðinni á götuna, en bifreiðin nam strax staðar. Vitnið sá hinn drenginn hlaupa niður Holtaveginn. Þegar drengurinn hljóp á bifreiðina, virtist vitninu hann vera að víkja undan hinum drengnum.

Vitnið Björn Kolbeinsson álítur, að ökuhraði beggja bifreiðanna hafi verið um 35 km, miðað við klukkustund, þegar slysið varð, og að bilið milli þeirra hafi verið á að gizka 15—20 metrar. Rétt áður en komið var að Holtavegi, sá vitnið drengina á þeim stað, sem fyrr er greint, og sýndist þeir vera að kankast. Vitnið veitti þeim þó enga sérstaka athygli, fyrr en það sá annan þeirra, Eggert Matthías, hlaupa álútan að steypta veginum og beint á R 271, sem þá var ekið fram hjá. Vitninu sýndist drengurinn lenda

á bifreiðinni framan við afturhjólið, takast á loft, snúast og falla svo á veginn. Hinn drenginn sá það fara niður Holtaveg. Vitnið staðfestir frásögn ákærða um, hvernig drengurinn lá á veginum.

Mjög skömmu áður en slysið varð, ók vitnið Ólafur Hannes Finsen austur Suðurlandsbrautina og sá þá tvo drengi, sem eflaust hafa verið margnefndir drengir, utan í norðurbrún vegarins nokkru austan við slysstaðinn, og virtist því þá enginn galsi vera í þeim. Vitnið snéri við á mótum Suðurlandsbrautar og Grensásvegar og ók síðan vestur Suðurlandsbrautina. Það sá bifreiðarnar R 271 og R 2505 koma vestan veginn og gizkar á, að þær hafi ekið á 25—30 km hraða, miðað við klukkustund, og að bilið milli þeirra hafi verið um 20 metrar. Vitnið sá ekki slysið, en sá, að bifreiðarnar voru stöðvaðar allt í einu. Vitnið nam staðar á slysstaðnum og sá, hvað orðið var, og ók með drenginn á sjúkrahús, sem áður segir. Drengurinn Ágúst Guðjón Hróbjartsson, 8 ára að aldri, sem var þarna með Eggert Matthíasi, hefur verið yfirheyrður, og segir hann, að þeir drengirnir hafi í þetta sinn verið að koma úr leikkofa, sem þeir áttu þarna í grenndinni. Eftir því sem næst verður komizt um málavexti af frásögn drengsins, voru þeir á malborna veginum við gatnamót Holtavegar, þegar bifreiðin kom að, og ætlaði Eggert Matthías þá yfir Suðurlandsbrautina, en stökk á bifreiðina og lenti á afturhluta hennar. Þá varð Ágúst Guðjón hræddur og hljóp burt. Hann segir þá ekki hafa verið að ólmazt né í neinum galsa, þegar bifreiðin kom.

Við krufningu líks drengsins fannst mjög mikið brot á hauskúpunni, mikil sköddun á heila, hryggjarliðir brotnir og átta rif brotin vinstra megin. Er það álit próf. Níels Dungals, sem framkvæmdi krufninguna, að þessi stórkostlegu meiðsli hafi leitt svo að segja samstundis til bana, því að blæðingar hafi verið mjög litlar úr frá þeim.

Samkvæmt málavöxtum, er nú hafa verið raktir, verður eigi séð, að ákærða verði gefin refsiverð sök á slysinu, og eigi hefur hann gerzt brotlegur við bifreiða- eða umferðarlögin. Ber því að sýkna hann að öllu leyti, og málskostnað allan, þar á meðal málsvarnarlaun til Kristjáns hæstaréttarlögmanns Guðlaugssonar, skipaðs verjanda ákærða, kr. 300.00, ber að greiða úr ríkissjóði.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jón Níels Jóhannsson, skal vera sýkn af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 300.00, til Kristjáns hæstaréttarlögmanns Guðlaugssonar, skipaðs verjanda ákærða.

Föstudaginn 22. febrúar 1946.

Nr. 147/1945. **Valdstjórnin** (Hrl. Hermann Jónasson)
gegn
Jóni Sigurðssyni Erlendssyni
(Hrl. Garðar Þorsteinsson).

Brot gegn áfengislögum, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt.

Dómur hæstaréttar.

Hæfilegt þykir, að kærði sé sviptur ökuleyfi 6 mánuði alls. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóminn með skírskotun til forsendna hans.

Samkvæmt þessum málalokum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 350.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að kærði, Jón Sigurðsson Erlendsson, skal sviptur ökuleyfi 6 mánuði alls.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónassonar og Garðars Þorsteinssonar, kr. 350.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 21. ágúst 1945.

Ár 1945, þriðjudaginn 21. ágúst, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Þórði Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2064/1945: Valdstjórnin gegn Jóni Sigurðssyni Erlendssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Sigurðssyni Erlendssyni verkamanni, Hallveigarstíg 10 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 1935, bifreiðalögum nr. 23 1941, umferðarlögum nr. 24 1941 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 1930.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 28. ágúst 1914 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, ekki sætt refsingu, en kærum sem hér segir:

1929 $^{8}/_{5}$ Kærður fyrir þjófnað og hlutdeild í þjófnaði. Málið afgreitt til sljórnarráðsins.

1936 $^{23}/_{5}$ Undirgekkst að greiða 25 kr. skaðabætur fyrir spellvirki.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt 8. maí s. l. bauð kærði tveimur kunningjum sínum, þeim Brynjólfi Eirikssyni á Hrafnkelsstöðum í Hraunhreppi og Guðmundi Inga Eirikssyni á Álftabakka í Álftaneshreppi, heim til sín að Hallveigarstíg 10. Kærði tók fram Vermouthflösku, sem hann átti, og tæmdu þeir úr henni. Munu þeir hafa drukkið álíka mikið hver af víninu, og kveðst kærði hafi fundið til áfengisáhrifa, er lokið var úr flöskunni. Kærði segir, að um eða jafnvel meira en klukkutíma síðar hafi þeir farið út í bifreið hans, R 436, er var fyrir utan húsið. Brynjólfur segir, að áður hafi verið umtal um, að hann æki þeim, en hann hafi viljað það síður bæði vegna vínneyzlu sinnar, þó að hann fyndi ekki til áfengisáhrifa, svo og þess, að hann væri óvanur að aka bifreið í bænum, en kærði minnist þess ekki, að það hafi verið orðað við Brynjólf, að hann skyldi aka bifreiðinni. Kærði settist undir stýri bifreiðarinnar og ók henni af stað. Kærða og félögum hans ber ekki saman um, hvert hann ók henni. Guðmundur Ingi segir aðeins, að kærði hafi ekið henni dálítið um bæinn, en Brynjólfur segir, að hann hafi ekið með þá að húsi einu innst á Laugavegi, þar sem kærði hafi snöggvast farið inn, en síðan hafi hann ekið niður Skúlagötu um Ingólfsstræti og Bankastræti upp á Skólavörðustíg. Kærði kveðst ekki muna eftir því, að hann færi inn á Laugaveg, en hann hafi ekið um nokkrar götur í miðbænum, seinast suður Lækjartorg.

Um kl. 5.05 þessa nótt var bifreiðinni R 2004 ekið niður Bankastræti, og stýrði Magnús Sigurðsson lögregluvarðstjóri henni, en farþegar í henni voru lögregluþjónarnir Lárus Salómonsson, Páll Eiriksson og Ólafur Ólafsson. Er þeir áttu ófarna nokkra metra, Lárus Salómonsson segir 10—14 metra, að gatnamótum Lækjargötu og Lækjartorgs, var bifreið kærða ekið norðan úr Lækjartorgi upp í Bankastræti. Segja lögregluþjónarnir, að henni hafi verið ekið hart og ógætilega yfir á syðri vegarhelming Bankastrætis, þ. e. vegarhelming bifreiðarinnar R 2004, nokkru fyrir framan þá bifreið. Lárus Salómonsson segir, að hraði bifreiðarinnar R 436 hafi verið allt of mikill, og hafi ekkert verið hægt á henni yfir gatnamótin og hafi stjórnandi hennar ekki virzt hafa vald á henni. Bifreiðinni hafi síðan verið þverbeygt yfir á nyrðri helming Bankastrætis um bíllengd fyrir neðan R 2004.

Lögregluþjónarnir veittu bifreið kærða eftirför og náðu henni, þar sem hún nam staðar fyrir utan Hallveigarstíg 10. Kærði sat

þá undir stýri hennar og annar fyrrgreindra félaga hans við hlið hans, en hinn í aftursæti. Kærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni. Páll Eiríksson hefur borið það, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis, og hafi það bæði sézt á augum hans, sem hafi verið fljótandi og dauf, svo og á göngu hans, því að hann hafi reikað í spori, er hann hafði stigið út úr bifreiðinni. Magnús Sigurðsson segir, að kærði hafi virzt greinilega drukkinn, og hafi hann bæði reikað í spori og verið eins og slappur í máli. Ólafur Ólafsson segir, að kærði hafi verið greinilega undir áhrifum áfengis, því hann hafi verið með drykkjuraus og verið rauður í augum. Lárus Salómonsson segir, að kærði hafi verið greinilega ölvaður, og hafi hann bæði reikað í spori og drykkjusljóleiki verið í andliti hans. Farið var með kærða á lögreglustöðina og þaðan á læknavarðstofuna, þar sem tekið var blóðsýnishorn úr honum.

Kærði viðurkennir ekki að hafa verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni, og telur, að áfengisáhrifin, er hann fann til af vermouthdrykkjunni, hafi verið horfin, nokkru áður en hann ók henni. Hann neitar því að hafa ekið hratt og ógætilega úr Lækjartorgi í Bankastræti.

Brynjólfur Eiríksson kveðst ekki skilja, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis, og hafi hann eigi merkt það á akstri hans, en hann kveðst hafa haft orð á því við hann, að sér þætti hann aka nokkuð hratt innan bæjar. Guðmundur Ingi Eiríksson kveðst líta svo á, að kærði hafi ekki verið undir áhrifum áfengis við aksturinn, og segir, að hann hafi eigi getað verið neitt verulega kenndur af vínneyzlu sinni, enda hafi hann eigi getað neitt merkt það á akstri hans, þó að hann hafi hins vegar keyrt allhratt um bæinn, og hafi þeir Brynjólfur haft orð á því við hann. Kærði man ekki, að félagar hans hefðu orð á þessu við hann.

Áfengisákvörðun í blóðsýnishorninu úr kærða sýndi, að áfengismagn þess var 1,80 af þúsundi.

Lárus Salómonsson lagði bifreið kærða fyrir utan Hallveigarstíg 10 og lét bifreiðina renna, og kveður hann fóthemla hennar hafa verið óvirka, er hann steig á þá, en handhemill hennar verið í lagi. Kærði segir, að fóthemlar bifreiðarinnar hafi verið í lagi, og hefur sýnt í lögregluréttinum skoðunarvottorð hennar. Samkvæmt því skoðaði bifreiðaeftirlitsmaður bifreiðina 8. maí s. l. og taldi hana þá í lagi.

Þó að kærði hafi ekki viljað viðurkenna að hafa fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðarinnar, þykir sannað með samhljóða frumburðum fyrrgreindra fjögurra lögregluþjóna, áfengismagni blóðsýnishornsins svo og framburði kærða sjálfs, að hann hafi fundið til áhrifa áfengis við akstur bifreiðarinnar í umrætt skipti. Hefur hann því gerzt brotlegur gegn 21. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 1. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiða-

laga nr. 23 16. júní 1941. Þá þykir sannað með framburðum lögreglumannanna, að kærði hefur ekið bifreiðinni of hratt og ógætilega og tekið ranga beygju úr Lækjartorgi upp í Bankastræti. Varðar sú háttsemi hans við 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna, 6. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941, sbr. 1. mgr. 31. gr., 32. gr. og 46. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Hins vegar er ósannað, að fóthemlar bifreiðar kærða hafi verið óvirkir. Refsing kærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber samkvæmt 39. gr. áfengislaganna og bifreiðarlaganna að svipta kærða bifreiðarstjóraréttindum í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Garðars Þorsteinssonar hrl., krónur 150.00.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jón Sigurðsson Erlendsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Hann skal sviptur bifreiðastjóraréttindum í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Garðars Þorsteinssonr hrl., krónur 150.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 22. febrúar 1946.

Nr. 118/1945. **Björn Pálsson** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Guðmundi Sigurðssyni. (Enginn).

Ómerking.

Dómur hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Stefndi hefur ekki komið fyrir dóm né nokkur af hans hendi, enda þótt honum sé löglega stefnt. Hefur málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935, og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Mál þetta kom fyrst fyrir fógetadóm 1. júní 1945, og

sótti áfrýjandi, sem krafizt hafði gerðarinnar, þá þing svo og gerðarþoli, stefndi í málinu. Á því dómþingi var málinu frestað, og næsti þingdagur ákveðinn 22. júní s. á. Þegar þing skyldi heyja þann dag, kom áfrýjandi ekki fyrir dóm og enginn af hans hendi. Var þó eigi kunnugt um lögmæt forföll hans. Þrátt fyrir þetta hélt fógeti áfram gerðinni og kvað upp úrskurð í málinu 23. s. m. andstætt ákvæðum 1. mgr. 118. gr. og 2. tölulið 119. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 223. gr. sömu laga, en samkvæmt nefndum lagaboðum ber að hefja mál, er sækjandi kemur eigi fyrir dóm í síðari þinghöldum.

Af þessum sökum verður að ómerkja meðferð málsins í héraði og hinn áfrýjaða úrskurð.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Meðferð málsins í héraði og hinn áfrýjaði úrskurður eiga að vera ómerk.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Húnavatnssýslu 23. júní 1945.

Gerðarbeiðandi, Björn Pálsson, bóndi Ytri-Löngumýri, Svínavatnshreppi, telur sig hafa misst silfurrefsafbrigði (White face) úr refagarði sínum á síðastliðnum vetri, sem svo hafi verið skotinn af gerðarþola, Guðmundi Sigurðssyni, Leifsstöðum, við fjárhús að Bollastöðum í Blöndudal, þar sem hann var farinn að ganga eftir æti. Er talið, að dýrið hafi verið skotið 29. janúar, en hvenær það slapp, er óupplýst, og ber mikið á milli. Gerir gerðarbeiðandi kröfu til þess, að skinnið af refnum verði tekið með fógetagerð úr vörzlu skotmannsins og afhent sér sem eiganda þess, enda sanni merki það, er á refnum var, eignarrétt hans á dýrinu, alveg á sama hátt sem um sauðkind eða hross væri að ræða.

Gerðarþoli kveðst hafa skotið refinn sem hvern annan villiref og neitar að afhenda skinnið, sem hann telur sína réttmætu eign, nema að greitt sé fullt verð samkvæmt mati.

Enginn ágreiningur virðist vera um það, að hið umdeilda skinn sé af ref þeim, er gerðarbeiðandi missti úr haldi. Velta því úrslit málsins á því, hvort gerðarbeiðandi verði talinn eigandi dýrsins, og þá einnig skinnsins, eftir að það slapp úr haldi og gerðist villirefur.

Gerðarbeiðandi vísar til merkis þess, sem var á dýrinu, og telur, að það helgi honum dýrið, á sama hátt og venja er um búfé. Á þetta getur fógetarétturinn ekki fallizt. Mark er sett á búfé, til þess að hægt sé að lesa það úr öðru búfé sams konar, þótt það gangi saman í heimahögum eða á afrétt. Búfé má leita uppi og draga sundur í rétt, svo að segja, hvenær sem menn óska. Refir geta hlaupið landshorna á milli á örstuttum tíma og verða yfirleitt ekki fundnir með leit og því síður reknir til réttar. Vegna tjóns þess, sem þeir geta valdið, liggja sektir við að sleppa þeim úr haldi, og valdi þeir sannanlegu tjóni, ber þeim að bæta það, sem missti þá úr haldi. En slík bótaskylda er ekkert sérkenni eignarréttar, heldur einnig vörzlu almennt. *Og merki á eyrum loðdýra er ekki eignarmark heldur ættarmerki.* Almennt er viðurkennt, að íslenzkur refur, sem sleppur úr haldi, taki þegar upp háttu villtra kynbræðra sinna og verði fljótt óþekkjanlegur frá þeim. Slíkt dýr verður því einnig að teljast villt og réttdræpt hverjum þeim, sem vill og getur ráðið því bana, og eignarréttur til dýrsins dauðs virðist hljóta að vera hinn sami sem til venjulegs villirefs. Villtur fugl í hendi manns, sem hefur handsamað hann, verður ekki af honum tekinn. Hann er eign hans. En missi hann fuglinn, á hann þess engan kost að gera eignarrétt sinn gildandi lengur og getur ekki helgað sér hann úr hendi skotmanns, jafnvel þó hann væri merktur. Silfurrefir munu að vísu leita frekar en íslenzkir refir að bústöðum manna til að leita fanga, fyrst eftir að þeir sleppa úr haldi. Þó hefur opinberlega verið sagt frá silfurref í Þingeyjarsýslu, sem lagði lag sitt við íslenzkan villiref og átti greni með honum. Hér virðist því nánast um örlítinn stigmun að ræða, en ekki eðlismun. Ef játa á manni eignarrétti að silfurref, sloppnum úr haldi, verður einnig að játa eignarrétti að íslenzkum ref, sloppnum úr haldi, jafnvel þó hann hafi árum saman lifað villtur sem grenlægja. Þá ber og þess að gæta, að allar þær ráðstafanir, sem í lögum um loðdýrarækt er gert ráð fyrir, að gerðar séu til þess að ná aftur sloppnum refum, eru augljóslega miðaðar við það, að tjón hljótist ekki af dýrinu, án tillits til þess, þótt verðmæti dýrsins fari forgörðum.

Samkvæmt framansögðu lítur rétturinn svo á, að frjáls refur sé viltur refur, alveg án tillits til þess, hvort refurinn er merktur ættarmarki eða ekki. En af því leiðir, að slíkur refur verður að teljast eign þess, er veiðir hann.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna fógetagerð á ekki að njóta framgangs.

Föstudaginn 22. febrúar 1946.

Nr. 11/1945. **Björn Björnsson** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Bæjarstjóranum í Neskaustað f. h. bæjarsjóðs (Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ómerking og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Jónas Thoroddsen, bæjarfógeti í Neskaupstað, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Fyrir fógetadómi hafði áfrýjandi uppi þær varnir, að mikill hluti útsvars þess, sem hann var krafinn um, hefði verið lagður á viðskiptaveltu verzlunar hans, en sú álagning hafi verið andstæð ákvæðum 4. gr. laga um útsvör nr. 106/1936. Fógeti hefur ekki tekið þessa varnarástæðu, sem ber undir dómstóla, til úrlausnar, og þykir því verða að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og leggja fyrir fógeta að skera úr um sakarefnið.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim til úrskurðar um sakarefni samkvæmt framanskráðu.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Neskaupstaðar 25. október 1944.

Gerðarbeiðandi hefur krafizt þess, að lögtak verði látið fram ganga fyrir ógreiddu útsvari gerðarþola fyrir árin 1943 og 1944, samtals kr. 8665.52, auk kostnaðar við gerð þessa.

Heldur gerðarbeiðandi því fram, að útsvörin séu álögð samkvæmt skala niðurjöfnunarnefndar Neskaupstaðar, en reglur nefndarinnar hafi verið margviðurkenndar af ríkisskattanefnd á undanförnum árum. Enn fremur heldur gerðarbeiðandi því fram, að lagt hafi verið útsvar á gerðarþola eins og aðra hliðstæða gjaldendur.

Gerðarþoli hefur hins vegar neitað að greiða hið umkrafða útsvar, þar eð hann telur, að reglur niðurjöfnunarnefndar, þær sem hér um ræðir, brjóti freklega í bága við núgildandi útsvarslög, þar eð ekki sé farið eftir þeirri þungamiðju útsvarslaganna að leggja útsvör á eftir efnum og ástæðum, svo og þar eð það ákvæði laganna um, að ekki sé gert upp á milli gjaldþegnanna innbyrðis, sé algerlega sniðgengið. Bendir gerðarþoli á það máli sínu til stuðnings, að útsvar sitt 1943 sé um 69% af raunverulegum tekjum sínum, þ. e. netto-tekjum 1942 að frádregnu útsvarinu, og að útsvar sitt 1944 sé á sama hátt um 63% af raunverulegum tekjum ársins 1943.

Gerðarbeiðandi heldur fast við kröfu sína um, að lögtakið verði látið fram fara, og telur, að gerðarþoli hafi gengið fram hjá þeim aðiljum, sem málið eigi að úrskurða, en það séu yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd. Vísar gerðarbeiðandi þessum málstað sínum til stuðnings í 24. gr. útsvarslaganna nr. 106 23. júní 1936.

Rétturinn lítur svo á, að það sem hér sé um deilt, sé aðeins, hve hátt útsvar beri að leggja á gerðarþola í máli þessu, þar eð útsvarsskylda hans hér í Neskaupstað hefur ekki verið véfengd.

Samkvæmt 24. gr. útsvarslaganna nr. 106 frá 23. júní 1936 er úrskurður ríkisskattanefndar fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð, og getur því rétturinn ekki lækkað útsvar gerðarþola, enda þótt hann áliti það ósanngjarnt. Er því lögtakskrafa gerðarbeiðanda tekin til greina ásamt málskostnaði, sem telst hæfilega metinn á kr. 200.00.

Því úrskurðast:

Umbeðið lögtak skal fram ganga fyrir lögtakskröfunni, kr. 8665.52, svo og málskostnaði, kr. 200.00.

Föstudaginn 22. febrúar 1946.

Nr. 132/1945. **Hermann Hjartarson**
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Hreppsnefnd Breiðdalshrepps (Enginn).

Vísun máls frá hæstarétti.

Dómur hæstaréttar.

Stefndi hefur hvorki komið fyrir hæstarétt né nokkur af hans hendi, og hefur málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935.

Stefna til hæstaréttar í máli þessu, dags. 18. október 1945, hefur samkvæmt áritun á hana verið birt af einum stefnuvotti og öðrum nafngreindum manni, er stefnuvotturinn kveðst hafa kvatt til í forföllum hins stefnuvottsins. Slík stefnubirting er andstæð 89. gr. laga nr. 85/1936, og leiðir þessi galli til vísunar málsins frá hæstarétti.

Eftir þessari niðurstöðu á málskostnaður fyrir hæstarétti að falla niður.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 25. febrúar 1946.

Nr. 158/1945. **Leifur Böðvarsson**
(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Bæjarfógetanum á Akranesi f. h. ríkissjóðs
(Hrl. Kristján Guðlaugsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Skattamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 4. desember 1945 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 5. s. m. Krefst hann þess, aðallega að synjað verði um framgang lögtaksgerðar og honum dæmdur málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti, en til vara, að lögtak verði einungis heimilað fyrir kr. 1980.00 og málskostnaður verði látinn falla niður fyrir báðum dómum. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti.

Í 3. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 219/1939 er svo kveðið á, að sé hlutur seldur hærra verði en hann er fyrndur niður

í, skuli mismunurinn á söluverði hans og eftirstöðvum af afskrift hans teljast skattskyldar tekjur. Venjuleg fyrning á fasteignum er þó undan skilin. Að því er tekur til atvika þessa máls, fer ákæði þetta í bága við 7. og 9. gr. laga nr. 6/1935. Ríkisskattanefnd hefur skýrt ákvæði reglugerðarinnar þannig, að í því felist heimild til að skattleggja sem tekjur þann hluta af söluverði skips, sem nemur fyrningu þess, meðan seljandi átti það, þó ekki meira en söluverð fer fram úr skráðu verði. Jafnvel þó þessi skilningur sé lagður í ákvæði reglugerðarinnar, þá fer það allt að einu í bága við 9. og 10. gr. laga nr. 6/1935. Loks verður að telja, að áfrýjanda hafi verið heimilt að reikna til frádráttar tekjum, er hann aflaði 1942, fyrningu skipsins þann hluta þess árs, er það var í eigu hans.

Samkvæmt framanskráðu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 1200.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, bæjarfógetinn á Akranesi f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Leifi Böðvarssyni, samtals kr. 1200.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 30. júní 1945.

Ár 1945, laugardaginn þann 30. júní, var í fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var á skrifstofu embættisins í Hafnarfirði í forföllum hins regulega fógeta af fulltrúa hans Oddgeiri Magnússyni, upp kveðinn úrskurður í lögtaksmálinu:

Bæjarfógetinn á Akranesi f. h. ríkissjóðs gegn Leifi Böðvarssyni útgerðarmanni, til heimilis að Fögrubrekku í Seltjarnarneshreppi, en mál þetta var tekið til úrskurðar af nýju 22. f. m.

Máli þessu var með dómi hæstaréttar 12. marz s. l. vísað heim

til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju, þ. e. hinn áfrýjaði úrskurður og meðferð málsins frá 12. maí 1944 skyldi ómerk vera.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dags. 22. febr. f. á., hefur gerðarbeiðandinn, bæjarfógetinn á Akranesi, að undangengnum úrskurði s. d., sent til innheimtu þinggjaldsseðil gerðarþola með gjalddaga 18. sept. 1943, að ógreiddum eftirstöðvum, kr. 1980.00.

Einnig skattseðil sama með gjalddaga 31. des. 1943, sem sýnir ógreiddan viðbótar- tekju- og eignarskatt, lífeyrissjóðsgjald, stríðsgróðaskatt og verðlækkunarskatt sama (gerðarþola) samkvæmt úrskurði ríkisskattanefndar, upp kveðnum 25. nóv. 1943, alls kr. 12619.50.

Lætur gerðarbeiðandi þess getið í lögtaksbeiðninni, að gerðarþoli hafi tilkynnt sér, að skattar þessir yrðu ekki greiddir öðruvísi en með málssókn eða lögtaki.

Umboðsmaður gerðarþola, hrl. Sigurgeir Sigurjónsson, hefur gert þær réttarkröfur, að neitað verði um framgang gerðarinnar og að umbjóðanda hans verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt taxta M. F. Í.

Umboðsmaður gerðarþola hefur til rökstuðnings kröfum sínum bent á, að fyrir árið 1942 hafi umbjóðanda hans verið gert að greiða samtals í skatta kr. 14203.00, og hafi þá upphaflega verið miðað við framtal gerðarþola óbreytt.

Gerðarþoli greiddi þessa upphæð, en eftir að greiðslan átti sér stað, breytti yfirskattanefnd Akranesskaupstaðar framtali gerðarþola þannig, að hún neitaði að taka til greina fyrningu m/s Fagraness í 10 mánuði til söludags á árinu 1942, kr. 4500.00, með þeirri röksemd, að þar sem skipið hafi verið selt á árinu fyrir miklu hærra verð en kaupverð þess nam upphaflega, þá geti ekki verið um fyrningu að ræða *á því ári, og* hækkaði nefndin þá skatta gerðarþola um samtals kr. 1980.00 upp í kr. 16183.00.

Við þetta vildi gerðarþoli eigi una og kærði til ríkisskattanefndar (með bréfi, dags. 28. sept. 1943,) og krafðist þess, að nefnd skattahækkun yrði felld niður með öllu.

Ríkisskattanefndin staðfesti síðan úrskurð yfirskattanefndar Akranesskaupstaðar, en hækkaði auk þess tekjur gerðarþola um kr. 26441.30, þ. e. leyfði ekki afskriftir þær, er fram höfðu farið á fyrri árum, þannig að tekjur gerðarþola voru hækkaðar samtals um kr. 30941.30.

Samkvæmt þessum úrskurði ákvað ríkisskattanefndin skatta gerðarþola samtals kr. 28802.50, sem að frádregnum kr. 14203.00, er greiddar hafa verið, nema kr. 14599.50, eða þeirri upphæð, sem lögtaks var krafizt fyrir.

Umboðsmaður gerðarþola hefur algerlega mótmælt réttmæti þessarar kröfu á þeim forsendum, að úrskurður yfirskattanefndar Akranesskaupstaðar og ríkisskattanefndar séu ekki lögum samkvæmir.

Telur umboðsmaður gerðarþola, að ríkisskattanefnd hafi byggt þessa ákvörðun sína á 3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar frá 1939, er hljóðar svo: „Ef hlutur er seldur hærra verði en hann er fyrndur niður í, skal mismunurinn á söluverði hans og eftirstöðvum af afskrift hans teljast skattskyldar tekjur.

Þetta á þó ekki við um reglulega fyrningu á fasteignum."

Heldur umboðsmaður gerðarþola því fram, að þessi regla eigi ekki stoð í lögum þeim, er reglugerðin byggist á, en í öðru lagi, að þó svo væri, þá gildi reglan ekki hér, þar sem hér sé um skip að ræða, en um þau gildi sama reglan og um fasteignir per analogiam, sbr. sömu málsgrein in fine.

Þá heldur umboðsmaður gerðarþola því fram, að umbjóðandi hans hafi samkvæmt 10. gr. tekjuskattslaganna nr. 6 frá 1935 haft heimild til að draga frá venjulega fyrningu, eða í þessu tilfelli 6% af vátryggingarverði m/s Fagraness, hvað hann hafi gert athugasemdalaust af skattanefndum öll þau ár, er hann átti skipið og þar til skattanefndin svipti gerðarþola þeim rétti, og það algerlega heimildarlaust, að hann telur.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda, hrl. Kristján Guðlaugsson, hefur gert þær réttarkröfur, að hin umbeðna gerð nái fram að ganga og að umbjóðanda hans verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur mótmælt þeirri skoðun umboðsmanns gerðarþola, sem hann aðallega byggir kröfu sína á, þ. e. að 3. mgr. 1. gr. fyrrgreindrar reglugerðar frá 1939 hafi ekki stoð í lögum nr. 6 9. janúar 1935.

Þá hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælt þeirri skoðun umboðsmanns gerðarþola, sem hann byggir kröfur sínar á, í öðru lagi, að þótt reglan hafi stoð í lögum, þá gildi hún ekki hér, þar sem um skip sé að ræða, en um þau gildi sama reglan sem um fasteignir per analogiam samkvæmt sömu grein in fine.

Telur umboðsmaður gerðarbeiðanda slíka lögjöfnun vafalaust vera heimila, ef fasteignir og skip lytu að öllu leyti sömu reglum, en svo sé að sjálfsögðu ekki.

Telur hann og, að ráðherra geti vafalaust látið undantekningarákvæðin um venjulega fyrningu fasteigna einnig ná til skipa, svo sem gert hafi verið í reglugerð nr. 57 frá 17. apríl 1944.

Þetta hafi ekki verið gert í reglugerð nr. 219 21. des. 1939 og skiljist sér, að úrskurður ríkisskattanefndar sé réttur, og fullyrðir, að analogia umboðsmanns gerðarþola í þessu efni hafi ekki við

rök að styðjast, heldur þurfi skýlaust laga- eða reglugerðarákvæði til að skip skuli við sölu lúta sömu reglum og fasteignir, að því er fyrningu varðar.

Eigi verður að áliti réttarins fallizt á varnarástæður umboðsmanns gerðarþola.

Ákvæði 3. mgr. reglugerðar nr. 219 frá 1939 virðist sett samkvæmt heimild í lögum nr. 6 frá 9. jan. 1935, gr. 10, og getur rétturinn því ekki fallizt á þá varnarástæðu gerðarþola, að reglugerðarákvæðið eigi ekki stoð í lögum. Heimild ráðherra, sbr. l. nr. 6 frá 1935, til að ákveða með reglugerð, hvernig fyrningarafskrift skuli koma til frádráttar skattskyldum tekjum, virðist nægilega rúm til að skipa þessum málum, svo sem gert er í reglugerð nr. 219 frá 1939. Aðalvarnarástæða gerðarþola verður því ekki tekin til greina.

Niðurlagsákvæði 3. mgr. reglugerðar nr. 219 frá 21. des. 1939 um breytingu á reglugerð nr. 133 frá 23. des. 1936 um tekju- og eignarskatt er undantekningarákvæði, sem ekki verður lögjafnað frá á þann hátt, sem gerðarþoli hefur viljað halda fram. Samanburður í ákvæði reglugerðar nr. 133 frá 1936, 3. mgr. in fine, og ákvæði reglugerðar nr. 57 frá 17. apríl 1944, 3. mgr. in fine, bendir og til þess, að ekki sé heimilt að lögjafna frá niðurlagsákvæði 3. mgr. reglugerðar nr. 219 frá 1939, heldur beri að skoða niðurlag 3. mgr. reglugerðar nr. 57 frá 1944 sem efnisbreytingu á niðurlagsákvæði 3. mgr. reglugerðar nr. 219 frá 1939. Sú varnarástæða gerðarþola, að skip falli undir ákvæði reglugerðar nr. 219 frá 1939, 3. mgr. in fine, verður því heldur ekki tekin til greina. Þá verður heldur ekki á það fallizt hjá umboðsmanni gerðarþola, að umbjóðandi hans geti losnað við skattgreiðslu þá, sem hann nú er krafinn um, með þeim rökum, að gerðarþoli hafi óátalið afskrifað 6% á ári af vátryggingarverði m/s Fagraness öll þau ár, sem hann átti skipið. Sú afskrift hefur á sínum tíma verið heimil og gerðarþoli notið skatthlunninda hennar vegna öll þau ár, sem hann átti skipið. Þegar hann hins vegar selur skipið á árinu 1942, kemur í ljós, að söluverð skipsins er slíkt, að afskriftarheimildin hefur verið notuð algerlega um þörf fram, og því ber gerðarþola að greiða skatta af þeim fjárhæðum, sem hann vegna fyrningar hefur fengið dregið frá tekjum fyrri ára.

Mótmæli gerðarþola gegn framgangi gerðarinnar verða því ekki tekin til greina, og ber því að taka til greina kröfur gerðarbeiðanda og leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar til tryggingar framangreindum þinggjaldskröfum gerðarbeiðanda.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði kr. 600.00 í málskostnað.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppkvaðningu úrskurðar þessa, stafar m. a. af margháttuðum embættisönnum dómarans.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal ná fram að ganga.

Gerðarþoli greiði umboðsmanni gerðarbeiðanda kr. 600.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. febrúar 1946.

Nr. 36/1945. **Jakob Jónsson, Kristján Jónsson, Þorsteinn Jónsson og Björgvin P. Jónsson**
(Hrl. Gústav Sveinsson)
gegn
Verzluninni Agli Jacobsen h/f
(Hrl. Gústaf Sveinsson)

Húsaleiga. Útburðargerð.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Þosteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. marz 1945. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburðargerðina. Svo krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum in solidum málskostnað fyrir hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum að greiða stefnda in solidum málskostnað fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 700 krónur.

Það athugast, að fógeti hefur ekki ákveðið, hvort málið skyldi flytja munnlega eða skriflega og að gagnasöfnun hefur ekki farið fram á réttu stigi málsins.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Jakob Jónsson, Kristján Jónsson, Þorsteinn Jónsson og Björgvin P. Jónsson, greiði in solidum stefnda, verzluninni Agli Jacobsen h/f, kr. 700.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 25. janúar 1945.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 11. jan. s. l., hafa eigendur hússins Klapparstígs 31 hér í bæ, þeir Jakob Jónsson, Kristján Jónsson, Þorsteinn Jónsson og Björgvin P. Jónsson, krafizt þess, að Verzlunin Egill Jacobsen h/f verði borin út úr húsnæði því, er hún hefur haft á leigu í húsinu nr. 31 við Klapparstíg. Byggir gerðarbeiðandi kröfu sína á því, að gerðarþoli skuldi sér nú 5 mánaða húsaleigu, samtals krónur 2387.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Með leigusamningi, dags. 16. ágúst 1937, seldi Þorsteinn Jónsson kaupmaður f. h. eigenda hússins Klapparstígs 31 Verzluninni Egill Jacobsen á leigu frá 1. okt. 1937 verzlunarhúsnæði í ofangreindu húsi. Verzlunin hefur síðan haft þetta húsnæði til afnota.

Í 6. gr. leigusamningsins segir, að leiga skuli vera kr. 350.00 á mánuði og skuli greiðast fyrirfram þann 1. hvers mánaðar. Er þar enn fremur svo ákveðið í 5. gr., að leigusali skuli annast allt viðhald hins leigða, t. d. endurnýja gólfdúka, ef þeir slitna, á sinn kostnað.

Á síðastliðnum vetri fór gerðarþoli þess á leit við gerðarbeiðanda, að gólfdúkar verzlunarinnar yrðu endurnýjaðir vegna slits, er á þeim hafi orðið, en gerðarbeiðandi muni eigi hafa sinnt þeirri málaleitun, og heldur ekki síðari tilmælum í þá átt.

Með bréfi, dags. 1⅔ s. l., sneri gerðarþoli sér svo til borgardómarans í Reykjavík og fór fram á, að dómkvaddir yrðu 2 skoðunar- og matsmenn til að skoða dúkana á gólfum verzlunarinnar, og skyldu þeir einnig segja álit sitt um, hvort nauðsyn bæri til endurnýjunar dúkanna, enn fremur hve mikið ný dúkalagning mundi kosta, ef til þess kæmi. Samkvæmt áliti matsmanna, dags. 25. maí s. l., sjá rskj. 4, var dúkurinn það slitinn, að nauðsyn

bæri til, að nýr dúkur væri lagður, og mundi kostnaður við þá lagningu nema kr. 1531.80 eða kr. 1480.00 eftir því, hvaða tegund dúks væri notuð.

8. júní s. l. tilkynnti svo gerðarþoli gerðarbeiðanda, sjá rskj. 12, bæði um álit matsmanna og einnig, að nýr dúkur mundi verða lagður á kostnað gerðarbeiðanda. Enn fremur að kostnaður samkvæmt matsgerðinni yrði dreginn frá leigugreiðslum. Ekki mun þessu bréfi gerðarþola hafa verið mótmælt þá.

Er dúkalagningunni var lokið, var gerðarbeiðanda tilkynnt það með bréfi, dags. 28. ág. s. l., sjá rskj. 5, og það með, að framvegis yrði engin leiga greidd, unz leigugreiðslur næmu samtals kostnaðinum við dúkalagninguna. Ekki mun gerðarbeiðandi heldur hafa mótmælt efni þessa bréfs.

Með bréfi, dags. 9/12 s. l., sjá rskj. 6, bauð gerðarþoli gerðarbeiðanda uppgjör á þessum skiptum. Taldist gerðarþola svo til, að gerðarbeiðandi ætti inni hjá sér húsaleigu fyrir mánuðina ágúst—nóvember *inclusive*, samtals kr. 1918.00, og er margnefndur dúkalagningarkostnaður, kr. 1531.80, væri frá dreginn, næmi inneign gerðarbeiðanda kr. 386.20, en þar sem gerðarbeiðandi hefði neitað að veita þeirri upphæð viðtöku, yrði henni deponerað í Landsbanka Íslands, og yrði sama meðferð framvegis á höfð um leigugreiðslur, þangað til rættist úr þessum viðtökudrætti gerðarbeiðanda. Þetta bréf mun ekki hafa borizt gerðarþola fyrr en 17. des. s. l., og þann 21. des. s. l. mótmælti gerðarbeiðandi þessu uppgjöri sem allsendis ófullnægjandi.

Þann 16. des. s. l. sneri gerðarbeiðandi sér til fógetaréttarins og krafðist útburðar á gerðarþola, þar sem gerðarþoli skuldaði sér 5 mánaða húsaleigu. Telur gerðarbeiðandi, að gerðarþola hafi brostið heimild til að skuldajafna dúklagningarkostnaðinum við leigugreiðslurnar, og sé greiðsludráttur hans því óverjandi, svo útburði ætti að varða. Vísaði gerðarbeiðandi einnig til 6. greinar samningsins á rskj. 2, en þar segir, svo sem áður getur, að leiga skuli greidd fyrirfram. Hafi því gerðarþoli vanefnt samningsskyldur sínar gróflega einnig að þessu leyti.

Hvað því atriði viðvíkur, að gerðarþoli hafi ekki átt rétt á fyrrnefndri skuldajöfnun, athugast eftirfarandi: Gerðarþoli hefur, svo sem að framan getur, þráfaldlega, en árangurslaust, farið fram á nýja gólfdúkslagningu, og var þó að óhnekktu mati dómkvaddra, óvilhallra matsmanna full þörf á nýjum gólfdúk. Verður því að álíta, að gerðarþoli hafi átt rétt á að hefjast handa um að dúkleggja gólf verzlunarinnar á kostnað gerðarbeiðanda. Enn fremur að greiðasta leiðin til að færa þau útgjöld á virkan hátt yfir á kostnað gerðarbeiðanda hafi verið sú, að skuldajafna kostnaðinum við dúkalgninguna við leigugreiðslurnar, þar sem gerðarþoli hafði samkvæmt fyrri framkomu gerðarbeiðanda í þessu efni

fyllstu ástæðu til að líta þannig á, að hann mundi ekki endurgreiða gerðarþola þenna kostnað ótilneyddur.

Því hefur verið hreyft af hálfu gerðarbeiðanda, að eigi sé sannað, að slitið á gólfdúknum sé eigi að kenna atvikum, sem gerðarþola sé næst að bera ábyrgð á.

Eðlilegast virðist nú að líta þannig á, að þetta slit stafi að allmestu leyti af venjulegum umgangi viðskiptavina í fjölsóttri verzlun og að samkvæmt eðlilegum forsendum fyrir leigu á verzlunarhúsnæði, sbr. einnig 5. gr. leigusamningsins, beri gerðarþoli ekki sérstaklega ábyrgð á því sliti.

Leiga fyrir verzlunarhúsnæði þetta mun, allt frá því er samningstímabilið hófst, hafa verið greidd eftir á, sbr. einnig vottorð endurskoðunarskrifstofu N. Manschers á rskj. 8, dags. 19. des. 1944.

Allt frá 1. okt. 1937 til 1. okt. 1942 gaf gerðarbeiðandi gerðarþola kvittanir fyrir greiddri leigu án nokkurs fyrirvara vegna greiðsludráttar.

Af hálfu gerðarbeiðanda er gefin sú skýring á þessum fyrirvaralausu kvittunum, að gerðarbeiðandi hafi átt skuld að lúka gerðarþola, sjá rskj. 2, 3. gr., allt til 1. okt. 1942, er sú skuld var að fullu greidd. Hafi af þeim sökum verið þýðingarlaust að reyna að ná rétti sínum á gerðarþola vegna þessa greiðsludráttar.

Hvað sem þessari skuld líður, verður þó eðlilegast að líta þannig á, að gerðarþoli hafi, til þess að vernda rétt sinn, getað gefið þessar kvittanir með fyrirvara, — tákn þess, að hann teldi þessa greiðsluaðferð gerðarþola ólögmætt samningsrof gagnvart sér, og að hann, hvað sem frekari aðgerðum liði, áskildi sér allan rétt gegn gerðarþola út af því efni án nokkurs óhagræðis fyrir sig.

Eftir 1. okt. 1942 mun gerðarbeiðandi, sbr. eigin skýrslu á rskj. 13, stundum hafa gefið kvittanir með fyrirvara, en stundum ekki, sjá t. d. kvittanir á rskj. 7.

Það verður nú e. t. v. ekki sagt, að venja hafi skapazt þess efnis, að gerðarþoli hafi þrátt fyrir hljóðan 6. gr. leigusamningsins öðlazt rétt til að fá að greiða eftirá. En þó verður í öllu falli að líta þannig á, að gerðarbeiðandi hafi samkvæmt framansögðu gefið gerðarþola ærna ástæðu til að ætla, að hann legði ekki á neinn hátt ríka áherzlu á, að leiga yrði greidd fyrirfram, eins og tilskilið var í upphafi. Verður því ekki álitið, að af hálfu gerðarþola sé um svo veruleg vanskil að ræða, að útburði eigi að varða.

Með uppgjörstilboði sínu þann 9. des. s. l. og síðan með depositio á leigu fyrir des. þann 18. sama mánaðar, sjá rskj. nr. 11, enn fremur með depositio á janúarleigu, þann 5. jan. þ. árs, sjá rskj. nr. 16, hefur gerðarþoli sýnt, að hann skortir hvorki vilja né getu til að standa í skilum með leigugreiðslur sínar.

Að öllu þessu athuguðu kemst rétturinn að þeirri niðurstöðu, að synja beri um framkvæmd hinnar umbeðnu fógetagerðar. Auk

þess þykir samkvæmt málavöxtum sannlegast, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 140.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna fógetagerð skal ekki fara fram.

Gerðarbeiðendur, eigendur hússins Klapparstígs 31, þeir Jakob Jónsson, Kristján Jónsson, Þorsteinn Jónsson og Björgvin P. Jónsson, greiði in solidum gerðarþola, Verzluninni Agli Jacobsen h/f, kr. 140.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. febrúar 1946.

Nr. 106/1944. **Kristján Guðmundsson**
gegn
Halldóri Benediktssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján Guðmundsson, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. marz 1946.

Nr. 10/1946. **Útgerðarfélagið Narfi**
gegn
Áka Jakobssyni.

Frestur veittur til sameiningar mála í hæstarétti.

Úrskurður hæstaréttar.

Áfrýjandi höfðaði mál þetta í héraði gegn stefnda til greiðslu fjárkröfu, og gekk dómur í málinu á bæjarþingi Reykjavíkur þann 6. nóvember 1945. Stefndi, sem dæmdur var til fjárgreiðslu, áfrýjaði dóminum með stefnu 25. janúar síðastliðinn, og á samkvæmt stefnunni að þingfesta málið í næstkomandi maímánuði. Áfrýjandi skaut málinu af sinni

hálfu til hæstaréttar með stefnu 29. janúar síðastliðinn til þingfestingar í febrúarmánuði þ. á. Þegar málið var þingfest 27. f. m. krafðist áfrýjandi þess, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur, stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins og að málið yrði þegar í stað tekið til dóms. Stefndi krafðist aðallega frests til maímánaðar næstkomandi, en til vara frests samkvæmt mati dómsins, en frestinn ætlar hann að nota til þess að láta birta áfrýjunarstefnu sína og sameina síðan málin hér fyrir dómi.

Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. laga nr. 112/1935 á stefndi rétt á að fá frest til þess, að hans sök verði sameinuð sök áfrýjanda. Áfrýjandi á heimilisfang í fjarlægu héraði, stefnufrestur hefur verið ákveðinn 4 vikur, og þykir því frestur til maímánaðar hæfilegur. Ber því að taka aðalkröfu stefnda til greina.

Ályktarorð:

Stefnda, Áka Jakobssyni, veitist frestur til næstkomandi maímánaðar, til þess að hans sök verði sameinuð sök áfrýjanda, Útgerðarfélagsins Narfa, í máli þessu.

Mánudaginn 4. marz 1946.

Nr. 94/1945. **Sigurður Jónasson**
(Hrl. Guttormur Erlendsson)
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og gagnsök (Hdl. Hermann Jónsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Skattamál.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 1. ágúst 1945. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Þá hefur aðaláfrýjandi gert ýmsar varakröfur til lækkunar á stefnukröf-

um í héraði, enda krefst hann þess, að vextir verði aðeins dæmdir 6% frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaður falli þá niður fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 29. nóvember 1945 skotið málinu til hæstaréttar með stefnu sama dag. Krefst hann þess, að gagnstefndi verði dæmdur til greiðslu kr. 67376.96 ásamt 6% ársvöxtum frá 11. nóvember til 31. desember 1942 og 12% ársvöxtum frá hinum síðartalda degi til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnstefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt þeim rökum, er í héraðsdómi greinir, eru skattskyldar tekjur aðaláfrýjanda árið 1940 kr. 188250.00
Frá þeirri fjárhæð ber að draga $^{8}/_{10}$ hluta af kr. 52127.04, sem er sá hluti, er aðaláfrýjanda ber að lokum að greiða af skatti Tóbaksverzlunar Íslands h/f ..... — 49810.28

Skattskyldar tekjur aðaláfrýjanda árið 1940 nema því ..... kr. 138439.72
enda er ekki, eins og á stendur, efni til að draga þar frá tekjuskatts-viðaukann frá 1939.
Tekjuskattur af kr. 138400.00 nemur þá .. kr. 63880.32
Viðbótartekjuskattur frá 1939 ..... — 5532.80

Kr. 69413.12
Frá því dragast þegar greiddar ..... — 2036.16

Vangoldinn tekjuskattur aðaláfrýjanda árin 1939 og 1940 nemur því samtals ..... kr. 67376.96
Ber honum að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 11. nóvember 1942 til 31. desember s. á. og 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 45. gr. laga nr. 6/1935 og 13. gr. laga nr. 20/1942.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sigurður Jónasson, greiði gagnáfrýjanda, tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, kr.

67376.96 ásamt 6% ársvöxtum frá 11. nóvember til 31. desember 1942 og 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. júlí 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m. og flutt hefur verið skriflega, hefur tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. júlí 1944, gegn Sigurði forstjóra Jónassyni, Miklubraut 3 hér í bæ, til greiðslu skatta, samtals að fjárhæð kr. 91943.04, ásamt 6% dráttarvöxtum p. a. frá 11. nóvember 1942 til 31. desember 1942 og 12% p. a. frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómara.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómara, *til vara*, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða kr. 3152.80, og *til þrautavara*, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða kr. 4938.08.

Málavextir eru þessir:

Stefndi var einn hluthafa í hlutafélaginu Tóbaksverzlun Íslands, og átti hann á árinu 1938 hlutabréf, er námu 96% hlutafjárins, eða kr. 96000.00. Á því ári seldi hann félaginu sjálfu kr. 10000.00 af hlutafé sínu fyrir kr. 24000.00. Hinn 12. júlí 1939 gerði stefndi í umboði allra hluthafanna Sjúkrasamlagi Reykjavíkur tilboð um kaup á öllum hlutabréfum í félaginu. Gekk sjúkrasamlagið að tilboði þessu, og var félaginu síðan slitið og það máð af hlutafélagaskrá Reykjavíkur samkvæmt tilkynningu félagsstjórnarinnar, dagsettri 22. júlí 1939. Við slit félagsins voru eignir þess umfram innborgað hlutafé (kr. 100000.00) taldar nema kr. 185601.45, og var þessari fjárhæð úthlutað til hluthafa, og komu í hlut stefnda kr. 177352.45. Hinn 18. maí 1940 ritaði skattstofa Reykjavíkur stefnda bréf, þar sem segir, að hún hafi að svo stöddu ákveðið tekjuskatt hans, án þess að taka tillit til sölu hlutabréfa hans í félaginu eða úthlutunar úr því. Virðist síðan ekkert gerast í máli þessu, þar til ríkisskattanefndin ritar stefnda bréf, dagsett 12. júní 1942. Er honum boðið þar að bera fram athugasemdir, áður upp yrði kveðinn úrskurður nefndarinnar um það, hvort stefndi skyldi greiða skattauka fyrir skattárin 1939 og 1938 vegna fyrrgreindra ráðstafana hans á hlutafjáreign sinni. Hinn 20. júlí 1942 kvað ríkisskattanefndin upp úrskurð um þessi atriði og fleiri, er

varða þóttu félagið og hluthafana, og segir þar svo m. a. Hluthöfum félagsins hefur ekki verið gert að greiða skatt vegna framangreindrar úthlutunar á eignum félagsins. En til skattskyldra tekna þeirra telst sú upphæð, sem hver þeirra hefur fengið greidda umfram nafnverð hlutabréfanna. Hluthafarnir voru og fengu greiðslu umfram nafnverð hlutabréfa sinna, svo sem hér greinir.

Sigurður Jónasson forstjóri, Tjarnargötu 42, kr. 177352.49.

Skattárið 1939 verða skattskyldar tekjur þessara manna og tekjuskattur árið 1940, svo sem hér greinir:

1. Sigurður Jónasson:

Skattskyldar tekjur ..... kr. 188250.00 í stað kr. 10900.00
Tekjuskattur ..... — 88446.40 í stað — 2036.16

Á árinu 1938 seldi Sigurður Jónasson forstjóri hlutafélaginu sjálfu eigin hlutabréf, að nafnverði kr. 10000.00, á kr. 24000.00, og eru kr. 14000.00 af söluverðinu skattskyldar tekjur hans. Þessi upphæð hefur þó ekki verið talin með tekjum hans til skatts umrætt ár. Ber því að hækka tekjur hans, sem henni nemur, og hækka skatt hans samkvæmt því.

Skattskyldar tekjur Sigurðar Jónassonar skattárið 1938 verða því kr. 21050.00 í stað kr. 7050.00 og tekjuskattur árið 1939 kr. 6227.20 í stað kr. 694.40."

Skattauka stefnda samkvæmt framanrituðu telur stefnandi nema kr. 5532.80 fyrir skattárið 1938 og kr. 86410.24 fyrir skattárið 1939, og hefur hann höfðað mál þetta til innheimtu þessara fjárhæða, þar eð stefndi hefur ekki fengizt til að greiða þær.

Stefndi byggir aðalkröfu sína á því í fyrsta lagi, að lögum samkvæmt hafi verið of seint að leggja skatt á hann 20. júlí 1942 vegna tekna hans á árunum 1938 og 1939. Styðst hann um það við ákvæði 13. gr. laga nr. 6 frá 1935 um, að skatt skuli miða við tekjur næsta almanaksárs á undan skattákvörðun. Nú hafi skattayfirvöldum þegar á árunum 1939 og 1940 verið kunnar áðurgreindar ráðstafanir hans, en honum hafi verið gert að greiða skatta af tekjum beggja ára án tillits til þeirra ráðstafana, og hefur stefndi eindregið mótmælt þeim staðhæfingum stefnanda, að fyrirvari hafi verið gerður af hálfu skattstofunnar í þessum efnum. Telur stefndi þessa skoðun sína í samræmi við önnur ákvæði laga nr. 6 frá 1935, til dæmis niðurlag 7. gr., 32. gr. og 36.—40. gr., svo og við gagnályktun af þeim ákvæðum 34. gr. og 48. og 49. gr., er heimila skattaálögu aftur í tímann. Heimild 10. gr. laga nr. 20 frá 1942 telur stefndi ekki geta átt við hér þegar vegna gildistökuákvæða þeirra laga sjálfra, er heimili beitingu þeirra um tekjur skattþegna á árinu 1941, en ekki fyrr. Telur stefndi andstætt tilgangi skattalaga og hagsmunum skattþegna að draga svo lengi, sem hér er gert, ákvarðanir um skattaálögu, m. a. með hliðsjón af lagabreytingum sem þeirri, er felst , c-lið 4. gr. laga nr. 20 frá 1942, þar sem felld var

niður heimild til að draga tekjuskatt, greiddan á skattári, frá skattskyldum tekjum næsta árs á eftir. Kveður hann ákvæðin í IV. kafla laga nr. 6 frá 1935 um fresti skattayfirvöldum til handa sett til öryggis skattþegnum, og megi ekki breyta út af þeim ákvæðum, eins og hér hafi þó gert verið.

Með 4. málslið 1. málsgreinar 41. gr. laga nr. 6 frá 1935 er ríkisskattanefnd fengið vald til þess að breyta af sjálfsdáðum ályktunum skattanefndar. Verður ekki séð af lögunum, að ríkisskattanefnd sé settur ákveðinn frestur til slíkra ákvarðana, en af 34. gr. i.f. (sbr. og nú 10. gr. laga nr. 20 frá 1942) má þá telja, að heimild þessari megi beita 5 ár aftur í tímann, enda eru skilyrði ekki fyrir hendi til svo gagngerðra takmarkana þessa valds ríkisskattanefndar, sem gagnályktun af 34., 48. og 49. gr. laga nr. 6 frá 1935 mundi leiða til, auk þess sem tvær þeirra voru ekki í lögum, er ríkisskattanefnd var falið þetta vald fyrst með lögum nr. 20 frá 1932. Tilkynning sú, sem ríkisskattanefnd sendi stefnda um þessa fyrirætlun sína, fullnægði ákvæðum þeim, sem sett eru í niðurlagi 1. málsgr. 41. gr. laga nr. 6 frá 1935, enda ómótmælt, að hún hafi borizt honum með nægum fyrirvara. Verður samkvæmt framanrituðu að telja skattálagningu þessa hafa farið fram í tæka tíð lögum samkvæmt, og leiðir þessi varnarástæða stefnda því eigi til sýknu.

Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að í úrskurði ríkisskattanefndar frá 20. júlí 1942 sé beitt þeim reglum, sem felast í lögum nr. 20 frá 1942, og séu þær frábrugðnar þeim reglum, sem í gildi voru 1939 og 1940. Heldur stefndi því fram, að ákvæðið í d-lið 7. gr. laga nr 6 frá 1935 um, að úthlutanir við félagsslit umfram upphaflegt hlutafjárframlag séu skattskyldar tekjur hluthafa, beri að skilja á þann veg, að hluthafi megi draga kaupverð hlutabréfs síns frá því fé, sem honum er úthlutað. Hins vegar hafi lög nr. 20 frá 1942 valdið þeirri breytingu, að nú megi aðeins draga nafnverð hlutabréfanna frá úthlutun. Telur stefndi þetta lögleysu, er valda beri ómerkingu úrskurðar ríkisskattanefndar.

Með hliðsjón af lögum um hlutafélög nr. 77 frá 1921 þykir ekki unnt að skilja orðin „upphaflegt hlutafjárframlag" á annan hátt en að með þeim sé átt við það fé, sem maður leggur fram til stofnunar félagsins og þar til hlutafé er allt greitt. Verður því eigi séð, að skipt geti máli, hversu miklu fé menn kaupa hlutabréf síðar af öðrum hluthöfum. Samkvæmt þessu verður eigi talið, að lög nr. 20 frá 1942 hafi valdið efnisbreytingum á reglum þeim, er lög nr. 6 frá 1935 settu um skattmat arðs af hlutabréfum, og verður því eigi unnt að taka til greina sýknukröfu stefnda á þessum grundvelli.

Loks hefur stefndi rökstutt sýknukröfu sína með tvennu móti. Annars vegar hefur hann haldið því fram, að þar eð hann hafi

keypt hlutabréf þau, er hann seldi félaginu árið 1938, sama verði og hann fékk fyrir þau, sé þar ekki um skattskyldar tekjur að ræða, og hefur hann um þetta skírskotað til framangreinds skilnings sins á orðunum „upphaflegt hlutafjárframlag".

Nú segir svo í 12. gr. reglugerðar nr. 133/1936: „Ef félag endurkaupir hlutabréf af hluthöfum sínum hærra verði en nafnverð þeirra hljóðar, telst mismunurinn arður til hluthafa." Með hliðsjón af því, að við slit félaga greiða hluthafar ekki skatt af fé því, sem hluthafa var goldið umfram nafnverð bréfa, er hann hefur selt félaginu, þykir ákvæði þetta styðjast við d-lið 7. gr. laga nr. 6 frá 1935, og verður sýknukrafa stefnda af þessum lið því eigi til greina tekin, og verður stefndi dæmdur til greiðslu þessa kröfuliðs, enda hefur fjárhæð hans ekki sætt sérstökum andmælum.

Hins vegar hefur stefndi haldið því fram, að til frádráttar úthlutun til hans við félagsslit eigi að koma mismunur nafnverðs hlutabréfa hans og kaupverðs þeirra, er hann eignaðist þau. Þá byggir hann og rétt á afriti af skýrslu skattstjóra til ríkisskattanefndar um málavexti þessa. Telur hann skattstjóra þar hafa sýnt, að miða beri við kaupverð en ekki nafnverð, þar eð mismunur þeirra fjárhæða, að svo miklu leyti sem skattstjóra var kunnugt, hafi verið dreginn frá úthlutun til stefnda, þannig að út komu í skýrslu þessari kr. 77877.00 og af því séu kr. 77000.00 látnar koma til hækkunar á skattskyldum tekjum hans. Hinn raunverulega mismun kveður stefndi hafa numið kr. 97800.00, en skattstjóri hafi aðeins gert ráð fyrir kr. 60300.00, og eigi því enn eftir að draga frá kr. 37500.00. Loks heldur stefndi því fram, að enn beri að draga frá úthlutun til sín kr. 54270.22. Þessi fjárhæð er þannig til komin, að með fyrrgreindum úrskurði rkisskattanefndar var Tóbaksverzlun Íslands h/f gert að greiða skatt, sem þeirri fjárhæð nam, á árinu 1940, en með dómi bæjarþings Reykjavíkur hinn 19. maí 1945 var stefndi persónulega og tveir aðrir menn, er voru hluthafar í félaginu, dæmdir til greiðslu hennar, einn fyrir alla og allir fyrir einn. Að öllum þessum frádrætti loknum sé ljóst, að stefndi hafi haft minni en engar skattskyldar tekjur af þessum ráðstöfunum, og það svo, að hann hafi í raun réttri engan tekjuskatt átt að greiða á árinu 1940, og hefur hann jafnframt áskilið sér rétt til endurheimtu þeirrar fjárhæðar, er hann greiddi þá (kr. 2036.16).

Gegn andmælum stefnanda verður ekki talið, að fyrrgreind skýrsla skattstjóra geti haft nokkur áhrif á úrslit máls þessa, og verður hún eigi lögð til grundvallar. Með skírskotun til þess, sem þegar hefur verið sagt hér að framan um „upphaflegt hlutafjárframlag, verður stefndi ekki talinn eiga rétt til frádráttar, þótt hann hefði keypt hluti sína hærra verði en nafnverði. Hins vegar sætir öðru um þær kr. 54270.72, sem Tóbaksverzlun Íslands h/f

var gert að greiða í tekjuskatta árið 1940 og að framan getur. Þeirri fjárhæð var ranglega úthlutað hluthöfum, og þykir því bera að draga hana frá fé því, sem talið var arður til hluthafa, enda stefndi, sem fyrr segir dæmdur til greiðslu hennar. Samkvæmt því, er fyrr segir um hlutafjáreign stefnda, ber því að draga $^{8}/_{0}$ af þessari fjárhæð, eða kr. 51858.68 frá framangreindum kr. 177352.49. Mismuninn, kr. 125493.81, verður þá samkvæmt öllu framanrituðu að telja úthlutun til stefnda á árinu 1939 í merkingu d-liðs 7. gr. laga nr. 6 frá 1935. Skattskyldar tekjur hans á því ári hafa því, sbr. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 6 frá 1935, numið kr. 136350.00, og ber honum að greiða í tekjuskatt af þeirri fjárhæð kr. 62870.08 samkvæmt reglum þeim, er í gildi voru 1940 (lög nr. 1 frá 1940), að frádregnum fyrrgreindum kr. 2036.16.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 5532.80+60833.92, eða samtals kr. 66366.72. Vextir verða hins vegar ekki dæmdir frá fyrri tíma en stefnudegi, en frá þeim degi ber samkvæmt 13. gr. laga nr. 20 frá 1942 að dæma stefnda til greiðslu 12% dráttarvaxta p. a., enda hefur fjárhæð vaxtanna út af fyrir sig ekki sætt sérstökum andmælum. Eftir þessum málalokum þykir og rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 2500.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sigurður Jónasson, greiði stefnanda, tollstjóranum í Reykjavík, kr. 66366.72 með 12% dráttarvöxtum p. a. frá 14. júlí 1944 til greiðsludags og kr. 2500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. marz 1946.

Nr. 66/1945. **Bæjarstjórn Siglufjarðar f. h. bæjarsjóðs**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
Dánarbúi Ingvars Guðjónssonar
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Útsvarsmál. Lögtaks synjað í skuldafrágöngubúi.

Dómur hæstaréttar.

Einar Ingimundarson lögfræðingur hefur sem setufógeti kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 24. maí 1945, krefst þess, aðallega að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak, en til vara, að dæmt sé gilt, að Ingvar heitinn Guðjónsson hafi verið útsvarsskyldur á Siglufirði 1942 og að skiptaforstjórum í búi hans verði dæmt að greiða áfrýjanda kr. 21000.00 með dráttarvöxtum frá gjalddaga. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Útsvar það, sem lagt var á Ingvar Guðjónsson á Siglufirði 1942, var alls að fjárhæð kr. 21000.00 og er í máli þessu krafizt lögtaks fyrir því ásamt dráttarvöxtum.

Eftir því sem upp hefur komið í máli þessu, rak Ingvar Guðjónsson umfangsmikinn atvinnurekstur á Siglufirði á þeim tíma, er hér skiptir máli. Af gögnum málsins virðist mega ráða, að Ingvar hafi haft á leigu hæð í húsi á Siglufirði allt árið 1941 vegna starfsemi sinnar þar, haft þar skrifstofu opna mestan hluta þess árs og stjórnað atvinnurekstrinum þaðan að mestu leyti. Virðist hann því hafa haft þar heimilisfasta atvinnustofnun, sbr. 8. gr. a-lið laga nr. 106/1936.

Í máli þessu er krafizt lögtaks í fjármunum dánarbús Ingvars Guðjónssonar, sem tekið hefur verið til opinberra skipta sem skuldafrágöngubú.

Samkvæmt lögjöfnum frá 34. gr. laga nr. 3/1878 verður ekki framkvæmt lögtak í skuldafrágöngubúi, og verður því að synja um framkvæmd lögtaksins.

Þá eru og ekki efni til í lögtaksmáli sem þessu að dæma varakröfu áfrýjanda á hendur skiptaforstjórum dánarbúsins.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Lögtaksgerð sú, sem krafizt er í máli þessu, á ekki fram að ganga.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Siglufjarðar 16. maí 1945.

Í máli þessu, sem var tekið upp af nýju 19. des. 1944 í samræmi við dóm hæstaréttar, upp kveðinn 11. des. 1944, og tekið var til úrskurðar 1. maí s. l., hafa umboðsmenn gerðarbeiðanda krafizt þess, að fram fari lögtak í dánarbúi Ingvars Guðjónssonar útgerðarmanns, síðast búsetts að Kaupangi í Eyjafirði, til fullnustu á útsvari, er á hann var lagt við niðurjöfnun útsvara á Siglufirði árið 1942, sem að meðtöldu viðbótarútsvari og dráttarvöxtum til 31. des. 1942 nemur kr. 21672.00. Þá hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda og krafizt lögtaks til fullnustu dráttarvaxta frá 1. janúar 1943 til greiðsludags auk kostnaðar við gerðina.

Umboðsmenn gerðarþola hafa hins vegar andmælt framgangi gerðarinnar, og hafa því umboðsmenn aðilja lagt ágreiningsefnið undir úrskurð fógetaréttarins.

Báðir aðiljar krefjast málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru sem hér greinir:

Við niðurjöfnun útsvara á Siglufirði árið 1942 gerði niðurjöfnunarnefndin á staðnum Ingvari Guðjónssyni, til heimilis að Kaupangi í Eyjafirði, að greiða kr. 30000.00 í útsvar til bæjarsjóðs Siglufjarðar, þar eð hún taldi rekstur þann, er Ingvar hafði með höndum á Siglufirði, aðallega söltun síldar, útsvarsskyldan þar. Ingvar Guðjónsson neitaði að greiða útsvar þetta. Vorið 1942 lækkaði bæjarstjórn Siglufjarðar umrætt útsvar niður í kr. 15000.00. Ingvar neitaði enn að greiða og taldi útsvarið lagt á sig að ólögum á Siglufirði, þar eð hann greiddi útsvar af öllum rekstri sínum til Öngulstaðahrepps í Eyjafirði, þar sem hann var heimilisfastur.

Kærði Ingvar yfir útsvari þessu til niðurjöfnunarnefndar Siglufjarðar 22. júní 1942 og til yfirskattanefndar Siglufjarðar 5. ágúst 1942 og krafðist þess í báðum þessum kærum, að umrætt útsvar yrði niður felit. Báðar þessar nefndir komust að þeirri niðurstöðu, að Ingvari bæri að greiða útsvar til Siglufjarðarkaupstaðar, og úrskurðuðu, að útsvarið skyldi óbreytt standa.

Þann 14. nóv. 1942 kærði Ingvar Guðjónsson margnefnt útsvar til ríkisskattanefndar, en sú kæra mun hafa borizt nefndinni of seint.

Snemma á árinu 1943 beiddist bæjarsjóður Siglufjarðar lögtaks hjá Ingvari Guðjónssyni til fullnustu áðurnefnds útsvars auk dráttarvaxta og kostnaðar, og féll úrskurður fógetaréttar Siglufjarðar 13. marz 1943 á þá lund, að lögtak til greiðslu áðurnefndra upphæða skyldi ná fram að ganga. Lögtaksþoli skaut úrskurði þessum til hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 5. maí 1943. Hæstiréttur ómerkti úrskurð fógetaréttar Siglufjarðar með dómi, uppkveðnum 11. des. 1944, og vísaði málinu heim í hérað til uppkvaðningar úrskurðar af nýju.

Ingvar Guðjónsson andaðist 8. des. 1943. Var bú hans tekið til skipta af skiptaráðanda Eyjafjarðarsýslu, og gaf hann út innköllun til erfingja og skuldheimtumanna hins látna 10. jan. 1944, og var sú innköllun síðan birt í Lögbirtingablaði, sem lög mæla fyrir.

Þeir bræður, Gunnlaugur, Friðrik og Frímann Guðjónssynir voru 19. febr. 1944 skipaðir skiptaforstjórar dánarbúsins, og tilkynntu þeir (þó ekki nema Gunnlaugur og Friðrik) sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu lok skipta 15. nóv. 1944 til birtingar í Lögbirtingablaði, sbr. réttarskj. nr. 8. Töldu þeir í tilkynningu þessari, að skiptum hefði lokið 4. nóv. 1944.

Bæjarsjóður Siglufjarðar lýsti ekki útsvarskröfu sinni á hendur dánarbúinu, enda hafa umboðsmenn gerðarbeiðanda haldið því fram við rekstur þessa máls, að slíkt hafi verið öldungis óþarft, þar eð nefnd krafa hafi verið í máli fyrir hæstarétti allan þann tíma, er skipti dánarbúsins stóðu yfir.

Umboðsmenn gerðarbeiðanda hafa við rekstur þessa máls rökstutt kröfur sínar um framgang gerðarinnar með því, að Ingvar Guðjónsson hafi haft opna skrifstofu á Siglufirði allt það tímabil, er máli skiptir um útsvarsskylduna, sem hér hefur verið deilt um, hann hafi átt verðmiklar fasteignir á Siglufirði, hann hafi haft fastráðið starfsfólk í þjónustu sinni umrætt tímabil, hann hafi haft með höndum umfangsmikinn atvinnurekstur á þessum tíma, hann hafi á bréfhausum sínum talið starfrækslu sína heimilisfasta á Siglufirði, að yfirskattanefnd Siglufjarðarkaupstaðar hafi á sínum tíma komizt að þeirri niðurstöðu, að Ingvari bæri að greiða þar útsvar, og loks, að Ingvar hafi greitt útsvar til bæjarsjóðs Siglufjarðar samfleytt frá árinu 1935 til umrædds árs. Er í þessu sam-

bandi vísað til ýmissa vottorða og annarra upplýsinga varðandi þetta efni í réttarskj. nr. 3, bls. 1, 21, 23, 20, 22, 13, 8—10 og 20—21.

Kröfu sína um synjun á framgangi gerðarinnar hafa umboðsmenn gerðarþola rökstutt fyrst og fremst með því, að skiptum á dánarbúi Ingvars Guðjónssonar sé lokið og lögtak verði því ekki framkvæmt hjá aðilja, sem ekki er framar til. Hafa þeir krafizt úrskurðar um þetta atriði sérstaklega.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í réttarhaldi látið bóka mótmæli gegn staðhæfingu umboðsmanna gerðarþola um aðildarskort dánarbúsins og talið, að með því að mæta í réttarhöldum í máli þessu og halda uppi vörnum fyrir dánarbúið hafi einn skiptaforstjóranna viðurkennt aðild dánarbúsins, þótt skiptum í því væri talið lokið.

Nú er það svo, að þótt einn skiptaforstjóri dánarbús Ingvars Guðjónssonar hafi mætt í réttarhöldum við rekstur þessa máls og vörnum yfirleitt verið uppi haldið fyrir þess hönd, hefur því jafnan verið mótmælt, að dánarbúið gæti verið réttur aðili þessa máls, eftir að skiptum er lokið og skiptalok auglýst, sem lög mæla fyrir. Vegna þessara mótmæla verður því ekki fallizt á það, að aðild dánarbúsins hafi verið viðurkennd með móti skiptaforstjórans í réttarhöldum við rekstur málsins. Rétturinn getur heldur ekki fallizt á þá staðhæfingu umboðsmanns gerðarbeiðanda, sem fram kemur á réttarskj. nr. 9, bls. 1—2, að mál þetta fjalli aðeins um útsvarsskyldu Ingvars Guðjónssonar án tillits til aðildarbrests dánarbús hans, þar eð aðildarskorturinn hlýtur fyrst að koma til úrlausnar, enda úrskurðar krafizt um hann sérstaklega.

Með skírskotun til tilkynningar um skiptalok, sbr. réttarskj. nr. 8, og ómótmæltrar staðhæfingar umboðsmanna gerðarþola um það, að skiptalok hafi verið auglýst, sem lög mæla fyrir um, verður því að líta svo á, að dánarbú Ingvars Guðjónssonar sé ekki framar réttur aðili til að beiðast lögtaks í sem slíku, og beri því þegar af þeirri ástæðu að synja um framgang umbeðinnar gerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Nokkur töf hefur orðið á rekstri máls þessa vegna flutnings þess frá Siglufirði til Reykjavíkur.

Því úrskurðast:.

Hið umbeðna lögtak skal ekki ná fram að ganga.
Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 8. marz 1946.

Nr. 64/1945. **Guðmundur Jóhannsson**
(Hrl. Theódór B. Lindal)
gegn
Ólafi Halldórssyni (Hrl. Ragnar Ólafsson).

Setudómarar próf. Gunnar Thoroddsen og próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Bifreiðamál. Skaðabótamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. maí f. á. Gerir hann þær dómkröfur, aðallega að hann verði algerlega sýknaður og að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Til vara krefst hann þess, að hann verði einungis dæmdur til að greiða hæfilegar bætur eftir mati dómsins og að honum verði þá dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi stefnda. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi skýrir svo frá, að bifreið áfrýjanda hafi staðið kyrr, er hann gekk eða hljóp að henni og kastaði böndum þeim, sem í málinu getur, upp á pall bifreiðarinnar, en rétt í því hafi hann fallið og í sömu andránni hafi bifreiðinni verið ekið af stað og slysið þá orðið. Þessari skýrslu stefnda hefur ekki verið hnekkt, enda er það játað af áfrýjanda, að hann hafi numið staðar með bifreið sína, en eftir því virðast lögreglumenn þeir, er viðstaddir voru, ekki hafa tekið.

Telja verður, að aðalorsök slyssins megi rekja til óhappatilviljunar og ógætni stefnda. Hins vegar er ekki fram komin full sönnun þess, að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, ef bifreiðarstjórinn hefði litazt um, áður en hann ók af stað. Samkvæmt þessu þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða

stefnda málskostnað í hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 900 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðmundur Jóhannsson, greiði stefnda, Ólafi Halldórssyni, 900 krónur í málskostnað í hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. marz 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., hefur Ólafur Halldórsson verkamaður, Bræðraborgarstíg 23 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, með stefnu, útgefinni 27. júní 1944, svo og framhaldsstefnu, útgefinni 7. febrúar s. l., gegn Guðmundi Jóhannssyni bifreiðarstjóra, Bakkastíg 5 hér í bænum. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, *aðallega* að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur vegna bifreiðarslyss, að fjárhæð kr. 25211.27, en *til vara* aðra lægri fjárhæð að mati dómarans með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 23. júní 1944 til greiðsludags og málskostnað að mati dómarans.

Þá hefur Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f verið stefnt í máli þessu til réttargæzlu, en síðarnefnd bifreið stefnda, R 2471, er tryggð hjá því félagi.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa, en *til vara*, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður þá látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að því er stefnandi skýrir frá, að þann 1. september 1943 hafi hann verið að starfi við uppskipun hjá Eimskipafélagi Íslands h/f. Unnið hafi verið að uppskipun úr skipi einu, er hafi legið austan við Grófarbryggju hér í bænum. Kveðst stefnandi hafa unnið við lest nr. I, og hafi starfi hans verið í því fólginn að vera á bryggjunni ásamt öðrum manni, taka á móti vörunum, þegar þær kæmu í „stroffunum" út yfir bryggjuna, setja vörurnar á pall bifreiða þeirra, er óku burt með þær, og krækja „stroffunum" af króknum. „Stroffurnar" hafi verið látnar vera kyrrar á vörunum, þegar á bifreiðarpallinn kom, og ekið þannig á brott, en bifreiðarnar hafi síðan komið aftur með „stroffurnar", er þær höfðu verið losaðar. Rigning hafi verið umræddan dag og sleipt á bryggjunni, enda verið að skipa upp mjölvöru. Um kl. 21.20 segir stefnandi, að vöruflutningabifreiðinni R 2471, sem er eign stefnda og vann við brottakstur varanna, hafi verið ekið fram bryggjuna

hægra megin og síðan sveigt til vinstri inn á bryggjuna, til þess að aka aftur á bak að lestinni. Er bifreiðin hafi verið komin milli ljósastaura, sem eru þar á bryggjunni, hafi hún stöðvazt. Kveðst stefnandi þá hafa séð, að „stroffa" lafði út af bifreiðarpallinum og dróst í bleytuna. Hafi hann þá hlaupið að bifreiðinni og kastað „stroffunni" upp á pallinn, svo að hún óhreinkaðist ekki og spillti vörunum. Stefnandi kveðst þá hafa staðið framanvert við hægra afturhjól bifreiðarinnar, en í þessu hafi bifreiðinni verið ekið áfram og hann fallið á bryggjuna. Hafi þá hægra afturhjólið farið yfir vinstri fót sinn og brotið hann. Stefnandi var síðan fluttur í sjúkrahús, og lá hann þar til 31. desember 1943, er hann fór heim til sín. Hafði hann þá ferlivist, en var undir læknishendi og sótti nudd og rafmagnsaðgerðir vegna meiðslanna til 2. maí s. l. Vinnu hóf stefnandi aftur þann 4. maí 1944.

Stefnandi telur, að stefndi, sem ók bifreiðinni í umrætt sinn, eigi alla sök á slysi þessu, og beri honum því samkvæmt ákvæðum 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 að bæta sér allt það tjón, sem af því hafi hlotizt.

Stefndi, sem, eins og áður getur, ók sjálfur bifreiðinni, R 2471, í umrætt sinn, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að er hann ók niður bryggjuna hægra megin, hafi hann séð, að önnur bifreið var við lestaropið að taka á móti vörum, og hafi verið um það bil lokið við að ferma hana. Hafi hann þá stöðvað bifreið sína örstutta stund, meðan bifreið þeirri, er fyrir var, var ekið frá. Kveðst stefndi hafa séð stefnanda fara niður af þeirri bifreið og standa á að gizka 4—5 metra frá sér á bryggjunni. Stefndi kveðst þá hafa ekið hægt áfram og sveigt til vinstri inn á bryggjuna, en er hann hafi verið kominn um 1 bifreiðarlengd áfram, hafi hann fundið, að bifreiðin hoppaði á einhverju. Hafi hann þá samstundis stöðvað bifreiðina, farið út, og hafi þá komið í ljós, að hægra afturhjól bifreiðarinnar hafði farið yfir vinstri fót stefnanda, og lá hann þar rétt fyrir aftan hjólið. Stefndi segir, að hann hafi ekki orðið var við, að „stroffurnar" drægjust í umrætt sinn.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að stefnandi hafi farið út fyrir sinn verkahring með því að hlaupa að bifreiðinni, meðan hún var á ferð og áður en hún var komin á þann stað, er hún átti að vera á. Með þessu atferli sínu, er hann (stefndi) hafi alls ekki getað gert ráð fyrir, hafi stefnandi hagað sér svo ógætilega, að slysið sé að engu leyti sér að kenna, og hefði, eins og á stóð, hlotið að verða, hvernig sem hann hagaði sér við aksturinn. Sé því ekki um neina vangæzlu að ræða af sinni hálfu.

Tveir lögregluþjónar voru staddir þar á bryggjunni, þegar umrætt slys varð. Hafa þeir skýrt svo frá, að bifreiðinni R 2471 hafi verið ekið mjög hægt fram bryggjuna og síðan beygt inn á hana til að aka aftur á bak að skipinu. Í því að bifreiðin beygði, hafi

stefnandi hlaupið að bifreiðinni og ætlað að laga „stroffu", er var á bifreiðarpallinum, en runnið til, þar sem hált hafi verið á bryggjunni. Hafi hann dottið og lent undir bifreiðinni, þannig að hægra afturhjólið hafi farið yfir vinstri fót hans. Annar þessara lögregluþjóna hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi séð „stroffuna" lafa út af bifreiðarpallinum hægra megin, um miðju hans, en stefnandi muni hafa dottið, rétt í því hann ætlaði að taka í „stroffuna".

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 skal sá, er ábyrgð ber á bifreið, bæta það tjón, er hlýzt af notkun bifreiðar, nema leitt sé í ljós, að slysi eða tjóni hafi eigi orðið afstýrt, þótt bifreiðin hefði verið í lagi og ökumaður sýnt fulla aðgæzlu og varkárni.

Í 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur segir, að þar sem vegur er sleipur og þar sem umferð er mikil, skuli bifreiðarstjóri gæta sérstakrar varúðar við akstur.

Svo sem að framan greinir, var mjög hált á bryggjunni, þegar slys þetta varð, umferð mikil og margt manna að vinna þar. Stefnda bar því að sýna sérstaka aðgæzlu við aksturinn. Stefndi hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa aðeins horft beint fram á eftir bifreið þeirri, er á brottu ók, þegar hann ók af stað til að beygja inn á bryggjuna. Það er að vísu fram komið, að stefndi ók mjög hægt í umrætt sinn, en telja verður, að hefði hann litið vel í kringum sig, um leið og hann ók af stað, séu líkindi til, að slysinu hefði orðið afstýrt.

Samkvæmt þessu og með skírskotun til hinna tilvitnuðu lagagreina verður að telja, að stefndi eigi nokkra sök á því, hvernig fór, og verður því sýknukrafa hans ekki tekin til greina.

Svo sem að framan greinir, telja lögregluþjónar þeir, er voru áhorfendur að slysinu, að bifreiðin hafi verið á ferð, þegar stefnandi gekk að henni, og þykir verða að leggja það til grundvallar. Stefnandi virðist hafa gengið aftan að bifreiðinni og að henni, án þess að vekja á sér eftirtekt bifreiðarstjórans á nokkurn hátt, sem honum þó bar að gera, þar sem hann ætlaði að laga áðurnefnda „stroffu" á pallinum. Auk þess vissi hann, að mjög hált var á bryggjunni, og því ástæða til að sýna sérstaka varkárni. Telja verður, að með þessu framferði sínu hafi stefnandi hagað sér þannig og sýnt svo mikla óvarkárni, að hann eigi sjálfur meginsök á, hvernig fór.

Með skírskotun til alls þessa svo og annars þess, sem fram er komið í málinu, verður að telja, að báðir aðiljar eigi sök á slysi þessu, og þykir rétt að skipta sök þannig, að stefndi beri ⅓ hluta sakar og bótaábyrgð samkvæmt því, en stefnandi beri ⅔ hluta sakar og beri tjón sitt sjálfur að því leyti (sbr. 3. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941).

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Atvinnumissir	kr. 18096.27
2.	Sjúkrahússvist	— 1815.00
3.	Lækniskostnaður	— 900.00
4.	Þjáningarbætur	— 4000.00
		Kr. 25211.27 (sic)

Um 1. Svo sem að framan greinir, lá stefnandi á sjúkrahúsi frá slysdegi til 31. des. 1943, að hann fór heim til sín, en síðan var hann undir læknishendi til 2. maí 1944. Vinnu hóf hann þann 4. maí og hefur unnið síðan. Þann 26. maí f. á. var stefnandi skoðaður af Jóhanni Sæmundssyni tryggingaryfirlækni, og telur hann, að stefnandi hafi verið óvinnufær til 4. maí s. á., en að varanleg örorka hljótist ekki af meiðslinu.

Stefnandi, sem stundar hafnarvinnu sem aðalatvinnu, skýrir svo frá, að 4 undanfarin ár hafi það verið fastur siður bæði hjá Eimskipafélagi Íslands h/f og firmanu H. Benediktsson & Co., að hann væri tekinn til starfa hjá þessum aðiljum með öðrum manni, og hafi þeir ætíð haft sömu vinnu og sama kaup, en langmestur hluti vinnu þeirra hafi verið hjá þessum fyrirtækjum. Þessi samstarfsmaður sinn hafi frá slysdegi til áramóta haft í kaup hjá áðurgreindum fyrirtækjum kr. 7873.52 og frá áramótum til 4. maí f. á. kr. 10222.75, eða alls kr. 18096.27 fyrir þann tíma, er hann (stefnandi) var frá verkum. Telur stefnandi, að hann hefði að minnsta kosti haft sömu tekjur umgetinn tíma.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum og talið, að ekki beri að reikna atvinnutjón stefnanda í þessu sambandi meir en nemi kaupi meðalverkamanns á þessum tíma, eða um kr. 1200.00 til 1400.00 á mánuði. Þá hefur stefndi krafizt þess, að liður þessi verði lækkaður með tilliti til hugsanlegra frátafa vegna veikinda svo og þess, að stefnanda verði ívilnað í sköttum vegna slyssins.

Stefnandi hefur lagt fram vottorð verkstjóra beggja fyrirtækja þeirra, er áður greinir, og votta menn þessir, að föst regla hafi verið, að nefndir menn hafi alltaf verið teknir saman til vinnu. Vottorðum þessum hefur ekki verið sérstaklega mótmælt né tekjuhæð greinds samstarfsmanns stefnanda, og verða því skýrslur stefnanda um þessi atriði lagðar til grundvallar. Með tilliti til þessa svo og þess, að gera má ráð fyrir, að stefnandi hefði orðið fyrir einhverjum frátöfum frá vinnu á greindu tímabili, þykja bætur fyrir atvinnutjón hæfilega metnar kr. 17000.00.

Um 2. Liður þessi er viðurkenndur og verður því tekinn til greina að öllu leyti.

Um 3. Í greinargerð stefnda í málinu mótmælti stefndi lið þessum á þeim grundvelli, að stefnandi ætti ekki aðild til innheimtu þessarar kröfu. Í hinum munnlega málflutningi var af hálfu stefnda

fallið frá þessum mótmælum, en liðnum nú mótmælt sem of háum.

Af stefnanda hálfu var hins vegar talið, að mótmæli þessi væru of seint fram komin.

Þar sem telja verður, að fullt tilefni hefði verið fyrir stefnda að koma áður fram með þessi mótmæli, verður samkvæmt ákvæðum 110. gr. laga nr. 85 frá 1936 að fallast á þá skoðun stefnanda, að þau séu of seint fram komin. Verður því ekkert tillit tekið til mótmælanna og þessi liður tekinn til greina óbreyttur.

Um 4. Svo sem áður getur, brotnaði stefnandi á vinstri fæti. Brotið var lokað, en bein gerðist seint, og lá hann í gipsi í rúma þrjá mánuði. Hins vegar virðist brotið hafa gróið vel, þegar frá leið, og fóturinn hafa orðið svo til jafn góður. Stefnandi er 46 ára að aldri og hefur verið heilsuhraustur.

Með tilliti til þessa svo og annars þess, er fram hefur komið í málinu, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 2500.00.

Samkvæmt framanrituðu hefur tjón stefnanda vegna slyss þessa numið kr. 22215.00 (kr. 17000.00 + kr. 1815.00 + kr. 900.00 + kr. 2500.00), og ber stefnda að greiða ⅓ hluta þess, eða kr. 7405.00.

Stefnandi hóf málssókn þessa með sáttakæru, útgefinni 23. júní s. l., en stefna var útgefin 27. s. m. Í sáttakæru þessari og stefnu er stefndi aðeins krafinn greiðslu á kröfum þeim, er greinir í 1., 2. og 3. lið hér að framan, og verður stefndi því dæmdur til að greiða vexti frá sáttakærudegi af fé því, er honum ber að greiða samkvæmt þessum liðum. Með framhaldsstefnu, útgefinni 7. febrúar s. l., krafði stefnandi stefnda um greiðslu á kröfu þeirri, er greinir í 4. lið hér að framan, og krafðist þar vaxta frá stefnudegi. Verður því stefnda aðeins gert að greiða vexti frá þeim degi af fé því, er honum ber að greiða samkvæmt þeim lið.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 7405.00, með 5% ársvöxtum af kr. 6571.67 frá 23. júní 1944 til 7. febrúar 1945 og af kr. 7405.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Guðmundur Jóhannsson, greiði stefnanda, Ólafi Halldórssyni, kr. 7405.00 með 5% ársvöxtum af kr. 6571.67 frá 23. júní 1944 til 7. febrúar 1945 og af kr. 7405.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað innan 15 daga frá löglbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. marz 1946.

Nr. 114/1945. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Hrl. Sigurður E. Ólason)
gegn
Viggó Björgólfssyni
og gagnsök. (Hrl. Garðar Þorsteinsson).

Setudómarar próf. Gunnar Thoroddsen og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Fébótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 10. september 1945, að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 31. ágúst s. á., og gert þær dómkröfur, aðallega að hinum áfrýjaða dómi verði breytt og hrundið á þá leið, að hin umstefnda skaðabótaupphæð verði lækkuð verulega eftir mati dómsins, en til vara hefur hann krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur. Hann hefur og krafizt þess, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en sér dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Af hálfu stefnda hefur málinu samkvæmt áfrýjunarleyfi, dags. 24. september 1945, verið gagnáfrýjað með stefnu, dags. 29. september s. á. Krefst gagnáfrýjandi þess, að allar kröfur sínar í héraði verði teknar til greina og sér dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Bótakrafa gagnáfrýjanda er í fjórum liðum. Tvo af kröfuliðunum, kostnað við nuddlækningar, kr. 281.25, og bætur fyrir fataskemmdir, kr. 1200.00, hefur aðaláfrýjandi samþykkt að greiða, og ber því að taka þá liði báða til greina.

Gagnáfrýjandi hefur enn fremur krafizt kr. 17970.79 í bætur fyrir atvinnutjón sitt. Var hann algerlega frá vinnu, frá því er hann fékk áverkann 22. febrúar 1942 og fram í desember sama árs, en vinnu fullan vinnudag hóf hann ekki fyrr en 5. febrúar 1943. Telur hann vinnutjón sitt þenna tíma hafa numið kr. 5138.85. Auk þess framlengdist náms-

tími hans vegna slyssins um 50 vikur, þannig að hann lauk eigi iðnprófi sínu fyrr en 25. september 1945, en samkvæmt námssamningi hans við Vélsmiðju Hafnarfjarðar h/f skyldi námi hans vera lokið 8. október 1944. Vinnutjón sitt þenna tíma, muninn á sveinakaupi og nemendakaupi, telur gagnáfrýjandi vera kr. 12831.94. Til stuðnings kröfum þessum hefur gagnáfrýjandi lagt fram ýtarlega greinargerð frá vinnuveitanda sínum um kaup og vinnutíma nemenda hans og sveina á þeim tíma, sem hér er um að ræða, og er ekkert komið fram í málinu, er hnekki henni, og verður því að telja það nægilega rökstutt, að gagnáfrýjandi hafi vegna áverkans misst af kaupi, sem nemur upphæð þessa kröfuliðs hans.

Loks hefur gagnáfrýjandi krafizt kr. 15000.00 í bætur fyrir örorku, sársauka og óþægindi. Að því er örorkuna snertir, er þess að geta, að upplýst er í hæstarétti, að tryggingayfirlæknir skoðaði gagnáfrýjanda hinn 6. þ. m., og reyndist ástand hans í öllum verulegum atriðum óbreytt frá því, sem það var 9. maí 1944, og taldi læknirinn örorkuna óbreytta. Að þessu athuguðu verður eigi talið, að þessi kröfuliður gagnáfrýjanda sé of hár.

Í héraði var borin fram af hálfu aðaláfrýjanda sú varnarástæða, að lækka bæri bótakröfu gagnáfrýjanda vegna þess, að hann hafi að nokkru leyti átt sök á slysinu sjálfur. Héraðsdómarinn taldi ástæðu þessa of seint fram komna og lagði því eigi dóm á hana. Hæstiréttur telur þó eftir atvikum rétt að taka vörn þessa til athugunar samkvæmt 113. gr. laga nr. 85/1936.

Um varnarástæðu þessa er þess að geta, að engu banni hafði verið lýst við umferð um bryggjuna og að engin viðvörun hafi verið birt um, að þeir, er leið áttu um hana, mættu ekki nálgast hlera þá, er á bryggjunni voru. Verður því ekki talið, að gagnáfrýjandi hafi sýnt neitt gáleysi, þótt hann gengi fram á bryggjuna og staldraði við hlerann. Í málinu liggja fyrir vitnisburðir nokkurra sjónarvotta um þenna atburð, og er engin ástæða til að rengja gildi þeirra. Vitnisburðir þessir eru samhljóða um að lýsa framkomu gagnáfrýjanda á bryggjunni svo, að hún hafi ekkert tilefni

gefið til þess, að hermaðurinn veitti honum áverkann. Verður því að telja ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 99/1943 skylt að greiða gagnáfrýjanda bætur að fullu án nokkurs frádráttar.

Samkvæmt þessu ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda kr. 281.25 + 1200.00 + 17970.79 + 15000.00 = kr. 34452.04 með 5% ársvöxtum frá 14. september 1944 til greiðsludags. Svo ber og að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 3000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Viggó Björgólfssyni, kr. 34452.04 með 5% ársvöxtum frá 14. september 1944 til greiðsludags og samtals kr. 3000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. apríl 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., hefur Viggó Björgólfsson vélsmíðanemi, Strandgötu 47 í Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. september f. á., gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 22829.25 með 5% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. Með framhaldsstefnu, útgefinni 30. janúar s. l., breytti stefnandi kröfum sínum á þá lund, að hann krafðist bóta, að fjárhæð kr. 35091.04, auk 5% ársvaxta frá 14. september f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, en við munnlegan flutning málsins lækkaði hann kröfur sínar í kr. 34452.04 auk vaxta og málskostnaðar, sem fyrr segir.

Stefndi hefur krafizt lækkunar bótakröfunnar og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Tildrög málsins eru þessi:

Hinn 22. febrúar 1942, um kl. 13.30, gekk stefnandi við annan mann niður bæjarbryggjuna í Hafnarfirði. Er þeir voru komnir á að gizka 20—30 metra niður bryggjuna, sáu þeir, að höggvið hafði verið gat á hana og settur yfir það hleri. Hægðu þeir þá gönguna og horfðu á nýsmíði þessa. Þá heyrðu þeir, að varðmaður

í herliði Bandaríkjanna kallaði til þeirra, og skildu þeir hann svo, að hann vildi bægja þeim frá hlera þessum. Hlýddu þeir þegar og gengu áfram niður bryggjuna, en varðmaðurinn elti þá og hafði í höndum byssu með áföstum byssusting. Veittist hann að förunaut stefnanda og hrakti hann með byssustingnum út á brún bryggjunnar, en stefnandi stóð kyrr á meðan. Loks hopaði varðmaðurinn nokkur skref og spennti byssugikkinn, en vopnið snerist við það í höndum hans, svo að hlaupið vissi að stefnanda, og í sömu svifum hljóp skot úr byssunni. Lenti það í vinstra læri stefnanda framanverðu, braut lærlegginn, og fór kúlan í gegn og skildi eftir lófastórt sár á aftanverðu lærinu. Var stefnandi þegar fluttur í sjúkrahús og lá þar í 182 daga. Telur stefnandi herstjórn Bandaríkjanna bera alla ábyrgð á tjóni því, er hlotizt hefur af þessum verknaði varðmannsins, og hefur hann því höfðað mál þetta til bótagreiðslu úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum laga nr. 99 frá 1943.

Stefndi hefur stutt lækkunarkröfur sínar m. a. við það, að stefnandi hafi sjálfur átt nokkra sök á slysi þessu, og sé því rétt að skipta sökinni að tiltölu. Skýrir stefndi svo frá, að á bryggjunni hafi verið tveir hlerar og undir þeim komið fyrir sprengiefni, og hafi sú ráðstöfun verið liður í landvörnum Bandaríkjamanna hér, en varðmanninum hafi verið skylt að bægja á brott hverjum þeim, er léti í ljós óþarfa forvitni um aðgerðir þessar, þótt eigi væru bannaðar mannaferðir um bryggjuna, ef nauðsynlegar væru. Þar eð ferð stefnanda um bryggjuna hafi verið tilefnislaus með öllu, telur stefndi, að þeir félagar hefðu átt að skilja það, er þeir sáu hermann þar á verði, að þar væri ekki heimil venjuleg umgengni, og telur hann jafnframt sennilegt, að þeir hafi þrjóskazt við fyrirskipunum hans, og telur í því sambandi, að sjónarvottar að slysinu hafi verið vilhallir vegna þjóðernis síns.

Varnarástæðu þessari hreyfði stefndi ekki fyrr en í hinum munnlega flutningi málsins, og hefur stefnandi mótmælt henni sem of seint fram kominni, auk þess að mótmæla henni sem rangri. Telja verður, að stefndi hafi haft tilefni til að bera fram þessar staðhæfingar þegar í greinargerð sinni, enda átt þess kost þá, og verður því eigi unnt að taka þær til greina gegn mótmælum stefnanda. Stefndi verður því talinn bera fulla bótaábyrgð á tjóni stefnanda vegna meiðsla þessara.

Bótakrafa stefnanda er í 4 liðum:

1.	Atvinnutjón	kr. 17970.79
2.	Kostnaður af nuddlækningum	— 281.25
3.	Fataskemmdir	— 1200.00
4.	Bætur fyrir örorku, sársauka og óþægindi	— 15000.00
	Samtals	kr. 34452.04

Um 1. Stefnandi, sem var við vélvirkjanám hjá Vélsmiðju Hafnarfjarðar h/f, var frá vinnu sinni vegna slyssins til 5. febrúar 1943. Þá hóf hann vinnu fullan vinnudag, en um miðjan desember 1942 byrjaði hann til reynslu og vann þá hluta úr degi að jafnaði eða eins og hann þoldi. Samkvæmt skýrslu vinnuveitanda stefnanda hefur hann misst kaup, er nemur kr. 5138.85. Námi stefnanda skyldi verða lokið samkvæmt námssamningi hinn 8. okt. 1944. Vegna slysfara þessara framlengdist námstíminn um 50 vikur, og krefst stefnandi þess, að sér verði bættur mismunur sá, sem er á kaupi nemenda og sveina. Sá mismunur er talinn nema kr. 12831.94 samkvæmt skýrslu vinnuveitandans.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum og telur fyrrgreindar skýrslur rangar og órökstuddar. Hann hefur mótmælt því, að stefnandi eigi kröfu til bóta fyrir yfirvinnukaup, þar eð nemendur eigi ekki að vinna yfirvinnu. Þá hefur hann og mótmælt stundafjölda þeim, sem stefnandi kveðst eiga kaup fyrir, og bendir þar á ákvæði iðnaðarnámslaganna nr. 96 frá 1938, þar sem hámark starfstíma nemanda er ákveðið 42 stundir á viku þann tíma, sem hann stundar bóklegt nám. Sömuleiðis hefur hann mótmælt sem órökstuddri launauppbót þeirri, 25%, sem stefnandi krefst, og talið hana ekki samrýmast landslögum. Þá hefur hann og mótmælt því, að forföll stefnanda vegna slyss þessa verði til þess að lengja námstíma hans, þar eð þau séu lögleg forföll, og muni hann geta krafizt þess að fá að ganga undir próf á tilsettum tíma, enda hafi stefnandi ekki misst af hinu bóklega námi lengur en til vors 1942.

Loks telur stefndi ofreiknaðan tíma þann, er stefnandi hafi tafizt frá náminu, þar eð hann hafi tekið upp vinnu sína um miðjan desember 1942.

Af fyrrgreindum skýrslum Vélsmiðju Hafnarfjarðar h/f er það ljóst, að meðaltal starfstíma nemenda hennar hefur ekki farið fram úr hámarki því, er lög nr. 96 frá 1938 setja um hann. Þá er og vitað, að launauppbót 25% var eigi gegn lögum, enda þá greidd opinberum starfsmönnum. Gegn mótmælum stefnanda og yfirlýsingum lærimeistara hans verður eigi heldur talið, að námstími stefnanda hafi hafizt á ný fyrr en 5. febrúar 1943, og ljóst er af skjölum málsins, að námstíma stefnanda verður eigi talið lokið fyrr en 25 september 1945. Með skírskotun til þessa þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 13000.00.

Um 2. og 3. Þessir kröfuliðir hafa ekki sætt sérstökum andmælum og verða því teknir til greina óbreyttir.

Um 4. Sári stefnanda og lengd sjúkrahúsvistar hans er að nokkru lýst hér að framan. Hinn 9. maí f. á. fór fram skoðun og mat á örorku hans, og kom það helzt fram, að nokkur beygja er á brotstað lærleggjarins, vöðvarýrnun nokkur og minnkað afl vöðvanna

framan á leggnum og á leggnum utanverðum. Er þetta talið geta valdið því, að stefnandi þreytist fyrr við vinnu en áður, svo og aukinni hættu á, að hann misstígi sig á ósléttu eða með þungar byrðar. Taldi læknirinn litlar líkur fyrir auknum bata og mat örorkuna 100% fram í ársbyrjun 1943, en varanlega örorku 10—15%.

Þessum lið hefur stefndi mótmælt sem of háum. Telur hann vottorð læknisins reikult og óákveðið um það, hvort fullur bati muni fáanlegur. Í annan stað telur hann þau óþægindi, er stefnandi kann að hafa af meiðslum sínum, ekki líkleg til að valda stefnanda tekjurýrnun og bendir á, að honum hefur verið goldið fullt kaup, eftir að hann hóf vinnu á ný. Þá telur hann og, að verði litið svo á, að örorkumatið skapi stefnanda bótarétt, beri að miða bæturnar við lágmark matsins, eða 10%, og vefengir einnig í því sambandi grundvöll útreiknings stefnanda á bótum.

Af vottorði og örorkumati tryggingaryfirlæknisins er ljóst, að stefnandi mun hafa nokkur óþægindi af afleiðingum slyssins. Með hliðsjón af því svo og hinni löngu legu og öðrum þjáningum og óþægindum, er stefnandi hefur af þessu haft, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 12000.00.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður gert að greiða stefnanda bætur, samtals að fjárhæð kr. 26481.25, með vöxtum, eins og krafizt var, og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Viggó Björgólfssyni, kr. 26481.25 með 5% ársvöxtum frá 14. september 1944 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. marz 1946.

Nr. 34/1944. **Franz A. Andersen** (Hrl. Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Tryggva Magnússyni og gagnsök.
(Hrl. Gunnar J. Möller).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Ósannað, að sala á málverki hefði farið fram.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 30. marz 1944 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 31. s. m., hefur gert þær dómkröfur, að honum verði dæmdur eignarréttur að málverki því, sem í máli þessu greinir, aðallega gegn greiðslu kr. 1500.00 ÷ kr. 557.00, en til vara gegn greiðslu á kr. 2500.00 ÷ 557.00. Svo krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 25. september 1944 skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 16. október s. á., hefur gert þær dómkröfur, aðallega að aðaláfrýjanda verði skilyrðislaust dæmt að skila honum greindu málverki, en til vara, að úrslit málsins verði látin velta á eiði sínum, og til þrautavara, að aðaláfrýjnda verði dæmt að greiða honum kr. 1943.00. Loks krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Aðiljar máls þessa eru á eitt sáttir um það, að aðaláfrýjandi hafi tekið við málverkinu Álfareiðinni til geymslu og til sölu fyrir hönd gagnáfrýjanda, ef í það fengist kaupboð, er gagnáfrýjandi taldi viðunandi. Aðaláfrýjandi, sem kveðst sjálfur hafa keypt málverkið, getur þó ekki tilgreint stund eða stað, er kaupin hafi gerzt. Þá hefur aðaláfrýjandi játað, að aldrei hafi verið skýrt talað um verð það, er hann skyldi greiða fyrir málverkið.

Gagnáfrýjandi hefur neitað því eindregið, að hann hafi selt aðaláfrýjanda málverkið. Kveður hann, að fégreiðslur aðal-

áfrýjanda til sín, þær er í héraðdómi getur, hafi einungis verið lán, en alls ekki greiðslur upp í andvirði málverksins. Vottorð þau og vætti, sem aðiljar hafa vísað til, skera ekki úr, enda eru vættin óljós um sönnunaratriðið, og vottorði Tómasar Gíslasonar hefur verið andmælt sem óstaðfestu fyrir dómi.

Þegar virtar eru þær reyndir málsins, sem nú var lýst, verður ekki talið, að aðaláfrýjandi hafi leitt sönnur að því, að hann hafi keypt málverkið, og ekki eru leiddar slíkar líkur að kaupunum, að úrslit málsins verði látin velta á eiði annars hvors aðilja.

Samkvæmt þessu ber að dæma aðaláfrýjanda til að skila gagnáfrýjanda málverkinu Álfareiðinni.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda samtals kr. 500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Meðferð máls þessa í héraði hefur verið mjög andstæð ákvæðum laga nr. 85/1936. Málið var upphaflega rekið fyrir fógetadómi, en fógeti taldi sig ekki bæran til að skera úr ágreiningi aðilja. Þegar málið kom fyrir bæjarþingið, höguðu umboðsmenn aðilja sér ekki eftir 105. og 106. gr. nefndra laga, heldur lagði umboðsmaður gagnáfrýjanda auk stefnu og nýrrar greinargerðar þegar fram skjöl fógetamálsins, þar á meðal greinargerðir og bókanir fyrir fógeta, alls 21 skjal. Var síðan leitað sátta, áður en stefndi lagði fram sína greinargerð. Ekki var ákveðið á því stigi máls, sem í 109. gr. nefndra laga segir, hvort málflutningur skyldi vera skriflegur eða munnlegur. Aðiljar fengu ekki sameiginlegan frest, svo sem boðið er í 110. gr. laganna, heldur tóku þeir fresti á víxl frá 7. maí 1942 til 19. nóvember s. á. Málið hvíldi frá þeim tíma í rúmt ár, eða til 23. nóvember 1943, er munnlegur málflutnigur fór fram. Verður að víta harðlega þessa málsmeðferð.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Franz A. Andersen, skal skila gagnáfrýjanda, Tryggva Magnússyni, málverki því, er í máli þessu greinir.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. nóvember 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., er höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 5. maí 1942, af Tryggva Magnússyni listmálara, Ökrum á Seltjarnarnesi, gegn Franz A. Andersen endurskoðanda, Reynimel 49 hér í bænum. Eru dómkröfur stefnanda þessar: *Aðallega*, að stefndi verði skilorðslaust dæmdur til að skila honum síðargreindu málverki, *til vara*, að úrslit málsins verði látin velta á eiði hans (stefnanda) og loks til *þrautavara*, að stefndi verði dæmdur til að greiða andvirði málverksins, kr. 2500.00, að frádregnum kr. 557.00, er stefnandi kveðst skulda stefnda. Enn fremur krefst stefnandi málskostnaðar, hvernig sem málið fer.

Stefndi krefst algerrar sýknu af aðal- og varakröfum stefnanda. Þrautavarakröfunni mótmælir hann sem of hárri og krefst þess, að verð málsverksins verði talið kr. 1500.00 eða það ákveðið með mati, miðað við hæfilegt kaupverð þess árið 1940. Frá verði málverksins verði síðan dregið það, sem hann hafi þegar greitt stefnanda af verði þess, en sér síðan gert að greiða stefnanda hugsanlegan mismun. Þá krefst stefndi og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Atvik máls þessa eru þau, að árið 1930 eða þar um bil gerði stefnandi eftir atviki úr íslenzkum þjóðsögum málverk, er hann nefndi Álfareið. Nokkru síðar kom hann málverki þessu fyrir til geymslu í verzlun einni hér í bænum, en ekki mun það hafa verið til sölu þar. Enn síðar, eða líklega árið 1935, bauð stefnandi Menntamálaráði málverkið til kaups fyrir kr. 2500. Af kaupum varð þó ekki, og skýrir stefnandi svo frá, að ástæðan hafi verið sú, að ráðið hafi þá fylgt þeirri reglu að kaupa ekki fyrir meira en kr. 1200.00 í einu af hverjum málara. Árið 1937 var stefnandi búinn að taka málverkið heim til sín. Var stefndi kunningi hans og heimagangur á heimili hans. Varð nú það samkomulag með málsaðiljum um umrætt málverk, að stefndi tæki það á heimili sitt og reyndi að selja það fyrir stefnanda eða þá, að hann keypti það sjálfur. Stefnandi telur, að verð hafi verið ákveðið kr. 2500.00, en stefndi telur, að verðið hafi verið ákveðið kr. 1500.00, a. m. k. ef hann keypti málverkið sjálfur. Ekki varð úr því, að stefndi seldi málverkið, og veturinn 1941—1942 ætlaði stefnandi að sækja það heim til stefnda, en þá neitaði stefndi að afhenda það og taldi sig vera búinn að festa kaup á því. Er stefndi reyndist ófáanlegur til að afhenda málverkið, gerði stefnandi tilraun til að fá

sér fengin umráð þess með fógetavaldi, en þegar sú tilraun varð árangurslaus, höfðaði hann mál þetta og gerir í því framangreindar kröfur.

Aðalkröfu sína í málinu byggir stefnandi á því, að stefndi hafi aðeins haft málverkið í vörzlum sínum í því skyni að selja það fyrir hann, og hafi stefnda einnig verið heimilt að kaupa það sjálfum. Það hafi þá hvorki orðið úr því, að stefndi seldi málverkið né keypti það sjálfur. Telur stefnandi sig því tvímælalaust hafa verið eiganda þess, er hann vitjaði þess til stefnda, og hafi honum því skilorðslaust borið að afhenda sér það.

Varakröfuna byggir stefnandi á því, að ef eignarréttur hans yfir málverkinu þætti ekki nógu glöggur til að viðurkennast skilorðslaust, þá geti þó ekki meiru munað en því, að rétt væri að heimila honum að synja þess með eiði, að hann hafi selt stefnda umrætt málverk.

Þrautavarakrafa byggist loks á því, að ef svo yrði litið á, að hann hefði selt stefnda málverkið, þá ætti verð þess að reiknast kr. 2500.00, en til frádráttar verðinu að koma þær kr. 557.00, sem hann kveðst skulda stefnda.

Stefndi byggir dómkröfur sínar, þær er til álita geta komið, á því, að hann hafi keypt málverkið af stefnanda fyrir kr. 1500.00, og að til frádráttar þeirri fjárhæð eigi að koma það, er hann hafi þegar greitt stefnanda. Telur hann það meira en stefnandi viðurkennir, en hefur þó ekki getað gert grein fyrir því.

Lausn málsins veltur á því, hvort stefndi hefur keypt umrætt málverk af stefnanda, og verður því að ræða rök hans fyrir þeirri staðhæfingu.

Stefndi heldur því fram, að peningagreiðslur þær, sem aðiljar eru sammála um, að hann hafi látið stefnanda í té, hafi verið afborganir af kaupverði málverksins. Hann hefur leitt sem vitni varðandi mál þetta Friðrik Sigfússon, Hringbraut 183 hér í bæ. Kveður Friðrik í framburði sínum, að líklega vorið 1940 hafi hann komið með stefnda á heimili stefnanda. Hafi umrætt málverk þá borizt í tal, og sér skilizt á orðum stefnanda og konu hans, að stefndi væri eigandi þess, en ætti aðeins eitthvað ógreitt af kaupverðinu. Þá hefur Tómas Gíslason gefið vottorð um, að hann hafi verið vitni þess, að stefndi hafi greitt stefnanda ýmsar fjárhæðir, er hafi átt að ganga til greiðslu málverksins, og kveður Tómas sér sérstaklega minnisstætt, að er ein slík greiðsla hafi farið fram, hafi verið haft orð á því, að með þessu móti yrði ekki langt, þangað til málverkið væri greitt að fullu". Enn hefur stefndi lagt fram vottorð Más Benediktssonar, er segir frá því, að vorið 1939 hafi þeir stefndi rætt um kaup á mynd þeirri, er hér ræðir um. Vildi Már eignast myndina, en telur, að í tilefni af því hafi stefndi sagt sér, að hann hefði ekki enn sem komið væri, óskoraðan ráðstöfunar-

rétt yfir henni, en byggist þó við að fá hann. Kveður Már sér hafa fundizt, að með þessu ætti stefndi við það, að hann hefði ekki enn þá greitt andvirði myndarinnar að fullu. Loks hefur stefndi leitt sem vitni Svölu Thorsteinsson, er hefur borið, að hún hafi eitt sinn seint á árinu 1940 verið viðstödd, þegar stefndi greiddi reikning frá Andrési Andréssyni klæðskera fyrir stefnanda, og hafi hún tekið það svo, að sú greiðsla ætti að ganga upp í kaupverð Álfareiðarinnar, sem stefndi hafi löngu áður verið búinn að segja henni, að hann hefði keypt af stefnanda. — Vottorð hefur stefndi og lagt fram frá Tómasi Guðmundssyni, en ekki er ástæða til að ræða það, þar eð það er óstaðfest og því mótmælt af þeirri sök.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að eitt sinn á árinu 1940 hafi stefnandi komið til sín í Landsbankann, en þar vann stefndi á þeim tíma, og spurt sig, hvort sér væri ekki sama, þótt hann tæki föt út á eftirstöðvar af andvirði málverksins hjá Andersen & Lauth h/f., en í því fyrirtæki mun stefndi hafa átt. Ekki kvaðst stefndi hafa samþykkt það, en þetta með öðru sýni, að hann hafi á þeim tíma verið búinn að kaupa málverkið.

Hafa nú þau atriði í málflutningi stefnda verið rakin, er þykja geta varðað úrlausn málsins.

Stefnandi hefur lagt fram mörg vottorð, er með tilliti til þess, hvernig sönnunarbyrði í máli þessu er farið, ekki þykir ástæða til að rekja, en þau hníga öll í þá átt, að stefnandi hafi ekki selt stefnda málverkið og að hann hafi ætíð talið sig eiganda þess. Sjálfur heldur stefnandi því sama fram, og telur hann, að peningagreiðslur stefnda til sín hafi eingöngu verið kunningjalán, en ekki greiðsla fyrir Álfareiðina. Hann telur stefnda skýra rangt frá samtali þeirra í Landsbankanum árið 1940. Kveður hann þá hafa talað um kaup á málverkinu, en ekkert úr þeim orðið, hvorki þá né síðar.

Framburður Friðriks Sigfússonar þykir ekki öruggur þegar af þeirri ástæðu, að því er ómótmælt haldið fram af hálfu stefnanda, að Friðrik hafi verið mjög drukkinn í það skipti, sem hann kom heim til stefnanda. Tómas Gíslason hefur ekki verið leiddur fyrir rétt. Þykir vottorð hans ekki svo ljóst, sem æskilegt hefði verið, en styður þó staðhæfingar stefnda. Vottorð Más Benediktssonar sýnist hins vegar ekki styðja málstað stefnda, þar eð stefndi sagði Má, að hann hefði þá enn þá ekki óskoraðan ráðstöfunarrétt yfir myndinni, og ekki skiptir máli, hverjar ályktanir Már dró af því. Svala Thorsteinsson gaf tvö vottorð í málinu og mætti auk þess sem vitni, þegar málið var fyrir fógetaréttinum. Virðist hún fremur reikul, en þó styrkir framburður hennar stefnda.

Ósannað er, hvor aðilja skýrir rétt frá samtalinu í Landsbankanum árið 1940.

Stefndi hefur kannazt við, þegar hann var leiddur fyrir fógetaréttinn til skýrslugjafar, að aldrei hafi verið fastákveðið verð á málverkinu milli aðilja. Hann kveðst þó hafa gert ráð fyrir að fá það fyrir kr. 1500.00, ef hann keypti það sjálfur. Þá skýrði hann og svo frá í fógetaréttinum, að hann gæti ekki nefnt ákveðinn tíma eða stað, er kaupin hefðu gerzt á, enda hafi oft verið um þau talað. Í munnlega málflutningnum var því þó haldið fram af hans hálfu, að kaupin hefðu ekki gerzt síðar en snemma árs 1940.

Þegar þessa er gætt svo og þess, sem áður segir um vitni þau, er stefndi styður staðhæfingar sínar við, þá þykir ekki unnt að líta svo á, að honum hafi tekizt að sanna, að hann hafi verið búinn að kaupa málverkið af stefnanda, þegar stefnandi vitjaði þess veturinn 1941—1942, en þegar litið er til þess, á hvern hátt málverkið komst í vörzlur stefnda, þykir sönnunarbyrðin um, að kaup hafi gerzt, hvíla á stefnda. Og þar sem telja verður, að stefndi hafi eftir öllum atvikum ekki getað orðið kaupandi málverksins með því einu að tilkynna stefnanda, að hann teldi sig vera búinn að kaupa það, þegar stefnandi ætlaði að taka það frá honum, þá verður að líta svo á, að ósannað sé, að stefndi hafi nokkru sinni orðið eigandi umrædds málverks við kaup. — En þótt telja verði þetta ósannað, eins og máli þessu er háttað, þá þykja þó nokkrar líkur vera að því leiddar, að stefndi kunni að hafa keypt málverkið af stefnanda. Felast þær líkur aðallega í fyrrgreindum fjárgreiðslum hans til stefnanda, framburði Svölu Thorsteinsson og vottorði Tómasar Gíslasonar. Líkur þessar þykja svo veigamiklar, að ekki þykir unnt að taka til greina aðalkröfu stefnanda. Verður því varakrafa hans tekin til greina og stefnda gert að skila honum framangreindu málverki, ef stefnandi synjar þess með eiði, að hann hafi selt stefnda það.

Verði stefnanda eiðfall, skal stefndi hins vegar greiða honum kr. 1943.00, enda er ósannað, að verð það, er stefnandi heimtar fyrir málverkið, kr. 2500.00, sé á nokkurn hátt ósanngjarnt. Vinni stefnandi eiðinn, skal stefndi greiða honum kr. 450.00 í málskostnað, en verði honum eiðfall, þykir hæfilegt að gera stefnda að greiða honum kr. 250.00 upp í málskostnað.

Dráttur sá, sem orðið hefur á því, að dómur væri lagður á mál þetta, stafar af því, að fyrirhugað var, eftir að gagnasöfnun var lokið, að málverkið yrði metið af dómkvöddum mönnum. Reyndist það ýmsum erfiðleikum bundið og var loks gefizt upp við þá fyrirætlun, þegar umboðsmaður stefnda lýsti því nú fyrir skömmu, að ekki reyndist unnt að finna málverkið, en stefndi mun sjálfur vera erlendis og ekki hafa gefið umboðsmanni sínum vitneskju um, hvar málverkið er niður komið.

Gunnar A. Pálsson, fulltrúi lögmannsins í Reykjavík, kvað upp þenna dóm.

Því dæmist rétt vera:

Ef stefnandi, Tryggvi Magnússon, synjar þess með eiði á varnarþingi sínu innan aðfararfrests í máli þessu og eftir löglegan undirbúning, að hann hafi selt stefnda, Franz Andersen, málverkið Álfareiðina, þá skal stefnda skylt að skila stefnanda nefndu málverki. Enn fremur skal stefndi þá greiða stefnanda kr. 450.00 í málskostnað.

Verði stefnanda eiðfall, skal stefndi greiða honum kr. 1943.00 og kr. 250.00 upp í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. marz 1946.

Nr. 161/1945. **Valdstjórnin** (Hrl. Guttormur Erlendsson)

gegn

Valdimar Ragnari Jónssyni

(Hrl. Garðar Þorsteinsson).

Setudómarar prof. Ólafur Lárusson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Brot gegn lögum nr. 105/1936.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt því, sem upp er komið í málinu um ljósmyndunarstarfsemi kærða, verður ekki talið, að II. kafli laga nr. 18/1927 með breytingum laga nr. 105/1936 taki yfir slíka starfsemi, sem verður að teljast til heimilisiðnaðar. Ber því að sýkna kærða af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum verður að leggja á ríkissjóð greiðslu alls sakarkostnaðar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Valdimar Ragnar Jónsson, á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Garðars Þorsteinssonar, 150 krónur til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 24. nóvember 1945.

Ár 1945, laugardaginn 24. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af fulltrúa sakadómara, Ragnari Jónssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3180/1945: Valdstjórnin gegn Valdimar Ragnari Jónssyni.

Málið er höfðað gegn kærða fyrir brot gegn lögum nr. 105/1936 um breytingu á lögum um iðju og iðnað. Það var dómtekið hinn 6. s. m.

Kærður er Valdimar Ragnar Jónsson sýningarmaður, til heimilis á Ránargötu 7 hér í bæ.

Hann er talinn fæddur 28. febrúar 1922 á Eskifirði. Hann hefur ekki sætt ákæru né refsingu.

Með bréfi, dags. 24. marz 1944, kærði Ljósmyndarafélag Íslands yfir starfsemi kærða, er það taldi fara í bága við iðnlöggjöfina.

Kærði er að atvinnu sýningarmaður í Gamla bíó. Hann hóf að taka myndir eftir amerískum leikaramyndum og kopiera eftir þeim og seldi framleiðsluna í verzlun hér í bænum, sem síðan seldi myndirnar almenningi. Hann kveðst einungis hafa stundað þetta í frístundum sínum sem heimilisiðnað. Hann hefur ekki iðnréttindi. Þessa starfsemi rak hann einungis í hálfsmánaðartíma, með því að hann kvaðst þá hafa heyrt, að ljósmyndarar véfengdu rétt sinn til hennar, og hætti hann þess vegna, þar til úr því fengist skorið, hvort honum væri þessi starfsemi heimil. Eftir það kveðst hann þó hafa selt það af framleiðslu sinni, er hann átti óselt.

Það verður að telja, að kærði hafi með því að hefja þessa framleiðslu sett upp beina atvinnustarfsemi, enda þótt hann ræki hana í frístundum og á heimili sínu. Hefur kærði því gerzt sekur við 15. gr. 1. tölul. áðurgreindra laga. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 100 kr. sekt til ríkissjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins, en afplánist ella í varðhaldi í 7 daga. Þá greiði kærði og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Garðars Þorsteinssonar hrl., er ákveðast kr. 200.00.

Á málinu hefur orðið dráttur, og koma ástæður hans fram í prófum málsins.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Valdimar Ragnar Jónsson, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá birtingu dóms þessa, en afplánist ella í varðhaldi í 7 daga.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Garðars Þorsteinssonar hrl., kr. 200.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 15. marz 1946.

Nr. 110/1945. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Guttormur Erlendsson)
gegn
Sigurði Guðna Gíslasyni.
(Hrl. Einar Ásmundsson).

Ómerking máls og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Löggilding Kristins Ólafssonar, fulltrúa bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, er kveðið hefur upp héraðsdóm í máli þessu, útgefin af dómsmálaráðuneytinu 1. október 1943, tekur ekki til uppkvaðningar dóma í sakamálum. Brast fulltrúann því heimild til að leggja dóm á mál þetta. Af þessum sökum verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til uppsögu dóms af nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakar þessarar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til uppsögu dóms af nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækj-

anda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Einars Ásmundssonar, 150 krónur til hvors.

Dómur aukaréttar Hafnarfjarðar 6. maí 1945.

Ár 1945, laugardaginn 6. maí, var í aukarétti Hafnarfjarðar, sem haldinn var á skrifstofu embættisins, Suðurgötu 8 í Hafnarfirði, í forföllum hins reglulega dómara af fulltrúa hans Kristni Ólafssyni, upp kveðinn eftirfarandi dómur í málinu réttvísin og valdstjórnin gegn Sigurði Guðna Gíslasyni, sem tekið var til dóms 18. apríl s. l.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigurði Guðna Gíslasyni bifreiðarstjóra, Vesturkoti, Hvaleyri, fyrir brot gegn XIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febr. 1940 og bifreiðalögum nr. 23 frá 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 frá 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 7. júlí 1905, og hefur ekki sætt sekt né dómi fyrir neitt lagabrot.

Málavextir eru þessir:

Fimmtudaginn 23. nóv. 1944 var ákærði Sigurður Guðni Gíslason að sandflutningi með bifreiðinni G. 424. Stóð til að byrja á að aka sandi utan frá Hvaleyri inn í flugvöll í Reykjavík, en þar sem fyrir lá pöntun á sandbíl innan úr Langholti, tók hann fyrir að fara fyrstu ferðina þangað. Reykjavíkurbrautin var að kalla auð frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, svo ákærði setti eigi keðjur á hjól bifreiðarinnar, þó hann færi útúrkrók þessa einu ferð og æki Sléttuveg, sem reyndist síðar að vera klakaður og háll.

Eftir að mættur hafði skilað af sér sandinum um kl. 20 mín. yfir 10 f. h. umræddan dag, hélt hann til baka og ók fyrst Klifveg, en beygði síðan inn á Sléttuveg. Um leið kom ákærði auga á tvo drengi á skíðasleða ca. 115 metrum neðar á veginum, og renndu þeir sér í sömu átt og ákærði ók. Drengirnir renndu sér hægra megin á veginum, og sat annar í sætinu, en hinn stóð fyrir aftan og hélt báðum höndum í handfangið á sleðanum, en öðrum fæti stóð hann á sleðajárninu og spyrnti áfram með hinum fæti. Þegar ákærði átti eftir ca. 40 metra til drengjanna, gaf hann hljóðmerki, sem drengur sá, er stýrði sleðanum, heyrði, og vék hann sleðanum enn meira til hægri, svo að segja fast á hægri vegarbrún. Um leið gaf annar drengjanna merki með því að rétta út eða veifa með hendinni vinstra megin, og virtist ákærða það vera drengurinn, er var í sætinu, sem merkið gaf. Ákærði skildi merkið svo, að drengurinn væri að gefa til kynna, að bílnum væri óhætt að halda áfram þeim megin. Er þetta var, telur ákærði, að hann hafi ekið með ca. 30 km hraða á klukkustund, tæplega hraðar, en sleðinn farið

eitthvað hægara, því rétt á eftir var ákærði kominn móts við sleðann.

Ók ákærði eftir vinstri brún vegarins, en sleðinn fór alveg eftir hægri brún, og gizkaði ákærði á, að bilið milli þeirra hefði verið sem svarar tveimur föðmum. Leit ákærði nú út, og var sleðinn þá móts við hús bifreiðarinnar aftan til, en beygði þá snögglega þvert inn á veginn og rakst á bifreiðina aftarlega.

Ákærði hemlaði þegar bílinn með fót- og handbremsum, en vegna þess að flughált var á veginum, rann bíllinn áfram um 29 metra, þar til hann stöðvaðist.

Ákærði fór út úr bifreiðinni, og sá þá, að annar drengjanna lá á götunni skammt frá, en hinn drengurinn stóð yfir honum. Hljóp ákærði til þeirra, og er hann kom að, sá hann strax, að ekki var lengur lífsmark með drengnum, sem lá á götunni, enda hafði hann mikinn áverka á höfði, og fossaði blóðið út um nasir hans.

Ákærði tók líkið upp og lét það á bílinn og breiddi yfir. Drengurinn, sem fyrir slysinu varð, hét Guðmundur Jón Jóhannsson, fæddur 4. júní 1936, en með honum var bróðir hans, Þórir Hörður 7 ára, en foreldrar þeirra eiga heima í Fögruhlíð, sem er þarna stutt frá. Ákærði fór þangað og tilkynnti móðurinni slysið, en faðirinn var staddur í Blönduhlíð, sem er þar nokkuð burtu. Ákærði fór þangað, og þaðan var síðan símað til lögreglunnar í Reykjavík, sem kom brátt á slysstaðinn.

Lík drengsins var flutt á Landsspítalann, og við líkskoðun kom í ljós, að stórt beinstykki hafði brotnað úr aftanverðri hauskúpunni og rekizt inn í heila og valdið dauða samstundis. Hinn drengurinn hafði marizt lítils háttar á fæti, en ekki hlotið önnur meiðsl.

Frásögnin um atvik að slysinu eru samkvæmt framburði ákærða, með því að drengurinn, sem eftir lifði, gat ekki gert sér grein fyrir, hvernig slysið bar að, og aðrir sjónarvottar voru ekki.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar reyndist bifreið ákærða í lagi eftir slysið. Ákærði var óþreyttur og vel fyrir kallaður, er þetta kom fyrir.

Sléttuvegur var háll og svellaður, svo hvorki markaði fyrir bíl né sleðaförum.

Eins og áður er tekið fram, gaf ákærði hljóðmerki í hæfilegri fjarlægð, áður en hann náði sleðanum, og munu drengirnir hafa báðir heyrt það, þar sem sá, sem stýrði, vék fast út á hægri brún vegarins, en hinn virtist hafa gefið merki með hendinni. Breidd vegarins á þessum stað mun vera það mikil, að 2.—3. metra bil hefði a. m. k. átt að geta verið milli sleðans og bílsins, þegar hann fór fram hjá. Rétturinn verður því að telja, að ákærði hafi ekki sýnt gáleysi í að aka, eins og hann gerði. Það virðist ekki hægt að rekja orsök slyssins til þess, að bílstjórinn hafði ekki

keðjur á hjólunum, né þess, að hann hafi ekið með of miklum hraða eða sýnt sérstaka óaðgæzlu, með því að slysið bar að með svo óvæntum og skjótum hætti, að ekkert ráðrúm gafst til að hemla og stöðva bílinn fyrr en um seinan.

Að öllu þessu athuguðu getur rétturinn eigi talið ákærða bera refsiverða ábyrgð á dauða drengsins Guðmundar Jóns Jóhannssonar, og ber því að sýkna hann af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

En með því að aka bifreiðinni, án þess að hafa keðjur á hjólum á hálum vegi, og eftir atvikum of hratt hefur ákærði brotið 26. og 27. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 16. júní 1941 og 4. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 16. júní 1941. Samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna og 14. gr. umferðarlaganna þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 300 króna sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Einars Ásmundssonar, kr. 250.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Sigurður Guðni Gíslason, greiði 300 króna sekt í ríkissjóð, og komi fimmtán daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Ásmundssonar hrl., kr. 250.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. marz 1946.

Nr. 132/1944. **Gunnar Bjarnason** (Hrl. Ragnar Ólafsson)
gegn
Þorleifi Ben. Þorgrímssyni
og
Sigrúnu Pétursdóttur
(Hrl. Einar Ásmundsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað Árna Tryggvasonar.

Verklaun dæmd.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. október 1944, skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 25. s. m. Hann krefst þess, aðallega að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða honum kr. 9676.92 með 5% ársvöxtum af kr. 9166.92 frá 2. nóvember 1943 til greiðsludags, en til vara lægri fjárhæð eftir mati dómsins. Hann krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti úr hendi stefndu eftir mati hæstaréttar. Stefndu gera þær dómkröfur, aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara, að þeim verði dæmt að greiða áfrýjanda fjárhæð samkvæmt mati hæstaréttar. Svo krefjast þau málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Mat það, er í málinu greinir, fór fram að tilhlutun Reykjavíkurbæjar vegna viðskipta bæjarins og stefndu, án þess að áfrýjandi ætti þar nokkurn hlut að máli eða væri kvaddur til réttargæzlu í sambandi við það. Verður matsgerðin því ekki lögð til grundvallar í máli þessu.

Ágreiningslaust er, að greiðslur áfrýjanda fyrir verk þau, er hann lét vinna fyrir stefndu, að viðbættri umsaminni þóknun til hans, nemi fjárhæð þeirri, er hann krefur stefndu um. Stefndu hafa ekki leitt sönnur að því, að einstakir liðir í reikningum áfrýjanda, er lagðir hafa verið fram, séu rangir, né að þeir gallar hafi verið á framkvæmd verksins, að lækka beri kröfu áfrýjanda af þeim sökum.

Ber því að taka kröfu áfrýjanda um greiðslu kr. 9676.92 til greina með vöxtum, eins og krafizt er.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Þorleifur Ben. Þorgrímsson og Sigrún Pétursdóttir, greiði in solidum áfrýjanda, Gunnari Bjarnasyni, kr. 9676.92 með 5% ársvöxtum af kr. 9166.92 frá 2. nóvember 1943 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað, en málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. maí 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 2. nóv. 1943, af Gunnari Bjarnasyni forstjóra, Víðimel 65 hér í bæ, gegn Þorleifi Ben. Þorgrímssyni og Sigrúnu Pétursdóttur, báðum til heimilis að Bergstaðastræti 2 hér í bænum, til greiðslu skuldar in solidum, að fjárhæð kr. 9166.92, ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt reikningi. — Með framhaldsstefnu, útgefinni 28. f. m., hefur stefnandi krafið stefndu til viðbótar um kr. 510.00 auk málskostnaðar.

Stefndu kröfðust í upphafi *aðallega* sýknu af kröfum stefnanda, en *til vara*. að þeim yrði aðeins gert að greiða stefnanda kr. 2870.00. Við hinn munnlega málflutning breyttu stefndu kröfum sínum á þá lund, að þeim yrði aðeins gert að greiða kr. 2875.00, en málskostnaður félli niður.

Málsatvik eru þau, að á árinu 1942 munu stefndu hafa fengið loforð forráðamanna Reykjavíkurbæjar um að fá á leigu lóðina nr. 100 við Laugaveg hér í bæ, enda fullnægðu þau venjulegum skilyrðum til að fá lóðarleigusamning, en sá siður mun vera hjá Reykjavíkurbæ að gera eigi lóðarsamning, fyrr en grafið hefur verið fyrir húsi og botn steyptur í grunni.

Stefndu munu síðan hafa látið byrja á að grafa fyrir húsi á lóðinni. Þann 7. ágúst 1942 tók stefnandi að sér að ljúka við greindan grunngröft, svo og, að því er virðist, að byggja hús á lóðinni. Skýrir stefnandi svo frá, að hann hafi verið tregur til að taka að sér nefnt verk, en stefndu hafi lagt mjög fast að sér, þar sem búast mætti við, að lóðin yrði annars tekin af þeim. Kveðst stefnandi síðan hafa tekið að sér verkið, en tekið það

fram, að ekki væri unnt sakir manneklu að hraða því. Svo hafi verið um samið, að verkið skyldi greiðast vikulega eftirá samkvæmt reikningi, en stefnandi skyldi frá 15% af útlögðu fé sem þóknun. Vinna hafi síðan hafizt um 14. ágúst og hafi verið unnið í þrjár vikur, en ekkert fengizt greitt frá stefndu. Hafi þá verið hætt vinnu, en þann 14. sept. 1942 hafi stefndu greitt kr. 1000.00 og lofað greiðslu framvegis á réttum tíma. Hafi síðan verið hafin vinna aftur, en stefndu þó ekki greitt neitt. Um 6. nóvember hafi vinna stöðvazt vegna vélarbilunar, og þann dag hafi stefndu greitt kr. 1500.00 og lofað reglulegum greiðslum framvegis, en það hafi eigi verið efnt. Um þessar mundir virðast forráðamenn bæjarins hafa gefið í skyn, að lóðin yrði tekin af stefndu. Kveðst stefnandi þá hafa fengið frá stefndu afsal (dags. 7. nóv. 1942) fyrir lóðinni svo og framsal á öllum rétti stefndu á hendur Reykjavíkurbæ, ef hann skyldi taka lóðina til sín, og hafi skjal þetta átt að vera trygging til sín fyrir greiðslunni frá stefndu, en ekki hafi átt að beita því sem afsali, ef þau stæðu í skilum. Hins vegar gaf stefnandi stefndu yfirlýsingu, dags. sama dag, þar sem hann skuldbatt sig til að byggja hús á lóðinni, ef til kæmi. Þann 11. nóv. ritaði síðan stefnandi bréf til borgarstjóra og skýrði honum frá orsökum þeirra tafa, sem orðið hefðu á grunngreftri í lóðinni. Forráðamenn bæjarins virðast hafa tilkynnt stefndu um miðjan nóvember, að þeir tækju lóðina af þeim, vegna þess að lítið gengi með húsbygginguna, og þann 20. nóv. ritar stefnandi bæjarráði bréf, þar sem hann óskar þess, að lóðin verði leigð sér, ef þess sé enginn kostur, að stefndu fái að halda henni. Forráðamenn bæjarins virðast ekki hafa sinnt þessu og sviptu stefndu rétti til lóðarinnar. Buðu þeir þeim greiðslu eftir mati fyrir mannvirki þau, er á lóðinni voru. Telur stefnandi, að stefndu skuldi sér hina umstefndu fjárhæð fyrir nefndan grunngröft, og hafi þau reynzt ófáanleg til að greiða þetta, þrátt fyrir það að þau hafi verið krafin og þau hafi marglofað greiðslu.

Stefndu hafa skýrt svo frá, að eftir að þau fengu rétt til nefndrar lóðar, hafi stefndi Þorleifur hafið gröft fyrir húsi á lóðinni og eytt í það nokkru fé. Síðan hafi byggingameistari einn tekið við verkinu. Þegar stefnandi hafi tekið við, hafi verið búið að grafa og aka burtu um 200 m^3 úr grunninum. Vinnubrögð hjá stefnanda hafi gengið sérstaklega seint, og oft hafi ekkert verið unnið í marga daga. Auk þess hafi sumt af því, er unnið var, verið gagnslaust. Þannig hafi verið byrjað á skurði fyrir skólpleiðslu, sem ekki hafi verið notaður og mokað ofan í aftur. Telja stefndu, að vegna þess, hve verkið hafi gengið seint hjá stefnanda, hafi forráðamenn bæjarins tekið af þeim lóðina og leigt hana öðrum. Hafi stefnandi þannig valdið þeim stórtjóni. Þann 28. maí 1943 var af dómkvöddum yfirmatsmönnum metið verðmæti þess verks,

er unnið hafði verið í lóðinni, og töldu matsmennirnir það kr. 10375.00 virði. Töldu matsmennirnir gröft í lóðinni 250 m³, á kr. 25.00 hvern teningsmetra, skurðgröft 45 m³, á kr. 25.00 hvern teningsmetra, og sprengingar í skurði 10 m³, á kr. 300.00 hvern teningsmetra.

Stefndu, sem hafa ákveðið haldið því fram, að þau hafi ekki fengið sundurliðaðan reikning um vinnu þá, er stefnandi lét í té, fyrr en í máli þessu, telja reikninga stefnanda óhæfilega háa. Dómkröfur sínar byggja stefndu á áðurgreindu yfirmati. Telja þau, að búið hafi verið að grafa 200 m³ í lóðinni, er stefnandi tók við verkinu, og sé það samkvæmt matinu 5000.00 króna virði. Verk það, er stefnandi hafi látið í té, sé þannig 5375.00 króna virði, en þar upp í hafi hann fengið greiddar 2500.00 krónur, og sé því skuld sín kr. 2875.00.

Skrifstofustjóri stefnanda hefur borið fyrir dómi, að stefnda Þorleifi hafi verið sendir yfirlitsreikningar um hverja vinnuviku, jafnóðum og unnið var, en vinnuskýrslur og önnur frumgögn hafi stefndu ætíð staðið til boða á skrifstofu stefnanda. Hafa og verið lögð fram vottorð á þá lund, að stefndi Þorleifur muni hafa notfært sér þetta og enda fylgzt með vinnunni. Gegn ákveðnum mótmælum stefndu verður þó ekki talið sannað, að þeim hafi verið gerðir kunnir sundurliðaðir reikningar stefnanda, jafnóðum og verkið var unnið, og verður því ekki talið, að þau hafi samþykkt þá með þeim hætti né af þeim sökum, að stefndi Þorleifur, sem ekki mun vera byggingafróður, hafi fylgzt með verkinu. Að því er snertir verðmæti þess verks, er unnið var í nefndri lóð, þykir verða að leggja áðurnefnt yfirmat til grundvallar, enda hefur því á engan hátt verið hnekkt. Verður því gröftur sá, sem framkvæmdur var, talinn 10375.00 króna virði alls. Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Jóns Sigurðssonar verkfræðings, en hann mun starfa hjá Reykjavíkurbæ, þar sem hann telur, að þann 13. ágúst 1942 hafi hann að ósk bæjarverkfræðingsins í Reykjavík athugað þau mannvirki, er gerð höfðu verið á lóðinni nr. 100 við Laugaveg hér í bæ. Hafi þá verið búið að grafa og aka burt um 200 m³ af uppgreftri úr hússtæðinu. Eftir atvikum þykir verða að leggja þetta vottorð til grundvallar í málinu.

Samkvæmt framangreindu verður talið, að stefnandi hafi innt af hendi eftirtalda vinnu við nefndan grunngröft, sem verðleggst þannig:

1.	Gröftur á lóð 50 m³ á kr. 25.00 hver teningsmetri	kr. 1250.00
2.	Gröftur á skurði 45 m³ kr. 25.00 hver teningsmetri	— 1125.00
3.	Sprengt í skurði 10 m³ á kr. 300.00 hver teningsmetri	— 3000.00
	Alls	kr. 5375.00

Auk þeirra verka, er tekin eru með í nefndu yfirmati, er ljóst af hinum framlögðu vinnuskýrslum, að stefnandi hefur látið stefndu í té nokkra vinnu svo og efni, sem ekki er talin með í matinu.

1. Þann 14. okt. 1942 er unnið þrjá tíma að lagfæra girðingu um grunninn og goldið fyrir það kr. 17.65. Verk þetta er ekki tekið með í nefndu mati, og þar sem þessu hefur ekki verið sérstaklega mótmælt af stefndu, þykir verða að gera stefndu að greiða þessa upphæð að viðbættri umsaminni þóknun, 15%, eða alls kr. 20.30.

2. Þann 4. nóv. s. á. er enn unnið við nefnda girðingu og greitt fyrir það kr. 73.52. Með tilvísun til þess, er segir um lið 1, ber stefndu að greiða stefnanda þessa fjárhæð að viðbættri 15% þóknun, eða með kr. 84.52.

3. Í vikunni frá 18. til 24. nóv. s. á. virðist stefnandi hafa látið aka möl í veg að grunninum og goldið fyrir það kr. 109.20. Verk þetta virðist ekki vera tekið með í nefndu mati, og þykir því með tilvísun til þess, er segir um lið 1, verða að gera stefndu að greiða þessa fjárhæð að viðbættum 15%, eða alls kr. 125.58.

5. Þann 8. des. 1942 virðist stefnandi hafa látið stefndu í té girðingarnet, er kostaði kr. 300.00. Með tilvísun til þess, er segir um lið 1 hér að framan, ber stefndu að greiða stefnanda þessa fjárhæð að viðbættum 15%, eða alls kr. 345.00.

5. Þann 28. des. 1942 virðist stefnandi hafa látið stefndu í té rör fyrir kr. 148.00. Með tilvísun til þess, er segir undir lið 1 hér að framan, ber stefndu að greiða stefnanda þetta fé að viðbættum 15%, eða alls kr. 170.32.

Samkvæmt framangreindu ber stefndu að greiða stefnanda kr. 6120.72 (5375.00 + 20.30 + 84.52 + 125.58 + 345.00 + 170.32), að frádregnum kr. 2500.00, er þau hafa þegar greitt, eða alls kr. 3620.72.

Málalok verða því þau, að stefndu verða in solidum dæmd að greiða stefnanda kr. 3620.72 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Þorleifur Ben. Þorgrímsson og Sigrún Pétursdóttir, greiði bæði fyrir annað og annað fyrir bæði stefnanda, Gunnari Bjarnasyni, kr. 3620.72 með 5% ársvöxtum frá 2. nóvember 1943 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. marz 1946.

Nr. 140/1945. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
Hinrik Ragnarssyni (Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Refsing og fébætur vegna líkamsárásar.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta refsiákvæði hans.

Helgi Þórðarson, er ákærði veitti áverkann, kveður sig hafa verið óvinnufæran vegna meiðslanna frá 2. til 26. janar 1945. Sveinn læknir Pétursson, er Helgi leitaði læknishjálpar til, kveðst hafa bannað honum að vinna fram til 5. febrúar 1945. Samkvæmt þessu þykir kröfu Helga um bætur fyrir atvinnutjón, kr. 1175.68, vera í hóf stillt, og verður hún því tekin til greina. Þá hefur Sveinn læknir Pétursson skýrt svo frá, að kostnaður Helga vegna lækninga nemi kr. 300.00, og ber því einnig að dæma Helga þá fjárhæð. Loks þykja bætur til Helga vegna þjáninga og óþæginda hæfilega ákveðnar í héraðsdómi kr. 1000.00.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutingslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 550.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hinrik Ragnarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 550.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 23. ágúst 1945.

Ár 1945, fimmtudaginn 23. ágúst, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2104/1945: Réttvísin og valdstjórnin gegn Hinrik Ragnarssyni, sem tekið var til dóms 23. ágúst 1945.

Mál þetta er að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins höfðað gegn Hinrik Ragnarssyni bifreiðarstjóra, til heimilis að Litla-Haga hér í bæ, til refsingar, greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Í rannsókn málsins upplýstist áfengislagabrot ákærða, og er málið því einnig höfðað gegn honum fyrir brot á áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. nóvember 1920 á Sandi í Snæfellsnessýslu, og hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum, svo að kunnugt sé:

1936 1/8 Sátt í Siglufirði, 30 kr. sekt fyrir götuóspektir.
1938 3/8 Áminning í Reykjavík, utan réttar, fyrir óspektir.
1942 7/12 Sátt í Reykjavík, 20 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
1943 7/12 Sátt í Reykjavík, 20 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um einstefnuakstur.
1945 1/4 Sátt í Reykjavík, 30 kr. sekt fyrir akstur bifreiðar án afturljóss og með of marga farþega í framsæti bifreiðar.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Síðastliðið gamlárskvöld var haldinn dansleikur í Alþýðuhúsinu við Hverfisgötu. Var ákærði á dansleik þessum ásamt konu sinni, Jónu Margréti Árnadóttur, Haraldi Guðmundssyni skipasmið, Vesturgötu 30, og konu hans, Guðbjörgu Aðalsteinsdóttur. Engar vínveitingar voru á dansleik þessum, en Haraldur Guðmundsson hafði meðferðis þangað einn pela af áfengi, sem þeir ákærði og hann drukku á dansleiknum, en konur þeirra neyttu þar einskis víns, eftir því sem þær og Haraldur hafa borið, en ákærði kveður þau öll hafa drukkið áfengi, sem hann segir hafa verið eina flösku af brennivíni.

Á dansleiknum var einnig Helgi Ólafur Hafsteinn Þórðarson verkamaður, til heimilis að Bergstaðastræti 50 B hér í bæ. Sat hann við borð í efri veitingasalnum, en ákærði í þeim neðri. Kveðst Helgi hafa neytt áfengis, áður en hann fór á dansleikinn, og fundið til áhrifa þess þar, en ekki verið ölvaður. Hvorki kveðst hann hafa haft áfengi með sér á dansleikinn né neytt þess þar. Milli klukkan 1 og 2 um nóttina var hann einn síns liðs á gangi í neðri veitingasalnum og ætlaði að ganga fram hjá borði því, er ákærði sat við, en þar sem mikil mannþröng var þarna, rakst hann óvart

á öxl ákærða, sem stóð þegar upp frá borði sínu og sló til Helga, en missti marks. Afsakaði Helgi sig, bað ákærða vera rólegan og ætlaði að ganga burtu, en í því sló ákærði hann með krepptum hnefa högg mikið á vinstra auga. Við högg þetta féll Helgi um stól og lenti með vinstra auga á borðshorni og missi meðvitund. Raknaði hann aftur við frammi í snyrtiherbergi, og var húsvörðurinn, Haraldur Sigurðsson, þá að þvo honum um augað, en sprungið hafði fyrir á því og blæddi úr. Við svo búið fór Helgi heim til sín.

Ákærði skýrði svo frá málavöxtum, að klukkan tæplega 12 um kvöldið hafi Helgi gengið framhjá borði hans. Guðbjörg Aðalsteinsdóttir, kona Haralds Guðmundssonar, hafði þá verið nýstaðin upp frá borðinu og ætlaði að fara að dansa við einhvern mann, sem ákærði veit eigi, hver er. Um leið og Helgi fór fram hjá borðinu, hafi hann hrint Guðbjörgu, svo að hún féll við á Þórarin Hjartarson, sem sat um þessar mundir við borð ákærða, en Helgi hafi ekki rekizt á öxl sína. Stóð ákærði nú upp, gekk til Helga og spurði, hvers konar umgengni væri í honum. Helgi svaraði engu, en tók allharkalega í hálsmál ákærða, sem sleit sig lausan, þar sem hann er með barkaskurð og þolir ekki, að harkalega sé komið við háls hans. Við þetta féll Helgi, og lenti augabrún hans á stól eða borði, en fyrrgreindur Þórarinn reisti hann upp. Rétt í þessu kom húsvörðurinn og fór burt með Helga. Kveður ákærði Helga hafa verið mjög ölvaðan á dansleiknum, en sjálfur hafi hann aðeins fundið til áfengisáhrifa.

Vitnið Guðbjörg Aðalsteinsdóttir húsfreyja, Vesturgötu 30, hefur borið, að milli kl. 1 og 2 um nóttina hafi það staðið upp frá borði því, er það sat við og ætlað fram í snyrtiherbergi, en ekki að dansa, enda hafi enginn maður boðið því í dans á þessari stundu. Mikil þrengsli voru kringum borðið, og straukst eða rakst mjög ölvaður maður, sem ruddist áfram milli borðanna, á vitnið, og hefur margnefndur Helgi Þórðarson viðurkennt, að vel geti verið, að hann hafi strokizt við vitnið, þegar hann fór fram hjá borðinu. Vitnið veitti þessu enga eftirtekt, en leyfði manninum að komast fram hjá sér og hélt svo áfram fram í snyrtiherbergið. En þegar vitnið var komið nokkur skref í áttina að dyrum snyrtiherbergisins, heyrði það hávaða og leit við. Sá það þá, að ákærði var eins og hálfpartinn ofan á manni þeim, er rakst á vitnið, og voru þeir að standa upp. Þegar mennirnir voru staðnir upp, kom húsvörðurinn til þeirra. Vitnið kveður það rangt, að því hafi legið við falli, er Helgi Þórðarson rakst á það, og einnig kveður það rangt, að fyrrgreindur Þórarinn Hjartarson hafi tekið í það og varið það falli, og ekki kveðst það hafa fallið utan í Þórarin.

Haraldur Guðmundsson skipasmiður, Vesturgötu 30, skýrir svo frá, að mikil þrengsli hafi verið á dansleiknum og í sal þeim, er

borð þeirra félaga stóð í. Ekki kveðst hann hafa séð vín á ákærða.

Klukkan 1—2 um nóttina sá Haraldur, hvar Helgi Þórðarson ruddist áberandi ölvaður milli borða. Þegar Helgi fór fram hjá borði ákærða og Haralds, stóð kona hans upp og ætlaði að ganga eitthvað frá, en hrökklaðist undan honum. Ekki sá Haraldur hann falla eða hrökklast utan í Þórarin Hjartarson. Stóð ákærði þá upp, og áttu þeir Helgi einhver orðaskipti saman, en tókust svo litlu síðar á og duttu í gólfið. Ekki tók Haraldur vel eftir handalögmáli þeirra Helga Þórðarsonar og ákærða, þar sem þau gerðust í einni svipan og mikil mannþröng var þarna, enda var Haraldur einnig að reyna að koma í veg fyrir, að borð þeirra félaga ylti um koll.

Vitnið Jóna Margrét Árnadóttir húsfreyja, Litla-Haga, sem gift er ákærða, hefur borið það, að bæði ákærði og Haraldur Guðmundsson hafi verið búnir að neyta áfengis, áður en þeir fóru á dansleikinn, og einnig hafi þeir neytt þess þar. Það kveður ákærða hafa verið talsvert undir áhrifum áfengis og Harald Guðmundsson talsvert mikið. Vitnið sá, þegar Helgi Þórðarson eins og ruddist mjög ölvaður á milli borða einhvern tíma milli kl. 1 og 2 um nóttina, en mjög mikil þrengsli voru á dansleiknum og sérstaklega í kringum borð ákærða og Haralds Guðmundssonar. Þegar margnefndur Helgi fór fram hjá borði því, er vitnið sat við, rakst hann á Guðbjörgu Aðalsteinsdóttur, konu Haralds Guðmundssonar, en hún var nýstaðinn upp. Ekki sá vitnið hana hrasa eða detta utan í Þórarin Hjartarson, sem sat um þessar mundir við borðið. Strax eftir að Helgi rakst á Guðbjörgu, stóð ákærði upp frá borðinu og talaði eitthvað við Helga, sem tók þá í jakkaboðang hans. En þá hrinnti ákærði honum, svo að hann féll um stól og skall á borðsrönd. Í þessum svifum kom húsvörðurinn, og gekk Helgi burt með honum. Vitnið kveður vinstra auga Helga hafa marizt talsvert og bólgnað upp, en ekkert hafi blætt úr því.

Vitnið Þórarinn Hjartarson sjómaður, Bergþórugötu 8, skýrir svo frá, að það hafi sezt við borð ákærða einhverntímann umrædda nótt, en ákærði og það eru kunningjar. Meðan vitnið sat við borðið, stóð kona Haralds Guðmundssonar upp frá því og gekk í burtu í þeim tilgangi að fara að dansa, að því er vitnið telur, þó að það hafi ekki séð nokkurn mann bjóða henni í dans á þessari stundu. Rétt eftir að hún var staðin upp frá borðinu, varð vitnið vart við, að hún kom við öxl þess, en þó ekki fast. Í þessum svifum stóð ákærði upp frá borðinu og spurði mann nokkurn, sem stóð fyrir aftan vitnið, „hvaða kurteisi það væri að hrinda kvenfólki.“ Maður þessi greip þá, án þess að segja nokkurt orð, um hálsmál ákærða og hélt honum upp að vegg. Ákærði annað

hvort sló mann þenna eða reif sig lausan. Féll maðurinn þá aftur yfir sig og kom höfuð hans hvorki við stól né borð, en ákærði stóð kyrr. Hjálpaði vitnið manninum að standa upp, en í þeim svifum bar húsvörðinn að, og fór hann burt með manninn, sem fengið hafði glóðarauga mjög bólgið.

Vitnið Haraldur Sigurðsson umsjónarmaður, Háteigsveg 26, hefur skýrt svo frá og unnið eið að framburði sínum, að það hafi séð, er margnefndur Helgi Þórðarson gekk nokkuð hratt fram hjá borði ákærða og rakst lítils háttar á einhverja konu, en hún hafi hvorki dottið utan í borðið né á mann, er við það sat. Stóð ákærði nú upp frá borði sínu og sló Helga Þórðarson með krepptum hnefa í andlitið, svo að hann féll með andlitið á borðsrönd og niður á gólf. Hjálpaði vitnið Helga svo fram í snyrtiherbergið, en einhver maður hafði hjálpað honum til að rísa upp á hnén. Kveður vitnið Helga hafa hlotið talsverðan áverka af högginu og hafi annað augað bólgnað upp. Bæði ákærða og Helga kveður vitnið hafa verið undir áfengisáhrifum, en ekki áberandi ölvaða.

Bjarni Bjarnason læknir skoðaði Helga Þórðarson 4. janúar s. l., og hefur hann gefið vottorð þess efnis, að Helgi hafi verið með glóðarauga vinstra megin og augað sjálft blóðhlaupið.

Sveinn Pétursson augnlæknir skoðaði Helga Þórðarson 9. jan. s. l. og hefur gefið eftirfarandi vottorð um áverkann: „Helgi Þórðarson varð fyrir höggi 31. des. 1944, svo að hann fékk áverka á vinstra auga. Skoðaður af mér 9. jan. 1945. Þá sjást eftirstöðvar af mari neðan við augað og á auganu sjálfu.

Sést blæðing utanvert við sjáaldur og smáblæðingar innan í auganu, sem gerir það að verkum, að sjón er ofurlítið minnkuð. Þetta virðist ætla að lagast alveg, en ekki hægt að segja, á hve löngum tíma. Hef bannað sjúklingnum að vinna fyrst um sinn."

Helgi Ólafur Hafsteinn Þórðarson kveðst hafa hlotið allmikinn áverka, vinstra augað hafi bólgnað mjög mikið og sjón daprazt. Átti hann í þessu frá 2. til 26. jan. s. l., að báðum dögum meðtöldum, og varð á þeim tíma að ganga til Sveins Péturssonar augnlæknis. Bannaði læknirinn honum að vinna þann tíma.

Eins og atvikum er lýst hér að framan, þykir sannað, að ákærði Hinrik Ragnarsson hafi veitt Helga Þórðarsyni framangreindan áverka, og hefur hann með því atferli sínu brotið gegn 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Með eigin játningu ákærða og framburði vitna er sannað, að ákærði hafi neytt áfengis á opinberum dansleik, og hefur hann því brotið gegn 1. mgr. 17. gr. sbr. 1. mgr. 37. gr. áfengislaga nr. 33 9. jan. 1935.

Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga.

Helgi Ólafur Hafsteinn Þórðarson hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér kr. 2475.68 í skaðabætur, og hefur hann sundurliðað kröfu sína þannig:

a.	Bætur fyrir atvinnutjón	kr. 1175.68
b.	Lækniskostnaður	— 300.00
c.	Bætur vegna óþæginda og leiðinda	— 1000.00
		Kr. 2475.68

Vaxta hefur eigi verið krafizt.

Verður eigi séð, að upphæð þessi sé óeðlilega há, og verður því að taka hana að öllu leyti til greina og dæma ákærða til greiðslu þessarar upphæðar.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Máli Haralds Guðmundssonar skipasmiðs, Vesturgötu 30, hefur verið lokið sérstaklega með réttarsátt.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Hinrik Ragnarsson, sæti fangelsi 30 daga.

Hann greiði Helga Ólafi Hafsteini Þórðarsyni kr. 2475.68 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 22. marz 1946.

Nr. 80/1945. **Olíuverzlun Íslands h/f**
(Hrl. Theódór B. Lindal).
gegn
Hreppsnefnd Blönduósshrepps f. h. hreppsins
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

Ómerking máls og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Stefndi krafðist þess í bréfi til fógeta 22. marz 1945, að lögtak yrði gert í eignum áfrýjanda á Blönduósi til heimtu útsvars, að fjárhæð kr. 900.00, er lagt var á áfrýjanda í Blönduóshreppi vorið 1944.

Hinn 11. júní 1945 byrjaði fógeti framkvæmd lögtaksgerðarinnar. Kom gerðarbeiðandi ekki á það dómþing og enginn af hans hálfu, en af hendi áfrýjanda kom umboðsmaður hans á Blönduósi fyrir fógeta og andmælti fram-

kvæmd lögtaksins af þeirri ástæðu, að áfrýjandi væri ekki útsvarsskyldur í Blönduósshreppi, og voru bókuð rök hans fyrir því. Fógeti tók þá málið til úrskurðar, án þess að gerðarbeiðanda gæfist færi til að svara vörn gerðarþolanda. Þessi meðferð var, eins og á stóð, andstæð réttum reglum, þar sem fógeti hefði átt að veita gerðarbeiðanda kost á að tala máli sínu og láta síðan flytja málið samkvæmt IX. kafla sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936.

Af þessum ástæðum verður að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Það athugast, að í fógetaúrskurðinum er hvorki greint nafn gerðarbeiðanda né fjárhæð lögtakskröfu. Er það andstætt fyrirmælum 2. mgr. 190. gr. og 1. mgr. 193. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Húnavatnssýslu 15. júní 1945.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, rekur Olíuverzlun Íslands h/f verzlun á Blönduósi með benzín og smurningsolíur í eigin húsi og á eigin lóð. Eru vörurnar fluttar á staðinn að öllu leyti á kostnað og ábyrgð félagsins og geymdar á þess ábyrgð. Sá maður á Blönduósi, sem annast afgreiðslu varanna fyrir félagið, ræður engu um verð þeirra né tilhögun verzlunarrekstrarins og ber enga ábyrgð á honum umfram venjulegan búðarþjón. Hann hefur fyrirmæli um að selja gegn staðgreiðslu. Honum ber að skila andvirði seldra vara, en það ber venjulegum búðarþjóni einnig að gera. Frá beinni „contantsölu“ og skilun andvirðis er þó sú frávikning, að verulegur hluti sölunnar fer fram samkvæmt fyrirmælum félagsins til ákveðinna manna, sem félagið hefur samið um milliliðalaust, og greiða þeir menn fyrir vöruna beint til félagsins. Greiðsla til sölumanns félagsins á Blönduósi er

ákveðin sumpart sem tiltekinn aurafjöldi af seldum lítra sumpart sem hundraðsgjald af söluverði. Er slíkur háttur alþekkt kaupgreiðslufyrirkomulag, er í hlut á sölumaður við útbú verzlunar.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið sagt, verður að telja, að verzlunarrekstur Olíuverzlunar Íslands h/f á Blönduósi sé raunverulegt útbú, rekið þar, en af því leiðir, að greiða ber útsvar af verzlunarrekstrinum samkvæmt a-lið 8. gr. laga nr. 106/1936.

Því úrskurðast:

Olíuverzlun Íslands h/f, útbú, Blönduósi, ber að greiða útsvar af verzlunarrekstri sínum þar til Blönduóshrepps, og ber því að framkvæma hina umbeðnu lögtaksgerð.

Föstudaginn 22. marz 1946.

Kærumálið nr. 2/1946. **Laxinn h/f**
gegn
Vélsmiðjunni Jötni h/f

Kröfu um frest synjað.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 28. febrúar þ. á., sem hingað barst 7. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur 27. febrúar síðastliðinn, þar sem sóknaraðilja var synjað um frekari frest í máli aðilja. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að honum verði veittur 4 vikna frestur í málinu. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 250 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Laxinn h/f, greiði varnaraðilja, Vélsmiðjunni Jötni h/f, 250 krónur í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 27. febrúar 1946.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 22. þ. m., hefur Vélsmiðjan Jötunn h/f hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 9. október 1944, gegn h/f Laxinum hér í bænum til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 1292.31, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1944 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krafðist í fyrstu *aðallega* frávísunar á hluta kröfunnar, en *til vara* sýknu af þeim hluta. Af öðrum liðum kröfunnar hefur stefndi krafizt sýknu og málskostnaðar í aðalsök. Eins og síðar verður greint, hefur aðalstefndi fallið frá kröfu sinni um frávísun hluta sakarefnis. Þá hefur stefndi og höfðað gagnsök með stefnu, útgefinni 7. nóvember 1944, og krafizt þess, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða gagnstefnanda skaðabætur, að fjárhæð kr. 30000.00, með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1944 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Mál þetta var þingfest hinn 12. október 1944 og umboðsmanni stefnanda þá veittur viku frestur til þess að leggja fram greinargerð sína. Hinn 19. s. m. var sú greinargerð lögð fram og umboðsmanni stefnda þá veittur tveggja vikna frestur til greinargerðar og að honum liðnum viku framhaldsfrestur í sama skyni. Hinn 9. nóvember lagði umboðsmaður stefnda fram gagnstefnu og greinargerð. Var þá veittur tveggja vikna sameiginlegur frestur til gagnasöfnunar um framangreinda frávísunarkröfu aðalstefnda, en á bæjarþingi hinn 23. nóvember féll umboðsmaður þess frá þeirri kröfu, og var umboðsmanni gagnstefnda þá veittur viku frestur til greinargerðar í gagnsök og að honum liðnum enn tveggja vikna frestur í sama skyni. Er sá frestur var á enda, var enn veittur framhaldsfrestur í sama skyni til 25. janúar 1945, en þann dag var enn veittur tveggja vikna framhaldsfrestur til hins sama svo og til sáttaumleitana. Hinn 8. febrúar 1945 lagði umboðsmaður gagnstefnda loks fram greinargerð sína í gagnsök, og var þá veittur sameiginlegur frestur í 4 vikur til öflunar gagna. Að honum liðnum var veittur tveggja vikna framhaldsfrestur í sama skyni svo og til sáttaumleitana og að honum liðnum enn tveggja vikna fram-

haldsfrestur til þess að ljúka gagnasöfnun í málinu. Hinn 5. apríl 1945 var loks veittur 3 vikna framhaldsfrestur til gagnasöfnunar aðallega í því skyni að fá fyrir dóm skýrslu forstjóra aðalstefnanda. Af því varð þó eigi, og töldu umboðsmenn aðilja gagnasöfnun lokið á bæjarþingi hinn 26. apríl 1945, þó þannig að umboðsmaður gagnstefnanda áskildi sér rétt til aðiljayfirheyrslu yfir forstjóra aðalstefnanda, og umboðsmaður aðalstefnanda áskildi sér sams konar rétt gagnvart forstjóra gagnstefnanda. Dagur til munnlegs flutnings máls þessa var síðan ákveðinn oftar en einu sinni, en flutningi þess frestað vegna tilmæla umboðsmanna aðiljanna, sem töldu, að sættir væru að komast á í málinu. Er sýnt þótti af drætti málsins, að sættir hefðu ekki tekizt, var ákveðið, að munnlegur flutningur málsins skyldi fram fara hinn 1. marz næstkomandi, og var umboðsmönnum aðiljanna tilkynnt sú ákvörðun hinn 19. þ. m. Að beiðni umboðsmanns gagnstefnanda var skýrsla tekin fyrir dómi af forstjóra aðalstefnanda á bæjarþingi hinn 22 þ. m. Í því þinghaldi óskaði umboðsmaður gagnstefnanda þess, að tekin yrði fyrir dómi skýrsla af framkvæmdastjóra umbjóðanda hans, og óskaði eftir 4 vikna fresti til þess, þar eð framkvæmdarstjórinn væri nú erlendis og ekki væntanlegur hingað til lands fyrr en í næsta mánuði.

Umboðsmaður aðalstefnanda mótmælti frekari fresti í málinu, og var atriðið því tekið til úrskurðar.

Af því, sem að framan hefur verið sagt um rekstur máls þessa, þykir ljóst, að aðiljar hafi haft nægilega fresti til að ljúka gagnaöflun í því. Verður því með skírskotun til 111. gr. sbr. 110. gr. laga nr. 85 frá 1936 að synja um hinn umbeðna frest.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómarans, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Mánudaginn 25. marz 1946.

Nr. 31/1945. **Valdstjórnin** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Rögnu Sigurðardóttur
(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot á lögum nr. 3/1943 um verðlag.

Dómur hæstaréttar.

Eftir að úrskurður gekk í hæstarétti 4. júní f. á., hefur löggiltur endurskoðandi athugað verzlunarbækur kærðu og frekari rannsókn farið fram um sum atriði málsins.

Kærða hefur skýrt svo frá, að hún hafi vegið nokkrar af grenigreinum þeim, er hún seldi í verzlun sinni, á þeim tíma, sem í málinu getur, og hafi henni reiknazt til, að meðalþungi þeirra hafi verið 1 til 2 kílógrömm, en sumar hafi verið allt að 3 kílógrömm að þyngd. Greinar þessar seldi kærða yfirleitt á 10 eða 15 krónur hverja. Samkvæmt þessu svo og þeim atriðum, sem lýst er í héraðsdómi, verður að telja, að nokkur brögð hafi verið að því, að kærða hafi selt greni hærra verði en verðlagsyfirvöld höfðu heimilað henni.

Ekki hefur tekizt að leiða í ljós við rannsókn málsins, hvern hagnað kærða hefur haft af hinni ólöglegu álagningu.

Með framangreindu atferli sínu hefur kærða gerzt brotleg við 1. gr. laga um verðlag nr. 3/1943, og þykir refsing sú, er hún hefur til unnið samkvæmt 2. málsgr. 9. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin 8000 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 80 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar á að vera óraskað.

Kærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 1000 krónur til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að í upphafi rannsóknarinnar var

ekki hafizt handa um að vega einstakar greinar, sem óseldar voru hjá kærðu. Við framhaldsrannsókn málsins voru kærðu ekki kynntir þeir framburðir vitna, er um getur í áðurgreindum úrskurði hæstaréttar, og hún ekki spurð um, hvernig stæði á því, að hún lagði mun meira fé í banka en talið var í verzlunarbókum hennar, að inn hefði komið við vörusölu hennar dagana 16.—23. desember 1944.

Dómsorð:

Kærða, Ragna Sigurðardóttir, greiði 8000 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 80 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar skal vera óraskað.

Kærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, 1000 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 23. janúar 1945.

Ár 1945, þriðjudaginn 23. janúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Þórði Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3044/1944: Valdstjórnin gegn Rögnu Sigurðardóttur, sem tekið var til dóms 16. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Rögnu Sigurðardóttur kaupkonu, til heimilis á Hringbraut 66 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um verðlag nr. 3 1943, sbr. tilkynningu verðlagsstjóra í Lögbirtingablaði 23. október 1944.

Kærða er komin yfir lögaldur sakamanna, fædd 24. júní 1907, og hefur, svo kunnugt sé, hvorki sætt ákæru né refsingu.

Málavextir eru þessir:

Fyrir síðastliðin jól fékk blómaverzlunin „Flóra“, en kærða er eigandi þeirrar verzlunar, tvær sendingar af greni frá útlöndum. Hvor sending var 3000 kg að þyngd, og voru þær báðar tollafgreiddar í fyrra mánuði. Samkvæmt verðútreikningi, sem umboðs-

maður verzlunar kærðu sendi verðlagsstjóra, mátti grenið kosta með 25% heildsöluálagningu og 50% smásöluálagningu kr. 4.50 pr. kg í smásölu, en kærðu var þó heimilað að selja grenið á kr. 5.00 pr. kg. Með tilliti til óvenjulegrar rýrnunar var innflytjendum grenis heimiluð 35% heildsöluálagning á það, svo að smásöluverð kærðu á greninu mátti hæst vera kr. 5.20 pr. kg. Verður að telja þá ákvörðun viðskiptaráðs að ákveða hámarksverð grenisins pr. kg leyfilega, þar sem ráðið hefur samkvæmt 1. gr. laga nr. 3 13. febrúar 1943 um verðlag vald til að ákveða hámarksverð á á hvers konar vörum og verðmæti, en í því þykir vera heimild fyrir ráðið að ákveða, við hvað hámarksverðið skuli miðað.

Kærða byrjaði sölu á greninu í verzlun sinni 14. f. m., og fór salan fram í porti bak við verzlunarbúðina. Kveðst kærða hafa auglýst söluna í blaði þann morgun, en í útvarpinu bæði um hádegið og um kvöldið sama daga og um hádegið 16. f. m.

15. f. m. keyptu tveir eftirlitsmenn verðlagsstjóra tvær grenigreinar í verzlun kærðu. Segja þeir, að allt grenið í verzluninni hafi verið í eintsökum greinum, og hafi verð þeirra ýmist verið 10 eða 15 krónur eftir stærð og fegurð. Keyptu þeir sína greinina hvor, mismunandi stórar, og kostaði sú stærri 15 krónur, en hin 10 krónur. Greinarnar tóku þeir af handahófi úr stórum greinabunka, og geta þeir ekki sagt um, hvort þær voru stærri eða minni en aðrar greinar í bunkunum. Þeir fóru síðan með greinarnar á Löggildingarstofuna, þar sem þær voru vigtaðar. Reyndist þyngd minni greinarinnar 234. gr, en hinar 720 gr.

Í fyrsta réttarhaldi hélt kærða því fram, að grenið hefði ekki í nærri öllum tilfellum verið vigtað, er það var selt út úr verzluninni, en þyngd greinanna verið áætluð samkvæmt gamalli reynslu, og hafi því alltaf getað skeikað einhverju um þyngd þeirra. Síðar hefur kærða skýrt frá því, að Helga Pálsdóttir, Jens Cornelius Lambertsen og Gösta Richard Edvardson, sem afgreiddu grenið í verzlun hennar, staðfest það, að allt grenið hafi verið bútað niður í einstakar greinar, áður en sala þess hófst, og hafi greinunum verið skipt í tvo flokka eftir þyngd, fegurð og tegund. Greinarnar hafi ekki verið vigtaðar, heldur seldar í stykkjum, þannig að hver grein í öðrum (dýrari) flokknum hafi verið seld á 15 kr., en í hinum flokknum á 10 kr.

Kærða segir, að 15 króna flokkurinn hafi verið þriðjungi stærri en 10 krónu flokkurinn, en veit ekki með vissu, hvort úr honum seldist meira. Hún segir, að sumar greinarnar hafi verið um 2 kg, sumar um 3 kg að þyngd, en aðrar léttari, en getur ekki sagt um þyngd léttustu greinanna. Afgreiðslufólk kærðu treystir sér ekki til að fullyrða um, hve greinarnar í hvorum flokki hafi yfirleitt verið þungar.

18. f. m. vigtaði löggiltur vigtarmaður greni það, sem þá var

óselt í verzlun kærðu, og reyndist það vera 2470 kg auk rusls, sem ekki var vigtað, en áætluð 100 kg. Kveðst kærða nálega ekkert hafa selt af þessum 2470 kg, og er ósannað, hvað hún hefur selt af þeim.

Helga Pálsdóttir kveðst hafa tekið á móti öllum peningum, sem komið hafi inn daglega fyrir sölu á greninu, og hafi þeim peningum verið haldið aðskildum, þar til búið hafi verið að telja þá að kvöldi hvers dags. 14. f. m. hafi andvirði hins selda grenis numið kr. 6025.00, 15. f. m. numið kr. 4345.00 og 16. f. m. kr. 1125.00, eða samtals þessa þrjá daga kr. 11495.00. Kærða kveður innkaupsverð hins selda grenis hafa numið kr. 7703.90, og hafi því ágóðinn af sölu grenisins verið tæp 50%.

Í málinu hafa verið leidd nokkur vitni, sem kveðast hafa keypt greni í verzlun kærðu fyrir síðastliðin jól.

Sigríður Klemensdóttir skrifari, Leifsgötu 18, kveðst hafa keypt tvær greinar álíka stórar á 10 krónur hvora og tekið þær af handahófi úr greinabúnka, þar sem hver grein kostaði kr. 10.00. Greinarnar hafi hún keypt þó nokkrum dögum fyrir jól, og haldi hún, að sala grenisins hafi þá verið að hefjast. Aðra greinina hafi hún keypt fyrir Halldór Halldórsson skrifstofumann, Hömrum við Suðurlandsbraut, og hafi hún strax afhent honum aðra greinina. Halldór kveðst hafa fengið Sigríði snemma í seinustu viku fyrir jól til að kaupa grein fyrir sig í verzlun kærðu. Hann kveðst hafa látið greinina út á snaga við eldhúsglugga hjá sér, en nokkrum dögum síðar hafi hann leyft verðlagseftirlitsmönnum að láta vigta greinina. Var hún vigtuð 22. f. m. á Löggildingarstofunni, og reyndist þungi hennar vera 525 gr.

Stefán Jónsson, skrifstofustjóri í viðskiptaráði, kveðst hafa keypt tvær greinar í verzlun kærðu og farið eftir auglýsingu í dagblaði eða útvarpi, sem hann heldur, að hafi verið á fyrsta degi sölu grenisins. Hafi önnur greinin kostað 15 kr., en hin 7 kr., og hafi sú grein verið með minni greinum, er hann sá. Hann hafi spurt afgreiðslumanninn um verð nokkurra einstakra greina, sem hafi þá nefnt 5, 7, 10, 12 og 15 króna verð. Stefán kveðst hafa látið báðar greinarnar, er hann keypti, undir rimlabekk í garði við heimili sitt. 21. f. m. fór eftirlitsmaður frá verðlagsstjóra með greinarnar á Löggildingarstofuna, þar sem þær voru vigtaðar, og reyndist þyngd þeirra vera 930 gr. Vigtarmaðurinn kveðst ekki hafa tekið eftir því, hvort grenið væri ein eða fleiri greinar, en eftirlitsmaður verðlagsstjóra fullyrðir, að báðar greinarnar hafi þá verið vigtaðar saman, og verður að telja, að svo hafi verið.

Jens Cornelius Lambertsen segir, að vera megi, að hann hafi látið einhvern kaupanda, sem hafi verið óánægður með 10 og 15 króna verðið á greinunum, fá grein fyrir eitthvað lægra verð. Hafi þetta þá verið samkvæmt ákvörðun hans sjálfs, en ekki með leyfi annars, en hann kveðst ekki muna eftir neinu ákveðnu til-

felli, þar sem afsláttur hafi verið veittur frá hinu ákveðna verði. Gösta Richard Edvardson, sem mun hafa afgreitt Stefán Jónsson og Sigríði Klemensdóttur, kveðst hafa haldið sér við fyrirmælin um að selja greinarnar á 10 og 15 krónur stykkið, eftir því í hvorum bunkanum þær voru. Þó kunni það að hafa komið fyrir, að hann hafi selt mjög smáar greinar á eitthvað lægra verð en ákveðið var, en hann muni ekki, hvað það verð hafi þá verið. Hann kveðst ekki muna eftir því, að söluverð nokkurrar greinar hafi verið 12 krónur eða lægra en 10 krónur, en hafi það komið fyrir, að grein hafi verið seld á minna en 10 krónur, hafi það ekki verið að fyrirlagi neins annars.

Elín Egilsdóttir, Fjólugötu 21, kveðst hafa keypt tvær greinar fyrsta eða annan dag þann, er þær voru auglýstar til sölu. Hafi hún valið sitt hvora greinina úr tveimur greinabunkum, og hafi þó nokkur stærðarmunur verið á greinunum. Önnur greinin hafi kostað 10 krónur, en hin 15 krónur, og hafi þær ekki verið vigtaðar. Elín kveðst ekki geta fullyrt, hvort greinarnar hafi verið heldur stærri eða minni en aðrar greinar, sem í bunkanum voru, en hún hafi reynt að hafa þær sem stærstar og fegurstar. Hún kveðst hafa geymt greinarnar úti á svölum, en samkvæmt beiðni bróður síns hafi hún vigtað þær nokkrum dögum seinna heima hjá sér, og hafi þyngd beggja greinannna saman verið 900 gr. Vogin, sem hún hafi notað, hafi ekki verið fullkomin og greinarnar numið við gólfið, er þær hafi verið vigtaðar.

Stefán Jónsson og Sigríður Klemensdóttir eru ein til frásagnar um það, hvar, á hvaða tíma og á hvaða verði þau keyptu greinar sínar og að verðlagseftirlitið hafi fengið einmitt þær sömu greinar til að láta vigta á Löggildingarstofunni. En kærða hefur ekki vefengt framburði þeirra, heldur styður framburður hennar og starfsfólks hennar svo og eftirlitsmanna verðlagsstjóra um sölu á greni úr verzlun hennar framburðina, sem þykir því verða að leggja til grundvallar. Greinar þær, er Elín Egilsdóttir kveðst hafa keypt, hafa hins vegar ekki verið vigtaðar með þeim hætti, að hægt sé að telja fullsannað, hver þyngd þeirra hafi verið. Samkvæmt þessu er sannað, þegar þær greinar, sem eftirlitsmenn verðlagsstjóra keyptu, eru taldar með, að kærða hefur selt eina grein, sem var 234 gr að þyngd, á 10 krónur, eina grein, sem var 720 gr, á 15 krónur, eina grein, sem var 525 gr, á 10 krónur og tvær greinar, sem voru báðar saman 930 gr, á 22 krónur. Smásöluverð greina þessara hefur þannig verið langtum hærra en það, sem verðlagsstjóri heimilaði, sem var kr. 5.20 pr. kg. Þessi háttsemi kærðu varðar við 1. gr. laga um verðlag nr. 3 13. febrúar 1943, sbr. 18. tölulið tilkynningar verðlagsstjóra nr. 34 1944 í Lögbirtingablaði 23. október 1944.

Það er upplýst í málinu með játningu kærðu og vitnafram-

burðum, að hún hefur ekki selt grenið úr verzlun sinni eftir þyngd, heldur bútað það í einstakar greinar og selt þær alla jafnan á 10 og 15 krónur stykkið. Kaupendur fyrrgreindra greina, sem seldar voru of hátt, tóku þær alveg af handahófi úr greinabunkum. Hlýtur kærða því við sölu grenisins að hafa brotið fyrirmæli verðlagsstjóra um smásöluverð þess langtum oftar en í þeim tilfellum.

Það magn, sem til álita kemur, að kærða hafi selt með óleyfilegum hagnaði, eru þau 3430 kg, sem búið var að selja, er grenibirgðir hennar voru vigtaðar 18. f. m. Það þykir vera ósannað, að andvirði hins selda grenis hafi numið kr. 11495.00, eins og kærða hefur haldið fram, eða hvert það hefur verið, og er því ekki hægt að sjá, hversu víðtækt verðlagsbrot kærðu er af söluverði grenisins. Þá eru þær greinar, er eftirlitsmenn verðlagsstjóra, Sigríður Klemensdóttir og Stefán Jónsson, keyptu, of fáar til þess að hægt sé að telja verð þeirra greina meðalverð kærðu á greninu og ólöglegan ágóða sem því svarar. Samkvæmt þessu er engin niðurstaða fengin um það, hvern hagnað kærða hafi haft af sölu grenisins umfram það, er heimilað var. Verður því ekki kveðið á um upptöku ólögmæts hagnaðar í máli þessu.

Með tilvísun til framanritaðs og að því athuguðu, að kærða virðist í engu hafa skeytt settum reglum um verð hinnar umræddu vöru, en upplýsingar skortir hins vegar um það, hvern ágóða hún hefur haft af þeirri háttsemi, þykir refsing hennar samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 3 1943 hæfilega ákveðin 20000 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en ella komi í stað sektarinnar varðhald í 100 daga.

Kærðu ber að dæma til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, 700 krónur.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærða, Ragna Sigurðardóttir, greiði 20000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 100 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, 700 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. marz 1946.

Nr. 7/1946. **Valdstjórnin** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Agnari Stefánssyni
(Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

Brot gegn 1. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941 um bifreiðar.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Kærði gekk mjög ölvaður til svefns kl. 3 aðfaranótt 22. ágúst, svo sem lýst er í héraðsdómi. Klukkan 7 um morguninn reis hann úr rekkju og ók áætlunarbifreiðinni A 207 skömmu síðar frá Hjalteyri til Akureyrar og síðan um Akureyrarbæ og áleiðis til Hjalteyrar aftur. Telja verður víst, að kærði hafi við þenna akstur vegna fyrirfarandi neyzlu áfengis verið svo miður sín, að varði við 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Fyrir hádegi sama dag keypti kærði á Akureyri tvær flöskur af sterku víni, og tók hann að aka bifreiðinni í beinu framhaldi af því, að hann hafði neytt nokkurs af áfengi þessu. Varðar það brot hans við 1. mgr. 23. gr. sömu laga. Refsing kærða þykir samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna hæfilega ákveðin 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta kærða leyfi til að stjórna bifreið 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar staðfestist. Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 400 krónur til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Agnar Stefánsson, greiði 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar,

verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann skal og sviptur ökuleyfi 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Gústafs A. Sveinssonar, 400 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 4. des. 1945.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað með stefnu, útgefinni 15. október s. l., gegn bifreiðarstjóra Agnari Stefánssyni, til heimilis Norðurgötu 19 hér í bæ, fyrir brot á bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 og áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. marz 1909 í Spónsgerði í Möðruvallasókn. Hann hefur aldrei áður sætt kæru eða refsingu fyrir neitt brot, svo vitað sé.

Atvik málsins eru þessi:

22. ágúst s. l. voru lögregluþjónarnir Steinþór Ásgeirsson og Ásgeir Kröyer, báðir frá Reykjavík, og Gísli Ólafsson héðan úr bænum á leið út á Hjalteyri í bifreið. Á veginum ofan við Bragholt, sem er skammt ofan við Hjalteyri, hafði bifreiðin A 207 numið staðar. Bifreiðarstjóri hennar var Agnar Stefánsson, kærði í máli þessu. Þrír farþegar voru í bifreiðinni. Hugðust lögregluþjónarnir athuga, hvort bifreiðarstjórinn færi eftir reglum sérleyfishafa, en þá kom í ljós, að hann var undir áhrifum áfengis, að því er lögregluþjónarnir telja. Viðurkenndi hann þá að hafa verið ölvaður kvöldið áður og fram eftir nóttu og einnig að hafa neytt nokkurs áfengis þá sama daginn. Tóku þeir hann með sér og fluttu hann á lögreglustöðina á Akureyri, og tók héraðslæknirinn þar úr honum blóðsýnishorn.

Kærði hefur skýrt frá því fyrir réttinum, að hann hafi verið mikið ölvaður um kvöldið og nóttina áður og eigi farið að sofa fyrr en um kl. 3 um nóttina. Eigi segist hann þó hafa ekið bifreiðinni neitt þá og hefur eigi á annan hátt upplýstst, að svo hafi verið. Kl. 7 um morguninn lagði hann af stað til Akureyrar í bifreið sinni. Segist hann þá ekki hafa neytt neins áfengis og enga ölvun fundið á sér. Fyrir hádegi þenna dag kaupir kærði eina flösku af „gin“ og eina flösku af „whisky“ í útsölu áfengisverzl-

unar ríkisins á Akureyri. Fundust báðar þessar flöskur í bílnum hjá kærða og voru sýndar í réttinum, og hefur kærði viðurkennt, að það væri hans flöskur. Var þá „gin"flaskan tæplega hálf, en um ⅓ eftir í hinni flöskunni. Hefur kærði viðurkennt að hafa drukkið verulegan hluta þess, sem búið var úr „whisky" flöskunni, en gefið kunningjum sínum nokkuð af því.

Kærði vildi fyrst í stað eigi kannast við, að hann ætti „gin"-flöskuna, en síðar viðurkenndi hann, að hann ætti hana líka. Um hana hefur það upplýstst, að hann lét annan mann, Kristján Magnússon, fá 1 pela úr henni, og hefur Kristján þessi verið leiddur sem vitni í málinu og skýrt frá því, og jafnframt hefur hann borið, að áður en hann fékk úr henni, hafi verið í henni upp í axlir. Var því dálítið búið að taka úr henni, og er því líklegt, að kærði hafi verið búinn að drekka eitthvað úr henni, en hann hefur algerlega neitað, að svo hafi verið. Kærði segist einskis áfengis hafa neytt eftir kl. 2 um daginn til kl. 4, að hann lagði af stað út eftir, né heldur á leiðinni. Þá hefur hann viðurkennt að hafa fundið á sér lítils háttar breytingu, eftir að hann drakk úr flöskunni.

Vitnin Geirlaug Konráðsdóttir og Baldur Halldórsson, sem fóru með kærða út í Arnarneshrepp þenna dag, hafa bæði borið, að þau hafi enga ölvun séð á kærða eða séð neitt í fari hans, sem bent gæti til þess.

Hins vegar hefur vitnið Steinþór Ásgeirsson borið, að hann hafi verið „merkjanlega áberandi ölvaður". Hann hafi verið slappur og þrútinn í andliti, augun sljó og málfarið þvöglulegt, og enn fremur segist þetta vitni hafa fundið af honum vínlykt. Þá hefur vitnið Gísli Ólafsson, lögregluþjónn, sem var með áðurnefndum Steinþóri, borið það, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis. Við rannsókn héraðslæknisins á blóðsýnishorni því, sem tekið var úr kærða, reyndist alkóhól vera 1,21‰.

Áfengismagnið í blóðinu er ekki svo mikið, að því er fræðimenn telja, að víst sé, að kærði hafi verið undir áhrifum af því, en miklar líkur eru þó til, að svo hafi verið samkvæmt niðurstöðum þeirra. En þegar játning hans um áfengisneyzlu og að hann hafi fundið til ölvunar, nokkru áður en hann lagði af stað í ferðina til Hjalteyrar, og upplýst er, að hann ók nokkuð um bæinn, áður en hann lagði af stað í þessa ferð, er athugað svo og vitnisburður hinna tveggja lögregluþjóna, sem athuga manninn gaumgæfilega með tilliti til þessa, þá verður að telja sannað, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis. Enn fremur er það sannað með játningu kærða, að hann hafi neytt áfengis við bifreiðarakstur. Taka ber tillit til þess, að kærði ók áætlunarbifreið til mannflutninga.

Samkvæmt framansögðu verður að telja fullsannað, að kærði í máli þessu, Agnar Stefánsson, hafi gerzt sekur um brot á bif-

reiðalögum nr. 23 16. júní 1941, 23. gr., sbr. 38. og 39. gr., umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941, 4. gr. sbr. 14. gr., og áfengislögum nr. 33 9. jan. 1945, 21. sbr. 39. gr. Þykir refsing sú, sem hann hefur unnið til, hæfilega ákveðin 10 daga varðhald. Þá ber og að svipta hann leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa. Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Agnar Stefánsson, sæti 10 daga varðhaldi.

Hann skal svipta leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 200.00 málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Sveinssonar hdl.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. marz 1946.

Nr. 88/1945. **Vigfús Pálmason** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Ragnari Guðmundssyni
(Hrl. Eggert Claessen).

Innsetning í leigt húsnæði.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. júlí 1945. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með úrskurði fógeta 14. júlí 1944 var stefnda gert að rýma íbúð sína í húsi áfrýjanda. Hinn 20. s. m. fór áfrýjandi úr

bænum og hafði þá ekki gert ráðstafanir til þess, að útburðurinn yrði framkvæmdur. Stefndi var um þessar mundir farinn norður í land til síldveiða. Eiginkona hans, sem ætlaði að dveljast norðanlands hjá manni sínum um sumarið, flutti í byrjun ágústmánaðar búföng þeirra og aðrar eignir úr íbúðinni. Kveðst hún hafa gert þetta vegna þess, að hún taldi óvarlegt að skilja munina eftir, er hún fór úr bænum, þar sem yfir vofði útburður samkvæmt fyrrnefndum fógetaúrskurði. Lykla að íbúðinni fól hún til geymslu hæstaréttarlögmanni þeim, er farið hefur með mál þetta fyrir stefnda. Áfrýjandi kom aftur til bæjarins hinn 5. ágúst. Íbúð stefnda var enn lokuð og með þeim ummerkjum, er að framan getur, er áfrýjanda var hinn 14. ágúst birt áfrýjunarstefna í útburðarmálinu. Veittist áfrýjanda því ekki, eins og á stóð, ástæða til að ætla, að stefndi vildi gefa upp leigurétt sinn að íbúðinni.

Áfrýjandi opnaði á eindæmi sitt og án aðstoðar fógeta íbúð stefnda hinn 16. september 1944. Leigði hann síðan nafngreindri konu íbúðina frá 2. október s. á. til 1. október 1945. Kona þessi var eftir kröfu stefnda borin út úr íbúðinni hinn 28. september 1945 samkvæmt úrskurði fógeta 11. s. m., en þeim úrskurði hefur ekki verið áfrýjað. Fékk fógeti þá stefnda íbúðina aftur til umráða.

Svo sem rakið er í hæstaréttardómi 5. marz 1945, hafði áfrýjandi gert ítrekaðar tilraunir til þess að koma stefnda burt úr íbúðinni og sýnt mikla tregðu um viðtöku húsaleigu. Hinn 13. júní 1944 bauð stefndi fram greiðslu á húsaleigu fyrir þann mánuð, en henni var þá af hálfu áfrýjanda neitað viðtöku. Eftir þetta bauð stefndi ekki fram leigu fyrr en 23. marz 1945, er hæstaréttardómur hafði gengið í útburðarmálinu.

Þegar á það er litið, að tregða áfrýjanda olli því í öndverðu, að óregla komst á leigugreiðslur af hendi stefnda, sem áður hafði ávallt staðið í skilum, og neitun af hendi áfrýjanda á viðtöku húsaleigu í júní 1944 svo og taka áfrýjanda á íbúðinni í september s. á. gaf stefnda ástæðu til að ætla, að þýðingarlaust væri að bjóða fram leigugreiðslu, fyrr en útburðarmálið væri útkljáð í hæstarétti, þá verður

ekki talið, að vanræksla stefnda á því að bjóða fram leigu eða koma henni í geymslu sé slík, að hann hafi fyrirgert leigurétti sínum. Þá hefur áfrýjandi ekki leitt sönnur að því gegn mótmælum stefnda, að meðferð hans á hinu leigða húsnæði hafi verið óhæfileg. Loks hefur áfrýjandi viljað reisa kröfur sínar á því, að stefndi hafi í heimildarleysi tekið burt skúr af lóð sinni. Stefndi telur sig hafa verið eiganda að þessum skúr, og eru ekki komin fram í málinu gögn, er skeri úr um þenna ágreining aðilja. Verður innsetningarbeiðni stefnda því ekki hnekkt á þessum grundvelli.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um framkvæmd gerðarinnar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um framkvæmd innsetningargerðarinnar á að vera óraskað.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 12. júlí 1945.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 5. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Ragnar Guðmundsson, Reynimel 51 hér í bænum, krafizt þess að verða með beinni fógetagerð settur inn í umráð íbúðar, sem hann áður bjó í, í húsinu nr. 32 við Baldursgötu.

Gerðarþoli, Vigfús Pálmason, Baldursgötu 32, hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins. Aðiljar hafa, hvor um sig, krafizt málskostnaðar að mati réttarins.

Í upphafi byggði gerðarþoli mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar á því m. a., að hann væri ekki réttur aðili máls þessa, eða þótt svo væri, ætti hann um það samaðild með núverandi íbúum hinar umdeildu íbúðar, og bæri því að synja um framgang gerðarinnar vegna aðildarskorts. Sérstakur úrskurður var kveðinn upp um þetta atriði þann 7. apríl s. l., og var niðurstaðan sú, að þótt réttur þriðja manns gæti orðið því til fyrirstöðu, að hin umbeðna innsetningargerð mætti ná fram að ganga, væri málinu á þessu stigi þess réttilega beint gegn gerðarþola einum. Verða því í úrskurði þessum ekki tekin til meðferðar þau atriði, er varða rétt

núverandi afnotahafa til setu í hinni umdeildu íbúð. Málavextir eru þeir, er hér greinir: Með úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 14. júlí 1944 í málinu Vigfús Pálmason gegn Ragnari Guðmundssyni, var ákveðið, að gerðarbeiðandi máls þessa, Ragnar Guðmundsson, skyldi borinn út úr hinni umdeildu íbúð, sem hann þá bjó í, vegna vanskila. Útburðurinn var ekki framkvæmdur sökum þess, að ekki var beiðzt frekari aðgerða fógeta í málinu, eftir að úrskurður féll. Fyrstu daga ágústmánaðar 1944 flutti kona gerðarbeiðanda muni þeirra hjóna úr hinni umdeildu íbúð, og lét hún meðal annars taka læsingu, sem gerðarbeiðandi mun hafa átt, frá hurð íbúðarinnar. Gerðarþoli var utanbæjar, þegar brottflutningur munanna fór fram, og er hann kom aftur nokkrum dögum síðar, hafði kona gerðarbeiðanda látið setja áðurgreindan lás að nýju fyrir íbúðina og afhent lykla hennar í hendur hrl. Eggert Claessens, sem þá hafði gerzt málflutningsmaður gerðarþola, að því er áðurgreint útburðarmál varðaði. Um leið og kona gerðarbeiðanda flutti muni þeirra burt úr hinni umdeildu íbúð, seldi hún til niðurrifs geymsluskúr, sem stóð á lóð hússins og gerðarbeiðandi hafi látið reisa þar mörgum árum síðar en gerðarþoli eignaðist húsið, en það var árið 1940. Skúr þessi var rifinn og fluttur í burtu, um sama leyti sem kona gerðarbeiðanda flutti muni þeirra úr húsinu.

Með hæstaréttarstefnu, útgefinni 14. ágúst síðastl., áfrýjaði gerðarbeiðandi útburðarúrskurði þeim, er áður getur. Umboðsmaður gerðarbeiðanda kveður áfrýjunarstefnuna hafa verið birta þegar í stað eftir útgáfu hennar, og hefur því ekki verið mótmælt. Hinn 16 sept. síðastliðinn lét gerðarþoli opna hina umdeildu íbúð, sem þá hafði staðið lokuð og ónotuð, frá því að munir gerðarbeiðanda voru fluttir burtu, en gerðarbeiðandi, sem síðastliðið sumar var skipstjóri á síldveiðiskipi, dvaldi ásamt konu sinni norður í landi um þessar mundir og allt fram í janúar s. l. Með leigusamningi, dagsettum 2. okt. s. l., seldi gerðarþoli nafngreindri konu hina umdeildu íbúð á leigu til 1. okt. n. k. Dómur hæstaréttar í hinu áfrýjaða útburðarmáli gekk 5. marz síðastliðinn, og var hann á þá lund, að úrskurður fógetaréttarins frá 14. júlí var úr gildi felldur. Að fengnum dómi hæstaréttar sneri gerðarbeiðandi sér til fógeta með beiðni um gerð þessa, dagsetta 10. marz 1945. Í áðurgreindum dómi hæstaréttar var gerðarþola máls þessa gert að greiða gerðarbeiðanda kr. 650.00 í málskostnað. Upphæð þessa sendi gerðarþoli gerðarbeiðanda í póstávísun, dagsettri 17. marz síðastliðinn. Í réttarhaldi í máli þessu 23. s. m. afhenti gerðarbeiðandi fógeta póstávísun þessa í því skyni, að hún kæmi til skuldajafnaðar við væntanlega kröfu gerðarþola um húsaleigu, en leigu hafði gerðarbeiðandi ekki boðið fram, frá því að hann bauð fram leigu fyrir júnímánuð 1944 í

réttarhaldi í fógetarétti Reykjavíkur 13. þess mánaðar. Gerðarþoli neitaði þá að veita leigunni viðtöku. Leiga fyrir hið umdeilda húsnæði var 50 krónur á mánuði auk verðlagsuppbótar, og átti hún að greiðast mánaðarlega, en aðilja greinir á um, hvort hún hafi átt að greiðast fyrirfram eða eftirá, og hefur ekki verið úr því skorið.

Gerðarbeiðandi byggir kröfu sína um framgang hinnar umbeðnu gerðar á áðurnefndum dómi hæstaréttar frá 3. marz s. l. Telur hann, að samkvæmt þeim dómi hafi hann aldrei glatað leigurétti að hinni umdeildu íbúð, og eigi hann því heimtingu á gagnvart gerðarþola að fá umráð hennar í sínar hendur. Er því eindregið mótmælt af hálfu gerðarbeiðanda, að hann hafi á nokkurn hátt fyrirgert leigurétti sínum að hinni umdeildu íbúð, eftir að úrskurður fógetaréttarins frá 14. júlí f. á gekk. Kveður gerðarbeiðandi sig aldrei hafa afhent íbúðina í hendur gerðarþola, enda hafi lyklar hennar aldrei verið afhentir honum, og að brottflutningur muna sinna og skúrs þess, er áður getur, hafi aðeins stafað af því, að hann þurfti atvinnu sinnar vegna að dvelja utan bæjar, en þar sem fyrir lá úrskurður fógeta um útburð á honum, hafi hann ekki viljað eiga það á hættu, að sú gerð yrði framkvæmd að sér fjarstöddum, og því komið eignum sínum fyrir annars staðar, meðan hann var fjarverandi. Hér hafi því ekki verið um algeran brottflutning sinn úr íbúðinni að ræða. Gerðarbeiðandi hefur viðurkennt, að hann hafi ekki boðið fram leigu fyrir hina umdeildu íbúð frá því í júní síðasta árs, þar til í réttarhaldi í máli þessu 23. marz s. l., svo sem áður greinir, en hann mótmælir, að þetta verði metið sér til vanskila, þar sem fyrir hafði legið synjun gerðarþola að taka við greiðslu fyrir júnímánuð, og hafi honum því borið að krefja um greiðslu, ef hann óskaði, að greitt yrði, en þrátt fyrir fjarveru sína hafi gerðarþola verið í lófa lagið að koma slíkri kröfu á framfæri við málflutningsmann sinn, sem hann hefði getað fengið upplýsingar um, hver var, eftir að áðurnefnd hæstaréttarstefna var birt. Þá andmælir gerðarbeiðandi öllum mótmælum gerðarþola gegn framgangi gerðarinnar, sem byggjast á brottflutningi skúrs þess, sem oft hefur verið á minnzt hér að framan. Telur gerðarbeiðandi sig hafa verið eiganda að skúr þessum og hafi sér því verið heimilt að ráðstafa honum eftir geðþótta sínum. Gerðarbeiðandi mótmælir því einnig að hafa valdið nokkrum spjöllum á eignum gerðarþola í sambandi við margnefndan brottflutning.

Enn fremur hefur gerðarbeiðandi hreyft því, að hér kæmu ekki til álita neinar þær málsástæður, er varða brottflutninginn úr íbúðinni eða leigugreiðslur á tímabilinu, frá því, að fógetaréttarúrskurðurinn frá 14. júlí f. á. var uppkveðinn, og þar til dómur hæstaréttar gekk 3. marz s. l., þar sem bæði þessi atriði hafa

verið rædd við flutning útburðarmálsins fyrir hæstarétti, og muni hæstiréttur því þegar hafa tekið afstöðu til þeirra.

Gerðarþoli byggir mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar á því, að eftir að úrskurður fógetaréttarins frá 14. júlí f. á. var upp kveðinn, hafi hann í fyrsta lagi vegna vanskila gerðarbeiðanda og í öðru lagi vegna framkomu hans í sambandi við brottflutninginn úr hinni umdeildu íbúð verið búinn að öðlazt rétt til að rifta við hann leigumálanum hinn 16. sept. s. l., er gerðarþoli tók umráð hinnar umdeildu íbúðar í sínar hendur. Heimild sína til riftunar leigumálans vegna vanskila byggir gerðarþoli á því, að leiga fyrir mánuðina júlí, ágúst og september s. l. hafi ekki verið boðin fram, og auk þess hafi gerðarbeiðandi skuldað leigu fyrir júnímánuð f. á. Telur gerðarbeiðandi, að þrátt fyrir synjun sína á að veita leigugreiðslunni fyrir júní viðtöku, hafi gerðarbeiðanda, ef hann vildi firra sig vanskilavítum, borið að bjóða leiguna fram, enda kveðst gerðarþoli ekki hafa átt hægt um vik að krefjast leigunnar, þar eð sér hafi verið ókunnugt um dvalarstað gerðarbeiðanda á þessu tímabili. Gerðarþoli hefur ekki gert kröfu um, að greiðslufall leigunnar frá þeim tíma, sem hann ráðstafaði hinni umdeildu íbúð, eða frá 2. október s. l., verði metið gerðarbeiðanda til vanskila.

Heimild sína til riftunar leigumálanum við gerðarbeiðanda út af brottför hans úr hinni umdeildu íbúð á s. l. sumri byggir gerðarþoli á tvennum ástæðum. *Í fyrsta lagi,* að gerðarbeiðandi hafi með fyrirvaralausri brottför gefið sér réttmæta ástæðu til að ætla, að hann væri með öllu fluttur úr hinni umdeildu íbúð, og hafi hann því tekið sér umráð hennar í góðri trú, sem útiloki rétt gerðarbeiðanda til að fá hana aftur í hendur. *Í öðru* lagi hafi viðskilnaður gerðarbeiðanda við íbúðina og aðfarir hans í sambandi við flutninginn verið með þeim hætti, að það réttlæti riftun leigumálans af sinni hálfu. Varðandi fyrra atriðið af hinum tveimur síðastnefndu skýrir gerðarþoli svo frá, að Pétur Jakobsson fasteignasali, sem verið hafi umboðsmaður gerðarbeiðanda varðandi leigugreiðslur, hafi, eftir að úrskurður fógetaréttarins 14. júlí f. á. var upp kveðinn, skýrt sér og málflutningsumboðsmanni sínum, hvorum um sig, svo frá, að framkvæmd úrskurðarins yrði óþörf, þar eð gerðarbeiðandi ætlaði að flytja burt úr íbúðinni af sjálfdáðum. Auk þess hafi Pétur tjáð sér síðar, að lyklar að íbúðinni mundu hafa verið skildir eftir í skránum, og ef þá væri ekki þar að finna, mundi þeir hafa glatazt þaðan. Enn fremur telur gerðarþoli hinn fyrirvaralausa brottflutning gerðarbeiðanda á öllum munum sínum hafa út af fyrir sig veitt nógu sterkar líkur fyrir því, að hann væri fluttur burtu að fullu og öllu, til að grundvalla góða trú sína til ráðstöfunar á íbúðinni.

Varðandi síðara atriðið byggir gerðarþoli á því, að gerðarbeið-

andi hafi í heimildarleysi rifið burtu geymsluskúrinn, sem margnefndur er hér að framan, en skúr þenna telur gerðarþoli hafa verið eign sína, þar eð hann hafi í góðri trú keypt hann með húsinu, er hann eignaðist það árið 1940, enda hafi skúrinn verið naglfastur við húsið. Með þessum spjöllum á eignum sínum svo og yfirleitt slæmum viðskilnaði við íbúðina, m. a. brottnámi á gólfdúk af einu gólfi hennar, telur gerðarþoli, að gerðarbeiðandi hafi fyrirgert leigurétti sínum að hinni umdeildu íbúð, svo að sér hafi verið riftun leigumálans heimil.

Í síðasta skipti, sem leiga var boðin fram af hálfu gerðarbeiðanda, fyrir júnímánuð f. á., neitaði gerðarþoli henni viðtöku. Eftir það verður ekki talið, að gerðarbeiðanda hafi borið skylda til að gera frekari ráðstafanir um greiðslu leigunnar en að vera viðbúinn að greiða hana, ef krafizt yrði. Ekki verður séð, að slík krafa hafi komið fram af hálfu gerðarþola fyrr en í sambandi við mál þetta, en þá hafði gerðarbeiðandi þegar boðið skuldajöfnuð við gjaldfallna peningakröfu á hendur gerðarþola. Verður því ekki talið, að gerðarbeiðandi hafi með vanskilum fyrirgert leigumála sínum, enda verður sú viðbára gerðarþola ekki tekin til greina, að hann hafi ekki getað náð til gerðarbeiðanda til að koma fram greiðslukröfu, þar sem gerðarþoli hlaut með hægu móti að geta komizt að, hver var málflutningsumboðsmaður gerðarbeiðanda, eftir að honum var birt áfrýjunarstefna sú, er áður greinir, og snúið sér til hans með greiðslukröfuna.

Gerðarþoli tók sér, svo sem áður getur, umráð hins umdeilda húsnæðis 16. september s. l., og 2. okt. s. l. ráðstafaði hann því til núverandi íbúa þess. Áður en þetta var, hafði honum verið birt áfrýjunarstefna, þar sem áfrýjað var til breytinga úrskurði fógetaréttarins frá 14. júlí f. á. Þegar þessa er gætt ásamt því, að gerðarbeiðandi hafði aldrei afhent gerðarþola íbúðina og ekki fengið honum í hendur lykla hennar, verður ekki talið, að gerðarþoli geti byggt rétt sinn til að taka íbúðina til ráðstöfunar á góðri trú sinni um, að gerðarbeiðandi væri að fullu og öllu fluttur burt úr henni, enda er ósannað, að Pétur Jakobsson hafi gefið gerðarþola ástæðu til að ætla, að svo væri, og mótmælt af hálfu gerðarbeiðanda, að Pétur hafi þá haft nokkra heimild til að gefa fyrir sig skuldbindandi yfirlýsingar varðandi leigumálann um íbúðina.

Þær málsástæður, að gerðarbeiðandi hafi við brottflutning muna sinna úr íbúðinni valdið spjöllum á henni og öðrum eignum gerðarþola og með því fyrirgert leigurétti sínum, hafa ekki verið bornar undir mat húsaleigunefndar, svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 39 frá 1943, 2. gr., og koma því ekki til álita í máli þessu.

Samkvæmt því, sem rakið er hér að framan, lítur rétturinn svo á, að gerðarþoli hafi án heimildar tekið sér umráð hinnar um-

deildu íbúðar í hendur, og verður samkvæmt því að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar gagnvart gerðarþola á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 500.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal fram fara gagnvart gerðarþola á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, Vigfús Pálmason, greiði gerðarbeiðanda, Ragnari Guðmundssyni, 500 krónur í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. marz 1946.

Nr. 12/1946. **Ólafur O. Guðmundsson f. h. h/f O. Oddgeirs**
gegn
Sigurgeir Sigurjónssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, h/f O. Oddgeir, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. marz, 1946.

Nr. 74/1945. **Enok Ingimundarson**
gegn
Ólafi Elíassyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Enok Ingimundarson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. marz 1946.

Nr. 16/1943. **Jón Magnússon**
gegn
h/f Sæfara.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Magnússon, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. apríl 1946.

Kærumálið nr. 4/1946. **Ólína J. Erlendsdóttir**
gegn
Oddnýju E. Sen og Jóni Dúasyni

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Um það, hvort tilgreinda spurningu megi leggja fyrir vitni.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 9. f. m., er hingað barst 19. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 128. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur 9. f. m., þar sem heimilað er að leggja spurningu fyrir vitnið Jón Dúason. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja Oddnýjar E. Sen eftir mati hæstaréttar. Varnaraðili gerir þær kröfur, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir eiga að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 250 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ólína J. Erlendsdóttir, greiði varnaraðilja Oddnýju E. Sen 250 krónur í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 9. marz 1946.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 5. þ. m., hefur Ólína Erlendsdóttir, Amtmannsstíg 6 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með vitnastefnu, útgefinni 20. f. m. Taldi vitnastefnandi sig þurfa að leiða vitni í sambandi við hæstaréttarmálið nr. 126/1945, Ólína Erlendsdóttir gegn Oddnýju E. Sen. Mál þetta var þingfest á bæjarþinginu 26. f. m., og var þá sótt þing af hálfu beggja aðilja.

Á bæjarþingi þann 5. þ. m. kom fyrir dóm að ósk vitnastefnda óstefndur sem vitni Jón Dúason dr. jur. Vitni þetta staðfesti vottorð, er það hafði gefið í máli þessu, en vottorð þetta fjallaði meðal annars um athugun vitnisins á íbúð vitnastefnanda 1. des. s. l. Þá gaf vitnið nokkrar skýringar á vottorðinu. Umboðsmaður vitnastefnda óskaði þá, að svo hljóðandi spurning yrði lögð fyrir vitnið:

„Telur vitnið, að loftskemmdirnar í baðherberginu hafi stafað eða geti hafa stafað frá loftpípunni?“

Umboðsmaður vitnastefnanda mótmælti því, að spurning þessi yrði lögð fyrir vitnið, þar sem dómkvaddir yfirmatsmenn hefðu þegar látið uppi álit sitt um þetta efni og staðfest matsgerðina fyrir dómi. Umboðsmaður vitnastefnda krafðist þess hins vegar, að spurningin yrði lögð fyrir vitnið, enda gæti svar þess við henni haft þýðingu fyrir mál þeirra aðiljanna. Var atriðið síðan tekið til úrskurðar.

Það er komið fram í málinu, að umrætt baðherbergi hefur verið skoðað af dómkvöddum yfirmatsmönnum og að þeir hafa látið í ljós álit sitt um orsakir til skemmda í lofti þess. Þrátt fyrir þetta þykir ekki rétt að neita um, að spurning þessi verði lögð fyrir vitnið, enda verður ekki talið útilokað, að svar vitnisins við henni kunni að hafa þýðingu fyrir mál þeirra aðiljanna.

Benedikt Sigurjónsson, fulltúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreinda spurningu er heimilt að leggja fyrir vitnið Jón Dúason.

Mánudaginn 1. apríl 1946.

Kærumálið nr. 5/1946. **Ólína J. Erlendsdóttir**
gegn
Oddnýju E. Sen

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Um dómkvaðning matsmanna.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 4. f. m., sem hingað barst 19. f. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 143. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð, upp kveðinn í bæjarþingi Reykjavíkur 4. f. m. um synjun á dómkvaðningu matsmanna. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði breytt og lagt verði fyrir héraðsdómara að dómkveðja matsmenn einnig til að meta, hvort spjöll, sem orðið hafa af vatnsrennsli á fyrstu hæð hússins nr. 6 við Amtmannsstíg hér í bæ, geti stafað af vatnsrennsli í eitt skipti eða tvö eða hvort spjöllin hljóti að stafa af margítrekuðu vatnsrennsli. Svo krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur og sóknaraðili verði dæmdur til að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Í máli sóknaraðilja á hendur varnaraðilja, sem dæmt var á bæjarþingi Reykjavíkur 27. september 1945 og áfrýjað hefur verið til hæstaréttar, krefst sóknaraðili þess m. a., að svo verði kveðið á, að varnaraðili hafi fyrirgert leigurétti sínum í húsi sóknaraðilja nr. 6 við Amtmannsstíg hér í bæ. Hinn 24. marz 1945 fékk sóknaraðili dómkvadda í málinu þrjá yfirmatsmenn „til þess að skoða skemmdir á íbúð sinni og gefa svar við því, af hverju þessar skemmdir stafa". Sóknaraðili taldi matsgerð hinna dómkvöddu manna frá 7. apríl s. l. ekki fullnægjandi og lagði því fyrir þá í bréfi 27. nóvember s. l. ýmsar spurningar, er þeir svöruðu í bréfi 30. desember f. á. og fyrir dómi, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði. Telur sóknaraðili sér nú nauðsynlegt að fá dómkvadda aðra matsmenn til þess að framkvæma mat það, sem

greint var í kröfugerð hans, þar sem yfirmatsmennirnir hafi ekki gefið ákveðin svör við því, hvort spjöll á íbúð sóknaraðilja í húsinu nr. 6 við Amtmannsstíg hafi stafað af endurteknu vatnsrennsli í íbúð varnaraðilja í sama húsi. Svo sem dómkvaðning yfirmatsmannanna 24. marz 1945 ber með sér, var þeim ekki sérstaklega falið að rannsaka, hvort spjöllin í íbúð sóknaraðilja stöfuðu af ítrekuðu rennsli vatns frá efri hæð hússins, og ekki verður séð, að yfirmatsmennirnir hafi farið á vettvang og athugað þetta atriði sérstaklega, áður en þeir svöruðu spurningum, er að því lúta. Þegar þessa er gætt svo og á það litið, að þeir treystast ekki til að gefa glögg svör um greint atriði, sem virðist geta haft þýðingu fyrir úrslit málsins, þykir yfirmatsgerðin frá 7. apríl s. l. og skýringar matsmanna á henni ekki vera því til fyrirstöðu, að nú séu dómkvaddir matsmenn til að framkvæma mat það, sem krafizt er. Ber því að fella úrskurð héraðsdómara, að því leyti sem hann er kærður, úr gildi og leggja fyrir dómarann að framkvæma dómkvaðningu þá, sem áður greinir.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að varnaðaraðili greiði sóknaraðilja kr. 100.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, að því leyti sem hann er kærður, og ber héraðsdómara að framkvæma dómkvaðningu þá, sem krafizt er.

Varnaraðili, Oddný E. Sen, greiði sóknaraðilja, Ólínu J. Erlendsdóttur, kr. 100.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 4. marz 1946.

Með bréfi, dags. 2. þ. m. fór matsbeiðandi þess á leit, að dómkvaddir yrðu tveir menn til að meta, hvað kosta muni fullkomin viðgerð á skemmdum þeim, sem orðið hefðu af vatnsrennsli á fyrstu hæð hússins nr. 6 við Amtmannsstíg hér í bæ, og *að* láta í ljósi rökstutt álit sitt um, hvort skemmdir þessar geti stafað af vatnsrennsli í eitt eða tvö skipti eða hvort skemmdirnar hljóti að stafa af margítrekuðu vatnsrennsli.

Af hálfu Oddnýjar E. Sen hefur engum andmælum verið hreyft gegn fyrra lið matsbeiðnarinnar. Hins vegar hefur því verið mótmælt af hennar hendi, að matsmenn verði nú dómkvaddir til að láta uppi álit sitt um, hvort umræddar skemmdir hafi orðið af völdum vatnsrennslis í eitt eða fleiri sinn, þar sem yfirmatsmenn hafi þegar fyrir dómi látið uppi álit sitt um þetta efni. — Var atriðið síðan tekið til úrskurðar í dag.

Málsatvik eru þau, að þann 24. marz 1945 fékk matsbeiðandi dómkvadda þrjá yfirmatsmenn til að skoða skemmdir á íbúð hennar að Amtmannsstíg 6 hér í bæ og gefa svar við því, af hverju þessar skemmdir stöfuðu. Yfirmatsmennirnir framkvæmdu síðan matið, og er yfirmatsgerðin dagsett 7. apríl s. l. Staðfestu þeir hana fyrir dómi 17. maí s. l. Þann 26 f. m. var tekið fyrir í bæjarþingi Reykjavíkur vitnamál milli aðilja máls þessa í sambandi við mál það, er aðiljar reka nú fyrir hæstarétti. Umboðsmaður Ólínu Erlendsdóttur lagði þar fram bréf til yfirmatsmannanna, dags. 27. nóv. s. l., og svarbréf þeirra, dags. 30. des. s. l. Í nefndu bréfi er svo hljóðandi spurning til yfirmatsmannanna: „Geta skemmdir í baðherbergi neðri hæðar stafað af slysni íbúa efri hæðar í eitt eða tvö skipti?" Yfirmatsmennirnir svöruðu spurningunni þannig: „Þar eð timburgólf er í baðherbergi frú Sen, þarf ekki nema í eitt skipti að vilja til slysni með vatn til að valda skemmdum á lofti neðri hæðar." Yfirmatsmennirnir komu fyrir dóm í sama þinghaldi og staðfestu þá álit sitt í nefndu bréfi. Umboðsmaður matsbeiðanda lét þá leggja svo hljóðandi spurningu fyrir yfirmatsmennina: „Teljið þér, að þær skemmdir, sem hér hafa orðið, stafi af slysni íbúa „efri hæðar í eitt eða tvö skipti?". Einn yfirmatsmaðurinn kvaðst ekki geta um þetta sagt, þar sem ekki sæist á veggjum eða lofti, hvort vatn hefði runnið einu sinni eða tvisvar, en væri um margítrekuð vatnsrennsli að ræða, mundu skemmdirnar hafa orðið margfalt meiri. Annar yfirmatsmaðurinn kveðst ekki geta um þetta sagt, og sá þriðji kveðst heldur ekki geta um þetta sagt, en taldi greinilegt, að mikið vatn hafi runnið þarna.

Af framangreindu verður að telja ljóst, að matsbeiðandi hefur þegar fengið álit yfirmatsmanna um það atriði, sem hann nú vill fá álit nýrra matsmanna um. Það verður því að telja, að gegn mótmælum gagnaðilja síns eigi hann nú ekki rétt á að fá dómkvadda menn til að láta uppi álit sitt um atriði þetta.

Málalok verða því þau, að dómkvaddir verða tveir menn til að meta, hvað kosta muni fullkomin viðgerð á nefndum skemmdum að Amtmannsstíg 6, en hins vegar verður eigi lagt fyrir matsmennina að láta uppi álit sitt um, hvort skemmdirnar stafi af vatnsrennsli í eitt eða fleiri sinn.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreind dómkvaðning skal fara fram aðeins að því er varðar mat viðgerðarkostnaðar á framangreindum skemmdum.

Mánudaginn 1. apríl 1946.

Nr. 124/1945. **Réttvísin** (Hrl. Eggert Claessen)
gegn
Sveini Bergmanni Bjarnasyni
og
Birni Kolbeinssyni (Hrl. Sigurður Ólason).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Árás á lögreglumenn.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að refsing ákærða Sveins Bergmanns Bjarnasonar þykir hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi og refsing ákærða Björns Kolbeinssonar 30 daga varðhald, er skal vera skilorðsbundið, enda verði reynslutíminn 5 ár.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 1000 krónur til hvors.

Ýmsir gallar eru á rannsókn málsins. Kristján Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði, hélt frumpróf málsins. Var það ekki viðurkvæmilegt, þar sem hann var viðstaddur atburði þá, sem málið er risið af, og bar síðan vitni í málinu. Hann hrapaði að eiðfestingu vitna, áður en skýrsla var tekin af ákærðu. Sýslumanninum í Strandasýslu var sent málið til rannsóknar 8. marz 1944 vegna dvalar ákærðu og ýmissa vitna í lögsagnarumdæmi hans. Hann aðhafðist ekkert í því og sendi það frá sér til sakadómarans í Reykjavík 11. okótber s. á. Ögmundur Ólafsson, sem bar vitni í málinu á Ísafirði 4. marz 1944 og vann eið að, gaf 13. apríl

1945 vottorð, þar sem hann breytti frásögn sinni ákærða Birni Kolbeinssyni í vil. Þetta vottorð staðfesti hann á dómþingi í Reykjavík 15. maí s. á. Lét þá dómarinn undir höfuð leggjast að ganga á hann um ástæður fyrir því, að hann breytti framburði sínum.

Verður að víta þessa galla á meðferð málsins.

Dómsorð:

Ákærði Sveinn Bergmann Bjarnason sæti fangelsi tvo mánuði.

Ákærði Björn Kolbeinsson sæti varðhaldi 30 daga, en fullnustu refsingar hans skal frestað og niður skal hún falla að fimm árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldin.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Eggerts Claessens og Sigurðar Ólasonar, 1000 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 21. ágúst 1945.

Ár 1945, þriðjudaginn 21. ágúst, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 264—265/1945: Réttvísin gegn Sveini Bergmann Bjarnasyni og Birni Kolbeinssyni, sem tekið var til dóms hinn 8. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Sveini Bergmann Bjarnasyni sjómanni, Brekkustíg 6 A, og Birni Kolbeinssyni kyndara, Miklubraut 5, fyrir brot gegn XII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði Sveinn Bergmann Bjarnason er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. júní 1918, og hefur hann, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1930 $^{1}/_{3}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir ljósleysi á reiðhjóli.
1930 $^{29}/_{11}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir sams konar brot.
1932 $^{1}/_{3}$ Kærður fyrir þjófnað, sleppt með alvarlegri áminningu.
1933 $^{29}/_{12}$ Kærður fyrir reiðhjólsþjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1936 $^{17}/_{12}$ Undirgekkst að greiða skaðabætur fyrir spellvirki.
1938 $^{31}/_{8}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{5}/_{6}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir tálmun við störf lögregluþjóns.
1940 $^{14}/_{6}$ Áminning fyrir ólæti á götu.
1940 $^{1}/_{8}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{29}/_{10}$ Dómur aukaréttar, 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna, skilorðsbundið.
1941 $^{23}/_{9}$ Sátt, 25 kr. sekt, 58 krónur skaðabætur fyrir ölvun og skemmdir.
1942 $^{1}/_{2}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 13 1941.
1942 $^{2}/_{5}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og áflog.
1942 $^{3}/_{5}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 $^{4}/_{9}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn 34. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1943 $^{18}/_{1}$ Sátt, 200 kr. sekt, 250 kr. skaðabætur fyrir líkamsárás.

Ákærði Björn Kolbeinsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 6 .jan. 1921. Hinn 9. nóvember s. l. hlaut hann að greiða 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri, en að öðru leyti hefur hann ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu. Hinn 16. febrúar 1944 voru ákærðu og nokkrir félagar þeirra staddir á Ísafirði sem farþegar með e/s Súðinni. Voru þeir á leið til Ingólfsfjarðar, ráðnir í byggingarvinnu við síldarverksmiðju þar. Síðari hluta dagsins tóku ákærðu og félagar þeirra, Hákon Þorsteinsson verkamaður, Bergþórugötu 41, og Ólafur Ingi Jónsson verkamaður, Fálkagötu 10 A, að neyta áfengis, og komust þeir allir undir áhrif þess. Þegar atburðir þeir, sem ákærðu eru gefnir að sök, gerðust, var Ólafur mjög ölvaður, en hinir mun minna, að því er virðist. Klukkan 9 um kvöldið fóru þeir félagar á kvikmyndasýningu í Alþýðuhúsinu á Ísafirði. Meðan á fyrri hluta sýningarinnar stóð, fór Ólafur út úr sýningarsalnum niður í kjallara hússins sinna erinda, en villtist síðan í húsinu vegna ókunnugleika og ölvunar og gerði þar lítils háttar spell, og varð þetta til þess, að lögreglan handtók hann, en lét hann þó lausan skammt frá húsinu og bannaði honum að fara aftur inn í Alþýðuhúsið. Ólafur hlýddi því þó eigi, heldur fór aftur inn í húsið. Sóttu hann þá þangað þrír lögregluþjónar, yfirlögregluþjónninn Jón Ásbjörn Jóhannesson og lögregluþjónarnir Jón Finnsson og Halldór Jónmundsson og færðu hann á lögreglustöðina, og þar sem Ólafur sýndi þeim mótþróa, settu þeir á hann handjárn. Undir rannsókn máls þessa var Ólafur sektaður með réttarsátt fyrir ölvun sína, og féllst hann á að greiða

bætur fyrir spjöll þau, sem hann var talinn hafa gert í Alþýðuhúsinu. Þegar Ólafur var færður í lögreglustöðina, fylgdust þangað með honum tveir samferðamenn þeirra félaga Kristinn Gunnlaugur Erlendsson rafsuðumaður, Hverfisgötu 72, sem var undir áfengisáhrifum og neytt hafði áfengis með þeim síðari hluta dagsins, og Ólafur Thoroddsen rafvirki, Vesturgötu 3, og þótti þeim Ólafur sæta harkalegri meðferð en þeim þótti ástæða til. Kristinn fór af lögreglustöðinni til Alþýðuhússins og hitti þar hina ákærðu og Hákon og skýrði þeim frá, hvernig komið var fyrir Ólafi. Þannig stóð á, að e/s Súðin átti að fara að leggja af stað frá Ísafirði, og var þeim félögum áhugamál að ná í Ólaf, svo að hann missti ekki af skipinu. Þeir fóru því til lögreglustöðvarinnar í því skyni að fá Ólaf með sér um borð,en ósannað er með öllu, að þeir hafi haft uppi ráðagerðir um að leysa hann úr haldi með ofbeldi. Fyrir framan lögreglustöðina hafði safnazt saman hópur manna. Þeir félagar gengu snúðugt gegnum hóp þenna og að dyrum lögreglustöðvarinnar, sem voru aftur, en ólæstar. Björn var fyrstur að dyrunum, og án þess að berja að dyrum, tók hann í hurðarhúninn og ætlaði að opna dyrnar, en þá var ýtt á hurðina innan frá, og sáu ákærðu, að það gerði lögregluþjónn, og þeim skildist, að þeim væri bönnuð innganga. En þá ýttu þeir fastar á hurðina, og tókst lögregluþjóninum, sem ýtti á að innan, ekki að halda hurðinni aftur, og komust ákærðu því inn.

Eftir að ákærðu komu inn, urðu þar ryskingar skamma stund, en mjög greinir þá, sem þarna voru staddir, á um, hvernig þær fóru fram. Skulu nú framburðir viðstaddra raktir í höfuðatriðum. Í lögreglustöðinni voru þrír lögregluþjónar, þeir sem áður eru nefndir, fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði og Ögmundur Ólafsson, timburmaður á Súðinni, auk ákærðu og nokkurra samferðamanna þeirra.

Yfirlögregluþjónninn ber, að ákærðu hafi, um leið og þeir höfðu ruðzt inn, ráðizt á Halldór Jónmundsson lögregluþjón, sem þarna var að gæta Ólafs og var að reyna að sefa hann, og hafi þeir reynt að taka Ólaf af honum. Hafi annar ákærðu, óvíst hvor, tekið yfir háls Halldórs og þeir báðir reynt að hafa hann undir, en þá tók yfirlögregluþjónninn þann ákærða, sem ákafar virtist sækja að Halldóri, sem var Björn, en þá náði Halldór tökum á hinum. Í viðureign þeirra féll hatturinn af kolaofninum, sem þarna var inni. Ber þetta vitni, „að árás þessi hafi verið mjög frekleg og hin grófasta á allan hátt.“ Brátt sefuðust ákærðu, og varð ekki meira úr ryskingum, og fylgdi vitnið þeim síðan um borð í e/s Súðina, og fór Ólafur, sem þá hafði verið látinn laus, þangað með þeim. Að þessum framburði hefur vitnið unnið eið. Jón Finnsson lögregluþjónn staðfestir framburð yfirlögregluþjónsins, sem í upp-

hafi yfirheyrslu þessa vitnis var lesinn fyrir því, og hefur vitnið unnið eið að framburði sínum.

Framburðir þessara tveggja lögregluþjóna voru lesnir fyrir vitninu Halldóri Jónmundssyni lögregluþjóni í upphafi yfirheyrslu hans, og staðfestir hann framburði þeirra. Segir hann hina ákærðu hafa ráðizt strax á sig, þar sem hann gætti Ólafs, og hafi þeir ætlað að taka hann af sér. Þeir hafi tekið allóþyrmilega á sér og Sveinn gripið um hálsinn á sér og ætlað að snúa sig niður. Vitnið tók á móti, og í þeim sviptingum rakst vitnið á ofninn, sem eldur var í, hrukku þá hatturinn og hringarnir ofan af ofninum, en buxur vitnisins sviðnuðu, svo að á þær kom stórt gat. Að þessum framburði hefur vitnið unnið eið.

Vitnið Kristján Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans, skýrir svo frá, að ákærðu hafi, strax og þeir komu inn í lögreglustöðina, ráðizt á Halldór Jónmundsson lögregluþjón, sem þá gætti Ólafs. Hafi þeim (báðum að því er virðist) tekizt að hrekja hann upp að þili og hafi hann fallið þar á bekk. Í þessari viðureign hafi Halldór rekizt á ofninn og hafi látið nærri, að ofninn félli alveg um. Segir vitnið, að nú hafi hinir lögregluþjónanir skorizt í leikinn, og hafi ákærðu þá sefazt. Ekki minnist vitnið þess, að nein orðaskipti færi milli ákærðu og lögreglunnar, áður en ryskingarnar hófust, nema að Jón Finnsson bannaði ákærðu inngöngu. Vitnið kveður nokkur átök hafa orðið milli yfirlögregluþjónsins og ákærðu, áður en þeir sefuðust. Ákærði Sveinn skýrir svo frá, að þegar þeir komu inn, hafi hann séð Ólaf liggja þar á bekk mjög órólegan, og hafi lögregluþjónn, sem var Halldór, gætt hans og hálf setið ofan á honum. Kveðst ákærði hafa gengið rakleitt að þeim, kippt í öxl lögregluþjónsins og spurt hann, hvort hann gæti ekki farið gætilegar með Ólaf. Lögregluþjónninn hafi þá brugðizt illa við og ofsalega, ýtt ákærða frá sér og sagt honum ekki koma þetta við og um leið slegið hann á munninn, svo að sprakk fyrir á vörum hans. Þá tók ákærði á lögregluþjóninum, og lentu þeir í stimpingum, en hann neitar að hafa tekið lögregluþjóninn hálstaki. Hann minnist þess ekki, að neitt færi úr skorðum þarna inni ,en kveður það þó vel geta verið. Eftir að stimpingar þessar höfðu staðið skamma stund, hættu þeir þeim að beiðni yfirlögregluþjónsins. Ákærði Sveinn fullyrðir, að Björn hafi ekki tekið á Halldóri, og minnist þess ekki, að hann lenti í átökum við neinn lögregluþjónanna. Ákærði Sveinn neitar eindregið að hafa að fyrra bragði ráðizt á Halldór, en kveðst hins vegar hafa orðið reiður, þegar Halldór hratt honum og sló hann, og þá hafa ráðizt á móti honum.

Ákærði Björn skýrir svo frá, að þegar þeim komu inn í lögreglustöðina, hafi þeir orðið all æstir af að sjá Ólaf liggja handjárnaðan á gólfinu, óhreinan og hálftrylltan. Hann sá Svein og

Halldór lenda í ryskingum þarna inni, og telur hann þær hafa hafizt þennig, að Halldór hafi ætlað að ýta Sveini út, en Sveinn þá ráðizt á móti honum og þeir þá tekizt á. Minnir Björn, að þeir féllu báðir á gólfið og að áður hefði ofninn farið úr skorðum vegna ryskinganna. Björn kveður hina lögregluþjónana ekki hafa tekið þátt í ryskingum þarna, heldur hafi þeir beðið þá Svein og Halldór að stilla sig. Björn neitar að hafa tekið nokkurn þátt í ryskingum þarna, en vera megi, að hann hafi stjakað við lögregluþjóninum Halldóri eða ýtt honum frá Ólafi, en hitt sé algerlega rangt, að hann hafi hjálpað Sveini til að koma lögregluþjóninum undir. Ólafur, sem þarna var inni, handtekinn, man, að hann sá ákærðu þarna, en man ekki, að hann sæi þá lenda í neinum illdeilum. Hákon Þorsteinsson gerir mjög lítið úr viðureigninni í lögreglustöðinni. Hann ber, að er þeir félagar voru komnir inn í lögreglustöðina, hafi lögregluþjónn þar, sem eftir öðru að dæma hefur verið Halldór, tekið í einhvern þeirra og ætlað að ýta honum út, en sá (Sveinn) ekki viljað fara út, heldur veitt mótspyrnu og ýtt lögregluþjóninum aftur á bak, og hafi þetta endað með því, að lögregluþjónninn hafi fallið aftur á bak á legubekk þarna. Eftir öðrum ryskingum man hann ekki þarna og man ekki eftir, að ráðizt væri á neinn sérstakan. Þessir framburðir ákærðu og Hákonar hafa verið bornir undir lögregluþjónana, en þeir halda við áður rakta framburði sína. Yfirlögregluþjónninn tekur þá fram, að hann hafi ekki séð Halldór berja Svein í andlitið og telur sig hljóta að hafa séð það, ef um það hefði verið að ræða. Ekki sá hann Svein með neina skeinu né heyrði hann kvarta um áverka. Hann segir Halldór ekki hafa verið reiðan, en hafa þurft að beita sér til að hrinda árásinni. Hann kveður hina ákærðu hafa verið mjög ölvaða og tryllta af æsingu og rostafengna í orðum.

Jón Finnsson lögregluþjónn ber, að Björn hafi staðið að árásinni á Halldór ásamt Sveini, en ekki greinir hann nánar athafnir Björns. Yfirlögregluþjónninn hafi svo tekið annan þeirra, sem eftir öðrum framburðum að dæma hefur verið Björn, en vitnið haldið Ólafi. Ekki sá vitnið Halldór berja Svein né varð þess áskynja, að Sveinn hefði hlotið áverka. Ekki kveðst hann hafa séð, að Halldór yrði reiður í viðureigninni við Svein.

Halldór Jónmundsson lögregluþjónn ber, að Ólafur hafi setið á legubekk, þegar ákærðu komu inn, en ekki á gólfinu, og hafi vitnið þá staðið við hlið hans og stutt við hann á hægri öxl. Vitnið neitar því, að Sveinn hafi hnippt í sig, heldur hafi hann reynt að hrinda sér frá Ólafi og spurt sig, hvort það ætlaði að drepa manninn. Vitnið kveður Svein hafa reynt að taka fyrir kverkar sér, en sjálft kveðst það ekki hafa slegið hann og man ekki, að

það sæi neinn áverka á honum eftir viðureignina. Kveðst vitnið fyrst hafa hrundið Sveini frá sér með því að styðja á axlir honum. Ber vitnið, að Björn hafi hvað eftir annað reynt að ná tökum á sér, og vitnið telur, að hann hafi einu sinni slegið sig í öxlina, en af því að Sveinn hafði náð tökum á vitninu, hafi Björn ekki komizt að til að ná tökum á því.

Vitnið Ögmundur Ólafsson var statt á lögreglustöðinni, þegar ákærðu ruddust inn. Ber þetta vitni, að Ólafur hafi þá orðið mjög æstur og reynt að rísa upp, en Halldór lögregluþjónn hafi þá tafarlaust snúið hann niður. Hafi þá ákærði samkvæmt fyrri framburði vitnisins ráðizt á Halldór og komið til áfloga milli þeirra og lögregluþjónanna. Staðfestir vitnið, að lögregluþjónarnir skýri rétt frá atburðum við fyrstu yfirheyrslu þeirra, en þeir framburðir voru lesnir fyrir þessu vitni. Í síðari framburði ber vitnið, að Halldór hafi verið allæstur og yfirlögregluþjónninn hafi beðið hann að stilla sig. Einnig ber vitnið þá, að sér hafi virzt Björn ekki taka þátt í árásinni, heldur draga sig í hlé, og varð vitnið ekki annars vart en hann kæmi prúðmannlega fram. Vitnið Kristinn Gunnlaugur Erlendsson segir viðureignina hafa hafizt þannig, að Sveinn hafi gengið fast að Halldóri lögregluþjóni og spurt, hvort hann gæti ekki farið gætilegar með Ólaf, og hafi þessi tilmæli ekki verið sett ókurteislega fram. Lögregluþjónninn hafi þá hrint Sveini frá sér og verið einkennilega æstur. Strax upp úr þessu tókust þeir á, en ekki sá vitnið, hvor fyrr tók á hinum. Í þessum stimpingum datt hatturinn af ofninum, og lögregluþjónninn sló Svein á munninn. Yfirlögregluþjónninn hafi beðið Halldór að stilla sig og Sveinn spurt Halldór, hvort ekki væri hægt að taka þetta rólega. Þetta vitni fullyrðir, að Björn hafi ekki lagt hendur á lögregluþjóninn og að hann hafi ekkert lagt til þessara mála, nema að hann hafi eitthvað reynt að stilla til friðar milli Sveins og Halldórs, og megi vera, að hann hafi þá orðið fyrir einhverjum hrindingum. Þetta vitni ber, að allmikil þvaga og þrengsli hafi verið þarna inni.

Vitnið Ólafur Thoroddsen ber, að þröng hafi verið inni í lögreglustöðinni og vont að sjá, hverjir voru þar viljandi eða óviljandi í stimpingum. Vitnið sá einhverjar lítils háttar hrindingar milli Sveins og Halldórs, en man ekki, hver átti upptökin. Vitninu virtist á skorta um skapstillingu Halldórs, og minnir, að yfirlögregluþjónninn bæði hann að stilla sig. Þeir Sveinn og Halldór veltust í stimpingum þessum út úr legubekknum og rákust á ofninn, og við það datt hatturinn af honum, hann opnaðist, og glóð féll út á fólfið. Vitnið sá Björn engan þátt taka í viðureigninni. Að vísu hafði það ekki alltaf auga á honum, en álítur afar ólíklegt, að það hefði ekki orðið þess vart, ef Björn hefði lent í stimping-

um. Vitnið segir ákærðu hafa verið mikið drukkna og Kristinn Gunnlaug einnig, en þó ekki eins mikið. Vitnið hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið Ólafur Þórir Hansen ber, að þegar ákærðu komu inn í lögreglustöðina, hafi Ólafur Ingi Jónsson verið þar í járnum og Halldór lögregluþjónn staðið yfir honum. Ólafur hafi nú risið upp og virzt vera veikur, kúgazt, en lögregluþjónninn hafi þá barið höfði hans niður við vegginn, svo að sprakk fyrir á augabrún og blæddi úr. Hafi Sveinn þá gengið til lögregluþjónsins og spurt, hvort hann gæti ekki farið vægilegar með manninn. Við þessu hafi lögregluþjónninn brugðizt illa, orðið óður og uppvægur og hrint Sveini harkalega frá sér. Fullyrðir vitnið, að Sveinn hafi ekki lagt hendur á hann að fyrra bragði, en hins vegar sá vitnið lögregluþjóninn slá til Sveins í ryskingunum, en veit ekki, hvort höggið hitti. Vitnið segir Björn engin afskipti hafa haft af viðureigninni, og það segir hina ákærðu enga tilraun hafa gert til að taka Ólaf með valdi af lögreglunni. Þetta vitni segir hina ákærðu hafa verið lítið drukkna.

Hafa nú verið rakin höfuðatriði framburða ákærðu og vitna, og eru framburðirnir allsundurleitir. Þess ber að gæta, að ákærðu voru undir áhrifum áfengis, er atburðurinn gerðist. Þá verður að telja skýrslur vitna, einkanlega Ólafs Þóris Hansens, um meðferðina á Ólafi Inga Jónssyni allöfgakenndar. Á það ber að líta, að flestöll vitnin, önnur en lögregluþjónarnir og fulltrúinn, voru meira og minna undir áhrifum áfengis, þegar atburðurinn gerðist, og auk þess flestir félagar ákærðu. Verður að telja hina eiðfestu framburði lögregluþjónanna sterkustu sönnunargögn málsins. Þykja ákærðu með framferði sínu hafa gerzt brotlegir við 106. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing Sveins hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga, en refsing Björns, sem telst hafa átt miklum mun óverulegri þátt í brotinu, varðhald í 15 daga. Á þessar ákvarðanir refsinganna orkar einnig fortíð ákærðu, sem áður er rakin. Rétt þykir að ákveða, að fullnustu refsingar Björns skuli fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 haldin. Halldór Jónmundsson lögregluþjónn hefur krafizt þess, að ákærðu verði dæmdir til að greiða sér kr. 200.00 í bætur fyrir fataskemmdir, sem hann hafi orðið fyrir í ryskingunum. Þessari kröfu hafa ákærðu mótmælt, og þar sem hún þykir eigi nægilega rökstudd, verður hún eigi tekin til greina.

Hina ákærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 700.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Sveinn Bergmann Bjarnason sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði Björn Kolbeinsson sæti varðhaldi í 15 daga, en fullnustu refsingar hans skal frestað, og niður skal hún falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð IV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 haldin.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Sigurðar hæstaréttarlögmanns Ólasonar, kr. 700.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. apríl 1946.

Nr. 17/1946. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Egill Sigurgeirsson)
gegn
Emil Hjartarsyni (Hrl. Theódór B. Lindal)
og
Jóhannesi Halldórssyni
(Hrl. Kristján Guðlaugsson).

Manndráp af gáleysi og brot gegn bifreiðalögum.

Dómur hæstaréttar.

Ákærði Emil Hjartarson kveður, að fjarlægðin frá bifreiðinni til barnanna hafi verið ekki undir 10—15 metrar, þegar hann tók eftir börnunum í sandhrúgunni. Börn þessi voru 4—5 ára, og var því rík ástæða til varúðar, þar sem búast má við, að svo ung börn hlaupi skyndilega inn á akbrautina, þegar þau eru að leik rétt utan við hana. Ákærði Emil brýndi samt ekki að því sinni fyrir ákærða Jóhannesi að viðhafa sérstaka árvekni vegna barnanna og hófst ekki handa um að afstýra slysi fyrr en í óefni var komið. Með greindri hegðun sinni hefur ákærði Emil, sem samkvæmt 21. gr. laga nr. 23/1941 bar ábyrgð á stjórn bifreiðarinnar, gerzt samvaldur að slysinu. Þetta hátterni ákærða, akstur hans án virks hraðamælis, kennsla bifreiðaaksturs, áður en

ákærði náði 25 ára aldri og vanræksla á því að hafa kennslumerki á bifreiðinni varðar við lagaákvæði þau, sem greinir í héraðsdómi. Þykir refsing ákærða Emils hæfilega ákveðin kr. 3000.00 sekt í ríkissjóð, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um svipting ökuleyfis á hendur ákærða Emil þykir mega staðfesta.

Ákærði Jóhannes Halldórsson sá börnin í sandhrúgunni, er bifreiðin átti ófarna allt að 30 metra að þeim. Hann mátti, svo sem áður var sagt um ákærða Emil, gera ráð fyrir því, að þau hlypu fyrirvaralaust inn á veginn, er bifreiðina bæri að þeim. Þótt hann hefði enn ekki lært akstur nema að litlu leyti, mátti samt gera þá kröfu til hans, að hann hægði ferð, gæfi hljóðmerki og gætti fyllstu varúðar, er hann nálgaðist börnin. Þetta gerði hann ekki, heldur ók með óbreyttum hraða, allt þar til slysið varð. Verður af þessum sökum að telja varúðarleysi hans samorsök slyssins. Hefur hann því gerzt brotlegur við 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Um greiðslu sakarkostnaðar fer sem hér segir.

Ákærði Emil Hjartarson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir hæstarétti, samtals 700 krónur. Ákærði Jóhannes greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði, 300 krónur, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, 400 krónur. Allan annan kostnað sakarinnar greiði hinir ákærðu in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, 500 krónur.

Dómsorð:

Ákærði Emil Hjartarson greiði 3000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis á hendur ákærða Emil Hjartarsyni staðfestist.

Ákærði Jóhannes Halldórsson greiði 2000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Emil Hjartarson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Theódórs B. Líndals, 700 krónur. Ákærði Jóhannes Halldórsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði, héraðsdómslögmanns Jóns N. Sigurðssonar, 300 krónur, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Kristjáns Guðlaugssonar, 400 krónur. Allan annan kostnað sakarinnar greiði hinir ákærðu in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Egils Sigurgeirssonar, 500 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 5. nóvember 1945.

Árið 1945, mánudaginn 5. nóvember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu 2378—2379/1945. Réttvísin og valdstjórnin gegn Emil Hjartarsyni og Jóhannesi Halldórssyni, sem tekið var til dóms 8. október þ. á. Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Emil Hjartarsyni húsgagnasmið, Langholtsvegi 22, og Jóhannesi Halldórssyni húsgagnasmið, Dyngjuvegi 17, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

Ákærði Emil er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25. maí 1921 og hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Ákærði Jóhannes er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 30. október 1913, og hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu að öðru leyti en því, að hann var í lögreglurétti Reykjavíkur hinn 4. ágúst 1942 sektaður með réttarsátt um kr. 10.00 fyrir brot gegn reglum um einstefnuakstur.

Miðvikudaginn 4. júlí s. l. varð bifreiðarslys um kl. 18.10 á Langholtsvegi á móts við húsin nr. 29—31. Drengurinn Hreiðar

Sæmundsson, Efstasundi 28, fæddur 24. júlí 1940, varð þar fyrir bifreiðinni R 2927 og beið bana af.

Bifreið þessi, sem er fólksbifreið, keypt hjá sölunefnd setuliðsbifreiða, var skrásett hér 30. maí s. l. og skoðuð sama dag og reyndist þá vera í allgóðu ástandi. Rétt eftir slysið athugaði lögreglan bifreiðina og reyndi hemla hennar. Hemlarnir reyndust góðir og jafnir á báðum hjólum, og bifreiðin virtist yfirleitt í góðu standi. Samkvæmt framburði ákærða Emils var yfirbygging hennar þó í smíðum, og samkvæmt framburði beggja ákærðu var hraðamælir hennar í ólagi. Stýrið er vinstra megin á bifreiðinni og fóthemlastigið er vinstra megin við benzíngjöfina.

Þegar slysið varð, var ákærði Emil að kenna ákærða Jóhannesi bifreiðarakstur á bifreiðinni R 2927, og voru þeir báðir í eðlilegu ástandi og vel fyrir kallaðir að eigin sögn. Þá undanfarin kvöld hafði ákærði Emil kennt ákærða Jóhannesi akstur á þessari bifreið, og hafði sú kennsla farið fram í 8—10 klukkustundir alls. Ákærði Jóhannes ber, að ákærði Emil hafi í upphafi kennslunnar brýnt fyrir sér varkárni gagnvart öllum vegfarendum og sérstaklega varað sig við börnum og hestum. Ákærði Emil kveðst í hverri kennslustund hafa brýnt fyrir ákærða Jóhannesi að fara gætilega þar, sem börn væru nálægt.

Mjög skömmu fyrir slysið lögðu ákærðu af stað í bifreiðinni frá heimili ákærða Emils suður Langholtsveginn, og sat ákærði Jóhannes undir stýri hennar sem nemandi í bifreiðarakstri, en ákærði Emil sat hægra megin við hann í framsætinu sem ökukennari og stjórnandi bifreiðarinnar, sbr. 21. gr. 1. mgr. bifreiðalaganna nr. 23 16. júní 1941. Í fyrri kennslustundum hafði ákærði Emil haft á bifreiðinni hin lögboðnu merki um, að hún væri kennslubifreið, en í þetta sinn setti hann þau ekki upp. Var ætlun hans að setja þau upp við heimili ákærða Jóhannesar, sem er ekki langt frá slysstaðnum, en þar ætluðu þeir að nema staðar.

Bifreiðin hefir fjórar gangskiptingar áfram, og hafði henni verið skipt í þriðju gangskiptingu fyrir slysið. Ökuhraðinn suður veginn var, að því er ákærðu gizka á, sem næst 10—12 mílur enskar, miðað við klukkustund, og hélzt hann sá sami fram að slysinu. Vestan við Langholtsveginn á móts við húsið nr. 29 var sandhrúga, og á þessum tíma voru þar þrjú börn, fjögurra og fimm ára gömul, að leika sér, þeirra á meðal drengurinn Hreiðar Sæmundsson, fjögurra ára.

Ákærði Jóhannes tók eftir börnunum úr nokkurri fjarlægð, og virtust honum þau vera tvö, standa uppi á sandhrúgunni og horfa í áttina til bifreiðarinnar. Sýndist honum fullorðinn maður standa hjá þeim, en það mun hafa verið missýning. Þegar bifreiðin nálgaðist hrúguna, taldi ákærði enga hættu í því fólgna að aka fram hjá börnunum og ók því áfram á óbreyttum hraða.

Ákærði Emil getur ekki um það sagt með vissu, í hvaða fjarlægð bifreiðin var frá börnunum, þegar hann tók fyrst eftir þeim, en segir hana þó ekki hafa verið skemmri en 10—15 metra. Hann taldi, að ákærði Jóhannes hefði orðið barnanna var um svipað leyti og vakti ekki athygli hans á þeim. Bifreiðin ók á vinstri vegarhelmingi, en vegurinn, sem þarna er malborinn, er sem næst 6 metra breiður, og á að gizka metersbil var frá hægri vegarbrún að sandhrúgunni, sem börnin voru uppi á. Þegar bifreiðin var að komast á móts við sandhrúguna, hljóp Hreiðar sálugi úr henni inn á veginn, en lítil telpa, sem einnig var á sandhrúgunni og sjónarvottinum Sveini Gíslasyni, Hjallavegi 48, virtist einnig ætla að hlaupa inn á veginn, nam staðar við vegbrúnina. Sveinn kallaði til drengsins, en hann sinnti því ekki. Ákærði Jóhannes ber, að drengurinn hafi hlaupið inn á veginn og fyrir framenda bifreiðarinnar svo nálægt henni, að ákærði sá hann ekki úr sæti sínu, þegar hann var kominn fram fyrir bifreiðina. Hann kveður ákærða Emil hafa þá strax þrifið í handhemlana, en sig hafa beygt stefnu bifreiðarinnar til vinstri, og hafi bifreiðin runnið skáhallt út af veginum og numið þar staðar, en um leið og ákærði Emil tók í handhemlana, telur hann sig hafa ætlað að stíga á fóthemlana, en hafa í fátinu, sem á sig var komið, ekki stigið á þá, heldur á benzíngjöfina.

Ákærði Emil ber, að þegar bifreiðin hafi verið að koma á móts við sandhrúguna, hafi drengurinn og stúlkan hlaupið frá henni inn á veginn, en stúlkan numið staðar rétt við vegbrúnina. Drengurinn hafi hlaupið hratt inn á veginn og fram fyrir bifreiðina svo nálægt, að hann fór í hvarf við vélarhúsið frá ákærða séð. Í þessu sveigði ákærði Jóhannes bifreiðina til vinstri út af veginum, en ákærði Emil neytti handhemlanna, eins og unnt var. Telur hann það áreiðanlegt vera, að ákærði Jóhannes hafi á slysaugnablikinu stigið á benzíngjöfina í stað fóthemlanna. Vitnið Sveinn Gíslason sá ekki aðdraganda slyssins fyrr en rétt um það bil, er það var að gerast, og felast engar upplýsingar í framburði vitnisins fram yfir þær, er nú hafa verið raktar.

Þegar bifreiðin hafði numið staðar, lá drengurinn ca. 5 metra fyrir aftan hana. Ákærði Emil ók strax með hann í bifreiðinni á Landspítalann, en hann andaðist þar rétt eftir komuna þangað. Við krufninguna kom í ljós, að hann hafði skaddazt mikið innvortis, og ályktar Rannsóknarstofa Háskólans, sem framkvæmdi krufninguna, að banameinið hafi verið „innvortis blæðingar og shock út frá því."

Að tilhlutun verjanda ákærða Emils hefur verið leitað álits tveggja sérfróðra manna um bifreiðar og ökukennslu, þeirra Jóns Ólafssonar bifreiðaeftirlitsmanns og Steingríms Gunnarssonar ökukennara, um, hvort aðrar tiltækilegar aðferðir en notaðar voru

hafi, eins og á stóð, verið fyrir ákærða Emil til að forða slysi og hver sé skýringin á því, að bifreiðin rann áfram, þótt handhemlum væri beitt að fullu. Þessu hafa þeir svarað þannig: „Eins og stjórntækjum bifreiðarinnar er fyrir komið, er ekki hægt að álíta, að Emil hafi getað gert annað en hann gerði, nema að rjúfa rafkveikju vélarinnar, en það er þó ekki hægt að gera samtímis, því að nota verður sömu hönd til hvors tveggja: Að beita handhemlinum og rjúfa kveikjuna. Teljum við því ekki, að um vanrækslu sé hér að ræða af hendi Emils. Skýringin á því, að bifreiðin rann áfram, þótt handhemlinum væri beitt að fullu, hlýtur að vera aðallega sú, að vélin hafi fengið gasgjöf og tengslið ekki verið rofið (ekki koplað frá). Hvorugt þetta gat Emil haft áhrif á."

Eins og þessi álitsgerð sýnir, verður að telja ákærða Emil hafa gert allt, sem af honum varð krafizt, til að forða slysi, þegar svo var komið, að drengurinn var farinn að hlaupa inn á veginn, þó að það kæmi ekki að haldi, annað hvort vegna þess, að ákærði Jóhannes gaf benzín á vélina um leið, eða af öðrum ástæðum.

Samkvæmt 21. gr., 6. mgr., bifreiðalaganna ber ökukennari ábyrgð á, að akstursæfingar fari fram á þeim stöðum og með þeim hætti, að telja megi hættulaust fyrir aðra umferð, er tekið er tillit til kunnáttu nemandans. Nú stóð þannig á í því tilfelli, er hér liggur fyrir, að nemandinn, ákærði Jóhannes, hafði einungis lært akstur í 8—10 klukkustundir. Þar sem hann þannig var byrjandi við námið, bar ökukennaranum, ákærða Emil, rík skylda til að hafa vakandi athygli á akstri hans og gæta þess til hins ýtrasta, að engum stafaði hætta af akstrinum. Bar honum enn ríkari skylda til aðgæzlu sökum gerðar bifreiðarinnar, sem olli því, að hann náði eigi til fóthemlanna úr sæti sínu. Þó að hann hefði áður brýnt fyrir ákærða Jóhannesi að fara varlega, þar sem börn væru nálægt, bar honum að aðvara hann sérstaklega í þessu tilfelli, og honum bar að gæta þess, að unnt væri að stöðva bifreiðina þegar í stað, ef börnin færu út á veginn. Af börnum á þessum aldri má ætíð búast við skyndilegum og gálauslegum hreyfingum, enda reyndist svo þarna. Fór drengsins úr sandhrúgunni og inn á miðjan veginn hefur að vísu tekið mjög skamman tíma, en þó svo langan, að ætla má, að hefði ákærði Emil beitt sérstakri athygli, er drengurinn lagði af stað í þá för, hefði hann getað gert ráðstafanir til að stöðva bifreiðina í tæka tíð eða beygja fram hjá drengnum.

Þó að ógætni drengsins ætti mjög ríkan þátt í slysinu, þykir ákærði Emil þó við þetta tækifæri ekki hafa sýnt þá gætni, sem af honum varð krafizt, eins og á stóð, og varð þetta gáleysi hans meðorsök slyssins og dauða drengsins. Með gáleysi þessu hefur hann því að áliti réttarins gerzt brotlegur við 215. gr. almennra

hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og 27 gr. 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Þá hefur hann einnig með því að aka bifreiðinni án virks hraðamælis, með því að kenna bifreiðaakstur, áður en hann náði 25 ára aldri, og með því að hafa ekki uppi kennslubifreiðarmerkin við aksturinn gerzt brotlegur við 9. gr. og 21. gr. 1 og 3. mgr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna.

Af 21. gr. bifreiðalaganna leiðir, að ökukennari ber ábyrgð samkvæmt þeim lögum á akstrinum, meðan kennsla stendur yfir. Ber þegar af þessari ástæðu að sýkna ákærða Jóhannes af ákærunni um brot gegn bifreiðalögunum. Honum bar sem nemanda ákærða Emils að hlíta forsjá hans í öllu, er að akstrinum laut, og átti að mega treysta því, að hann leiðbeindi sér við margnefnt tækifæri og að hann afstýrði slysum. Vegna þessa þykir óvarlegt að telja hann bera refsiábyrgð samkvæmt XXIII. kafla almennra hegningarlaga á þeim aðgæzluskorti í akstri bifreiðarinnar, sem talinn er hafa verið meðorsök slyssins, eða því, að hann í fáti í slysaugnablikinu sté á benzingjöfina í stað fóthemlanna. Verður ákærði Jóhannes því sýknaður í máli þessu.

Refsing ákærða Emils þykir með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga, en eftir atvikum þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar skuli fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga haldin. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta ákærða Emil bifreiðarstjóraréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Jóhannesar, hdl. Jóns N. Sigurðssonar, kr. 300.00, greiðist úr ríkissjóði, en annan kostnað sakarinnar greiði ákærði Emil, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Theódórs Líndals, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jóhannes Halldórsson skal vera sýkn af ákæru réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Ákærði Emil Hjartarson sæti fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og niður skal hún falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 haldin.

Ákærði Emil skal sviptur bifreiðastjóraréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Jóhannesar, hdl. Jóns N. Sigurðssonar, kr. 300.00, greiðist úr ríkissjóði, en ann-

an kostnnað sakarinnar greiði ákærði Emil, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Theódórs Líndals, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. apríl 1946.

Nr. 144/1945. **Rútur Jónsson** (Hrl. Gútaf A. Sveinsson)
gegn
Jakob Thorarensen (Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

Húsaleigumál. Útburðargerð.

Dómur hæstaréttar.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. nóvember f. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Samkvæmt forsendum hins áfrýjaða úrskurðar verður að staðfesta hann, en rétt þykir, eins og á stendur, að áfrýjandi sé ekki sviptur afnotum húsnæðisins fyrir 14. maí næstkomandi.

Rétt þykir, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður, þó svo, að áfrýjanda, Rúti Jónssyni, er ekki skylt að rýma leiguíbúð sína í húsinu nr. 2 A við Skálholtsstíg fyrir 14. maí 1946.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 31. október 1945.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 26. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Jakob Thorarensen, Ljósvallagötu 10 hér í bæ, krafizt þess, að gerðarþoli, Rútur Jónsson, verði með beinni fógetagerð borinn út úr íbúð þeirri, sem hann nú býr í í húsinu nr. 2 A við Skálholtsstig hér í bænum.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Undanfarið hefur gerðarþoli búið í hinni umdeildu íbúð, sem er 3 herbergi og eldhús. Fjölskylda gerðarþola er auk konu hans þrjár upp komnar dætur og dótturdóttir, auk þess dvelur á heimili hans stúlka ofan úr Borgarfirði, sem kom þangað s. l. vor.

Gerðarbeiðandi býr, sem áður getur, á Ljósvallagötu 10 hér í bænum ásamt konu sinni, og virðist ekki vera fleira fólk í heimili hans en þau tvö. Hafa þau þar til íbúðar fjögur herbergi og eldhús, nánar tiltekið borðstofu, setustofu, lítið svefnherbergi og auk þess einkaskrifstofu gerðarbeiðanda, en hann er, sem kunnugt er, rithöfundur. Í skrifstofu þessari geymir gerðarbeiðandi bókasafn sitt, og er því ekki mótmælt, að lítið rúm sé þar fram yfir það, sem fer undir bækurnar. Á s. l. vori losnaði 3 herbergja íbúð á neðstu hæð í húsi gerðarbeiðanda nr. 10 við Ljósvallagötu. Býr þar nú dóttir gerðarbeiðanda, Laufey, ásamt barni sínu, sem fæddist í september s. l. Áðurgreind dóttir gerðarbeiðanda er gift, og telst maður hennar til heimilis í Hafnarfirði og rekur þar verzlun, en því er ómótmælt, að raunverulegt dvalarheimili hans sé á heimili konunnar, þótt hann haldi sínu fyrra heimilisfangi. Ekki hefur því verið haldið fram, að fyrrgreindur tengdasonur gerðarbeiðanda hafi húsnæði fyrir sig og fjölskyldu sína annað en eitt íbúðarherbergi í Hafnarfirði.

Hinn 26. júní s. l. sagði gerðarbeiðandi gerðarþola upp hinni umdeildu íbúð frá 1. þ. m. að telja á þeirri forsendu, að hann þyrfti á íbúðinni að halda til afnota fyrir dóttur sína, Elínborgu, sem þá var væntanleg til landsins frá Ameríku, þar sem hún hefur dvalið frá því í nóvember 1942. Í júlímánuði s. l. kom svo síðarnefnd dóttir gerðarbeiðanda til landsins ásamt manni sínum, sem einnig hefur dvalið ytra við nám. Átti hann, áður en hann fór út, heima á Akureyri, en starfar nú hér í Reykjavík sem starfsmaður flugmálastjórnar, en hann er flugvallarfræðingur að menntun.

Uppsögn þeirri, er áður greinir, neitaði gerðarþoli að hlíta, nema að undangengnum úrskurði, og var uppsögnin lögð fyrir húsaleigunefnd til umsagnar. Með úrskurði, upp kveðnum 10. sept. s. l., tók húsaleigunefnd afstöðu til uppsagnar þessarar. Var niðurstaða úrskurðarins á þá leið, að uppsögnin var ekki tekin til

greina. Byggðist úrskurður húsaleigunefndar á því, að gerðarbeiðandi og fjölskylda hans hefðu svo rúmt húsnæði, að honum væri ekki brýn þörf viðbótar við það til afnota fyrir dóttur sína og fjölskyldu hennar. Sem sakir standa, munu ekki vera aðrir í fjölskyldu margnefndrar dóttur gerðarbeiðanda en þau hjónin, en samkvæmt læknisvottorði, sem lagt var fram fyrir húsaleigunefnd, eiga þau barns von í næsta mánuði.

Kröfur sínar um framgang hinnar umbeðnu gerðar byggir gerðarbeiðandi á því, að sér sé brýn þörf á húsnæði gerðarþola til íbúðar fyrir dóttur sína og fjölskyldu hennar. Mótmælir hann því, að hann eða fjölskylda hans hafi svo mikið húsnæði, að hann geti bætt úr húsnæðiskosti þeirra á annan hátt en að fá íbúð gerðarþola lausa. Sérstaklega bendir gerðarbeiðandi á, að það geti ekki haft áhrif á rétt sinn til að fá íbúð gerðarþola lausa, þótt önnur íbúð hafi losnað í húsnæði sínu s. l. vor. Þá íbúð hafi hann fengið annari dóttur sinni til íbúðar, og hafi hún hennar fulla þörf fyrir sig og fjölskyldu sína. Telur gerðarbeiðandi einnig, að það væri án allrar lagaheimildar að fara að svipta dóttur sína, sem býr á Ljósvallagötu 10, íbúð hennar að nokkru eða öllu leyti og fá öðrum afnot hennar, þar sem heimild húsaleigunefndar til slíkrar úthlutunar á húsnæði sé nú numið úr lögum. Enn hefur gerðarbeiðandi bent á það til styrktar máli sínu um brýna þörf dóttur sinnar fyrir húsnæði, að þau hjón eigi allmikið af húsgögnum, sem þau hafi notað á heimili sínu í Ameríku og haft með sér þaðan, en hvergi getað komið fyrir nema litlum hluta þeirra, og liggi verulegur hluti af þeim hér á skipaafgreiðslu. Telur gerðarbeiðandi, að húsnæðisþörf fólks beri eigi eingöngu að miða við það minnsta, sem komizt verði af með til þess að það geti talizt hafa þak yfir höfuðið, heldur einnig, að það geti komið þar fyrir hóflega miklum húsbúnaði. Gerðarþoli hefur hreyft þeirri mótbáru, að nú nýlega hafi losnað eitt herbergi og eldhús í kjallara hússins nr. 2 A við Skálholtsstig, og hefði gerðarbeiðanda verið hægt að koma dóttur sinni fyrir þar, í stað þess að segja sér upp íbúðinni. Gegn þessari mótbáru hefur gerðarbeiðandi fært það fram, að íbúð sú, sem losnaði í kjallaranum, sé svo lítil, að hún sé algerlega ófullnægjandi fyrir dóttur sína og fjölskyldu hennar. Hér sé aðeins um að ræða eitt mjög lítið íbúðarherbergi og sé lofthæð þess tæpast nóg til þess, að það sé íbúðarhæft.

Gerðarþoli byggir mótmæli sín á því í fyrsta lagi, að fógetarétturinn geti ekki breytt úrskurði húsaleigunefndar. Í öðru lagi byggir hann mótmæli sín á því, að gerðarbeiðandi og fjölskylda hans hafi yfir svo miklu húsrými að ráða, að honum geti ekki talizt brýn þörf að losa íbúð gerðarþola fyrir dóttur sína. Einnig hefur gerðarþoli í þessu sambandi lagt ríka áherzlu á, að gerðar-

beiðandi hafi fengið lausa íbúð á neðstu hæð hússins nr. 10 við Ljósvallagötu s. l. vor, sem hann hafi tekið til afnota fyrir aðra dóttur sína, og búi hún þar við óþarflega rúman húsakost, en maður hennar sé utanbæjarmaður, sem ekki hafi leyfi til að hafa húsnæði á leigu hér í bænum. Enn hefur gerðarþoli, svo sem áður getur, bent á það, að íbúð hafi nýlega losnað í kjallara hússins nr. 2 A við Skálholtsstíg og að gerðarbeiðandi hefði getað tekið hana til afnota fyrir dóttur sína. Loks hefur gerðarþoli mótmælt því, að tengdasonur gerðarbeiðanda, sem verið er að losa hina umdeildu íbúð fyrir, sé bæjarmaður í merkingu húsaleigulaganna og sé honum því óheimilt að taka hér íbúð á leigu.

Á það verður ekki fallizt, að fógetarétturinn geti ekki skorið úr um atriði það, sem hér er um deilt, enda hafa dómstólar margoft fellt úrskurði um mat húsaleigunefndar á þörf manna fyrir húsnæði.

Samkvæmt vottorði flugmálastjóra, sem er ómótmælt, er tengdasonur gerðarbeiðanda, sem hyggst að taka hina umdeildu íbúð á leigu, starfsmaður flugmálastjórnarinnar sem sérfræðingur í flugvallastjórn. Verður að telja, að maður, sem gegnir slíkri stöðu fyrir ríkið, sé opinber starfsmaður, og er honum samkvæmt því heimilt að taka leigt hér í bænum samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 39 frá 1943.

Fógeti hefur kynnt sér íbúð þá, er losnaði í kjallara hússins nr. 2 A við Skálholtsstíg í haust. Svarar stærð hennar og umbúnaður til þess, sem gerðarbeiðandi hefur lýst og tilgreint er hér að framan, og verður að fallast á, að þar sé ekki um viðunanlegt húsnæði að ræða fyrir margnefnda fjölskyldu.

Gerðarbeiðandi lét af hendi við dóttur sína og fjölskyldu hennar íbúð þá, sem losnaði hjá honum á Ljósvallagötu 10 s. l. vor. Var honum þetta heimilt, þar sem dóttir hans var búsett hér í bænum áður. Verður ekki á það fallizt, að í þeirri íbúð sé rúm til að bæta heilli fjölskyldu við það fólk, sem fyrir er. Skiptir hér ekki máli, þótt maður síðastnefndrar dóttur gerðarbeiðanda kunni að teljast utanbæjarmaður. Á það má að vísu fallast, að gerðarbeiðandi og kona hans hafi rýmra húsnæði fyrir sig en brýn þörf krefur, en þó ekki svo, að í það verði bætt heilli fjölskyldu, án þess að þau þyrftu að þrengja að sér meira en góðu hófi gegnir, einkum þegar tillit er tekið til þess, að íbúð gerðarbeiðanda er miðuð við þarfir einnar fjölskyldu, og mundi því verða þar mjög lítið pláss, ef henni ætti að skipta í tvo hluta, sem fullnægðu því, að verða sjálfstæðar íbúðir tveggja fjölskyldna.

Af því, sem að framan greinir, leiðir, að leyfa ber framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 5. apríl 1946.

Nr. 97/1945. **Réttvísin og valdstjórnin** (Hrl. Hermann Jónasson)
gegn
Steini Jónssyni (Hrl. Lárus Jóhannesson)
og
Réttvísin (Hrl. Hermann Jónasson)
gegn
Guðmundi Kristjánssyni (Hrl. Lárus Jóhannesson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot á verðlagsákvæðum og á 147. gr. laga nr. 19/1940.

Dómur hæstaréttar.

Með verknaði þeim, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, hefur ákærði Steinn Jónsson brotið reglur viðskiptaráðs frá 14. desember 1943, og varðar það við 2. málsgr. 9. gr. laga nr. 3/1943. Með því að leggja hinn ranga reikning fyrir verðlagsyfirvöldin hefur hann einnig gerzt sekur við 147. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 2500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu þessa dóms.

Frá þeirri fjárhæð, sem í héraðsdómi er talin ólöglegur ágóði ákærða Steins Jónssonar, ber að draga sölulaun bóksala, 20%. Verður hinn ólöglegi gróði því kr. 3540.00 ÷ kr. 708.00 = kr. 2832.00, sem ber að gera upptækan ríkissjóði til handa.

Brot ákærða Guðmundar Kristjánssonar er í hinum

áfrýjaða dómi réttilega talið varða við 147. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega metin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist. Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti 400 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði Steinn Jónsson greiði 2500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Guðmundur Kristjánsson greiði 2000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu þessa dóms.

Ólöglegur ágóði ákærða Steins Jónssonar, 2832 krónur, skal vera upptækur ríkissjóði til handa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónassonar og Lárusar Jóhannessonar, 400 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 15. maí 1945.

Ár 1945, þriðjudaginn 15. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Ragnari Jónssyni, settum sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 771—772/1945: Réttvísin og valdstjórnin gegn Steini Jónssyni og réttvísin gegn Guðmundi

Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 11. sama mánaðar. Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Steini Jónssyni lögfræðingi, Laugavegi 39 hér í bæ, fyrir brot gegn XV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og verðlagslöggjöfinni og af réttvísinnar hálfu gegn Guðmundi Kristjánssyni prentsmiðjustjóra, Bergþórugötu 23 hér í bæ, fyrir brot gegn XV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði Steinn Jónsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. september 1911, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Ákærði Guðmundur Kristjánsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 17. júlí 1910, og hefur eigi sætt refsingu, svo kunnugt sé, en hinn 19. maí 1941 sætti hann aðvörun fyrir brot gegn 6. og 4. gr. tilskipunar frá 9. maí 1855.

Með bréfi, dagsettu 19. desember síðast liðinn, kærði verðlagsstjóri hina ákærðu fyrir brot í sambandi við útgáfu bókarinnar „Afmælisdagar", er ákærði Steinn gaf út á síðari hluta síðast liðins árs. Segir svo í kærunni, að samkvæmt auglýsingu viðskiptaráðs frá 14. desember 1943 skuli útgefendur bóka leita samþykkis verðlagsstjóra á verði þeirra. Séu þeir þá ávallt krafðir upplýsinga um útgáfukostnað og upplagsstærð bókarinnar og, ef ástæða þykir til, látnir sanna upplýsingar sínar með reikningum frá þeim, sem unnið hafa verk þau, sem um er að ræða. Fyrir skömmu hafði ákærði Steinn fengið staðfest 60 króna verð á nefndri bók og hafi hann í því sambandi sagt upplag hennar vera 2500 eintök og afhent meðal annars reikning um prentunarkostnað frá Alþýðuprentsmiðjunni, þar sem upplagið er talið 2500 eintök. Verðlagsstjóri kveðst svo hafa komizt að raun um, að upplagið hafi verið 5000 eintök, og hafi báðir ákærðu í viðtali viðurkennt, að svo væri. Er því haldið fram í kærunni, að hefði rétt verið sagt til um upplagsstærðina, hefði verð bókarinnar orðið 50 krónur eintakið og hafi 60 króna verðið fengizt staðfest vegna rangra upplýsinga um upplagsstærðina. Kveðst verðlagsstjóri hafa fyrirskipað útgefandanum að lækka verð bókarinnar niður í 50 krónur eintakið. Hann telur mjög torvelt að komast að, hverju ólöglegur hagnaður hafi numið, en hefði brot þetta, er verðlagsstjóri telur vera, ekki komizt upp, hefði ólöglegur ágóði getað numið 40 þúsund krónum.

Ákærði Steinn viðurkennir að hafa einn gefið út nefnda bók á síðast liðnu ári. Fyrst í stað hugsaði hann sér að gefa hana út í 2000 eintökum, en ákvað síðar að hafa upplagið 2500 eintök. Alþýðuprentsmiðjan tók að sér prentun bókarinnar, og samdi ákærði Steinn við forstjóra prentsmiðjunnar, ákærða Guðmund, um hana. Þar sem lítil prentun var á bókinni, vildi ákærði Steinn fá afslátt af prentunarkostnaðinum, og varð það að samkomu-

lagi, að til uppbótar á prentunarkostnaði hinna 2500 eintaka skyldi prentuð ákærða Steini að kostnaðarlausu önnur 2500 eintök. Voru þannig alls prentuð 5000 eintök bókarinnar. Ákærði Steinn bað ákærða Guðmund um reikning yfir prentunarkostnaðinn og að setja á hann eintakafjöldann 2500. Þetta gerði ákærði Guðmundur, og er reikningurinn tímasettur í október síðast liðnum. Kveðst ákærði Guðmundur hafa talið, að greiðslan væri fyrir nefndan eintakafjölda, og því eigi greint aðra eintakatölu í reikningnum. Ákærði Steinn sagði honum ekki, að hann ætlaði að leggja reikninginn fyrir verðlagsstjóra vegna verðákvörðunar á bókinni, en hann taldi þó víst, að svo væri. Hann vissi ekki, við hvaða eintakafjölda ákærði Steinn ætlaði að miða verð bókarinnar í viðræðum sínum við verðlagsstjóra, en gerði frekar ráð fyrir, að það yrði ekki hærri eintakafjöldi en á reikningnum stóð.

Ákærði Steinn átti viðræður við fulltrúa verðlagsstjóra um verð bókarinnar, áður en nefndur reikningur var gerður. Í þessum viðræðum nefndi ákærði eigi annan eintakafjölda en 2500. Hin 2500 eintökin nefndi hann ekki, sökum þess að hann bjóst við, að ef hann skýrði frá þeim, yrði verð bókarinnar miðað við 5000 eintök, og þyrfti þá að selja 2000—3000 eintök til að fá upp í kostnað, en ákærði gerði ekki ráð fyrir mikilli sölu bókarinnar. Segir hann tilgang sinn hafa verið að gefa út 2500 eintök og ekki fleiri, en um hvað við hinn hluta upplagsins skyldi gera, var hann óráðinn. Hefði bókin selzt vel, kveðst hann hafa ætlað að gefa hin 2500 eintökin út sem 2. útgáfu og þá að sjálfsögðu snúa sér til verðlagsstjóra um verðlag hennar. Ef þessi hefði ekki orðið raunin, kom honum til hugar að selja afgangsupplagið fyrir slump. Upplýst er, að ákærði Steinn samdi við Nýja bókbandið um að binda bókina í 2500 eintökum. Bókhandið tók að sér geymslu þess upplags, er þar var fram yfir, en ekki bað ákærði um band á það. Ákærði Steinn og fulltrúi verðlagsstjóra eru sammála um, að þeir hafi átt nokkur samtöl saman um verð bókarinnar, áður en ákærði afhenti reikning prentsmiðjunnar, og að í þeim samtölum hafi verið áætlað um verð bókarinnar, en að endanlegt verð muni eigi hafa verið ákveðið, fyrr en eftir að ákærði lagði prentunarreikninginn fyrir verðlagsstjóra.

Þegar verðlagsstjóri lagði fyrir ákærða að lækka verð bókarinnar, gerði ákærði það strax. Á þessum tíma höfðu verið afgreidd til áskrifenda 245 eintök bókarinnar, og kostaði hvert kr. 55.00. Eftir því sem fyrir liggur, hefur ákærði endurgreitt áskrifendunum 5 krónur af hverju eintaki. Á þessum tíma höfðu bóksalar, eftir því sem fyrir liggur, selt 354 eintök á kr. 60.00 hvert, kr. 10.00 of hátt hvert eintak, eftir því sem verðlagsstjóri heldur fram, og ætti ólöglegur ágóði eftir því að vera kr. 3540.00. Þykja málavextir nú hafa verið nægilega raktir.

Samkvæmt 2. gr., 2. mgr., laga nr. 3 13. febrúar 1943 um verðlag, sbr. tilkynningu viðskiptaráðs frá 14. desember 1943 um verðlag á bókum, var ákærða Steini skylt að skýra verðlagsstjóra frá upplagsstærð bókarinnar. Hver, sem ætlun ákærða hefur verið um sölufyrirkomulag bókarinnar, bar honum, eins og á stóð, að skýra verðlagsstjóra frá, hve stórt upplag hafði verið prentað af henni. Þar sem hann greiði þetta ekki, hafi hann gerzt brotlegur við 146. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 9. gr. 1. mgr. verðlagslaganna, og við sömu greinar varðar notkun hans á hinum ranga reikningi Alþýðuprentsmiðjunnar.

Með útgáfu reiknings þessa, eins og á stóð, hefur ákærði Guðmundur gerzt brotlegur við 147. gr. almennra hegningarlaga.

Þykir refsing ákærða Steins eftir atvikum hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 50 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða Guðmundar þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þar sem 60 króna verðið var meðal annars byggt á hinum röngu upplýsingum um upplagsstærðina, en verðið var ákveðið 50 krónur að fengnum réttum upplýsingum um hana, þykir ólöglegur ágóði ákærða Steins af broti sínu vera krónur 3540.00, eins og áður segir, og ber að gera hann upptækan ríkissjóði til handa.

Hina ákærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 500.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Steinn Jónsson greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 50 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Guðmundur Kristjánsson greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ólöglegur ágóði ákærða Steins, kr. 3540.00, er upptækur ríkissjóði til handa, og greiði ákærði hann innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 500.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. apríl 1946.

Nr. 51/1945. **Árni J. Björnsson** (Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
Hreppsnefnd Borgarnesshrepps f. h. hreppsins (Hrl. Ragnar Ólafsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Um valdsvið hreppsnefndar og byggingarnefndar. Lögbann.

Dómur hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 18. apríl 1945, krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi og lögbann það, sem í málinu greinir, dæmt ógilt. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir því sem fram er komið í máli þessu, var geymsluhús áfrýjanda, það er mál þetta er risið af, byggt að nokkru leyti á lóð hreppsins, sem leigð hafði verið einungis til ræktunar. Með því að byggingarnefnd brast heimild til að breyta lóðinni í byggingarlóð og hreppsnefnd hafði ekki veitt leyfi til slíkrar breytingar, var lögbannið réttilega á lagt, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Árni J. Björnsson, greiði stefnda, hrepps-

nefnd Borgarnesshrepps f. h. hreppsins, kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 12. febrúar 1945.

Mál þetta, sem er höfðað með stefnu, útgefinni 18. des. f. á., hefur verið þingfest 29. s. m. og tekið til dóms 26. f. m., er höfðað til staðfestingar á lögbannsgerð, er fram fór 23. okt. 1944, þar sem samkvæmt kröfu hreppsnefndar Borgarnesshrepps var lagt lögbann við því, að gerðarþoli, Árni J. Björnsson verzlunarstjóri í Borgarnesi, héldi áfram byggingu vörugeymsluhúss þess, er hann var að byggja við Brákarbraut í Borgarnesi.

Tildrög málsins eru þessi:

Snemma í septembermánuði hóf Árni J. Björnsson, að fengnu leyfi byggingarnefndar Borgarnesshrepps, að endurbyggja hermannaskála í Borgarnesi á lóð neðan við vörugeymsluhús Verzlunarfélagsins Borgar h/f vestan Brákarbrautar.

Hinn 5. september undirrituðu 20 Borgnesingar áskorun til hreppsnefndar um, að hún felli úr gildi leyfi, er byggingarnefnd kynni að hafa veitt til að endurreisa hermannaskála í kauptúninu, og að hún komi í veg fyrir, að nokkur hermannaskáli verði endurreistur í kauptúninu, hvorki í sama ástandi eða breyttur.

Á fundi sínum 11. september samþykkti hreppsnefndin að fella úr gildi leyfi það, er stefndi hafði fengið hjá byggingarnefnd til að endurbyggja hermannaskálann við Brákarbraut, og lagði jafnframt fyrir byggingarnefnd að leggja framvegis beiðnir um byggingarleyfi fyrir hreppsnefnd, áður en hún tæki þær til afgreiðslu.

Virðist stefndi hafa ætlað að una við ógildingu hins veitta byggingarleyfis, því 13. september sækir hann um leyfi til að byggja járnvarið geymsluhús, er hann sendir teikningu af, á hinni sömu lóð við Brákarbraut. Ákvað byggingarnefnd á fundi 14. sept. að veita hið umbeðna leyfi, án þess að bera það mál áður undir hreppsnefndarfund. Hélt svo stefndi áfram að endurbyggja skálann, en í breyttu formi, þannig, að hliðar hans voru hækkaðar, gluggar settir á þær, og ris sett á skálann.

Á fundi sínum 25. sept. samþykkti hreppsnefndin að fella úr gildi byggingarleyfi það, er byggingarnefnd gaf stefnda 14. s. m., og tilgreinir sem ástæður til þess, að hún vilji eigi leyfa endurbyggingu hermannaskála í kauptúninu, hvorki í upprunalegu eða breyttu formi, og að hún hafi eigi heimilað stefnda lóðarréttindi undir bygginguna.

Loks ákvað hreppsnefndin á fundi sínum 28. september að fela samkvæmt 9. gr. sveitarstjórnarlaganna hreppsnefndarmanni

Þórði Pálmasyni kaupfélagsstjóra að fá lagt lögbann við því, að stefndi héldi áfram að reisa hina umþrættu byggingu.

Sneri stefnandi sér svo sama dag til fógeta og krafðist lögbanns við áframhaldandi byggingu geymsluhússins, og var það lögbann á lagt með úrskurði fógetaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 23. okt. 1944.

Fyrir fógetaréttinum og undir rekstri staðfestingarmálsins hefur stefnandi haldið því fram, að hreppsnefnd Borgarneshrepps hefði fullan rétt til þess að banna, að byggt yrði geymsluhús það, er stefndi er að byggja við Brákarbraut, og tilfærir því til stuðnings:

1. að samkvæmt byggingarsamþykkt fyrir Borgarnes frá 10. nóv. 1914 sé yfirstjórn byggingarmála kauptúnsins í höndum hreppsnefndar, og hljóti af því að leiða, að hreppsnefnd sé heimilt að fella úr gildi byggingarleyfi, er byggingarnefnd hefur veitt, ef hún telur þau koma í bága við hagsmuni kauptúnsins.
2. að geymsluhús þetta sé að verulegu leyti byggt á óútmældri lóð Borgarnesshrepps, er hreppsnefnd hafi eigi leigt stefnda sem byggingarlóð.

Þá hefur stefnandi lagt fram bréf félagsmálaráðuneytisins, dags. 31. okt. 1944, þar sem ráðuneytið út af því, að hreppsnefnd og byggingarnefnd Borgarnesshrepps hafa æskt úrskurðar þess um valdsvið nefnda þessara, hvorrar gagnvart annarri, lætur í ljósi það álit sitt, að hreppsnefndin hafi yfirstjórn byggingarmálanna í sínum höndum og geti sett byggingarnefnd starfsreglur eftir sinni vild og sé ekki bundin af tillögum bygginarnefndar, heldur geti veitt byggingarleyfi og synjað um, eftir því sem hún telur rétt vera.

Stefndi telur, að hann hafi með leyfi byggingarnefndar, útgefnu 14. sept. s. l., fengið óafturkallanlega heimild til að reisa geymsluhús það, sem hann á í byggingu við Brákarbraut í Borgarnesi. Telur hann hreppsnefnd, er kosið hafi byggingarnefnd, enga heimild hafa til að fella úr gildi leyfi, er hún hafi veitt, enda sé skýlaust tekið fram í 3. grein byggingarsamþykktar fyrir Borgarnes, að byggingarnefnd veiti öll byggingarleyfi.

Þá mótmælir hann því, að hið umþrætta geymsluhús sé að nokkru leyti byggt á óútmældri lóð hreppsins, og heldur því fram, að það sé byggt á lóð, er Verzlunarfélagið Borg h/f, er hann veitir forstöðu, fékk útmælda 22. marz 1927.

Undir rekstri málsins fyrir fógetaréttinum og undir rekstri staðfestingarmálsins hafa athuganir farið fram um takmörk byggingarlóðar þeirrar, er Verzlunarfélagið Borg h/f fékk útmælda 1927, og byggingar og ræktunarlóðar þeirrar, er Guðjón Bachmann fékk útmælda 1910 (nú lóð Ástríðar Ólafsdóttur), en þær athuganir hafa eigi leitt til endanlegrar niðurstöðu um, hvort hið um-

þrætta geymsluhús er að öllu leyti byggt á byggingarlóð Verzlunarfélagsins Borgar h/f eða að nokkru leyti á óútmældri lóð Borgarnesshrepps. Eru að vísu ummerki lóðar verzlunarfélagsins, eins og stefndi lýsir þeim á rjsskj. 6, eigi með þeim hætti, að vel samrýmist lýsingu lóðarinnar í lóðarsamningi 22. marz 1927. En stefnandi hefur heldur eigi getað bent á ákveðin ummerki á ræktunarlóð þeirri, er Guðjón Bachmann fékk útmælda 1910 og féll til hreppsins 1940 samkvæmt ákvæðum lóðarsamningsins.

Stefnandi hefur eigi farið þá leið, er honum virðist hafa staðið opin, að fá því slegið föstu með lóðarmerkjadómi, hver væru takmörk byggingarlóðar Verzlunarfélagsins Borgar h/f og ræktunarlóðar þeirra, er Ástríður Ólafsdóttir hafði á leigu, og verður rétturinn því að líta svo á, að hann hafi eigi fært svo ríkar sannanir fyrir því, að hið umþrætta geymsluhús standi á óútmældri lóð Borgarnesshrepps, að lögbannið verði staðfest af þeirri ástæðu.

Hins vegar verður rétturinn að líta svo á, að hreppsnefnd Borgarnesshrepps, er hefur samkvæmt skýlausum fyrirmælum byggingarsamþykktar Borgarness yfirstjórn byggingarmálanna í Borgarnesi, hafi verið heimilt að fella úr gildi byggingarleyfi það, er byggingarnefnd veitti stefnda 14. sept. 1944, enda er það veitt þvert ofan í þann vilja, er hreppsnefnd lét í ljósi á fundinum 11. september, og án þess að farið væri eftir þeim fyrirmælum, er hreppsnefndin þá gaf byggingarnefnd. Verður þá að telja, að geymsluhús það, er stefndi á í smíðum við Brákarbraut í Borgarnesi, sé byggt án lögmæts byggingarleyfis, og ber þá að leggja bann við byggingu þess.

Samkvæmt framansögðu verður að taka til greina dómkröfu stefnanda um, að lögbannsgerð sú, er fram fór í fógetarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 23. okt. 1944, verði staðfest. Þá ber og að dæma stefnda til að greiða stefnandanum málskostnað, sem eftir atvikum virðist hæfilega ákveðinn 300 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Lögbann það, er lagt var í fógetarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 23. okt. 1944 samkvæmt kröfu hreppsnefndar Borgarnesshrepps við því, að Árni J. Björnsson verzlunarstjóri í Borgarnesi haldi áfram byggingu vörugeymsluhúss þess, sem hann er að byggja við Brákarbraut í Borgarnesi, staðfestist.

Stefndi, Árni J. Björnsson, greiði stefnanda, Þórði Pálmasyni fyrir hönd hreppsnefndar Borgarneshrepps, 300 — þrjú hundruð — krónur í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. apríl 1946.

Nr. 67/1945. **Réttvísin** (Hrl. Lárus Jóhannesson)
gegn
Gísla Sigurðssyni (Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Lögreglumaður verður offari. Fyrning sakar.

Dómur hæstaréttar.

Ísleifur Árnason prófessor hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm samkvæmt umboðsskrá.

Sigfús Baldvinsson veittist að ákærða með ókvæðisorðum, er hann var að gegna lögreglustarfa sínum. Hegðun Sigfúsar veitti ákærða samt ekki, eins og á stóð, efni til svo harkalegrar atgöngu að Sigfúsi og raun ber vitni. Atgangan með þeim afleiðingum, sem af henni hlauzt, varðaði ákærða því við 126. og 205. gr. hegningarlaga 25. júní 1869, sem í gildi voru, er atburðir málsins gerðust. Eftir að hegningarlög nr. 19/1940 gengu í gildi, bar að heimfæra brot ákærða til 218. gr. og 138. gr. þeirra laga. Þar sem ákærði framdi verk það, sem hann nú er sóttur til refsingar fyrir, í reiði, er Sigfús með stórfelldri móðgun hafði vakið honum, átti að tiltaka refsingu hans með hliðsjón af 4. tl. 74. gr. laga nr. 19/1940, og hefði refsingin verið hæfilega ákveðin sektir. Af þeim ástæðum, sem greinir í héraðsdómi, lá rannsókn máls þessa niðri frá 18. desember 1940 til 24. marz 1945. Þessi stöðvun á rannsókn málsins leiddi, þar sem til sekta var einungis unnið, til fyrningar sakar samkvæmt 1. tl. 81. gr. 80. og 2 mgr. 82. gr. laga nr. 19/1940. Ber því að sýkna ákærða af refiskröfu ákæruvaldsins í máli þessu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu um refsikröfuna verður skaðabótakrafa Sigfúsar Baldvinssonar á hendur ákærða ekki dæmd í máli þessu.

Allan kostnað sakarinnar ber að dæma á hendur ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Átelja verður héraðsdómara fyrir vangæzlu á skjölum máls þessa.

Dómsorð:

Ákærði, Gísli Sigurðsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dómur aukaréttar Hafnarfjarðarkaupstaðar 26. marz 1945.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað fyrir aukarétti Hafnarfjarðarkaupstaðar með stefnu, útgefinni 24. þ. m., gegn Gísla Sigurðssyni lögregluþjóni, Hverfisgötu 38 í Hafnarfirði, fyrir meint brot gegn 14. og 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febr. 1940, sbr. 13. og 18. kap. hegningarlaganna frá 1869, svo og til greiðslu málskostnaðar í málinu og skaðabótagreiðslu.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 23. júní 1903. Hefur hann hvorki sætt ákæru né refsingu fyrir nokkurt afbrot.

Málavextir virðast þeir, sem nú skal greina. Aðfaranótt sunnudagsins 7. apríl 1940 var dansleikur haldinn á veitingahúsinu Birninum í Hafnarfirði. Mun nokkuð hafa kveðið að áfengisnautn á dansleiknum. Um nóttina, klukkan á að gizka 3, tóku lögregluþjónarnir ákærði og Jón Guðmundsson tvo menn af dansleiknum vegna ölvunar og fluttu þá í fangelsi. Eftir beiðni Jóns aðstoðaði Kristján Andrésson verzlunarmaður, Vörðustíg 7 í Hafnarfirði, lögregluþjónana við þetta. Annar þeirra manna, sem fangelsaðir höfðu verið í umrætt skipti, var Kristján Stefánsson, háseti á línuveiðaranum Öldunni, sem Sigfús Baldvinsson útgerðarmaður, Fjólugötu 10 á Akureyri, hafði gert út frá Hafnarfirði á vetrarvertíðinni. Hafði Sigfús dvalarstað á Birninum, meðan á útgerðinni stóð. Frétti Sigfús brátt um handtöku Kristjáns, og þar sem ráðgert hafði verið, að Aldan færi heimleiðis á sunnudagsmorguninn, ákvað hann að reyna að fá Kristján látinn lausan þegar um nóttina, til þess að skipið þyrfti ekki að tefjast vegna hans morguninn eftir. Fór Sigfús í þessu skyni að fangelsinu, sem er vestarlega í Hafnarfirði, og voru í fylgd með honum þeir Valtýr Pálmason og Cæsar Hallgrímsson, báðir frá Akureyri. Er að fangelsinu kom, var hurð þess lokuð, en ekki læst, og gengu þeir allir inn í anddyrið. Voru

lögregluþjónarnir og Kristján þá í þann veginn að koma hinum ölvuðu mönnum, er þeir höfðu komið með, fyrir í fangaklefum. Fór Sigfús þess þegar á leit við lögregluþjónana, að þeir létu Kristján lausan, en þeir synjuðu þess og sögðu, að Sigfús og þeir, sem með honum voru, hefðu ekkert þarna að gera, og skipuðu þeim að fara út. Urðu þeir Sigfús lítt við þeirri skipun, og ýttu lögregluþjónarnir þeim þá út fyrir dyrnar. Í þessum viðskiptum og er út fyrir fangelsið kom, féllu nú nokkur hnífilyrði af hálfu þeirra allra Sigfúsar, Valtýs og Cæsars í garð lögregluþjónanna, aðallega á þá leið, að þeir væru undir áhrifum víns eða fullir við starfið og vitlausir. Er út fyrir fangelsið kom, þótti lögregluþjónunum framkoma Valtýs og ókvæðisorð hans og brigzlyrði í þeirra garð keyra svo úr hófi, að þeir handtóku hann eg settu í fangelsið. Var Valtýr síðan daginn eftir kærður til lögreglustjórans í Hafnarfirði fyrir framkomu hans um nóttina. Játaði hann, að efni kærunnar væri rétt, og var máli hans lokið með sátt þess efnis, hann skyldi greiða 50 króna sekt til Menningarsjóðs fyrir brot sitt. Sama dag undirgekkst fyrrnefndur Kristján, sá er Sigfús hafði ætlað að fá lausan úr fangelsinu, í lögreglurétti Hafnarfjarðar 25 króna sekt fyrir ölvun og óspektir á almannafæri.

Er lögregluþjónarnir höfðu gengið frá Valtý í fangelsinu, var haldið af stað þaðan. Atvikaðist þá svo, er komið var nokkurn spöl austur Vesturgötu, að þeir ákærði og Sigfús urðu samferða, Jón og Cæsar gengu saman nokkuð á undan þeim, en Kristján hélt sig út af fyrir sig. Tókust þegar orðahnippingar með þeim Sigfúsi og ákærða, en ekki er fyllilega upplýst, hvað þeim fór á milli, en þá greinir á um það. Vitninu Kristjáni Andréssyni heyrðist Sigfús hafa svipuð ummæli og áður við fangelsið, eða þau, að framkoma lögregluþjónanna væri ósæmileg og þeir væru undir áhrifum víns í starfinu, en ákærði hafi svarað á þá leið, að hann gæti ekki verið að stæla við Sigfús, en hann nyti þess, að fangelsið væri fullskipað. Þeir Sigfús og ákærði urðu samferða eftir götunni, þar til þeir koma á móts við vesturdyr Bjarnarins. Staðnæmdust þeir þá, og var Sigfús uppi á gangstéttinni framan við húsið, en ákærði úti á götunni. Náðst hefur til fjögurra vitna, Þeirra Harðar Vigfússonar, Margrétar Ólafsdóttur, Jóhanns Guðmundssonar og Einars Karls Magnússonar, sem öll telja sig hafa fylgzt nokkuð með því, hvað fram fór milli ákærða og Sigfúsar þarna fyrir framan Björninn. Hafa öll þessi vitni staðfest framburði sína með eiði. Öll bera vitni þessi það, að þeim hafi virzt þeir báðir í æstu skapi, þeir hafi verið hávaðasamir, skammazt eða verið í háa rifrildi, eins og vitnin orða það. Þá segir eitt vitnið, að þeir hafi steytt hnefana hvor í áttina til annars. Annars gátu vitnin lítið um það borið, hvað þeim fór á milli í orðum. Þó telja tvö af vitnunum sig minnast þess, að Sigfús hafi brugðið

ákærða um það, að hann væri glaseygur, en önnur tvö þeirra staðhæfa, að Sigfús hafi sagt, að ákærði væri glaseygur djöfull, en svo er farið um ákærða, að hann hafði, er þetta gerðist, misst vinstra augað, og er gler í þeirri augnatóft hans í auga stað. Hjá öllum vitnunum kemur það fram, að með greindum ummælum í garð ákærða hafi orðahnippingunum lokið. Eitt vitnið ber það, að þegar Sigfús hafði borið ákærða það á brýn, að hann væri glaseygur djöfull, hafi ákærði slegið Sigfús eitt högg, að því er vitnið heldur í höfuðið. Ekkert hinna vitnanna sá ákærða slá Sigfús, og eitt þeirra, sem kveðst hafa séð viðureignina greinilega, telur sig geta fullyrt, að ákærði hafi ekki slegið hann. Er því eigi sannað gegn mótmælum ákærða, að hann hafi greitt Sigfúsi högg. Verður að telja, að framhald samskipta þeirra ákærða og Sigfúsar hafi verið með þeim hætti, að þegar er hann hafði borið ákærða greindum brigzlum, hafi ákærði ráðizt að honum, tekið hann „haustaki", fellt hann á hægri hlið í götuna og síðan fallið á hann ofan. Er Sigfús var orðinn undir, sveigði ákærði aðra hönd hans (hægri) aftur fyrir bak, í því skyni að setja á hann handjárn, en í sömu svifum kom Kristján Andrésson, sem skroppið hafði inn í veitingahúsið og því ekki séð viðureignina, ákærða til aðstoðar. Reistu ákærði og hann Sigfús á fætur og leiddu hann síðan á milli sín að fangelsinu og settu hann þar í fangaklefa, en hleyptu um leið tveimur mönnum, er þar voru fyrir, út úr klefanum. Yfirgáfu þeir svo að vörmu spori fangelsið. Bæði ákærði og Kristján neita því, að Sigfús hafi kvartað um meiðsl á leiðinni í fangelsið, eða eftir að þangað var komið, svo og að Sigfús hafi sætt nokkrum harðræðum af þeirra hálfu í umrætt skipti.

Klukkan tæplega 5 þessa sömu nótt varð ákærða og Jóni Guðmundssyni lögregluþjóni gengið í fangelsið, til þess að athuga upphitun þess. Eftir kalli frá Sigfúsi fór Jón inn í klefann til hans. Kvartaði Sigfús þá við hann um eymsli í öxlinni, og er Jón hafði athugað hægri öxl hans, fann hann, að aftan og ofan til á henni var kúla, sem Sigfús kveinkaði sér mjög í, ef stutt var á. Átti Jón þá tal við ákærða, og kom þeim saman um að fara með Sigfús til læknis til rannsóknar. Fóru þeir því næst með hann til Theódórs Mathiesens læknis, sem býr rétt við fangelsið. Við læknisskoðun kom í ljós, að hægri öxl Sigfúsar var nokkuð þrútin og aum viðkomu. Enn fremur taldi læknirinn sig sjá greinilega, að ytri endi viðbeinsins væri rifinn laus úr liðnum við hyrnuna á herðablaðinu og stæði út í vöðvann eða húðina. Ekki virtist honum, að um liðhlaup væri að ræða í axlarlið, en taldi, að verið gæti, að viðbeinið væri brotið, og áleit því rétt að bíða með verulegar aðgerðir, þar til röntgenmynd hefði verið tekin. Bjó læknirinn því til bráðabirgða um hönd Sigfúsar í fatla. Að læknisskoðuninni lokinni fóru ákærði og Jón síðan með Sigfúsi heim til hans á

Björninn. Næsta morgun fylgdu þeir ákærði og Ólafur Guðlaugsson Sigfúsi á Landspítalann í Reykjavík. Var þar tekin röntgenmynd af öxl hans. Kom þar í ljós, að um brot var ekki að ræða. Var þar búið um meiðslið með böndum yfir öxlina, en álitið, að það myndi ekki duga, heldur þyrfti uppskurð til þess að ráða bót á meiðslinu. Vegna þess að ekki fékkst vist á sjúkarhúsi, lá Sigfús á Birninum í næstu 9 daga. Hinn 16. apríl var hann lagður inn á Landakotsspítala, og gerði Matthías Einarsson læknir að meiðslunum. Lá Sigfús þar til 29. apríl, en fór þá þaðan á Hótel Vík og dvaldi þar um nokkurt skeið. Í vottorði Matthíasar Einarssonar læknis, dags. 24. maí 1940, segir læknirinn, að hann búist við því, að höndin verði Sigfúsi ónýt næstu tvo mánuði, en úr því geri hann ráð fyrir því, að hún fari að styrkjast, og að hann verði mikið til jafngóður eftir 1—2 ár. Eftir að hafa skoðað Sigfús, mat Jóhann Sæmundsson tryggingaryfirlæknir hinn 11. nóv. 1940 örorku hans vegna meiðslanna á þessa leið: 100% fyrstu 2½—3 mánuðina, næstu 4 mánuðina 40%, en varanlega örorku um 20%.

Það verður að teljast vafalaust, að Sigfús hafi hlotið meiðsl þau, sem nú hefur verið rætt um, er ákærði felldi hann á götuna, eins og að framan segir. Telur Sigfús, að ákærði eigi alla sök á þeim, því hann hafi ráðizt á sig algerlega að tilefnislausu. Beri ákærða því að greiða honum skaðabætur fyrir atvinnutjón, legu- og lækniskostnað, heilsutjón og þjáningar þær, sem hann hafi orðið fyrir vegna meiðslanna. Hefur Sigfús á þessum grundvelli krafizt þess, að ákærði verði í máli þessu dæmdur til þess að greiða honum kr. 35301.00 með 5% ársvöxtum frá 29. nóv. 1940 til greiðsludags.

Ákærði hefur haldið því fram og vitnin Jón Guðmundsson og Kristján Andrésson hafa borið það, að Sigfús hafi verið ölvaður umrædda nótt. Byggja þeir þetta álit sitt á því, að þeir hafi fundið vínlykt af honum, svo og á framkomu hans. Þá er það og álit Theódórs Mathiesens læknis, að Sigfús hafi verið undir áhrifum víns, er lögregluþjónarnir komu með Sigfús til hans. Hins vegar hafa allmörg vitni, er áttu orðaskipti við Sigfús um nóttina, borið það, að þau hafi ekki merkt vín á honum, og hann sjálfur telur sig aðeins hafa tekið 3 lítil staup af brennivíni fyrir klukkan 12 um kvöldið. Verður því eigi talið sannað, að Sigfús hafi verið undir áhrifum áfengis í umrætt skipti, enda þótt framkoma hans bendi til þess, að hann hafi verið ör af víni.

Eins og hér á undan er rakið, sýndi Sigfús ákærða, að því er séð verður án réttmæts tilefnis, áreitni, er ákærði var að skyldustörfum í og við fangahúsið, svo og á leiðinni þaðan að Birninum. Í framhaldi af þessu brigzlaði hann og ákærða á óviðurkvæmilegan hátt um líkamsgalla. Enn fremur hafði hann hávaða í

frammi. Þá þykir ekki unnt að hafna þeirri staðhæfingu ákærða, að hann hafi álitið Sigfús ölvaðan og haft nokkurt tilefni til að óttast árás af hans hálfu. Verður því að telja, að ákærði hafi, eins og á stóð, haft nægilega ástæðu til þess að veita Sigfúsi atgöngu í því skyni að handtaka hann og fjarlægja hann af almannafæri. Og þó að Sigfús hlyti fyrrgreind meiðsl í þeirri viðureign, verða þau eigi gefin ákærða að sök sem ásetnings- eða gáleysisverk. Þykir því verða að sýkna ákærða af ákærum réttvísinnar í máli þessu, og kemur þá áðurgreind skaðabótakrafa á hendur honum ekki til álita.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað málsins úr ríkissjóði.

Dráttur sá, sem orðið hefur á máli þessu, stafar af því, að réttarbókin ásamt útskrift af prófum málsins lagðist af vangæzlu dómarans með alls óskyldum gögnum niður í nokkurs konar ruslakistu, þar sem dómaranum datt ekki í hug að leita, og kom hún fyrst fram nú eftir áramótin.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Gísli Sigurðsson, skal vera sýkn af ákærum réttvísinnar í máli þessu.

Allur kostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 10. apríl 1946.

Nr. 8/1946. **Réttvísin og valdstjórnin** (Hrl. Einar Arnórsson) gegn **Hirti Magnúsi Guðmundssyni** (Hrl. Ólafur Þorgrímsson) og **Einari Sigurjónssyni** (Hrl. Theódór B. Líndal).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Manndráp af gáleysi. Brot á bifreiðalögum og umferðarlögum.

Dómur hæstaréttar.

Það er sannað í málinu, að ákærði Hjörtur Magnús Guðmundsson ók með hóflausum hraða austur Skothúsveg. Er hann ók götu þessa, hafði hann gott útsýni til Sóleyj-

argötu og átti því að sjá til ferða R 1719 í tæka tíð. Hann hélt þó miklum hraða inn á gatnamótin og missti stjórn á bílnum við áreksturinn. Hentist bíllinn síðan stjórnlaus upp á gangstétt á horni vegamótanna, varð þar vegfaranda að bana, braut þar brún af steinvegg og kastaðist síðan um 20 metra áfram upp brekku Skothúsvegar.

Ákærði Einar Sigurjónsson, er ók norður Sóleyjargötu, hafði og gott útsýni vestur um Skothúsveg, og mátti hann því einnig í tæka tíð sjá ferð R 1300. Sannað er, að hann ók með óhæfilega miklum hraða og skeytti því ekki að draga úr hraðanum og bíða, ef nauðsyn krefði vegna umferðar, er kom honum á vinstri hönd.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir refsing hvors hinna ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og greiðslu málskostnaðar.

Ákærði Hjörtur Magnús Guðmundsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, 400 krónur, og ákærði Einar Sigurjónsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, 400 krónur. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal laun sækjanda málsins fyrir hæstarétti, 600 krónur, greiði ákærðu in solidum.

Átelja verður, að ákærðu voru ekki þegar eftir slysið sviptir ökuleyfum sínum til bráðabirgða.

Dómsorð:

Ákærðu, Hjörtur Magnús Guðmundsson og Einar Sigurjónsson, sæti hvor 10 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og greiðslu málskostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði Hjörtur Magnús Guðmundsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Ólafs hæstaréttarlögmanns Þorgrímssonar, kr. 400.00. Ákærði Einar Sigurjónsson greiði málflutningslaun

skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Theódórs B. Líndals hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal laun skipaðs sækjanda málsins fyrir hæstarétti, Einars hæstaréttarlögmanns Arnórssonar, kr. 600.00, greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 1. nóvember 1945.

Ár 1945, fimmtudaginn 1. nóvember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2380—2381/1945: Réttvísin og valdstjórnin gegn Hirti Magnúsi Guðmundssyni og Einari Sigurjónssyni, sem tekið var til dóms hinn 26. október þ. á.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Hirti Magnúsi Guðmundssyni bifreiðarstjóra, Skólavörðustíg 19 hér í bæ, og Einari Sigurjónssyni bifreiðarstjóra, Ásbyrgi á Selfossi í Árnessýslu, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna, Hjörtur Magnús fæddur 6. febrúar 1924 og Einar 11. júlí 1917. Sá fyrrnefndi hefur engum ákærum eða refsingu sætt, en sá síðarnefndi var 27. nóvember 1942 sektaður í lögreglurétti Reykjavíkur um 20 krónur fyrir brot gegn 3. mgr. 31. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, en að öðru leyti hefur hann hvorki sætt ákæru né refsingu.

I.

Hinn 19. júlí s. l., klukkan að ganga 10 að kvöldi, rákust bifreiðarnar R 1719 og R 1300 á á gatnamótum Fríkirkjuvegar, Sóleyjargötu og Skothúsvegar hér í bænum með þeim afleiðingum, að Filippus Svavar Guðmannsson, Einholti 7, ungur piltur, hlaut bana af, og báðar bifreiðarnar skemmdust mikið. Þegar þetta gerðist, voru Filippus Svavar og Jóhann Ágúst Jóhannsson, Háteigsvegi 19, á gangi vestur nyrðri gangstétt Skothúsvegar, austan gatnamótanna, og voru komnir á horn Skothúsvegar og Fríkirkjuvegar, og gekk Jóhann Ágúst lítið eitt á undan Filippusi Svavari. Meðfram gangstéttinni á þessum stað er steinsteyptur veggur.

Ákærði Hjörtur Magnús ók vörubifreiðinni R 1300 vestan Skothúsveg. Hann var að koma frá íþróttavellinum og var á leið heim. Hjá honum í stýrishúsi bifreiðarinnar sat Kjartan Sveinn Guðjónsson bifreiðarstjóri, Grettisgötu 46. Um ökuhraða R 1300 hefur

Kjartan Sveinn borið sem vitni og unnið eið að, að við Tjarnarbrúna hafi hraðinn verið minnkaður töluvert, en frá því, og þar til slysið gerðist, hafi hann ekki verið minni en 30 km, miðað við klukkustund, og hyggur hann hraðann á þessum tíma hafa verið 30—40 km, miðað við klukkustund. Ákærði Hjörtur Magnús hefur við alla rannsókn málsins neitað að skýra frá ökuhraða bifreiðarinnar, en þessa frásögn vitnisins Kjartans Sveins hefur hann talið rétta, og hefur hann talið vitnið færari en sig að áætla hraðann rétt. Kveðst hann hafa tekið að draga úr hraðanum, þegar hann var kominn austur yfir Tjarnarbrúna með tilliti til þess, að gatnamót voru framundan, en ekki sökum þess að hann tæki eftir neinu farartæki nálægt, sem varast þyrfti. Hann ók bifreiðinni í 4. gangskiptingu. Hraðamælir bifreiðarinnar var í ólagi. Öll vitni, er bera um ökuhraða R 1300 í þetta sinn, segja hann hafa verið mikinn. Vitnið Jóhann Ágúst Jóhannsson, sem áður er nefndur, sá R 1300 koma yfir Tjarnarbrúna, en leit af henni, þegar hún var komin rúmlega yfir brúna, og sá hana svo ekki fyrr en slysið var orðið. Meðan vitnið sá hana, segir það henni hafa verið ekið hratt, mun hraðar en tíðkast hér á götunum. Nánar getur vitnið ekki tilgreint hraðann. Vitnið Vilborg Þorgilsdóttir frú, Laufásvegi 26, var, þegar þetta skeði, á gangi vestur Skothúsveg. Rétt vestan við Tjarnarbrúna mætti vitnið R 1300, og var henni þá að sögn vitnisins ekið ákaflega hratt. Rétt eftir að vitnið mætti bifreiðinni, heyrði það hávaða aftan við sig, sem eflaust hefur stafað af árekstrinum, og sá þá bifreiðarnar, eins og þær stóðu eftir áreksturinn.

Ákærði Einar veitti R 1300 ekki athygli, fyrr en rétt í því, að áreksturinn varð, en hann telur, að henni hafi verið ekið ákaflega hratt, og honum virtist engin tilraun vera gerð til að stöðva hana eða draga úr ferð hennar. Farþegar í R 1719 voru nemendurnir Sigríður Thors, Laufásvegi 70, og Halldóra Valgerður Hjaltadóttir, Sjafnargötu 4, sem báðar hafa borið vitni í máli þessu. Þær urðu ekki R 1300 varar, fyrr en skammt var á milli bifreiðanna. Ber Sigríður, að R 1300 hafi verið ekið ákaflega hratt, en Halldóra Valgerður, að henni hafi verið ekið mjög hratt.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið um ökuhraða R 1300, er sannað, að hann hefur verið meiri en leyfilegt er samkvæmt 2. mgr. 26. gr. bifreiðalaganna og mun meiri en leyfilegt er hér í bænum samkvæmt lögreglusamþykkt Reykjavíkur, 46. gr., og var akstur bifreiðar þessarar mjög ógætilegur af þessari ástæðu, eins og á stóð, og hættulegur.

Ákærði Hjörtur Magnús var vel fyrir kallaður í akstri þessum og ók vinstra megin á götunni. Skýrir hann svo frá, að þegar hann átti ófarna á að gizka eina bifreiðarlengd að gatnamótum Skothúsvegar og Fríkirkjuvegar, hafi hann séð R 1719 aka norður

Sóleyjargötu, kveðst ekki geta sagt um, hve hratt hún ók, en þegar hann kom auga á hana, hafi hún verið svo langt í burtu, að hann taldi sig hafa tíma til að aka yfir gatnamótin, áður en hana bæri að. Þess vegna ók hann R 1300 áfram með sama hraða og áður og var kominn meira en hálfa leið yfir Fríkirkjuveginn, þegar R 1719 ók á R 1300, þannig að framstuðari R 1719 lenti á hægra afturhjóli R 1300. Þegar ákærði Hjörtur Magnús sá, að R 1719 var rétt kominn að R 1300, beygði hann stefnu R 1300 aðeins undan til vinstri, þannig að hún mun þá hafa stefnt á gangstéttina á horni Fríkirkjuvegar og Skothúsvegar.

Ákærði Einar ók fólksflutningabifreiðinni R 1719 norður Sóleyjargötu. Hann var að koma frá Laufásvegi 70 og leið til miðbæjarins með áðurnefnda tvo farþega, Sigríði Thors og Halldóru Valgerði Hjaltadóttur, og hafði enga ástæðu til að flýta sér sérstaklega. Hann var vel fyrir kallaður, og ekkert sérstakt varð honum til truflunar. Hraðamælir R 1719 var ónýtur, en ákærði Einar telur sig hafa ekið norður Sóleyjargötuna í þetta sinn á 15—20 mílna hraða, miðað við klukkustund, í mesta lagi 20 mílna hraða. Um það leyti sem hann tók að líta til beggja handa, þegar hann nálgaðist gatnamótin, gaf hann benzíngjöfina upp, án þess þó að stíga af henni, en bifreiðin rann áfram með sama eða svipuðum hraða og áður þrátt fyrir þetta. Þegar hann var að koma inn á gatnamót Skothúsvegar og Sóleyjargötu, kveðst hann hafa litið til vinstri vestur Skothúsveg og enga bifreið séð í nánd eða aðra þá umferð, er sér stafaði hætta af. Telur hann sig mega fullyrða, að R 1300 hafi þá ekki verið komin yfir Tjarnarbrúna. Hann leit nú til hægri og álítur, að bifreið sín hafi runnið áfram um tvær lengdir sínar, frá því hann leit af Skothúsveginum fyrir vestan sig og þar til hann heyrði hvin, sem kom frá vinstri. Hann leit þá strax til vinstri, og var þá 2—3 metra bil á milli framenda bifreiðanna. Ákærði breytti ekki stefnu bifreiðarinnar, en hemlaði strax, svo sem unnt var, en alveg í þessu hefur áreksturinn orðið, og segir ákærði framstuðarann á R 1719 hafa lent á hægra afturhjóli R 1300. Þegar ákærði Einar leit til hægri rétt fyrir áreksturinn, sá hann tvo menn, þá Filippus Svavar og Jóhann Ágúst, á gangstéttinni, þar sem slysið varð, og hélt ákærði, að þeir væru á leið vestur Skothúsveg.

Vitnið Sigríður Thors ber, að R 1719 hafi verið ekið fremur hratt norður Sóleyjargötuna, en nánar treystir vitnið sér ekki að tilgreina hraðann. Þegar R 1719 var að koma að gatnamótum Skothúsvegar og Sóleyjargötu, veitti vitnið R 1300 fyrst athygli, og var hún þá, að vitnið minnir, rétt komin yfir Tjarnarbrúna. Vitnið álítur, að ákærði Einar hafi ekki veitt R 1300 athygli, fyrr en á eftir vitninu, því að hann dró ekki úr hraðanum strax. Rétt áður en áreksturinn varð, varð vitnið þess vart, að R 1719 var

hemluð mjög snögglega. Framburður vitnisins Halldóru Hjaltadóttur um akstur R 1719 er mjög á sömu lund og framburður vitnisins Sigríðar Thors, og um ökuhraða 1719 segir þetta vitni, að ekið hafi verið frekar hratt og að hraðinn hafi ekki verið minnkaður, fyrr en hemlað var rétt fyrir áreksturinn.

Vitnið Baldur Kristjónsson íþróttakennari, Nönnugötu 6 í Hafnarfirði, var á gangi austur Skothúsveg, þegar slysið varð, og var þá staddur rétt austan við gatnamót Skothúsvegar og Bjarkargötu. Vitnið veitti R 1300 enga athygli, fyrr en um leið og áreksturinn varð, en sá til R 1719, þegar hún var suður undir Njarðargötu, og hafði auga á henni norður Sóleyjargötuna, en leit af henni, rétt áður en slysið gerðist. Vitninu virtist henni vera ekið óvenju hratt, eftir því sem gerist innanbæjar, og því virtist hraði hennar vera svipaður venjulegum ökuhraða á góðum vegum utanbæjar og áætlar, að hann hafi verið um 40 km, miðað við klukkustund. Ekki hafði verið dregið úr hraða hennar, þegar vitnið sá hana síðast fyrir slysið. Það sem næst vakti athygli vitnisins á þessari bifreið, var hávaðinn af árekstrinum. Þenna framburð hefur vitnið, sem að vísu er eigi bifreiðarstjóri, en er vant bifreiðaferðum, staðfest með eiði.

Vitnið Kjartan Sveinn Guðjónsson ber, að þegar R 1300 hafi verið nýkomin yfir Tjarnarbrúna, hafi það séð til ferða R 1719 sunnan Sóleyjargötuna og síðan hafi það horft á þá bifreið fram að árekstrinum. Vitnið telur, að R 1719 hafi verið ekið ámóta hratt og R 1300, eftir að hraði hinnar síðarnefndu var minnkaður við Tjarnarbrúna, en áður er greindur framburður vitnisins um hann. Vitninu virtist R 1719 vera hemlað nokkru fyrir áreksturinn, og það kveðst eftir áreksturinn hafa athugað hemlaför hennar, og hafi þau þá að þess áliti verið um 6 metrar á lengd. Ákærði Hjörtur Magnús varð ekki var við R 1719, fyrr en R 1300 var um eina bifreiðarlengd frá gatnamótum Skothúsvegar og Fríkirkjuvegar, og kveðst hann ekki geta borið um ökuhraða hennar, en hann áleit sig hafa tíma til að aka yfir gatnamótin, áður en R 1719 bæri að. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, bæði framburði vitna og framburði ákærða Einars sjálfs um ökuhraða R 1719 og því, hvernig áreksturinn varð, þykir sannað, að ökuhraði R 1719 hafi verið ólöglega mikill. Samkvæmt 7. gr. 1 mgr. umferðarlaganna átti R 1300 þarna umferðarréttinn, og bar R 1719 því að bíða, meðan hún færi yfir gatnamótin, en með því að vanrækja þá skyldu og aka með ólöglegum hraða hefur ákærði Einar átt verulegan þátt í slysinu.

Skemmdir þær, sem á bifreiðunum urðu við áreksturinn, sýna, að hann hefur verið allmikill. Telur ákærði Hjörtur Magnús, að hann hafi að einhverju leyti misst stjórn á R 1300 við áreksturinn, en við hann fór hún upp á gangstéttina, þar sem Filippus Svavar,

varð fyrir henni, og vörupallur hennar rakst í steinvegginn, svo að ofan af veggnum brotnaði stykki. Síðan beygði R 1300 inn á Skothúsveg og nam staðar hægra megin á honum nokkru ofan við árekstrarstaðinn.

R 1719 beygði mjög til austurs við áreksturinn, en stöðvaðist strax að öðru leyti. Hvorugur ákærðu gaf hljóðmerki við gatnamótin. Mjög fljótt eftir áreksturinn kom lögregla á vettvang og mældi upp staðinn og athugaði ummerki. Ekki sá hún hemlaför eftir R 1300 né heldur eftir R 1719, svo nein vissa sé fyrir, enda höfðu þá bifreiðar ekið yfir slysstaðinn og menn traðkað um hann. Filippus Svavar var þegar fluttur í sjúkrabifreið á Landspítalann. Hann mun hafa andazt strax, og krufning leiddi í ljós, að hann hafði skaddazt mjög mikið, og segir í vottorði Rannsóknarstofu Háskólans um krufninguna, að meiðslin hafi leitt svo að segja strax til dauða. Bifreiðarnar skemmdust svo mikið, að hvorugri var unnt að aka, og varð að draga þær af staðnum. Gat lögreglan því ekki reynt þær í akstri, en þær höfðu báðar þá nýlega verið skoðaðar af bifreiðaeftirlitinu og reynzt í góðu standi.

Samkvæmt framansögðu hafa báðir hinir ákærðu gerzt brotlegir við 9. gr., 26. gr. og 27. gr. 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 2. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaganna, og ákærði Einar auk þess við 7. gr., 1. mgr., sbr. 14. gr. umferðarlaganna. Dauði Filippusar Svavars Guðmannssonar stafaði af gáleysi beggja hinna ákærðu, og hafa þeir því gerzt brotlegir við 215. gr. hegningarlaganna.

II.

Um kl. 12.50 sama dag og nefnt slys varð, ók Hallgrímur Sæmundsson, 19 ára skólapiltur, Lindargötu 23, á reiðhjóli austur Hverfisgötu. Skýrir hann svo frá, að þegar hann kom að mótum Hverfisgötu og Hringbrautar, hafi hann hjólað úti undir vinstri gangstétt og í hægara lagi. Þegar hann kom á gatnamótin, ók R 1300, sem ákærði Hjörtur Magnús stýrði, fram úr honum á talsvert meiri hraða en venjulegur er hér á götunum og þverbeygði fyrir framan hann til vinstri inn á Hringbrautina, án þess að draga úr hraðanum. Hallgrímur hemlaði strax reiðhjólið, en pallur bifreiðarinnar rakst í hægri öxl hans, svo að hann datt á götuna og meiddist lítillega á hægra fæti, og framhjólið fór undan reiðhjólinu. Ákærði ók að málningarverksmiðjunni Hörpu, þar sem hann vann, og þangað fór Hallgrímur á eftir honum og náði tali af honum. Kannaðist ákærði þá eigi við, að bifreiðin hefði snert Hallgrím, en hann lagfærði reiðhjólið. Ákærði gaf eigi hljóðmerki við gatnamótin, og Hallgrímur kveðst eigi hafa séð hann gefa neina bendingu um, hvert hann myndi beygja. Ákærði kveðst hafa ekið nefnda leið og séð Hallgrím á hjólinu. Hann kveðst ekki hafa ekið hraðar en lög leyfa, hafa gefið merki um, að hann ætlaði að

beygja til vinstri með því að rétta vinstri höndina út um glugga bifreiðarinnar og ekki hafa beygt inn á Hringbrautina, fyrr en hann taldi bifreiðina vera komna fram fyrir hjólreiðarmanninn. Hann kveðst ekki hafa orðið var við, að hjólreiðarmaðurinn yrði fyrir bifreiðinni, fyrr en hann sagði honum það á eftir við málningarverksmiðjuna, og lagaði ákærði þá reiðhjólið. Ákærði kveðst hafa stigið af benzíngjöfinni, nokkru áður en hann kom að gatnamótunum, en ekki hafa hemlað, fyrr en hann hafði lokið að beygja.

Vitnið Sigurjón Guðmundsson verkamaður, Laugavegi 103 A, var í þetta sinn á gangi austur Hverfisgötu skammt frá árekstrarstaðnum og sá til ferða R 1300 og hjólreiðarmannsins og herbifreiðar, sem ók á eftir R 1300. Skýrir vitnið svo frá, að Hallgrímur hafi hjólað mjög hægt úti við vinstri gangstétt, en R 1300 hafi verið á a. m. k. 30 km hraða, miðað við klukkustund. Við gatnamótin hafi R 1300 þverbeygt fyrir manninn til vinstri inn á Hringbraut, án þess að draga úr hraðanum, og hafi henni síðan verið ekið áfram. Þegar bifreiðin beygði, rakst maðurinn í vörupall hennar aftanverðan og féll á götuna. Er hann stóð upp, nuddaði hann hægri fót sinn, og við árekstur þenna fór framhjólið úr reiðhjólinu. Vitnið sá ákærða gefa bifreiðarstjóra herbifreiðarinnar merki með hendinni um, að hann ætlaði að beygja inn á Hringbraut, en þegar ákærði gaf merki, hafi hann ekki verið kominn frammeð hjólreiðarmanninum, svo að hann hafi eigi getað séð merkið. Þenna framburð hefur vitnið staðfest með eiði. Vitnið Gunnar Bjarnason bifreiðaviðgerðarmaður, Hringbraut 67, var á gangi norður Hringbraut nálægt árekstrarstaðnum, þegar þetta gerðist. Það sá bifreiðina aka af Hverfisgötu inn á Hringbraut, og virtist hún vera á drjúgri ferð, ca. 25—30 km hraða, miðað við klukkustund, og ekki draga úr hraðanum á beygjunni. Vitnið sá hjólreiðarmanninn ekki fyrr en eftir áreksturinn. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir sannað, að ákærði hafi í þetta skipti ekið of hratt og ógætilega, og hefur hann með því gerzt brotlegur við 26. og 27. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 2. sbr. 14. gr. umferðarlaganna.

Loks lenti ákærði Hjörtur Magnús á R 1300 þenna sama dag í smávægilegum árekstri við tvær bifreiðar á gatnamótum Lindargötu og Vatnsstígs, en ekki bar þessa árekstra þannig að, að ákærða sé sök á gefandi.

III.

Refsing ákærða Hjartar Magnúsar fyrir framangreind brot þykir með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Refsing ákærða Einars fyrir framangreind brot þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Með brotum sínum hafa ákærðu sýnt svo stórkostlegt gáleysi

við bifreiðaakstur, að rétt þykir að svipta þá ökuleyfi ævilangt samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna, ákærða Hjört Magnús frá 2. júlí s. l. að telja.

Ákærði Hjörtur Magnús greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 400.00, og ákærði Einar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Theódórs Líndals, kr. 400.00, en allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Hjörtur Magnús Guðmundsson og Einar Sigurjónsson, sæti hvor 6 mánaða fangelsi og eru sviptir bifreiðastjóraréttindum ævilangt, Hjörtur Magnús frá 2. júlí s. l. að telja.

Ákærði Hjörtur Magnús greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 400.00, og ákærði Einar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Theódórs Líndals, kr. 400.00, en allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. apríl 1946.

Nr. 40/1944. **Guðmundur Ólafsson** (Hrl. Einar Arnórsson)
gegn
Guðmundi Sigmundssyni
(Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómarar prof. Ísleifur Árnason og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Húsaleigumál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 14. apríl 1944. Krefst hann þess, að honum verði heimilað að taka til sinna nota húsnæði það, stofu og svefnherbergi ásamt herbergi með baði og hreinlætistækjum, sem stefndi hefur á leigu á stofuhæð húss áfrýjanda, Garðastræti 13 A, gegn því, að stefndi fái í staðinn húsnæði það, eitt herbergi með aðgangi að baði og salerni, sem áfrýjandi hefur

nú til nota á 2. hæð sama húss. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Húsnæði stefnda er íbúð, sérstaklega gerð handa einhleypum manni og einkar vel fyrir komið til slíkra nota. Herbergi áfrýjanda er hins vegar í sambandi við íbúð fjölskyldu á sömu hæð með sameiginlegum innri gangi, baði og salerni. Auk þess er húsrými hans mun minna en íbúð stefnda.

Verður því að telja, að stefnda mundi ekki koma herbergi áfrýjanda að sömu eða svipuðum notum og húsnæði það, er hann nú hefur. Ber þegar af þessari ástæðu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, 600 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðmundur Ólafsson, greiði stefnda, Guðmundi Sigmundssyni, kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. janúar 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Guðmundur Ólafsson, Garðastræti 13 A hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 18. nóv. f. á., gegn Guðmundi Sigmundssyni loftskeytamanni, sama stað. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að síðargreindum úrskurði húsaleigunefndar Reykjavíkur, upp kveðnum 23. júní f. á., verði breytt þannig, *aðallega* að síðarnefnd húsaleiguuppsögn verði metin gild skilyrðislaust og stefnda gert að rýma umrætt húsnæði, en *til vara*, að viðurkenndur verði réttur stefnanda til að skipta á íbúð við stefnda. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar sér til handa.

Málsatvik eru þau, að með samningi, dagsettum 16. sept. 1939, tók stefndi í máli þessu á leigu tvö íbúðarherbergi ásamt W.C., sturtu, skápum og geymslu á 1. hæð í húsi stefnanda, nr. 13 A við

Garðastræti hér í bæ. Var leigutíminn ákveðinn frá 1. nóv. 1939 til jafnlengdar næsta ár „með forgangsrétti til áframhaldandi leigu umræddrar íbúðar, jafnt gagnvart húseiganda sjálfum og öðrum, að ofanskráðum leigutíma útrunnum," eins og það er orðað í samningnum. Hefur stefndi síðan búið áfram í húsnæðinu, án þess að frekar hafi verið um samið, en með bréfi, dagsettu 11. maí f. á., sagði stefnandi stefnda upp leigunni frá 1. okt. s. l. telja á þeim grundvelli, að honum væri brýn þörf á húsnæðinu til eigin afnota. Stefndi taldi sig hins vegar hafa rétt til húsnæðisins áfram og neitaði að rýma það, og var þetta ágreiningsmál aðiljanna þá lagt fyrir húsaleigunefnd Reykjavíkur til úrskurðar. Við meðferð málsins þar gerði stefnandi jafnframt þá varakröfu, að honum yrði heimilað að skipta á íbúð sinni, (einu herbergi á 2. hæð sama húss með aðgangi að W.C. og baði þar) og íbúð stefnda, samkvæmt ákvæðum 2. málsgr. 1. gr. laga um húsaleigu nr. 39 1943. Með úrskurði sínum, upp kveðnum 23. júní s. l., hratt húsaleigunefnd bæði aðal- og varakröfu stefnanda og taldi stefnda óskylt að rýma umrætt húsnæði. Stefnandi hefur eigi viljað una þessum úrskurði nefndarinnar, og hefur hann því höfðað mál þetta gegn stefnda og gert í því framangreindar dómkröfur.

Stefnandi, sem er einhleypur og rekur nú skóverzlun í kjallara nefnds húss, hefur, eins og fyrr segir, til afnota 1 herbergi á 2. hæð hússins. Hann telur þetta húsnæði vera ófullnægjandi fyrir sig, enda hafi og óbeint þrengzt um sig, er hann breytti skóvinnustofu sinni í húsinu í skóverzlun. Ekki þykja þó leidd að því nægrök gegn mótmælum stefnda, að stefnandi hafi, eins og ástatt er, „brýna þörf" fyrir aukið húsnæði í skilningi 1. málsgr. 1. gr. húsaleigulaganna, og getur því *aðal*-krafa stefnanda um skilyrðislausa viðurkenningu á gildi uppsagnarinnar þegar af þeirri ástæðu ekki orðið tekin til greina.

Samkvæmt 2. málsgr. 1. gr. húsaleigulaganna eru heimil skipti á íbúðum leigusala og leigutaka, ef íbúð leigusala kemur leigutaka að sömu eða svipuðum notum að dómi húsaleigunefndar, enda hafi leigusali tilkynnt leigutaka vilja sinn um íbúðaskiptin með sama fyrirvara og um uppsögn væri að ræða. Húsaleigunefnd taldi, að athuguðu máli, húsnæði leigusala (stefnanda) eigi koma leigutaka (stefnda) að sömu eða svipuðum notum og núverandi húsnæði hans, en stefnandi staðhæfir hins vegar, að svo sé, enda sé stefndi einhleypur maður og noti íbúð sína svo að segja eingöngu sem næturdvalarstað.

Stefndi mótmælir *vara*-kröfu stefnanda í fyrsta lagi á þeim grundvelli, að húsaleigunefnd hafi ein úrskurðarvald um íbúðaskipti samkvæmt húsaleigulögunum, og hún hafi þegar fellt sinn úrskurð. Á þetta þykir ekki verða fallizt, þar sem telja verður, að dómstólarnir hafi og úrskurðarvald um þetta (sbr. 10. gr. húsa-

leigulaganna), og verður þessi málsástæða því ekki tekin til greina.

Í öðru lagi mótmælir stefndi *vara*-kröfunni af þeim sökum, að í fyrrgreindri uppsögn á leigumálanum felist engin tilkynning um vilja stefnanda til íbúðarskipta, og þegar af þeirri ástæðu geti þau ekki komið til greina. — Með því að líta svo á, að hið minna felist í hinu meira, þykir þó eftir atvikum verða að telja, að í umræddri húsaleiguuppsögn felist nægileg tilkynning að þessu leyti, og verður *vara*-kröfunni því ekki hrundið á þessum grundvelli. Hins vegar þykir bera að fallast á, að fyrrnefnd íbúð leigusala (stefnanda) komi leigutaka (stefnda) ekki að sömu eða svipuðum notum sem núverandi íbúð hans, bæði með tilliti til stærðar íbúðarinnar og meðfylgjandi þæginda svo og þess, hvernig störfum stefnda sem loftskeytamanns er háttað, en hann vinnur aðra vikuna á daginn og hina á nóttunni, þannig að hann hefur mikla þörf fyrir næðissama íbúð, en að því leyti verður íbúð stefnanda að teljast mun lakari en íbúð stefnda.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Guðmundur Sigmundsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðmundar Ólafssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 12. apríl 1946.

Nr. 156/1944. **Júlíus Davíðsson** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Ólafi Ásgeirssyni
(Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Húsaleigumál. Útburðargerð.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður Eggerz, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 21. desember

1944 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. desember s. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð þann, sem krafizt er. Einnig krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Ekki verður talið, að stefndi hafi með yfirlýsingu sinni til áfrýjanda 4. janúar 1944 svipt sig rétti til að bera húsaleigumál sitt undir úrskurð dómstóla.

Áfrýjandi sagði stefnda upp leigumála að húsnæði hans á efri hæð hússins nr. 1 við Sniðgötu þann 22. desember 1943, vegna þess að hann hafði í hyggju að selja neðri hæð hússins, þar sem hann bjó sjálfur. Seldi hann síðan íbúð sína 25. janúar 1944 og fluttist úr henni 14. maí s. á. Þar sem áfrýjandi lét íbúð sína af hendi með þessum hætti og ekki er sannað, að því hafi valdið óviðráðanleg atvik, þykir hann ekki eiga rétt til húsnæðis þess, sem stefndi býr nú í. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 500 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Það athugast, að málið hefur verið flutt skriflega fyrir fógetadómi, án þess að ákvörðun hafi verið tekin um það samkvæmt 109. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936, og reglna 110. gr. sömu laga hefur ekki verið gætt að öllu leyti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Júlíus Davíðsson, greiði stefnda, Ólafi Ásgeirssyni, 500 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Akureyrar 23. júní 1944.

Gerðarbeiðandi, Júlíus Davíðsson, hefur með bréfi, dags. 16. maí 1944, krafizt þess, að gerðarþoli, Ólafur Ásgeirsson, verði bor-

inn út úr húsnæði því, sem hann nú hefur á efri hæð Sniðgötu 1 á Akureyri. Segir gerðarbeiðandi, að hann hafi ekkert húspláss nema ½ þvottahúsið á Sniðgötu 1 og eitt lítið herbergi.

Mál þetta hefur legið fyrir húsaleigunefnd Akureyrar, og felldi hún úrskurð í málinu 21. febr. síðastliðinn.

Lýsir húsaleigunefnd málavöxtunum svo, að Ólafur Ásgeirsson, gerðarþoli, búi á efri hæð hússins, en eigandi þess, Júlíus Davíðsson, á neðri hæðinni. Júlíus seldi neðri hæðina og skuldbatt sig til að víkja úr íbúðinni 14. maí síðastl. Ólafi Ásgeirssyni var sagt upp íbúðinni með nægilegum fyrirvara. Enn fremur hefur gerðarbeiðandi sagt, að hann hafi eigi getað fengið aðra íbúð. Júlíus hefur sagt, að hann hafi þurft að minnka skuldir sínar og rýmka um sig. Meiri hluti húsaleigunefndar úrskurðaði, að gerðarþoli, Ólafur Ásgeirsson, skyldi víkja úr íbúðinni, þar sem honum hefði verið sagt upp með nægilegum fyrirvara og gerðarbeiðanda sé brýn nauðsyn á að fá íbúðina, enda banni eigi lögin, að hann taki efri hæðina. Minni hlutinn telur aftur uppsögnina ógilda, þar sem gerðarþoli hafi eigi borið uppsögn leigusamningsins undir húsaleignefnd, og enn telur hann, að eigi liggi fyrir þau gögn, er sýni, að brýn nauðsyn hafi verið að uppsögninni.

Gerðarbeiðandi hefur fært máli sínu til stuðnings, að gerðarþoli hafi sagt, að hann myndi víkja eftir úrskurði húsaleigunefndar, en þar til segir gerðarþoli, að hann hafi átt við, að hann mundi víkja fyrir löglegum úrskurði húsaleigunefndar. Þar sem húsaleigunefndin er klofin í málinu, virðist eðlilegt, að gerðarþoli vilji fá dómsúrskurð í málinu, og virðist því gerðarbeiðandi ekki getað lagt mikla áherzlu á þessa yfirlýsingu.

Bein ákvæði um atriði það, sem hér er lagt til úrskurðar, er ekki í húsaleigulögunum frá 7. apríl 1943. Hins vegar segir í 3. málsgr. 1. gr. laganna: Að nú missir leigusali af sér óviðráðanlegum orsökum húsnæði það, sem hann hefur notað til eigin atvinnurekstrar, og getur hann þá, ef honum verður að dómi húsaleigunefndar talin þess brýn þörf til afnota fyrir þenna atvinnurekstur, sagt upp leigusamningi um húsnæði, er notað hefur verið í öðru skyni en til íbúðar í húsi, er hann hefur eignazt fyrir 9. september 1941.

Það virðist eðlilegt að ætla, að lík ákvæði þessu gildi fyrir húsnæði með sérstöku tilliti til þess, hve ákvæðin um íbúð eru ströng. Og þar sem leigusali missti eigi íbúðina af sér óviðráðanlegum orsökum og eigi er sannað, að honum hafi verið brýn nauðsyn að selja íbúðina, en undir brýna nauðsyn getur það eigi talizt í þessu efni, þó hann við söluna gæti minnkað skuldir sínar og bætt hag sinn, enda leggja húsaleigulögin höft á gróða manna, því verður útburðarkrafa gerðarbeiðanda eigi tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Fógetinn tekur fram, að hann kom úr Reykjavíkurferð miðvikudaginn 21. þ. m., og hefur því úrskurðurinn eigi orðið kveðinn upp fyrr.

Því úrskurðast:

Krafa gerðarbeiðanda, Júlíusar Davíðssonar, um útburð á Ólafi Ásgeirssyni úr efri hæð hússins Sniðgötu 1 verður eigi tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 12. apríl 1946.

Nr. 5/1945. **Magnús Andrésson**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
Kristjáni Kristjánssyni
(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómarar próf. Gunnar Thoroddsen, próf. Ísleifur Árnason og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar, hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Um öflun frekari skýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en mál þetta er dæmt í hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á því að afla skýrslna um atriði þau, sem nú greinir.

Æskilegt er, að aðiljar komi fyrir dóm og gefi þar rækilegar skýrslur um viðskipti sín. Skal áfrýjanda gefinn kostur á að svara því, hvers vegna hann hafi ekki gert skriflegan samning um ráðningarkjörin við stefnda, svo sem boðið er í 1. gr. laga nr. 41/1930. Inna skal áfrýjanda eftir því, hvort stefndi hafi, á tímabilinu frá því hann fór af skipinu og fram yfir næstu áramót þar á eftir, krafizt launa úr hendi áfrýjanda eða þess að taka aftur við skipstjórn á skipinu. Þá er og rétt að fá svör áfrýjanda við því, hvenær

hann ákvað, að Einar Einarsson skyldi taka við skipstjórninni og hvenær hann ræddi það mál fyrst við Einar.

Stefndi, sem kveður áfrýjanda hafa veitt sér „frí", skal fá færi að svara því, hvort hann hafi krafið áfrýjanda mánaðarlega um laun og, ef svo var, þá hversu oft. Rétt er, að stefndi sé spurður um það, hvort hann hafi andmælt „fríi". Hann skal krafinn sagna um, hver hafi stílað kvittun þá, sem hann gaf fyrir viðtöku launa sinna hinn 5. ágúst 1942, og leitað skal skýrslna um, til hvaða tíma launin voru reiknuð.

Vitneskja skal fengin, ef kostur er, hvernig kvittanir þær voru orðaðar, sem stefndi hafði áður gefið við móttöku launa sinna úr hendi áfrýjanda.

Rétt er að afla, ef unnt er, eftirrits eftir bókum áfrýjanda af viðskiptareikningi stefnda.

Rækilegar skýrslur skulu fengnar um stöðu og kjör stefnda á l/v Ólafi Bjarnasyni og hverjar ástæður hafi til þess legið, að stefndi fór af því skipi. Skal um þetta afla vættis þeirra, sem um geta borið. Í ljós skal leitt, hvort v/s Capitana kom við í Reykjavík á leið frá Englandi til Akureyrar, þar sem stefndi lét af skipstjórn á því.

Einar Einarsson skal ýtarlega um það spurður, hvenær áfrýjandi hafi lofað honum skipstjórastöðu á v/s Capitana, hvort það hafi verið áður en stefndi lét af störfum á skipinu.

Aðiljar skulu fyrir dómi samspurðir um allt það, er þeim ber á milli.

Loks ber að veita aðiljum kost á því að afla annarra þeirra gagna, sem greindar skýrslur kunna að gefa efni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómarinn skal veita aðiljum kost á öflun ofangreindra skýrslna.

Föstudaginn 12. apríl 1946.

Nr. 28/1946. **Valdstjórnin** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Jóhanni Þorgrími Friðrikssyni
(Hrl. Gunnar J. Möller).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 350 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði, Jóhann Þorgrímur Friðriksson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Gunnars J. Möllers, 350 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Akureyrar 2. janúar 1946.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað með stefnu, útgefinni 31. október 1945, gegn bifreiðarstjóra Jóhanni Þorgrimi Friðrikssyni, til heimilis Aðalstræti nr. 12 hér í bæ, fyrir brot á bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 og áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Brekku í Kaupangssveit í Eyjafirði 13. júní 1895. Hann hefur aldrei sætt neinni refsingu eða kæru, svo kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 28. júlí 1945 var lögreglunni gert aðvart um, að bifreiðin A 285 stæði á miðju Þórunnarstræti ofanvert við bæinn og væri bifreiðarstjórinn, sem var kærður í máli þessu, ölvaður. Fór lögreglan þegar á vettvang, og hafði þá Valdimar Halldórsson, sem tilkynnt hafði lögreglunni um ölvun mannsins, tekið lyklana úr bifreið kærða, og afhenti hann lögreglunni þá. Fór lögreglan með kærða beint á lögreglustöðina, og tók yfirlæknir Guðm. Karl Pétursson þar blóðsýnishorn úr kærða.

Kærði hefur lýst aðdraganda þessa atburðar þannig, að hann hafi þenna dag verið að vinna við vegagerð úti í Glerárþorpi með bíl sinn. Eftir vinnutíma þenna dag hafi nokkrir af verkamönnunum, þar á meðal kærði sjálfur, keypt saman eina flösku af „Gin", og hafi þeir drukkið úr henni þar á staðnum. Ók kærði síðan til bæjarins með nokkuð af verkamönnunum og nam staðar á Þórunnarstræti, ofan við bæinn, til að hleypa þar manni úr bílnum. Meðan hann stóð þarna á götunni, kom þar að bíll, og stýrði honum áðurnefndur Valdemar Halldórsson. Varð hann þess þá var, að kærði í máli þessu var undir áhrifum áfengis, og fór hann þá í næsta hús til þess að tilkynna lögreglunni það, og kom hún innan lítillar stundar á staðinn.

Eins og að ofan segir, hefur kærði viðurkennt við rannsókn málsins, að hann hafi neytt nokkurs áfengis, skömmu áður en hann er tekinn af lögreglunni, og enn fremur hefur hann viðurkennt að hafa fundið dálitla breytingu á sér af áfenginu.

Nokkur vitni hafa verið leidd í málinu. Aðalsteinn Bergdal lögregluþjónn hefur borið, að augljóst hafi verið, að kærði hafi verið ölvaður, og dró það af látæði hans, sem var öðru vísi en hann á að sér að vera. Björn Guðmundsson lögregluþjónn, sem kom að kærða við bíl hans umræddan dag ásamt lögregluþjónunum Aðalsteini Bergdal og Magnúsi Jónassyni, segist strax hafa séð, að Þorgrímur væri undir áhrifum áfengis, vegna þess að hann hafi verið í æstu skapi og óstilltari en hann á að sér að vera. Magnús Jónasson lögregluþjónn segist hafa séð kærða og heyrt hann tala og hafi sér virzt hann vera undir áhrifum áfengis og dregur þá ályktun einkum af hinni æstu framkomu hans.

Enn fremur hafa vitnin Ingólfur Magnússon og Guðmundur Matthíasson bæði borið, að þau hafi séð kærða drekka með verkamönnunum áfengi, rétt áður en lagt var af stað til bæjarins. Enn fremur hafa vitnin Árni Friðriksson og Valdimar Halldórsson borið það, að þeir hafi séð ölvun á kærða í þetta skipti. Í blóðsýnishorni því, sem tekið var úr kærða, hefur reynzt vera 1,6‰ alkohol, og hefur kærði ekkert haft við þá niðurstöðu að athuga.

Samkvæmt framanrituðu verður að telja, að kærði í máli þessu, Jóhann Þorgrímur Friðriksson, hafi gerzt sekur um brot á bif-

reiðalögum nr. 23 16. júní 1941, 23. gr. sbr. 38. og 39. gr., umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941, 4. gr., sbr. 14. gr., og áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935, 21. gr., sbr. 39. gr. Þykir refsing sú, sem hann hefur unnið til, hæfilega ákveðin 10 daga varðhald. Þá ber að svipta hann leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa. Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Enginn óþarfa dráttur hefur orðið á máli þessu.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jóhann Þorgrímur Friðriksson, sæti 10 daga varðhaldi. Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað, sem leitt hefur og leiða kann af máli þessu, þar á meðal kr. 200.00 til skipaðs talsmanns síns, Jóns Sveinssonar hdl.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 14. apríl 1946.

Nr. 71/1944. **Bergsveinn Guðmundsson**
(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Sigurði Ólafssyni
og
Helga Péturssyni (Hrl. Ragnar Ólafsson).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson og próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Verksamningur. Vanefndir. Riftun.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 31. maí 1944, krefst þess, aðallega að hann verði sýknaður, en til vara, að hann verði einungis dæmdur til að greiða kr. 715.00 með 5% vöxtum frá 5. júní 1943. Svo krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur

og þeim dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Tveir matsmenn voru dómkvaddir 22. marz 1943 samkvæmt beiðni áfrýjanda til þess að virða, hvort verki stefndu væri ábóta vant, og ef svo væri, þá að hve miklu leyti, og meta til peningaverðs, hve mikið kosta mundi að bæta úr göllunum.

Matsmenn þessir skiluðu skoðunargerð og mats hinn 9. maí 1943 og hafa síðar komið fyrir dóm og gefið rækilegri skýrslu um verk stefndu. Telja þeir verki stefndu mjög ábóta vant í ýmsum greinum. Áætluðu matsmenn, að lagfæring á þeim hluta verksins, sem stefndu unnu, hefði kostað kr. 1400.00, miðað við nothæft verk, en ef miðað er við verk fulllærðra iðnaðarmanna, hefði verk stefndu verið mjög ófullkomið og kostnaður við lagfæringu miklu meiri, en hér sé þess að geta, að steypan undir múrhúðun á loftum hafi verið mjög óslétt vegna óhagkvæms „undirsláttar", sem áfrýjandi samkvæmt málflutningnum verður að teljast bera ábyrgð á.

Stefndu áttu inni hjá áfrýjanda, þegar hann neitaði að skipta lengur við þá, kr. 2115.00 fyrir unnin verk, og er þessi niðurstaða fengin með því að leggja tilhögun verksamningsins um greiðslur til grundvallar. Þar sem áfrýjandi hafði ekki áður, svo sannað sé, kvartað undan verkum stefndu og þeir buðust til að bæta úr missmíði á verkinu, sbr. 49. gr. laga nr. 39/1922, þá þykir bera að dæma áfrýjanda til að greiða þeim nefnda fjárhæð, kr. 2115.00, með vöxtum eins og krafizt er. Hins vegar eru með skýrslum matsmanna leiddar sönnur að svo miklum göllum á verki stefndu, að áfrýjanda var heimilt að hafna áframhaldandi viðtöku á verki þeirra og synja þeim greiðslu samkvæmt verksamningi að því leyti, sbr. 46. gr. laga nr. 39/1922. Ber því að sýkna áfrýjanda af greiðslu þess hluta af kröfu þeirra, kr. 3885.00.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað, sem er hæfilega ákveðinn í héraði og fyrir hæstarétti kr. 1200.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Bergsveinn Guðmundsson, greiði stefndu, Sigurði Ólafssyni og Helga Péturssyni, kr. 2115.00 með 5% ársvöxtum frá 5. júní 1943 til greiðsludags og samtals kr. 1200.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. maí 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., hefur Áki hdl. Jakobsson hér í bæ f. h. Sigurðar Ólafssonar og Helga Péturssonar höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitun með stefnu, útgefinni 28 febr. s. l., gegn Bergsveini byggingameistara Guðmundssyni, Ránargötu 4 hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 5500.00, ásamt 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 5. júní 1943, til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara*, að sér verði gert að greiða kr. 315.00 eða aðra fjárhæð að mati dómara og málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Með samningi, dagsettum 20. nóvember 1942, tókust stefnendur á hendur múrsmíðavinnu í húsi, sem stefndi var þá að byggja að Lambastöðum á Seltjarnarnesi. Segir svo í samningnum, að verkið sé fólgið í því að járnbinda og steypa loft yfir þakhæð hússins, enn fremur að múrhúða húsið allt að utan og innan, þ. e. að gróf- og fínhúða húsið í hólf og gólf, leggja í gólf og slétta undir dúka. Að utan skyldi slétthúða húsið. Fyrir verk þetta skyldi stefnendum greiddar kr. 14000.00 þannig:

1.	Þegar búið væri að steypa loftið	kr.	3000.00
2.	Þegar búið væri að grófhúða stofuhæð	—	3500.00
3.	Þegar búið væri að slétthúða húsið að utan ..	—	3500.00
4.	Þegar lokið væri við grófhúðun á kjallara	—	2000.00
5.	Þegar lokið væri við fínhúðun alls hússins að innan	—	2000.00

Stefnendur luku verkum þeim, er greinir í 1., 2. og 4. tölulið, og tóku við greiðslum stefnda fyrir þau. Því næst luku þeir verkinu í 5. tölulið, en greiðslu fyrir þann lið fengu þeir enga hjá stefnda. Hinn 17. marz f. á. ritaði umboðsmaður stefnenda stefnda

bréf og krafði hann skila. Virðist bréf þetta hafa orðið til þess, að stefndi lét dómkveðja tvo matsmenn til þess að skoða verk stefnenda og meta galla á því til peninga. Matsgerð þeirra er dagsett 9 maí f. á., og samkvæmt henni telja þeir, að kosta muni kr. 4785.00 að lagfæra og ljúka við verk stefnenda samkvæmt verksamningnum. Hinn 27. maí f. á. ritar umboðsmaður stefnenda stefnda enn bréf og tilkynnir honum, að stefnendur vilji standa við verksamninginn, séu reiðubúnir til að ljúka verkinu og lagfæra galla á því, sem þeim verði sök á gefin, en áður (23. marz) hafði stefnda verið tilkynnt, að stefnendur væru tilbúnir til að ljúka verkinu, þar eð frost væri í rénun, og hann jafnframt krafinn svars um það, hvort hann ætlaði sjálfur að standa við samninginn. Stefnendur fengu engin svör við bréfum þessum, og telja, þeir, að stefndi hafi með þessu atferli rofið verksamninginn, og beri honum því að greiða eftirstöðvar verkalaunanna að fullu, þar eð hann hafi eigi þekkzt boð þeirra um að ljúka verkinu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að vinnubrögð stefnenda og frágangur þeirra á verkinu hafi verið svo léleg, að hann hafi eftir árangurslausar aðfinnslur við þá orðið að segja þeim að hætta. Stefnendur hafa eindregið mótmælt því, að stefndi hafi í nokkru fundið að verkum þeirra, þótt hann hafi verið viðstaddur nærri daglega og fylgzt með þeim, svo og því, að þeim hafi verið sagt að hætta vinnunni. Hefur stefndi ekki fært sönnur á þessar staðhæfingar sínar, og verður sýknukrafa hans því eigi til greina tekin.

Lækkunarkröfu sína byggir stefndi á fyrrgreindu mati.

Hér að framan var því lýst, að stefndi veitti engin svör tilboðum stefnenda og áskorunum, er þeir gerðu honum, bæði áður en kunnugt varð um niðurstöður matsmanna og eftir það. þykir eigi verða hjá því komizt að telja, að hann hafi með þessari háttsemi sinni svipt sig þeim rétti, sem hann annars kynni að hafa átt til að bera það fyrir sig, að verkum þeirra væri ábóta vant, enda er og, eins og áður segir, ósannað, að stefndi hafi haft uppi kvartanir um þetta innan hæfilegs frests, en hann, sem er byggingafróður, fylgdist með verkum stefnenda.

Verður varakrafa stefnda því eigi heldur tekin til greina.

Málalok verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til greiðslu stefnukröfunnar, kr. 5500.00, með vöxtum, eins og krafizt var. Rétt þykir og, að stefndi greiði stefnendum kr. 300.00 upp í málskostnað.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, kvað upp þenna dóm, en dómsuppsaga hefur dregizt nokkuð umfram venju vegna mjög mikilla embættisanna og þá sérstaklega vegna fjölda mála um breytingu á kjörskrá hér í bænum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Bergsveinn Guðmundsson, greiði stefnendum, Sigurði Ólafssyni og Helga Péturssyni, kr. 5500.00 með 5% ársvöxtum frá 5. júní 1943 til greiðsludags og kr. 300.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. maí 1946.

Kærumálið nr. 6/1946. **Eigendur jarðarinnar Þingness**

gegn

Landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs, eiganda jarðarinnar Hests,

og

Kirkjumálaráðherra sem fyrirsvarsmanni Reykholts- og Hvanneyrarkirkna.

Setudómari próf. Gunnar Thoroddsen í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Um valdsvið matsmanna samkvæmt 84. gr. laga nr. 112/1941.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Theódór B. Líndal hæstaréttarlögmaður sem setudómari í málinu ásamt samdómendunum Þorsteini Kristleifssyni og Þorvaldi T. Jónssyni.

Með kæru 30. marz s. l., er hingað barst 5. apríl s. l., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært dóm landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, upp kveðinn 26. marz s. l., þar sem vísað var frá dómi máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum. Kærandi hefur ekki sent hæstarétti neina greinargerð né kröfur, en ætla má, að kært sé í því skyni, að héraðsdómurinn verði úr gildi felldur.

Varnaraðiljar hafa ekki borið fram neinar kröfur né greinargerð í málinu.

Skýra verður 84. gr. laga nr. 112/1941 á þá leið, að skera skuli úr með matsgerð ágreiningi um efni, er í 1. mgr. getur og risið hefur í sambandi við ákvæði nefndra laga um

fiskirækt, veiði og veiðiaðferðir. Hins vegar þykja ákvæði greinarinnar ekki taka til þess sakarefnis, sem hér liggur fyrir, þar sem aðilja greinir á um staðartakmörk veiðiítaks. Ber úrlausn þess undir landamerkjadóm, sbr. 8. gr. laga nr. 41/1919. Verður því að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 26. marz 1946.

Mál þetta er höfðað samkvæmt beiðni Einars B. Guðmundssonar hrl. í Reykjavík f. h. eiganda jarðarinnar Þingness í Andakílshreppi í bréfi, dags. 7. júní 1944, og var þingfest í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu af Theódór B. Líndal hrl. sem setudómara 2. ágúst 1945.

Kærandi lýsti kröfum sínum á þessa leið:

Þingnessbændur krefjast þess, að þeir eigi veiði að hálfu á móti Hesti, þar sem lönd Þingness og Hests liggja saman að Grímsá, að undanteknum Laxfoss og Myrkhyl. Sérstaklega krefjast Þingnessbændur þess, að Þingnes eigi jafna veiði í Lambaklettsfljóti á móti Hesti.

Viðvíkjandi Laxfossi eru kröfur þeirra þessar:

Að Laxfoss verði aðeins talinn ná frá suðurbakka árinnar að Miðbergi og að hann takmarkist að ofan við efri brún aðalstallsins, en að neðan við neðri brún kersins fyrir neðan fallið, sem myndast af klöpp þeirri, er þar brýtur á.

Enn fremur skal þess getið til skýringar, að þeim er ekki kunnugt um annað en að Þingnes eigi óátalið allan rétt á Myrkhyl, og sama er um svonefnda Smáfossa fyrir ofan hann. Áskilinn er réttur til frekari krafna, ef tilefni verður.

Þá krefst ég, (svo) að þeim verði til dæmdur allur kostnaður, sem af máli þessu leiðir, svo sem það væri eigi gjafsóknarmál, eftir mati dómsins, þar með talin hæfileg málssóknarlaun til mín.

Fyrir málsaðilja á hina hlið, þ. e. landbúnaðarráðherra f. h. jarðarinnar Hests og kirkjumálaráðherra sem fyrirsvarsmann Reykholtskirkju og Hvanneyrarkirkju, setti Sveinbjörn Jónsson hrl. fram svofelldar kröfur á dómþingi, sem haldið var 30. ágúst 1945:

Af hálfu Hests aðallega: Að jörðinni Hesti verði dæmd öll veiði í Grímsá sunnan miðlínu árinnar, að Laxfossi undanskildum, eins

og hann kann að verða ákveðinn af réttinum, en til vara, að eigendum Þingness og Hests verði talin jafnheimil veiði í ánni, þar sem hún rennur milli landa téðra jarða, að undanskildum Laxfossi, eins og segir í aðalkröfu. Enn fremur krefst ég f. h. umbjóðanda míns málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati réttarins.

Af hálfu kirkjumálaráðuneytisins: Að takmörk fossins, þ. e. Laxfoss í Grímsá, verði ákveðin frá efstu brún fossins, eins langt niður eftir ánni og nokkurra straumsáhrifa gætir frá fossinum, og að hann verði ákveðinn ná þvert yfir ána milli landa. Enn fremur krefst ég, að málshefjendur verði dæmdir til að greiða umbjóðanda mínum hæfilegan málskostnað eftir mati réttarins.

Sátta var leitað árangurslaust að því sinni, en málinu frestað með samkomulagi til frekari sáttatilraunar og athugunar.

Á dómþingi 26. marz 1946 tókst með aðiljum svofelld sátt:

Eigendum Hests og Þingness er jafnheimil veiði í Grímsá, þar sem hún rennur landa jarðanna á milli, að Laxfossi undanskildum, eins og hann kann að verða ákveðinn með endanlegum dómi eða mati.

Aðiljar viðurkenna, að eignarhlutföll veiðiréttar í Laxfossi séu þessi:

Reykholtskirkja á 5/8 hluta,
Hvanneyrarkirkja á 1/8 hluta,
Jörðin Hestur á 2/8 hluta,

Ágreiningur er því aðeins um staðartakmörk Laxfoss, að því er veiði snertir að ofan og neðan, svo og Þingnessmegin.

Sátt var reynd um þenna ágreining árangurslaust.

Voru þá, eftir að munnlegur málflutningur hafði verið ákveðinn, undirritaðir meðdómsmenn kvaddir til setu í dómnum.

Dómurinn ákvað, að formhlið málsins yrði tekin til sérstakrar athugunar, þótt engin krafa aðilja um frávísun hefði komið fram.

Samkvæmt kröfum þeim, sem nú eru gerðar í málinu, en þær eru, eins og að framan greinir, aðeins um, að staðartakmörk Laxfoss sem veiðisvæðis verði ákveðin, er hér aðeins deilt um staðartakmörk ítaks. Slíkur ágreiningur fellur að vísu almennt undir úrskurð landamerkjadóms, sbr. 8. gr. laga nr. 41/1919 um landamerki o. fl. En í lögum nr. 112 10/10 1941 um lax- og silungsveiði er afdráttarlaust boðið, sbr. 1. mgr. 84. gr., að ef menn greinir á um: „... takmörk fiskihverfis .. foss ... eða veiðistaðar ... eða önnur slík ákvæði laga þessara, og skal þá skera úr þeim ágreiningi með matsgerð.“ Ágreiningur sá, sem hér er um að ræða, virðist beinlínis falla undir téð ákvæði. Það verður og eigi heldur talið neitt einsdæmi né fara í bág við stjórnarskrána, þótt tiltekin ákvæði varðandi eignarrétt séu dregin undan valdi dómstóla og fengin sérstökum aðiljum eða sérdómstólum til meðferðar, einkum þegar um er að ræða efni, þar sem sér-

þekkingar eða þekkingar á staðháttum er brýn þörf. Framangreindu ákvæði laxveiðilaganna virðist því bera að beita hér, og leiðir af því, að vísa ber málinu frá dómi ex officio.

Kærendur, eigendur Þingness, hafa fengið gjafsókn í málinu. Laun skipaðs talsmanns þeirra, Einars B. Guðmundssonar hrl., ákveðast kr. 1000.00, er greiðist úr ríkissjóði.

Ferðakostnaður meðdómsmanna og dagpeningar nema kr. 480.00 og skiptast þannig, að E. B. Guðmundsson f. h. eigenda Þingness greiðir kr. 240.00, en ríkissjóður sem eigandi Hests kr. 60.00. Kirkjumálaráðherra f. h. Hvanneyrarkirkju kr. 30.00 og sami f. h. Reykholtskirkju kr. 150.00.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá dómi. E. B. Guðmundssyni hrl., skipuðum talsmanni eigenda Þingness, bera kr. 1000.00 í málssóknarlaun úr ríkissjóði.

Dagpeninga og ferðakostnað meðdómsmanna, kr. 480.00, greiði aðiljar þannig: E. B. Guðmundsson f. h. eigenda Þingness greiði kr. 240.00, ríkissjóður sem eigandi Hests greiði kr. 60.00, kirkjumálaráðherra f. h. Hvanneyrarkirkju greiði kr. 30.00 og sami f. h. Reykholtskirkju kr. 150.00. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. maí 1946.

Nr. 21/1946. **Hedvig D. Blöndal** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Páli Zóphóníassyni og gagnsök
(Hrl. Magnús Thorlacius).

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Húsaleigmál. Um rýming húsnæðis.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 12. febrúar þ. á. Hefur hún krafizt þess, að úrskurður húsaleigunefndar Reykjavíkur, upp kveðinn 15.

ágúst f. á., varðandi leiguhúsnæði hennar í húsinu nr. 7 við Sóleyjargötu, verði úr gildi felldur, enda verði uppsögn gagnáfrýjanda á leigumála hennar 14. febrúar, 19. og 29. júní f. á. metin ógild. Einnig krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 21. febrúar þ. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað í hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt forsendum hins áfrýjaða dóms þykir verða að staðfesta hann, en rétt þykir, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. janúar 1946.

Mál þetta sem dómtekið var 10. þ. m., hefur Hedvig D. Blöndal, Sóleyjargötu 7 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 21. ágúst s. l., gegn Páli Zóphóníassyni alþingismanni, Sóleyjargötu 7 hér í bænum. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, *að* úrskurður húsaleigunefndar Reykjavíkur, upp kveðinn 15. ágúst s. l., varðandi húsnæði það, er stefnandi nú býr í að Sóleyjargötu 7, verði úr gildi felldur, enda verði uppsögn stefnda á húsnæðisleigumála stefnanda, dags. 14. febrúar 1945, uppsögn konu stefnda, dags. 29. júní s. l., svo og tilmæli stefnda í sömu átt, dags. 19. júní s. l., metin ógild og *að* stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu.

Þá hefur Helga H. Eirikssyni skólastjóra, Sóleyjargötu 7 hér í bæ, verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en hann og stefndi Páll eru sameigendur hússins nr. 7 við Sóleyjargötu. Hafa engar kröfur verið gerðar á hendur stefnda Helga, og hann hefur ekki sótt þing né sækja látið.

Stefndi, sem hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda svo og málskostnaðar sér til handa, hefur höfðað gagnsök með gagnstefnu, útgefinni 17. f. m. Hefur gagnstefnandi gert þær dómkröfur í gagnsök, aðallega *að* viðurkennt verði með dómi, að leigumála gagnstefnda (aðalstefnanda) um húsnæði það, er hún býr í að Sóleyjargötu 7, sé slitið, að því er varðar hálft eldhús,

hálfa geymslu, hálft baðherbergi, nyrzta herbergið í vesturhlið hússins, herbergi milli þess og eldhúss og eystra herbergið í suðurenda hússins, og *að* henni verði gert að rýma húsnæði þetta þegar í stað. *Til vara* hefur gagnstefnandi krafizt þess, að fyrrgreindur úrskurður húsaleigunefndar Reykjavíkur, upp kveðinn 15. ágúst s. l., verði staðfestur. Þá hefur gagnstefnandi í báðum tilvikum krafizt málskostnaðar sér til handa í gagnsök.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Árið 1934 tók aðalstefnandi á leigu íbúð í kjallara hússins nr. 7 við Sóleyjargötu hér í bænum, en hús þetta, sem er tvær hæðir, ris og kjallari, var þá í óskiptri sameign Helga H. Eirikssonar og annars nafngreinds manns. Leigumálinn mun ekki hafa verið skriflegur, en með venjulegum kjörum og til óákveðins tíma. Býr aðalstefnandi enn í íbúð þessari, sem er 4 íbúðarherbergi, ytri forstofa, innri forstofa, eldhús, baðherbergi og geymsla. Heimilisfólk aðalstefnanda er hún sjálf, þrjú börn hennar upp komin og tvö ung fósturbörn. Þann 25. sept. 1940 keypti aðalstefndi hálfa húseign þessa og á hana nú í óskiptri sameign með áðurgreindum Helga. Aðalstefndi býr á efri hæð hússins, sem er 5 íbúðarherbergi, ytri forstofa, innri forstofa, eldhús, baðherbergi og geymsla og hefur auk þess til afnota tvö íbúðarherbergi á rishæðinni og geymslu í kjallara. Býr aðalstefndi í húsnæði þessu með konu sinni, einni dóttur upp kominni og þjónustustúlku. Auk þess eru á heimili aðalstefnda sonur hans kvæntur og tvö ung börn þeirra hjóna. Fólk þetta kom hingað til lands í júlímánuði s. l. eftir langdvöl erlendis. Þá hefur annar sonur aðalstefnda búið hjá honum ásamt konu sinni og einu ungbarni, en hann mun hafa rýmt þaðan 15. f. m. og fengið sér íbúð á leigu annars staðar, sem hann þó hefur skuldbundið sig til að rýma, þegar endanlega sé útkljáð þetta mál aðiljanna. Með bréfi, dags. 14. febrúar 1945, sagði aðalstefndi aðalstefnanda upp leigumálanum um húsnæði hennar til brottflutnings 14. maí s. l. og færði þær ástæður, að hann þyrfti að nota handa syni sínum sinn hluta íbúðar þeirrar, er aðalstefnandi bjó í. Uppsögn þessi er undirrituð af aðalstefnanda einum. Þann 19. júní s. l. ritaði aðalstefndi aðalstefnanda bréf og óskaði þess, að hún rýmdi íbúð sína fyrir 1. okt. s. l. Þann 29. júní s. l. ritaði kona aðalstefnda fyrir hans hönd aðalstefnanda bréf og sagði henni þar upp leigumálanum, að því er varðaði þann hluta íbúðarinnar, er hún taldi aðalstefnda eiga afnotarétt að, en það er: hálft eldhús, hálf geymsla, hálft baðherbergi, nyrzta herbergi í vesturhlið hússins, herbergi milli þess og eldhúss, svo og eystra herbergi í suðurenda hússins. Skyldi aðalstefnandi rýma húsnæði þetta þann 1. okt. s. l., en aðalstefndi kvaðst þurfa húsnæði þetta

handa syni sínum. Sama dag undirritaði kona aðalstefnda fyrir hans hönd og nefndur Helgi H. Eiríksson svo hljóðandi samning: „Við undirritaðir eigendur húseignarinnar nr. 7 við Sóleyjargötu, Reykjavík, höfum komið okkur saman um að skipta afnotarétti kjallaraíbúðar hússins, sem hér segir: Í hlut Páls Zóphóníassonar kemur hálft eldhús, hálf geymsla, hálft baðherbergi, nyrzta herbergi í vesturhlið hússins (snýr að Sóleyjargötu), herbergi milli þess og eldhúss og eystra herbergi í suðurenda hússins. Afnotaréttur af hinum hluta íbúðarinnar skal koma í hlut meðundirritaðs meðeiganda hússins Helga H. Eirikssonar.“ “ Með yfirlýsingu, dags. 16. júlí s. l., lýsti Helgi H. Eiríksson yfir því, að honum stæði á sama, hvor hluti íbúðarinnar félli í hans hlut.

Áðurgreind uppsögn var síðan borin undir húsaleigunefnd Reykjavíkur, og var málið sótt og varið þar. Með úrskurði, upp kveðnum 15. ágúst s. l., mat nefndin uppsögnina gilda, að því er varðaði nyrzta herbergið í vesturhlið hússins, eystra herbergið í suðurenda þess. Enn fremur bæri aðalstefnanda að láta aðalstefnda í té afnot af eldhúsi, geymslu og baðherbergi á móti sér, en afnotarétt að ytri og innri forstofu skyldu aðiljar hafa að jöfnu.

Aðalsök: Dómkröfur sínar í aðalsök byggir aðalstefnandi í *fyrsta* lagi á því, að fyrrgreindar uppsagnir aðalstefnda hafi verið ógildar, þar sem hann einn hafi ekki heimild til þess að segja upp leigumálanum um húsnæði. Kveðst aðalstefnandi hafa tekið húsnæðið á leigu, meðan það var í óskiptri sameign nefnds Helga og annars manns, en aðalstefndi hafi keypt eignarhluta þess manns og þannig gengið inn í rétt hans og tekið á sig skyldur hans. Leiga hafi ætíð verið greidd í einu lagi til nefnds Helga. Samkvæmt þessu þurfi báðir eigendur hússins að segja sér upp leigumálanum, svo gilt sé gagnvart sér, en þess hafi ekki verið gætt. Að því er varðar „skiptagerninginn“ frá 29. júní s. l., telur aðalstefnandi, að hér sé aðeins um málamyndagerning að ræða, sem því engar lögfylgjur hafi. Og þótt talið yrði, að samningurinn hefði gildi milli samningsaðiljanna, þá hafi hann ekki gildi gagnvart sér, þar sem þeir einir geti ekki breytt leigumála sínum. Loks hefur aðalstefnandi talið, að þar sem í nefndum „skiptagerningi“ sé aðeins rætt um afnotarétt aðilja að kjallaraíbúðinni, þá feli það ekki í sér, að hvor aðili megi ráðstafa sínum hluta að geðþótta.

Aðalstefndi hefur hins vegar haldið því fram, að með „skiptagerningi“ þeirra húseigendanna frá 29. júní s. l. hafi hann öðlazt rétt til að ráðstafa og því segja einn upp leigumálanum um þann hluta húsnæðisins, er hann fékk afnotarétt af samkvæmt samningnum.

Svo sem að framan getur, þá sömdu aðalstefndi og sameigandi hans svo um þann 29. júní s. l., að gagnstefndi skyldi fá afnotarétt af þeim hluta kjallaraíbúðarinnar, sem hann hefur sagt upp

leigumálanum um. Telja verður, að með samningi þessum hafi gagnstefnandi öðlazt rétt til að koma einn fram gagnvart þriðja manni um notkun þessa hluta íbúðarinnar, þar á meðal haft heimild til að segja einn upp leigmálanum um hann. Verða því dómkröfur aðalstefnanda ekki á þessu byggðar.

Í *öðru* lagi byggir aðalstefnandi dómkröfur sínar á því, að aðalstefndi hafi ekki fengið ráðstöfunarrétt á sérstökum hluta kjallaraíbúðarinnar fyrr en með „skiptagerningnum" frá 29. júní 1945, þótt hann hafi orðið sameigandi að henni 25. sept. 1940. Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 1. gr. laga nr. 39 frá 1943 um húsaleigu sé heimild húseigenda til að segja upp leigumála um húsnæði bundin við það, að hann hafi eignazt húsið fyrir 9. sept. 1941. Aðalstefndi hafi í raun og veru ekki eignazt neinn ákveðinn hluta kjallaraíbúðarinnar fyrr en 29. júní s. l. og sé því uppsögn hans óheimil af þessum sökum.

Aðalstefndi hefur mótmælt þessu og talið, að í þessu sambandi beri að miða við eignarheimild sína frá 25. sept. 1940, en þá hafi hann eignazt hálft húsið, þar á meðal hálfa kjallaraíbúðina.

Svo sem að framan getur, eignaðist aðalstefndi hús þetta þann 25. sept. 1940, þar á meðal eignarhluta sinn í nefndri kjallaraíbúð, og virðist það ekki geta skipt máli í þessu sambandi, þótt afnotaréttinum hafi ekki verið skipt fyrir 9. sept. 1941. Verður því ekki talið, að uppsögn hans sé ógild af þessum sökum, og verða því dómkröfur stefnda ekki á þessu byggðar.

Í þriðja lagi hefur aðalstefnandi byggt dómkröfur sínar á því, að aðalstefndi hafi ekki brýna þörf fyrir aukið húsnæði í merkingu 1. gr. húsaleigulaganna, hvorki handa sér sjálfum né sonum sínum. Íbúð aðalstefnda sé mjög stór, eða 7 íbúðarherbergi, sum stór, auk innri forstofu, baðherbergis og eldhúss. Aðalstefndi búi í húsnæði þessu með konu sinni, dóttur og einni þjónustustúlku. Sá sonur aðalstefnda, er nú búi þar í íbúðinni hjá honum með konu sinni og tveimur börnum, hafi flutzt hingað í bæinn á s. l. sumri eftir langdvöl erlendis og sé því samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 3. gr. húsaleigulaganna óheimilt að leigja honum húsnæði, þar sem hann sé ekki heimilisfastur innanhéraðsmaður hér. Að því er varðar hinn son aðalstefnda, þá hefur aðalstefnandi bent á, að hann hafi nú íbúðarhúsnæði á leigu hér í bænum. Hefur aðalstefnandi í því sambandi algerlega mótmælt því, að þessum syni aðalstefnda beri nauðsyn til að rýma það húsnæði, þegar er þetta mál aðiljanna er útkljáð. Aðalstefndi hefur hins vegar haldið því fram, að honum sé brýn nauðsyn á auknu húsnæði handa sonum sínum. Sé sá sonur sinn, sem komið hafi hingað til lands í sumar, opinber starfsmaður ríkisins og hafi því rétt til að taka hér húsnæði á leigu samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 3. gr. húsaleigulaganna. Að því er varði hinn son sinn, hafi hann búið hjá sér allt þar til

á s. l. hausti, að hann hafi fengið annað húsnæði til bráðabirgða og aðeins með því skilyrði að rýma það húsnæði, þegar er málaferlum þessum væri lokið.

Það er upp komið í málinu, að sá sonur aðalstefnda, er flutti búferlum hingað á s. l. sumri, er fastráðinn mælingamaður hjá vegamálastjóra. Verður því að telja, að hann sé opinber starfsmaður í merkingu ákvæða 2. mgr. 3. gr. húsaleigulaganna, og er því heimilt að leigja honum íbúðarhúsnæði hér í bænum. Að því er varðar hinn son aðalstefnda, þá er fram komið, að hann hefur allt þar til 15. sept. s. l. búið hjá föður sínum, en fékk þá húsnæði á leigu annars staðar. Samkvæmt leigusamningi hans um húsnæðið ber honum að rýma það, þegar lokið er þessum málaferlum aðiljanna. Þar sem samningi þessum hefur á engan hátt verið hnekkt, verður hann lagður til grundvallar að þessu leyti. Það er að vísu upp komið í málinu, að íbúð aðalstefnda er mjög rúmgóð, en með tilliti til aðstæðna allra þykir hann þó samkvæmt ákvæðum 1. gr. húsaleigulaganna eiga rétt á auknu húsnæði til handa fyrrgreindum sonum sínum. Þykir húsnæði það, er aðalstefnanda ber að rýma í þessu skyni, hæfilega ákveðið í úrskurði húsaleigunefndar Reykjavíkur, upp kveðnum 15. ágúst s. l.

Samkvæmt þessu verður aðalstefndi sýknaður af kröfum aðalstefnanda í aðalsök, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gagnsök: Aðalkröfu sína í gagnsök byggir gagnstefnandi á því, að hann eigi rétt til að ráðstafa öllu því húsnæði, er í hans hlut hafi komið með samningi þeirra húseigendanna frá 29. júní s. l.

Með skírskotun til þess, sem að framan greinir um aðalsök, verður ekki talið, að hann eigi rétt á frekara húsnæði en honum var úrskurðað af húsaleigunefnd Reykjavíkur. Verður því aðalkrafa hans eigi tekin til greina.

Hins vegar verður varakrafa hans í gagnsök tekin til greina samkvæmt því, sem að framan er greint.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Í aðalsök skal aðalstefndi, Páll Zóphóníasson, vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Hedvig D. Blöndals, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Í gagnsök er framangreindur úrskurður húsaleigunefndar Reykjavíkur, upp kveðinn 15. ágúst 1945, staðfestur.

Málskostnaður í gagnsök falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. maí 1946.

Nr. 139/1944. **Réttvísin** (Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn
Jóni Guðjónssyni (Hrl. Guttormur Erlendsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Líkamsárás og brot á húsfriði.

Dómur hæstaréttar.

Ákærði veittist með líkamlegu ofbeldi að Guðrúnu Kristófersdóttur, en varhugavert þykir að telja sannað, að öll meiðsl hennar, er í læknisvottorði greinir, sé af hans völdum.

Brot ákærða eru í héraðsdómi réttilega heimfærð til 217. og 231. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin, sbr. 77. gr. nefndra laga, 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Í samningi, er ákærði og Guðrún Kristófersdóttir gerðu með sér 9. apríl 1945 og meðal annars fjallar um fjárskipti þeirra á milli vegna væntanlegs lögskilnaðar þeirra, lýsa þau því, að hvorugt eigi hér eftir nokkrar fjárkröfur á hitt, fram yfir það, er í samningi þessum greinir. Þar sem bótakrafa Guðrúnar Kristófersdóttur, sem í héraðsdómi greinir, er ekki undanskilin í nefndum samningi, þykir Guðrún hafa firrt sig rétti til að krefja ákærða bóta, og verður því að sýkna ákærða af þessari kröfu.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Guðjónsson, greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Guttorms Erlendssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 18. september 1944.

Ár 1944, mánudaginn 18. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af sakadómara Jónatan Hallvarðssyni, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2178/1944: Réttvísin gegn Jóni Guðjónssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 6. þ. m., er að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins höfðað gegn Jóni Guðjónssyni trésmið, til heimilis á Gunnarsbraut 28 hér í bæ, fyrir brot gegn 23. og 25. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 til refsingar, málskostnaðargreiðslu og greiðslu skaðabóta.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 11. apríl 1904 að Litlu-Brekku í Geiradal í Barðastrandarsýslu, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1932 $^{2}/_{6}$ Undir rannsókn út af bifreiðarbruna. Mál ekki höfðað að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins.

1939 $^{7}/_{7}$ Sátt 100 króna sekt fyrir brot gegn 15. gr., 1. mgr., sbr. 14. gr. bifreiðalaga nr. 70 1931.

Málavextir eru þessir:

Ákærði er giftur Guðrúnu Kristófersdóttur, til heimilis að Hverfisgötu 76 B hér í bæ, og hafa þau slitið samvistir. Kærði kveðst í nokkur kvöld fyrir 21. janúar s. l. hafa fylgzt með sambandi Guðrúnar og manns nokkurs, að nafni Karl Bernharð Strand.

Kveðst hann hafa 7 eða 8 sinnum séð til þeirra inn um eldhúsgluggann á íbúð Guðrúnar á Hverfisgötu 76 B, en eldhúsgluggi þessi sé á annarri hæð hússins og snúi út að húsaporti. Kveðst ákærði hafa reist stiga að glugganum, farið upp í stigann og kíkt inn um gluggann inn í eldhúsið. Gluggatjaldið hafi ekki verið alveg dregið niður að gluggakistu og hafi því verið auðvelt að sjá inn í eldhúsið. Ákærði kveðst hafa séð Guðrúnu og Karl hvað eftir annað í faðmlögum og heitum ástaratlotum.

Aðfaranótt 21. janúar s. l. kveðst ákærði hafa séð inn um glugg-

ann, að Guðrún hafi farið úr eldhúsinu inn í svefnherbergið og komið aftur eftir örskamma stund á náttkjól einum saman. Karl hafði þá verið farinn úr jakka, vesti og verið að losa um buxurnar. Guðrún hafi slökkt ljósið, er hún hafi komið aftur inn í eldhúsið, og kveðst ákærði ekki hafa séð, hvað skeði eftir það. Ákærði náði síðan í tvo menn, þá Ingibjart Arnórsson trésmið og Guðmund Axel Björnsson vélaviðgerðarmann til að vera votta að hjúskaparbroti Guðrúnar. Þeir gengu inn um ólæstar útidyr fyrrgreinds húss, fóru upp stigann og staðnæmdust á þrepi fyrir ofan hann. Ákærði vék sér síðan lítið eitt til vinstri og staðnæmdist við hurð, sem var fyrir eldhúsdyrum Guðrúnar. Tók ákærði í hún hurðarinnar og sló snöggt í hana með hægra fæti, en hún opnaðist ekki. Ákærði sparkaði þá án tafar í hurðina í annan sinn, og brotnaði annar „fyldningur" hurðarinnar að ofanverðu og féll inn á eldhúsgólfið. Myrkur var í eldhúsinu, og beindi ákærði ljósi, sem hann hélt á í hendinni, inn í herbergið. Ákærði og menn þeir, sem með honum voru, kveðast því hafa séð, hvar Guðrún og maður sváfu undir teppi á dívani í eldhúsinu, en Guðrún og Karl Bernharð Strand neita því, að þau hafi sofið á dívaninum, heldur hafi Guðrún sofið í herbergi inn af eldhúsinu. Karl Bernharð Strand, sem er sjómaður, kveðst ekki hafa viljað sofa í skipi sínu þessa nótt, og hafi hann fengið að sofa á dívani í herbergi Guðrúnar kunningjakonu sinnar. Ákærði fór ekki inn í eldhúsið, en bað Guðmund Axel að sækja lögreglu á staðinn. Eftir skamma stund komu þrír lögregluþjónar á vettvang, og lýsti ákærði húsbrotinu á hendur sér og kvaðst mundu bæta það.

Um klukkan 9,30 næsta morgun kom ákærði aftur til Guðrúnar og náði í hurð þá, er hann hafði brotið, til að gera við hana. Eru framburðir þeirra á sinn hvorn veg um það, hvað þá gerðist.

Guðrún segir, að ákærði hafi þá vaðið inn í ólæsta íbúð hennar, þar sem hún lá í rúminu. Hafi hann ráðizt á hana, klipið hana og kreist. Þá hafi hann tekið fyrir kverkar henni og sagt eitthvað á þá leið, að úr því að hún hefði ekki manndóm til að drepa sig sjálf, ætlaði hann að gera það. Hún kveðst hafa hrópað á hjálp, og tekizt að síðustu að komast upp á næstu hæð fyrir ofan til konu, að nafni Jakobínu, sem þar býr. Guðrún hefur lagt fram svo hljóðandi vottorð Bjarna Bjarnasonar læknis, dagsett 21. janúar s. l., um meiðsli þau, er hún hafi hlotið af völdum ákærða í þetta skipti:

„Hef í dag rannsakað Guðrúnu Kristófersdóttur, Hverfisgötu 76. Hún hefur bólgu og blóðhlaupinn blett á efri vör hægra megin og þrútinn rauðan blett á hálsi vinstra megin með smá húðrispum. Enn fremur sams konar blett á vinstra brjósti ca. lófastóran. Blóðuga skeinu á baugfingri vinstri handar. Kveður hún áverka þessa stafa af árás, sem hún hafi orðið fyrir í morgun."

Guðrún hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til refsingar fyrir athæfi sitt og 250 kr. skaðabóta vegna árásarinnar.

Ákærði neitar því hins vegar eindregið að hafa slegið Guðrúnu með hnefanum eða hendinni og enn fremur að hafa tekið um háls hennar eða hrisst hana eða klipið hana. Hann kveðst hafa sagt við hana, að hún ætti nú að láta verða af því, sem hún hefði alltaf verið að hóta, að drepa sig. Með því einu gæti hún losað sig við þá smán, er hún væri sokkin í. Er Guðrún hafi svarað honum ýmsum ókvæðisorðum, hafi hann slegið hana einu sinni utanundir (á kinnina) með hönzkum sínum, og hafi hún alls ekkert meiðzt við það. Ákærði neitar því að greiða Guðrúnu nokkrar skaðabætur vegna meiðsla.

Vitnið Jakobína Jónsdóttir Walderhaug, sem býr á næstu hæð fyrir ofan Guðrúnu, hefur borið það, að Guðrún hafi einn morgun í janúar komið flýjandi til hennar upp á loft. Vitnið var ekki komið á fætur, er það heyrði, að hlaupið var upp stigann og kallað var með karlmannsröddu, að þangað skyldi Guðrún fara til mellu, eins og hún sjálf væri. Guðrún hafi svo komið inn í herbergi vitnisins, og hafi hún verið öll útgrátin og þrútin í andliti. Blóð hafi runnið úr vör hennar og hún hafi verið rauðflekkótt um hálsinn. Þá hafi blætt úr fingri hennar. Sagði Guðrún vitninu, að maður hennar hefði komið inn í íbúð hennar og ráðizt á sig með þeim afleiðingum, sem útlit hennar sýndi.

Kærði hefur, með því að ryðjast heimildarlaust inn í húsið nr. 76 B við Hverfisgötu og gera þar hússpjöll, gerzt brotlegur gegn 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þá þykja og nægjanlegar sannanir fram komnar fyrir því, að ákærði hafi gerzt sekur um líkamsárás og veitt Guðrúnu þá áverka, sem um ræðir í hinu framlagða læknisvottorði. Hefur hann með því atferli brotið gegn 217. gr. hegningarlaganna.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, varðhald í 15 daga.

Bótakrafa Guðrúnar Kristófersdóttur þykir eftir atvikum eigi ósanngjörn, og verður hún því tekin til greina. Ber ákærða því að greiða Guðrúnu kr. 250.00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal kr. 250.00 til Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns í málinu.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jón Guðjónsson, greiði 300 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, varðhald í 15 daga.

Ákærði greiði Guðrúnu Kristófersdóttur 250 krónur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 250.00 til Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda sins í málinu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. maí 1946.

Nr. 129/1945. **Jón Jónsson** (Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn
Kristjáni Jónssyni
(Hrl. Einar Baldvin Guðmundsson).

Húsaleigumál og útburðar.

Dómur hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. október 1945, krafðist þess upphaflega hér fyrir dómi, að hinn áfrýjaði úrskurður yrði felldur úr gildi og lagt yrði fyrir fógeta að framkvæma útburðargerð þá, sem í málinu greinir. Svo krefst áfrýjandi þess og, að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti.

Hinn 20. febrúar þ. á. lýsti stefndi því skriflega, að hann hefði 21. október 1945 flutzt úr húsnæði því, sem hann hafði á leigu hjá áfrýjanda. Málflytjandi stefnda hér fyrir dómi hefur staðfest þann eðlilega skilning þessarar yfirlýsingar stefnda, að hann hafi með henni gefið upp allan rétt til leigu í húsnæði áfrýjanda í húsinu nr. 1 B við Fossagötu. Málflytjandi áfrýjanda hér fyrir dómi breytti í svarræðu dómkröfu sinni á þá leið, að hann krafðist einungis málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti, og kemur sú krafa ein hér til álita.

Með því að vafaatriði voru í útburðarmáli þessu í héraði, var það á rökum reist, að fógeti lét málskostnað falla niður. Ber því að staðfesta málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða úrskurðar.

Samkvæmt þessu og þar sem áfrýjun á úrskurðinum í heild var haldið áfram til munnlegs málflutnings þrátt fyrir yfirlýsingu stefnda frá 20. febrúar 1946, þá þykir rétt að dæma áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar í hæstarétti, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Dómsorð:

Stefndi, Kristján Jónsson, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Jóns Jónssonar, í máli þessu.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 25. september 1945.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 19. þ. m., hefur Jón Jónsson, Fossagötu 1 B, krafizt þess, að leigjandi sinn, Kristján Jónsson s. st., verði borinn út vegna vanskila á húsaleigu.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu fógetagerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Hvor aðilja um sig hefur krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að s. l. 5 ár ca. hefur gerðarþoli, Kristján Jónsson, haft á leigu 1 herbergi í húsi gerðarbeiðanda, Fossagötu 1 B. Enginn skriflegur samningur hefur verið gerður, en aðiljum ber saman um, að leiga hafi verið ákveðin kr. 25.00 á mánuði. Ekki var heldur ákveðið neitt um það, að leiga skyldi greidd mánaðarlega, og ber aðiljum saman um, að allmikil óregla hafi ríkt um leigugreiðslur. Hins vegar kveðst gerðarbeiðandi samkvæmt almennri venju hafa gengið út frá því, þegar hann leigði gerðarþola þetta herbergi, að leiga skyldi greidd mánaðarlega.

Kveður gerðarbeiðandi nú, að gerðarþoli skuldi sér húsaleigu allt frá 1. maí 1944, og telur hann þau leiguvanskil svo veruleg, að útburði ætti að varða.

Gerðarþoli ber á engan hátt á móti því, að hann skuldi leigu frá þeim tíma, er gerðarbeiðandi tiltekur, en bætir því við, að leigugreiðslur hafi allajafna farið mjög óreglulega fram, stundum hafi

jafnvel dregizt um marga mánuði, að leiga væri greidd, án þess að gerðarbeiðandi hafi fundið að því. — Gerðarbeiðandi staðfestir það, að leiga hafi verið greidd næsta óreglulega, og hafi það komið fyrir, að liðið hafi 2—3 mánuðir milli greiðslna.

Þess ber að geta, að gerðarbeiðandi hefur aldrei gefið gerðarþola neinar kvittanir fyrir leigugreiðslum, og ekki er upplýst, að hann hafi nokkurn tíma krafið gerðarþola um áfallna leigu.

Í nóvembermánuði 1944 kveðst gerðarþoli hafa komið að máli við gerðarbeiðanda og boðið honum húsaleigu þá, sem á væri fallin, en ekki varð þó af neinu uppgjöri, og kveður gerðarþoli, að gerðarbeiðandi hafi þverlega neitað að veita leigugreiðslu móttöku. Í sömu átt hnígur einnig vitnisburður Sigríðar Sigtryggsdóttur, sambýliskonu gerðarbeiðanda. Gerðarbeiðandi neitar því hins vegar algerlega, að gerðarþoli hafi boðið sér neitt uppgjör, heldur aðeins spurt sig að, hversu mikið hann skuldaði, en það kvaðst gerðarbeiðandi enn ekki hafa tekið saman.

Það virðist ljóst samkvæmt framburði aðiljanna, að allmikil óregla hafi ríkt um leigugreiðslur fyrir hið umrædda herbergi, án þess þó að gerðarbeiðandi hafi sannanlega gert neinn fyrirvara þar að lútandi. Að því athuguðu og enn fremur því, að gerðarbeiðandi mun aldrei hafa krafið gerðarþola um hina áföllnu leigu, svo og því, að allmiklar líkur eru fyrir því m. a. vegna framburðar sambýliskonu gerðarbeiðanda, að gerðarþoli hafi árangurslaust reynt að gera húsaleiguna upp í nóvember s. l., virðist réttinum útburðarkrafa þessi ekki svo grundvölluð, að útburði ætti að valda, og ber því að synja um hina umbeðnu gerð.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Gerð þessi skal ekki fram fara. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 8. maí 1946.

Nr. 145/1945. **Jón Magnússon** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Ólafi Stefánssyni (Hrl. Theódór B. Lindal).

Húsaleigumál og útburðar.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. nóvember f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburðargerð þá, sem krafizt er. Einnig krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt skýrslum vitna og viðurkenningu stefnda sjálfs verður að telja sannað, að hann hafi lagt hendur á áfrýjanda, sem er gamall maður og veikladur, í eitt skipti í húsi hans síðla árs 1944 og hrakyrt hann. Einnig er sannað, að stefndi lagði aftur hendur á áfrýjanda í íbúð sinni þann 12. janúar 1945, ýtti honum út í anddyri hússins og síðan inn í annað herbergi. Með þessu þykir stefndi hafa gert svo úr hófi á hluta áfrýjanda, að honum sé verulega óþægilegt að hafa stefnda í húsi sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 39/1943. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma útburðargerðina.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda 700 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma útburðargerð þá, sem krafizt er.

Stefndi, Ólafur Stefánsson, greiði áfrýjanda, Jóni Magnússyni, 700 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagði aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 26. júlí 1945.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 19. þ. m., hefur Jón Magnússon, Óðinsgötu 11, krafizt þess, að leigutaki sinn, Ólafur Stefánsson s. st., verði borinn út vegna óhæfilegrar framkomu í sinn garð.

Gerðarþoli, Ólafur, hefur neitað réttmæti gerðar þessarar og mótmælt framgangi gerðarinnar. Lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins. Málskostnaðar hefur verið krafizt af hálfu beggja málsaðilja.

Gerðarbeiðandi, Jón Magnússon, skýrir þannig frá málavöxtum, að kvöld eitt í október 1944 hafi gerðarþoli komið vaðandi upp á efsta loft hússins á Óðinsgötu 11, þar sem gerðarbeiðandi hefur herbergi sitt. Hafi gerðarþoli fyrst sparkað í hurðina, og þegar gerðarbeiðandi fór fram til að athuga, hverju þetta sætti, hafi gerðarþoli fyrst skammað sig óbótaskömmum og ráðizt svo á sig og hrakið sig fram og aftur um þurrkloft, sem er þar framan við herbergi gerðarbeiðanda. Leikurinn hafi svo borizt fram á gang utar af þurrkloftinu, og þar hafi gerðarþoli loks sleppt sér og farið niður stigann áleiðis til íbúðar sinnar. Kveðst gerðarbeiðandi hafa farið á eftir gerðarþola niður stigann í þeim tilgangi að reka hann niður. Þegar þeir svo voru komnir að dyrum íbúðarinnar á miðhæð hússins, hafi gerðarþoli flogið á sig og gripið sig haustaki.

Þá skýrir gerðarbeiðandi einnig svo frá, að hinn 12. janúar þessa árs hafi hann farið á fund gerðarþola til viðræðna við hann út af Sigurði nokkrum Guðmundssyni, sem ásamt konu sinni dvaldi um tíma í íbúð gerðarþola, en um þessar mundir leitaðist gerðarþoli við að losna við nefndan Sigurð úr húsnæði sínu. Kveðst gerðarbeiðandi við þetta tækifæri hafa komið að dyrum íbúðar gerðarþola og sagt við gerðarþola, að ómannúðlegt væri að reka Sigurð og konu hans úr húsnæðinu, þar sem þau væru bæði lasin og undir læknishendi. Hafi gerðarþoli þá brugðizt reiður við og sagt, að hann (gerðarbeiðanda) varðaði ekkert um þetta. Hafi svo gerðarþoli ráðizt að sér af mikilli reiði og hrint sér að herbergisdyrum Sigurðar Guðmundssonar, sem eru reyndar fast við dyrnar, sem gerðarbeiðandi stóð við, — og ýtt sér þar inn.

Vegna alls þessa höfðaði gerðarbeiðandi mál fyrir húsaleigunefnd með bréfi, dagsettu 5. febr. þ. árs, og krafðist þess, að gerðarþola yrðu óheimiluð áframhaldandi afnot húsnæðis hans. Úrskurður nefndarinnar gekk 1. marz s. á. og samkvæmt honum skyldi gerðarþoli rýma húsnæði sitt.

Þegar gerðarþoli neitaði að hlíta framangreindum úrskurði, sneri gerðarbeiðandi sér til fógetaréttarins með beiðni um útburð á gerðarþola.

Gerðarþoli skýrir mjög á annan veg frá atburðum þeim, er að ofan greinir. — Það er upplýst af báðum aðiljum, að gerðarþoli, sem tók þetta húsnæði á leigu vorið 1943, hefur aldrei fengið neinn útidyralykil að húsinu. Einnig að gerðarþoli hefur oftar en einu sinni farið þess á leit við gerðarbeiðanda að fá slíkan lykil, en gerðarbeiðandi jafnan sagt, að slíkir lyklar væru ófáan-

legir. — Októberkvöld það, er að framan getur, kveðst gerðarþoli hafa komið heim um kl. 10 að kveldi og hafi húsið þá verið lokað. Kveðst gerðarþoli þá hafa kallað upp til Skúla Magnússonar, sem býr á miðhæð hússins, og beðið hann að opna fyrir sér. Er svo hafði verið gert, kveðst gerðarþoli hafa farið upp til Jóns Magnússonar til að átelja hann fyrir þessar aðfarir við sig, og til að krefjast þess enn einu sinni, að sér yrði fenginn lykill að húsinu. Hafi Jón þá orðið illur við og svarað illu einu og hafi orðið orðahnippingar milli þeirra. Loks hafi gerðarbeiðandi reitt að sér hnefann og ætlað að slá sig. Gerðarþoli kveðst þá hafa tekið í öxl honum og beðið hann vera rólegan. Síðan kveðst gerðarþoli hafa farið niður í íbúð sína.

Þá skýrir gerðarþoli þannig frá tilviki því, er gerðist 12. jan. s. l. Gerðarbeiðandi hafi komið næsta ofsafenginn inn í íbúð sína og helt sér yfir unnustu sína með svæsnum munnsöfnuði. Kveður gerðarþoli, að unnusta sín, sem er veikluð á taugum, hafi orðið óttaslegin og tekið þetta nærri sér. Gerðarþoli kveðst hafa verið þarna nærstaddur og komið á vettvang og skipað gerðarbeiðanda að fara út. Er það ekki hreif, segist gerðarþoli hafa tekið í öxl gerðarbeiðanda og ýtt honum út úr herberginu.

Vitnisburður Sigurðar Erlendssonar, sambýlismanns gerðarbeiðanda, hnígur mjög í sömu átt og framburður gerðarbeiðanda sjálfs. Segir vitnið, að Ólafur Stefánsson hafi sparkað í hurðina hjá gerðarbeiðanda af afli miklu, þegar ekki var opnað, er Ólafur hafði bankað. Enn fremur, að Ólafur hafi ráðizt á gerðarbeiðanda, en ekki kveðst vitnið muna, hvort þeir töluðu nokkuð saman áður eða ekki.

Vitnið Þuríður Auðunsdóttir, kona Skúla Magnússonar, er leigir á Óðinsgötu 11, kveðst hafa hleypt Ólafi Stefánssyni inn þetta kvöld, og hafi Ólafur farið upp á loft til Jóns Magnússonar. Kveðst Þuríður svo hafa heyrt þaðan hark nokkurt, svo sem menn ættu þar í áflogum. Rétt á eftir og eftir að hún var komin inn til sín, kveðst hún hafa heyrt hávaða og hark fyrir utan íbúð sína. Fór hún fram til að vita, hvað gengi á, og sá þá gerðarbeiðanda og gerðarþola í áflogum þar á ganginum.

Málsaðiljum ber saman um, að samkomulag þeirra í milli hafi verið allgott, áður en ofannefndar ýfingar hófust með þeim.

Aðiljum ber saman um, að gerðarþoli hafi farið á fund gerðarbeiðanda þetta umrædda októberkvöld til að átelja hann fyrir að hafa lokað sig úti, en ber samkvæmt framansögðu ekki saman um, hvað á eftir fór.

Rétturinn verður nú að líta svo á, að upplýst sé í málinu, að einhvers konar átök hafi átt sér stað milli málsaðiljanna við hið umrædda tækifæri. Þrátt fyrir framburð vitnisins Sigurðar Erlendssonar virðist réttinum þó ekki slík sönnun fengin fyrir því gegn

mótmælum gerðarþola, að þau átök hafi verið gerðarþola svo eingöngu að kenna, að fært þyki að óheimila honum áframhaldandi leiguafnot húsnæðis hans af þeim sökum. Líku máli er að gegna um átök þau, sem urðu þá strax eftir á miðhæð hússins, að ekki er sannað, að gerðarþoli hafi átt sök á þeim.

Alveg sama máli virðist gegna um illindi þau, er urðu með aðiljum 12. jan. s. l., bæði um upphaf þeirra og gang, að þar mætir fullyrðing fullyrðingu af hálfu aðilja. Er algerlega ósannað gegn mótmælum gerðarþola, að hann hafi átt upptök að þeim átökum.

Við munnlegan flutning þessa máls 19. þ. m. var því haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að gerðarþoli hafi ekki enn greitt húsaleigu frá 1. maí s. l. Var einnig af þessari ástæðu krafizt útburðar á gerðarþola.

Af hálfu gerðarþola var því haldið fram, að þessi krafa væri of seint fram komin, og henni um leið mótmælt sem rangri. Hins vegar var það tekið fram að á sínum tíma hefði gerðarþoli orðið að greiða gerðarbeiðanda kr. 2000.00 til að komast inn í húsið, og var krafizt, að sú upphæð kæmi til skuldajafnaðar við leigukröfu gerðarbeiðanda. Einnig var boðin greiðsla á leigukröfunni í réttinum.

Tilvist þessarar fyrirframgreiðslu var svo aftur mótmælt af hálfu gerðarbeiðanda. Þá var greiðslutilboði af hálfu gerðarþola hafnað nema með þeim fyrirvara, að útburður færi fram allt að einu.

Aðrar upplýsingar um þessa kröfu gerðarbeiðanda liggja ekki fyrir hér í réttinum. Þykir því svo mjög skorta á allan skýrleik þessarar kröfu, eins og sakir standa, og annarra atvika (svo) í sambandi við hana, að réttinum virðist ekki unnt að telja þessa kröfu geta verið útburðarsástæðu.

Að öllu þessu athuguðu kemst rétturinn að þeirri niðurstöðu, að synja beri um hina umbeðnu útburðargerð, en þykir hins vegar rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna fógetagerð skal ekki fram fara.
Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 10. maí 1946.

Nr. 44/1946. **Friðrik Guðjónsson** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn
H/F Hrönn og gagnsök
(Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

Setudómari hrl. Einar Baldvin Guðmundsson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Bjarglaun.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti í Siglufirði, hefur kveðið upp héraðsdóminn ásamt sjódómsmönnunum Sveini Þorsteinssyni og Guðmundi Jónssyni.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. marz þ. á. Hann krefst þess, að lækkuð verði fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, og að honum verði dæmdur málskostnaður í hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 2. apríl s. l. Gerir hann þær dómkröfur, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um greiðslu björgunarlauna og sjóveðrétt og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Þriðjudaginn 12. október 1943, kl. 8 síðdegis, var vélbátur inn Geir SI 55 staddur 10 sjómílur SV af Látrabjargi. Vestansuðvestan stinningskaldi var á. Varð þess þá vart, að skrúfa bátsins var biluð, og nýtti ekki af henni. Á bátnum voru öll lögboðin segl. Voru stórsegl, aftursegl og fokka dregin upp og siglt í norðvestur til kl. 11 síðdegis, en eftir það til norðurs. Stjórnarmenn bátsins töldu hann hjálparþurfa og kölluðu á aðstoð skipa. Um kl. 11.30 síðdegis náðu þeir sambandi við botnvörpuskipið Geir RE 241, sem var að veiðum út af Önundarfirði, og hét hann hjálp sinni. Var vélbátnum Geir nú siglt áfram í norður til kl. 3 árdegis miðvikudaginn 13. október, en þá var breytt stefnu og siglt í austur-norðaustur. Kl. 5 árdegis sama dag var botnvörpungurinn Geir kominn til vélbátsins, er þá var staddur um 8 sjómílur norðnorðvestur af Látrabjargi. Tókst botnvörp-

ungnum að koma streng til vélbátsins. Því næst voru togstrengir botnvörpungsins dregnir til vélbátsins og fest í stjórnborðsakkeri hans, og jafnframt gefnir út nokkrir faðmar af keðju. Hélt botnvörpungurinn síðan um kl. 5.50 af stað til Dýrafjarðar með vélbátinn í togi. Um kl. 6.30 bilaði akkerishringur sá, sem vírunum var fest í. Drógu skipin þá togvírana og akkerið til sín. Tókst að koma togvírum á ný til bátsins. Var þeim nú fest í bakborðsakkeri bátsins, er jafnframt gaf út um 15 faðma af keðju. Þá var haldið af stað af nýju um kl. 7.30 árdegis. Kl. 12.30 síðdegis sama dag voru skipin komin til Þingeyrar og lögðust þar að bryggju. Hélt þá botnvörpungurinn aftur á veiðar. Var hann kominn á sömu veiðislóðir og áður um kl. 7 síðdegis sama dag, 13. október. Hafði hann alls tafizt frá veiðum um 19—20 klukkustundir.

Er vélbáturinn var tekinn á land á Þingeyri, kom í ljós, að annað skrúfublað hans var brotið.

Samkvæmt því, er greinir í leiðarbók botnvörpungsins Geirs, var veðurátt SSV, vindstig 3 og sjór 6, er hann kom að vélbátnum kl. 5 morguninn 13. október, en seinna fór vindur vaxandi upp í 7—8 vindstig með krapaéljum. Hefur formaður vélbátsins lýst þessa skýrslu rétta í sjódómi, og virðist hún geta samrýmzt vottorði Veðurstofu Íslands um veður á þessum slóðum 13. október.

Sjóferðarpróf út af skipsdrætti þeim, er að framan greinir, fór fram í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur 19. október 1943.

Með matsgerð, dags. 29. febrúar 1944, hafa dómkvaddir menn metið vélbátinn Geir ásamt búnaði hans í því ástandi, sem báturinn var í, er hann kom til Þingeyrar 13. október 1943, á 203 þúsund krónur.

Eins og á stóð, verður að telja, að vélbáturinn hafi verið staddur í neyð, og að hjálp sú, er botnvörpungurinn veitti honum, hafi verið björgun.

Aflatjón botnvörpungsins vegna tafar hans virðist mega meta kr. 15000.00.

Með hliðsjón af öllum atvikum málsins þykja bjarglaunin hæfilega ákveðin kr. 30000.00 og verður aðaláfrýjandi

dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð ásamt 6% vöxtum frá 10. maí 1944 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn alls kr. 4500.00.

Loks ber samkvæmt 1. tölulið 236. gr. siglingalaganna að dæma gagnáfrýjanda sjóveðrétt fyrir framangreindum fjárhæðum í v/b Geir SI 55.

Það athugast, að í héraðsdómi er aðfararfrestur ákveðinn 3 dagar í stað 15 daga.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Friðrik Guðjónsson, greiði gagnáfrýjanda, h/f Hrönn, kr. 30000.00 með 6% ársvöxtum frá 10. maí 1944 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 4500.00. Gagnáfrýjandi hefur sjóveðrétt í v/b Geir SI 55 til tryggingar nefndum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Siglufjarðar 11. marz 1946.

Máli þessu er með dómi hæstaréttar 23. nóv. 1945 vísað heim til dómsuppsögu að nýju.

Með stefnu, dags. 25. sept. 1944, krefst stefnandinn, h/f Hrönn í Reykjavík, að stefndi, Friðrik Guðjónsson útgerðarmaður, Siglufirði, verði dæmdur til þess að greiða sér 60000 kr. í björgunarlaun með 6% ársvöxtum frá 10. marz 1944 fyrir að botnvörpungurinn Geir RE 241, eign stefnanda, sem var að veiðum um 15 sjómílur út af Grundarfirði, hafi um kl. 11½ að kveldi þess 12. okt. 1943 farið af veiðum og samkvæmt beiðni skipstjórans á m/s Geir, SI 55, eign stefnda, til þess að bjarga vélbátnum og fundið vélbátinn um 8 sjómílur NNV af Látrabjargi og dregið hann til hafnar á Þingeyri og komið þangað um hálftíma eftir hádegi næsta dag (13. s. m.). Ekkert skemmdist togvírinn frá togaranum að ráði við dráttinn, sem gekk fremur vel. Fyrst var vörpuvír frá togaranum fest í stjórnborðsakkeri bátsins, en eftir nálægt klukkutíma fór akkerishringurinn í sundur, en togvír var þá að vörmu spori komið frá togaranum yfir í vélbátinn og fest um b.b. akkeri vél-

bátsins, og dugði sá umbúnaður til Þingeyrar. Er togarinn svo kominn kl. 7 um kveldið 13. s. m. á sömu veiðislóðir undan Önundarfirði og hann var á um hálftólf kvöldið áður, er skipstjóri vélbátsins beiddist hjálpar. Hefur þá farið um 19½ klukkutími í hjálpina fyrir togarann, sem áætlar veiðitap sitt á þessu tímabili vera um 130 kitt af ýsu og 20 kitt af rauðsprettu og nema um 17000 krónum, en umboðsmaður stefnda vefengir þessa áætlun.

Stefnandi krefst sér tildæmdan málskostnað með kr. 3637.25 og sjóveð tildæmt fyrir kröfum sínum. Stefnandi telur, að vélbátur stefnda hafi verið í hættu og beri sér því björgunarlaun, en viðurkennir, að togarinn hafi eigi verið lagður í hættu við björgunina, en misst afla við það, svo sem fyrr segir.

Stefndi hefur mótmælt björgunarkröfu stefnanda og talið, að hér væri aðeins um aðstoð, en ekki björgun að ræða. Krefst stefndi, að stefnuupphæðin verði stórlækkuð eftir mati réttarins, en málskostnaður verði látinn falla niður.

Í rekstri málsins hefur farið fram mat á vélbátnum, og var skipið með vél og búnaði virt á 203000 kr. Farmur skipsins, 34 smálestir af frosinni síld, var virtur á 28 þúsund krónur. Telur stefndi, að hann eigi ekki farminn, og er því ómótmælt af stefnanda. Telur stefndi sér því óskylt að greiða björgunarlaun (eða aðstoðarlaun) af farminum, og verður að telja, að það sé rétt.

Dómarinn lítur svo á, að vélbáturinn hafi verið í hættu staddur, er hann bað um hjálp, enda leit skipstjórinn á vélbátnum svo á. Um kl. 8 um morguninn 12. okt. 1943 (svo) brotnaði annað skrúfublaðið, og stefnisrörið var byrjað að losna, svo að úr því gat vélbáturinn ekkert komizt nema á seglum, en vindur stóð af landi, og var vindstaðan því mjög óhentug. Þótt vélbáturinn hefði góðan seglakost, og skipverjar neyttu hans af fremsta megni, sýna skipsprófin, að seint vannst til lands á seglunum. Þannig sést af skipsprófunum, að þegar vélbátnum tekst að ná kalli togarans kl. 11.35 síðdegis 12. okt. 1943, var vélbáturinn 7 sjómílur NN af Látrabjargi, en næsta dag kl. 5 síðdegis (svo), eða um 17½ klukkustundum síðar (svo), þegar togarinn nær vélbátnum í drátt, er vélbáturinn 8 sjómílur NNV frá Látrabjargi. Hafði þó alla þessa tíð verið siglt eftir beztu getu, fyrst í norðvestur til kl. 11 árdegis (12. okt.) (svo), en síðan í norður til kl. 3 síðdegis næsta dag 13. okt. Var þá lagt yfir og siglt í aust-norð-vestur, unz togarinn náði vélbátnum kl. 5 síðdegis, 13. okt.) (svo). Verður því að telja alveg óvíst, að í þeirri vindátt frá landinu í allhvössu SSV hefði vélbátnum tekizt að ná landi, einkum er vindur síðar sté upp í „7—8 vindstig með krapahríð", og sé hér því um björgun að ræða.

Þegar er litið annars vegar á, að togarinn lagði sig í enga hættu við björgunina, en hins vegar hafði af björguninni allmikið aflatjón — ekki ósennilegt að áætla af framkomnum gögnum, að tog-

arinn hafi farið á mis við afla, meðan á björgun stóð, er næmi 15000 kr. eða meir — lítur dómurinn svo á, að rétt sé að ákveða björgunarlaun 50 þúsund krónur, sem stefnda beri að greiða stefnanda með 6% vöxtum frá 10. maí 1944, sem stefndi virðist ganga inn á með málflutningi sínum.

Tildæmist stefnanda sjóveð fyrir þeirri upphæð í skipinu v/b Geir SI 55.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Friðrik Guðjónsson útgerðarmaður, Siglufirði, greiði stefnanda, h/f Hrönn í Reykjavík, fimmtíu þúsund krónur í björgunarlaun með 6% ársvöxtum frá 10. maí 1944. Stefnanda tildæmist sjóveðréttur fyrir tildæmdum fjárhæðum í hinu bjargaða skipi, v/b Geir SI 55.

Málskostnaður falli niður.

Hið idæmda ber að greiða innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. maí 1946.

Nr. 85/1945. **Réttvísin** (Hrl. Sigurður Ólason)
gegn
Sigfúsi Jónassyni (Hrl. Lárus Jóhannesson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot gegn 1. mgr. 221. gr. hegningarlaganna.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt úrskurði hæstaréttar 7. desember f. á. hefur læknaráð látið uppi álit um þar greind atriði. Telur það engan vafa á því, að dánarorsök Þórunnar Björnsdóttur hafi verið heilahimnubólga. Hins vegar telur læknaráð ekki unnt að fullyrða, að beint samband hafi verið milli þess sjúkdóms og kúpubrotsins. Loks telur læknaráð, að lega Þórunnar úti muni ekki hafa skipt nokkru máli um dánarorsökina. Að þessu athuguðu og með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó þannig að refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 2ja mánaða fangelsi.

Rétt þykir, að ákærði sé sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá uppsögu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að lögreglumenn skyldu ekki þegar í stað taka ákærða og menn þá, sem hjá honum voru staddir, til rannsóknar, þar á meðal sjá um, að blóðrannsókn færi fram á ákærða. Svo átti og að athuga þegar í stað aðstæður og verksummerki. Það athugast og, að læknir sá, sem skoðaði Þórunni eftir slysið, gerði ekki nægilega gangskör að því, að koma henni strax á sjúkrahús.

Dómsorð:

Ákærði, Sigfús Jónasson, sæti fangelsi 2 mánuði.

Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga, frá uppsögu dóms þessa að telja.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurðar Ólasonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 3. marz 1945.

Ár 1945, laugardaginn 3. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 113/1945: Réttvísin gegn Sigfúsi Jónassyni, sem tekið var til dóms 20. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Sigfúsi Jónas-

syni verkamanni, Bakkastíg 8 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna fæddur 22. nóvember 1909, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1933 $^{8}/_{8}$ Kærður af O. Ellingsen fyrir að gefa út ávísun á enga innstæðu. Kærði greiddi kröfuna, og málið féll niður samkvæmt ósk kærandans.

1934 $^{29}/_{11}$ Sátt, 500 kr. sekt fyrir áfengisbruggun.

1935 $^{20}/_{6}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1938 $^{5}/_{8}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.

1938 $^{3}/_{8}$ Dómur aukaréttar: 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað.

1939 $^{9}/_{2}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.

1939 $^{23}/_{11}$ Áminning fyrir brot gegn lögum nr. 69 1936.

1939 $^{29}/_{12}$ Áminning fyrir ólöglegan tilbúning á skrautljósum, 400 stykki slíkra ljósa gerð upptæk.

1940 $^{2}/_{8}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1941 $^{6}/_{12}$ Undir rannsókn út af meintum ólöglegum áfengiskaupum. Látið falla niður.

1941 $^{19}/_{12}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1942 $^{24}/_{8}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1942 $^{20}/_{12}$ Sátt, 250 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og ólöglegt áfengi í vörzlu.

1943 $^{1}/_{2}$ Kærður af Guðrúnu Böðvarsdóttur, Bakkastíg 8, fyrir drykkjuskap og slæma framkomu á eigin heimili. Fellt niður eftir atvikum með því, að kærði sótti af fúsum vilja um dvöl á drykkjumannahælinu í Kumbaravogi í minnst 6 mánuði.

1943 $^{8}/_{8}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1943 $^{12}/_{8}$ Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og meinta áfengissölu.

Laugardagskvöldið 25. nóvember s. l. var ákærði heima hjá sér undir áhrifum áfengis. Gestkomandi voru hjá honum Sigurbjörg Benediktsdóttir, Leifsgötu 7, og erlendur hermaður, sem óupplýst er, hvað hét, og eigi hefur náðst í. Hermaður þessi lagði til eina flösku af whisky, og neyttu þau öll þrjú hennar. Þegar komið var fram á nótt, kom Þórunn Björnsdóttir, fædd 21. ágúst 1914, til þeirra drukkin. Skýrði Sigurbjörg svo frá, að með henni hafi verið tveir menn, íslenzkur og norskur, sem hafi farið mjög brátt burtu aftur, en enginn deili veit hún á mönnum þessum. Ákærði man ekki eftir þessum mönnum.

Þórunn Björnsdóttir, sem, eins og áður segir, var fædd 21. ágúst 1914, var mjög óreglusöm. Samkvæmt hegningarskrá ríkisins hafði hún sætt sektum 58 sinnum á árunum 1936 til 1944 fyrir áfengis-

lagabrot og auk þess verið kærð fyrir ölvun 23 sinnum, án þess að til refsingar kæmi. Hefur ákærði borið, að hann hafi oft bannað Þórunni að koma heim til sín. Um veru Þórunnar á Bakkastíg 8 nefnda nótt eru ákærði og Sigurbjörg tvö ein til frásagnar. Frásögn ákærða er á þá leið, að hún hafi dvalið um klukkustund inni hjá sér og gestum sínum og sungið, öskrað og látið ýmsum illum látum, eins og hún hafi verið vön, þegar hún var drukkin. Hann vildi, að hún færi burt og bað hana fyrst um það með góðu, en það bar engan árangur. Síðan tók hann að skamma hana og hún hann á móti, en þetta hafði þau áhrif, að hún var fáanleg til að fara út. Ákærði tók þá utan um hana og leiddi hana út úr herberginu. Gegnum fremra herbergið og forstofu gekk hún ein, en ákærði rétt á eftir henni. Á allri leiðinni út skammaði Þórunn ákærða. Þórunn opnaði útidyrnar og gekk út á tröppupallinn, sem þar er. Timburtröppur eru upp að útidyrunum og pallur við dyrnar. Um hann var, þegar þetta gerðist, handrið, en það var laust við húsvegginn, og hafði verið mánuðum saman og trassað að gera við það. Var ákærða kunnugt um þetta. Auk þess sem handriðið var laust við húsvegginn, var það allt orðið fúið og mjög ótraust. Þegar Þórunn var komin út úr dyrunum út á pallinn, snéri hún sér við, en féll um leið aftur á bak á handriðið, sem lét undan, og féll hún þá aftur á bak niður á jörðina og rak um leið upp óp. Telur ákærði, að hún hafi á pallinum tekið spor aftur á bak, og bendir á í þessu sambandi, að hún hafi verið allmikið drukkin. Hann hefur staðfastlega neitað því að hafa hrundið Þórunni út úr dyrunum eða á tröppunum og kveðst ekki hafa farið út fyrir útidyraþröskuldinn, fyrr en hún var fallin niður af tröppunum. Í sömu andránni komu þarna að tveir menn, Jens Jensson innheimtumaður, Ánanaustum B., og Torfi Ólafsson sjómaður, Nýlendugötu 7. Orðaskipti urðu milli þeirra og ákærða eitthvað á þá leið, að þeir spurðu, hvers vegna ákærði hefði hrundið Þórunni, en ákærði neitaði að hafa gert það. Sagði þá annar maðurinn, að þeir skyldu ná í lögregluna, og fóru þeir síðan burtu til að ná í lögregluna að áliti ákærða. Þegar þeir voru farnir, fór ákærði inn í húsið, lokaði á eftir sér og slökkti öll ljós. Kveðst hann á að gizka 10—15 mínútum síðar hafa séð út um glugga lögregluna koma, taka Þórunni og flytja hana burtu. Þegar Þórunn féll niður af tröppunum, var ákærða ljóst, að hún féll niður á harða jörð, jafnvel freðna, og að kantur gamallar steinstéttar var þar. Þá litlu stund, sem hann sá Þórunni eftir fallið, en áður en hann fór inn í húsið, tók hann ekki eftir, að hún hreyfðist neitt. Honum var strax ljóst, að eitthvað hættulegt hafði gerzt, þó hann grunaði ekki, að Þórunn mundi bíða bana af þessu, og kveðst hann, hefði hann verið algáður, strax mundi hafa komið henni til hjálpar. En við þenna atburð kveðst ákærði hafa fengið taugaáfall, og sökum þess

og að hann var ölvaður, hafi hann eiginlega ekkert getað hugsað. Þar sem annar mannanna, sem að komu, sagðist ætla að sækja lögregluna, taldi ákærði, að lögreglan mundi koma og hjálpa Þórunni, og þess vegna fór hann inn, án þess að skipta sér af henni. Ákærði telur, að vegna nefnds ástands síns eftir fall Þórunnar hefði hann ekki getað komið Þórunni til hjálpar, þó að hann hefði viljað.

Vitnið Sigurbjörg Benediktsdóttir skýrir svo frá, að Þórunn hafi verið hávaðasöm, meðan hún dvaldi hjá ákærða, og hafi hann viljað, að hún færi burtu. Hún tók því illa, og lenti þá í rifrildi milli þeirra. Gerði ákærði þá margar tilraunir til að koma henni út og dró hana oft áleiðis að dyrunum, en hún kom alltaf aftur. Loks fóru þau bæði út úr herberginu, og hafði vitnið á tilfinningunni, að ákærði léti Þórunni út með valdi, en þorir ekki að fullyrða, að svo hafi verið. Vitnið og hermaðurinn blönduðu sér ekki í þessar deilur og sátu kyrr inni, og sá vitnið Þórunni ekki, eftir að hún fór út úr herberginu. Eftir að hún og ákærði fóru út úr herberginu, heyrði vitnið þau rífast og áleit, að ákærði ætti í stímabraki við hana, en það getur ekki um það borið, á hvern hátt hún fór út úr útidyrunum né hvers vegna hún féll niður af tröppunum. Fljótlega eftir að ákærði fór út úr herberginu með Þórunni, kom hann aftur inn og nefndi þá ekki, hvað fyrir hafði komið. Hann slökkti ljósið í herberginu, sem vitnið og hermaðurinn voru í, og fór inn í annað herbergi. Vissi vitnið ekkert af því, er lögreglan kom og tók Þórunni.

Klukkan rúmlega 3 þessa nótt voru áðurnefndir Jens og Torfi á gangi niður Bakkastíginn. Þeir höfðu hitzt af tilviljun efst á stígnum. Var Jens algáður, en Torfi dauðadrukkinn, að heita mátti, og ætlaði Jens að fylgja honum að húsinu Bakka. Báðir hafa þeir verið leiddir sem vitni í máli þessu. Torfi man svo að segja ekkert um málavexti, og er engar upplýsingar að finna í hans framburði. Vitnið Jens skýrir svo frá, að þegar þeir komu á móts við Bakkastíg 8, hafi það heyrt hávaða karls og konu bakatil við húsið, og heyrðist þó mest til konunnar. Bæði voru þau að heyra drukkin, og var það mest hróp og garg, sem til konunnar heyrðist. Vitnið vildi forvitnast um, hvað þarna væri á seyði, og gekk austur með norðurgafli hússins, en þegar það átti ófarinn á að gizka 3 metra spöl að norðausturhorni hússins, sá það handrið falla til jarðar frá austurhlið hússins fram fyrir norðausturhornið, og alveg í sama mund sá það stúlku falla til jarðar hálfpartinn aftur á bak og hálf partinn á hlið, og féll hún á höfuðið á gaddfreðna jörðina. Vitnið þekkti stúlkuna ekki strax, en fékk síðar vitneskju um, að þetta var Þórunn Björnsdóttir. Þegar vitnið sá þetta, hljóp það austur fyrir húsið að tröppunum og sá þá ákærða standa á miðjum tröppupallinum, sem handriðið vantaði á. Vitnið taldi stúlkuna

vera í hættu og ákvað strax að reyna að hjálpa og sagði því Torfa að standa hjá stúlkunni, meðan það næði í lögregluna. Þá hafði ákærði orð á því, að vitnið skyldi ekki ná í lögregluna, en vitnið, sem hafði slegið því föstu með sjálfum sér, að ákærði hefði hrundið Þórunni fram af tröppunum, svaraði honum hvatskeytlega á þá leið, að nú skyldi hann ekki sleppa. Vitnið hljóp nú í vélsmiðjuna Héðin og símaði í lögregluna, en fór að því búnu aftur á vettvang. Þá var Torfi farinn þaðan, en Þórunn lá hreyfingarlaus. Vitninu kom þá til hugar, að önnur erindi lögreglunnar hefðu verið látin ganga fyrir því að sinna Þórunni, og hljóp það því af stað áleiðis til lögreglustöðvarinnar, en á Vesturgötu mætti það lögreglubifreið, sem var á leið á vettvang, og fór með henni þangað. Lögreglan flutti Þórunni á brott, en vitnið fór heim til sín. Þórunn var nú flutt á slysastofuna til læknisaðgerðar, en þar sem henni var eigi komið á sjúkrahús um nóttina, og lögreglunni tókst ekki að ná tali af neinum í húsi því, er Þórunn var talin eiga heima í, var hún höfð í varðhaldsklefa í kjallara lögreglustöðvarinnar um nóttina. Næsta morgun var henni komið í Landspítalann, en þar andaðist hún á miðnætti hinn 8. desember s. l. Hafði hún aldrei virzt með fullu ráði, meðan hún var í sjúkrahúsinu, og var því eigi skýrsla tekin af henni um málavexti.

Hinn 11. sama mánaðar var lík hennar krufið á rannsóknarstofu Háskólans, og er ályktun rannsóknarstofunnar um banameinið þessi:

„Við krufninguna fannst mikið brot á hnakkabeini og allmikil blæðing út frá því milli heilabastsins og beinsins, svo að það hefur framkallað aukinn þrýsting í heilabúinu. Enn fremur fannst svæsin heilahimnubólga á neðanverðum heilanum, og í upprifnum hörundsblöðrum fundust sams konar sýklar og í heilahimnunni.

Banameinið hefur verið heilahimnubólga og blóðeitrun (sepsis), en ekki var unnt að sjá samband milli heilahimnubólgunnar og kúpubrotsins.

Þar sem ekki sáust nein áverkamerki á hörundi hnakkans, þar sem beinið hafði brotnað, er einna sennilegast, að kúpubrotið hafi hlotizt af falli á hnakkann, en fallinu hefur þá fylgt allmikill þungi, þar sem brotið er nokkuð mikið.

Kúpubrotið út af fyrir sig er alvarlegur áverki, en hefði þó verið mögulegt, að það hefði gróið, þar sem blæðing virðist hafa verið stöðvuð.

Ekki er unnt að fullyrða neitt um, hver hafa verið upptök heilabólgunnar né hvort eða að hve miklu leyti hún stendur í sambandi við kúpubrotið. Þar sem ekkert sár var á húðinni á höfðinu og ekki sýnileg merki þess, að bólgan hafi gengið út frá brotstaðnum, þarf ekki að hafa verið neitt orsakasamband milli heilahimnubólgunnar og brotsins."

Samkvæmt þeim framburðum, er raktir hafa verið, er ákærði einn til frásagnar um, hvers vegna Þórunn féll niður af tröppunum, og þar sem ekkert er fram komið, er hreki frásögn hans um þetta, verður að byggja á henni, en af því leiðir, að honum verður eigi gefin sök á falli Þórunnar né meiðslum.

Þegar Þórunn var fallin niður af tröppunum, sá ákærði hana liggja hreyfingarlausa og var ljóst, að eitthvað hættulegt hafði gerzt, en hann segir sig þó ekki hafa grunað, að fallið hefði verið lífshættulegt. Um hugleiðingar ákærða um þetta verður vitanlega ekkert sagt, en honum var ljóst, að hætta var á ferðum og, eins og á stóð, var honum ófyrirsjáanlegt, hvað af falli Þórunnar hlytist, og mátti hann allt eins búast við, að hún væri lífshættulega slösuð. Ákærði gat sér að hættulausu komið henni til hjálpar, strax og hún var fallin, og kallað á gesti sína þeim að hættulausu sér til aðstoðar, en hvorugt gerði hann, heldur fór inn, slökkti ljós og skipti sér ekki frekar af Þórunni. Hann hafði þá heyrt Jens Jensson segja, að hann ætlaði að sækja lögregluna, og séð Jens fara burtu, og mátti hann þá telja víst, að Jens næði að forfallalausu í lögregluna. En þeir möguleikar voru, að Jens hindraðist í að ná í lögregluna og að lögreglan væri að sinna öðrum störfum og gæti ekki komið strax á vettvang. Hins vegar hlaut honum að vera ljóst, að Þórunni kynni að vera skjótrar hjálpar þörf. Þykir vanræksla hans á að koma henni til hjálpar varða við 221. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga og refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Sigfús Jónasson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. maí 1946.

Nr. 101/1945. **Þorsteinn Ásgeirsson**
(Hrl. Guttormur Erlendsson)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök
(Hrl. Sigurður Ólason).

Skaðabætur samkvæmt lögum nr. 99/1943.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. ágúst 1945, krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til greiðslu kr. 16869.22 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. júlí 1944 til greiðsludags og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. *Til vara* krefst aðaláfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu kr. 14493.86 með vöxtum og málskostnaði, eins og áður greinir.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. október 1945, skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 29. s. m. Krefst hann þess *aðallega*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjanda, en *til vara*, að fjárhæð bóta verði lækkuð eftir mati dómsins. Einnig krefst hann lækkunar á vöxtum í 5% og að málskostnaður í héraði verði látinn niður falla. Hann krefst málskostnaðar í hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Það er upp komið, að Suðurlandsbraut var orðin aðalbraut samkvæmt 2. mgr. 7. gr. umferðarlaga nr. 24/1941, þegar árekstur sá varð, er í máli þessu greinir. Þá átti aðaláfrýjandi og umferðarrétt samkvæmt 1. mgr. 7. gr. sömu laga. Samkvæmt þessu og þar sem vítaverður akstur er ekki sannaður á hendur aðaláfrýjanda, verður að leggja alla sök á árekstri bifreiðanna á stjórnanda amerísku herbifreiðarinnar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur farið fram yfirmat á vinnulaunum í sambandi við viðgerð á bifreið aðaláfrýjanda. Telja yfirmatsmenn vinnulaunin hæfilega metin kr. 6188.13, og ber að leggja þá niðurstöðu til grundvallar.

Efniskostnaður og málningar nemur kr. 894.00. Viðgerðarkostnaður er því alls kr. 7082.13. Ætla verður, að aðaláfrýjandi hafi getað aflað sér nokkurra tekna á þeim nærfellt þriggja mánaða tíma, sem bifreið hans var úr akstri, og þykja bætur hans fyrir atvinnutjón samkvæmt því og öðrum þeim gögnum, er fyrir liggja, hæfilega metnar kr. 3600.00. Hins vegar þykir mega fallast á úrlausn héraðsdóms um greiðslu matskostnaðar og stöðvargjald.

Úrslit málsins verða því þau, að gagnáfrýjandi verður dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda samtals kr. 10682.13 með 6% vöxtum frá stefnudegi svo og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Þorsteini Ásgeirssyni, kr. 10682.13 með 6% ársvöxtum frá 15. desember 1944 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. maí 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., hefur Þorsteinn Ásgeirsson bifreiðarstjóri hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 15. desember f. á., gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 16869.22, ásamt 6% ársvöxtum frá 29. júlí 1944 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara*, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Laust eftir hádegi hinn 12. september 1943 ók stefnandi bifreið sinni, R 454, austur Suðurlandsbraut, og voru 4 farþegar í bifreiðinni. Er bifreiðin var nærri komin að vegamótum Suðurlandsbrautar og Langholtsvegar, varð stefnandi var við það, að á móti honum kom bifreið, sem síðar kom í ljós, að var herbifreið, merkt W 326130, eign herstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku. Er stefn-

andi var að aka fram hjá vegamótunum, kveðst hann hafa orðið þess var, að herbifreiðin beygði snögglega, án þess að gefa um það nokkur merki, í því skyni að aka inn á Langholtsveg, og þótt stefnandi reyndi að hliðra til með því að víkja til vinstri, ók herbifreiðin á hægri hlið bifreiðar stefnanda. Urðu af árekstri þessum allmiklar skemmdir á bifreið stefnanda, og þar eð hann telur stjórnanda herbifreiðarinnar hafa átt alla sök á slysi þessu, hefur hann samkvæmt heimild í lögum nr. 99 frá 1943 höfðað mál þetta til bóta fyrir tjón það, er hann hlaut af slysinu.

Stefndi hefur ekki fært fram neinn rökstuðning fyrir *aðalkröfu* sinni, og verður henni því eigi sinnt gegn mótmælum stefnanda.

Varakröfu sína hefur stefndi fyrst og fremst byggt á því, að stjórnendur beggja bifreiðanna hafi átt sök á slysi þessu, og beri því að skipta sökinni með þeim. Styður hann þessa staðhæfingu við það, að stefnandi hafi ekið ólöglega hratt, einkum þegar þess er gætt, að ekið var steyptan veg, blautan eftir rigningu. Telur hann vafasaman framburð farþeganna um, að hraðinn hafi verið 40—50 km, miðað við klukkustund, og heldur því fram, að hraðinn muni hafa verið all-miklu meiri. Að vísu er viðurkennt af hálfu stefnda, að herbifreiðin hafi ef til vill sýnt óvarkárni með því að beygja, svo sem gert var, en það, að henni var ekið tiltölulega hægt, auki enn líkur fyrir miklum hraða bifreiðar stefnanda, sem auk þess hafi ekki gert tilraun til að stöðva með hemlum.

Í málinu hefur ekkert komið upp, sem sannað geti staðhæfingar stefnda um meiri ökuhraða stefnanda en framburður farþeganna sýnir. Samkvæmt öllu framanrituðu þykir ljóst, að stjórnandi herbifreiðarinnar hefur með því að sveigja, án þess að gefa um það merki, á hægri hlið bifreiðar stefnanda, sýnt slíka vangæzlu, að telja verður, að hann eigi alla sök á slysi þessu, enda verður eigi talið, að stefnandi hafi þrátt fyrir ökuhraða sinn orðið meðvaldur að slysinu með þeim hætti, að leggja beri nokkurn hluta sakar á hann.

Verður krafa stefnda um skiptingu sakar því eigi til greina tekin og samkvæmt 34. og 35. gr. laga nr. 23 frá 1941, sbr. lög nr. 99 frá 1943, ber honum því að bæta stefnanda tjón það, er hann beið við áreksturinn.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar svo:

1.	Viðgerðarkostnaður	kr.	9832.02
2.	Matskostnaður	—	212.20
3.	Atvinnutjón frá 12. sept.—7. des. 1943, alls 86 daga á kr. 75.00	—	6450.00
4.	Stöðvargjald frá 15. sept. til 30. nóv. 1943	—	375.00
		Samtals	kr. 16869.22

Stefndi hefur öðrum þræði byggt varakröfu sína á því, að kröfur þessar séu ýmist allt of háar eða órökstuddar, og verða varnir hans teknar til athugunar við hvern kröfulið út af fyrir sig.

Um 1. Áður en viðgerð hófst á bifreið stefnanda, fór fram mat tveggja dómkvaddra manna að kröfu hans. Var mat þeirra á þá leið, að taka myndi 34 daga að ljúka viðgerðinni og kostnaður myndi nema kr. 5100.66. Viðgerð hófst hinn 3. október 1943 og var að sögn stefnanda ekki lokið fyrr en 7. des. 1943, en viðgerðarkostnaður nam, að frádregnum helmingi kostnaðar við málun bifreiðarinnar, kr. 9832.02. Gegn eindregnum mótmælum stefnda hefur stefnandi ekki fært sönnur á réttmæti reikningsins, og verður því að leggja matsgerðina til grundvallar, enda hefur henni á engan hátt verið hnekkt. Þessi kröfuliður verður því tekinn til greina með kr. 5100.66.

Um 2. Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið og haldið því fram, að verði honum á annað borð sinnt, beri að taka tillit til hans við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt 175. gr. laga nr. 85 frá 1936 þykja þessi andmæli hafa við rök að styðjast, og verður þessi kröfuliður því tekinn til meðferðar við ákvörðun málskostnaðar í máli þessu.

Um 3. Svo sem fyrr greinir, reiknar stefnandi atvinnutjón sitt kr. 75.00 dag hvern og miðar við tímann frá slysdeginum til 7. desember 1943, en þá virðist hann telja bifreið sína nothæfa á ný. Af skjölum málsins og flutningi þess þykir ekki verða annað ráðið en að bótakrafa þessi sé einungis fyrir afnotamissi bifreiðarinnar sjálfrar. Hefur stefnandi haldið því fram, að vegna anna í bifreiðaviðgerðarverkstæðum hafi hvorki verið unnt að hefja viðgerð né ljúka henni fyrr.

Stefndi hefur eindregið mótmælt því, að ekki hafi verið hægt að láta gera við skemmdirnar fyrr og á skemmri tíma svo og því, að hann eigi að bera halla af töfum, sem þannig eru til komnar.

Þá hefur hann og mótmælt sem allt of hárri dagpeningakröfu stefnanda.

Eigi þykir unnt að taka nema lítillega tillit til tafar þeirrar, sem á viðgerð bifreiðarinnar virðist hafa orðið, og þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið m. a. með hliðsjón af fyrrgreindu mati svo og öðru, sem upp hefur komið í málinu um þessi atriði, hæfilega ákveðnar kr. 1700.00.

Um 4. Gegn mótmælum stefnda er ekki unnt að taka þenna lið til greina, þar eð stefnandi hefur ekki fært fram nein gögn til stuðnings honum.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður gert að greiða stefnanda kr. 6800.66 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 750.00.

Einar Arnalds, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Þorsteini Ásgeirssyni, kr. 6800.66 með 6% ársvöxtum frá 15. desember 1944 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17 maí 1946.

Nr. 107/1945. **Ingibjörg Jónsdóttir** (Hrl. Garðar Þorsteinsson)
gegn
Halldóri Guðmundssyni
(Hrl. Guttormur Erlendsson).

Mál til heimtu húsaleigu og skaðabóta vegna þrásetu.

Dómur hæstaréttar.

Hannes Guðmundsson, fulltrúi bæjarfógeta á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 21. ágúst 1945 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 30. ágúst s. á. Krefst hún þess, að henni verði aðeins dæmt að greiða stefnda kr. 208.00 vaxtalaust. Svo krefst hún og þess, að málskostnaður verði látinn falla niður í héraði, en að stefnda verði dæmt að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum *aðallega* kr. 2894.15, *til vara* kr. 1694.15 og *til þrautavara* kr. 1183.00. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með leigusamningi, dags. 27. apríl 1939, leigði stefndi áfrýjanda íbúð í húsi sínu á Siglufirði frá 1. maí 1939 að telja. Húsaleiga skyldi vera kr. 85.00 á mánuði. Áfrýjandi notaði húsnæði þetta til júlíloka 1942.

Stefndi hefur í hæstarétti fallið frá tveimur kröfuliðum, sem hann bar fram í héraði, þ. e. sérstakri leigu fyrir eitt herbergi, kr. 680.00, og vísitöluálagi á húsaleigu, kr. 134.30, eða samtals kr. 814.30. Krafa hans nú sundurliðast þannig:

1. Vangoldin húsaleiga	kr.	719.15
2. Rýrnun og leiga á húsmunum og áhöldum	—	780.00
3. Afnotagjald af síma	—	195.00
4. Skaðabætur vegna þrásetu í leiguíbúðinni	—	1200.00
Samtals	kr.	2894.15

Um 1. Á reikningi þeim, er stefndi lagði fram í héraði og miðar kröfu sína við þar, er áfrýjanda taldar til tekna ýmsar greiðslur, er stefndi hefur hér fyrir dómi viljað færa niður um kr. 511.15. Þessi niðurfærsla getur ekki orðið tekin til greina, og ber því að dæma stefnda einungis kr. 208.00 eftir þessum kröfulið.

Um 2. Stefndi hefur enga sennilega grein gert fyrir því, að hann eigi rétt til greiðslu þeirrar, er hann krefst í þessum lið, og verður hann því ekki tekinn til greina.

Um 3. Af hálfu áfrýjanda hefur verið við það kannazt, að hún hafi notað síma stefnda. Þykir því rétt að taka þenna kröfulið til greina.

Um 4. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að neinn grundvöllur sé undir þessum kröfulið, og verður því að sýkna áfrýjanda af honum.

Samkvæmt því, er að framan segir, ber áfrýjanda að greiða stefnda samtals kr. 403.00.

Þar sem áfrýjandi sótti ekki þing í héraði án lögmætra forfalla, ber henni að greiða stefnda málskostnað í hæstarétti, er ákveðst kr. 600.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ingibjörg Jónsdóttir, greiði stefnda, Halldóri Guðmundssyni, kr. 403.00 og kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 9. maí 1945.

Með stefnu, dags. 25. apríl s. l., að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, krefst stefnandinn, Halldór Guðmundsson

kaupmaður, Siglufirði, að stefndi, frú Ingibjörg Jónsdóttir, þá á Siglufirði, nú veitingakona á Sauðárkróki, greiði sér skuld, kr. 3197.30, en af þeirri upphæð séu kr. 1997.30 fyrir ógreidda húsaleigu, leigu og rýrnun á eldhúsáhöldum, borðbúnaði og húsgögnum og kr. 1200.00 sem skaðabætur fyrir að sitja í húsnæði stefnanda, eftir að löglegur uppsagnarfrestur var liðinn. Málskostnað krefst málflytjandi stefnanda, að stefndi greiði sér með kr. 448.73.

Stefndi hefur eigi mætt né látið mæta, þrátt fyrir að henni hefur verið löglega stefnt, og verður því að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, en samkvæmt þeim ber að taka kröfur stefnanda til greina að öllu, líka að því er málskostnað snertir.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Ingibjörg Jónsdóttir, nú veitingakona á Sauðárkróki, greiði stefnandanum, Halldóri Guðmundssyni kaupmanni, Siglufirði, kr. 3197.30 og 448.73 í málskostnað. Hið ídæmda ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. maí 1946.

Nr. 55/1946. **Valdstjórnin** (Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Jóni Tómasi Markússyni
(Hrl. Gunnar Möller).

Akstur manns með áhrifum áfengis.

Dómur hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Hinn 19. desember 1941 sætti kærði í lögregludómi Vestmannaeyja sekt og missi ökuleyfis 6 mánði fyrir akstur bifreiðar með áhrifum áfengis. Auk þess hefur kærði, svo sem rakið er í héraðsdómi, sex sinnum sætt refsingu fyrir ölvun á árunum 1939—1943. Þykir því rétt að svipta hann ökuleyfi ævilangt samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Eftir þessum úrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 300 krónur til hvors.

Það athugast, að kærða var eigi tekið blóð til rannsóknar og að eigi voru yfirheyrðir menn þeir, er gerðu lögreglunni viðvart um akstur kærða.

Dómsorð:

Kærði, Jón Tómas Markússon, skal sviptur ökuleyfi ævilangt. Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Gunnars J. Möllers, 300 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 4. janúar 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 17. þ. m., er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Jóni Tómasi Markússyni bifreiðarstjóra, Þorlaugargerði, Vestmannaeyjum, fyrir meint brot gegn bifreiðalögunum nr. 23 frá 16. júní 1941 og áfengislögum nr. 33 frá 9. janúar 1935 til refsingar og þar með sviptingar ökuréttinda og greiðslu sakarkostnaðar.

Kærði Jón Tómas Markússon er fæddur 30. nóvember 1915 á Sæbóli í Aðalvík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1939 $^{1}/_{5}$ Sætt, 35 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1940 $^{1}/_{11}$ Sætt, 35 kr. sekt fyrir sama brot.
1941 $^{3}/_{1}$ Sætt, 30 kr. sekt fyrir sama brot.
1941 $^{5}/_{5}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir sama brot.
1941 $^{1}/_{12}$ Sætt, 125 kr. sekt og missir ökuleyfis í 6 mánuði vegna ölvunar við bifreiðarakstur og kr. 500.00 í skaðabætur til Vestmannaeyjabæjar.
1943 $^{2}/_{6}$ Sætt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1943 $^{1}/_{11}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir sama brot og enn fremur kr. 100.00 í skaðabætur vegna skemmda á fötum.

Atvik málsins eru eftirfarandi samkvæmt því, er upplýst er með játningu kærða og öðrum gögnum:

Hinn 29. nóvember s. l. kl. um 5 síðdegis ók kærði bifreið sinni,

V 36, heiman að frá Þorlaugargerði niður í bæ. Var hann þá að flytja mjólk fyrir bændur fyrir ofan Hraun. Um sjö leytið fór hann heim til bróður síns, er býr í Vestra-Stakkagerði og hafði vín meðferðis. Þar borðaði hann kvöldverð og drakk ca. 1 glas af brennivíni og drakk það einn, því bróðir hans þáði ekki vín hjá honum. Síðan fór hann þaðan. Tók hann bifreið sína, þar sem hann hafði skilið við hana hjá húsi Eyjabíós, og ók lítils háttar um bæinn. Klukkan að ganga 10 um kvöldið fékk lögreglan vitneskju um, að kærði væri við keyrslu um bæinn og væri ölvaður. Brá lögreglan þegar við og fór að veitingastað Halldórs Ó. Ólafssonar, en bifreið kærða stóð þá á götunni fyrir framan. Er lögreglan nálgaðist veitingastaðinn, sá hún kærða koma þaðan út við annan mann, og voru báðir drukknir. Mann þenna kvaðst kærði hafa hitt hjá veitingastaðnum. Fóru þeir svo báðir inn í bifreiðina, og er lögreglan kom að, sat kærði við stýrið með svisslykilinn í hendinni og ætlaði að fara að setja bifreiðina af stað. Lögreglan sagði honum að koma út, og hlýddi hann því tregðulaust. Bar þá útlit hans og mæli skýr merki ölvunar. Hann var með brennivínsflösku í vasanum. Viðurkenndi hann þegar að vera ölvaður, og var honum bannað að keyra og látinn afhenda svisslykilinn. Í réttarhaldi daginn eftir viðurkenndi kærði að hafa verið búinn að neyta talsverðs víns, áður en bifreiðin var tekin af honum, og hafa verið allmikið ölvaður. Þó kveðst hann muna nokkurn veginn, hvað gerðist.

Ekkert tjón hlauzt af akstri kærða í umrætt skipti, og ekkert hefur komið fram, er bendi til þess, að akstri hans hafi verið áfátt.

Kærði var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða hinn 30. nóvember s. l., daginn eftir að ofangreint atvik gerðist.

Kærði hefur um eins árs skeið stundað bifreiðarakstur sem aðalatvinnu og starfað hjá bifreiðastöð Vestmannaeyja. Hefur hann stundað starf sitt vel, eftir því sem forstjóri stöðvarinnar hefur vottað. Hann hefur verið heilsulítill undanfarin tvö ár vegna taugaveiklunar og ekki mátt stunda erfiðisvinnu. Eftir að umrætt atvik gerðist, sótti hann um inntöku í góðtemplarastúku, er starfar hér í umdæminu.

Kærði hefur með framferði sínu, er að ofan er lýst, að aka bifreið sinni undir áhrifum áfengis, gerzt brotlegur við fyrirmæli 23. greinar bifreiðalaga nr. 23 frá 16. júní 1941 og 21. grein áfengislaga nr. 23 frá 9. jan. 1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 10 daga varðhald samkvæmt 38. gr. nefndra bifreiðalaga og 39. grein áfengislaga.

Svo þykir og bera að svipta kærða ökuréttindum. Kemur þá til athugunar, hvort hér sé um ítrekað brot að ræða. Eins og fyrr er að vikið, gekkst kærði undir í lögreglurétti Vestmannaeyja 19. des. 1941 að greiða kr. 125.00 í sekt fyrir ölvun við bif-

reiðarakstur og að missa ökuréttindi í 6 mánuði. Á þeim tíma voru í gildi sömu bifreiðalög og nú, en samkvæmt þeim er varðhald lágmarksrefsing fyrir ölvun við bifreiðarakstur, nema því aðeins að sérstakar málsbætur séu fyrir hendi, og þar er einnig lagt svo fyrir, að ökuleyfissvipting skuli gerð með dómi. Svo hefur verið talið, að refsing samkvæmt réttarsætt, er væri fyrir neðan lágmarksrefsingu, er lög leggja við brotinu, hefði ekki ítrekunaráhrif, nema það væri tekið fram í sættinni sjálfri. Þessa reglu verður enn að telja í gildi. Af því leiðir, að ofangreind réttarsætt hefur ekki ítrekunarverkanir, þar sem hvergi er vikið að því í sættinni og refsingin er undir lágmarksrefsingu laganna. Hins vegar þykir rétt að láta brot þetta hafa nokkur áhrif á tímalengd ökuleyfissviptingar hans nú.

Með tilliti til þess, er nú hefur verið tekið fram, og annarra atvika þykir nægjanlegt að svipta kærða ökuréttindum í níu mánuði frá 30. nóvember s. l. að telja.

Svo ber honum að greiða allan sakarkostnað og þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans, Friðþjófs G. Johnsens héraðsdómslögmanns, er ákveðast kr. 250.00.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögu dóms þessa, er stafar af önnum vegna lögreglu- og sakamálarannsókna.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jón Tómas Markússon, sæti 10 daga varðhaldi.

Hann er sviptur ökuréttindum í 9 mánuði frá 30. nóvember s. l. að telja.

Hann greiði allan sakarkostnað og þar á meðal kr. 250.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Friðþjófs G. Johnsens héraðsdómslögmanns.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 24. maí 1946.

Nr. 11/1946. **Ingólfur Bjarnason f. h. Raftækjaverzlunarinnar Ljósafoss** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Magnúsi Jónssyni (Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Húsaleigumál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1946, krefst þess, að leiguuppsögnin

frá 13. febrúar 1945 verði gild metin og stefnda verði gert að rýma íbúð þá, sem hann hefur á leigu í húsinu nr. 27 við Laugaveg. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur prófessor Níels Dungal framkvæmt ofnæmisprófanir á áfrýjanda Ingólfi Bjarnasyni, og hefur áfrýjandi samkvæmt vottorði prófessorsins töluvert ofnæmi gagnvart ýsu. Heimilislæknir áfrýjanda hefur nú gefið vottorð þess efnis, að áfrýjandi sé veikur af „asthma", sem einkum verður vart, er áfrýjandi er á heimili sínu. Að þessu athuguðu verður að telja sannað, að fisklyktin frá fiskimjölsverksmiðju þeirri, sem er nálægt heimili áfrýjanda, hafi ill áhrif á heilsufar hans. Þar sem svo stóð á, var áfrýjanda því heimilt samkvæmt þeirri meginreglu, er liggur til grundvallar 1. gr. laga nr. 39/1943, að krefjast þess að fá íbúð þá, sem stefndi hefur, til sinna nota gegn því að bjóða stefnda til afnota fullgilda íbúð í húsi sínu Hólum við Kleppsveg, sem áfrýjandi býr nú í. Þar sem áfrýjandi hefur ekki boðið stefnda íbúðaskipti, verður krafa hans ekki tekin til greina, og ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ingólfur Bjarnason f. h. Raftækjaverzlunarinnar Ljósafoss, greiði stefnda, Magnúsi Jónssyni, kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. nóv. 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. f. m., hefur Ingólfur Bjarnason, Hólum við Kleppsveg hér í bæ, f. h. Raftækjaverzlunar-

innar Ljósafoss, Laugaveg 27 hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 15. júní s. l., gegn Magnúsi Jónssyni, Laugaveg 27 hér í bænum. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, *að* síðargreindur úrskurður húsaleigunefndar Reykjavíkur, upp kveðinn 4. júní s. l., verði úr gildi felldur og stefnda gert að rýma íbúð þá, er hann nú býr í að Laugavegi 27. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að um þriggja ára skeið hefur stefndi haft íbúð á leigu í húsinu nr. 27 við Laugaveg hér í bænum. Hús þetta hefur verið í eigu firmans Raftækjaverzlunarinnar Ljósafoss síðan árið 1940, en firma þetta er sameign Ingólfs Bjarnasonar og annars manns. Íbúð stefnda er á neðri hæð hússins, og er 3 herbergi og eldhús. Býr stefndi þar með sambýliskonu sinni, uppkominni dóttur og 11 ára syni sambýliskonunnar.

Leigumálinn virðist ekki vera skriflegur, en með venjulegum kjörum og til óákveðins tíma. Með uppsögn, dags. 13. febrúar s. l., sagði stefnandi stefnda upp leigumálanum um húsnæðið til brottflutnings 14. maí s. l. Gildi uppsagnar þessarar var borið undir húsaleigunefnd Reykjavíkur, og með úrskurði, upp kveðnum 4. júní s. l., mat nefndin uppsögnina ógilda.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að nefndur Ingólfur Bjarnason hafi brýna nauðsyn fyrir húsnæði það, er stefndi býr í. Ingólfur búi að Hólum við Kleppsveg hér í bænum og hafi hann þar til afnota 5 herbergi og eldhús. Þannig hagi til, að þar nálægt sé fiskimjölsverksmiðja og því mikið af fiskúrgangi nálægt húsinu. Ingólfur þjáist af óþoli (allergi) gagnvart fiskúrgangi, og beri honum því brýn nauðsyn til að fá sér annað húsnæði. Hefur stefnandi til stuðnings þessu lagt fram vottorð læknis nokkurs um þetta efni. Með skírskotun til þess telur stefnandi, að nefndur Ingólfur hafi brýna þörf fyrir annað húsnæði samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 1. gr. húsaleigulaganna. Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að Ingólfi Bjarnasyni sé ekki brýn nauðsyn að fá til íbúðar húsnæði sitt, þar sem Ingólfur búi nú í húsi, sem hann eigi sjálfur, en ósannað sé, að hann þjáist af nokkrum þeim sjúkdómi, er skapi honum brýna þörf til að flytja úr því. Hefur stefndi í því sambandi mótmælt áðurgreindu læknisvottorði sem röngu. Loks hefur stefndi bent á, að Ingólfur ætli að selja hús sitt, ef hann flytjist úr því, en hafi ekki boðið sér (stefnda) íbúðaskipti, sem hann hefði verið fús á að hlíta.

Í nefndu læknisvottorði segir svo: „Ingólfur Bjarnason, Hólum við Kleppsveg, virðist hafa óþol (allergi) gagnvart *fiskúrgangi*, og hefi ég því ráðlagt honum að flytja úr því umhverfi, er hann býr nú í til bæjarins.“ Önnur gögn um þetta efni hafa ekki komið fram

í málinu, og þar sem vottorð þetta er allóákveðið að orðalagi og því mótmælt sem röngu, verður ekki talið sannað, að nefndur Ingólfur þjáist af nokkrum þeim sjúkdómi, er skapi honum brýna þörf á að flytja úr húsnæði því, er hann nú býr í.

Samkvæmt þessu verður ekki talið sannað, að Ingólfur hafi brýna þörf fyrir húsnæði stefnda í merkingu ákvæða 1. mgr. 1. gr. húsaleigulaganna.

Með vísan til þess verður því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Magnús Jónsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ingólfs Bjarnasonar f. h. Raftækjaverzlunarinnar Ljósafoss, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 24. maí 1946.

Nr. 104/1945. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs** (Hrl. Einar Baldvin Guðmundsson)
gegn
Háskólaráði f. h. Sáttmálasjóðs sem eiganda Tjarnarbíós (Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari Einar borgardómari Arnalds í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1945, gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi fellur og að lagt verði fyrir fógetann að framkvæma lögtak það, sem krafizt er. Svo krefst hann og máliskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati réttarins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Þegar litið er á tilgang Sáttmálasjóðs samkvæmt stofnskrá hans og að tekjum af Tjarnarbíó hefur verið varið í samræmi við hana, þá þykir stefndi vera undanþeginn útsvarsskyldu af rekstri kvikmyndahússins samkvæmt c-lið III í 6. gr. laga nr. 106/1936, sbr. b-lið III og c-lið II í sömu grein.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 1000 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, háskólaráði f. h. Sáttmálasjóðs sem eiganda Tjarnarbíós, 1000 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurðar fógetaréttar Reykjavíkur 10. júlí 1945.

Gerðarþola, Tjarnarbíó hér í bæ, var gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ár 1944, kr. 55000.00. Þar eða fyrirsvarsmenn gerðarþola hafa neitað að greiða útsvar þetta, hefur bæjargjaldkeri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að lögtak væri látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar ofangreindri útsvarsskuld.

Umboðsmaður gerðarþola hefur krafizt þess, að neitað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og gerðarbeiðandi úrskurðaður til að greiða umbjóðanda sínum, háskólaráði Íslands vegna Sáttmálasjóðs, hæfilegan málskostnað fyrir fógetaréttinum eftir mati réttarins.

Ástæðurnar fyrir kröfum sínum telur umboðsmaður gerðarþola þær, að gerðarþoli, þ. e. Tjarnarbíó, sem sé eign Sáttmálasjóðs, sé að lögum undanþegið útsvarsskyldu, og skírskotar um það til stofnskrár sjóðsins, sbr. auglýsingu nr. 11 29. júní 1919, 2. gr., 1., 2. og 3ja tölulið, svo og 3. gr. Samkvæmt ákvæðum þessara greina telur umboðsmaður gerðarþola augljóst, að Sáttmálasjóður starfi eingöngu til almenningsheilla. Sé hann því tvímælalaust undanþeginn útsvari samkvæmt 3. lið c og 6. gr. laga nr. 106/1936. Enn fremur telur hann, að sjóðurinn virðist einnig undanþeginn

útsvari samkvæmt 3. lið a sömu greinar að minnsta kosti með lögjöfnun. Samkvæmt þessu heldur umboðsmaður gerðarþola því fram, að þar eð Tjarnarbíó sé einn hluti eignar Sáttmálasjóðs og rekið af honum, þá hljóti að gilda hið sama um sjóðsreksturinn og sjóðinn sjálfan. Enda sé í B-lið III 6. gr. óbeint gert ráð fyrir, að sjóðir þeir og stofnanir, er getur um í C-lið þar á eftir, geti stundað atvinnu. Heldur nefndur umboðsmaður því fram, að kvikmyndarekstur Sáttmálasjóðs sé í alla staði lögmætur samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins, þar eð beinlínis sé þar gert ráð fyrir, að stjórn hans ávaxti fé hans á sem arðvænlegastan hátt, og virðist stjórnin eigi bundin við neinar sérstakar aðferðir í því efni.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur haldið fast við kröfu sína um lögtak. Hann heldur því fram, að enda þótt Sáttmálasjóður háskólans sé ekki útsvarsskyldur, þ. e. a. s. sú starfsemi, er í stofnskránni greinir: Að geyma sjóðinn og ávaxta hann svo og að úthluta ákveðnum hluta tekna hans eftir settum reglum, þá gegni öðru máli um útsvarsskyldu almennra atvinnufyrirtækja, sem sjóðurinn og aðrir slíkir kunni að stofna til, jafnvel án beinna heimilda í samþykktum sínum eða stofnskrám. Telur hann, að rekstur kvikmyndahúsa og hvers konar almennur atvinnurekstur, sem stofnað sé til af sjóðum eða stofnunum, sem annars kynni að vera undanþegnar útsvarsskyldu, verði að teljast útsvarsskyldur, nema hann sé berum orðum undanþeginn útsvarsskyldu. Svo sé ekki um rekstur kvikmyndahúss gerðarþola. Þess vegna haldi hann fast við kröfu sína um lögtak, en hins vegar geri hann ekki kröfu um málskostnað fyrir fógetaréttinum.

Það er in confesso í máli þessu, að Sáttmálasjóður sé eigandi Tjarnarbíós og reki það. Í stofnskrá sjóðsins, sbr. auglýsingu nr. 11 26. júní 1919, 2. gr., er tekið fram, hver sé tilgangur sjóðsins. Virðist hann glöggt afmarkaður, og einsætt, að hann miðar eingöngu til almenningsheilla. Og þar sem enn fremur ekkert hefur komið fram í málinu, er mæli gegn því, að arður af Tjarnabíó renni allur til sjóðsins, þá lítur rétturinn svo á, að gerðarþoli, þ. e. Tjarnarbíó, falli undir III. kafla c-lið 6. gr. útsvarslaganna, og beri því að neita um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður sé látinn niður falla.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á eigi fram að ganga.
Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 24. maí 1946.

Kærumálið nr. 7/1946. **Sighvatur Blöndahl**

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Synjun frests í máli.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 6. þ. m., er hingað barst 14. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðinn 6. þ. m., þar sem dómari synjar sóknaraðilja ex officio um frest í máli hans gegn varnaraðilja. Kærandi hefur ekki sent hæstarétti neina greinargerð eða kröfur, en ætla má, að kært sé í því skyni, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Varnaraðili hefur ekki borið fram neina greinargerð eða kröfur í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 6. maí 1946.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 2. þ. m., hefur Sighvatur Blöndahl cand. jur., Suðurgötu 18 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 8. desember 1944, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 100000.00, svo og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til *vara*, að honum verði aðeins gert að greiða hæfilegt endurgjald fyrir not herstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku á húsum og landi stefnanda í Engey. Til *þrautavara* hefur stefndi krafizt lækkunar á kröfum stefnanda. Þá hefur stefndi í öllum tilvikum krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að stefnda beri að greiða sér hina kröfðu fjárhæð í skaðabætur fyrir spjöll, er orðið hafi af völdum setuliðs Bandaríkja Norður-Ameríku á landi, húsum og mannvirkjum á eignarjörð hans, Engey.

Mál þetta var þingfest þann 14. desember 1944, og lagði umboðsmaður stefnanda þá fram stefnu og yfirlýsingu um, að samkomulag væri með aðiljum um að ganga fram hjá sáttamönnum. Umboðsmaður stefnanda fékk síðan frest til 5. apríl 1945 til að rita greinargerð af sinni hendi, þar sem hann kvaðst eigi geta það, fyrr en mat hefði farið fram á nefndum spjöllum. Frestur þessi var síðan framlengdur oft, og þann 4. október 1945 lagði umboðsmaður stefnanda loks fram greinargerð svo og matsgerðir. Þann dag fékk umboðsmaður stefnda frest til að rita greinargerð af sinni hálfu til 25. s. m. Sá frestur var síðan margoft framlengdur, þar sem umboðsmaður stefnda taldi sig eigi geta ritað greinargerð fyrr en aflað hefði verið ýmissa gagna frá hinni erlendu herstjórn. Þann 7. febrúar 1946 kom loks greinargerð frá umboðsmanni stefnda. Þann dag fengu umboðsmenn aðilja síðan sameiginlegan frest til gagnaöflunar til 7. marz s. á. Þann 7. marz fengu umboðsmenn aðilja framhaldsfrest til gagnaöflunar til 4. apríl s. l. Þann dag óskuðu umboðsmenn aðilja enn eftir framhaldsfresti til gagnaöflunar til 2. þ. m. Færði umboðsmaður stefnanda þau rök fyrir beiðni sinni, að honum væri nauðsyn á að afla gagna og skýrslna hjá nafngreindum manni, er þá dvaldi erlendis, en von væri á hingað til lands á næstunni. Var frestur þessi síðan veittur. Á bæjarþingi þann 2. þ. m. óskuðu umboðsmenn aðilja enn eftir tveggja vikna framhaldsfresti til gagnaöflunar, og færði umboðsmaður stefnanda sömu rök fyrir frestbeiðninni og áður greinir.

Tók dómarinn þá atriðið ex officio til úrskurðar.

Af því, sem að framan greinir, er ljóst, að umboðsmenn aðilja hafa haft marga og langa fresti í máli þessu, sem þeir virðast eigi hafa notað, sem þeim bar. Þeir hafa haft sameiginlegan frest til gagnaöflunar frá 7. febrúar s. l., en á því tímabili hafa engin gögn fram komið frá þeim. Að því er varðar gögn þau, er umboðsmaður stefnanda telur sig þurfa að fá frá áðurnefndum manni, sem erlendis dvelur, þá mun hann hafa farið af landi brott löngu eftir, að mál þetta var höfðað, og allt óvíst um heimkomu hans nú. Þá hefur eigi komið ljóst fram, hvers konar gagna eigi að afla hjá manni þessum. Með vísan til alls þessa og með skírskotun til ákvæða 110. gr. laga nr. 85 frá 1936 um einkamál í héraði, þá þykja umboðsmenn aðilja þegar hafa fengið nægjanlega fresti í máli þessu, og verður frekari frestur því ekki veittur.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Miðvikudaginn 5. júní 1946.

Nr. 38/1945. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Ragnar Ólafsson)
gegn
Guðmundi Holberg Þórðarsyni
(Hrl. Lárus Jóhannesson)
og
Brynjólfi Einarssyni
(Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari hrl. Theódór B. Líndal í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Ómerking dóms og heimvísun til dómsálagningar af nýju.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi, dags. 28. marz 1944, fyrirskipaði dómsmálaráðuneytið höfðun sakamáls gegn Guðmundi Holberg Þórðarsyni og Brynjólfi Einarssyni fyrir brot gegn XXVI. og XXVII. kafla hegningarlaga nr. 19/1940, lögum nr. 25/1929 um gjaldþrotaskipti og lögum nr. 62/1938 um bókhald. Hinn 17. apríl s. á. var stefna gefin út á hendur hinum ákærðu í samræmi við fyrirskipun ráðuneytisins, og gekk dómur í málinu 1. nóvember 1944. Málinu var síðan áfrýjað til hæstaréttar 26. febrúar 1945. Voru sækjandi og verjendur skipaðir 9. marz 1945. Sökum þess, hvað mál þetta er óvenjulega flókið og umfangsmikið, svo og vegna sérstakra anna verjanda ákærða Guðmundar Holbergs Þórðarsonar var málið ekki flutt fyrr en nú.

Málshöfðunin er, svo sem lýst var, bundin við ákvæðna kafla almennra hegningarlaga og lög um gjaldþrotaskipti og bókhald. Rannsókn málsins tekur yfir fjármálagerninga ákærðu og athafnir þeirra í viðskiptaefnum um nokkur ár, þó einkum á árinu 1942. Héraðsdómari hefur einungis tekið til meðferðar og úrlausnar í dómi sínum nokkur þeirra atriða, sem rannsóknin lýtur að. En fyrirskipun ráðuneytis um málshöfðun og stefnuna á hendur ákærðu verður að skilja svo, að þær taki til allra þeirra atriða í rannsókninni, þar sem ástæða er til að skera úr því í dómi, hvort um

sök ákærðu sé að tefla. Nú er ljóst, að svo er háttað um fjölmörg tilvik, sem annað hvort eru ekki tekin til úrlausnar í dóminum eða þeim ekki gerð þar nægileg skil. Skulu hér eftir rakin þau af þessum atriðum, sem einkum er nauðsyn, að héraðsdómari lýsi og meti ákærðu til sakfellingar eða sýknu, áður en málið verður dæmt í hæstarétti.

1. Greiðsla kr. 30000.00 til Ólafs Þorgrímssonar hrl. vegna heildverzlunar Árna Jónssonar á sumrinu 1942.
2. Vörukaup ákærða Guðmundar H. Þórðarsonar af Björgvin Grímssyni, eiganda Fatagerðarinnar, í nóvember 1942 svo og tékkaviðskipti hans og ákærða.
3. Viðskipti ákærða Guðmundar Holbergs og Bjarnar Guðmundssonar verzlunarmanns, einkum víxlaviðskipti þeirra, kaup Bjarnar á hlutabréfum í h/f Hótel Heklu, framlag hans til væntanlegs verzlunarfélags H. Þórðarson & Co. Skipti þeirra vegna hússins nr. 51 B við Laugaveg, vöruúttekt Bjarnar hjá ákærða haustið 1942 og loks víxilskuldbinding Bjarnar vegna kaupa á Svanastöðum.
4. Veðsetning ákærða Guðmundar Holbergs á Þjórsártúni 15. september 1942 til tryggingar á skuld, sem Einar Þorgrímsson forstjóri átti á hendur ákærða.
5. Ráðstöfun af hluta á andvirði því, sem Garðar Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður skyldi gjalda í júlí 1942 fyrir húseignina nr. 33 við Seljaveg, Reykjavík. Ráðstöfun á veðbréfum í húsunum nr. 7 við Þverholt og nr. 22 við Mánagötu í Reykjavík 21. júlí 1942 til tryggingar m. a. á eldri skuldum, er hæstaréttarlögmaðurinn átti á hendur ákærða. Útgáfa og atferli í sambandi við innstæðulausa tékkávísun, að fjárhæð kr. 59500.00, sem ákærði gaf út á Búnaðarbankann 15. júní 1942 og rann til Garðars. Afhending á víxlum til Garðars sumarið og haustið 1942. Loks handveðsetning á víxlum til Garðars sumarið og haustið 1942.
6. Greiðslur ákærða Guðmundar Holbergs eftir 6. október 1942 á kr. 15200.00 til Guðlaugs Þorlákssonar f. h. Einars Thorsteinssonar. Handveðsetning ákærða 14.

desember 1942 á veðbréfi til tryggingar á dómskuld, sem Einar Thorsteinsson átti á hendur ákærða.

7. Útgáfa ákærða Guðmundar Holbergs á innstæðulausri tékkávísun, að fjárhæð 46000.00, til greiðslu á hluta af kaupverði hússins nr. 33 við Seljaveg, Reykjavík, er Gústaf Adolf Ólafsson hdl. seldi ákærða, svo og atferli í sambandi við útgáfu þriggja annarra tékkávísana til sama manns. Afhending ákærða Guðmundar sumarið 1942 til Gústafs á víxli, að fjárhæð kr. 6500.00, til tryggingar eða greiðslu eldri skuldar.
8. Útgáfa ákærða Guðmundar Holbergs sumarið 1942 á tveimur ávísunum til Hafliða Halldórssonar forstjóra.
9. Víxlaviðskipti ákærða Guðmundar Holbergs og Ingimundar Jónssonar iðnaðarmanns og annað atferli ákærða í skiptum við hann.
10. Greiðsla ákærða Guðmundar Holbergs sumarið 1942 á kr. 10000.00 upp í dómsátt til Ingólfs Guðmundssonar.
11. Greiðsla ákærða Guðmundar Holbergs í nóvember 1942 á skuld við Jón Heiðberg heildsala með tveimur víxlum.
12. Lántaka ákærða Guðmundar Holbergs 15. nóvember 1942 á kr. 3500.00 úr hendi Karls Lúðvíkssonar lyfjafræðings.
13. Afhending ákærða Guðmundar Holbergs haustið 1942 á vörum til Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns til tryggingar eldri skuldum.
14. Ráðstöfun ákærða Guðmundar Holbergs á hlutabréfi frú Margrétar Árnadóttur í h/f Hótel Heklu.
15. Útgáfa ákærða Guðmundar Holbergs á innstæðulausum ávísunum til Ólafs Magnússonar kaupmanns, veðsetning ákærða til Ólafs á húsunum nr. 2 við Kaplaskjólsveg, nr. 86 við Njálsgötu og nr. 11 við Grundarstíg í Reykjavík fyrir eldri skuldum.
16. Handveðsetning ákærða Guðmundar Holbergs 11. júlí 1942 til fulltrúa Ragnars Bjarkans að nokkru fyrir eldri skuldum.

17. Greiðsla ákærða Guðmundar Holbergs 3. desember 1942 á kr. 15000.00 til Sigurjóns Jónssonar bankaritara.
18. Greiðsla ákærða Guðmundar Holbergs eftir 18. september 1942 á kr. 9000.00 til Sigurgeirs hrl. Sigurjónssonar f. h. Sigurðar Berndsens kaupsýslumanns.
19. Afhending ákærða Guðmundar Holbergs síðara hluta árs 1942 á vörum til Skúla Jóhannssonar heildsala til lúkningar eldri skuld svo og víxlaviðskipti ákærða við Skúla í september eða október 1942.
20. Víxlaviðskipti ákærða Guðmundar Holbergs og Sveins Péturssonar augnlæknis, Þorláks Guðmundssonar skósmiðs, Sæmundar heildsala Þórðarsonar og Þorsteins kaupmanns Jónssonar og annað atferli ákærða við þá, þar á meðal greiðsla á kr. 5000.00 seint á árinu 1942 til Sæmundar Þórðarsonar.

Með því að í héraðsdómi skortir atvikalýsingu og úrlausn um allar þær athafnir og tilvik, sem að framan eru greind, þykir ekki fært að leggja dóm á málið í hæstarétti, að svo stöddu, og verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til dómsálagningar af nýju.

Eftir þessum málalokum verður að dæma ríkissjóð til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 7500.00, málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða Guðmundar Holbergs Þórðarsonar fyrir hæstarétti, kr. 4000.00, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða Brynjólfs Einarssonar fyrir hæstarétti, kr. 2700.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til dómsálagningar af nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda, Ragnars hæstaréttarlögmanns Ólafssonar, kr. 7500.00, málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Guðmundar Holbergs Þórðarsonar, hæstaréttarlögmanns

Lárusar Jóhannessonar, kr. 4000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Brynjólfs Einarssonar, hæstaréttarlögmanns Gústafs A. Sveinssonar, kr. 2700.00.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 1. nóvember 1944.

Ár 1944, miðvikudaginn 1. nóvember var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2498—2499/1944: Réttvísin og valdstjórnin gegn Guðmundi Holberg Þórðarsyni og Brynjólfi Einarssyni, sem tekið var til dóms hinn 9. fyrra mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Holberg Þórðarsyni, fyrrverandi stórkaupmanni, til heimilis á Spítalastíg 5 hér í bæ, og Brynjólfi Einarssyni verzlunarmanni, til heimilis á Grundarstíg 11 hér í bæ, fyrir brot gegn XXVI. og XXVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, lögum nr. 25 14. júní 1929 um gjaldþrotaskipti og lögum nr. 62 11. júní 1938 um bókhald.

Ákærði Guðmundur Holberg Þórðarson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 1. ágúst 1906, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1932 $^{1}/_{4}$ Kærður af Guðbirni Guðmundssyni fyrir meint svik. Sök sannaðist ekki.

1932 $^{1}/_{5}$ Kærður af Sturlaugi Jónssyni & Co. fyrir meint tékksvik. Kærði innleysti ávísunina með kr. 200.00 og málið var afturkallað.

1932 $^{2}/_{11}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 53/1911.

1934 $^{1}/_{1}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1940 $^{1}/_{6}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 18/1901.

1941 $^{1}/_{3}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 18/1901.

1941 $^{6}/_{10}$ Dómur hæstaréttar, 800 kr. sekt fyrir brot gegn húsaleigulögunum.

1941 $^{1}/_{11}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Felldur niður.

1942 $^{7}/_{5}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn reglugerð um raforkuvirki.

Ákærði Brynjólfur Einarsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27. febrúar 1912, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1937 $^{1}/_{7}$ Áminning fyrir að auðkenna ekki kennslubifreið.

1937 $^{3}/_{9}$ Sátt, 15 kr. sekt fyrir brot á umferðarreglum.

1938 $^{2}/_{7}$ Áminning fyrir brot á umferðarreglum.

1939 $^{6}/_{5}$ Sátt, 15 kr. sekt fyrir brot á umferðarreglum.

1939 $^{10}/_{7}$ Undir rannsókn út af ökuóhappi. Ekki talin ástæða til málssóknar.

1942 $^{11}/_{5}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir of háa álagningu á vefnaðarvöru. Upptækur ólöglegur ágóði kr. 8.10.

Með bréfi til skiptaréttar Reykjavíkur, dagsettu 26. janúar 1943, beiðist ákærði Guðmundur Holberg þess, að bú sitt verði tekið til gjaldþrotaskipta þegar í stað, þar eð hann telji sig ekki geta staðið í skilum við lánardrottna sína. Samkvæmt þessari beiðni, staðfestri af Guðmundi í skiptaréttinum næsta dag, 27. janúar 1943, úrskurðaði rétturinn sama dag, að bú hans skyldi tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar. Með bréfi, dagsettu 29. sama mánaðar, sendi skiptaráðandi sakadómaraembættinu afrit úrskurðarins. Þá þegar, hinn 3. febrúar, var Ragnari Ólafssyni lögfræðingi og löggiltum endurskoðanda, núverandi hæstaréttarlögmanni, falin endurskoðun bókhalds ákærða Guðmundar. Hinn 9. febrúar 1943 hófst lögregluréttarrannsókn um gjaldþrotið, og var Guðmundur þann dag úrskurðaður í gæzluvarðhald. Fyrsti þáttur rannsóknar þessarar stóð óslitið til 17. apríl sama ár, en þá var Guðmundur látinn laus úr gæzluvarðhaldi.

Bókhaldsendurskoðun stóð fram um síðastliðin áramót, og eru skýrslur endurskoðandans dagsettar 26. nóvember, 18. desember og 8. janúar síðastliðinn. Lögregluréttarrannsóknin hélt nú áfram, og var málið síðan sent dómsmálaráðuneytinu til fyrirsagnar, en með bréfi, dagsettu 28. marz s. l., fyrirskipar ráðuneytið málshöfðun gegn hinum ákærðu á þann hátt, er að framan segir. Rannsókninni lauk 17. apríl s. l. Hinn 19. apríl s. l. voru verjendur ákærðu skipaðir, hrl. Lárus Jóhannesson fyrir ákærða Guðmund Holberg og hrl. Gústaf A. Sveinsson fyrir ákærða Brynjólf. Sá fyrrtaldi skilaði vörn hinn 4. f. m., en sá síðartaldi hinn 9. f. m. Í skipunarbréfum verjendanna var fyrirtökudagur málsins í aukarétti ákveðinn 1. júní s. l., og var fyrir þá lagt að skila þá vörnunum, en af ýmsum ástæðum, er verjendur hafa greint frá, dróst, sem áður segir, að þeir skiluðu vörnunum, og þykir það eftir atvikum vítalaust.

Með áðurnefndum skiptaréttarúrskurði var bú Guðmundar sjálfs tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar, þar á meðal heildverzlun hans, sem var einkaeign hans. Með úrskurði skiptaréttarins, upp kveðnum 6. febrúar s. l., var bú Þorláks Guðmundssonar skósmiðs, Karlagötu 20, sem hafði haft mikil viðskipti við ákærða Guðmund Holberg, tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar. Með úrskurðum skiptaréttarins, upp kveðnum 19. sama mánaðar, voru bú fyrirtækjanna Windsor Magasin, Perlubúðarinnar og Sportvörugerðarinnar tekin til gjaldþrotaskiptameðferðar, en ákærðu voru báðir skráðir eigendur fyrstnefnda fyrirtækisins, ákærði Brynjólfur þess í miðið og ákærði Guðmundur Holberg og sambýliskona

hans, Jónheiður Kristín Lárusdóttir, þess síðastnefnda. Lögreglurétttarrannsóknin um öll þessi gjaldþrot var tekin inn í rannsóknina um gjaldþrot ákærða Guðmundar Holbergs, og var hrl. Ragnari Ólafssyni falin bókhaldsrannsókn nefndra þriggja fyrirtækja.

Rannsókn allra þessara gjaldþrota hefur orðið all umfangsmikil og löng, meðal annars sökum þess, hve viðskipti ákærða Guðmundar hafa í mörgum tilfellum verið ónákvæm og flækjukennd, en framar öllu hefur þó hin megna bókhaldsóreiða hans, sem síðar verður að vikið sérstaklega, torveldað og tafið rannsóknina.

Ákærði Guðmundur Holberg er stúdent að menntun. Hann lauk stúdentsprófi 1927 og innritaðist sama ár í lagadeild Háskóla Íslands. Þar stundaði hann nám, þó þannig, að hlé varð á fram til 1934 eða 1935, að hann hætti námi. Á árunum 1931—1932 rak hann smásöluverzlun hér í bænum, en frá því hann hætti námi og fram á árið 1939, stundaði hann aðallega húsabyggingar og húsasölu hér í bænum. Hinn 7. nóvember 1939 keypti hann leyfi til heildsöluverzlunar hér í bænum, en ekki virðist hann hafa byrjað verulega á heildsölu fyrr en á árinu 1940, og bókhald hans hefst ekki fyrr en 1. nóvember 1940, þó að vísu séu færðar nokkrar nótur yfir vörur, sem seldar voru fyrir þann tíma. Síðan rak hann heildverzlun óslitið fram að gjaldþroti undir nafninu Heildverzlun Guðm. H. Þórðarsonar, en eigi lét hann færa nafn þetta í firmaskrá. Jafnframt heildverzluninni rak hann húsabyggingar og húsasölu með miklum ábata, svo sem síðar verður að vikið.

Ákærði Brynjólfur réðst í þjónustu ákærða Guðmundar Holbergs um mánaðamótin október og nóvember 1939 og var óslitið í þjónustu hans frá því fram að gjaldþroti. Þegar hann réðst í þjónustu Guðmundar Holbergs, stóð svo á, að hann var í skuld við hann (ákærða G. H. Þ.) vegna bifreiðakaupa, og var áformað, að hann ynni skuldina af sér. Vistin framlengdist síðan, og hafði Brynjólfur bæði fæði og húsnæði hjá Guðmundi. Aldrei var um það samið, hve mikið kaup Brynjólfur skyldi hafa, og aldrei fór neitt uppgjör fram um það, en Brynjólfur fékk greitt smátt og smátt það, sem hann þarfnaðist þá og þá, en allar virðast þær greiðslur hafa verið litlar. Yfirleitt hefur afstaða Brynjólfs gagnvart Guðmundi Holberg verið sem hlýðins hjús gagnvart húsbónda. Hann virðist hafa unnið Guðmundi allt, er hann vann, haft óreglulegan vinnutíma og gert það, er fyrir hann var lagt, án þess að gera sér sem skyldi grein fyrir þeim afleiðingum, er þau verk gátu haft fyrir hann sjálfan, svo sem samþykktir víxla eftir beiðni Guðmundar Holbergs, án þess að neitt kæmi fyrir.

Eins og áður segir, var Brynjólfur talinn eiga verzlunina Windsor Magasin að hálfu á móti Guðmundi og Perlubúðina einn, og auk þess var hann talinn eigandi verzlunarinnar Astor einn. Öll

voru fyrirtæki þessi smásöluverzlanir. Hinn 24. september 1942 var skrásett í firmaskrá Reykjavíkur tilkynning ákærðu, dagsett 15. s. m., um, að þeir rækju smásöluverzlunina Windsor Magasin með ótakmarkaðri ábyrgð.

Verzlunin Perlubúðin er skrásett í firmaskrá Reykjavíkur 29. september 1941, en hinn 29. desember 1942 tilkynnir ákærði Brynjólfur til firmaskrárinnar, að hann hafi hinn 11. febrúar 1942 keypt verzlunina.

Verzlunin Astor var eigi skrásett á firmaskrá. Ákærðu eru á einu máli um, að Guðmundur Holberg hafi stungið upp á því við Brynjólf, að hann yrði skrifaður fyrir eða talinn kaupandi að Perlubúðinni og hálfu Windsor Magasin og stofnaði Astor. Kvaðst Guðmundur Holberg vilja, að Brynjólfur eignaðist fyrirtæki þessi með tímanum, og kvaðst hann ætla að taka smátt og smátt af kaupi Brynjólfs upp í andvirði verzlananna. Kvaðst hann með þessu vilja skapa heildverzlun sinni viðskiptavini og gat þess einnig, að óheppilegt væri og óvinsælt fyrir heildsala að eiga smásöluverzlanir. Þetta samþykkti ákærði Brynjólfur, og varð hann því talinn fyrir verzlunum, eins og sagt hefur verið. Hins vegar lagði hann aldrei einn einasta eyri til kaupa verzlananna eða í þær síðar, heldur lagði ákærði Guðmundur Holberg allt fé í þær, og aldrei tjáði ákærði Guðmundur Holberg honum, að hann hefði tekið af kaupi hans upp í andvirði verzlananna. Ákærði Guðmundur Holberg réð síðan verzlunum þessum bæði um húsnæði og fólkshald og greiddi húsaleigu og kaup starfsfólks. Hann annaðist vöruinnkaup til þeirra, þau eru ekki voru úr heildverzlun hans sjálfs. Allt það fé, er inn kom fyrir vörusölu í verzlunum þessum, rann í sjóð Guðmundar. Bókhaldi öllu fyrir verzlanir þessar var mjög ábóta vant, og ein þeirra, Astor, hafði, að heita má, ekkert bókhald. Verður ekkert af bókhaldinu ráðið um, hvort Brynjólfur hafi raunverulega átt verzlanir þessar og verzlunarhluta. Af framantöldu sem og rannsókn málsins yfirleitt varðandi nefnd fyrirtæki verður að álíta, að eignarréttur Brynjólfs að verzlunum hafi einungis verið að nafninu til og tilkynningar hans til firmaskrárinnar um eignarrétt sinn að þeim til málamynda, en að Guðmundur hafi verið raunverulegur eigandi allra verzlananna.

Sportvörugerðin var iðnfyrirtæki, er framleiddi aðallega kvenkjóla. Samkvæmt firmaskrá Reykjavíkur keyptu ákærði Guðmundur Holberg og áðurnefnd sambýliskona hans það fyrirtæki 2. marz 1942. Ákærði Brynjólfur var ekki talinn eigandi þess, en hafði prókúruumboð fyrir það.

Ákæran um brot gegn bókhaldslöggjöfinni.

Í málshöfðunarskipun dómsmálaráðuneytisins er tekið fram, að ekki séu fyrirskipaðar frekari aðgerðir út af gjaldþroti fyrirtækj-

anna Sportvörugerðin, Windsor Magasin og Perlubúðin sérstaklega. Kemur því ekki til álita, hvort bókhald þessara fyrirtækja hafi uppfyllt skilyrði bókhaldslaganna. Verður það því bókhald heildverzlunar ákærða Guðmundar Holbergs og hans sjálfs að öðru leyti og bókhald verzlunarinnar Astor, sem hér koma til álita. Á því er enginn vafi, að ákærði Guðmundur Holberg var bókhaldsskyldur fyrir heildverzlunina samkvæmt 2. gr. 1. tölul. bókhaldslaganna, og þar sem sú niðurstaða er fengin, að hann hafi verið raunverulegur eigandi verzlunarinnar Astor, var hann einnig samkvæmt sama ákvæði bókhaldsskyldur fyrir þá verzlun. Samkvæmt sama ákvæði hefur hann einnig verið skyldur til að hafa bókhald um hin miklu fasteignakaup sín og sölur.

Verður hér byggt á niðurstöðum endurskoðandans, án þess að ástæða þyki til að fara frekar út í einstök atriði, en niðurstaða hans um bókhald heildverzlunarinnar og ákærða Guðmundar Holbergs persónulega, er þessi:

„Bókhaldi gjaldþrota var mjög ábóta vant, meðal annars í eftirfarandi atriðum:

1. Sjóðbók yfir daglegar inn- og útborganir hefur aldrei verið færð.
2. Færslur í dagbók voru ekki fullnægjandi og sjáanlega færðar, löngu eftir að viðskipti fóru fram.
3. Síðan í ágúst 1942 til gjaldþrots virðist engin tilraun hafa verið gerð til bókfærslu.
4. Gjaldþroti hafði umfangsmikla fasteignasölu, fasteignaleigur og húsabyggingar, án þess að nokkur tilraun væri gerð til að bókfæra þau viðskipti.
5. Gjaldþroti hafði margs konar og umfangsmikil víxlaviðskipti og lánsútveganir, en aðeins örlitið brot af þeim viðskiptum var bókfært."

Auk þessa var mikil óreiða í fylgiskjölum, þau ekki í skipulegri röð, svo sem lögboðið er.

Í skýrslum endurskoðandans um bókhald verzlunarinnar Astor segir, að telja megi, að verzlunin hafi ekkert bókhald haft. Hið eina bókhaldskyns, sem fyrir lá úr verzluninni, var dagbókarkladdi með 10 færslum á tímabilinu 16. maí til 9. september 1942 án fylgiskjala auk nokkurra kvittana og skjala, er fundust í vörzlum gjaldþrotabús ákærða Guðmundar Holbergs.

Ákærði Guðmundur Holberg annaðist aldrei bókhald sitt sjálfur og fylgdist mjög lítið með því. Var það ákærði Brynjólfur, sem hafði það með höndum, þar til sérstakur bókhaldari, Lárus Stefánsson, var ráðinn 20. október 1941. Þá tók hann við því og hafði það með höndum til næsta hausts, að hann hætti störfum hjá ákærða Guðmundi Holberg. Kveðst ákærði Guðmundur Holberg hafa orðið að láta hann fara úr þjónustu sinni í september

1942 sökum óreglu. Lárus hefur borið vitni í málinu og skýrt frá því, að sér hafi eigi verið unnt að færa bækurnar, svo vel væri, sökum þess að mjög hafi á það skort, að hann fengi þau gögn, er nauðsynleg voru til bókhaldsins, og hafi bókhaldið því orðið mjög ófullkomið. Eftir að Lárus hætti störfum hjá ákærða, réð hann til sín annan mann til bókhaldsins, en starf hans fór í bókhald fyrir Hótel Heklu h/f, og varð því ekkert úr, að hann færði bækur heildverzlunarinnar. Ekkert hefur komið fram um, að bókhald ákærða hafi verið falsað eða skjöl eða bækur eyðilagðar eða komið undan í sviksamlegum tilgangi. Sú bókhaldsóreiða, er nú hefur verið lýst, varðar ákærða Guðmund Holberg refsingu samkvæmt 2. gr. 1. tölulið, 4.—8. gr. og 14. gr. sbr. 19. og 20. gr. bókhaldslaganna og 262. gr. almennra hegningarlaga. Þar sem ákærði Brynjólfur var einungis starfsmaður ákærða Guðmundar Holbergs við bókhald heildsöluverzlunarinnar og vist má auk þess telja, að ákærði Guðmundur Holberg hafi búið mjög illa í hendur hans með gögn til bókhaldsins, verður honum eigi gefin refsiverð sök á því, hve ófullkomið það var. Sama á við um bókhald verzlunarinnar Astor, þar eð ákærði Guðmundur Holberg var samkvæmt framansögðu raunverulegur eigandi hennar og því bókhaldsskyldur hennar vegna, en ákærði Brynjólfur einungis starfsmaður hans við þá verzlun, enda þótt hann væri talinn eigandi hennar.

Ákæran um brot gegn lögum nr. 25 14. júní 1929 um gjaldþrotaskipti.

Eina ákvæðið í gjaldþrotaskiptalögunum, sem til athugunar kemur, hvort ákærðu hafi brotið, er niðurlagsákvæði 1. greinar. Þar sem mál er eigi höfðað út af gjaldþrotum Windsor Magasin og Perlubúðarinnar sérstaklega, er ljóst, að ákærði Brynjólfur fellur utan þessa sviðs, og verður því sýknaður af þessu ákæruatriði.

Til þess að komast að niðurstöðu um sekt eða sýknu ákærða Guðmundar Holbergs af þessu ákæruatriði, verður að gera sér svo ljósa grein, sem unnt er, af fjárhag hans um árabil fyrir gjaldþrotið. En eigi er auðvelt að fá ljósa mynd af þessu, og ber þar aðallega tvennt til: Bókhaldsóreiða ákærða og ófullkomnar skýrslur hans sjálfs um þetta atriði. Vitni hafa engin komið fram, er vitað hafi um raunverulegan fjárhag ákærða á þeim tíma, er hér skiptir máli.

Eins og áður segir, stofnsetti ákærði heildverzlun sína á árinu 1940. Bækur voru færðar yfir rekstur heildverzlunarinnar árið 1940, 1941 og hluta af árinu 1942, en öll árin var bókfærslan mjög óörugg, og hinar færðu bækur virðast því ekki gefa rétta hugmynd um rekstur verzlunarinnar þessi ár. Endurskoðandi búsins yfirfór þessar bækur og önnur skjöl, sem fundust í vörzlum ákærða við gjaldþrot og gerði reikninga heildverzlunarinnar upp af nýju.

Samkvæmt uppgjöri endurskoðandans nam vörusala heildverzlunarinnar

1940	kr.	47 753.31	
1941	—	699 805.25	
1942—1943	—	2 032 747.38	
			kr. 2 780 305.94
Vörur við gjaldþrot (söluverð) ..			kr. 213 376.08
			Kr. 2 993 682.02

Bruttohagnaður af þessari vörusölu virðist hafa verið kr. 467 791.01, en það er ca. 18½ % af innkaupsverði varanna. Nettohagnaður virðist hins vegar samkvæmt færslum

		Tap		Hagnaður
1940			kr.	1 680.37
1941	kr.	205 890.31		
1942—1943			—	642 457.82
einkaúttekt 1941 .	—	32 485.89		
—— 1942 .	—	14 357.21		
netto hagnaður ..	—	391 404.78		
	Kr.	644 138.19	Kr.	644 138.19

Til að finna út hagnað af verzluninni, má bæta við þetta:

Hagnaður samkvæmt framansögðu	kr.	391 404.78
Fært eigið kaup 1940	—	10 800.00
— — — 1941	—	18 000.00
Vörur afhentar hrl. Lárusi Jóhannessyni við gjaldþrot, óbókfært	—	50 321.93
	Kr.	470 526.71

En frá þessu ber að draga:

1. Ófærðar kvittanir fyrir vörugreiðslum í vörzlum hrl. Lárusar Jóhannessonar	kr.	272 945.50	
2. Skuldir vegna vörukaupa samkvæmt kröfulista við gjaldþrot	—	20 304.49	
			kr. 293 249.99
Netto ágóði af heildverzlun			kr. 177 276.72

Allt frá 1939 og fram til gjaldþrots rak ákærði umfangsmiklar húsbyggingar og fasteignasölu. Yfir þessa starfsemi færði ákærði ekkert bókhald. En endurskoðandi búsins hefur reiknað samkvæmt nótum og reikningum, sem fundust í vörzlum ákærða við

gjaldþrot, svo og samkvæmt eigin játningum ákærða um sumar húseignirnar, sem ber saman við framburð vitna, að hagnaður ákærða af húsbyggingum og fasteignasölu hafi numið kr. 1 218 010.14. Þetta telur ákærði þó mikils til of hátt, og má vera að einhverju skeiki, en það er hafið yfir allan efa, að ákærði hefur haft mjög mikinn hagnað af fasteignunum.

Eins og áður segir, rak ákærði ýmist einn eða í félagi við aðra eftirtaldar smásöluverzlanir:

Windsor-magasin, Laugavegi 8 og Vesturgötu 2.
Perlubúðina, Vesturgötu 39.
Sportvörugerðina, Hverfisgötu 50.
Astor, Laugavegi 8.

Í bókum ákærða eru ekki færðar neinar stofnfjárgreiðslur til þessara fyrirtækja. En í bókum fyrirtækjanna eru færðar nokkrar innborganir frá ákærða. Ekki er heldur hægt að sjá af bókum ákærða, að hann hafi haft nokkurn hagnað af rekstri þessara fyrirtækja. En samkvæmt viðskiptareikningi ákærða hjá Lárusi Jóhannessyni hrl. virðist Windsor-magasin hafa greitt til ákærða kr. 74098.57 umfram það, sem Lárus greiddi vegna Windsormagasin, og við gjaldþrot voru Lárusi afhentar vörur frá Windsor til greiðslu á skuldum ákærða við Lárus, kr. 86143.00.

Á þessum árum keypti og seldi ákærði nokkrar bifreiðar, og reiknar endurskoðandi búsins samkvæmt þeim upplýsingum, sem eru fyrir hendi, að ákærði hafi tapað kr. 17135.15 á þessum viðskiptum.

Auk þessa eru upplýsingar um kostnaðargreiðslur og skaðabætur, sumar vegna verzlunarrekstrar ákærða, aðrar vegna fasteignasölu ákærða, og enn aðrar persónulegar greiðslur og skattar.

Þessar greiðslur eru:

Ófærðir vanskilavextir viðskiptamanna 1941 ...	kr.	1 301.60
— —— —— 1942 ...	—	3 912.40
— vextir, greiddir bönkunum	—	55 831.67
— vanskilavextir, greiddir Útvegsbankanum eftir gjaldþrot	—	2 261.25
— vanskilavextir, greiddir Útvegsbankanum	—	59.20
— kostnaður, greiddur Lárusi Jóhannessyni	—	48 826.20
— — — Gústaf Ólafssyni ..	—	4 397.75
— — samkvæmt lýstum forgangskröfum	—	596 552.89
— — samkvæmt almennum kröfum	—	35 256.65
— skaðabætur samkvæmt almennum kröfum	—	41 724.00
	Kr.	790 123.61

Frá dregst:			
Innborgaðir vextir frá Útvegsbankanum	kr.	367.28	
Innborgaðir vextir frá Lárusi Jóhannessyni	—	1 408.14	
			kr. 1 775.42
			Kr. 788 348.19

Við gjaldþrot voru húsgögn ákærða seld fyrir kr. 10 902.77, en innkaup þeirra eru falin í einkaúttekt ákærða.

Samkvæmt þessu hefði ákærði átt að eiga við gjaldþrot:

Ágóða af heildverzlun	kr.	177 276.72
Greitt til Lárusar Jóhannessonar vegna ákærða frá Windsor Magasin	—	74 098.57
Vörur frá Windsor Magasin, afhentar Lárusi Jóhannessyni upp í skuldir ákærða	—	86 143.00
Hagnaður af fasteignasölu	—	1 218 010.14
Húsgögn, söluverð	—	10 902.77
	Kr.	1 566 431.20
Frá dregst:		
Tap á bílum ..... kr. 17 135.15		
Ófærður kostnaður og skaðabætur ..... — 788 348.19		
	kr.	805 483.34
Netto-eign hefði átt að vera	kr.	760 947.86

Endurskoðandi búsins lætur fylgja þessari niðurstöðu athugasemdir í 12 liðum, þar sem bent er á ýmis atriði, sem ekkert er bókfært um, sem líklegt er, að orkað hafi á fjárhag ákærða bæði til hags og óhags. Þykir eigi ástæða til að rekja athugasemdir þessar í einstökum atriðum, en þær hníga í þá átt, að ótaldir séu í bókfærslu ákærða verulegir útgjaldaliðir, eins og fjárhagurinn við gjaldþrot ljóst sýnir, að hlýtur að vera.

Ákærði telur, að auk þessa séu kvittanir, að upphæð kr. 102931.56, sem voru í vörzlum hans við gjaldþrot fyrir greiðslum, sem engin verðmæti hafi komið fyrir, eða greiðslur fyrir verðmæti, sem búið var að telja búinu til tekna, án þess að það hafi verið skuldað fyrir greiðslunum.

Við gjaldþrot vantaði ákærða hins vegar kr. 1345066.94 til þess að eiga fyrir skuldum, og munar það kr. 2106014.80 frá því, sem endurskoðandi búsins telur, að átt hefði að vera. Upp í þenna mismun koma útistandandi skuldir, sem í bókum eru taldar kr. 1094980.72, en að sögn ákærða voru þær að mestu leyti greiddar honum fyrir gjaldþrot, og eru þær því ekki verðmæti í búinu nema að mjög litlu leyti.

Enn fremur voru í vörzlum ákærða viðskiptamannavíxlar, að nafnverði kr. 3254455.84. En ákærði taldi, þegar honum voru sýndir þessir víxlar, að aðeins ca. kr. 40 þúsund væru ógreiddir.

Af framanskráðu er augljóst, að bókfærsla ákærða hefur verið svo ófullkomin, að hún hefur sýnt mjög ranga mynd af raunverulegum hag hans. Er því eigi unnt að leggja hana til grundvallar, þegar dæma skal um, hvenær ákærði sá gjaldþrot sitt fyrir. Hinn afar slæmi fjárhagur hans við gjaldþrotið hefur átt sér alllangan aðdraganda, því að ekki er upplýst um neitt einstakt atriði á síðustu mánuðum fyrir gjaldþrotið, er hafi eyðilagt fjárhag ákærða. Það er upplýst, að hann komst í greiðsluvandræði snemma á sumri 1942, og við álagningu opinberra gjalda þá um vorið var honum gert að greiða til ríkis og bæjar samtals kr. 500549.60. Er sú upphæð talin með forgangskröfum hér að framan.

Ákærði heldur því fram, að hann hafi ekki séð gjaldþrot sitt fyrir, og telur jafnvel í fyrsta réttarhaldi rannsóknarinnar, að hann eigi enn fyrir skuldum þrátt fyrir gjaldþrotið. Er slíkt hin mesta fjarstæða, eins og áður segir, og verður að álíta, að ákærði hafi séð gjaldþrot sitt fyrir nokkurn tíma fyrir gjaldþrot. Eigi verður með vissu um það sagt, hve löngu fyrir gjaldþrotið hann sá það fyrir, en sennilegast er, að það hafi verið, er hann fékk vitneskju um þau opinberu gjöld, er á hann voru lögð 1942, eða upp úr því, þ. e. a. s. snemmsumars 1942. Verður að ganga út frá, að svo hafi verið. Þar sem hann gaf sig eigi upp sem gjaldþrota fyrr en áður segir, hefur hann því gerzt brotlegur við 5. málsgrein 1. gr. sbr. 39. gr. gjaldþrotaskiptalaganna nr. 25 14. júní 1929.

Sala verzlunarinnar Astor.

Ákærði Guðmundur Holberg hafði um nokkurra ára skeið allmikil viðskipti við Ólaf Magnússon kaupmann, Flókagötu 18 hér í bæ. Þau hófust 1938 eða 1939 með því, að Ólafur keypti smávíxla af ákærða. Síðar tók hann að lána ákærða fé til húsabygginga, sem tryggt var með 2. veðrétti í húseignunum. Varð það svo úr, að Ólafur fór að kaupa af ákærða víxla og ávísanir í stórum stíl, og þá oft á þann hátt, að hann greiddi andvirði þeirra ekki í peningum, heldur með víxlum, sem hann samþykkti sjálfur, en ákærði síðan seldi, og voru þeir víxlar venjulega gjaldkræfir nokkru síðar en víxlar þeir, sem ákærði lét Ólaf fá. Enn fremur keypti Ólafur af ákærða ýmis veðskuldabréf og víxla, tryggða með fasteignaveðum, og lánaði honum fé út á slík verðmæti. Loks aðstoðaði hann ákærða við innlausn farmskírteina yfir vörur, sem hann hafði pantað, en hafði ekki fé til að innleysa, og fékk þá um leið farmskírteinin í hendur. Vegna allra þessara viðskipta var svo komið vorið 1942, að ákærði skuldaði Ólafi um 300 þúsund krónur, en þess ber að geta, að báðir aðiljar

höfðu ekkert eða mjög ómerkilegt bókhald um viðskipti sín. Þegar hér var komið, dró Ólafur að sér höndina um lánveitingar til ákærða og tók að krefja hann um tryggingar fyrir skuldunum. Var það sérstaklega að áeggjan Haralds sonar síns, sem hafði ótrú á fjárhagsstyrkleika og viðskiptahæfi ákærða, að Ólafur tók þetta skref. Hann fékk nú hrl. Ólaf Þorgrímsson til að ganga í mál þetta fyrir sig, og eftir að ýmsir möguleikar höfðu komið til orða um lausn málsins, varð það úr, að Ólafur keypti verzlunina Astor, og skal þeirri sölu nú nánar lýst.

Ákærði Guðmundur Holberg heldur því fram, að ákærði Brynjólfur hafi átt verzlun þessa, en skuldað heildverzlun sinni á annað hundrað þúsund krónur, þegar hér var komið. Eignarréttur ákærða Brynjólfs á þó eigi stoð í veruleikanum, eins og áður er tekið fram, og er því áður slegið föstu, að ákærði Guðmundur Holberg hafi raunverulega átt verzlun þessa. Ákærði Guðmundur Holberg samdi nú svo um, að verzlunin skyldi seld Ólafi Magnússyni, og var það gert með sölu- og afsalsbréfi, dagsettu 17. desember 1942, undirrituðu af ákærða Brynjólfi. Er verzlunin þar seld Ólafi með öllum vörubirgðum, verzlunaráhöldum og öllu, er verzluninni tilheyrir, fyrir 200 þúsund krónur. Telur seljandi í afsalsbréfinu, að vörubirgðir verzlunarinnar séu við afhendingu um 200 þúsund króna virði, en það, sem kynni að vanta upp á þessa upphæð við vörutalningu um næstu áramót, skuldbatt hann sig að bæta með vörum eftir vali kaupanda, þannig að allar vörubirgðir verzlunarinnar, miðað við kaupdag, séu 200 þúsund króna virði, miðað við útsöluverð að frádregnum 25%. Í afsalsbréfinu er tekið fram, að kaupverðið sé að fullu greitt við undirskrift þess, en ekki nánar greint, hvernig þeirri greiðslu var háttað. Hins vegar er upplýst, að Ólafur greiddi ákærða kr. 50000.00 í peningum, en hinn hluti andvirðisins, kr. 150000.00, gekk til greiðslu skulda ákærða við Ólaf. Við vörutalningu, sem fram fór strax eftir nýár, kom í ljós, að vörubirgðir verzlunarinnar voru allmiklu, eða um 50 þúsund krónum, minni en áætlað hafði verið, og bætti ákærði það að nokkru leyti upp með afhendingu nýrra vara til Ólafs, að verðmæti kr. 47000.00.

Eftir að gjaldþrotaskipti hófust, fór þrotabúið í riftunarmál við Ólaf Magnússon út af sölu Astor, og með dómi bæjarþings Reykjavíkur í því máli, upp kveðnum 9. febrúar s. l., var salan ógilt og Ólafur skyldaður til að skila hinu keypta, en búið til að endurgreiða honum 50 þúsund krónurnar.

Eins og tekið er fram í kaflanum að framan um ákæruna fyrir brot gegn gjaldþrotaskiptalögunum, sá ákærði það fyrir, áður en sala verzlunarinnar Astor fór fram, að hann mundi ekki geta greitt skuldir sínar að fullu. Með sölu verzlunarinnar og með því að greiða þannig tiltölulega háa gjaldkræfa skuld sína, þegar

hann sá gjaldþrotið fyrir, og þannig að ívilna einum skuldheimtumanna sinna hefur hann gerzt brotlegur við 250. gr. 4. tölulið almennra hegningarlaga.

Þegar Astorsalan fór fram, var ákærða Brynjólfi, sem var manna kunnugastur högum ákærða Guðmundar Holbergs, þó ákærði Guðmundur Holberg segði honum að vísu aldrei, hvernig fjárhag sínum væri komið, kunnugt um, að ákærði Guðmundur Holberg hafði verið í megnum greiðsluvandræðum í marga mánuði, eða frá vorinu 1942, enda kveður hann engan starfsfrið hafa verið í heildverzluninni síðustu mánuðina fyrir gjaldþrotið fyrir ásókn skuldheimtumanna. Einnig var honum kunnugt um hin háu opinberu gjöld, er lögð voru á ákærða Guðmund Holberg árið 1942. Þá hefur ákærði Brynjólfur skýrt svo frá, að verzlunin hafi farið að ganga ver en áður vorið 1942 og að hún hafi verið mjög rýr frá því um haustið og fram að gjaldþroti. Auk þessa var honum kunnugt um hina óbotnandi óreiðu og flækjur í viðskiptum ákærða. Verður af þessu öllu að telja óyggjandi, að honum hafi, þegar Astorsalan fór fram, verið ljóst, að ákærði Guðmundur var á gjaldþrotabarmi, og hefur hann því með þátttöku sinni í sölu verzlunarinnar, sem raunverulega var eigi annað en undirskrift afsalsins, sem talinn eigandi hennar gerzt meðsekur ákærða Guðmundi Holberg í broti hans gegn framangreindu hegningarlagaákvæði. Varðar þessi háttsemi ákærða Brynjólfs því við 250. gr. 4. tölulið, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Sala húseignarinnar Þverholts 7.

Viðskipti ákærða Guðmundar Holbergs og Sigurjóns Jónssonar bankaritara, Þverholti 7, hófust 1940 eða 1941, eftir því sem næst verður komizt.

Árið 1941 seldi ákærði Sigurjóni húseignina Lindargötu 62, en snemma árið 1942 seldi Sigurjón ákærða húseignina Lindargötu 60. Síðar seldi ákærði Sigurjóni húseignirnar Laugaveg 158 og Þverholt 7, en Sigurjón ákærða húseignirnar Bergstaði 2 og Sjónarhól í Mosfellssveit.

Sú sala, er hér kemur til álita, er sala ákærða á húseigninni Þverholti 7.

Sumarið 1942 átti ákærði hús þetta og vildi selja það. Sigurjón hafði áhuga á að kaupa það, og áttu þeir viðtöl um þetta. Endirinn varð sá, að þeir ákváðu í samtali, er fram fór á heimili ákærða, að ákærði seldi Sigurjóni húsið fyrir 135 þúsund krónur. Við eitt eða tvö samtöl þeirra um þetta málefni var Björn Ólafs lögfræðingur staddur sem ráðunautur Sigurjóns. Síðan samdi Björn skjöl öll þessu viðvíkjandi.

Hinn 25. ágúst 1942 afsalaði ákærði Sigurjóni húseign þessari. Í afsalinu er tekið fram, að Sigurjón hafi greitt ákærða kaupverðið

að fullu með því að taka að sér að greiða áhvílandi veðskuldir á 1.—3. veðrétti, samtals að eftirstöðvum kr. 57325.57, með því að gefa út skuldabréf til ákærða með 4. veðrétti í eigninni, að upphæð kr. 9024.25, og loks með því að greiða ákærða eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 68650.21, í peningum. Innifalið í þessari peningagreiðslu var þó um 18 þúsund króna veðskuldabréf, er ákærði tók sem peningagreiðslu. Þegar sala þessi fór fram, var ákærði eigi þinglesin eigandi hússins, heldur Sigurður Jóhannsson ishússtjóri í Ólafsvík. Hafði Eyjólfur Jóhannsson, bróðir Sigurðar, á sínum tíma selt ákærða húsið, en skort skriflegt umboð til þess, og fór þinglýsing eigi fram. Umboð Sigurðar fékkst svo 12. janúar 1943 fyrir milligöngu Björns Ólafs. Þegar afsalsbréf ákærða Sigurjóni til handa var undirritað, hvíldu eigi önnur þinglýst veðbönd á eigninni en þau, er Sigurjón tók að sér samkvæmt framansögðu að standa straum af. Hinn 21. júlí 1942, eða rúmum mánuði áður en hann afsalaði Sigurjóni eigninni, gaf ákærði út tryggingarbréf í eigninni til handhafa 80 þúsund króna víxils og afhenti það og víxilinn sama dag hrl. Garðari Þorsteinssyni, sem hann hafði mjög mikil viðskipti við. Kveðst ákærði hafa látið hæstaréttarlögmanninn fá bréfið sem bráðabirgðatryggingu fyrir skuldum sínum við hann, en hæstaréttarlögmaðurinn telur sig hafa fengið bréfið til eignar. Hvort heldur var, skiptir ekki máli hér.

Sama dag og ákærði gaf út tryggingarbréfið og hæstaréttarlögmaðurinn fékk það í hendur, kom sá síðarnefndi því til fulltrúa lögmanns til þinglestrar. Heldur hæstaréttarlögmaðurinn því fram, að ákærði hafi beðið sig að láta ekki þinglýsa bréfinu strax, og hafi hann (hrl.) því sagt lögmannsfulltrúanum, að hann réði því, hvort hann innritaði bréfið til þinglýsingar fyrr eða síðar, en hann skyldi gæta þess, að láta bréfið ganga á undan öðrum skjölum, er berast kynnu varðandi eignina. Þessum orðum kveðst lögmannsfulltrúinn ekki muna eftir, en mótmælir þeim þó ekki. Jafnframt því sem hæstaréttarlögmaðurinn afhenti lögmannsfulltrúanum þetta bréf, afhenti hann honum tvö önnur skjöl til þinglestrar, þar á meðal 150 þúsund króna handhafatryggingarbréf í húseign ákærða Mánagötu 22, sem ákærði hafði gefið út sama dag og látið hæstaréttarlögmanninn fá á sama hátt og tryggingarbréfið í Þverholti 7. Lögmannsfulltrúinn gleymdi að þinglýsa skjölum þessum þar til 17. september 1942, eða tæpum mánuði eftir, að ákærði afsalaði Sigurjóni eigninni. Sigurjón hefur staðfastlega haldið því fram undir allri rannsókn málsins, að ákærði hafi ekki skýrt sér frá 80 þúsund króna tryggingarbréfinu í Þverholti 7 í samningum þeirra um eignina og að hann hafi ekki haft hugmynd um veðsetningu þessa, fyrr en Björn Ólafs skýrði honum frá henni í símtali um mánaðamótin nóvember og desember 1942. Að þessu hefur Sigurjón unnið

drengskaparheit, og á veðsetningu þessa er ekki minnzt í afsalsbréfi því, er ákærði gaf Sigurjóni fyrir eigninni. Björn Ólafs hefur borið það sem vitni í málinu, að hann hafi aldrei heyrt ákærða eða Sigurjón minnast á veðsetningu þessa í þau sennilega tvö skipti, er hann heyrði þá tala um þetta mál, áður en afsalið fór fram, en um mánaðamót nóvember og desember 1942 kveðst hann hafa orðið þess var, að tryggingarbréfinu hafði verið þinglýst, og þá einum eða tveimur dögum síðar tilkynnt Sigurjóni þetta. Hafi Sigurjón þá orðið mjög undrandi á þessu og hafi hann ætíð haldið því fram við sig, að ákærði hafi aldrei skýrt sér frá veðbandi þessu. Sigurjón heldur því fram, eins og áður segir, að ákærði hafi ekki minnzt á þetta við sig einu orði fyrir húsakaupin eða eftir þau, fyrr en Sigurjón talaði við hann um þetta, eftir að Björn skýrði honum frá veðsetningunni. Hefur hann tekið fram, að hefði hann haft vitneskju um veðsetninguna, áður en kaupin voru ráðin, hefði hann aldrei keypt eignina eða þá að minnsta kosti látið útborgunina ganga til handhafa tryggingarbréfsins.

Ákærði heldur því fram, að hann hafi í samtali við Sigurjón eitt sinn heima hjá sér, áður en kaupin fóru fram, skýrt honum frá tryggingarbréfinu og að það lægi hjá Garðari Þorsteinssyni hæstaréttarlögmanni í sambandi við víxlaviðskipti sín við hann. Kveðst hann hafa tekið fram, að hann teldi bréfið vera að veði fyrir 40 þúsund króna skuld og að hann mundi sjá um aflýsingu þess — en hann hafi þá ekki vitað, hvort því hefði verið þinglýst — en tækist sér þetta ekki, yrðu kaupin að ganga til baka. Hafi þeir þó báðir gert ráð fyrir, að til þess kæmi ekki. Síðar kveðst hann og hafa drepið á þetta í viðtali við Sigurjón. Vitni segir hann engin hafa verið að samtölum þessum, og hann kveðst ekki hafa minnzt á þetta við Björn Ólafs eða í hans áheyrn. Ákærði hefur skýrt allýtarlega frá samtali sínu og Sigurjóns, þegar þeir ræddu kaupin, og hann kveðst hafa sagt honum frá tryggingarbréfinu og lýst, hvar þeir voru í stofunni og ýmsum öðrum smáatriðum. Hefur Sigurjón staðfest, að ákærði skýri rétt frá þessu að öðru leyti en um frásögnina um tryggingarbréfið. Í viðtölum þeirra, er fóru á undan samningunum um eignina, kom meðal annars til tals, að Sigurjón keypti Mánagötu 22 af ákærða, og eru þeir á einu máli um, að ákærði hafi í því sambandi sagt Sigurjóni frá 150 þúsund króna tryggingarbréfinu í þeirri eign, er hrl. Garðar Þorsteinsson fékk samtímis Þverholtsbréfinu. Er því haldið fram af ákærða hálfu, að þetta bendi óneitanlega til þess, að hann hafi einnig skýrt Sigurjóni frá Þverholtsbréfinu, sem eins eða mjög svipað stóð á og með Mánagötubréfið. Auk þess er á það bent af ákærða hálfu, að fyrri húsaviðskipti hans og Sigurjóns hafi verið laus í formi og braskkennd á báða bóga og að ákærði hafi í sam-

bandi við þau séð um lausnir veðbanda eftir afsal, án þess að á veðböndin væri minnzt í afsali, heldur hafi það verið samkvæmt munnlegu viðtali.

Björn Ólafs hefur borið sem vitni, að hann hafi einum eða tveimur dögum eftir, að hann fékk vitneskju um 80 þúsund króna tryggingarbréfið, talað við ákærða í síma um málið og hafi ákærði þá ekki minnzt á, að hann hefði skýrt Sigurjóni frá veðinu, áður en hann gaf honum afsal fyrir eigninni. Hinn 3. desember 1942, eftir því sem næst verður komizt, fóru þeir Sigurjón og Björn báðir saman á fund ákærða til að ræða mál þetta. Spurði þá Sigurjón ákærða, hverju þetta sætti, og krafðist tafarlausrar aflýsingar tryggingarbréfsins. Ákærði hélt því fram í þessu samtali, að hann hefði sagt Sigurjóni frá bréfinu áður, en Sigurjón mótmælti því þá strax mjög kröftuglega, og kveður Björn Sigurjón hafa hótað ákærða kæru. Ber Sigurjón, að ákærði hafi virzt fallast á þessi mótmæli sín, en Björn ber, að ákærði hafi við mótmæli Sigurjóns og skammir dregið úr því, sem hann áður hafði sagt, án þess þó að taka það aftur, og hafi hann þá farið að tala um möguleika á að gera Sigurjón skaðlausan af tryggingarbréfinu. Varð það síðan úr, að ákærði setti Sigurjóni nokkrar tryggingar vegna margnefnds bréfs.

Hafa nú verið rakin öll höfuðatriði um, hvort ákærði hafi leynt Sigurjón tryggingarbréfinu, er þeir sömdu um húsakaupin og skjalfestu þau. Annars vegar er hin eindregna neitun ákærða, og hnígur það til stuðnings henni, að hann hafði skýrt Sigurjóni frá Mánagötubréfinu og að fyrri húsaviðskipti þeirra höfðu verið laus í formi. Hins vegar er framburður Sigurjóns, og hefur hann staðfest höfuðatriði hans með drengskaparorði. Mjög er sá framburður studdur af framburði vitnisins Björns Ólafs, og enn fremur mælir öll skynsemi með því, að Sigurjón hefði eigi gengið að kaupunum, eins og þau voru úr garði gerð, hefði hann haft vitneskju um tryggingarbréfið. Loks styður hin hóflausa óreiða og sukk í viðskiptum ákærða framburð Sigurjóns og að, þegar salan fer fram, er mjög farið að halla undan fæti um fjárhag ákærða. Að öllu athuguðu verður að líta svo á, að nægilega sé sannað, að ákærði hafi eigi skýrt Sigurjóni frá tryggingarbréfinu, áður en hann seldi honum Þverholt 7, og hefur ákærði með því gerzt brotlegur við 248. gr. alm. hegningarlaga.

Handveðsetning 350 þúsund króna tryggingarbréfs í Hótel Heklu o. fl.

Eins og fram er tekið í næsta kafla hér á undan, krafði Sigurjón Jónsson ákærða hinn 3. desember 1942, eftir því sem næst verður komizt, trygginga vegna 80 þúsund króna tryggingarbréfsins í Þverholti 7. Varð það þá að samkomulagi, að ákærði fengi frest til 15. janúar 1943 til að afhenda Sigurjóni margnefnt 80

þúsund króna bréf, enda setti hann þá jafnframt Sigurjóni að handveði til tryggingar skaðleysi af 80 þúsund króna bréfinu og 5000 króna víxli, er Sigurjón keypti þá samtímis af ákærða, útgefnum 3. des. 1943, og á gjalddaga 15. janúar 1944, þessi verðbréf:

1. Tryggingarbréf með víxli til handhafa, tryggt með 4. veðrétti í Hótel Heklu. Víxillinn að upphæð kr. 350000.00.
2. Áðurnefnt 4. veðréttar skuldabréf í Þverholti 7, að upphæð kr. 9024.22.

Afhenti ákærði Sigurjóni bréf þessi sem handveð samkvæmt framansögðu. Fresturinn til 15. janúar leið, án þess að ákærða tækist að losa 80 þúsund króna veðbandið af Þverholti 7. Varð það þá úr, að hann lét Sigurjón, hinn 25. janúar 1943, eða tveimur dögum fyrir gjaldþrot, hafa til frekari tryggingar skaðleysi sínu þessi verðbréf:

1. Tryggingarbréf með víxli til handhafa, tryggt með 3. veðrétti í Svanastöðum í Mosfellssveit. Víxillinn að upphæð kr. 45000.00.
2. Tryggingarbréf með víxli til handhafa, tryggt með 3. veðrétti í Grjótlæk í Stokkseyrarhreppi. Víxillinn að upphæð kr. 20000.00.

Um þessi tvö síðastnefndu bréf má segja, að þau hafi raunverulega verið mjög lítils virði vegna veðskulda, er hvíldu á eignunum á fyrri veðréttum. Þegar ákærði lét Sigurjón fá nefnd fjögur bréf að handveði, sá hann gjaldþrot sitt fyrir, eins og áður er tekið fram, og varðar því handveðsetningin hann refsingu samkvæmt 250. gr. 4. tölulið almennra hegningarlaga.

Um hið fyrrstnefnda bréf, 350 þúsund króna 4. veðréttartryggingarbréf í Hótel Heklu, skal þetta tekið fram. Félagið Hótel Hekla h/f átti húseignina Hótel Heklu, en í félagsstjórninni voru báðir hinir ákærðu og Margrét Árnadóttir frú, og var ákærði Guðmundur Holberg formaður stjórnarinnar, en ákærði Brynjólfur ritari. Bréfið er dagsett 15. nóvember 1942 og undirritað af ákærða Guðmundi Holberg einum sem einstaklingi, og var upphaflega að sögn beggja ákærðu útbúið í þeim tilgangi að fá út á það fé til endurbóta á hótelinu. Nú kveður ákærði Guðmundur Holberg það hafa verið fyrirsjáanlegt, að félagið þyrfti ekki að nota bréfið fyrst um sinn, og hafi það því orðið að samkomulagi milli meiri hluta félagsstjórnarinnar, þ. e. beggja ákærðu, að ákærði Guðmundur Holberg mætti nota bréfið til eigin þarfa um nokkurra mánaða skeið. Ákærði Brynjólfur kveður ákærða Guðmund Holberg hafa spurt sig, hvort hann mætti ekki nota bréfið í eigin þarfir, meðan þeir hlutir, sem fá ætti til hótelsins, fengjust ekki, og kveðst hann hafa fallizt á það.

Á tryggingarbréfið rita báðir ákærðu sem stjórnarmenn Hótel Heklu h/f samþykki á veðsetningunni, og minnir ákærða Brynjólf,

að veðleyfi þetta væri ritað á bréfið, um leið og Sigurjóni var afhent það, og fullyrðir Björn Ólafs, að svo hafi verið, og mjög á sömu lund er frásögn Sigurjóns um þetta. Ákærði Brynjólfur var viðstaddur afhendingu tryggingarbréfsins í hendur Sigurjóni og gerði hann engar athugasemdir við hana, enda hafði hann, sem áður segir, samþykkt, að ákærði Guðmundur Holberg mætti ráðstafa því í eigin þarfir. Verður að telja, að ákærðu hafi með þessari ráðstöfun misnotað aðstöðu sína gagnvart nefndu hlutafélagi á þann veg, að refsingu eigi að varða samkvæmt 249. gr. hegningarlaganna.

Viðskipti við Sverri Bernhöft stórkaupmann.

Viðskipti ákærða Guðmundar Holbergs og Sverris Bernhöfts stórkaupmanns, Kjartansgötu 6 hér í bæ, hófust um mitt árið 1940. Keypti ákærði talsvert af vörum af Sverri, og hefur Sverrir skýrt svo frá greiðslum ákærða, að hann hafi staðið mjög vel í skilum, þar til snemma á sumri 1942, en þá hafi skipt svo um, að hann hafi alls ekkert greitt eftir það. Við gjaldþrotið skuldaði ákærði Sverri kr. 67000.00 í gjaldföllnum vöruvíxlum auk kostnaðar og kr. 55000.00 í ógjaldföllnum vöruvíxlum og auk þess þá 12000 króna ávísun, er síðar verður að vikið. Um þetta eru þeir Sverrir og ákærði á einu máli í rannsókninni, en kröfulýsing Sverris í búið er allmiklu lægri en áðurnefndar skuldir samanlagðar. Sverrir leysti hina gjaldföllnu vöruvíxla til sín úr bönkunum í ágúst 1942 og krafði síðan ákærða hvað eftir annað um greiðslu þeirra, en án árangurs. Kom nú til tals milli þeirra, að Sverrir keypti hús af ákærða og fengi með því greiðslu víxilskuldanna, og mun það hafa verið seint í ágúst, sem hugmynd þessi komst á það stig, að ákveðið var, að Sverrir keypti Mánagötu 22 af ákærða fyrir kr. 187000.00, og gerðu þeir um þetta kaupsamning, dagsettan 10. september 1942. Er svo ákveðið í kaupsamningnum, að kaupandi taki að sér að greiða áhvílandi 1. veðréttarlán á eigninni, kr. 39000.00, greiði kr. 30000.00 í peningum við útgáfu afsals, greiði kr. 68000.00 með víxlum, samþykktum af ákærða, og gefi út við afhendingu afsals skuldabréf, að upphæð kr. 50000.00. Í samningnum er ákveðið, að kaupin miðist við 1. október 1942 og að þá skuli afsal gefið út gegn uppfyllingu samningsins af kaupanda hálfu.

Hinn 21. júlí 1942 hafði ákærði gefið út tryggingarbréf með II. veðrétti í eigninni fyrir víxli, að upphæð kr. 150000.00, og hafði hann handveðsett skjöl þessi hrl. Garðari Þorsteinssyni til tryggingar víxilskuldum, en af sömu ástæðu og það dróst að þinglýsa 80 þúsund króna tryggingarbréfinu í Þverholti 7, dróst þar til 17. september 1942 að þinglýsa þessu tryggingarbréfi. Sverrir heldur því nú fram, að ákærði hafi ekki sagt sér frá þessari veðsetningu

og að hann hafi ekkert um hana vitað, fyrr en ganga skyldi endanlega frá kaupunum með útgáfu afsals, en þessu hefur ákærði mótmælt og haldið því fram, að hann hafi skýrt Sverri frá veðsetningunni, þegar þeir ákváðu kaupin. Þeir eru sammála um, að kaupin hafi verið ráðin eitt sinn í stuttu samtali heima hjá ákærða og hafi engin vitni verið að því. Þá ræddu þeir um kjör þau, er áður eru rakin, og kveðst ákærði hafa sagt Sverri, að eignin yrði afhent honum einungis með áhvílandi 1. veðréttarskuldinni, kr. 39000.00, en jafnframt kveðst hann hafa skýrt frá því, að hann hefði notað II. veðrétt í eigninni sem baktryggingu fyrir víxlareikningi hjá kunningja sínum, en hafi hvorki nefnt upphæð reikningsins né nafn kunningjans né hvernig þessari veðsetningu væri nánar háttað. Kveðst ákærði hafa sagzt mundu gera nýjan samning við þenna kunningja sinn, svo af kaupunum gæti orðið. Út á þetta segir hann Sverri ekkert hafa gefið og að ekkert hafi nánar verið rætt um þetta sérstaklega, nema að Sverrir hafi spurt sig, hverjum hann skuldaði víxlareikninginn, en hann (ákærði) hafi sagzt ekki vilja skýra honum frá því að svo stöddu, en mundi skýra honum frá því síðar. Sverrir ber, að hann minnist þess ekki, að ákærði skýrði sér nokkurn tíma eða á nokkurn hátt frá þessari veðsetningu, fyrr en ætlunin var að gefa út afsalið, og hefur hann staðfest þenna framburð sinn með eiði.

Síðan var það eitt sinn í október, 20. október, eftir því sem hrl. Kristján Guðlaugsson minnir, að þeir hittust ákærði og Sverrir í þeim tilgangi að ganga endanlega frá kaupunum. Með Sverri var málflutningsmaður hans, hrl. Kristján Guðlaugsson. Bera þeir Kristján og Sverrir, að ákærði hafi þá skýrt frá því, að um 100 þúsund krónur hvíldi á II. veðrétti eignarinnar vegna víxilskulda. Hefur Kristján borið, að þessar upplýsingar hafi, eftir því sem sér virtist, komið Sverri algerlega á óvart, og minnist hann ekki neinna atvika, er gætu bent til þess, að Sverri hafi verið kunnugt um það áður, að veðband þetta hvíldi á eigninni. Ákærði kveðst á fundi þessum hafa sagt, að hann gæti ekki gengið frá kaupunum, fyrr en hann hefði komizt að samningum við hrl. Garðar Þorsteinsson um 150 þúsund króna II. veðréttar tryggingarbréfið. Á þessum fundi slitnaði ekki með öllu upp úr kaupunum, heldur veitti Sverrir fyrir atbeina Kristjáns ákærða frest til að ganga frá málinu á þeim grundvelli, sem ákveðinn var í kaupsamningnum. Þetta gerði þó ákærði ekki, og riftaði því Sverrir kaupunum með bréfi, dagsettu 28. október 1942.

Fulltrúi hrl. Kristjáns Guðlaugssonar, Jón Norðmann Sigurðsson lögfræðingur, samdi kaupsamninginn samkvæmt upplýsingum frá Sverri og átti oft viðtöl við hann um kaupin bæði fyrir og eftir samningsgerðina. Ber Jón, að Sverrir hafa aldrei fyrir samningsgerðina minnzt á við sig, að hann hefði vitneskju um, að

önnur veð hvíldu á eigninni en það, sem í kaupsamningnum er greint. Í réttarhaldi 10. marz 1943 skýrir Hafliði Halldórsson, forstjóri Gamla Bíós h/f, frá því sem vitni, að Sverrir hafi talað við sig annað hvort í júlí eða ágúst 1942 og spurt sig, hvort hrl. Garðar Þorsteinsson mundi eiga veð í einhverju húsi við Mánagötu. Hafi Hafliði svarað því til, að sér væri þetta ókunnugt, og skyldi Sverrir snúa sér um þetta til Garðars. Í réttarhaldi 31. marz s. l. var Hafliði spurður, hvort hann muni þá nánar en áður, hvenær þetta gerðist. Svaraði hann því þá svo, að sér hafi verið kunnugt, þegar Garðar fékk veð í Mánagötuhúsinu, en muni ekki, hvenær það var, því að hann hafi ekki sett það á sig, en það hafi verið einhvern tíma síðar, sem Sverrir spurði sig um þetta. Hyggur hann, að það hafi ekki verið löngu síðar.

Sérstaklega vegna þessa vitnisburðar Hafliða þykir viðurhlutamikið að telja sannað gegn eindreginni neitun ákærða, að hann hafi leynt Sverri veðinu fyrir undirskrift kaupsamningsins. Hugsanlegt er, að farið hafi fram hjá Sverri í hinu stutta samtali hans og ákærða eða gleymzt honum síðar hin tölulausa og nafnlausa frásögn ákærða um, að eignin væri baktrygging fyrir víxlareikningi hjá kunningja sínum. Verður ákærði eigi sakfelldur fyrir þetta atriði. Hins vegar hefur ákærði við undirskrift kaupsamningsins séð gjaldþrot sitt fyrir og því með honum gerzt brotlegur við 250. gr., 4. tölulið, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Annað atriði úr viðskiptum ákærða og Sverris Bernhöfs kemur hér til athugunar, en það er 12000 króna tékkávísunin, sem áður er nefnd.

Sverrir skýrir svo frá ávísun þessari, að ákærði hafi eitt sinn haustið 1942 komið til sín á skrifstofuna og beðið sig að gera sér þann greiða að láta sig fá 12000 krónur upp í þær 30000 krónur, sem Sverrir ætti að greiða sér eftir nokkra daga, þegar gengið yrði frá húsakaupunum. Sverrir gerði þetta og afhenti ákærða féð, en fékk í staðinn frá ákærða tékkávísun fyrir sömu upphæð á reikningslán nr. 805 við Útvegsbanka Íslands h/f, sem ákærði ritaði um leið. Er ávísun þessi, dagsett 9. október 1942, lögð fram sem lögregluréttarskjal nr. 17. Um þessa ávísun kveður Sverrir ekki hafa verið annað talað í þetta sinn þeirra á milli en að Sverrir hefði hana í höndum, þar til húsakaupin yrðu útkljáð, en þá skyldi hún afhendast ákærða ásamt 18 þúsund krónum sem fullnaðargreiðsla hinnar umsömdu 30000 króna peningagreiðslu. Ekki kveðst Sverrir hafa spurt ákærða, hvort innstæða væri til fyrir ávísuninni, og hann hefur unnið eið að því, að ákærði hafi við afhendingu ávísunarinnar ekki minnzt á, að innstæða væri ekki fyrir henni né að ekki mætti framvísa henni í bankanum. Lét nú Sverrir ávísunina liggja í sjóði hjá sér, þar til mjög skömmu eftir, að slitnaði upp úr húsakaupunum. Þá spurðist hann fyrir

um það í Útvegsbankanum, hvort innstæða væri fyrir henni, en fékk neitandi svar. Síðan afhenti hann hrl. Kristjáni Guðlaugssyni hana til innheimtu, og fékk hann ákærða dæmdan til greiðslu hennar, en greiðsla hafði engin fengizt við gjaldþrot. Hrl. Kristján Guðlaugsson hefur borið, að Sverrir hafi ekki sagt sér, er þeir ræddu um ávísunina, að ákærði hefði sagt sér, að ekki væri innstæða fyrir henni eða að hann mætti ekki framvísa henni í bankanum. Fulltrúi hrl. Kristjáns Guðlaugssonar, Jón N. Sigurðsson lögfræðingur, annaðist innheimtutilraunir ávísunarinnar. Hefur hann borið, að Sverrir hafi ekkert sagt sér um, að ákærði hefði tekið fram við sig, þegar hann afhenti ávísunina, að ekki mætti framvísa henni í bankanum eða að engin innstæða væri fyrir henni. Hafi Sverrir einmitt sagt vitninu, að hann hefði verið grunlaus um, að ávísunin væri ónýt, þegar hann tók við henni. Jón N. Sigurðsson framvísaði ávísuninni tvisvar eða þrisvar í bankanum, án þess að fá greiðslu, og hinn 18. nóvember 1942 var hún árituð í bankanum um, að næg innstæða væri eigi fyrir henni.

Ákærði skýrir svo frá ávísun þessari.

Nokkrum dögum fyrir 9. október 1942, dagsetningardag ávísunarinnar, bað hann Sverri í símtali um 12—15 þúsund króna lán til nokkurra daga. Sverrir kvað það sjálfsagt. Rétt eftir samtalið fór svo ákærði með ritaða ávísunina á skrifstofu Sverris, og afhenti Sverrir honum þar 12000 krónur í peningum, án þess að óska kvittunar eða tryggingar. Tók ákærði þá upp ávísunina og spurði Sverri, hvort ekki væri rétt, að ávísunin lægi í sjóði hjá honum, þar til ákærði endurgreiddi lánið, og féllst Sverrir á það. Kveðst ákærði hafa verið mjög að flýta sér og hafa litið á ávísunina sem kvittun fyrir láninu. Tekur ákærði fram, að þar sem talað hafi verið um, að ávísunin lægi í sjóði hjá Sverri, þar til ákærði greiddi lánið, hafi verið auðvitað, að hún fengist ekki greidd í bankanum, því að ástæðulaust hafi verið fyrir sig að fá lánið, ef hann hefði getað tekið sömu upphæð út úr bankanum. Í þessu sambandi skal þess getið, að ákærði segir þetta hafa gerzt fyrir hádegi, þ. e. á bankatíma, en Sverrir kveður það hafa gerzt að kvöldi, en óupplýst er, hvort réttara er. Þegar ákærði var um það spurður, hvort hann hefði sagt Sverri berum orðum við afhendingu ávísunarinnar, að hún fengist ekki greidd í bankanum, kveðst hann „nú muna“, að hann hafi sagt, að Sverrir mætti ekki framvísa henni í bankanum. Nokkrum dögum síðar mæltist Sverrir til þess, að ákærði greiddi ávísunina, en þá sagði ákærði illa standa á hjá sér með að greiða, og varð það þá að samkomulagi, að ávísunin skyldi bíða og yrði tekin sem greiðsla upp í væntanlegt andvirði Mánagötu 22. Heldur ákærði því fram, að lánið hafi upphaflega verið kunningjalán, óháð Mánagötukaupunum, en síðar hafi það verið tengt við þau. Ákærði hefur viðurkennt, að reikningslánið í Út-

vegsbankanum, sem ávísunin er á, hafi verið í mörg þúsund króna skuld frá sinni hendi, þegar hann gaf ávísunina út, og hafi sér þá verið óheimilt að ávísa á reikningslánið, nema að fá til þess sérstaka yfirdráttarheimild, og hana hafði hann ekki fengið. Hann hefur ekki haldið því fram, að hann hafi beinlínis sagt Sverri, að innstæða væri ekki fyrir ávísuninni. Eftir atvikum þykir óvarlegt að telja sannað, að Sverrir Bernhöft hafi, er hann tók við ávísuninni, verið blekktur um gildi hennar. Hins vegar þykir mega ganga út frá því, að það hafi verið ákærða vitanleg forsenda fyrir lánveitingunni af hendi Sverris, að fjárhæðin endurgreiddist í sambandi við hin fyrirhuguðu húsakaup. Af þeim viðskiptum varð ekki, svo sem áður er lýst, af ástæðum, sem ákærði, er hann fékk lánið, hlaut að sjá fyrir. Varðar þessi lántaka ákærða því við 248. gr. hegningarlaganna.

Viðskipti við Steindór Einarsson bifreiðaeiganda.

Ákærði Guðmundur átti um nokkurt skeið allmikil viðskipti við Steindór Einarsson bifreiðaeiganda, Sólvallagötu 68 hér í bæ. Aðallega voru þetta láns- og víxlaviðskipti, en þó einnig leiga húsnæðis, sala gamalla bifreiða til ákærða o. fl. Framan af stóð ákærði í skilum við Steindór, en þegar kom fram á sumarið 1942, tók hann að lenda í vanskilum. Samkvæmt bókhaldi ákærða, er brýtur ekki í bág við framburði ákærða og Steindórs, greiddi ákærði í vörum til Steindórs upp í skuldir kr. 32667.78 á tímabilinu frá 1. október 1942 til gjaldþrots. Hinn 20. eða 21. september 1942 lét ákærði Steindór fá vöruvíxla, samtals að upphæð kr. 55233.82, og auk þess notuð húsgögn fyrir kr. 3500.00 sem greiðslu eldri skulda. Af víxlum þessum voru víxlar á Windsor Magasin og Sportvörugerðina, samtals að upphæð tæpar 22 þúsund krónur, sem ekki greiddust.

Með framangreindum greiðslum til Steindórs á þeim tíma, er ákærði sá gjaldþrot sitt fyrir, hefur hann brotið 250. gr. 4. mgr. almennra hegningarlaga.

Viðskipti við Sæmund Þórðarson stórkaupmann.

Ákærði Guðmundur Holberg hafði töluverð viðskipti við Sæmund Þórðarson stórkaupmann, Tjarnargötu 10 hér í bæ. Bæði keypti hann vörur af Sæmundi, og einnig höfðu þeir allmikil víxlaviðskipti saman. Voru þau aðallega þannig, að Sænmundur samþykkti víxla fyrir ákærða í greiðaskyni, en ákærði gaf honum jafnframt yfirlýsingar um, að hann væri sá raunverulegi skuldari víxlana. Ákærði seldi síðan víxlana og greiddi þá síðan vel flesta, en suma varð Sæmundur að innleysa, og var ákærði af þessum sökum kominn í talsverða skuld við hann fyrir gjaldþrotið. Til greiðslu á þessari skuld fékk Sæmundur úr heildverzlun ákærða

hinn 8. janúar 1943 vörur fyrir kr. 4417.00 og hinn 15. sama mánaðar vörur fyrir kr. 10580.40. Taldi Sæmundur sig þó eiga að fá afslátt frá þessu verði, en ekki mun það hafa verið fastákveðið frá ákærða hálfu, en líkur til, að svo hefði orðið, hefðu þeir fengið tóm til að gera þetta upp, en fáum dögum eftir síðari afhendinguna varð ákærði gjaldþrota. Sæmundi er ekki ljóst, til greiðslu hvaða víxla vörur þessar áttu að ganga, en hann kveðst, rétt áður en hann fékk þær, hafa orðið að innleysa víxla, sem svo var háttað um, er að framan segir. Með þessari vörugreiðslu til Sæmundar fáum dögum fyrir gjaldþrotið hefur ákærði brotið 250. gr., 4. tölulið, almennra hegningarlaga.

Sala bifreiðarinnar R 1208.

Í marzmánuði 1941 útvegaði hdl. Gústaf Adolf Ólafsson ákærða Guðmundi Holberg 6000 króna lán gegn sex mánaða víxli hjá Sveini Gunnarssyni lækni hér í bæ. Samtímis eða með bréfi, dagsettu 17. marz og þinglýstu 20. s. m., veðsetti ákærði bifreið sína, fólksflutningsbifreiðina R 1208, með 1. veðrétti fyrir víxilskuld þessari. Ákærði greiddi ekki víxilinn á gjalddaga, og varð það þá úr um áramót 1941 og 1942, að héraðsdómslögmaðurinn greiddi lækninum víxilinn, og eignaðist þar með víxilinn með tryggingarbréfinu. Hinn 16. apríl 1942 seldi ákærði Hafliða Halldórssyni forstjóra í Gamla Bíó h/f bifreiðina fyrir 12000 krónur, án þess að skýra honum frá veðsetningunni. Hann heldur því að vísu fram, að hann hafi greitt héraðsdómslögmanninum veðskuldina á tímabilinu 1. febrúar til 1. júlí 1942, en eigi fær sú staðhæfing hans staðizt gegn framburði og gögnum héraðsdómslögmannsins. Með því að selja bifreiðina veðsetta, án þess að gera kaupanda hennar kunnugt um veðið, hefur hann brotið 248. gr. hegningarlaganna.

2000 kr. tékkávísun.

Vorið 1942 stóð Kristján Ingvar Kristjánsson húsgagnabólstrari, Njálsgötu 30 B, í samningum við Kristján Belló Gíslason bifreiðastjóra, Karlagötu 6, sem þá var í þjónustu ákærða Guðmundar Holbergs, um að selja honum húseignina Bergþórugötu 2. Hafði komið til mála, að ákærði Guðmundur Holberg hjálpaði Kristjáni Belló um fé til kaupanna. Þar sem ákvarðanir um kaupin drógust á langinn, varð Kristján Ingvar óþolinmóður og bað því Þormóð Ögmundsson lögfræðing, starfsmann í Útvegsbanka Íslands h/f, að ganga í málið fyrir sig og reyna að fá greiðslu hjá Kristjáni Belló upp í kaupverðið, svo að hann hlypi ekki frá kaupunum.

Lögfræðingurinn fékk nú hjá ákærða Brynjólfi 2000 króna tékkávísun á hlaupareikning Windsor Magasin nr. 1826 við Útvegsbanka Íslands h/f, útgefna af ákærða Brynjólfi f. h. Windsor Maga-

sin. Lögfræðingurinn vissi sem starfsmaður bankans, að ekki var til innstæða fyrir ávísuninni á gjalddaga og framvísaði henni því ekki. Hann skýrði nú ákærða Brynjólfi frá þessu, en hann sagði ákærða Guðmund Holberg þá veikan, en brátt mundi hann ná í hann (ák. G. H.) og leggja þá inn á reikninginn. Þannig stóðu sakir í nokkra daga, þar til ákærði Brynjólfur kom eitt sinn til lögfræðingsins í bankanum og tók við gömlu ávísuninni, en gaf jafnframt út nýja tékkávísun sömu upphæðar og á sama reikning, dagsetta nokkra daga fram í tímann. Ávísun þessi er framlögð sem lögregluréttarskjal nr. 140. Hún var dagsett fram í tímann með það fyrir augum, að þá yrði til innstæða fyrir henni, og sagði ákærði Brynjólfur lögfræðingnum beinlínis, að á gjalddaga yrði innstæða fyrir henni. Lögfræðingurinn framvísaði ekki ávísuninni, heldur framseldi hana í hendur Kristjáni Ingvari. Hann framvísaði henni brátt í bankann, en þá reyndist ekki innstæða fyrir henni. Hann fól þá Kjartani Þórðarsyni lögfræðingi að innheimta hana, og framvísaði hann henni í bankann og fékk áritun bankans, dagsetta 18. maí 1942, um að ekki væri næg innstæða fyrir henni, en ávísunin er dagsett 27. marz 1942. Upp úr þessu hætti Kristján Ingvar við að selja Kristjáni Belló húsið og seldi það öðrum.

Ákærði Brynjólfur viðurkennir að hafa gefið ávísanirnar út, en þar sem óljóst er af rannsókninni, hvernig háttað var með hina fyrri ávísun, verður það einungis hin, rskj. nr. 140, sem hér kemur til álita. Ákærði Brynjólfur viðurkennir, að sér hafi verið ljóst, þegar hann gaf ávísunina út, að ekki væri til innstæða fyrir henni, og minnir, að hún væri útgefin daginn, sem hún var dagsett, án þess þó að fullyrða það. Kveður hann ákærða Guðmund Holberg hafa beðið sig að gefa ávísunina út, að ákærða Brynjólfi skildist í sambandi við væntanleg húsakaup Kristjáns Belló af Kristjáni Ingvari. Kveður hann ákærða Guðmund Holberg hafa sagt sér, að ekki kæmi til þess, að greiða þyrfti ávísunina, því að brátt yrði gengið frá samningum um húsakaupin.

Ákærði Guðmundur Holberg man hvorki eftir, að hann bæði ákærða Brynjólf að gefa ávísunina út né að hann ráðgaðist við sig um útgáfu hennar, en telur vafalaust, að ákærða Brynjólfi hafi verið kunnugt um, að hann ætlaði að aðstoða Kristján Belló fjárhagslega við húsakaupin. Hins vegar man hann, að 2000 króna tékkávísun var „deponeruð“ hjá Þormóði Ögmundssyni í sambandi við þetta, og átti að skila henni aftur, ef ekkert yrði úr kaupunum. Þykir ekki vera á því vafi, að ákærði Guðmundur Holberg hafi ráðið því, að ávísunin var gefin út og fengin í hendur Þormóði. Varðar því atferli beggja hinna ákærðu í sambandi við ávísun þessa við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Niðurlag.

Auk þeirra atriða, er nú hafa verið rakin og refsiverð eru hinum ákærðu, koma fyrir í rannsókn málsins mörg atriði, þar sem borin eru á ákærða Guðmund Holberg verk, sem refsiverð væru eftir XXVI. kafla almennra hegningarlaga, ef sönnuð væru. Má þar til nefna skýrslur einstakra vitna um, að hann hafi selt víxla, sem ákveðið var, að einungis mætti nota til framlengingar eldri víxlum, sem nýja víxla, fengið mann til að samþykkja óútfyllta víxla og lofað að hafa þá einungis vissa upphæð, en selt þá svo með miklu hærri upphæð, tekið kvittanir fyrir einni eða tveimur 10 þúsund króna greiðslum, án þess að greiða fé, og síðar haldið fram, að greitt hefði verið, lofað vörum fyrir víxlasamþykktir í greiðaskyni, en svikið það, látið úti tékkávísanir, sem eigi var innstæða til fyrir o. s. frv. Um atriði þessi hafa farið fram yfirheyrslur, án þess að sakir yrðu sannaðar, og standa tíðast staðhæfing gegn staðhæfingu um sökina. Þykir eigi ástæða til að rekja atriði þessi hér. Þá skal þess getið, að ákærði hefur fengið nokkra menn til að samþykkja fyrir sig í greiðaskyni mikið af víxlum. Virðast a. m. k. sumir þessara manna hafa samþykkt þessa greiðavíxla í blindni og án þess að vera borgunarmenn fyrir þeim að neinu leyti, að heita má. Víxla þessa setti ákærði út í viðskipalífið, og hafa þeir þar orðið til truflunar og vandræða og a. m. k. einn samþykkjandi greiðavíxla þessara varð gjaldþrota vegna þeirra. Ekki er sannað, að ákærði hafi með sviksamlegum hætti fengið neinn þessara manna til víxlasamþykktanna, enda er því yfirleitt ekki haldið fram af þeim, er víxlana samþykktu. Fyrir brot ákærða Guðmundar Holbergs, sem hér að framan hafa verið rakin, þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár. Skilyrði þykja eigi fyrir, að gæzluvarðhald hans komi til frádráttar refsingunni samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga.

Fyrir brot ákærða Brynjólfs, sem hér að framan hafa verið rakin, þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði, en eftir atvikum þykir rétt að ákveða, að fullnustu refsingar hans skuli fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga haldið.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. almennra hegningarlaga ber að svipta báða hina ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Samkvæmt 4. mgr. 8. gr. gjaldþrotaskiptalaganna, 19. gr. bókhaldslaganna og 68. gr., 1. og 2. mgr., hegningarlaganna þykir rétt að svipta ákærða Guðmund Holberg ævilangt rétti til þess að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki.

Ákærða Guðmund Holberg ber að dæma til greiðslu málsvarn-

arlauna skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 5000.00, og til greiðslu kostnaðar við gæzluvarðhald sitt.

Ákærða Brynjólf ber að dæma til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, hrl. Gústafs A. Sveinssonar, kr. 3500.00. Af öðrum kostnaði sakarinnar greiði ákærðu in solidum 1/20 hluta, en ákærði Guðmundur Holberg einn 19/20 hluti.

Í byrjun dómsins er gerð grein fyrir rekstri málsins, sem hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Guðmundur Holberg Þórðarson sæti fangelsi í 2 ár.

Ákærði Brynjólfur Einarsson sæti fangelsi í 4 mánuði, en fullnustu refsingar hans skal fresta og niður skal hún falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12 febrúar 1940 haldið.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga, og ákærði Guðmundur Holberg er ævilangt sviptur rétti til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki.

Ákærði Guðmundur Holberg Þórðarson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 5000.00, og allan kostnað við gæzluvarðhald sitt.

Ákærði Brynjólfur Einarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Gústafs A. Sveinssonar, kr. 3500.00.

Af öðrum kostnaði sakarinnar greiði ákærðu in solidum 1/20 hluta, en ákærði Guðmundur Holberg einn 19/20 hluti.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. júní 1946.

Nr. 132/1945. **Hermann Hjartarson** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson) gegn **Hreppsnefnd Breiðdalshrepps f. h. hreppsins** (Hrl. Sigurður Ólason).

Útsvarsmál. Lögtaksgerð framkvæmd af hreppstjóra.

Dómur hæstaréttar.

Hina áfrýjuðu lögtaksgerð hefur framkvæmt hreppstjóri Breiðdalshrepps samkvæmt úrskurði sýslumannsins í Suður-Múlasýslu.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með

stefnu 12. marz þ. á. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði úr gildi felld og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefur fengið gjafvörn hér fyrir dómi og sér skipaðan talsmann. Gerir hann þær dómkröfur, að lögtaksgerðin verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Áfrýjanda, sem verið hefur sóknarprestur að Skútustöðum, var veitt Eydalaprestakall frá fardögum árið 1943. Eigi fluttist hann þó austur þangað, en sat áfram á Skútustöðum samkvæmt leyfi kirkjustjórnarinnar og fékk annan prest til að þjóna Eydalaprestakalli. Jörðina Eydali ásamt öðrum landsnytjum, er prestsembættinu fylgja, seldi hann á leigu frá fardögum 1943. Í maímánuði 1944 sagði áfrýjandi prestsembættinu aftur lausu, án þess að hafa flutzt búferlum í prestakallið eða haft þar nokkur afnot lands eða aðra starfsemi, svo séð verði, er valdið geti útsvarsskyldu samkvæmt b-lið 8. gr. útsvarslaga nr. 106/1936 eða öðrum ákvæðum þeirra laga. Samt sem áður var áfrýjanda árið 1944 gert að greiða 1000 króna útsvar í Breiðdalshreppi, og er hann greiddi eigi útsvarið, var hreppstjóra Breiðdalshrepps af sýslumanni Suður-Múlasýslu falið að taka útsvarið lögtaki. En þessi aðferð sýslumanns var röng, þar sem lögtaksgerðina bar undir fógetadóm Þingeyjarsýslu og átti, eins og á stóð, að hefja á heimili áfrýjanda, sbr. 7. gr. laga nr. 29/1885 og 33. gr. laga nr. 19/1887. Hinn 15. ágúst 1945 tilkynnti hreppstjóri Breiðdalshrepps áfrýjanda með símskeyti, að lögtak yrði framkvæmt 24. s. m., en ekki var tilgreint, hvar eða hvenær dags. Samkvæmt endurriti af lögtaksgerð, er liggur fyrir í málinu, framkvæmdi hreppstjórinn síðan lögtakið þannig, að hann nefndan dag lét fá sér í hendur 1000 krónur í peningum, er áfrýjandi átti inn hjá kaupfélaginu í Breiðdalsvík. Áfrýjandi var eigi viðstaddur gerð þessa né neinn af hans hálfu.

Fyrirskipun lögtaks þessa og framkvæmd þess brýtur svo í bága við réttar lagareglur, að varða verður ómerkingu lögtaksgerðarinnar ex officio.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 600 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti. Laun skipaðs talsmanns stefnda fyrir hæstarétti þykja hæfilega ákveðin 350 krónur, er ber að greiða úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð á að vera ómerk.

Stefndi, hreppsnefnd Breiðdalshrepps f. h. hreppsins, greiði áfrýjanda, Hermanni Hjartarsyni, 600 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti. Laun skipaðs talsmanns stefnda fyrir hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, 350 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Lögtaksgerð:

Árið 1945, 24. dag ágústmánaðar, var hreppstjóri Breiðdalshrepps, ásamt tilkvöddum vottum, Einari Björnssyni, Hamri, og Baldvin Björnssyni, Breiðdalsvík, staddur að Breiðdalsvík til þess að framkvæma lögtak á ógreiddu útsvari Hermanns Hjartarsonar, fyrrverandi Eydalaprests, álögðu 1944.

Lögð var fram lögtaksbeiðni oddvita Breiðdalshrepps, dagsett 18. júní s. l., með áritaðri lögtaksheimild sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, dagsettri 14. júlí s. l., svo hljóðandi:

Oddviti Breiðdalshrepps
Suður-Múlasýslu. Gilsárstekk, 1⅝ 1945.

Hér með leyfi ég mér að beiðast þess, að þér, herra sýslumaður, heimilið lögtak á ógreiddu útsvari Hermanns Hjartarsonar — skipaðs prests í Eydölum — álögðu í Breiðdalshreppi 1944, að upphæð kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur —.

Virðingarfyllst,
Páll Guðmundsson.

Til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu.

Ofangreint útsvar má taka lögtaki á ábyrgð Breiðdalshrepps, og er hreppstjóra þess hrepps falið að framkvæma lögtakið.

Skrifstofu Suður-Múlasýslu, 14. júlí 1945.
Kristinn Júlíusson
settur.

Lögtakið var birt Hermanni með símskeyti, dagsettu 15. þ. m.

Afgjald Eydalaeyja, er Hermann Hjartarson leigði Sigurði Jónssyni, bónda á Ósi, 1943 hafði verið fastsett til tryggingar útsvarsgreiðslunni, og var geymt á reikningi í Kaupfélagi Stöðfirðinga, Breiðdalsvík.

Krafðist þá hreppstjóri, að sér væru afhentar kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur — af innstæðu Hermanns Hjartarsonar, og upphæðina afhenti starfsmaður kaupfélagsins, Stefán Þórðarson.

Lögtaksgerð lokið.

Páll Guðmundsson.

Vottar:
Einar Björnsson.
Baldvin Björnsson.

Fimmtudaginn 6. júní 1946.

Nr. 77/1945. **Hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps f. h. hreppsins** (Hrl. Einar Baldvin Guðmundsson)
gegn
Stefáni Jónssyni og gagnsök
(Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Um eignarrétt að fjöru á hafnarsvæði.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti ásamt samdómendum Valdimar Pálssyni hreppstjóra og Jónasi Snæbjörnssyni menntaskólakennara.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. júní 1945. Krefst hann aðallega algerrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en til vara, að gagnáfrýjanda verði einungis ákveðinn eignarréttur að þeim hluta þrætulandsins, sem sjór féll af um stórstraumsfjöru 1939, en aðiljum kemur saman um, að sú spilda nái 130 metra til norðurs frá hafnargarðinum og sé 30 metra breið. Svo krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 26. október 1945 áfrýjað málinu með stefnu 30. s. m. Krefst hann staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar af aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Ekki var unnt með 10. gr. laga nr. 66/1931 að svipta gagnáfrýjanda endurgjaldslaust eignarrétti að fjöru hans á hafnarsvæðinu. Er hann því enn eigandi lands þess, sem var fjara 1939, og af því leiðir, að hann er og eigandi landauka þess, sem við það hefur bætzt, enda hefur ekki farið fram eignarnám á þessu landi né þess verið beðizt. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 700.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps f. h. hreppsins, greiði gagnáfrýjanda, Stefáni Jónssyni, kr. 700.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 28. maí 1945.

Mál þetta hefur Stefán Jónsson, Brimnesi, Svarfaðardalshreppi, höfðað með stefnu, útgefinni 15. nóv. 1943, á hendur hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps f. h. hreppsins, og gerir stefnandi þær kröfur, að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur hans að landauka þeim, malar- og sanduppfyllingu, sem myndazt hefur á síðari árum í fjörumálinu fram undan Brimnesi, norðan landgöngugarðsins við hafnarbryggjuna í Dalvík. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda. Stefndi, hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps, sem telur hafnarsjóð Dalvíkur eiga umrædda landspildu, mótmælir kröfum stefnanda og krefst sýknu og málskostnaðar. —

Málið hefur verið rekið fyrir bæjarþingi Akureyrar með samþykki málsaðilja. Dómur gekk í því í héraði þann 7. marz 1944, en hæstiréttur ómerkti hann og vísaði málinu heim 8. des. s. á. Var það síðan tekið upp aftur í bæjarþingi hér þann 17. febr. s. l. Dómendur fóru á vettvang og athuguðu þrætustaðinn þann 25. apríl s. l., og var málið tekið til dóms af nýju þann 25. þ. m.

Málavextir eru þessir:

Árið 1939 var byrjað á byggingu hafnargarðs á Dalvík. Síðan bygging garðs þessa hófst, hefur myndazt landauki norðan hans úr möl og sandi. Aðiljum kemur saman um, að landauki þessi hafi orðið til við það, að garðurinn stöðvar sjávaruppburð malar og sands, þannig að fjaran hefur smám saman hækkað og færst utar. Miðað við flóðlínur 1939 og 1945, er landauki þessi þríhyrndur að lögun, ca. 2900 fermetrar að flatarmáli. Um fjörulínu 1939 hafa ekki fengizt upplýsingar, er á verði byggt, en fjörulína er nú 26,5 metrum utar en flóðlína. Stefnandi hefur gert þá grein fyrir stefnukröfu sinni, að gerð sé krafa um viðurkenningu á eignarrétti að landssvæði milli stórstraumsflóðmáls, eins og það var 1939, en aðiljar eru sammála um, hvar það var, og stórstraumsfjörumáls, eins og það er nú, á 130 metra svæði meðfram sjó, talið frá hafnargarðinum til norðurs. Svæði þetta er ca. 6400 fermetrar að stærð samkvæmt uppdrætti, er gerður hefur verið af því og aðiljar hafa samþykkt.

Með 10. gr. laga nr. 66 8. sept. 1931 um hafnargerð í Dalvík er svo fyrir mælt, að hafnarsjóður eigi allt það land innan hafnarinnar, sem flýtur yfir með stórstraumsflóði. Byggir stefnandi kröfu sína um eignarrétt að landsspildunni á því, að ofangreint ákvæði hafnarlaganna sé að engu hafandi, þar eð það samrýmist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar. Telur stefnandi, að fjörulandið hafi fylgt eignarjörð hans, Brimnesi, frá fornu fari, og sé því ekki hægt að svipta hann eignarrétti að því með lagaákvæði einu saman, án þess að fullar bætur komi fyrir. Sama máli sé að gegna um landauka í fjörunni og fram af henni.

Stefndi, hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps, telur hins vegar, að hafnarsjóður Dalvíkur eigi landspilduna, þar eð yfir flaut um stórstraumsflóð svæði það, sem um er deilt, er hafnarlögin gengu í gildi, enda mótmælir stefndi því, að ákvæði 10. gr. hafnarlaganna brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Vill stefndi skýra téð hafnarlagaákvæði þannig, að með gildistöku þess hafi hafnarsjóður Dalvíkur eignazt fjörulandið, en stefnandi muni ef til vill eiga bótakröfu fyrir það, og sé þetta sérstök tegund eignarnáms.

Til vara byggir stefnd hreppsnefnd sýknukröfu sína á því, að landaukinn er að öllu leyti myndaður og til orðinn vegna hafnargerðarinnar í Dalvík, sem hafnarsjóður Dalvíkur hefur kostað. Til þrautavara krefst stefndi þess, að einungis verði viðurkenndur eignarréttur stefnanda til þess landssvæðis, er að stærð samsvarar því landi, er lá þurrt um stórstraumsfjöru, milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls árið 1939, áður en mannvirkjagerðin hófst, en svæði þetta telur stefndi ca. 1300 fermetra að stærð.

Sú regla hefur gilt frá fornu fari, að menn ættu fjöru fyrir landi sínu og netlög. Tilætlun löggjafans með 10. gr. laga nr. 66 8. sept

1931 virðist hafa verið sú, að við gildistöku laganna yrði hafnarsjóður Dalvíkur eigandi að því landi innan Dalvíkurhafnar, er yfir flyti um stórstraumsflóð. — Samkvæmt 63. gr. þáverandi stjórnarskrár gat þetta ekki staðizt, nema fullt verð kæmi fyrir. Telur rétturinn, að meðan þessa hefur ekki verið gætt, verði hafnarsjóður ekki eigandi umræddS lands, og getur því ekki fallizt á skýringar stefnda um þetta og telur, að nefnt ákvæði samrýmist ekki eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Verður því fyrsta sýknuástæða stefnda ekki tekin til greina.

Þá verður athugað, hvaða áhrif það hafi á niðurstöðu málsins, að land það, sem deilt er um, er myndað vegna mannvirkjagerðar hafnarsjóðs Dalvíkur. Þessi varnarástæða getur einungis komið til greina um þann hluta þrætusvæðisins, sem myndazt hefur síðan 1939, en ekki um það svæði, er var milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls, áður en landmyndunin hófst. Hafnarmannvirkin eru að sjálfsögðu ekki gerð með það fyrir augum að mynda þenna landauka, og hefur hafnarsjóður Dalvíkur því ekki lagt í kostnað vegna myndunar hans sérstaklega. Verður ekki talið, að eignarréttur stefnda geti byggzt á þessu.

Með tilvísun til þess, sem segir hér að framan um 10. gr. laga nr. 66 1931, verður þrautavarasýknuástæða stefnda heldur ekki tekin til greina.

Ber samkvæmt þessu að viðurkenna eignarrétt stefnanda að hinu umdeilda svæði.

Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda kr. 500.00 upp í málskostnað og þóknun til meðdómsmanna, Valdimars Pálssonar og Jónasar Snæbjörnssonar, kr. 300.00 til hvors, og ferðakostnað Valdimars Pálssonar, kr. 100.00. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Eignarréttur stefnanda, Stefáns Jónssonar, viðurkennist að umdeildu fjörulandi og landauka milli stórstraumsflóðmáls, eins og það var 1939, og stórstraumsfjörumáls, eins og það er nú, 130 metra meðfram stórstraumsflóðmáli til norðurs, talið frá hafnargarðinum í Dalvík.

Stefndi, hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps f. h. hreppsins, greiði stefnanda kr. 500.00 upp í málskostnað og meðdómsmönnunum Valdimar Pálssyni og Jónasi Snæbjörnssyni, kr. 300.00 til hvors, og ferðakostnað Valdimars Pálssonar, kr. 100.00. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómi þessum ber að fullnægja, að því er málskostnaðarákvæði snertir, innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. júní 1946.

Nr. 142/1945. **Ingibjörg Einarsdóttir.**
(Hrl. Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. dánarbús Sigurðar Sveinssonar
(Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 5. nóvember 1945, krefst þess aðallega, að kveðið sé á í dómi, að Sigurður heitinn Sveinsson hafi verið faðir að meybarni því, er áfrýjandi ól þann 28. janúar 1945, en til vara krefst hún staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Svo krefst hún og málskostnaðar af stefnda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdómi og málskotnaðar úr hendi áfrýjanda í hæstarétti eftir mati dómsins.

Þar sem skýrslur þær og vætti, sem rakin eru í héraðsdómi, styðja öll eindregið málstað áfrýjanda, og ekkert er upp komið, sem veiki hann, þá þykir bera að telja Sigurð heitinn Sveinsson föður að nefndu barni áfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda 800 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Sigurður heitinn Sveinsson skal teljast faðir meybarns þess, er áfrýjandi, Ingibjörg Einarsdóttir, ól þann 28. janúar 1945.

Stefndi, skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. dánarbús Sigurðar Sveinssonar, greiði áfrýjanda 800 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. október 1945.

Ár 1945, laugardaginn 13. október, var í bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Valdimar Stefánssyni, upp kveðinn dómur í barnsfaðernismálinu nr. 5/1945: Ingibjörg Einarsdóttir gegn skiptaráðandum í Reykjavík f. h. dánarbús Sigurðar Sveinssonar, sem tekið var til dóms 11. sama mánaðar. Hinn 28. janúar síðastliðinn ól kærandi, Ingibjörg Einarsdóttir, ógift, Laugavegi 33 hér í bæ, óskilgetið fullburða meybarn, er í skírninni hlaut nafnið Sigríður. Föður að barninu lýsir kærandi Sigurð Sveinsson, sjómann frá Arnardal við Ísafjarðardjúp, síðast til heimilis á Karlagötu 2 hér í bænum, en hann fórst með e/s Goðafossi 10. nóvember síðastliðinn. Hefur kærandi krafizt þess, að barnsfaðernismál verði höfðað gegn dánarbúi Sigurðar og að því verði slegið föstu með dómi, að hann hafi verið faðir barnsins. Til vara krefst hún, að sér verði tildæmdur fyllingareiður.

Skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. dánarbús Sigurðar Sveinssonar krefst þess, að kæranda verði tildæmdur fyllingareiður, sökum þess að eigi sé fullsannað, að Sigurður hafi verið faðir barnsins. Kærandi og Sigurður kynntust fyrst á verzlunarmannahátíð á Þingvöllum í ágústbyrjun 1943, og hélzt kunningsskapur þeirra fram að andláti Sigurðar. Allan þenna tíma var hann skráður háseti á e/s Goðafossi, sem var í Ameríkusiglingum, að undanteknu tímabilinu 30. apríl til 13. júlí 1944.

Kærandi hefur skýrt svo frá og er það óvéfengt, að Sigurður hafi verið hér í bænum allt hið fyrrnefnda tímabil, eða meðan skipið fór eina Ameríkuferð. Kærandi heldur því fram, að hún og Sigurður hafi verið mikið saman, þegar hann var hér í höfn, eftir að þau kynntust, þar á meðal á tímabilinu í fyrravor, og barnið segir hún vera getið við samfarir þeirra í maíbyrjun 1944. Hún vissi í júní sama ár, að hún var orðin barnshafandi og skýrði Sigurði strax frá því, og sökum þess að kærandi hafði áður orðið veik í móðurlífi, segir hún þau hafa leitað til Bjarna Bjarnasonar læknis út af þessu. Hún segir þau aðallega hafa verið saman í herbergjum þeirra eða hjá kunningjakonu kæranda, Huldu Benediktsdóttur, Bókhlöðustíg 6. Einnig hafi þau oft farið saman á skemmtistaði, eins og gerist og gengur. Hinn 16. september 1944, eða tveimur dögum áður en Sigurður lagði af stað í síðustu för sína, segir hún þau hafa heitizt eiginorði, en ekki opinberuðu þau það né settu upp hringa, og ekki veit hún til þess, að Sigurður hafi skýrt nokkrum frá þessu, en sjálf kveðst hún hafa skýrt fjölskyldu sinni frá þessu, áður en Sigurður fórst. Loks skýrir kærandi frá því, að hún hafi strax eftir Goðafossslysið skýrt Hólmfríði Kristjánsdóttur, móður Sigurðar, systur hans Viktoríu Sveins-

dóttur og manni hennar, Ingólfi Sigurðssyni, frá, að hún gengi með barni Sigurðar, og að þetta fólk hafi tekið sér vel og vinsamlega og þau hjónin hjálpað sér um peninga og átt fleiri samskipti við kæranda og eigi vefengt frásögn hennar um, að Sigurður væri faðir að barninu. Þetta er viðurkennt af hjónunum. Þau segjast ekki hafa getað rengt kæranda, en hins vegar engar sönnur vitað fyrir staðhæfingu hennar. Sigurður hafi aldrei sagt þeim frá sambandi sínu við kæranda og þau hafi einungis einu sinni séð þau saman. Það var á dansleik sjómannadagsins á Hótel Borg 1944, en þá voru þau þar í fylgd með hjónunum. Móðir Sigurðar, sem að sögn kæranda tók frásögn hennar um, að Sigurður væri faðir barnsins, mjög vel og innilega og bað kæranda að láta barnið heita í höfuðið á Sigurði, er sjúklingur á geðveikrahælinu Kleppi og hefur því eigi orðið leidd sem vitni í málinu. Faðir Sigurðar, Sveinn Sigurðsson, bóndi í Arnardal, og systir hans, María Sveinsdóttir, Kolviðarhóli, sem leidd hafa verið sem vitni, segja Sigurð aldrei hafa nefnt kæranda við sig, og er þeim ókunnugt um samband þeirra.

Faðir kæranda, Einar Þórðarson skósmiður, Laugavegi 33, hefur borið sem vitni, að kvöld eitt, rétt áður en Sigurður heitinn lagði af stað í síðustu för sína með e/s Goðafossi, hafi hann verið staddur heima hjá vitninu og hafi þá hann og kærandi sagt þeim foreldrum hennar, að þau væru trúlofuð, en hefðu ákveðið að opinbera ekki trúlofunina að svo stöddu. Einnig ber vitnið, að Sigurður hafi komið nokkrum sinnum heim til kæranda á Laugaveg 33.

Vitnið María Kristín Jónsdóttir, Laugavegi 33, móðir kæranda, hefur borið, að sér hafi verið kunnugt um, að kærandi og Sigurður voru saman af og til veturinn 1943—1944 og að þau voru mikið saman sumarið 1944 og að Sigurður kom þá oft heim á Laugaveg 33. Um það leyti er Sigurður fór síðustu för sína, segir vitnið kæranda hafa sagt sér, að þau væru trúlofuð, en vitnið heyrði Sigurð ekki tala um þetta.

Vitnið Geirlaug Einarsdóttir saumastúlka, Laugavegi 33, systir kæranda, ber að hún hafi þekkt Sigurð heitinn, frá því hann og kærandi kynntust á verzlunarmannahátíðinni á Þingvöllum 1943. Ber hún, að hann hafi eftir það oft komið heim til kæranda, þegar hann var í höfn, allt þar til hann fór síðustu för sína, og að sér hafi verið kunnugt um, að kærleikar voru með þeim, því að þau hafi bæði sagt sér það, og eins hafi hún nokkrum sinnum séð þau í ástaratlotum í herbergi kæranda. Vitnið heyrði ekki af Sigurðar munni, að hann væri trúlofaður kæranda, en kærandi sagði vitninu, að svo væri, þegar Sigurður fór í síðustu för sína, og þar áður hafði hún getið hins sama við vitnið.

Vitnið Rósa Einarsdóttir, Laugavegi 33, systur kæranda, er

skipsjómfrú á e/s Lyra. Hún ber, að með sér og kæranda hafi verið mikill trúnaður og hafi sér verið kunnugt um, að hún og Sigurður hafi verið mikið saman frá því í ágúst 1943 og þar til hann fórst. Bæði hitti vitnið þau heima á Laugavegi 33, og eins heimsóttu þau vitnið um borð í e/s Lyra. Kveðst vitnið hafa verið sú fyrsta úr fjölskyldu kæranda, sem hún sagði, að hún væri barnshafandi, og hafi hún þá og ætíð endranær sagt Sigurð föður að barninu.

Kunningi þessa vitnis, vitnið Lars Sem, þjónn á e/s Lyra, sá kæranda og Sigurð saman bæði á Laugavegi 33 og um borð í e/s Lyra í heimsókn hjá Rósu, og kveður vitnið sér hafa verið kunnugt um, að með þeim hafi verið kærleikar.

Vitnið Hulda Benediktsdóttir skrifstofustúlka, Bókhlöðustíg 6, hefur borið, að hún hafi þekkt kæranda í mörg ár, en Sigurð heitinn frá því á verzlunarmannahátíðinni á Þingvöllum í ágúst 1943. Þar var vitnið með kæranda, og þar kynntist kærandi Sigurði. Eftir þetta fylgdist vitnið nokkuð með kunningsskap þeirra og var oft með þeim saman að skemmta sér. Þau voru oft heima hjá vitninu, og um tíma haustið 1943, meðan kærandi bjó hjá vitninu, vissi vitnið til þess, að þau voru tvö ein í herberginu, og vitnið kveðst hafa séð þau í ástaratlotum.

Vitnið Ásgeir Jónsson starfsmaður í skattstofu Reykjavíkur, til heimilis á Njálsgötu 86, ber, að hann og Sigurður heitinn hafi verið trúnaðarvinir í mörg ár. Hann sá Sigurð og kæranda saman nokkrum sinnum vorið 1944, en ekki ræddu þeir þá neitt um samband þeirra. Skömmu áður en Sigurður fór í síðustu för sína, var vitnið statt heima hjá honum á Karlagötu 2, og voru þeir þar að tala saman tveir einir og segja hvor öðrum frá högum sínum. Þá sagði Sigurður vitninu í fullri alvöru, að hann ætti barn í vændum með kæranda, en ekki nefndi hann, hvenær það myndi fæðast. Ekki sagði hann vitninu, að hann væri trúlofaður henni eða að þau ætluðu að setja bú saman. Þenna framburð hefur vitnið staðfest með eiði.

Eins og áður segir, ber kærandi, að hún og Sigurður hafi leitað til Bjarna læknis Bjarnasonar, er þau vissu, að kærandi var orðin barnshafandi, og að þau hafi gert þetta sökum þess, að kærandi hafði áður orðið veik í móðurlífi. Bjarni læknir Bjarnason hefur verið leiddur sem vitni um þetta. Hann hefur hvorugt þeirra ritað í bækur sínar eða spjaldskrá, en hann þekkir kæranda í sjón og man, að hún leitaði eitt sinn til hans, en man ekki, hvers vegna. Lækninum hefur verið sýnd ljósmynd af Sigurði heitnum, og man hann, að hann hefur séð þann mann, og minnir fastlega, að hann hafi komið til sín á lækningastofuna, en man ekki, hvers vegna né hvort hann kom þangað með kæranda. Kærandi ber, að læknirinn hafi ekkert fundið athugavert við sig og engin lyf látið sig fá, og

hefur læknirinn tekið fram, að slík tilfelli séu yfirleitt ekki færð í bækur lækna.

Af þeim málavöxtum, sem nú hafa verið raktir, er ljóst, að sterkar líkur eru fyrir því, að Sigurður heitinn hafi verið faðir barns kæranda, en eigi þykja þær líkur svo óyggjandi, að unnt sé að taka aðalkröfu kæranda til greina. Verður því niðurstaða máls þessa sú, að vinni kærandi eftir lögmætan undirbúning innan 30 daga frá birtingu dóms þessa eið á lögmætu varnarþingi að því, að hún hafi haft holdlegar samfarir við Sigurð heitinn Sveinsson á tímabilinu frá 25. apríl til 8. júní 1944, þá skal hann teljast faðir barnsins. Verði henni eiðfall, skal skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. dánarbús Sigurðar Sveinssonar vera sýkn af kröfum kæranda. Málskostnaðar hefur eigi verið krafizt.

Því dæmist rétt vera:

Vinni kærandi, Ingibjörg Einarsdóttir, innan 30 daga frá birtingu dóms þessa eftir lögmætan undirbúning og á lögmætu varnarþingi eið að því, að hún hafi á tímabilinu frá 25. apríl til 8. júní 1944 haft holdlegar samfarir við Sigurð heitinn Sveinsson frá Arnardal, er fórst með e/s Goðafossi 10 nóvember 1944, skal nefndur Sigurður Sveinsson teljast faðir að barni því, Sigríði að nafni, er kærandi ól 28. janúar 1945.

Vinni hún eigi eiðinn, skal skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. dánarbús Sigurðar Sveinssonar vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu.

Laugardaginn 8. júní 1946.

Nr. 148/1944. **Slippfélagið í Reykjavík h/f**
(Hrl. Einar Baldvin Guðmundsson)
gegn
Ludvig Larsen og gagnsök
(Hrl. Theódór B. Líndal).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Skaðabótamál.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. desember 1944, krefst þess, aðallega að hann verði algerlega sýknaður, en til vara, að fjárhæð sú, sem

dæmd var í héraði, verði lækkuð til mikilla muna. Svo krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til hæstaréttar með stefnu 22. desember 1944, krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 40860,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. júní 1944 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Telja verður, að aðaláfrýjandi beri ábyrgð til fébóta á slysinu, sem hlauzt af gáleysi starfsmanna hans við störf í þjónustu hans.

Samkvæmt skýrslum, sem fram hafa komið í málinu, er það sannað, að gagnáfrýjandi hafði þjáðst fyrir slysið af of háum blóðþrýstingi, nokkurri æðakölkun og kviðsliti. Það þykir mega við það miða, að heilsu gagnáfrýjanda hafi hrakað við áfall það, er í málinu greinir, enda telja læknar líkur vera til þess.

Þegar litið er á það, sem nú var rakið, aldur gagnáfrýjanda svo og það, að hann hélt fullu kaupi í 5 mánuði eftir slysið, þykja fébætur fyrir örorku, þjáningar, óþægindi og röskun á stöðu og högum hans hæfilega ákveðnar í hinum áfrýjaða dómi. Ber því að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda kr. 17200.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. júní 1944 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 2000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Slippfélagið í Reykjavík h/f, greiði gagnáfrýjanda, Ludvig Larsen, kr. 17200.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. júní 1944 til greiðsludags svo og samtals kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. nóvember 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefur Ludvig Larsen, Bjarmalandi hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 6. júní s. l., gegn Slippfélaginu í Reykjavík h/f til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 40860.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. september 1942 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómarans. Stefndi krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en *til vara*, að stefnukrafan verði lækkuð til mjög verulegra muna og málskostnaður verði látinn falla niður.

Málsatvik eru þau, að í ágústmánuði 1942 var v/s „Agnes", sem stefnandi var skipstjóri á, til viðgerðar á dráttarbraut stefnda. Meðan viðgerðin fór fram, var stefnandi oft á stjái við skipið, til þess að fylgjast með aðgerðinni, enda bjó hann um þessar mundir í skipinu. Þann 15. ágúst var stefnandi að líta eftir vinnunni og kvaddi þá Sveinn nokkur Ólafsson, sem var starfsmaður stefnda, stefnanda til að líta á skrúfu skipsins, sem verið var að rétta. Gekk stefnandi þar að og staðnæmdist öðrum megin skrúfunnar, en fyrrgreindur Sveinn og Hermann nokkur Erlendsson stóðu hinum megin. Allt í einu féll einn smiðanna, Jóhann Árnason, sem var að vinna á þilfari skipsins, ofan á höfuð stefnanda, þannig að bak Jóhanns lenti vinstra megin á höfði stefnanda. Var fallið um 4 metrar, og voru atvik að því þau, að fyrrgreindur Jóhann og Aðalsteinn nokkur Maack, sem báðir voru starfsmenn stefnda, voru að leggja slitborð ofan á öldustokk skipsins. Losuðu þeir um „rekkverkið" öðrum megin, beygðu það inn á við og festu það með vírum á 4 tommu nagla, er Aðalsteinn rak niður í þilfarið, sem var fúið á þessum stað. Aðalsteini líkaði ekki, hvernig „rekkverkið" var fest, svo að hann dró út naglann, sem það var fest við, en gætti þess ekki, að það var fjaðurmagnað, og slóst það út á við. Skall „rekkverkið" á Jóhann, sem stóð utan við það, og féll hann niður af skipinu og ofan á höfuð stefnanda, eins og áður er sagt. Stefnandi fékk mikið högg við þetta, féll þó ekki alveg og tókst með hjálp að staulast um borð í skipið. Eftir þetta áfall kveðst stefnandi hafa þjáðst svo af svima og höfuðverkjarköstum, að hann hafi verið ófær til að stunda nokkra vinnu. Enginn læknir var sóttur til stefnanda þann 15. ágúst, og lögreglurannsókn út af slysförum þessum hófst eigi fyrr en í júlímánuði 1943, og stefnandi virðist fyrst gera reka að málinu þann 25. marz 1943, en þann dag ritar hann norska aðalræðismanninum hér um málið. Jóhann Sæmundsson tryggingaryfirlæknir hefur skoðað stefnanda, og er skoðunarvottorð hans dagsett 15. nóvember 1943.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að starfsmenn stefnda hafi með vítaverðu gáleysi verið valdir að slysinu, en stefndi beri

ábyrgð á tjóni, sem unnið er þriðja manni í sambandi við skyldustörf manna í þjónustu hans.

Stefndi byggir sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinum líkamsmeiðslum eða heilsutjóni við slys þetta, enda verði að rekja núverandi heilbrigðisástand stefnanda til annarra orsaka, sem stefnda séu óviðkomandi.

Það er leitt í ljós í máli þessu, að stefnandi starfaði áfram sem skipstjóri á skipi sínu fram í janúarmánuð 1943 eftir áfall það, er hann varð fyrir þann 15. ágúst 1942, en samkvæmt þeim gögnum, sem lögð hafa verið fram í málinu, verður að telja sannað, að það er strax eftir áfallið, sem stefnandi fer fyrst að kvarta um svima og höfuðverkjarköst, og hann virðist hafa verið vinnufær að fullu fyrir þann tíma. Að vísu kom fram við rannsókn tryggingaryfirlæknisins veruleg hækkun á blóðþrýstingi hjá stefnanda, sem læknirinn taldi ekki vera afleiðingar slyssins, en sá sjúkdómur veldur að dómi læknisins oft svima og höfuðverkjarköstum. Áfall það, er stefnandi varð fyrir, var þó mjög verulegt, þar sem maður féll ofan á höfuð hans úr um 4 metra hæð, enda er leitt í ljós í málinu, að stefnandi hafi náfölnað, borið sig illa vegna kvala í höfði og oft legið þess vegna fyrst á eftir. Telur tryggingaryfirlæknirinn, „að slíkt högg á höfuðið hafi haft veruleg áhrif á blóðrás heilans, einkum þegar þess er gætt, að maðurinn þjáist af hækkuðum blóðþrýstingi ... Hér virðist því vera um að ræða versnun á sjúkdómi, er slasaði hefur haft fyrir, án þess að hann ylli sjúkdómseinkennum." Samkvæmt framansögðu svo og öðrum gögnum í málinu verður að telja sannað, að stefnandi hafi orðið fyrir heilsutjóni við áfall það, er hann varð fyrir þann 15. ágúst 1942, og verður því þessi sýknuástæða stefnda ekki tekin til greina.

Þá hefur og stefndi rökstutt sýknukröfu sína með því, að jafnvel þótt svo yrði talið, að stefnandi hafi orðið fyrir einhverju heilsutjóni, þá beri hann enga ábyrgð á því.

Eins og atvikum hefur verið lýst hér að framan, verður dómarinn að líta svo á, að starfsmenn stefnda hafi farið ógætilega að verki, er þeir sveigðu „rekkverkið" inn á við og festu vírana, sem áttu að halda því, við nagla,sem rekinn var niður í fúið þilfarið, en sérstaklega þykir það ógætilegt, að Aðalsteinn Maack skyldi eigi, áður en hann dró naglann, aðvara Jóhann Árnason, sem stóð utan við „rekkverkið". Orsök slyss þess, er stefnandi varð fyrir, verður að rekja til þessarar vangæzlu af hálfu starfsmanna stefnda, en stefnandi sjálfur verður eigi talinn eiga neina sök á því. Leitt er í ljós í málinu, að þessir tveir fyrrgreindu starfsmenn stefnda höfðu engin fyrirmæli um það frá yfirmönnum sínum að festa „rekkverkið" á þann hátt, sem þeir gerðu, en samkvæmt þeim almennu reglum, er telja verður, að gildi um ábyrgð manna á verk-

um annarra, þykir stefndi þó eiga að bera ábyrgð á fyrrgreindri vangæzlu starfsmannanna, sem verða að teljast hafa haldið sér innan eðlilegs verkahrings síns við umrædd störf, og eigi stefndi því að bæta stefnanda tjón það, er hann hefur af slysi þessu hlotið. Sýknukrafa stefnda verður því eigi tekin til greina.

Tjón sitt sundurliðar stefnandi þannig:

1. Röntgenmynd á Landspítalanum	kr.	65.00
2. Kostnaður við læknisskoðun	—	75.00
3. Lyf	—	20.00
4. Næturvakt	—	30.00
5. Bíll eftir lækni	—	10.00
6. Atvinnutjón (örorkubætur)	—	30660.00
7. Bætur fyrir þjáningu og óþægindi og röskun á stöðu og högum	—	10000.00
	Samtals kr.	40860.00

Um 1.—5. Stefndi hefur ekki vefengt þessa liði út af fyrir sig, og verða þeir því teknir til greina óbreyttir, enda verður að telja, að til þessara útgjalda sé beint stofnað vegna slyss stefnanda.

Um 6. og 7. Jóhann Sæmundsson tryggingaryfirlæknir hefur í fyrrgreindu vottorði áætlað, að slys þetta hefði varla valdið hjá manni, sem hraustur er fyrir, meiri örorku en 100% í 3 mánuði og alls ekki yfir 20% varanlegri örorku. Þar sem hér er um að ræða 60 ára gamlan mann, sem hefur hækkaðan blóðþrýsting, telur læknirinn áfall þetta afdrifarikara og batahorfur mjög slæmar, svo að gera megi ráð fyrir, að hann verði framvegis ófær til skipstjórnar. Þann 27. október 1944 hefur læknirinn enn skoðað stefnanda, og segir svo í vottorði hans: „Kvartanir hans eru öllu meiri en áður, aðallega um ríg í hálsi og sársauka þar. Skoðun leiðir í ljós, að púlshraði er nú 92, en blóðþrýstingur ca. 205/100. Er því blóðþrýstingur við þessa skoðun hærri en við skoðun í fyrra, en að öðru leyti er ástandið svipað og áður.“ Það er óumdeilt í málinu, að stefnandi fékk greitt skipstjórakaup hjá útgerð skipsins (The Divisonal Sea Transport Office), til janúarloka 1943 og missti því engar atvinnutekjur vegna slyssins fram að þeim tíma, en mánaðarlaun hans voru um 1400 krónur. Stefnandi, sem er norskur ríkisborgari, er fæddur 1883, ókvæntur og virðist ekki hafa haft neinn á sínu framfæri. Að öllu framangreindu athuguðu svo og öðru því, sem upp er komið í málinu, þykja bætur fyrir örorku, þjáningar, óþægindi og röskun á stöðu og högum stefnanda hæfilega metnar í heild kr. 17000.00.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 200.00 + kr. 17000.00, eða samtals *kr.* 17200.00, ásamt vöxtum, er reiknast 5% p. a. og teljast frá stefnu-

degi. Þá ber og að dæma stefnda til að greiða málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1200.00.

Árni Tryggvason borgardómari hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, h/f Slippfélagið í Reykjavík, greiði stefnanda, Ludvig Larsen, kr. 17200.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 6. júní 1944 til greiðsludags og kr. 1200.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. júní 1946.

Nr. 44/1945. **Jón Jónsson** (Hrl. Theódór B. Líndal)
gegn
Ingólfi Guðmundssyni og gagnsök
(Hrl. Magnús Thorlacius).

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Skaðabótamál.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. apríl f. á., krefst þess, aðallega að hann verði algerlega sýknaður, en til vara, að lækkuð verði fjárhæð sú, er dæmd var í héraði. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 18. apríl f. á. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 2347.27 með 6% ársvöxtum frá 8. nóvember 1944 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Svo krefst hann þess og, að viðurkenndur verði lögveðréttur í bifreiðinni K 16 honum til handa til tryggingar kröfum þessum.

Bifreiðarstjórinn á K 16 ók af stæðinu á ská inn á hægri helming Laugavegar, sem er aðalbraut, og gætti ekki nægilega að umferðinni, eins og á stóð. Bifreiðarstjórinn á R 155 kom á eftir honum og sá til ferða hans. Átti hann því að

geta varazt árekstur, ef hann hefði gætt nægilegrar varúðar. Samkvæmt þessu eiga þeir báðir jafna sök á árekstrinum. Er því rétt að láta hvorn aðilja bera helming tjónsins.

Krafa vegna viðgerðar á R 155, kr. 947.27, er ekki véfengd að fjárhæð til. Ætla má, að gagnáfrýjandi hafi beðið nokkurt tjón vegna afnotamissis bifreiðarinnar, og þykja bætur fyrir það hæfilega metnar kr. 300.00.

Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda kr. 623.63 með vöxtum, eins og krafizt er.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfestist, en rétt þykir, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Loks ber að dæma gagnáfrýjanda lögveðrétt í bifreiðinni K 16 til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Jón Jónsson, greiði gagnáfrýjanda, Ingólfi Guðmundssyni, kr. 623.63 ásamt 6% ársvöxtum frá 8. nóvember 1944 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað í héraði, en málskostnaður í hæstarétti fellur niður. Gagnáfrýjandi hefur lögveðrétt í bifreiðinni K 16 fyrir hinum dæmdu fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. marz 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m., hefur Ingólfur Guðmundsson stórkaupmaður, Garðastræti 14 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 8. nóvember f. á., gegn Jóni Jónssyni, Hofi í Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 2347.27, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. október 1944 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá krefst stefnandi og þess, að viðurkenndur verði með dómi lögveðréttur hans í bifreiðinni K 16 fyrir framangreindum kröfum.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Hinn 17. ágúst f. á., um kl. 6 síðdegis, var bifreið stefnanda, R 155, á leið niður Laugaveg, og kveður bifreiðarstjórinn ökuhraðann hafa verið 15—20 km, miðað við klukkustund. Skýrir bifreiðarstjórinn svo frá, að hann hafi verið að koma að vegamótum Rauðarárstígs og Laugavegar, þegar hann sá, að bifreiðinni K 16, eign stefnda, var ekið inn á Laugaveginn, að sunnan. Kveðst hann hafa gert ráð fyrir, að K 16 yrði stöðvuð, þar eð Laugavegur er aðalbraut, og því hafi hann haldið áfram. Hinni bifreiðinni var þá ekið á ská yfir Laugaveg, og kom það bifreiðarstjóranum á R 155 á óvart, svo að hann varð of seinn til að stöðva bifreið sína, og rakst hún aftan á K 16 hægra megin. Hlutust af því miklar skemmdir á framenda og vinstri hlið bifreiðarinnar, og lauk viðgerð á þeim 23. september f. á. Telur stefnandi bifreiðarstjórann á K 16 hafa valdið slysi þessu með ógætilegum og ólöglegum akstri og beri stefndi því bótaábyrgð á öllu því tjóni, er af árekstrinum varð.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að bifreiðarstjórinn í bifreið stefnanda hafi einn átt sök á slysinu, og hafi of hraður og ógætilegur akstur hans við gatnamótin valdið því. Heldur hann því fram, að bifreiðarstjórinn á K 16, sem ók með 10—15 km hraða og hóf ferð sína af auðri lóð rétt við gatnamótin, hafi, er að þeim kom, litið til hægri inn Laugaveg og ekki orðið var bifreiðar stefnanda. Hafi hann því haldið áfram yfir Laugaveg í því skyni að beygja síðan aftur yfir götuna og inn í bifreiðasmiðju þá, sem stendur við gatnamótin. Hins vegar hafi R 155 rekizt aftan á K 16, rétt áður en hún komst upp að gangstéttinni norðan Laugavegar. Af samanburði á ökuhraða bifreiðanna sé því ljóst, að R 155 hafi átt svo langa leið ófarna til gatnamóta, að reglurnar um aðalbraut geti ekki átt hér við, en auk þess hefur stefndi véfengt, að nokkur merki um aðalbraut hafi verið sett við gatnamót þessi. Þá hefur stefndi og bent á, að bifreiðarstjórinn í R 155 hafi ekki farið að lögum, er hann ók á hægra vegarhelmingi, enda megi rekja orsök árekstrarins til þess, og auk þess hafi hann sýnt vangæzlu með því að gefa hvorki hljóðmerki til viðvörunar né nota hemla í tæka tíð.

Þótt eigi verði talin fram komin í máli þessu full sönnun þess, að merki um aðalbraut hafi verið á gatnamótunum við þetta tækifæri, þykir leið sú, er stjórnandi K 16 hafði í hyggju að fara, vera svo óvenjuleg á þessum slóðum, að telja verður, að honum hafi borið að gæta hinnar ýtrustu varkárni. Þar er ekki þykir ljóst af því, sem upp hefur komið í málinu, að mismunur á ökuhraða bifreiðanna hafi verið svo mikill, sem stefndi heldur fram, þykir sú staðreynd, að stjórnandi K 16 sá ekki bifreið stefnanda, bera því vott, að hann hefur ekki beitt þeirri aðgæzlu, sem honum var skylt, og þá sérstaklega, er hann beygði sem næst þvert yfir Lauga-

veg, án þess að gefa nokkurt merki um það. Hins vegar verður og litið svo á, að stjórnandi R 155 hafi ekki gætt sín sem skyldi, er hann varð þess var, að K 16 stöðvaðist ekki við gatnamótin, þar eð hann dró ekki nægilega snemma úr hraðanum, og ekki er sýnt, að hann hafi gert vart við sig með hljóðmerkjum. Samkvæmt 1. málsgrein 34. gr. laga nr. 23 frá 1941, sbr. 4. málsgr. sömu greinar, ber því að skipta sök á slysi þessu, og þykir samkvæmt framanrituðu rétt, að stefndi beri ábyrgð á tjóni því, er af hlauzt, að ⅔ hlutum, en stefnandi að ⅓.

Verður nú athuguð fjárhæð bótakröfunnar. Skiptir stefnandi henni svo:

1.	Viðgerðarkostnaður	kr. 947.27
2.	Bætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar í 35 daga, kr. 40.00 um dag hvern	— 1400.00
	Samtals	kr. 2347.27

Um 1. Við munnlegan flutning málsins féll stefndi að mestu frá mótmælum sínum gegn þessum lið, sem verður því tekinn til greina óbreyttur.

Um 2. Stefnandi rökstyður þenna kröfulið með því, að þótt bifreið hans sé fólksflutningabifreið (Hupmobile 1936), hafi hann haft hennar mikil not við heildverzlun sína, I. Guðmundsson & Co. hér í bænum, svo og nokkur not við bifreiðaverzlunina H. Jónsson & Co., sem stefnandi er meðeigandi að. Kveðst hann hafa notað bifreiðina til ýmiss konar sendiferða og vöruflutninga og telur kröfu sinni í hóf stillt, að því er dagbætur varðar. Þá hefur hann og afsakað drátt þann, er virðist hafa orðið á viðgerðinni, með því, að annir í bifreiðasmiðjunni hafi valdið, svo og því, að bíða hafi þurft umsagnar trúnaðarmanns Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f.

Stefndi hefur andmælt því, að stefnandi hafi haft nokkur not bifreiðar sinnar í atvinnuskyni, og eigi stefnandi því enga bótkröfu að þessu leyti. Til vara hefur stefndi mótmælt fjárhæð dagbóta svo og dagafjölda, enda sé hann vítalaus af hinum óeðlilega drætti, er á viðgerðinni varð.

Þótt eigi sé það sannað í málinu, að stefnandi hafi notað bifreið sína svo mjög í þágu atvinnu sinnar, sem hann vill vera láta, og ekkert liggi fyrir um beinan kostnað hans af þessu tilefni, þykir hann eiga rétt til nokkurra bóta fyrir óþægindi þau og aukna fyrirhöfn, er hann hafi af árekstri þessum haft. Samkvæmt gögnum þeim, sem fyrir hendi eru um eðlilegan viðgerðartíma, þykja bætur að þessu leyti hæfilega ákveðnar kr. 600.00.

Stefndi hefur ekki andmælt sérstaklega kröfu stefnanda um viðurkenningu lögveðréttar í bifreiðinni K 16, og ber því, með skírskotun til 5. mgr. 34. gr. laga nr. 23 frá 1941, að taka þá kröfu til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður gert að greiða stefnanda kr. 947.27 + 600.00 að ⅔ hlutum, eða samtals kr. 1031.51, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00, og á stefnandi lögveðrétt í bifreiðinni K 16 til tryggingar framangreindum fjárkröfum.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Framangreindur lögveðréttur er viðurkenndur.

Stefndi, Jón Jónsson, greiði stefnanda, Ingólfi Guðmundssyni, kr. 1031.51 með 6% ársvöxtum frá 8. nóvember 1944 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. júní 1946.

Nr. 71/1946. **Jón Ingimarsson** (Hrl. Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Guðmundi Holberg Þórðarsyni
og
Halldóru Björnsdóttur og gagnsök
(Hrl. Sigurður Ólason).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Útburðarmál.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. maí 1946, krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur og að gagnáfrýjendur verði dæmdir in solidum til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjendur, sem áfrýjað hafa málinu með stefnu 11. júní 1946, krefjast þess, aðallega að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að synjað verði um framkvæmd útburðargerðar. Svo krefst og gagnáfrýjandi Guðmundur Holberg Þórðarson málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda, en gagnáfrýjandi Halldóra Björnsdóttir krefst málskostnaðar fyrir hæstarétti af aðaláfrýjanda.

Sameign aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda Halldóru að hús-

inu nr. 5 við Spítalastíg er svo háttað, að aðaláfrýjandi hefur eignarráð efri hæðar hússins, en gagnáfrýjandi Halldóra neðri hæðar, en bæði hafa umráð og afnot kjallara. Af réttarsambandi þeirra vegna sameignarinnar leiðir, að þeim ber skylda til að stuðla að því eftir megni, að að hvort þeirra geti ótruflað hagnýtt sér sinn hluta hússins á eðlilegan og lögmætan hátt. Nú er það leitt í ljós í máli þessu, að gagnáfrýjandi Guðmundur Holberg og þó einkum menn þeir, sem hann hleypir inn í húsið, hafa þar í frammi slíka háreysti, svall og ósiðlegt atferli, bæði að degi til og nóttu, að heimilisfriði aðaláfrýjanda og högum er stórkostlega raskað. Er honum ekki skylt að búa undir því. Þar sem gagnáfrýjandi Halldóra hefur ekki viljað veita aðaláfrýjanda atbeina til að létta þessum ófögnuði af húsinu, er aðaláfrýjanda sjálfum heimilt að hefjast handa og fá hjálp dómstóla til að bera út þá, sem óspektum valda. Samkvæmt þessu ber að taka kröfu aðaláfrýjanda um útburð til greina.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma gagnáfrýjanda Guðmund Holberg til að greiða aðaláfrýjanda kr. 500.00 í málskostnað í héraði, en málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda Halldóru var ekki krafizt fyrir fógetadómi. Svo ber og að dæma gagnáfrýjendur til þess in solidum að greiða málskostnað í hæstarétti, sem ákveðst kr. 700.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi Guðmundur Holberg Þórðarson skal með útburðargerð sviptur umráðum á húsnæði í húsinu nr. 5 við Spítalastíg í Reykjavík.

Gagnáfrýjandi Guðmundur Holberg greiði aðaláfrýjanda, Jóni Ingimarssyni, kr. 500.00 í málskostnað fyrir fógetadómi.

Gagnáfrýjendur, Guðmundur Holberg Þórðarson og Halldóra Björnsdóttir, greiði aðaláfrýjanda in solidum kr. 700.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 6. maí 1946.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 2. maí s. l., hefur gerðarbeiðandi, Jón Ingimarsson, Spítalastíg 5 hér í bæ, krafizt þess, að gerðarþoli Guðmundur H. Þórðarson verði borinn út úr húsnæði því, sem hann býr nú í í húsinu nr. 5 við Spítalastíg hér í bæ.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar. Þá hefur móðir gerðarþola, Halldóra Björnsdóttir, skála nr. 15 við Háteigsveg, gerzt meðalgönguaðili í málið og mótmælt gerðinni. Lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa krafizt málskostnaðar.

Gerðarbeiðandi, Jón Ingimarsson, eignaðist árið 1939 hálft húsið nr. 5 við Spítalastíg á móti móður gerðarþola, Halldóru Björnsdóttur, en hún hafði þá lengi átt húsið ein. Hafa þau síðan átt húsið saman.

Gerðarbeiðandi býr á efri hæð hússins með konu sinni og 5 börnum, 13—23 ára að aldri. Gerðarþoli hefur neðri hæðina til afnota, en aðiljar hafa báðir afnot af geymslum í kjallara.

Kveður gerðarbeiðandi, að snemma á árinu 1945 hafi farið að bera á því í ríkum mæli, að gerðarþoli og ýmsir, er til hans hafi sótt, hafi farið að hafa í frammi háreysti og svall, jafnt daga sem nætur. Hafi þar verið framin peningaspil, drykkja og áflog, og hafi hávaði og margs konar annað ónæði af þessum völdum gert gerðarbeiðanda og fólki hans illmögulegt að búa í húsinu, þar sem oft hafi enginn næturfriður fengizt nótt eftir nótt. Mjög oft sé líka ýmiss konar óspektir og ósiðsemi höfð í frammi fyrir utan húsið, og stafi þær frá gestum gerðarþola og öðrum, sem krefjist þar inngöngu. Verði lögreglan oft að koma til að skakka leikinn, og kveðst gerðarbeiðandi iðulega hafa orðið að sækja lögreglu til þeirra hluta.

Kveðst gerðarbeiðandi hafa gert ítrekaðar tilraunir til að fá bætt úr þessu ástandi. Kveðst hann hafa snúið sér til sameiganda síns munnlega vorið 1945 og síðan tvisvar sinnum skriflega, hinn 2. október og 17. desember 1945, en þessar tilraunir hafi orðið árangurslausar. Afrit af bréfum þessum sendi gerðarbeiðandi gerðarþola.

Telur gerðarbeiðandi þetta framferði gerðarþola algerlega ólögmætt gagnvart sér og ritaði því fógetaréttinum hinn 6. marz s. l. og krafðist útburðar á gerðarþola. Áður hafði málið verið lagt fyrir húsaleigunefnd.

Gerðarþoli hefur mótmælt gerðinni aðallega á þeim grundvelli, að gerðarbeiðanda skorti aðild til þess að fara einn með mál þetta, þar sem hann sé ekki einn eigandi hússins. Vísar hann sérstaklega

til bréfs móður sinnar til gerðarbeiðanda, sjá hér rskj. 4, þar sem hún neitar að ljá honum atbeina sinn til málarekstrar þessa.

Móðir gerðarþola, Halldóra Björnsdóttir, hefur gerzt meðalgönguaðili í máli þessu og mótmælt framgangi gerðarinnar.

Vitnið Sæmundur Tómasson, Spítalastíg 3, sem tvívegis hefur kært til lögreglunnar vegna ónæðis af völdum gerðarþola, sjá hér rskj. 4 og 6, skýrir svo frá, að sumir íbúar húss hans hafi oft ekki haft svefnfrið fyrir gerðarþola og gestum hans jafnvel ekki nótt eftir nótt. Einn af leigjendum Sæmundar, Guðrún Einarsdóttir, skýrir svo frá, að snemma á árinu 1945 hafi farið að bera á miklu háreysti úr íbúð gerðarþola, svo að hún hafi margoft ekki notið svefns meirihluta nætur. Kveður hún, að hávaði þessi hafi stafað frá gerðarþola og gestum hans, sem hafi setið þar að drykkju og spilamennsku. Hafi þar oft lent í ryskingum og hafi lögreglan oft komið til að skakka leikinn. Kveður hún einnig, að húsið hafi oft sinnis um nætur verið lamið utan af mönnnum, meira og minna ölvuðum, sem hafi leitazt eftir að komast inn til gerðarþola. Þá getur hún þess, að komið hafi fyrir, að hún hafi orðið fyrir persónulegri áreitni af mönnum þessum.

Vitnið Olgeir Guðjónsson, sem bjó á sömu hæð og gerðarþoli í húsinu nr. 5 við Spítalastíg árið 1945, kveður, að oft hafi borið á hávaða af völdum gerðarþola, og kveðst Olgeir oft hafa orðið að sækja lögregluna vegna þessa, og einu sinni kveðst hann hafa sent kæru til rannsóknarlögreglunnar.

Þessum vitnum ber saman um það, að hlé hafi stundum orðið á ólátum þessum, og játar gerðarbeiðandi það einnig. Olgeir Guðjónsson kveðst einnig hafa orðið var við það, að gerðarþoli hafi sjálfur orðið að biðja um lögregluaðstoð gegn þessum gestum sínum.

Lagt hefur verið fram, sjá rskj. nr. 4, vottorð lögregluþjóns um lögregluaðstoðarbeiðnir vegna illdeilna gesta gerðarþola út af spilum og ölæðishávaða af þeirra völdum, sem hafi staðið fólki í næstu húsum fyrir næturró.

Með ofangreindum vitnaframburðum svo og öðru, sem komið er fram í máli þessu, verður sannað að teljast, að gerðarþoli hafi gerzt sekur um stórkostlegan og vítaverðan ójöfnuð gagnvart gerðarbeiðanda.

Það verður ekki talið skipta neinu máli, hvernig sameign gerðarbeiðanda og móður gerðarþola að húsinu er nánar varið eða hvernig afnotaskiptingu þeirra að húsinu er háttað. Ekki verður heldur álitið, að það skipti neinu í þessu sambandi, hvort móðir gerðarþola tekur þátt í málarekstri þessum. Hitt er víst, að gerðarbeiðandi hefur tvívegis skorað á hana að skerast í leikinn gagnvart óþolandi framferði af völdum gerðarþola, en hún hefur neitað

að skipta sér nokkuð af því máli. Hefur hún þar með gerzt meðsek gerðarþola um framangreind réttarbrot hans gagnvart gerðarbeiðanda, og verður á engan hátt talið, að henni sé heimilt eðli málsins samkvæmt að misbeita þannig sameignarrétti sínum yfir húseigninni.

Kemst rétturinn því að þeirri niðurstöðu, að leyfa beri framgang gerðarinnar, og þykir rétt, að gerðarþoli og meðalgönguaðilinn greiði in solidum gerðarbeiðanda kr. 450.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Gerð þessi skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, Guðmundur H. Þórðarson, Spítalastíg 5, og meðalgönguaðili, Halldóra Björnsdóttir, skála nr. 15 við Háteigsveg, greiði in solidum gerðarbeiðanda, Jóni Ingimarssyni, Spítalastíg 5, kr. 450.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. júní 1946.

Nr. 93/1945. **Eigendur og ábúendur Ölvaldsstaða, þeir Gunnar Jónsson, Björn H. Jónsson, Einar Runólfsson og Albert Jónsson**
(Hdl. Þórólfur Ólafsson)
gegn
Ólafi Ólafssyni
og
Benjamín Ólafssyni (Hrl. Gunnar Möller).

Úrskurður gerðardóms úr gildi felldur.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa kveðið upp Jón Steingrímsson sýslumaður ásamt samdómendum, Kristjáni Guðmundssyni oddvita og Guðmundi Jónssyni kennara.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 1. ágúst 1945, gera þær dómkröfur, aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim til meðferðar og dómsálagningar af nýju. Til vara gera áfrýjendur þessar kröfur:

1. varakrafa: Að gild séu metin merki þau, er ákveðin voru af gerðardómi þann 30. maí 1940 svo og ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna á þeim merkjum, er fram fór 1. júní 1942.
2. varakrafa: Að úrskurður gerðardómenda verði staðfestur, en landamerkjadómi falið að setja merkin eftir úrskurði gerðardómsins.
3. varakrafa: Að verði úrskurður gerðardómsins ekki talinn gildur, þá verði kveðið á um það, að aðiljar séu bundnir við að leggja málið í gerð samkvæmt samningnum um gerðardóm.

Þá krefjast áfrýjendur og, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og hæstarétti samkvæmt mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda in solidum eftir mati hæstaréttar.

Telja verður, að mál um gildi gerðardóms þess, er hér greinir, sæti meðferð samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919. En þar sem nefndir hafa verið samdómendur, þykir ákvæðum þess kafla eftir atvikum fullnægt.

Hér fyrir dómi hefur verið lagður fram kaupsamningur frá 18. maí 1935, þar sem Jón Björnsson frá Svarfhóli selur Ólafi Ólafssyni, Lækjarkoti, svonefndar Lækjarkotsleigur, en ekkert er talið þinglesið um eignarrétt að þeim. Þá liggur og fyrir vottorð sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu þess efnis, að í máli um merki Bóndhóls og Lækjarkotsleigna, sem dæmt var í héraði 20. júní 1935, hafi Ólafi Ólafssyni verið einum stefnt og hann komið einn fram sem fyrirsvarsmaður Lækjarkotsleigna. Hreppstjóri Borgarhrepps hefur og skýrt frá atriðum, er benda til þess, að Lækjarkotsleigur hafi árin 1935—1941 fylgt Lækjarkoti. Enn hafa og tvö vitni, hvort í sínu lagi, eftir stefnda Benjamín og eitt vitni eftir stefnda Ólafi ummæli, er þetta styðja. Framkoma Ólafs Ólafssonar, er hann undirritaði gerðardómssamninginn, og hegðun Benjamíns Ólafssonar, sem allar líkur eru til, að vitað hafi um gerðardóminn, verður og ekki skilin á annan hátt en þann, að þeir hafi talið Ólaf Ólafs-

son bæran til að semja um gerðardóminn. Þegar á allt þetta er litið, verður véfenging stefndu á gerðardómssamningnum að teljast markleysa ein.

Í úrskurði sínum 30. maí 1940 ákváðu gerðardómendur, að hin umdeildu merki á veiðisvæði Ölvaldsstaða og Lækjarkotsleigna skuli vera lína, dregin úr austurhorni Lækjarkotsleigna í hásuður. Þar sem vafi lék á um nákvæma legu markalínunnar samkvæmt þessum úrskurði og gerðardómendur höfðu hvorki markað hana á uppdrátt né miðað í kennileiti, þá fengu áfrýjendur tvo menn dómkvadda til að ákveða merkjalínu þessa.

Bæði í héraði og hér fyrir dómi hafa stefndu haldið því fram, að úrskurð gerðardómsins beri að meta ógildan, meðal annars vegna þess, að hann sé ekki nógu nákvæmur, feli ekki í sér þá niðurstöðu, sem gerðardómendur ætluðust til, og samrýmist ekki kröfum aðilja.

Ráða má af skýrslum gerðardómenda, sem fram hafa komið í málinu, að þeir hafi ekki gert sér nægilega glögga grein fyrir því, hvernig lína, dregin úr austurhorni Lækjarkotsleigna í hásuður, liggur og hver mörk hún skapar á þrætusvæðinu. Af þessu leiðir, að stefndu þurfa ekki að hlíta úrskurði gerðardómenda, sem í málinu greinir, en hins vegar hafa ekki verið færð fram nein þau atriði, er hnekki gildi gerðardómssamningsins, og er hann því bindandi fyrir aðilja.

Stefndu hafa í máli þessu gefið rangar skýrslur um kaup á Lækjarkotsleigum. Samkvæmt því og að öðru leyti með hliðsjón af úrslitum málsins ber að dæma þá in solidum til greiðslu málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 1400 krónur.

Dómsorð:

Merki þau milli veiðisvæða Ölvaldsstaða og Lækjarkots í Borgarhreppi, sem ákveðin voru með úrskurði gerðardóms 30. maí 1940, eru ekki metin gild.

Samningur um gerðardóm milli áfrýjenda, Gunnars Jónssonar, Björns H. Jónssonar, Einars Runólfssonar og

Alberts Jónssonar, annars vegar og stefnda Ólafs Ólafssonar hins vegar er bindandi gagnvart stefndu, Ólafi Ólafssyni og Benjamín Ólafssyni.

Stefndu greiði in solidum áfrýjendum samtals 1400 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Landamerkjadómur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 28. júlí 1945.

Mál þetta er höfðað samkvæmt beiðni stefnenda í bréfi, dags. 11. maí þ. á., þingfest 15. s. m., áreið gerð og tekið til dóms, að því er snertir aðal-, vara- og þrautavarakröfur stefnenda, í gær.

Tilefni þessa máls er, að ágreiningur hefur verið milli aðilja þess um takmörk veiðiréttinda í Hvítá, er tilheyra jörð stefnenda, Ölvaldsstöðum, og landsspildunni Amtmannsleigum, er stefndu telja sig eiga.

Vorið 1940 varð það að samkomulagi milli stefnenda og Ólafs Ólafssonar að leggja ágreining þenna í gerð þriggja manna, þeirra: Davíðs Þorsteinssonar hreppstjóra á Arnbjargarlæk, Theódórs B. Lindals hrl. í Reykjavík og Einars B. Guðmundssonar hrl. í Reykjavík, og skyldi úrskurður gerðardómsins vera bindandi fyrir báða aðilja, og eigi hægt að áfrýja honum.

Hinn 30. maí 1940 kvað gerðardómurinn upp úrskurð sinn, og var hann á þá leið, „að hin umdeildu merki á veiðisvæði Ölvaldsstaða og Lækjarkotsleigna skuli vera lína dregin úr austurhorni Lækjarkotsleigna í hásuður."

Var úrskurður gerðardómsins þinglesinn á manntalsþingi Borgarhrepps 26. júlí 1940, og mótmælti þá Benjamín Ólafsson gildi hans, „þar sem hann hafi eigi samþykkt skipun gerðardómsins, en sé eigandi hálfra veiðiréttinda fyrir Lækjarkotsleigum móti Ólafi bróður sínum."

Hinn 2. jan. 1941 voru þeir Ásgeir Þ. Ólafsson dýralæknir í Borgarnesi og Runólfur Sveinsson skólastjóri á Hvanneyri dómkvaddir af sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu samkvæmt kröfu stefnenda til þess að ákveða merkalínu milli veiðisvæða Ölvaldsstaða og Lækjarkotsleigna samkvæmt gerðardómi, gengnum 30. maí 1940. Ákváðu þeir 1. júní 1942 línuna þannig: „Línan liggur úr austurhorni Lækjarkotsleigna, austan við Kistuhöfða, á milli Rauðahnjúkafjalls (hæðardepill 782) og ávalrar bungu (hæðardepill 633) að sjá í þúst, sem lægst ber í lægðinni milli nefndra hæðardepla. Mið (varða) hefur verið steypt í klettana vestan Ölvaldsstaða."

Var ákvörðun hinna dómkvöddu manna þinglesin á manntalsþingi Borgarhrepps 26. júní 1943, og lýsti Ólafur Ólafsson yfir, að hann mótmælti henni sem markleysu, og Benjamín Ólafsson, að hann mótmælti henni.

Þrátt fyrir úrskurð gerðardómsins og ákvörðun hinna dómkvöddu manna hefur Benjamín Ólafsson haft lagnir á veiðisvæði því, sem tilheyrir Ölvaldsstöðum samkvæmt gerðardóminum, og hafa því stefnendur með bréfi, réttarskj. 1, snúið sér til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og óskað þess, að ágreiningsmál þetta verði tekið fyrir sem landamerkjamál.

Eru dómkröfur stefnenda í málinu, sem hér segir:

Aðallega: að merkjadómurinn viðurkenni með dómi sínum merki þau, er ákveðin voru af gerðardómi þann 30. maí 1940, og sömuleiðis ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna á þeim merkjum, sem fram fór 1. júní 1942.

Til vara: að úrskurður gerðardómsmanna verði staðfestur á þann hátt, er í aðalkröfu greinir, en að landamerkjadómurinn setji sjálfur niður merkin samkvæmt honum.

Til þrautavara: að ef gerðardómsúrskurðurinn skyldi af einhverjum ástæðum ekki verða talinn gildur, þá verði slegið föstu, að aðiljar séu bundnir til að leggja málið í gerð samkvæmt samningnum um gerðardóminn.

Loks: ef ekkert af þessum kröfum verður tekið til greina, þá telja stefnendur sig hafa rétt til að gera og gera allar þær kröfur um merki, sem þeir á sínum tíma gerðu fyrir gerðardóminum, því að þó þeir vilji sætta sig við gerðardóminn, vegna þess að þeir telja hann bindandi fyrir báða aðilja, þá gengur hann skemmra þeim í hag en hinar upphaflegu kröfur þeirra.

Að síðustu krefjast þeir málskostnaðar.

Dómkröfur stefndu eru, sem hér segir:

„Að merkjalína verði sett á veiðisvæði milli Lækjarkots og Holts annars vegar og Ölvaldsstaða hins vegar með línu, sem tekin er úr austurhorni Lækjarkotsleigna um fjöru, þar sem Beigalda og Ölvaldsstaðamerki enda. Þaðan sé lína dregin beina sjónhendingu á Skessutind."

Enn fremur krefjast þeir málskostnaðar.

Þá krefst Benjamín Ólafsson þess, að gerðardómurinn frá 30. maí 1940 verði ógiltur, og mótmælir kröfu um nýjan gerðardóm.

Ólafur Ólafsson krefst þess, að gerðardómurinn verði lýstur ógildur.

Í réttarhaldi 5. júní s. l. lögðu málsaðiljar fram tilmæli um, að mál þetta verði, að svo stöddu, sótt og varið einungis, að því er snertir gildi gerðardómsins 30. maí 1940, þ. e. aðalkröfu, varakröfu og þrautavarakröfu stefnenda. Bentu þeir á ákvæði 5. mgr. 71. gr.

laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði til stuðnings þessari beiðni sinni.

Féllst landamerkjadómurinn á, að rétt mundi að verða við þessum tilmælum, þar sem sýnt er, að það getur orðið til vinnusparnaðar, og verður einnig til þess, að málið liggur gleggra fyrir landamerkjadóminum.

Verður því í dómi landamerkjadómsins aðeins fjallað um þann þátt málsins, er að framan greinir og málsaðiljar óska sérstaks úrskurðar um.

Stefndu halda því fram, að óheimilt sé vegna ákvæða 4. tl. 2. gr. laxveiðilaganna nr. 112 frá 1941 að leggja undir úrskurð gerðardóms ágreining um takmörk veiðiréttinda. Telja þeir, að ákvæðið um, að eigi megi skilja veiðirétt við landareign, geri það að verkum, að eigi sé hægt að semja um gerðardómsmeðferð, er geti orðið þess valdandi, að veiðiréttur skiljist frá jörðu.

Landamerkjadómurinn telur, að hér sé eigi um neina eignayfirfærslu á veiðirétti að ræða, heldur um ákvörðun takmarka milli veiðiréttinda, er óglögg voru. Þá skilur og landamerkjadómurinn ákvæði 4. tl. 2. gr. laxveiðilaganna þannig, að þar sé aðeins lagt bann við að skilja veiðirétt frá þeirri landspildu, er helgar veiðiréttinn. Verður því krafa stefndu um ógildingu gerðardómsins af þessari ástæðu eigi tekin til greina.

Þá hafa stefndu mótmælt gildi gerðardómsins af þeirri ástæðu, að eigi hafi undirritað samninginn nema annar þeirra (Ólafur), en landspildan, Lækjarkotsleigur, sé óskipt sameign þeirra bræðra að hálfu hvors.

Skýra þeir svo frá, að síðla sumars árið 1933 hafi þeir keypt Lækjarkotsleigur af Jóni heitnum Björnssyni frá Svarfhóli, kaupmanni í Borgarnesi, og átt að greiða fyrir þær 200 hesta af heyi með jöfnum greiðslum á 8 árum. Eigi segja þeir, að kaupsamningur hafi verið gerður og þeir ekkert afsal fengið fyrir eigninni. Þá segja þeir, að þeir hafi nytjað eignina þannig, að Benjamín hafi stundað laxveiði í net fyrir leigunum, og hafi veiði hans skipzt til helminga milli þeirra. Hins vegar hafi Ólafur slegið leigurnar og hirt hey af þeim, en stundum hafi Benjamín fengið nokkuð af því hjá honum.

Þeir hafa lagt fram útskrift úr hreppskilabók Borgarhrepps (rskj. 16) um framtalið veiðimagn jarðanna Lækjarkots og Holts árið 1933 til 1939, og sýnir hún, að flest árin er talin jöfn laxveiði á báðum jörðunum, þó er eingöngu talin laxveiði í Holti árið 1933, enda upplýst, að það ár stundaði Benjamín laxveiðina með Árna Helgasyni í Borgarnesi, og árið 1939 er laxaveiði 40 löxum meiri í Holti en í Lækjarkoti, enda átti Benjamín þá og stundaði laxveiði fyrir landspildum neðan Lækjarkotsleigna, er hann átti með Stefáni Jónssyni bónda á Brennistöðum.

Loks hafa þeir lagt fram á réttarskj. nr. 11, vottorð Sverris Gíslasonar formanns fasteignamatsnefndar Mýrasýslu um, að á jarðlýsingarblöðum fyrir jarðirnar Lækjarkot og Holt frá árinu 1939 sé talið, að hvor jörðin fyrir sig eigi hálfa laxveiði fyrir Amtmannsleigum.

Stefnendur hafa véfengt, að rétt sé frá skýrt hjá stefndu, að Lækjarkotsleigur séu sameign þeirra. Benda þeir á, að Ólafur hafi, er hann undirritaði samninginn um gerðardóminn, á engan hátt getið þess, að annar aðili ætti aðild þess máls með honum. Þá hafi eigi verið annað almennt vitað en Ólafur væri einkaeigandi leignanna, enda hefði Guðmundur Þ. Gíslason á Bóndhól höfðað mál gegn honum út af takmörkum veiðiréttinda milli Bóndhóls og Lækjarkotsleigna, er dæmt var í Hæstarétti 20. jan. 1939, og hafi í því máli eigi komið fram, að um annan varnaraðilja vegna Lækjarkotsleigna væri að ræða en Ólaf. Loks telja þeir, að Benjamín, er muni hafa verið kunnugt um störf gerðardómsins, er gerðardómsmenn gengu á þrætustaðinn, hafi verið skylt að hreyfa þá þegar mótmælum gegn framgangi gerðarinnar, og telja þeir, að afskipti hans af störfum gerðardómsmannanna hafi jafngilt samþykkt hans á samningnum um gerðardóm.

Landamerkjadómurinn verður að líta svo á, að enda þótt stefndu hafi eigi lagt fram skjallegar eignarheimildir fyrir Lækjarkotsleigum þeim til handa, styðji vottorðin á réttarskjölum nr. 11 og 16 frásögn þeirra um, að þeir hafi árið 1933 keypt leigurnar að helmingi hvor af þáverandi eiganda þeirra, Jóni Björnssyni frá Svarfhóli, kaupmanni í Borgarnesi, og lagt þær til jarða sinna, Lækjarkots og Holts, er voru ein jörð, þar til er þeim var skipt árið 1930.

Þótt lítt sé skiljanlegt, hvers vegna Ólafur eigi gat þess, er hann undirritaði samninginn um gerðardóminn, að Benjamín væri meðeigandi hans að Lækjarkotsleigum, getur landamerkjadómurinn eigi fallizt á, að það geti orðið til þess að svipta Benjamín þeim rétti, er hann kynni að hafa til að mótmæla gerðardóminum og telja sig óbundinn af honum.

Einkaaðild Ólafs að landamerkjamálinu milli Guðmundar Þ. Gíslasonar, eiganda Bóndhóls, og hans sem eiganda Lækjarkotsleigna bendir að vísu nokkuð í þá átt, að hann hafi, er það mál var rekið fyrir undirrétti og Hæstarétti, verið einkaeigandi Lækjarkotsleigna, en verður þó eigi metin sem full sönnun þess, þar sem þetta mál var sameinað öðru máli, er Benjamín ásamt Stefáni Jónssyni á Brennistöðum var varnaraðili að, og gat því gætt hagsmuna sinna vegna Lækjarkotsleigna í Bóndhólsmálinu, enda er eigi upplýst, að nokkur ágreiningur væri milli bræðranna um tilhögun varna í því máli.

Formleg sannanleg mótmæli Benjamíns gegn gildi gerðardómsins koma að vísu eigi fram fyrr en við þinglýsingu hans á mann-

talsþingi Borgarhrepps árið 1940. Hins vegar heldur hann því fram, að hann hafi á tímabilinu frá því gerðardómsmenn gengu á þrætustaðinn og þar til er gerðardómurinn var upp kveðinn, getið þess við tvo gerðardómsmennina Davíð Þorsteinsson og Einar B. Guðmundsson, að hann væri eigandi hálfra Lækjarkotsleigna, og mótmælt gerðinni. Hefur Davíð eigi viljað neita, að svo gæti hafa verið, enda þótt hann muni það eigi fyrir víst, en Einar man, að Benjamín hefur talað um þetta við hann, en eigi, hvort það var áður en gerðardómurinn var upp kveðinn.

Landamerkjadómurinn telur eigi upplýst, að Benjamín Ólafssyni hafi verið vitanlegt um gerðardómssamninginn, fyrr en hann hitti gerðardómsmennina, er þeir skoðuðu þrætustaðinn. Mótmælti hann þá að vísu eigi, að gerðardómurinn starfaði, en hóf þar á eftir að koma að mótmælum sínum, meðal annars með því að tilkynna einum eða tveimur gerðardómsmönnunum þau. Þegar svo gerðardómurinn var þinglesinn á manntalsþingi Borgarhrepps 26. júlí 1940, lét hann bóka mótmæli sín gegn gildi hans.

Verður landamerkjadómurinn að telja, að hann hafi eigi með þessu atferli sínu sýnt það tómlæti um að koma mótmælum sínum á framfæri, að meta beri sem samþykki hans á samningnum um gerðardóminn.

Samkvæmt framansögðu getur landamerkjadómurinn eigi tekið til greina aðalkröfu stefnenda um, að staðfestur verði úrskurður gerðardóms, er gekk þann 30. maí 1940 og ákvörðun dómkvaddra matsmanna á merkjum milli Ölvaldsstaða og Lækjarkotsleigna, er fram fór 1. júní 1942. Eigi verða heldur teknar til greina vara- og þrautavarakrafa stefnenda.

Landamerkjadómurinn sér eigi að svo stöddu, þar sem gera verður ráð fyrir, að mál þetta verði áfram rekið fyrir réttinum, þar til endanleg niðurstaða um landamerkin er fengin, ástæðu til að ákveða um málskostnað og skiptingu hans vegna þess hluta málsins, er nú er lokið, heldur verði hann ákveðinn og honum skipt við endalok þess.

Því dæmist rétt vera:

Aðalkrafa stefnenda, þeirra Gunnars Jónssonar, Björns H. Jónssonar, Einars Runólfssonar og Alberts Jónssonar, eigenda og ábúenda Ölvaldsstaða, um, að merkjadómurinn viðurkenni með dómi sínum merki þau, er ákveðin voru af gerðardómi þann 30. maí 1940, og sömuleiðis ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna á þeim merkjum, er fram fór 1. júní 1942, verður eigi tekin til greina. Eigi verða heldur teknar til greina varakrafa og þrautavarakrafa stefnenda.

Föstudaginn 14. júní 1946.

Nr. 73/1945. **Hafnarstjóri Reykjavíkur f. h. hafnarsjóðs**
(Hdl. Tómas Jónsson)
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
(Hdl. Jón Sigurðsson).

Ekki skylt að greiða fasteignaskatt af hafnarmannvirkjum.

Dómur hæstaréttar.

Bjarni Pálsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 31. maí 1945, gerir þær dómkröfur, að synjað verði um framkvæmd lögtaksgerðar og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Hvorki orðalag 1. og 2. töluliðs 1. gr. laga nr. 66/1921, sem takmarka upphafsákvæði greinarinnar, né skýring greinarinnar eðli málsins samkvæmt þykir veita örugga heimild til álagningar skatts þess, sem krafizt er í máli þessu.

Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framkvæmd lögtaksgerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 25. maí 1945.

Með því að hafnarsjóður Reykjavíkur hafði neitað að greiða fasteignaskatt af ýmsum mannvirkjum hafnarinnar, krafðist tollstjórinn í Reykjavík þess með lögtaksbeiðni, dags. 22. jan. 1945, svo og framhaldsbeiðni, dags. 26. febr. s. á., að lögtak yrði gert í þar greindum eignum til tryggingar greiðslu fasteignaskatts af

þeim fyrir árið 1944. Gerðarþoli lét mæta við lögtakið, er það var fyrst tekið fyrir 22. jan. þ. á., og mótmæla framgangi þess, og hefur málið síðan verið sótt og varið hér í réttinum og var tekið til úrskurðar 19. þ. m.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krefst þess, að lögtakið nái fram að ganga að öllu leyti, en umboðsmaður gerðarþola mótmælir framgangi þess. Hafa umboðsmenn beggja aðilja krafizt málskostnaðar til handa umbjóðendum sínum.

Lögtaks er krafizt á fasteignaskatti af eftirgreindum eignum:

Geirsgata, Faxagarður	nr. 4 á rskj. 8, ...	kr.	1667.40
—— Faxabryggja	— 5 — — 8, ...	—	300.00
—— Kolauppfylling	— 6 — — 8, ...	—	1320.00
Örfiriseyjargarður	—21 — — 8, ...	—	2992.50
	Samtals	kr.	6279.90

Örfiriseyjargarður er í skjölum málsins, þar á meðal kortinu á rskj. nr. 8, einnig nefndur Norðurgarður og er garðurinn úr Örfirisey með stefnu í land-suður út á móts við Ingólfsgarð.

Árið 1942 eru lóðir, bryggjur og garður hafnarinnar metin sérstaklega hvert fyrir sig til fasteignamats, og samkvæmt því mati hefur fasteignaskattur verið lagður á mannnvirki þessi frá og með því ári. Aðiljum kemur ekki saman um, hvort mannvirki þessi hafi verið metin til fasteignamats árið 1931, er allsherjarmatið var framkvæmt. Telur umboðsmaður gerðarbeiðanda, að þau hafi verið innifalin í heildarmati á fasteignum hafnarinnar, en umboðsmaður gerðarþola telur fráleitt, að svo hafi verið. — Lögtaks er, eins og áður er getið, krafizt fyrir fasteignaskatti af nokkrum þessara eigna fyrir árið 1944. Mótmæli sín gegn framgangi lögtaksins byggir gerðarþoli á eftirtöldum ástæðum:

1. Að fasteignaskatts hafi ekki verið krafizt af þessum mannvirkjum fyrr en 1942, og verði hann því ekki krafinn nú að óbreyttum aðstæðum.

2. Að engin bein eða ótvíræð heimild sé til í lögum fyrir skattlagningunni.

3. Að ekki hafi verið beitt réttri aðferð við framkvæmd fasteignamatsins á þessum mannvirkjum.

Skal nú hver þessara liða tekinn til sérstakrar athugunar.

Um 1. Eins og áður er getið, kemur aðiljum ekki saman um, hvort mannvirki hafnarinnar hafi verið með í heildarmati því á fasteignum hennar, sem fram fór árið 1931, en þetta virðist þó engu máli skipta í þessu sambandi, þar eð gerðarþoli er ekki krafinn um skattgjald fyrir tímabilið fram að 1942. Verður að telja heimilt að krefja gerðarþola um fasteignaskatt af mannvirkjum þessum frá árinu 1942, ef heimild er annars fyrir því í lögum nú að leggja skattinn á slík mannvirki, og það jafnt fyrir því,

hvort sú heimild var fyrir hendi árið 1931 eða ekki. Þessi mótmæli gegn framgangi lögtaksins verða því ekki tekin til greina.

Um 2. Um fasteignaskatt gilda lög nr. 66 frá 27. júní 1921. Samkvæmt 1. gr. þeirra laga ber að greiða árlega skatt í ríkissjóð af öllum fasteignum í landinu, sem ekki eru sérstaklega undanþegnar, og skal skatturinn reiknaður af virðingarverði eftir fasteignamatslögum. Er skatturinn ákveðinn 3‰ — þrír af þúsundi — af jörðum, lóðum og lendum, og skulu mannvirki á þeim skattskyld að sama hluta eftir 1930. Af húsum öllum er skatturinn 1½‰ — einn og hálfur af þúsundi. — Um fasteignamat giltu árið 1944 lög nr. 3 frá 6. jan. 1938. Það er að vísu rétt, sem haldið hefur verið fram af gerðarþola, að hvorki í lögum um fasteignaskatt né fasteignamat er að finna bein ákvæði um mat eða skattlagningu hafnarmannvirkja, en ekki verður þó talið, að upptalning laganna sé tæmandi í þessu efni. Allar fasteignir ásamt mannvirkjum á þeim eru skattskyldar eftir lögum um fasteignaskatt, séu eignirnar ekki undanþegnar skattgjaldi sérstaklega. Séu hafnarmannvirkin því fasteignir eða mannvirki á fasteignum, er heimilt að meta þau og leggja á þau fasteignaskatt, þar eð ekki verður séð, að þau séu undanþegin skattgjaldi hvorki í lögum um fasteignaskatt né öðrum lögum.

Samkvæmt skýrgreiningu hlutaréttarins er fasteign ákveðinn hluti af yfirborði lands. Verður að ætla, að við þá skýrgreiningu sé átt í lögum um fasteignaskatt, úr því engin önnur skýring er gefin þar á hugtakinu. — Við uppfyllingar út í sjóinn, eins og höfnin hefur látið gera, hefur því myndazt fasteign, og tekur þetta bæði til eiginlegra uppfyllinga og skjólgarða, enda þótt mikill hluti af verði slíkra framkvæmda megi teljast mannvirki á fasteigninni, þá skiptir það engu máli í þessu sambandi, þar eð mannvirkin eru metin með fasteignunum og skattlögð ásamt þeim með sama hluta af þúsundi. Samkvæmt þessu verður Kolauppfyllingin, Faxagarður og Örfiriseyjargarður (Norðurgarður) að teljast fasteignir. Faxabryggju, sem byggð er á niðurreknum staurum út í sjóinn suður frá Faxagarði, er samkvæmt eðli málsins réttast að telja mannvirki á Faxagarði, og hefði hún því átt að metast og skattleggjast með honum í einu lagi. En þar sem því hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, að þetta hafi verið gert höfninni til hægðarauka og matið því orðið sama að niðurstöðu til, þótt metið hefði verið í einu lagi, þá þykir þetta atriði engu máli geta skipt. Samkvæmt þessu verður því að telja, að mat og skattlagning umræddra hafnarmannvirkja til fasteignaskatts hafi næga stoð í lögum.

Um 3. Um aðferðina við framkvæmd fasteignamatsins er það upplýst, að allar þær eignir, sem mál þetta tekur til, hafa verið metnar með hliðsjón af kostnaðarverði samkvæmt reikningum hafnarinnar.

Í lögum um fasteignamat segir svo í 2. gr., að fasteign hverja skuli meta sanngjörnu söluverði. Eru því næst talin þau atriði, sem til hliðsjónar skuli hafa við matið til að finna hið rétta söluverð. Tekjur þær, sem af fasteigninni fást, hlunnindi þau, er henni fylgja, leigumálar og verð það, er fasteignin eða nágrannafasteignir hafa verið seldar fyrir síðustu 10 árin. Um leigumála eða sölu á umræddum eignum hafnarinnar eða sambærilegum nágrannaeignum mun ekki hafa verið að ræða. Hvað tekjurnar af eignunum snertir, er þess að gæta, að sumar þeirra gefa af sér miklar tekjur, en aðrar, svo sem skjólgarðarnir, litlar eða engar tekjur beinlínis. Samt verður ekki hjá því komizt að líta á hafnarmannvirkin sem eina heild, skjólgarðarnir, sem litlar eða engar tekjur gefa beinlínis, gera höfnina nothæfa og örugga og auka þannig óbeint tekjurnar af bryggjunum. Þar sem mannvirkin eru nú metin hvert í sínu lagi, virðist því ekki einhlítt að miða matið við þær tekjur, sem hvert þeirra fyrir sig gefur af sér, heldur hefði orðið að meta þau með hliðsjón af heildartekjunum af mannvirkjunum. Samræmið milli matsins á hinum einstöku eignum hefði því orðið svipað, hvor aðferðin sem notuð var. Og þar sem fallast verður á það, að sanngjarnt söluverð eignanna mundi aldrei verða álitið lægra en kostnaðarverð þeirra, verður ekki fallizt á að neita beri um framgang lögtaksins vegna þess, að matið hafi farið ranglega fram að þessu leyti. Ekki verður heldur talið, að tilkynna hefði þurft gerðarþola sérstaklega, að meta ætti og skattleggja nefndar eignir hans, þar eð honum hlaut að vera það ljóst, í hvaða skyni fasteignamatsnefndin fékk afnot reikninga hafnarinnar yfir kostnaðarverð mannvirkjanna, enda verður ekki betur séð en að matið hafi verið auglýst og lagt fram á lögskipaðan hátt.

Samkvæmt þessu verður niðurstaðan í réttinum sú, að leyfa beri framgang lögtaksins að öllu leyti. Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ná fram að ganga. Málskostnaður fellur niður.

Laugardaginn 15. júní 1946.

Kærumálið nr. 8/1946. **Jóhann Þ. Jósefsson**
gegn
Magnúsi Thorlacius.

Ómerkingar- og frávísunarkröfu hrundið.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 21. f. m., er hingað barst 31. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð, upp kveðinn 17. f. m. á bæjarþingi Reykjavíkur, þar sem hrundið var frávísunarkröfu sóknaraðilja í máli varnaraðilja gegn honum.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og fyrrgreindu máli vísað frá bæjarþinginu. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðilja fyrir bæjarþinginu svo og kærumálskostnaðar eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja 150 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jóhann Þ. Jósefsson, greiði varnaraðilja, Magnúsi Thorlacius, 150 krónur í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 17. maí 1946.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 8. þ. m., hefur Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 18. febrúar s. l., gegn Jóhanni

Þ. Jósefssyni alþingismanni, Bergstaðastræti 86 hér í bænum. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, *að síðargreind* ummæli í vottorði stefnda, dags. 28. maí 1945, verði dæmd dauð og ómerk, *að* stefnda verði dæmt að greiða stefnanda kr. 800.00 til að standast kostnað á birtingu dóms í máli þessu og í aukadómþingsmáli Reykjavíkur nr. 493/1946: Réttvísin gegn Jóhanni Þorkeli Jósefssyni svo og bætur fyrir miska o. fl., með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Loks hefur stefnandi krafizt málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá bæjarþinginu og stefnanda gert að greiða málskostnað að mati dómarans. Til vara hefur stefndi krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og að hann verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati dómarans.

Munnlegur málflutningur hefur fram farið um frávísunarkröfu stefnda, en stefnandi hefur krafizt þess, að henni verði hrundið og stefnda gert að greiða málskostnað í þeim hluta málsins.

Málsatvik eru þau, að með bréfi, dags. 22. júní 1945, til sakadómarans í Reykjavík kærir stefnandi stefnda fyrir ýmis ummæli, er stefndi hafi viðhaft um stefnanda í vottorði einu, er fram hafi verið lagt í bæjarþingsmáli Reykjavíkur nr. 166/1945: Bogi Brynjólfsson gegn Árna Sigfússyni. Telur stefnandi, að í ummælum þessum sé fólgið brot gegn 108. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og óskar þess, að sakamálsrannsókn verði látin fram fara og stefnda refsað fyrir ummælin. Sakamálsrannsókn virðist síðan hafa fram farið og mál verið höfðað gegn stefnda af réttvísinnar hálfu. Með dómi, upp kveðnum á aukadómþingi Reykjavíkur 30. janúar s. l. í málinu nr. 493/1946, Réttvísin gegn Jóhanni Þorkeli Jósefssyni, var stefndi talinn brotlegur gegn 108. gr. hegningarlaganna vegna ummæla þessara og hann dæmdur til refsingar fyrir þau. Ummælin voru hins vegar ekki ómerkt, og segir svo um það atriði í forsendum dómsins: „Krafa hefur ekki komið fram um að ómerkja hin kærðu ummæli.“ Dómi þessum virðist ekki hafa verið áfrýjað. Stefnandi höfðaði síðan mál þetta og gerði í því fyrrgreindar kröfur. Ummæli þau, sem stefnandi nú krefst ómerkingar á, eru þessi:

„... en hún (þ. e. herstjórn Bandaríkjahersins hér) færðist undan greiðslu skaðabóta og bar, að því er virtist, aðallega fyrir sig þá afstöðu, sem hrl. Magnús Thorlacius hafði sem umboðsmaður Árna tekið til málsins.“

„... og hafði hann þá þegar — að mínum dómi — gert málið talsvert erfiðara til sóknar, þar sem hann virðist hafa viðurkennt, án þess að sjáanleg ástæða væri til þess, að það mat, sem kunnugt er, að lagt var fram í málinu af hálfu Árna Sigfússonar, væri ósanngjarnlega hátt.“

„Það gefur auga leið, að þess háttar viðurkenning eða staðhæfing af hálfu umboðsmanns Árna gat ekki orðið til þess að draga fram hans hlut, heldur þvert á móti."

„... og virtist hann ... hafa óvenjulegar hugmyndir um það, á hvern hátt honum bæri að berjast fyrir þeim málsstað, er hann hefði tekið að sér."

„Þetta var að mínum dómi algert vixlspor, sem stigið var þarna ..."

„Fyrir utan það fannst mér allur gangur og tilþrif Thorlaciusar í málinu vera nokkuð lítið röggsamlega vaxin ..."

Ummæli þessi eru hin sömu og stefndi var dæmdur til refsingar fyrir í nefndu aukadómþingsmáli.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína á því, að mál út af því efni, er það snýst um, heyri ekki undir bæjarþingið, þar sem það eigi að sæta opinberri ákæru. Mál út af ummælum þessum hafi að kröfu stefnanda verið rannsakað að hætti sakamála og síðan verið höfðað mál á hendur sér af réttvísinnar hálfu og afterli þetta talið varða við 108. gr. hegningarlaganna, en öll mál um brot gegn þeirri grein sæti opinberri málsmeðferð. Þar sem þegar hafi verið dæmt um sakarefni þetta, geti stefnandi ekkert frekar í því gert og eigi enga aðild að málinu. Það heyri ekki undir bæjarþingið, og því beri að frávísa því.

Stefnandi hefur hins vegar mótmælt frávísunarkröfunni, að því er varðar ómerkingu nefndra ummæla, á þeim grundvelli, að hann hafi í kæru sinni ekki krafizt ómerkingar ummælanna og ekkert hafi verið dæmt um það atriði í áðurgreindum dómi aukadómþings Reykjavíkur. Hefur stefnandi í þessu sambandi bent á, að samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna skuli meiðandi ummæli því aðeins dæmd ómerk, að sá krefjist þess, sem misgert var við. Þá hefur stefnandi haldið því fram, að samkvæmt ákvæðum b. liðar 2. tl. 242. gr. hgl. skuli slík brot og þau, er felast í nefndum ummælum, því aðeins sæta opinberri ákæru, að sá krefjist þess, sem misgert var við.

Að því er fjárkröfuna varðar, telur stefnandi, að þar sem hann hafi ekki borið fram neina slíka kröfu í áðurgreindu sakamáli út af ummælunum, þá geti hann komið henni að í einkamáli, og komi því heldur ekki til mála að frávísa þeirri kröfu.

Um ómerkingarkröfuna: Svo sem að framan getur, var stefndi með áðurgreindum dómi aukadómþings Reykjavíkur, upp kveðnum 30. jan. s. l., talinn hafa brotið gegn ákvæðum 108. gr. hegningarlaganna með nefndum ummælum sínum um stefnanda og honum refsað fyrir þau. Hins vegar var í því máli ekki stefnt til ómerkingar á ummælunum, og hefur því ekki verið dæmt um það sakarefni. Þótt mál um refsikröfuna hafi farið að hætti sakamála, þykir krafan um ómerkingu ummæla þeirra, sem refsað var fyrir, ekki þess eðlis,

að nokkuð sé því til fyrirstöðu, að þessi dómstóll fjalli um hana. Með vísun til þess verður þessum kröfulið því ekki vísað frá bæjarþinginu.

Um fjárkröfuna: Að því er varðar *bætur til stefnanda fyrir miska* vegna nefndra ummæla stefnda svo og fégjöld til að standast kostnað af birtingu dóms í nefndu sakamáli og máli þessu, þá gerði stefnandi enga slíka fjárkröfu í sakamálinu, en eigi verður dæmt um slíkar kröfur í sakamáli, nema þess sé krafizt. Stefnanda er því *heimilt að hafa uppi slíkar kröfur í einkamáli,* og verður þessum kröfulið því heldur ekki vísað frá bæjarþinginu.

Ákvörðun um málskostnað verður tekin við væntanlegan efnisdóm í máli þessu.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því úrskurðast:

Framangreindar frávísunarkröfur verða ekki teknar til greina.

Laugardaginn 15. júní 1946.

Kærumálið nr. 9/1946. **Ásgrímur Albertsson**
gegn
Erlendi Þorsteinssyni.

Ómerking og heimvísan.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 23. f. m., sem hingað barst 4. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 skotið til hæstaréttar úrskurði, upp kveðnum á bæjarþingi Siglufjarðar 23. maí þ. á., þar sem sóknaraðilja var synjað um frest í máli varnaraðilja gegn honum. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og honum veittur hæfilegur frestur til vitnaleiðslu í málinu.

Varnaraðili hefur hvorki sent hæstarétti kröfur né greinargerð í kærumálinu.

Í hinum kærða úrskurði greinir hvorki aðilja málsins né málsatvik, og málsástæðum er þar ekki lýst nema að litlu leyti. Hefur héraðsdómari því ekki gætt fyrirmæla 2. máls-

gr. 190. gr. og 4. málsgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Þykir vegna þessara megingalla á úrskurðinum verða að ómerkja hann og vísa máli þessu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Siglufjarðar 23. maí 1946.

Þar sem telja verður, að stefndi, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar dómarans um að nota veittan frest vel til öflunar gagna, eins og stefndi viðurkennir, að dómarinn hafi áminnt hann um, hefur ekki notað veittan frest til þeirrar gagnaöflunar, sem hann nú óskar, enda jafnvel eftir 1. maí sá stefndi, um hvað vottorðin á rskj. 8 og 9 snerust, og hægt jafnvel eftir þann tíma að hafa leitt vitnin fyrir 9. maí, verður að telja, að stefndi hafi með framkomu sinni og óhæfum drætti á öflun gagnanna, þótt áminntur væri í upphafi málsins að hraða málinu, sem frekast væri hægt, fyrirgert rétti til frekari gagnaöflunar og beri því að neita um frekari frest í málinu.

Því úrskurðast:

Stefnda verður eigi gegn mótmælum stefnanda veittur frekari frestur í máli þessu.

Laugardaginn 15. júní 1946.

Kærumálið nr. 10/1946. **Ásgrímur Albertsson**
gegn
Erlendi Þorsteinssyni.

Ómerking og heimvísan.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 23. f. m., sem hingað barst 4. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 105 gr. laga nr. 85/1936 skotið til hæstaréttar úrskurði, upp kveðnum á bæjarþingi Siglufjarðar 23. maí þ. á., þar sem sóknaraðilja var synjað um frest í máli varnaraðilja gegn honum. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og honum veittur hæfilegur frestur til vitnaleiðslu í málinu.

Varnaraðili hefur hvorki sent hæstarétti kröfur né greinargerð í kærumálinu.

Í hinum kærða úrskurði greinir hvorki aðilja málsins né málsatvik, og málsástæðum er þar ekki lýst nema að litlu leyti. Hefur héraðsdómari því ekki gætt fyrirmæla 2. mgr. 190. gr. og 4. málsgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Þykir vegna þessara megingalla á úrskurðinum verða að ómerkja hann og vísa máli þessu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Siglufjarðar 23. maí 1946.

Þar sem telja verður, að stefndi, þrátt fyrir ítrekaðar og viðurkenndar áminningar til stefnda um að nota vel hinn veitta frest til öflunar gagna, hafi ekki notað veittan frest til þeirrar gagnaöflunar, sem hann nú óskar, og jafnvel hægt eftir 1. maí að hafa leitt þessi vitni fyrir 9. s. m., verður að telja, að stefndi hafi með framkomu sinni í óhæfum drætti í öflun gagna, þótt áminntur hafi verið að hraða málinu sem frekast væri hægt, fyrirgert rétti sínum til frekari gagnaöflunar og beri því að neita gegn mótmælum stefnanda um frekari frest í málinu.

Því úrskurðast:

Stefnda verður eigi gegn mótmælum umboðsmanns stefnanda veittur frekari frestur í málinu.

Laugardaginn 15. júní 1946.

Nr. 152/1945. **Fiskur & Ís h/f** (Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn
Höjgaard & Schultz A/S
(Hrl. Eggert Claessen).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Skaðabótamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. nóvember 1945, gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að bæta honum fé allt það tjón, sem hann hafði beðið af vanefnd stefnda á samningi aðilja frá 10. júlí 1943. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í hæstarétti eftir mati dómsins.

Hinn 8. júlí 1943 gerðu fyrirsvarsmenn stefnda ráðstafanir til þess, að tekið yrði frá það af torfbirgðum stefnda við Minni Borg í Grímsnesi, sem hagnýta mætti við lagningu hitaveitu Reykjavíkur, en torf þetta var skorið árið 1940, og hafði mestur hluti þess verið geymdur í stökkum frá þeim tíma. Hinn 10. sama mánaðar gerðu fyrirsvarsmenn aðilja samning þann, er í málinu greinir, um sölu til áfrýjanda á 300 m^3 af nefndum torfbirgðum.

Hinn 11. sama mánaðar létu fyrirsvarsmenn stefnda hefja flutninga frá Minni Borg á því torfi, sem ætlað var til hitaveitunnar. Stóðu þeir flutningar fram yfir miðjan ágústmánuð. Hinn 24. júlí ók fyrirsvarsmaður áfrýjanda ásamt Böðvari Tómassyni á Stokkseyri, er honum var til aðstoðar, að Minni Borg, og litu þeir þá á torfið. Hinn 16. ágúst næstan á eftir tók nefndur Böðvar Tómasson að flytja torf fyrir áfrýjanda frá Minni Borg til Stokkseyrar, en þaðan átti síðan að flytja það til Vestmannaeyja. Voru farnar 11 ferðir með torf til Stokkseyrar fram til 7. september og fluttir

65 m³ af torfi, en þá lét fyrirsvarsmaður áfrýjanda hætta flutningunum. Síðar í septembermánuði kom fyrirsvarsmaður áfrýjanda til Reykjavíkur og bar þá fram við fyrirsvarsmenn stefnda kvörtun undan því, að torf það, sem skilið var eftir handa áfrýjanda að Minni Borg, hefði verið ósamningshæft, en það af torfinu, sem nýtilegt var, hefði verið flutt til Reykjavíkur. Þessi kvörtun stoðar áfrýjanda ekki um þá 65 m³ torfs, sem hann sótti að Minni Borg og tekið var við athugasemdalaust af hans hálfu. Kvörtun áfrýjanda, að því er varðar hinn hluta torfs þess, sem um var samið, kom að vísu seint fram, en ekki verður talið, að áfrýjandi hafi fyrirgert rétti sínum af þeim sökum, þar sem fyrirsvarsmenn stefnda báru ekki of seina kvörtun strax fyrir sig, heldur tóku í bréfi 28. september 1943 að gera áfrýjanda tilboð um torf, sem afgangs varð við hitaveituna í Reykjavík, til efnda á samningi aðilja.

Páll Pálsson, Minni Borg, sem stefndi fól að taka frá torf, sem hagnýtt yrði við hitaveituna, hefur sem vitni skýrt svo frá, að torf það, sem eftir varð að Minni Borg, er stefndi hafði tekið þar torf til hitaveitunnar, hafi verið tómt snepladót og grautfúið. Vitnið Olgeir R. Sigurðsson verzlunarstjóri á Minni Borg, sem aðstoðaði stefnda við flutning torfsins til Reykjavíkur, hefur lýst því, að við töku torfsins handa hitaveitunni hafi verið skilið eftir og kastað burtu mjög lélegu torfi, sem var grautfúið og í sneplum. Vitnið Böðvar Tómasson, sem flutti torf fyrir áfrýjanda til Stokkseyrar, hefur látið uppi það álit sitt, að torfið hafi verið fúið og losnað sundur, er það var tekið upp. Vætti þessara manna sannar það, að torfið á Minni Borg, sem áfrýjanda var ætlað til efnda á samningi aðilja, var ósamningshæft vegna galla. Tilboð stefnda um afhendingu á torfi í Reykjavík er ekki fullnægjandi.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, er stefndi ábyrgur til fébóta vegna tjóns, sem áfrýjandi kann að hafa beðið af vanefnd á nefndum samningi, að því er varðar 235 m³ torfs.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. **1500.00.**

Dómsorð:

Stefndi, Höjgaard & Schultz A/S, er gagnvart áfrýjanda, Fiski & Ís h/f, ábyrgur til fébóta vegna þess tjóns, sem áfrýjandi kann að hafa beðið af vanefnd stefnda á samningi aðilja frá 10. júlí 1943, að því er varðar afhendingu á 235 m^3 af torfi.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. nóvember 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m., hefur Magnús Guðbjartsson f. h. Fisks & Íss h/f í Vestmannaeyjum höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 25. júlí 1944, gegn Höjgaard & Schultz A/S hér í bæ og borið fram þær kröfur, *aðallega* að stefnda verði dæmt, að viðlögðum hæfilegum dagsektum, að afhenda sér 300 rúmmetra af góðu og ófúnu einangrunartorfi og til þess að greiða sér kr. 50000.00 í skaðabætur vegna dráttar á afhendingu ásamt 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 10. ágúst 1943 til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 6000.00, en *til vara*, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á kr. 56000.00 með vöxtum, sem fyrr greinir. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar að skaðlausu, hvernig sem málið fer.

Að þessu sinni fór málflutningur fram um það eitt, hvort stefndi sé bótaskyldur vegna vanefnda á síðargreindum samningi, og var sú skipting sakarefnis viðhöfð að beiðni aðilja og með samþykki dómara.

Af hálfu stefnanda var þess þá krafizt, að stefnda yrði dæmt skylt að greiða bætur fyrir allt það tjón, sem stefnandi kveðst hafa orðið fyrir af vanefndum stefnda á síðargreindum samningi svo og til greiðslu málskostnaðar. Jafnframt var stefnanda áskilinn réttur til þess að breyta síðar aðalkröfu sinni um afhending einangrunartorfs í fjárkröfu í bótaskyni.

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Árið 1940 lét stefndi skera reiðing í Grímsneshreppi, um 19000 torfur, og var því komið fyrir í stökkum að Minni-Borg þar í hreppi. Um veturinn eða vorið varð vart hita í torfinu, og var það því þurrkað og stakkað af nýju um sumarið 1941 og stóð síðan óhreyft til ársins 1943. Á því vori sendi stefndi einn verkstjóra

sinna til þess að rannsaka það, hvort torfið væri enn nothæft til einangrunar á aðalæð hitaveitu Reykjavíkur, en til þeirra nota var það ætlað í upphafi. Taldi verkstjórinn ólíklegt, að svara myndi kostnaði að nota torf þetta, þar eð það væri orðið svo laust í sér, að eigi myndi unnt að vefja því um vatnsæðarnar. Í júní 1943 fór annar verkstjóri stefnda og skoðaði torfið, og taldi hann allmikið af því nothæft. Athugaði hann efstu torfurnar í tveim stórum stökkum, er hann taldi geyma aðalmagn torfsins, þar til hann fann torfu, er honum fannst nægilega löng (um 1½ metri) og ekki of laus í sér. Sýndi hann hana síðan manni þar á staðnum og skyldi sá hafa hana til hliðsjónar við sundurgreining torfsins, en það verk var honum falið með bréfi stefnda, dagsettu 8. júlí 1943, en þar segir svo m. a.: „Vi beder Dem herved om at foretage en Sortering af vore Törvestakke i Grimsnes ved Minni-Borg, saaledes at de Stykker, der endnu er brugelige, kan blive sendt til Hitaveita Reykjavíkur."

Í júlímánuði sama ár sneri stefnandi sér til bæjarverkfræðingsins í Reykjavík þeirra erinda að fá keypt torf til einangrunar frystiklefa sinna í Vestmannaeyjum, en var vísað um það til stefnda. Átti hann þar tal við einn verkfræðinga stefnda, Eric V. Lundgaard, er sýndi eða lét sýna honum eina torfu austan af Minni-Borg, og tókust með þeim samningar, er staðfestir voru af hálfu beggja aðilja með svo hljóðandi yfirlýsingu, dagsettri 10. júlí 1943: „Við staðfestum hér með að hafa selt yður 300 m³ torf frá Minni-Borg í Grímsnesi á kr. 30.00 — þrjátíu krónur — pr. m³, í allt kr. 9000.00 — níu þúsund krónur.

Torfið á að vera gott einangrunartorf og ófúið, en má að öðru leyti vera laust í sér, og ekki er skilyrði, að það sé alveg þurrt. Torfið er úr stökkum.

Greiðla fer þannig fram: Nú við undirskrift kr. 3000.00 — þrjú þúsund krónur — og afgangurinn, kr. 6000.00 — sex þúsund krónur — þegar afhending hefur farið fram."

Hinn 16. ágúst næstan eftir þetta hóf stefnandi að láta flytja torf frá Minni-Borg til Stokkseyrar, en þaðan átti síðan að flytja það til Vestmannaeyja. Alls voru farnar 11 ferðir á tímabilinu til 7. september sama ár, en þá var flutningunum hætt. Síðar í þeim mánuði kom stefnandi til Reykjavíkur og hafði þá athugað torfið, sem var á Stokkseyri. Átti hann nú enn tal við fyrirsvarsmann stefnda, og ritaði stefndi honum síðan bréf til Vestmannaeyja, dagsett 28. september 1943, er hljóðar svo:

„Ifölge Aftale af 10 Juli d.A. solgte Firmaet til Dem 300 m³ Isoleringstörv fra Minni-Borg af nærmere angivet Kvalitet under den Forudsætning, at Leverancen straks fandt Sted. Afhentningen begyndte imidlertid först i Midten af August Maaned og saa sent, at vi allerede havde transporteret hele Restpartiet til Reykjavik. Iflg.

Opmaaling, der blev foretaget i Stokkseyri, blev der ialt kun leveret 65 m³ fra Minni-Borg, og man blev derfor enig om, at Firmaet skulde levere Resten fra Beholdningen i Rvík, enten fra de Stakke, De allerede har set ved Álafossmýri, eller fra andre Stakke langs Hovedledningen, der indeholder smaa, vaade men friske Rester af de Törv, der bliver brugt til Isolering af Staalrörene.

Vi maa nu af Hensyn til den fremrykkede Aarstid bede Dem om at aftage Partiet för den *15. October*, da vi efter den Tid maa göre, hvad vi kan for at sælge alt, hvad der er blevet tilbage, og saaledes ikke kan garantere nogen Leverance til Dem."

Þessu bréfi svaraði stefnandi með bréfi, dagsettu 8. október sama ár, og var það á þessa leið:

„Með tilvísun til samnings vors, dags. 10. júlí, og bréfs yðar, móttekið dags. 28. september, leyfum vér oss að taka þetta fram:

Svo var um talað, að þér tækjuð fyrst nokkuð af torfinu, áður en vér tækjum það torf, sem oss var ætlað. Síðar fréttum vér, að búið væri að taka megnið af torfinu á brott. Strax og vér fréttum þetta, hringdum vér til gjaldkera yðar til þess að fá hið sanna í málinu. Hann fullyrti, að það torf, er oss var ætlað, væri eftirliggjandi á Minni-Borg. Vér fengum svo leyfi hans til þess að hefja flutning á torfinu. En svo þegar Böðvar Tómasson, Stokkseyri, sem átti að taka á móti torfinu og flytja það til Stokkseyrar, ætlaði að taka það, var ekki annað eftir en fúið og blautt torf, sem alls ekki uppfyllti þau skilyrði, sem samið var um. Samt sem áður flutti hann af torfi þessu til Stokkseyrar ca. 65 m³.

Vér álítum, að þetta torf sé ónothæft til einangrunar, og munum því ekki leggja í þann kostnað að flytja það til Vestmannaeyja.

Þar sem málum er nú svo komið, þá erum vér neyddir til að fresta einangrun frystiklefans til næsta sumars, og leyfum vér oss í því sambandi að gera þá fyrirspurn til yðar, hvort þér munið þá geta skuldbundið yður til að skaffa oss torf, sem sé ekki lakara en samið var um í fyrstu og verði oss ekki dýrara. Þar sem ekki hefur verið staðið við gerða samninga af yðar hálfu, áskiljum vér oss allan rétt til þess að vera gerðir skaðlausir vegna samningsrofanna."

Stefndi ritaði stefnanda enn bréf, dagsett 20. nóvember 1943, og segir svo:

„Vi har modtaget Deres Brev, dateret den 8. Oktober.

„Vi kan ikke godkende Deres Paastand om, at det var efter Aftale med os, at De ventede med at aftage Deres Törvekvantum.

Da De ikke afhentede Törven, blev den i höj Grad forringet i Kvalitet paa Grund af Regn, hvorved vi har lidt Tab, som vi maa mene, at De bærer Ansvar for, og maa vi forbeholde os enhver Ret overfor Dem i den Anledning.

De 65 m³ Törv, som De lod köre til Stokkseyri, blev overtaget i

Grimsnes af Deres Repræsentant uden nogetsomhelst Forbehold og derfor antaget af ham paa Deres Vegne som kontraktmæssig Vare.

Og vi maa selvfölgelig protestere imod, at det er vor Skyld, hvis De maa udsætte at isolere Deres Frysehus.

Men til Trods for, hvad der var sket i Sagen, vilde vi gerne söge at bidrage til den bedst mulige Ordning af denne, og derfor traf vi den Atale med Dem, som ommeldes i vort Brev til Dem, dat. 28. Sept. d.A., nemlig at De skulde aftage Törvene her i Reykjavik. Dette forbigaar De aldeles i Deres ovennævnte Brev.

Men som udtrykkelig fremhævet i vort nævnte Brev af 28. Sept. d.A., skulde De aftage Partiet *för den 15. f.M.* Dette gjorde De ikke, og nu er det jo blevet for sent.

Vi er villige til at optage en Forhandling med Dem om en endelig Opgörelse m.H.t. Deres Indbetaling til os som Forskud i Anledning af denne Forretning."

Loks er bréf stefnanda, dagsett 9. desember 1943, og er þetta í því meðal annars:

„Við höldum fast við það, að þér áskilduð yður að taka fyrst af torfinu, áður en afhending til okkar hæfist. Því er algerlega mótmælt, sem segir í bréfi yðar 28. september þ. á., að samningurinn hafi verið gerður með þeirri forsendu, að afhending hæfist strax. Ef samningurinn hefur verið gerður með þeirri forsendu af yðar hálfu, þá var sú forsenda oss með öllu ókunn. Þvert á móti ætluðuð þér að taka af torfinu fyrst, en skilja eftir nóg til að efna samninginn við oss.

Þér höfðuð því enga réttmæta ástæðu til að flytja meginið af torfinu, sem oss hafði verið selt, til Reykjavíkur og valda því þar með, að samningurinn hlaut að vera vanefndur af yðar hálfu. Auk venjulegrar ábyrgðar yðar á þeim vanefndum, verður ekki betur séð en að þér eigið sök á vanefndunum þar á ofan. Það er ekki rétt, að vér höfum fallizt á, að þér afhentuð eftirstöðvarnar af birgðum yðar í Reykjavík, Álafossmýri eða annars staðar meðfram hitaveitunni. Þetta er svo fjarstætt, að engu tali tekur. M. a. minnist þér á, að vér höfum séð torfið við Álafossmýri, en þetta er með öllu rangt hermt, og hlýtur þetta að vera byggt á einhverjum misskilningi hjá yður. Vér höfum aldrei séð þetta torf við Álafossmýri né annars staðar, þar sem þér nefnið.

— — —

Oss furðar á, að þér skulið vilja negla oss á, að umboðsmaður vor hafi ekki hreyft athugasemdum við því, hversu ástatt var um torfið, sem hann tók. Munnlega hafið þér viðurkennt, að það væri ósamningshæft. Vér ætluðum þó að láta það gott heita. En á það höfum vér aldrei fallizt, að yður hafi ekki borið að afhenda oss eftirstöðvar hins selda torfs samkvæmt samningnum. Og þér verðið

að bera ábyrgð á vanefndum yðar og bæta oss allt tjón, sem vér höfum orðið og verðum fyrir þeirra vegna."

Samnings- og sáttaumleitanir með aðiljum reyndust árangurslausar, og höfðaði stefnandi síðan mál þetta, sem fyrr segir.

Stefnandi byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að allt það torf, sem stefndi átti að Minni-Borg, hafi verið fúið, er samningar aðiljanna voru gerðir, og hafi ráðamönnum stefnda verið þetta kunnugt og hann því beittur svikum við kaupin. Dregur stefnandi þessa ályktun af þeirri staðreynd, að í torfinu hitnaði, sem fyrr var lýst, en af því hljóti að leiða fúa, en jafnframt styðst hann við vætti manns þess, sem fyrr var sagt, að hafði á hendi sundurgreining torfsins, svo og manns þess, er hóf að sækja torfið fyrir stefnanda. Þá mótmælir hann og eindregið vætti þeirra manna, sem hafa gefið vottorð í gagnstæða átt, þar eð eigi hafi nema einn eða tveir vitað af eiginni raun, hvaðan torf það var, sem þeir sáu, en þeir, er það vissu, hafi eigi rannsakað, hvort fúi var í því, enda séu þeir vilhöll vitni. Loks hafi ekki komið fram andmæli gegn þessari staðhæfingu í bréfum stefnda né mótmæli gegn kröfum hans, byggð á þeim grundvelli, að hann hafi kvartað of seint um þessa galla, ekki fyrr en við munnlegan flutning málsins, en það sé samkvæmt réttarfarslögum um seinan. Í öðru lagi eru kröfur stefnanda byggðar á því, að þótt svo kynni að reynast, að torfið að Minni-Borg hafi ekki allt verið ónýtt af fúa, þá hafi stefndi rofið samning aðiljanna með því að láta flytja burt þaðan allt það torf, sem óskemmt var, áður en stefnanda var veitt heimild til þess að taka sitt torf, en eins og þegar er fram komið af bréfum hans, heldur hann því fram, að hann hafi samkvæmt munnlegu umtali við samningsgerðina átt að bíða þess, að flutt yrði burt það torf, sem nothæft þótti til hitaveitunnar, en þá flutninga hóf stefndi hinn 11. júlí 1943 og hélt þeim áfram fram í ágústmánuð. Það hafi þess vegna verið skylda stefnda að sjá um það, að eftir yrði torf í stökkum, er fullnægði samningsskilyrðunum og nægilegt magn til efnda samningnum. Hins vegar sé fullsannað, að ekki var annað skilið eftir en fúnir og ónýtir sneplar á víð og dreif. Loks hafi framboð stefnda á öðru torfi ekki verið fullnægjandi, þar eð það hafi verið nýtt torf og því óhæft til einangrunar fyrr en að þurrkun lokinni.

Stefndi styður kröfur sínar fyrst og fremst við það, að með öllu sé ósannað, enda rangt, að torfið hafi verið fúið, er kaupin voru gerð. Telur hann því til stuðnings m. a. það, að stefnandi hafi sjálfur skoðað það við annan mann hinn 24. júlí sama ár og þeir ekki orðið varir neinna skemmda, að því er séð verði. Þá hafi og margir menn á vegum stefnda skoðað torf þetta og talið hæft til einangrunar hitaveituæðanna, enda hafi það síðan verið notað til hennar. Í annan stað hefur stefndi eindregið mótmælt sem rangri

staðhæfingu stefnanda um afhendingartímann og haldið fast við frásögn sína um það, að stefnanda hafi verið bæði rétt og skylt að taka þegar í stað til að sækja sinn hluta af torfinu. Torfið hafi verið í stökkum, er salan fór fram, en stefnandi hafi hins vegar dregið að sækja það í meira en mánuð, algerlega að tilefnislausu, og beri hann því sjálfur ábyrgð á skemmdum á torfinu, sem honum mátti vera ljóst eftir viðræður aðiljanna, að yrði rifið úr stökkunum vegna hinnar fyrirhuguðu sundurgreiningar þess, en þrátt fyrir það sé og leitt í ljós í málinu, að tveir torfstakkar voru sem næst óhreyfðir hinn 16. ágúst. Loks heldur stefndi því fram, að meira en tvöfalt magn það, sem um var samið, hafi verið eftir, er sótt hafði verið torf það, sem notað var við hitaveituna. Þá heldur stefndi því og fram, að þótt svo kynni að verða litið á, að torf það, sem stefnandi keypti, hafi verið gallað, þá hafi framboð stefnda á öðru torfi, eins og fram kemur af framangreindum bréfum þess, leyst það undan bótaábyrgð. Að lokum heldur stefndi því fram, að ljóst sé af gögnum málsins, að kvörtun um galla kom engin fram af hálfu stefnanda fyrr en um mánaðamótin september—október 1943, og sé hún því of seint fram komin, þar eð þessi staðreynd liggi í augum uppi, allt frá því áður en mál þetta var höfðað, sé eigi unnt að telja varnir, byggðar á henni, of seint fram komnar í málinu.

Stefnanda hefur ekki tekizt að færa sönnur á þá staðhæfingu sína, að allt torf stefnda að Minni-Borg hafi verið skemmt af fúa, þegar samningur aðiljanna var gerður, og er því eigi unnt að taka til greina kröfur hans á þeim grundvelli. Þá hefur stefnandi heldur ekki fært sönnur á það gegn eindregnum andmælum stefnda, að svo hafi verið um samið, að afhending torfsins skyldi bíða nánari fyrirmæla stefnda, og verður því með vísan til 2. mgr., 12. gr. laga nr. 39 frá 1922 að líta svo á, að stefnandi mætti krefjast hins selda torfs þegar í stað.

Með hliðsjón af 9. gr. sömu laga verður að telja afhendingarstað hins selda torfs hafa verið að Minni-Borg, þar eð báðum samningsaðiljum var kunnugt um tilvist torfsins þar. Ekki er véfengt í máli þessu, að nægilegt magn til efnda samningnum var á staðnum, er kaupin gerðust, enda engin vissa fengin um það í máli þessu, hvort eða hversu mjög skemmdar torfbirgðir stefnda voru á þeim tíma. Með skírskotun til alls, er að framan er sagt, verður því að telja ósannað í máli þessu, að stefndi hafi vanefnt fyrrnefndan samning aðiljanna frá 10. júlí 1943, og ber því að taka til greina sýknukröfu hans, en með hliðsjón af öllum málavöxtum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna, en dráttur á uppsögu hans stafar af embættisönnum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Höjgaard & Schultz A/S, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Fisks & Íss h/f, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 18. júní 1946.

Nr. 112/1944. **Einar M. Einarsson** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Skipaútgerð ríkisins (Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Skaðabótamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 13. september 1944 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 18. september s. á. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 18536.20 eða til vara aðra lægri fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð, sem dæmd verður, frá 23. janúar 1942 til greiðsludags. Loks krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Dómsmálaráðherra skipaði áfrýjanda 3. maí 1937 skipherra á Ægi um 6 ára bil frá 10. apríl 1937 að telja. Var skipunin gerð í samræmi við 3. gr. laga nr. 32/1935 og skyldi gilda, svo fremi ríkið gerði út skip til strandgæzlu og björgunar.

Áfrýjandi var látinn hætta skipstjórn 27. desember 1937. Voru honum greidd áfram hin föstu laun sín út ráðningartímabilið, en synjað greiðslu, er hann krafðist til uppbótar á því, að hann varð af ýmsum fjárhagshlunnindum, er hann hafði notið sem skipherra á Ægi. Höfðaði hann þess vegna mál þetta og krafðist kr. 18536.20. Með hinum áfrýjaða

dómi, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað, hafa honum verið dæmdar kr. 2987.37, en stefndi sýknaður af greiðslu kr. 15548.82, sem jafngilda að fjárhæð hlutdeild skipherra í bjarglaunum þeim, sem komið hafa inn vegna bjargstarfa Ægis frá 27. desember 1937 og fram til upphaflegs stefnudags í máli þessu, 23. janúar 1942. Hefur áfrýjandi nú hér fyrir dómi einnig krafizt þessarar fjárhæðar.

Ægir er búinn bjargtækjum, svo sem mælt er í 7. gr. laga nr. 32/1935, og hefur frá upphafi verið notaður til bjargstarfa jafnframt strandgæzlu. Bjarglaun hafa og verið greidd skipherra og skipshöfn á honum skv. ákvæði 8. gr. nefndra laga. Áfrýjandi mátti því ganga að því vísu, er hann réðst skipherra á Ægi, að hann mundi njóta skipherrahlutar af þeim fégróða, sem yrði af bjargstarfa á ráðningartímanum. Nú var áfrýjandi látinn fara af Ægi af sérstökum ástæðum og án þess að sakir væru þá hafðar uppi á hendur honum. Í máli þessu hefur verið bent á nokkur atriði til sönnunar því, að hann hafi unnið til þess að vera sviptur skipherrastöðu. Atvik þessi eru að nokkru ekki sönnuð og að nokkru ekki þess eðlis, að þau hefðu átt að varða áfrýjanda stöðumissi. Þá er og ekki sönnuð á hendur honum sú framkoma, eftir að hann lét af stjórn Ægis, að hann varði réttarspjöllum. Föst laun voru honum og greidd út samningstímann, sem væri hann enn í þjónustu ríkisins.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, þykir áfrýjandi eiga rétt til jafnvirðis þeirrar hlutdeildar, er hann hefði átt í bjarglaunum til Ægismanna, ef hann hefði því skipi stjórnað á þeim tíma, er hér skiptir máli, en skipherrahlutur bjarglauna er á þessum tíma ómótmælt talinn hafa verið kr. 15548.83. Stefndi telur, að til frádráttar þessari fjárhæð eigi að koma þær tekjur, sem áfrýjandi hefði getað aflað sér á þeim tíma, sem mál þetta tekur til. Sannað er, að áfrýjandi hefur á þessum tíma haft kr. 1100.00 tekjur, og kemur sú fjárhæð til frádráttar, en ekki þykir, eins og högum áfrýjanda og horfi við stefnda var háttað, vera heimilt að færa fjárhæðina meira niður sökum þess, að hann hefði átt að afla sér tekna annars staðar frá.

Niðurstaðan verður því sú, að stefndi verður dæmdur til

að greiða áfrýjanda kr. 2987.37, þ. e. dæmda fjárhæð í héraði, sem ekki hefur verið véfengd í hæstarétti, + kr. 14448.83 (= kr. 15548.83 ÷ kr. 1100.00), eða alls kr. 17436.20 ásamt 6% ársvöxtum frá 23. janúar 1942 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem er hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði áfrýjanda, Einari M. Einarssyni, kr. 17436.20 ásamt 6% ársvöxtum frá 23. janúar 1942 til greiðsludags og samtals kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júní 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., hefur Einar M. Einarsson skipherra hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 15. febr. 1944, gegn Skipaútgerð ríkisins. Gerir stefnandi þær dómkröfur, *aðallega* að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 18536.20 ásamt 6% ársvöxtum frá 23. jan. 1942 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, en *til vara* að stefndi verði dæmdur til að greiða sér hæfilega fjárhæð eftir mati dómarans ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og þegar er greint.

Stefndi krefst *aðallega* sýknu, en *til vara*, að sér verði aðeins gert að greiða kr. 2987.37. Málskostnaðar krefst stefndi, hvernig sem málið fer.

Málsatvik eru þau, að þann 3. maí 1937 skipaði dómsmálaráðherra stefnanda til þess, um næstu 6 ár frá 10. apríl 1937 að telja, að vera skipstjóri á varðskipinu Ægi. Skyldi ráðning þessi gilda, svo fremi ríkið hefði eigin skip landsins til strandgæzlu og björgunar allan ráðningartímann. Með bréfi sama ráðherra, dagsettu 27. desember 1937, var stefnanda síðan vikið frá skipstjórn Ægis „fyrst um sinn", og skyldi hann láta af störfum þegar í stað. Hefur stefnandi ekki gegnt skipherrastörfum á Ægi síðan, en þó notið fullra fastra launa til loka ráðningartímabilsins auk dýrtíðaruppbótar og fæðispeninga, eins og þeir voru, er hann lét af störfum. Nemur þetta samtals kr. 92356.58. Mun stefnandi oft hafa óskað eftir að taka við starfi sínu aftur, en án árangurs. Auk launa sinna og fæðispeninga hafði stefnandi ýmis hlunnindi, meðan hann var

skipherra, svo sem hluta af björgunarlaunum, er Ægir vann til, fatnað o. fl.

Stefnandi byggir *aðalkröfu* sína á því, að ríkið hafi allan ráðningartímann haft Ægi til strandgæzlu og björgunar. Honum hafi aðeins verið vikið frá skipstjórn Ægis fyrst um sinn, en greidd föst laun með dýrtíðaruppbót allan ráðningartímann. Telur stefnandi því, að ráðningarsamningnum hafi í raun og veru ekki verið rift, heldur hafi hann verið í gildi allan tímann. Telur hann sig því eiga kröfu til fullnægingar samningsins að öllu leyti og þá einnig til þeirra hlunninda, er hann krefur í máli þessu, enda hefði hann unnið til þeirra, ef hann hefði fengið að gegna stöðu sinni.

Stefndi byggir sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að ráðningarsamningurinn við stefnanda hafi fallið úr gildi þann 27. des. 1937, enda hafi stefnandi brotið svo verulega af sér í starfi sínu, að frávikning hans hafi verið réttmæt, þannig að hann eigi ekki kröfu til neinna fébóta, en sú greiðsla, sem hann hafi fengið síðan, hafi verið umfram alla skyldu. En jafnvel þótt talið yrði, að stefnandi hefði á sínum tíma átt bótakröfu á hendur stefnda vegna frávikningarinnar, þá hafi stefnanda þegar verið greidd miklu hærri fjárhæð en slíkri bótakröfu næmi. Einnig telur stefndi, að stefnandi hafi firrt sig öllum rétti til skaðabóta með því að neita að taka við skipstjórn á v/s Artic á árinu 1939 og stjórna björgun skipsins Persier á árinu 1941, eins og stefndi bað hann að gera á ráðningartímabilinu. Loks telur stefndi, að stefnandi hafi sjálfur getað hagnýtt alla starfskrafta sína út ráðningartímabilið, enda hafi hann og gert það þannig, að tekjur þær, sem hann hafi aflað sér, nemi margfaldlega stefnukröfunni í máli þessu.

Það sem fyrst kemur til álita er því, hvort starfssamningi stefnanda, er stofnaðist þann 3. maí 1937, hafi verið rift eða ekki við brotthvarf hans úr starfinu þann 27. des. s. á. Telja verður að vísu, að í fyrrnefndu bréfi ráðherra frá 27. des. 1937 hafi út af fyrir sig falizt riftun á samningnum — a. m. k. fyrst um sinn —, og hefði ekkert fleira komið til, hefði það komið til athugunar, hvort sú fyrirvaralausa riftun hefði verið réttmæt eða ekki, bótaskyld eða eigi. Þegar þess er hins vegar gætt, að stefndi greiðir stefnanda þrátt fyrir þetta bréf og án nokkurs fyrirvara fast kaup óslitið allan hinn umsamda ráðningartíma og leitar jafnframt til hans um vinnu, að því er virðist til endurgjalds, eins og þegar er lýst, þá verður að telja, að stefnandi hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla, að umræddur starfssamningur væri í gildi milli aðiljanna, þannig að stefndi sé við hann bundinn. Stefnandi virðist og hafa hagað sér samkvæmt þessu með endurteknu framboði á starfskröftum sínum, og getur aukavinna sú, er stefnandi innti af hendi fyrir aðra og ósannað er, að hafi veitt honum meira en 1100 króna tekjur, ekki talizt vera ósamrýmanleg gildi samningsins, jafnframt því, sem

það getur ekki talizt stefnanda til áfellis, þótt hann neitaði að vinna önnur störf en samningurinn fjallaði um. Af þessu leiðir, að ekki þykir þörf á að athuga sérstaklega sakargiftir þær, er stefndi telur hafa réttlætt brottvikningu stefnanda, en gögn þau, er fyrir liggja, virðast þó ekki styðja það, að um slík afglöp hafi verið að ræða, að heimilað hafi fyrirvaralausa brottvikningu án bóta.

Samkvæmt framansögðu verður því að telja, að stefnda beri að fullnægja áðurnefndum samningi gagnvart stefnanda og verður sýknukrafan því ekki tekin til greina.

Dómkröfur stefnanda sundurliðast þannig:

1.	Þóknun fyrir björgunarstarf Ægis (hlutur skipstjóra) frá 27. desember 1937 og út ráðningartímabilið		kr. 15548.83
2.	a. Föt samkvæmt samningi, árin 1938—1941 (incl.)	kr. 1345.00	
	b. Viðbótarþóknun samkvæmt 5. gr. samningsins frá 29. apríl 1941, kr. 100.00 á mánuði	— 823.31	
	c. Hækkun á fæðispeningum 1941, 1 kr. á dag, dýrtíðaruppbót ..	— 583.06	
	d. Sjúkrasamlagsgjald	— 236.00	
			— 2987.37
		Samtals	kr. 18536.20

Um 1. Samkvæmt varðskipalögunum skulu skipverjar varðskipanna fá hluta af björgunarlaunum í réttu hlutfalli við mánaðartekjur hvers þeirra, en þó mest ganga til þeirra skipverja, er frekast hafa lagt sig í hættu við björgunina. Verður að fallast á það með stefnda, að stefnandi eigi ekki kröfu til slíkra óvissra tekna, er hann einungis hefði getað aflað, ef hann hefði sjálfur haft á hendi skipstjórn eða átt annan þátt í björgun, en eigi verður staðhæft, að svo hefði orðið. Verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 2. Þessi kröfuliður hefur ekki verið vefengdur út af fyrir sig, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 2987.37 án nokkurs frádráttar vegna þeirrar óverulegu aukavinnu, er stefnandi hefur haft tekjur af samkvæmt framansögðu.

Mál um sama sakarefni og það, er hér liggur fyrir, og milli sömu aðilja var upphaflega höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 23. janúar 1942. Með samkomulagi aðilja og dómara var það mál hafið vegna formgalla, og síðan var mál þetta höfðað, eins og fyrr segir. Með tilliti til þessa þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda vexti af hinni dæmdu fjárhæð frá stefnudegi fyrra málsins

og ákveðast þeir 5% p. a. Eftir öllum atvikum þykir hins vegar rétt, að málskostnaður falli niður.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, hefur kveðið upp dóm þenna.

Dráttur sá, sem orðið hefur á því, að mál þetta yrði flutt munnlega, eftir að gagnasöfnun var talið lokið, stafar sumpart af miklum önnum við borgardómaraembættið og sumpart af veikindaforföllum málflutningsmanns stefnanda.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnandanum, Einari M. Einarssyni, kr. 2987.37, með 5% ársvöxtum frá 23. jan. 1942 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 20. júní 1946.

Nr. 151/1944. **Þorlákur Einarsson** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn
J. Þorlákssson & Norðmann
(Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Theódór B. Líndal í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Skaðabótamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur með stefnu 18. desember 1944 skotið máli þessu til hæstaréttar og hefur þann 12. nóvember 1945 fengið gjafsókn í því fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann. Hann gerir þær dómkröfur, aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 73050.00 eða til vara aðra lægri fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 28. febrúar 1944 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Ljóst er, að verkamenn þeir, sem létu sementspokana á hlerann, hafa annað hvort ekki fest lykkjuna nægilega vel á krókinn eða ekki lagfært hana, ef hún hefur færzt úr lagi, þegar hlerinn var dreginn til í lestinni, áður en hann var undinn upp. Slysið hlauzt því aðallega fyrir handvömm verkamannanna við meðferð losunartækjanna, sem verða að teljast hættuleg. Verkamennirnir voru að störfum í þjónustu áfrýjanda, og þykir því samkvæmt reglunum um ábyrgð manns á starfsmönnum sínum rétt að leggja á hann aðalábyrgð til fébóta vegna vangæzlu þeirra. En nokkuð skorti á, að áfrýjandi, sem er vanur uppskipunarvinnu, sýndi fulla varúð. Verður því við ákvörðun fébóta að taka tillit til þessa varúðarskorts hans.

Áfrýjandi sundurliðar bótakröfu sína þannig:

1.	Atvinnutjón næstu 6 mánuði eftir slysið	kr. 11200.00
2.	Örorkubætur	— 50000.00
3.	Bætur fyrir þjáningar og óþægindi	— 10000.00
4.	Læknishjálp og annar sjúkrakostnaður ..	— 1850.00
	Samtals	kr. 73050.00

Um 1. Áfrýjandi, sem var tæplega 62 ára, er slysið varð, var samkvæmt yfirlýsingu læknis alger öryrki 4 fyrstu mánuðina eftir slysið, en 5. mánuðinn var hann 85% öryrki og 75% öryrki 6. mánuðinn. Miðað við taxta Dagsbrúnar og örorku áfrýjanda, hefur hann misst laun þessa 6 mánuði, að fjárhæð kr. 6000.00, og er þá ekki gert ráð fyrir eftirvinnu eða helgidagakaupi, sem áfrýjandi telur sig mundi hafa haft, að fjárhæð kr. 5200.00.

Með vísun til þess, er áður segir um ábyrgð á slysinu, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 6000.00.

Um 2—3. Í héraðsdómi er lýst slysinu, áverkum þeim, sem áfrýjandi hlaut, svo og afleiðingum slyssins, en varanleg örorka hans er metin 50—55%. Bætur fyrir varanlega örorku og þjáningar þykja hæfilega ákveðnar kr. 22000.00.

Bætur samkvæmt 1.—3. kröfulið nema því samtals kr. 28000.00. Stefndi hafði keypt áfrýjanda slysatryggingu. Af henni hefur verið greiddur sjúkrakostnaður samkvæmt 4. kröfulið. Auk þess hafa áfrýjanda verið greiddar frá slysa-

tryggingunni kr. 10373.35. Þessa fjárhæð ber að draga frá áðurnefndum kr. 28000.00. Verður niðurstaðan því sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 17626,65 með vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda, sem hefur lagt út öll réttargjöld málsins, málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 3000.00.

Dómsorð:

Stefndi, J. Þorlákssón & Norðmann, greiði áfrýjanda, Þorláki Einarssyni, kr. 17626.65 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. febrúar 1944 til greiðsludags og samtals kr. 3000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. desember 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. f. m., hefur Þorlákur Einarsson verkamaður, Ránargötu 16 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 28. febrúar s. l., gegn Óskari Norðmann f. h. J. Þorlákssonar & Norðmanns hér í bænum til greiðslu skaðabóta, *aðallega* að fjárhæð kr. 73050.00, ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, en *til vara* aðra lægri fjárhæð að mati dómarans. Enn fremur hefur stefnandi krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans, svo sem mál þetta væri eigi gjafsóknarmál, en stefnanda hefur verið veitt gjafsókn.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa.

Málsatvik eru þau, að þann 9. október 1942 var stefnandi máls þessa að starfi við uppskipun á sementi úr e/s Cisneros, er þá lá við hafnarbakkann hér í Reykjavík. Stefndi mun hafa átt nefnda vöru og séð um uppskipun hennar, og var stefnandi í þjónustu hans. Stefnandi vann um borð í skipinu í lest nr. III og hafði ásamt öðrum manni það verk með höndum að láta sementspoka á hlera, sem hafðir eru til þess að lyfta á pokunum upp úr lestinni. Hlerar þessir eru 1.45 m að lengd og 0.60 m á breidd og smíðaðir úr 2 þumlunga þykkum plönkum. Á báðum endum hleranna eru járnbentir klampar þvert yfir þá, en gat á hverju horni. Gegnum götin á hvorum enda er dregin „stroffa“ úr digrum kaðli, sem er festur neðan á hleranum og getur þannig ekki dregizt til. Þegar draga skal hlera þessa upp, er báðum „stroffunum“ krækt á krók dráttarvírsins og hlerinn síðan dreginn upp með skipsvindunni. Í umrætt

skipti hafði þegar verið tekið allmikið af vörum úr lestinni og var komið niður í botn um miðjuna, en vörur voru til endanna.

Sementið var sett á hlera á tveimur stöðum í fremri enda lestarinnar, og vann stefnandi þar stjórnborðsmegin, en aðrir tveir menn bakborðsmegin. Lá skipið með stjórnborðshlið að bryggjunni. Stefnandi og maður sá, sem með honum var, létu á hlerana á stafla, sem var um 1—1½ mannhæð frá lestargólfinu. Eitt sinn, er verið var að draga upp hlera með sementspokum frá mönnum þeim, sem unnu bakborðsmegin, og hlerinn var kominn nokkuð upp fyrir lestaropið, fór önnur „stroffan" af króknum, og stakkst hlerinn allt í einu á endann, og féllu þá pokarnir af honum niður í lestina. Féllu pokarnir ofan á stefnanda, þar sem hann var við vinnu sína á staflanum, og felldu hann fram af honum niður á lestargólfið. Meiddist stefnandi mjög mikið við þetta, þannig að vinstri lærleggur brotnaði, þrjú rif brotnuðu í hægri síðu, tvær framtennur, og auk þess fékk stefnandi mjög alvarlegan heilahristing. Var stefnandi þegar fluttur í sjúkrahús, og var hann þar til 18. janúar 1943, að hann fór heim til sín, en var engan veginn fullfær og batavon talin lítil. Þann 6. apríl 1943 var stefnandi skoðaður af Þórarni Sveinssyni lækni, sem mat örorku hans fyrstu 4 mánuðina frá slysinu 100%, einn mánuð þar á eftir 85% og einn mánuð þar á eftir 75%. Þann 9. júlí 1943 var stefnandi skoðaður af Jóhanni Sæmundssyni tryggingarlækni, er taldi, að varanleg örorka hans mundi nema 55—60%. Þann 29. f. m. var stefnandi aftur skoðaður af Jóhanni Sæmundssyni, er nú mat örorku hans 50—55%. Stefnandi var slysatryggður við vinnu þessa af stefnda, svo sem lögboðið er, og mun hafa fengið greiddar bætur frá tryggingarstofnun ríkisins (rúmar 12 þús. kr.).

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að stefndi beri ábyrgð á tjóni því, sem af slysi þessu hafi hlotizt, þar sem það hafi orsakazt af gáleysi og óvarkárni starfsmanna stefnda, er hafi unnið á hans ábyrgð. Telur stefnandi, að orsök þess, að „stroffan" fór úr króknum, hljóti að hafa verið sú, að hún hafi ekki legið rétt í honum, en það hafi aftur stafað af atferli manna, er stefndi beri ábyrgð á. Í fyrsta lagi munu menn þeir, er á hlerann settu, og kræktu stroffunum á krókinn, eigi hafa gætt þess sem skyldi, að „stroffurnar högguðust ekki á króknum, meðan hlerinn var dreginn frá þeim stað, er á hann var látið, og þar til hann var beint undir losunarásendanum.

Í öðru lagi hafi „lúgumaður" eigi fylgzt nægilega vel með hlerunum á leiðinni upp, en hann hefði átt að sjá, ef missmíði var á festingunni, og getað varað við því, ef hætta var á ferðum, enda sé það hans aðalstarf, en það hafi hann ekki gert.

Í þriðja lagi telur stefnandi, að stefndi beri ábyrgð á, hvernig

fór, af þeim ástæðum, að verkstjóri hans hafi valið þann mann sem „lúgumann", sem var óvanur og ekki starfa sínum vaxinn.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að hann beri enga ábyrgð á nefndu slysi, þar sem bæði tæki öll og verkstjórn hafi verið óaðfinnanleg, þar á meðal hafi „lúgumaður" hagað sér á allan hátt, svo sem honum bar. Hafi slysið hins vegar hlotizt af gáleysi samstarfsmanna stefnanda í lestinni, þá beri hann (stefndi) ekki ábyrgð á því, þar sem hann hafi að því leyti fullnægt sinni skyldu með því að kaupa verkamönnunum, þar á meðal stefnanda, lögboðna slysatryggingu. Þá hefur stefndi og haldið því fram, að stefnandi eigi sjálfur sök á slysinu vegna ógætni sinnar, þar sem hann hafi verið að vinna undir lestaropinu, meðan verið var að draga hlerann upp, og þrátt fyrir það, að hann hafi verið varaður við að gera slíkt.

Menn þeir, er létu sementið á umræddan hlera, hafa borið það, að þeir hafi krækt „stroffunum" á krókinn vel og samvizkusamlega, og hafi þeir fylgzt vel með hleranum, meðan hann dróst til, þangað til að hann var beint undir losunarásendanum, og ekkert missmíði séð á. Hins vegar kveðast menn þessir ekki hafa fylgzt með hleranum á leiðinni upp, þar sem þeir hafi farið inn undir lestarkarminn, enda varaðir við að vera ekki undir, meðan verið væri að draga hlerana upp. Maður sá, sem var „lúgumaður" í umrætt skipti, kveðst engrar missmíðar hafa orðið var, fyrr en „stroffan" fór úr króknum, en hlerinn hafi hvergi rekizt í á leiðinni upp.

Maður þessi mun vera sjómaður, en eigi hafa verið „lúgumaður" áður. Vindumaðurinn kveðst og einskis hafa orðið var. Vindan hafi gengið jafnt og vel og hafi dráttarvindan eigi verið í gangi, þegar „stroffan" hafi farið úr króknum, en hins vegar hafi verið byrjað að draga slakann af svokölluðum „útvír", sem flytur losunarásinn út fyrir skipshliðina, en ekki hafi verið orðið stritt á vírnum.

Aflað hefur verið álits dómkvaddra kunnáttumanna um öryggi uppskipunar þessarar, og telja þeir, að fullkomins öryggis hafi verið gætt um útbúnað allan og áhöld. Virðast hinir dómkvöddu menn telja, að orsök slyssins sé sú, að misstritt hafi orðið á „stroffunum" og þær aflagazt, þegar hlerinn var dreginn til með pokunum á niðri í lestinni, þangað til hann var undir losunarásendanum.

Þegar átakið hafi komið á „stroffurnar", hafi önnur lagzt á krókoddinn og haldizt þar, meðan dregið var beint upp, en farið af, er átak kom á krókinn til hliðar, þegar byrjað var að taka slakann af „útvírnum". Telja hinir dómkvöddu menn, að „lúgumaður" verði ekki talinn hafa sýnt vanrækslu í starfi sínu, en

ógætni hafi þá helzt átt sér stað hjá mönnum þeim, er létu á hleranн og settu „stroffurnar“ á krókinn, þar sem þeim hafi borið að fylgjast með hleranum, þar til hann dróst á loft, og aðvara „lúgumanninn“, ef „stroffurnar“ fóru ekki vel í króknum, áður en dregið var upp.

Af framantöldum gögnum svo og öðru því, sem upp er komið í málinu um þessi atriði, verður eigi annað séð en að áhöld öll við uppskipunina og útbúnaður hafi verið í góðu lagi, og orsaka slyssins sé því eigi að leita þar. Af hálfu stefnanda hefur því verið hreyft, að það hafi verið vítavert, að verkstjóri stefnda hafi ekki verið viðstaddur, þegar umrætt slys varð. Þess þykir þó ekki verða krafizt, að verkstjóri sé ávallt viðstaddur á vinnustað, ef mannaskipan hans og önnur fyrirmæli um framkvæmd verks mega teljast forsvaranleg. Kemur þá til athugunar, hvort verkstjóri verði sakfelldur fyrir val sitt á hinum svonefnda „lúgumanni“, enda verði talið, að slysinu hefði orðið afstýrt, ef um vanan „lúgumann“ hefði verið að ræða, en stefnandi hefur talið, að valinn hafi verið óvanur „lúgumaður“, enda þótt kostur væri á vönum manni til þess starfa. Eins og nánar verður rakið hér á eftir, þykir ekki sýnt, að umræddur „lúgumaður“ hafi vanrækt skyldur sínar sem slíkur við uppskipun þessa, en auk þess liggur fyrir í málinu óvéfengt vottorð fjögurra verkstjóra, sem vanir eru uppskipunarvinnu hér í bæ, þar sem þeir taka fram, að á síðustu árum hafi það oft komið fyrir af óviðráðanlegum orsökum, að ókleift hafi reynzt að fá vana menn til uppskipunarvinnu og þá einnig til „lúgumanns“ starfa. Til þess starfa hafi þá verið teknir menn, sem ætla mátti, að treystandi væri til starfsins, enda þótt þeir hefðu eigi gegnt uppskipunarstörfum áður. Jafnframt hafa tveir þessara verkstjóra vottað, að þeir myndu hiklaust hafa trúað manni þeim, er gegndi lúgumannsstörfum í umrætt skipti, fyrir slíku starfi, enda þótt viðurkennt sé, að hann hafi verið óvanur uppskipunarvinnu. Að þessu athuguðu svo og með tilliti til þess, að ósannað er gegn mótmælum stefnda, að kostur hafi verið á vönum manni til þessara starfa, þykir verkstjóri stefnda ekki verða áfelldur fyrir valið á manni þessum út af fyrir sig. Er þá athugandi, hvort nefndur „lúgumaður“ geti talizt hafa sýnt vangæzlu í starfi sínu, eins og stefnandi heldur fram, enda telur hann, að stefndi beri þá skaðabótaábyrgð vegna þeirrar vangæzlu.

Að skoðun hinna dómkvöddu kunnáttumanna var starf „lúgumanns“ í umrætt skipti fólgið í því 1) *að* láta vindumann ekki lyfta byrðinni, fyrr en örugglega var gengið frá kaðalaugunum (stroffunum), sem festa átti í losunarkrókinn og verkamenn í lest áttu að annast, 2) að láta draga byrðina hægt og varlega, þar til hún var komin beint undir lyftiásendann, 3) *að* fylgjast með því, að sementspokarnir færu vel á hleranum, 4) *að* aðvara verkamenn-

ina í lestinni, meðan byrðin var dregin upp, svo og 5) *að* stjórna vindumönnum við starf þeirra.

Um fyrsta atriðið er það að segja, að ekki verður annað séð en að „lúgumaður" hafi gætt skyldu sinnar að þessu leyti, eftir því sem unnt er að krefjast, þar sem hann virðist ekki hafa getað séð ofan af þilfari, hvernig umræddri festingu var háttað, og varð að treysta verkamönnunum í lestinni í því efni, en af gögnum málsins virðist mega ráða, að þeir hafi tilkynnt „lúgumanni", að svo væri um búið, að lyfta mætti byrðinni. Samkvæmt óvéfengdu vottorði þriggja verkstjóra er þess og að gæta, að mikið ryk er samfara uppskipun á sementi, og getur „lúgumaður" því ekki séð eins vel ofan í lestina og annars væri. Hvað snertir annað, þriðja og fimmta atriðið, þá verður ekki séð, að „lúgumaður" verði áfelldur í þeim efnum. Um fjórða atriðið hefur stefnandi haldið því fram, að engin aðvörun hafi komið, og sama hefur einn verkamanna borið. „Lúgumaður" staðhæfir hins vegar, að bæði hann og verkstjórinn hafi aðvarað verkamennina að þessu leyti, og er það stutt framburðum vitna, að slíkar aðvaranir hafi verið gefnar. Verður því ekki séð, að „lúgumaður" hafi gerzt sekur um vanrækslu í þessu efni, auk þess sem fallast verður á það með stefnda, að stefnandi hafi sem vanur uppskipunarmaður átt að vara sig og standa ekki undir byrðinni, meðan hún var dregin upp. Að þessu öllu athuguðu þykir þó ekki verða staðhæft, að „lúgumaðurinn" hafi sýnt vangæzlu í starfi sínu.

Með skírskotun til framanritaðs og annarra gagna málsins þykir því ekki annað sýnt en að orsakanna til slyssins sé þar að leita, en að verkamenn þeir, sem festu umræddum „stroffum" á losunarkrókinn, hafi gerzt sekir um vangæzlu í því efni. En með tilliti til þess, hversu háttað er sambandi verkamanna þessara og hins stefnda firma, sem keypt hefur verkamönnunum lögboðna slysatryggingu, þykir stefnda ekki bera skylda að bæta það tjón, sem stefnandi telst hafa orðið fyrir vegna yfirsjónar þessara manna.

Sýknukrafan verður því tekin til greina, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun hins skipaða talsmanns stefnanda, Sveinbjörns Jónssonar hrl., ákveðast kr. 2000.00 og greiðast úr ríkissjóði.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Óskar Norðmann f. h. J. Þorlákssonar & Norðmann, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Þorláks Einarssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Sveinbjörns Jónssonar hrl., kr. 2000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 20. júní 1946.

Nr. 69/1945. **Valdstjórnin** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Eyvindi Árnasyni (Hrl. Magnús Thorlacius).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot á verðlagsákvæðum.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 350.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Eyvindur Árnason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 350.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 16. apríl 1945.

Ár 1945, mánudaginn 16. apríl, var í lögregluréttí Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Valdimar Stefánssyni, upp kveðinn dómur í málinu nr. 243/1945: Valdstjórnin gegn Eyvindi Árnasyni, sem tekið var til dóms hinn 14. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Eyvindi Árnasyni útfararstjóra, Laufásvegi 52 hér í bæ, fyrir brot gegn verðlagslöggjöfinni.

Kærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, sætti í janúar 1916 10 króna sekt fyrir brot gegn byggingarsamþykkt og á árunum 1919—1924 sætti hann sex sinnum 50 króna sektum fyrir ölvun á almannafæri. Að öðru leyti hefur hann ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Í Lögbirtingablaðinu, er út kom 23. júní 1944, var tilkynning frá verðlagsstjóra, dagsett 16. sama mánaðar, á þessa leið: „Viðskiptaráð hefur ákveðið, að frá og með 24. júní 1944 megi verð á líkkistum, öðrum en zink- og eikarkistum, hæst vera kr. 900.00. Ódýrari gerðir, sem framleiddar hafa verið, mega ekki hækka í verði nema með samþykki verðlagsstjóra. Verð á zink- og eikarkistum er og háð samþykki hans."

Hinn 23. október s. l. kærði verðlagsstjóri yfir því, að kærði hefði á tímabilinu 4.—18. september s. l. selt 16 líkkistur of háu verði, og næmi samanlagður ólöglegur hagnaður hans af brotinu kr. 6665.00, sem þó síðar leiðréttist í kr. 6565.00. Segir í kærunni, að komið hafi í ljós við athugun, að kærði hefði selt líkkistur á nefndu tímabili á allt að kr. 1750.00. Kistan sjálf hafi þó í þessum tilfellum ekki verið reiknuð nema á kr. 900.00, en málning og bólstrun reiknuð aukalega. Hafi slík sundurliðun kistuverðsins eigi tíðkazt, áður en hámarksverðið, sem miðist við fullgerða kistu, var sett.

Listi sá, er verðlagsstjóri hefur látið gera um verð þeirra 16 líkkistna, sem kært er yfir, hefur verið borinn undir kærða, sem hefur viðurkennt hann tölulega réttan. Er verðið á þeim kistum frá kr. 120.00 til 850.00 fram yfir hámarksverðið og ólöglegur hagnaður að áliti verðlagsstjóra kr. 6565.00, sem áður segir. Þetta verð setti kærði á kisturnar, án þess að fá samþykki verðlagsstjóra á verði þeirra, eins og ráð er fyrir gert í tilkynningunni frá 16. júní 1944. Kærði skýrir svo frá, að hann hafi farið eftir tilkynningu þessari, þar til eftir að hann átti tal um líkkistuverðið við Jörund Oddsson, starfsmann verðlagsstjóra, en það samtal fór fram rétt eftir mánaðamót ágúst og september s. l. Í þessu samtali segist kærði hafa lagt mikla áherzlu á að fá að selja vandaðri og dýrari kistur heldur en 900 kr. kisturnar. Þessu hafi starfsmaður verðlagsstjóra svarað á þá leið, að þeir, sem vildu borga meira en hámarksverð fyrir kisturnar og fá þær sérlega vandaðar, væru sjálfráðir að því, en kærði yrði ætíð að hafa til kistur á hámarksverðinu. Strax eftir samtal þetta kveðst kærði hafa farið til Tryggva Árnasonar útfararstjóra og tjáð honum, að verðlagseftirlitsmaðurinn hefði leyft sér að selja kistur hærra verði en hámarksverðinu, ef kaupendur óskuðu eftir dýrari og vandaðri kistum. Þetta hefur Tryggvi útfararstjóri staðfest. Þegar hámarksverðið var sett á líkkistur, átti kærði 9 fullgerðar kistur af vandaðri og dýrari tegundum, en þá hætti hann við að selja þær og átti þær því, þegar

nefnt samtal við verðlagseftirlitsmanninn fór fram. Eftir samtalið tók kærði að selja kistur þessar á sama verði og á þeim hafði verið, flestar á kr. 1250.00, en eina á kr. 1600.00. Enn fremur lét hann smíða nýjar kistur af þessum dýrari gerðum og seldi þær.

Allar þessar kistur voru á reikningum taldar á kr. 900.00, en aukalega var talin greiðsla fyrir málningu, bólstrun og efni að nokkru leyti. Á að gizka hinn 19. september s. l. áttu kærði og verðlagseftirlitsmaðurinn tal saman, og segir kærði eftirlitsmanninn þá hafa aftekið, að verð kistnanna mætti vera yfir kr. 900.00. Kveðst kærði þá hafa hætt starfsemi sinni og hafi sonur sinn þá tekið við henni. Jörundur Oddsson kveður kærða eigi skýra rétt frá hinu fyrrnefnda samtali eða að kærði hafi mjög misskilið sig í því. Í þessu samtali kveðst hann algerlega hafa haldið sig við verðauglýsinguna frá 16. júní s. l., kveðst hafa sagt kærða, að hann væri óbundinn af hámarksverði því, sem tiltekið er í auglýsingunni, við sölu á zink- og eikarkistunum og gæti selt þær hærra verði en 900 krónur, þó því aðeins, að hann hefði áður fengið samþykki verðlagsstjóra til þess. Hitt segir hann rangt, að hann hafi sagt, að kærði væri óbundinn með verð vandaðri gerða kistna, ef hann einungis hefði alltaf til kistur, sem kostuðu kr. 900.00.

Vitni voru engin að samtali þessu, og við samprófun kærða og eftirlitsmannsins náðist ekkert samræmi um framangreindan ágreining. Eftirlitsmaðurinn hefur sem vitni staðfest framburð sinn með eiði. Staðhæfingar kærða um samtal þetta eru því ósannaðar og fá ekki orkað á úrslit málsins.

Mat það á líkkistum á verkstæði kærða, er fram hafur farið að tilhlutun verjanda kærða, fær eigi orkað á úrslit málsins, þar sem verðlagsákvæðin frá 16. júní s. l. um líkkistur teljast löglega sett. Með sölu áðurgreindra 16 líkkistna hefur kærði því gerzt brotlegur við margnefnda tilkynningu frá 16. júní s. l. um hámarksverð á líkkistum, og samkvæmt 9. gr., 2. mgr. verðlagslaganna nr. 3 13. febrúar 1943 þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 1000 króna sekt, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 69. gr. 3. tölulið almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 ber að gera upptækan áðurgreindan ólöglegan hagnað af broti kærða, kr. 6565.00 ríkissjóði til handa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hrl. Magnúsar Thorlacius, kr. 400.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Eyvindur Árnason, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ólöglegur ágóði, kr. 6565.00, skal upptækur ríkissjóði til handa, og greiði kærði hann innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 20. júní 1946.

Nr. 67/1946. **Réttvísin** (Hrl. Guttormur Erlendsson)
gegn
Hauki Einarssyni, Magnúsi Gíslasyni og Steingrími Agli Þorkelssyni
(Hrl. Sigurður Ólason).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Þjófnaður og þjófsneyzla.

Dómur hæstaréttar.

Refsing ákærða Hauks Einarssonar þykir hæfilega ákveðin 2 ár og 6 mánuðir. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærðu ber að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði Haukur Einarsson sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Að öðru leyti skal hinn áfrýjaði dómur vera óraskaður.

Ákærðu, Haukur Einarsson, Magnús Gíslason og Steingrímur Egill Þorkelsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skip-

aðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 300.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur. 6. maí 1946.

Ár 1946, mánudaginn 6. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 1451—53/1946: Réttvísin gegn Hauki Einarssyni, Magnúsi Gíslasyni og Steingrími Agli Þorkelssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Hauki Einarssyni verkamanni, bragga nr. 11 við Sundlaugaveg, Magnúsi Gíslasyni sjómanni, Vesturbraut 9 í Keflavík, og Steingrími Agli Þorkelssyni verkamanni, bragga 11 við Sundlaugaveg, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna, Haukur fæddur 8. júlí 1920, Magnús fæddur 31. júlí 1915 og Steingrímur Egill fæddur 27. september 1911.

Ákærði Haukur hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1933 2¾ Kærður fyrir þjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1933 3⅓0 Kærður fyrir þjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1934 2¾ Kærður fyrir þjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1935 2⅔ Kærður fyrir þjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1936 ⅚ Kærður fyrir þjófnað. Ráðstafað í sveit að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins.
1936 ⅞ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 2½2 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1937 ⅛1 Dómur aukaréttar, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið fyrir þjófnað.
1937 ⅜2 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1937 1⅝2 Áminning fyrir ölvun.
1938 2⅔ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1938 3⅚ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1938 1¾ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1938 1⅘ Kærður fyrir þjófnað á kjöti o. fl. Látið falla niður gegn skaðabótum, með því að hið stolna var lítils virði.
1938 ⅝ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1938 1⅞ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 1⅛1 Dómur aukaréttar, 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 7. gr. laga nr. 51 1928.
1939 1⅛0 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1939 $^{1}/_{10}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{1}/_{10}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{2}/_{11}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{1}/_{12}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{1}/_{12}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{2}/_{12}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 ½ Dómur aukaréttar, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað og áfengislagabrot.
1940 $^{2}/_{8}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{1}/_{8}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{2}/_{9}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{3}/_{9}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{1}/_{10}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{8}/_{10}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{1}/_{10}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{2}/_{10}$ Dómur aukaréttar, 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna, sviptur kosningarétti og kjörgengi og rétti til þess að kaupa og neyta áfengis, þar til að 5 árum liðnum frá fullnustu refsingarinnar.
1941 $^{2}/_{10}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 $^{1}/_{11}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 $^{1}/_{4}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 $^{2}/_{5}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 $^{2}/_{12}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 $^{5}/_{1}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 $^{9}/_{1}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 $^{2}/_{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 $^{2}/_{4}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 $^{6}/_{6}$ Dómur aukaréttar, fangelsi í eitt ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 247. gr. hegningarlaganna.
1944 $^{3}/_{7}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1944 $^{8}/_{8}$ Dómur aukaréttar, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir þjófnað.
1945 $^{2}/_{7}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{3}/_{7}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{2}/_{8}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{1}/_{9}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 $^{3}/_{1}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 $^{9}/_{4}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærði Magnús hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

Í Reykjavík:

1931 $^{2}/_{11}$ Áminning fyrir bjölluleysi á reiðhjóli.
1932 $^{1}/_{3}$ Dómur aukaréttar, 3ja mánaða fangelsi við venjulegt

fangaviðurværi skilorðsbundið fyrir brot gegn 231. gr. hegningarlaganna og 6. og 7. gr. laga nr. 51 1928, 150 kr. skaðabætur og vikið burt úr Reykjavíkurbæ um þriggja ára skeið.

1933 7/5 Sátt, 20 kr. sekt fyrir lögreglusamþykktarbrot.

1935 1½ Dómur aukaréttar, 2ja ára betrunarhússvinna fyrir þjófnað og ofbeldi við fangavörð.

1935 ⅛ Dómur sama réttar, 8 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51 1928.

1937 1¾ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1937 2½ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1937 júlí Undir rannsókn fyrir grun um innbrotsþjófnað. Fellt niður vegna sannanaskorts.

1937 1¹⁄₁₀ Sátt, 100 kr. sekt og 50 kr. skaðabætur fyrir ölvun og slagsmál.

1937 ³⁄₁₁ Dómur aukaréttar, 2ja ára betrunarhússvinna fyrir brot gegn 6., 7. og 8. gr. laga nr. 51 1928, sbr. 55. og 63 gr. hegningarlaganna. Staðfest í hæstarétti 1⅝ 1938.

1938 ¾ Dómur aukaréttar, 3ja mánaða betrunarhússvinna fyrir innbrotsþjófnað.

1938 1⅞ Kærður fyrir þjófnað á hrognkelsanetum. Látið falla niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 1½ 1939.

1941 ¾ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1942 1⅜ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1942 ⅜ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1942 ⅜ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1942 1³⁄₁₁ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1943 2¾ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1943 ⅝ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1943 1⁰⁄₇ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1944 1½ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1944 2⅞ Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og slagsmál.

1944 1⅛ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.

1944 ⁹⁄₁₀ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.

1945 2⁰⁄₇ Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og mótþróa við lögregluna.

1945 2⅝ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 ¹⁄₁₀ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1946 1⅜ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

1946 1¼ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Á Siglufirði:

1945 2⅛ Sátt, 40 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

Ákærði Steingrímur Egill hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

Í Reykjavík:

1930 2⅝ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1931 1⅚ Dómur aukréttar, 10 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 231 gr. hegningarlaganna og sumpart 6. gr. laga nr. 51, 1928.
1931 1¾₁₁ Dómur hæstaréttar, 18 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 6. og 7. gr. laga nr. 51 1928, sbr. 231. gr., 4. lið, og með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna.
1933 1⅚ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1933 2⅚ Dómur aukaréttar, 8 mánaða betrunarhússvinna fyrir innbrotsþjófnað.
1933 2⅙ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1934 2½₂ Dómur aukaréttar, 15 mánaða betrunarhússvinna fyrir innbrotsþjófnað.
1935 ⅞ Dómur aukaréttar, 1 mánaðar betrunarhúsvinna fyrir innbrotsþjófnað. Hegningarauki.
1935 ⅙ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 1⅗₁₀ Dómur aukaréttar, 15 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51 1928.
1939 2⅒ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 2⅒ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 2⅝₁₁ Dómur aukaréttar, 12 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 6. gr., sbr. 8. gr. laga nr. 51/1928 og 17. gr. 1. mgr., sbr. 37. gr. laga nr. 33/1935.
1939 ⅝₁₂ Dómur aukaréttar, 2ja ára betrunarhússvinna fyrir innbrotsþjófnað.
1942 2⅞ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 ⅝ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1944 1⅛ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1944 ⅜ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1944 2⅞ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1944 ⅞₁₀ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og áflog.
1944 1⅞₁₁ Kærður fyrir ölvun í bifreið. Fellt niður.
1945 ⅛ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 2⅝ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Á Siglufirði:

1936 ⅓ Sátt, 50 kr. sekt fyrir götuóspektir.
1936 1⅜ Sátt, 30 kr. sekt fyrir götuóspektir.

Kvöldið 25. f. m. voru ákærðu Haukur og Magnús saman ölvaðir hér í bænum. Um miðnætti áttu þeir leið upp Hverfisgötu fram hjá stjórnarráðshúsinu. Þegar þeir gengu þar, fór Haukur skyndilega að bakhlið stjórnarráðshússins og Magnús á eftir, án þess að þeir hefðu talað um það áður, hverra erinda þeir færu þangað. Þegar þangað var komið, braut Haukur með olnboganum rúðu í bakdyrahurð hússins, seildist gegnum rúðuopið til smekklássins, sem dyrunum var læst með, og opnaði þannig dyrnar. Varð Magnúsi nú ljóst, að hér var um innbrotsþjófnað að ræða. Haukur fór nú upp

á efri hæð hússins og Magnús á eftir. Þar opnaði Haukur dyr að skrifstofum dómsmálaráðuneytisins með sama hætti og hann hafði opnað bakdyr hússins. Hann gekk nú inn í skrifstofurnar og að peningaskáp, sem þar var, sem láðst hafði að læsa daginn áður, opnaði hann og tók úr honum læstan peningakassa. Var Magnús þá kominn inn í skrifstofurnar. Ekki vissu þeir, hvað var í kassanum, en Haukur gizkaði á, að þar væru peningar, svo þúsundum króna skipti.

Ákærðu Haukur og Magnús fóru nú með kassann inn í bragga nr. 11 við Sundlaugaveg, þar sem ákærði Steingrímur Egill var fyrir, og vaknaði hann við komu þeirra og sá þá sprengja upp kassann í bragganum. Þeir Haukur og Magnús halda því fram, að Steingrímur Egill hafi aðstoðað þá við að sprengja upp kassann, en því neitar Steingrímur Egill. Þeir Haukur og Magnús halda því fram, að þeir hafi bæði strax um nóttina og eins morguninn eftir sagt Steingrími Agli, að þeir hefðu stolið peningakassanum og hvar. Þetta kveðst Steingrímur Egill ekki hafa heyrt, en kveðst þó, strax og hann sá þá Hauk og Magnús með kassann, hafa talið víst, að þeir hefðu stolið honum, enda hafi þeir strax um nóttina gefið sér þetta í skyn í umtali þeirra um kassann.

Ákærðu tóku úr kassanum alla þá peninga, er í honum voru, en létu annað vera þar kyrrt, þar á meðal sex tékkávísanir, samtals að upphæð kr. 773.30. Síðan settu þeir kassann í poka og fóru þeir Magnús og Steingrímur Egill með hann úr bragganum og fleygðu honum í sjóinn, og þar fannst hann að tilvísun Steingríms Egils með öllum þeim skjölum, sem í honum áttu að vera.

Samkvæmt skýrslu þess starfsmanns dómsmálaráðuneytisins, sem gætti peningaskápsins og kassans, áttu að vera í kassanum, þegar hann var tekinn, kr. 5695.92, að meðtöldum tékkávísunum. Peningum þeim, sem í kassanum voru, skiptu ákærðu með sér þannig, að Haukur og Magnús fengu jafnt, en Steingrímur Egill nokkru minna en hvor þeirra.

Peningunum eyddu ákærðu í drykkjuslark, að undanteknum kr. 300.00, er Steingrímur Egill var með, þegar hann var handtekinn, og kr. 207.00, sem Magnús var með, þegar hann var handtekinn.

Dómsmálaráðuneytið hefur veitt viðtöku þessum kr. 507.00 og peningakassanum með þeim skjölum, sem í honum voru, er hann fannst.

Framanskráður verknaður varðar hina ákærðu Hauk og Magnús refsingu samkvæmt 244. gr. hegningarlaganna og ákærða Steingrím Egil samkvæmt 254. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga.

II.

Aðfaranótt 14. október s. l. fór ákærði Magnús ölvaður inn í hús við Auðarstræti, sem var í smíðum, og tók þaðan að ófrjálsu kistu

með nokkrum smíðatólum í og hafði á brott með sér. Þegar ákærði játaði þetta brot sitt þremur dögum síðar, skilaði hann kistunni með öllu, sem í henni átti að vera. Taka kistunnar varðar ákærða refsingu samkvæmt 244. gr. hegningarlaganna.

III.

Refsingu ákærða Magnúsar ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna.

Með tilliti til fyrra brotaferils ákærðu þykja refsingar þeirra fyrir framanskráð brot hæfilega ákveðnar þannig, að þeir Haukur og Magnús sæti hvor fangelsi í 2 ár, en Steingrímur Egill fangelsi í 18 mánuði.

Ákærðu Haukur og Steingrímur Egill hafa verið í gæzluvarðhaldi frá 28. f. m. og ákærði Magnús frá 29. f. m. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber að ákveða, að gæzluvarðhald hvers þeirra komi til frádráttar refsingum þeirra.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta þá kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Af hálfu dómsmálaráðuneytisins hefur þess verið krafizt, að ákærðu verði in solidum dæmdir til að greiða ríkissjóði kr. 4405.62, en það er sá hluti hinna stolnu peninga, sem eigi hefur komið til skila. Þessa kröfu hafa ákærðu samþykkt, og verður hún tekin til greina.

Hina ákærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærðu Haukur Einarsson og Magnús Gíslason sæti hvor fangelsi í 2 ár.

Ákærði Steingrímur Egill Þorkelsson sæti fangelsi í 18 mánuði.

Gæzluvarðhald ákærðu hvers um sig komi til frádráttar refsingunum.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu greiði ríkissjóði in solidum kr. 4405.62 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði in solidum allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. júní 1946.

Nr. 49/1945. **Skipaútgerð ríkisins** (Hrl. Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Hraðfrystihúsi Dýrfirðinga
(Hrl. Theódór B. Lindal).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Um öflun frekari skýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur er lagður á mál þetta í hæstarétti, þykir rétt samkvæmt analogíu 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á að afla skýrslna um atriði þau, er nú skal greina:

1. Hvenær viðgerð hafi fram farið á bryggjunni til að bæta úr spjöllum þeim, sem talin eru hafa á henni orðið af völdum e/s Esju 16. desember 1943.

2. Spyrja skal fyrir dómi smiði þá, er að viðgerðinni kunna að hafa unnið, og aðra, er um geta borið, hver spjöll hafi verið á bryggjunni, hvort viðir þeir, er brotnuðu, hafi verið að einhverju leyti úr sér gengnir, svo sem fúnir, maðksmognir eða laskaðir. Þá ber og að inna þá eftir því, hvort þeir hafi gert sér grein fyrir orsökum bryggjuskemmdanna.

3. Hve mikilli fjárhæð viðgerðarkostnaðurinn hafi numið, og að hve miklu leyti verðmæti bryggjunnar kann að hafa aukizt við það, að nýtt efni kom í stað gamals.

Þá er og rétt, að aðiljar afli gagna um önnur þau atriði, sem öflun framhaldsskýrslnanna kann að veita efni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómarinn skal veita aðiljum kost á öflun framangreindra gagna.

Laugardaginn 22. júní 1946.

Nr. 24/1946. **Þóra Borg Einarsson f. h. sjálfrar sín og sonar síns, Gunnars Borgþórs Gunnarssonar**
(Óskar Borg cand. jur.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök
(Hrl. Einar Baldvin Guðmundsson).

Setudómarar Kristján Kristjánsson borgarfógeti og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Skaðabótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. febrúar þ. á., krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða henni sjálfri kr. 100000.00 og henni f. h. sonar hennar, Gunnars Borgþórs Gunnarssonar, kr. 15070.35 ásamt 6% ársvöxtum af hvorri tveggja fjárhæð frá 15. desember 1944 til greiðsludags. Svo krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 21. febrúar þ. á., krefst aðallega sýknu, en til vara, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, verði lækkuð til mikilla muna. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Próf þau, sem ameríska herstjórnin hélt í máli þessu, hafa ekki fengizt til afnota í málinu.

Magnús Einarsson ók af Suðurlandsbraut út í hliðargötu við Hálogaland, áður víg það varð, er í málinu greinir. Var Gunnar heitinn Einarsson farþegi í bíl hans. Austanvert við götu þá, sem þeir óku, voru hermannaskálar, og voru þeir félagar stöðvaðir af varðmönnum. Kveður Magnús þá félaga hafa skilið varðmennina svo, að þeim Gunnari væri leyft að halda áfram, enda hafi hann oft ekið götu þessa áður með leyfi varðmanna, en er þeir höfðu ekið nokkra metra, kvað við skot það, sem varð Gunnari Einarssyni að bana. Ekki

hafa verið leiddar að því sönnur, að þeir félagar hafi viljandi óhlýðnazt boði varðmanna, enda kunna þeir að hafa misskilið varðmennina, þar sem þeir töluðu framandi mál. Eins og á stóð, bar varðmanninum því að gefa þeim Gunnari viðvörun, er ekki yrði misskilin, t. d. með skoti fram hjá bílnum, áður enn hann beindi banvænu skoti að þeim í bílnum. Verður því að líta svo á, að varðmaðurinn eigi aðalsökina á víginu.

Þegar litið er á það, sem nú var sagt, og hagi aðaláfrýjanda, þykja fébætur henni til handa hæfilega ákveðnar kr. 65000.00. Fébætur til handa syni hennar, Gunnari Borgþór Gunnarssyni, ákveðast kr. 15070.35, svo sem krafizt hefur verið. Ber því að dæma gagnáfrýjanda til greiðslu hvorrartveggja þessarar fjárhæðar ásamt 6% ársvöxtum frá 15. desember 1944 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til greiðslu málskostnaðar, sem ákveðst samtals kr. 8000.00 í héraði og fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Þóru Borg Einarsson, sjálfri kr. 65000.00 og henni f. h. sonar hennar, Gunnars Borgþórs Gunnarssonar, kr. 15070.35 ásamt 6% ársvöxtum af hvorritveggja fjárhæð frá 15. desember 1944 til greiðsludags og samtals kr. 8000.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. nóvember 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., hefur Þóra Borg Einarsson, Laufásvegi 5 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 15. desember 1944, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gert þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð kr. 100000.00, svo og f. h. barns hennar, Gunnars Borgþórs, kr. 15070.05 sem framfærslueyri með því, ásamt 6%

ársvöxtum af hvorritveggja fjárhæð frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt *aðallega* sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans, en *til vara*, að sökinni á síðargreindum atburði verði skipt og bætur til stefnanda lækkaðar í samræmi við við það.

Málavextir eru þessir:

Að kvöldi hins 14. marz 1942 var Gunnar Einarsson vélfræðingur, eiginmaður stefnanda, skotinn til bana af amerískum varðmanni, er hann ásamt Magnúsi Einarssyni framkvæmdarstjóra og í bifreið hans var á leið að Laufskálum við Engjaveg hér í bænum.

Nefndur Magnús hefur skýrt frá atburði þessum fyrir lögreglurétti Reykjavíkur á þá leið, að Gunnar heitinn Einarsson hafi komið heim til hans að Sogamýrarbletti 54 hér í bæ umgetið kvöld kl. 21.00. Kveður hann þá hafa drukkið (nokkur smá staup) nokkuð af víni, er hann telur hafa verið „gin", en þó það lítið, að hverugur hafi fundið til vináhrifa, svo teljandi væri. Um kl. 22.15 hafi þeir báðir farið þaðan að heiman, og kveðst Magnús hafa ekið Gunnari í bifreið sinni, en það er fjögurra manna bifreið með stýrisútbúnaði hægra megin. Magnús kveðst þá aðeins hafa fundið til vináhrifa, en telur, að hæfi hans til bifreiðarstjórnar hafi ekki verið neitt ábóta vant. Hafi hann ekið, sem leið liggur, að Suðurlandsbraut, vestur hana, unz komið hafi verið móts við herbúðir þær, er setulið Bandaríkja N.-Ameríku höfðu þar og nefndust „Hálogaland camp", en þar sveigt út af veginum til hægri. Kveðst hann hafa ætlað að aka eftir götuslóðum þeim, er liggi vestanvert við nefndar herbúðir, norður á Engjaveg að húsinu Laufskálar, er stendur skammt vestan við þann veg, en þangað hafi ferð þeirra Gunnars verið heitið að heimsækja fyrri konu hans og tvö börn þeirra. Segir Magnús, að rétt norðan við Suðurlandsbraut hafi bandarískur varðmaður, sem stóð nálægt varðmannsbyrgi þar, stöðvað bifreiðina. Hafi varðmaðurinn komið að hægri hlið hennar og spurt, hvert ferðinni væri heitið. Hafi þeir Gunnar þá svarað samtímis, að þeir ætluðu að Laufskálum. Hafi varðmaðurinn þá sagt eitthvað, er Magnús hafi ekki tekið vel eftir, enda skilji hann illa ensku, og hafi Gunnar svarað því einhverju, en varðmaðurinn hafi þá sagt „all-right", og gengið frá bifreiðinni. Kveðst Magnús hafa skilið þetta á þann veg, að þeir mættu halda áfram ferð sinni, og hafi hann ekið af stað. En er hann hafði ekið um fjórar bifreiðalengdir, hafi annar varðmaður stöðvað bifreiðina. Hafi sá komið að vinstri hlið bifreiðarinnar og talað við Gunnar gegnum rúðuop framhurðar bifreiðarinnar. Magnús kveðst ekki hafa fylgzt með því, er þeim fór á milli, en segir, að hvor hafi sagt þrjár eða fjórar setningar. Að því búnu hafi Gunnar sagt, að allt væri í lagi, og um leið hafi varðmaðurinn vikið frá bifreiðinni. Hafi hann þá enn

ekið af stað, en er bifreiðin hafði farið þrjár eða fjórar lengdir sínar, hafi kveðið við skot. Kveðst hann fyrst hafa haldið, að skot þetta væri þeim óviðkomandi, en þó stöðvað bifreiðina þegar í stað, en þá um leið tekið eftir því, að framrúða bifreiðarinnar var öll sprungin. Í sama bili hafi Gunnar hnigið að vinstri öxl hans og blóð lagað úr vitum hans. Hafi hann þá þreifað á höfði Gunnars og fundið skotsár á hnakka hans. Um leið hafi margir Bandaríkjahermenn komið þarna að, og hafi einhverjir þeirra tekið Gunnar út úr bifreiðinni, og telur Magnús, að hann hafi þá verið dáinn. Magnús kveðst mjög oft áður þenna vetur hafa ekið þessa leið að Laufskálum bæði að degi til og að kvöldlagi. Hafi varðmenn þá ætíð stöðvað sig og spurt, hvert ferðinni væri heitið, en svo alltaf leyft sér að halda áfram án frekari aðgerða.

Telur stefnandi, að, eins og atburðum sé lýst hér að framan, sé ljóst, að varðmaður sá, er viðurkennt sé í málinu, að skotið hafi umræddu skoti, er leiddi Gunnar til dauða, eigi einn sök á atburði þessum, en samkvæmt lögum nr. 99 frá 1943 beri stefnda að bæta henni það tjón, er hún hafi beðið vegna atburðarins. Þá hefur stefnandi hreyft því við munnlegan flutning málsins, að stefndi beri sjálfstæða bótaábyrgð á verknaði þessum utan fyrrgreindra lagaákvæða. Kveður hún, að Bandaríki N.-Ameríku hafi að beiðni íslenzku ríkisstjórnarinnar tekið að sér hervernd landsins, og byggist vera herliðsins hér á landi á samningi milli ríkjanna. Í 4. gr. samnings þessa segir m. a. svo: „Bandaríkin skuldbinda sig til að haga vörnum landsins þannig, að þær veiti íbúum þess eins mikið öryggi og frekast er unnt og að þeir verði fyrir sem minnstum truflunum af völdum hernaðaraðgerða, og séu þær gerðar í samráði við íslenzk stjórnarvöld að svo miklu leyti sem mögulegt er.“ Enn fremur segir síðar í sömu grein: „Hernaðaryfirvöldunum ætti einnig að vera gefin fyrirmæli um að hafa í huga, að Íslendingar hafa ekki vanizt vopnaburði öldum saman, og að þeir eru með öllu óvanir heraga, og skal umgengni herliðsins gagnvart íbúum landins hagað í samræmi við það.“ Þessi ákvæði samningsins hafi verið vanefnd af báðum aðiljum, þar eð íslenzka ríkisstjórnin hafi ekki fylgzt með, hvernig herliðið beitti heraganum við íbúa landsins, og Bandaríkin hafi ekki tekið neitt tillit til þess, að Íslendingar voru óvanir heraga, sem sjáist á því, að varðmönnum hafi verið heimilt að beita hvaða ráðstöfunum sem væri til þess að hefta för þeirra inn á yfirráðasvæði setuliðsins. Telur stefnandi þetta vera orsök dauða Gunnars, og sé stefndi þegar af þeirri ástæðu bótaskyldur. Hins vegar hefur stefnandi takmarkað fjárhæð hvorrar kröfu innan ramma þess, er lög nr. 99 frá 1943, sbr. lög nr. 65 frá 1944, setja um fjárhæð bótanna.

Stefndi byggir aðalkröfu sína á því, að við hlið allra herbúða Bandaríkjaliðsins hefi verði aðvörun, bæði á íslenzku og ensku,

um, að aðgangur væri bannaður og að vopnaðir hermenn væru á verði, og því hljóti almenningi fljótt að hafa orðið ljóst, að ekki mætti fara inn á þessi svæði, nema skýlaust leyfi væri fengið hjá viðkomandi varðmönnum. Þessa hafi þeir Gunnar og Magnús ekki gætt, enda segir í skýrslu herstjórnarinnar um þetta atriði, að varðmaðurinn hafi ekki gefið þeim leyfi til að halda áfram ferðinni, og mótmælir stefndi framburði Magnúsar um þetta atriði. Þá sé og ljóst af þeim framburði konu Magnúsar, að hún hafi séð vínáhrif á Gunnari, er hann kom til þeirra um kvöldið, og framburði Magnúsar um áfengisneyzlu þeirra Gunnars og áhrifa hennar á sig, að þeir hafi báðir verið undir vínáhrifum, er þeir óku inn í herbúðirnar, og þó sérstaklega Gunnar. Telur stefndi, að þessi vanræksla þeirra félaga um öflun skýlauss leyfis til ferðarinnar gegnum herbúðirnar, sem helzt verði rakin til vínáhrifa þeirra, sé slík, að varðmanninum verði ekki kennt um, hvernig fór, og beri stefndi því enga ábyrgð á tjóni því, er af verknaðinum hlauzt.

Strax eftir atburð þenna hófst rannsókn fyrir rétti setuliðs Bandaríkjanna. Lyktaði henni með sýknu varðmannsins, en þau gögn hefur herstjórnin neitað að láta í té til afnota í máli þessu.

Því er ómótmælt haldið fram af hálfu stefnanda, að eigi hafi verið hægt að komast að húsinu Laufskálum annan veg en gegnum herbúðir þessar. Telja verður því, að varðmönnum herbúðanna hljóti að hafa verið ljóst, að íslenzkt fólk, sem ætlaði að nefndu húsi, gerði að öðru jöfnu ráð fyrir að fá að fara ferða sinna gegnum herbúðirnar, og bar þeim því sérstaklega að gæta þess, að fyrirskipanir þeirra, að því er umferð varðaði, væru það glöggar, að þær yrðu ekki misskildar. Af hálfu stefnda hefur því hins vegar verið haldið fram, að varðmennirnir hafi greinilega sagt þeim Gunnari og Magnúsi, að þeim væri ekki heimilaður aðgangur, og hefur stefnanda ekki tekizt að færa sannanir á hið gagnstæða.

Leitt er í ljós við rannsókn málsins, að hermaður sá, er skaut á bifreiðina, var sá varðmaðurinn, sem fyrr stöðvaði hana. Stefnandi hefur ómótmælt haldið því fram, að samkvæmt mælingu setuliðsmanna Bandaríkjahersins hafi staður bifreiðarinnar, er hún var stöðvuð, eftir að slysið vildi til, verið 14.7 metrar innan við hlið herbúðanna.

Það verður að líta svo á með hliðsjón af vegalengd þeirri, er bifreiðin var komin inn í herbúðirnar, svo og því, að hún var stöðvuð aftur af öðrum varðmanni, áður en skotið reið af, að varðmaðurinn hafi orðið offari í aðferð þeirri, er hann beitti til að hindra ferð þeirra Gunnars, enda hljóti honum að hafa verið ljóst, að afleiðing skotsins kynni að geta orðið slík, sem raun bar vitni. Verður því að telja, að varðmaðurinn eigi nokkra sök á atburðinum.

Hins vegar eru, eins og áður er sagt, ekki færðar sönnur á það

gegn eindregnum mótmælum stefnda, að varðmenn setuliðsins hafi veitt þeim Gunnari og Magnúsi leyfi til umferðar um herbúðirnar í umrætt skipti, og verður því að telja, að þeir Gunnar hafi einnig átt nokkra sök á, hvernig fór.

Með skírskotun til framanritaðs og með hliðsjón af atvikum öllum þykja þeir Gunnar heitinn og varðmaðurinn, sem skaut, eiga að jöfnu sök á slysi þessu. Ber því stefnda að greiða stefnanda helming þess tjóns, er hún hefur beðið af atburði þessum, enda ekki vefengt, að lög nr. 99 frá 1943 og lög nr. 65 frá 1944 komi hér til.

Stefnandi hefur látið reikna út dánarbótakröfu sína vegna fráfalls manns síns, og nemur hún kr. 158559.30, svo og framfærslukröfu barnsins, og nemur hún kr. 15070.05, en, eins og fyrr greinir, hefur hún takmarkað bótakröfu sína persónulega við kr. 100000.00.

Stefndi hefur ekki vefengt framfærslukröfu barnsins, að því er tölulega fjárhæð hennar varðar, og verður hún því lögð óbreytt til grundvallar. Stefndi hefur hins vegar mótmælt bótakröfu stefnanda á þeim grundvelli, að fyrrgreind lög verði að skilja á þann veg, að einn og sami verknaður geti ekki leitt af sér hærri fjárkröfu á hendur ríkissjóði en kr. 100000.00. Þá hefur stefndi mótmælt bótakröfunni sem of hárri.

Það er upp komið í málinu, að Gunnar heitinn Einarsson var 35 ára að aldri, er hann lézt. Hann var vélfræðingur að mennt og starfaði hjá Kol & Salt h/f hér í bæ. Árið 1941 námu atvinnutekjur hans kr. 14346.25 og 2½ mánuð ársins 1942 kr. 4164.46. Með hliðsjón af þessu svo og því, að eigi er fram komið annað en að Gunnar hafi verið heilsuhraustur, þykir tjón það, er stefnandi hefur beðið vegna dauða manns hennar, bætur fyrir þjáningar hennar og röskun á stöðu og högum hæfilega ákveðnar kr. 60000.00.

Ber stefnda því samkvæmt framansögðu að greiða stefnanda helming af kr. 60000.00, eða kr. 30000.00, svo og vegna ófjárráða sonar hennar, Gunnars Borgþórs, helming af kr. 15070.05, eða kr. 7535.03, með 6% ársvöxtum af hvorri fjárhæð, eins og krafizt er, frá stefnudegi til greiðsludags. Þá þykir og rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2800.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Þóru Borg Einarsson, persónulega kr. 30000.00 og f. h. ófjárráða sonar hennar, Gunnars Borgþórs, kr. 7535.03 með 6% ársvöxtum af hvorri fjárhæð frá 15. desember 1944 til greiðsludags og kr. 2800.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innnan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 22. júní 1946.

Nr. 152/1944. **Sigurður Sigmundsson**
gegn
Vigfúsi Einarssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður Sigmundsson, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Laugardaginn 22. júní 1946.

Nr. 52/1946. **Sigurður Björgvin Þorsteinsson**
gegn
Kristínu Jóhönnu Guðmundsdóttur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður Björgvin Þorsteinsson, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Laugardaginn 22. júní 1946.

Nr. 157/1945. **Ólafur E. Einarsson & Co. h/f**
(Hrl. Eggert Claessen)
gegn
Oddi Kristinssyni (Hrl. Magnús Thorlacius).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Kröfu um hafningu máls hrundið. Frestur veittur.

Úrskurður hæstaréttar.

Mál þetta var þingfest í janúarmánuði þ. á. Með samkomulagi aðilja var því þá frestað til aprílmánaðar og síðan til júnímánaðar.

Er málið var tekið fyrir í dag, bað umboðsmaður áfrýjanda um frestun þess til septembermánaðar n. k. Umboðsmaður stefnda andmælti þeim fresti og krafðist þess, að málið væri hafið. Styður hann þá kröfu sína við það, að því hafi verið lýst af hálfu áfrýjanda, er málinu var frestað í aprílmánuði, að dómkrafan mundi verða greidd og kæmi því eigi til flutnings málsins hér fyrir dómi. Þetta hafi hins vegar brugðizt, án þess þó að málið hafi verið búið til flutnings af hálfu áfrýjanda. Umboðsmaður áfrýjanda segir samkomulag eigi hafa orðið um greiðslu samkvæmt héraðsdómi og kveður unnið að undirbúningi þess, að málið verði flutt fyrir hæstarétti. Mótmælir hann því kröfu stefnda og krefst þess, að málinu verði frestað, svo sem áður greinir.

Með því að stefndi hefur engar sönnur fært fyrir greindum staðhæfingum sínum, verður krafa hans um hafningu málsins þegar af þeirri ástæðu eigi tekin til greina. Ber því að fresta málinu til septembermánaðar n. k. samkvæmt kröfu áfrýjanda.

Ályktarorð:

Áfrýjanda er veittur frestur til septembermánaðar n. k.

Mánudaginn 24. júní 1946.

Nr. 64/1946. **Vélbátatrygging Eyjafjarðar** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Jóni Ásgeirssyni (Hrl. Eggert Claessen).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Vátryggingarmál.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hafa upp kveðið Ingólfur Jónsson cand. jur., setudómari í málinu, og samdómendur Sigurjón Á. Ólafsson og Þorsteinn Árnason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með

stefnu 16. maí s. l. Krefst hann algerrar sýknu af kröfum stefnda í þessum þætti málsins og málskostnaðar úr hendi hans fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að kveðið verði á með dómi, að hann eigi rétt til fégreiðslu úr hendi áfrýjanda samkvæmt vátryggingarskírteini v/s Hrings S.I. 1 nr. 176, útgefnu 21. febrúar 1944 af Sjóvátryggingu Siglufjarðar. Svo krefst hann og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega taka kröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Ásgeirsson, á rétt til fégreiðslu úr hendi áfrýjanda, Vélbátatryggingar Eyjafjarðar, samkvæmt vátryggingarskírteini v/s Hrings S.I. nr. 176, útgefnu 21. febrúar 1944 af Sjóvátryggingu Siglufjarðar.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 6. apríl 1946.

Mál þetta er höfðað hér fyrir réttinum með stefnu, útgefinni 18. janúar 1946, samkvæmt samkomulagi málsaðilja. Hefur það orðið að samkomulagi milli þeirra, að kveðinn verði sérstaklega upp dómur um greiðsluskyldu stefnda samkvæmt vátryggingarskírteini nr. 176, útgefnu 21. febrúar 1944, og er dómurinn samþykkur þessari meðferð málsins, sbr. lög nr. 85/1936, 71. gr., síðustu málsgrein.

Stefnandi lýsir málsatvikum þannig:

Með tryggingarskírteini nr. 176, útgefnu 21. febrúar 1944 af Sjóvátrygging Siglufjarðar, tryggði hann hjá téðri tryggingarstofnun skip sitt „Hring" S.I. 1. Er kveðið svo á í tryggingarskírteininu, að um tryggingu „gilda í einu og öllu ákvæði laga nr. 27 13. jan. 1938 um vátryggingarfélög fyrir vélbáta". Skipið var virt á venjulegan hátt 25. febrúar 1944 á kr. 339000.00 og vátryggingarupphæðin $^{9}/_{10}$ hlutar þess, eða kr. 305100.00. Vátryggingin gilti frá 21. febrúar 1944 til 20. febrúar 1945, að báðum þeim dögum meðtöldum. Hinn 14. nóvember 1944 kom skipið til Reykjavíkur. Hafði stefnandi ákveðið að láta það ekki sigla yfir veturinn, enda þurfti

vél þess aðgerðar við. Daginn eftir var skipshöfnin afskráð og skipinu „lagt upp". Kveður hann, að skipinu hafi verið komið fyrir vestan Ægisgarðs í Reykjavíkurhöfn samkvæmt tilvísun hafnaryfirvaldanna, og sé það föst venja, að skipum sé „lagt upp" á þeim stað. Taki öll vátryggingarfélög Reykjavíkurhöfn gilda sem vetrarlegustað og endurgreiði iðgjöld samkvæmt því.

M/s Hringur var bundinn við e/s Elsu og m/s Capitana, sem lágu fyrir við Ægisgarð (Capitana bundin við m/s Eldborg, sem þá lá næst garðinum) og var „binding" m/s Hrings þannig, *að framan:* Tvöfaldur 8 þml. „þykkur"" graskaðall, bundinn í e/s Elsu, og 2½ þuml. „þykkur" vír bundinn í m/s Capitana: *að aftan:* Tvöfaldur 8 þml. „þykkur" graskaðall (eins og að framan), einnig bundinn í e/s Elsu, og 2½ þml. „þykkur" vír, bundinn í m/s Capitana.

Telur hann, að binding þessi hafi í alla staði verið forsvaranleg samkvæmt venju í því efni. Kveðst stefnandi síðan sjálfur stöðugt og næstum daglega hafa haft eftirlit með skipinu, og auk þess hafi hann ráðið til þess sérstakan eftirlitsmann, Pétur Pétursson, að líta eftir því, þar á meðal sérstaklega eftir „bindingu" skipsins, að hún væri ávallt í lagi. Enn fremur hafi Bjarni (eða Björn) Guðmundsson skipstjóri stöðugt eftirlit af hálfu hafnaryfirvaldanna með skipum þeim, sem lágu við Ægisgarð, og hafi hann aldrei gert neina athugasemd um „bindingu" m/s Hrings. Hins vegar var enginn varðmaður um borð í skipinu, enda sé það ekki fyrirskipað og venja, að svo sé, þegar skipum er „lagt upp" í Reykjavíkurhöfn.

Vegna þrengsla í Reykjavíkurhöfn þurfa þau skip, sem næst liggja bryggjum, stöðugt að koma og fara og hagræða þá festum þeirra skipa, sem „liggja uppi" og bundin eru saman út frá þeim. Einnig verða breytingar á þeim skipum, sem „liggja uppi", sum fara í siglingar, en öðrum er „lagt upp". Urðu því tíðar breytingar á afstöðu m/s Hrings á þeim tíma, sem hér um ræðir.

Stefnandi kveðst hafa farið niður á Ægisgarð 14. janúar 1945 til þess að aðgæta, hvort allt væri í lagi með m/s Hring, og reyndist allt í lagi. Sama dag athugaði umsjónarmaðurinn, Pétur Pétursson, hið sama og sá ekkert athugavert. Daginn eftir, hinn 15. s. m., fór hvorugur til þess að líta eftir skipinu, en nóttina eftir, aðfaranótt 16. sama mánaðar, gerði afspyrnurok hér í Reykjavík.

Var þá aðstaðan vestan við Ægisgarð þannig, að skipin lágu þar í þremur röðum, og voru 6—7 skip í hverri röð, öll skipin mannlaus, sem upp hafði verið lagt, en svo var um þau flest. Í nyrztu röðinni lágu 6 skip, hvert utan á öðru, og var m/s Hringur í þeirri röð, lengst frá garðinum, en ekkert skip lá utan á honum. Tvö af skipum í þessari röð höfðu komið á mánudagskvöldið 15. janúar og farið inn í röðina án leyfis hafnarvarðanna.

Um nóttina gerði afspyrnurok, og um kl. 5.30 fór hafnsögumaður, Ingólfur Möller, niður á Ægisgarð til eftirlits. Höfðu þá skipin í miðröðinni slitnað frá að framan og rekið á nyrztu röðina, þar sem m/s Hringur lá, hafði hann slitnað frá og var kominn út fyrir Ægisgarð ásamt e/s Elsu, en „binding" hans við það skip hafði þá enn ekki bilað.

Í sjóprófi 18. janúar 1945 lætur hafnsögumaður, Ingólfur Möller, í ljósi þá skoðun, að orsökin til þess, að m/s Hringur slitnaði frá, hafi verið sú, að skipin í miðröðinni hafi rekið á hann. Um kl. 6,30 sést m/s Hringur svo reka út úr hafnarmynninu, og gerði dráttarbáturinn Magni tilraun til þess að bjarga honum, en það mistókst, enda þótt í hann væri fest tvisvar sinnum.

Strandaði skipið síðan við Rauðarárvík.

Sama dag tilkynnir stefnandi vátryggjanda um strand skipsins, en hann hafði þá hætt störfum, og stefndi í máli þessu, Vélbátatrygging Eyjafjarðar, Akureyri, tekið að sér tryggginguna. Var stefnanda vísað til umboðsmanns þess félags hér í bænum, Arnórs Guðmundssonar skrifstofustjóra, og sneri hann sér til hans og fór fram á, að stefndi léti ná skipinu út sem fyrst og léti athuga ástand þess. En stefndi neitaði að sinna því að svo stöddu, þar til upplýst yrði, hvort honum væri skylt að bæta tjónið.

Þann 18. s. m. fór síðan fram sjóprófið í málinu, þar sem umboðsmaður var mættur fyrir hönd stefnda, hr. Sveinbjörn Jónsson hrl.

Þann 27. s. m. fékk stefnandi síðan bréf, dagsett sama dag, frá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sem er endurtryggjandi stefnda. Var stefnanda tilkynnt þar, að ekki sé viðurkennt, að bæta beri umrætt sjótjón. Jafnframt er skorað á stefnanda, að gera ráðstafanir til þess að bjarga skipinu og hafa um þar að lútandi ráðstafanir samráð við Samábyrgð Íslands og samþykki hennar um samninga þá, sem gerðir yrðu um björgun.

Stefnandi leitaði með auglýsingum í blöðunum tilboða, og var þeim öllum hafnað á fundi hjá Samábyrgðinni, sem stefnandi mætti á, og kveður hann stjórn Samábyrgðarinnar hafa ákveðið vegna stefnda að fá Magnús Guðmundsson skipasmið til þess að ná skipinu út. Vann hann síðan að björgun skipsins, og hafði honum tekizt að ná því út 15. febrúar 1945, og var það sett í land í skipasmíðastöð hans.

Þann 3. marz 1945 samþykkti stefndi að vísa málinu til Samábyrgðarinnar, en jafnframt mælir hann með því, að stefnanda verði greiddar fullar bætur. Samábyrgðin neitaði að greiða tjónið.

Ekkert skeður svo í málinu fyrr en stefndi með bréfi, dags. 26. apríl 1945, tilkynnir stefnanda, að Samábyrgðin vilji bjóða honum að velja um tvo kosti.

1. að vátryggjendur greiði björgunar- og viðgerðarkostnað Hrings

að ⅔ hlutum samkvæmt mati eftir venjulegan frádrátt (10% etc.).

2. að málsaðiljar fari fram á við dómara Hæstaréttar að ákveða með gerðardómi, hvort vátryggjendum beri að greiða kostnaðinn og þá að hve miklu leyti. Þetta tilboð gerði stefndi að sínu tilboði og óskaði svars við fyrstu hentugleika.

Með bréfi, dags. 29. apríl s. á., samþykkti stefnandi að ganga að fyrri lið tilboðsins.

Fór þá mat fram á m/s Hring að tilhlutun umboðsmanns stefnda. Varð matsupphæðin kr. 298914.00, en björgunarkostnaður varð alls kr. 62458.80 samkvæmt reikningum Magnúsar Guðmundssonar.

Varð nú að samkomulagi milli aðilja, að m/s Hringur verði að teljast óbætandi.

Krafðist stefnandi fullnægingar áður samþykkts tilboðs, en Samábyrgðin neitaði að standa við það, nema dregnar væru frá kr. 65650.00, sem er „nýtt fyrir gamalt".

Stefnandi vildi ekki samþykkja þetta, og gerir því áður fram tekna kröfu í málinu. Verða því ekki á þessu stigi málsins frekar raktar fjárkröfur stefnanda.

Stefndi gerir þær kröfur að verða sýknaður af kröfum stefnanda, og krefst málskostnaðar eftir mati réttarins.

Byggir stefndi sýknukröfuna á því, að stefnandi hafi firrt sig rétti til vátryggingarfjárins með framferði sínu við geymslu bátsins. Stefndi hafi lagt skipi sínu vélvana, og „festing" þess hafi verið mjög ábóta vant, þar sem hún hafi ekki verið varanleg, heldur skipinu fest við önnur skip, sem voru ýmist að koma eða fara, og skip stefnanda jafnan leyst og fest á ný við hver skipaskipti. Stefnanda hafi borið að hafa jafnan eftirlitsmenn um borð í skipinu, en það hafi hann vanrækt, og telur líklegt, að skipið hefði aldrei slitnað upp, ef maður hefði verið í því. Mótmælir hann því, að hann eða nokkur fyrir hans hönd hafi samþykkt þenna stað og útbúnað sem vetrarlægi fyrir skipið, enn fremur því, að staður þessi sé venjulegt vetrarlægi.

Jafnframt mótmælir hann því, að stefnandi hafi gætt skipsins, eins og vera bar eftir strandið, og að hann hafi þannig firrt sig rétti til bóta. Sala flaksins hafi verið algerlega á ábyrgð stefnanda og gerð af honum. Stefnanda hafi líka borið að tilkynna vetrarlægi skipsins.

Skipsvátryggingarskírteini nr. 176 á rskj. nr. 3 í máli þessu kveður svo á, að fyrir vátryggingu þessa gildi í einu og öllu ákvæði laga nr. 27 13. janúar 1938 um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, en það tryggir ekki gegn hernaðartjóni né afleiðingum þess. Skírteinið er dagsett 21. febr. 1944 og gildir frá 21. febrúar 1944 til 20. febrúar 1945, að báðum þeim dögum meðtöldum. Lögin,

sem vitnað er í, eru að vísu úr gildi felld með lögum nr. 32 11. júní 1942 um sama efni, en ákvæðin, sem snerta mál þetta, eru mjög sama veg í báðum lögunum, en að sjálfsögðu gilda hér um lögin frá 1942.

Það má telja sannað, að legustaðurinn vestan Ægisgarðs í Reykjavíkurhöfn sé viðurkenndur staður til vetrarlegu skipa af þeirri stærð, sem m/s Hringur er, enda alkunnugt, að skip liggja þar mánuðum saman til aðgerðar og til geymslu.

Ekki verður annað séð af framlögðum gögnum í málinu og vitnaleiðslum en að stefnandi hafi hagað sér um gæzlu m/s Hrings mjög á sama veg og aðrir skipaeigendur, sem líkt stendur á um. Festar skipsins virðast hafa verið sæmilega traustar.

Það er upplýst í málinu, að um óvenjulegt stórviðri og sjógang hafi verið að ræða.

Hafnarvöld Reykjavíkur virðast ekki hafa fundið neitt að legu m/s Hrings á þessum stað, og er þó játað, að þeim hafi verið kunnugt um veru skipsins þarna, og skiptir því ekki máli, hvort upphaflega hefur verið sótt um leyfi til legu skipsins.

Þess er ekki krafizt í lögum um vátryggingu fyrir vélbáta eða reglugerð um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, að tilkynna þurfi fyrirfram um vetrarlegu eða vetrarlegustað skips.

21. grein, 2. stafliður, laga nr. 32/1942, sbr. 22. gr., 2. staflið, laga nr. 27/1938 á við um hér um rætt skip, m/s Hring. Verður ekki annað séð en skipið hafi verið í gildu ástandi til að vera „lagt upp" á þessum stað. Frá því hefur verið gengið eigi lakar en venja er um önnur skip, og þess gætt á sama hátt, og aðstaða þess hin sama og skipa, sem hliðstætt vátryggingarfélag, er starfar eftir sömu lögum og stefndi, hefur greitt „Ristorno" fyrir, sbr. rskj. nr. 65 og nr. 66, og verður vátryggða, stefnandanum, ekki gefin sök á því, hvernig fór.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnandinn á rétt á greiðslu allrar vátryggingarupphæðar m/s Hrings úr hendi stefnda samkvæmt framanskráðu vátryggingarskirteini.

Málskostnaður verður ekki ákveðinn að þessu sinni, en tillit skal taka til þessa hluta málsins við ákvörðun málskostnaðar, þegar dómur gengur um fjárkröfur þess.

Óþarfur dráttur hefur enginn orðið á meðferð málsins.

Ingólfur Jónsson hdl. hefur tekið þátt í uppkvaðningu dóms þessa sem setu-borgardómari samkvæmt rskj. nr. 63.

Því dæmist rétt vera:

Stefnandinn, Jón Ásgeirsson útgerðarmaður, Reykjavík, hefur rétt til greiðslu allrar vátryggingarupphæðar m/s Hrings, S.I. 1, úr hendi stefnda, Vélbátatryggingar Eyjafjarðar, Akureyri,

samkvæmt vátryggingarskirteini nr. 176, útgefnu 21. febrúar 1944 af Sjóvátryggingu Siglufjarðar.

Málskostnaður ákveðst, þegar dómur gengur um fjárkröfur málsins.

Þriðjudaginn 25. júní 1946.

Nr. 76/1945. **Jónas Hvannberg** (Hrl. Einar Baldvin Guðmundsson) gegn **Skafta Davíðssyni og Davíð Jóhannessyni og gagnsök** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason og borgarfógeti Kristján Kristjánsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Um öflun skýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur er lagður á mál þetta í hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á að afla skýrslna um þau atriði, er nú skal greina.

Gagnáfrýjendur hafa m. a. viljað reisa kröfur sínar um ógildingu samninga þeirra, er í málinu greinir, á því, að gagnáfrýjandi Davíð Jóhannesson hafi vegna ellisljóleika ekki verið fær til að gera samninga þessa. Gögn brestur um andlega heilsu hans. Þykir því rétt að beina því til aðilja að láta nú sérfræðing í tauga- og geðsjúkdómum framkvæma nákvæma rannsókn á Davíð. Er rétt, að læknirinn gefi ræklega skýrslu um andlega heilbrigði Davíðs nú. Æskilegt er að fá ályktun læknisins um andlegt hæfi Davíðs undanfarin 5—6 ár, ef þess er kostur.

Álits hins sérfróða læknis skal leitað um það, hvort heilsa Davíðs leyfi, að hann séu spurður fyrir dómi.

Spyrja ber Eyvind Eiríksson, Útey, hvenær og hvernig hann fékk vitneskju um byggingarbréfið frá 22. janúar 1941, það er í málinu greinir, og hvort hann hafi gert Skafta

viðvart og, ef svo er, þá hvenær. Þá er og rétt, að aðiljar afli gagna um önnur þau atriði, sem öflun framhaldsskýrslna kann að veita efni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómarinn skal veita aðiljum kost á öflun framangreindra gagna.

Mánudaginn 23. september 1946.

Nr. 143/1944. **Hreppsnefnd Skilmannahrepps f. h. hreppsins** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Bæjarstjóra Akraness f. h. bæjarsjóðs (Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. des. 1944 að fengnu áfrýjunarleyfi 30. nóv. s. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtakið. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar á úrskurðinum og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir því, sem upp hefur komið fyrir hæstarétti, eru atvik málsins þessi:

Hinn 1. desember 1928 keypti Ytri-Akranesshreppur, nú Akranesskaupstaður, lendu úr jörðinni Ósi í Skilmannahreppi. Lenda þessi liggur að landi jarðarinnar Garða á Akranesi, sem einnig er í eign stefnda. Hefur stefndi leigt ýmsum mönnum á Akranesi spildur úr landi Garða á erfðafestu, en nokkur hluti þess er óleigt beitiland. Lendan úr

Ósslandi var sameinuð nefndu beitilandi Garða með girðingu, og hefur ekki verið seld á leigu. Hefur stefndi veitt ýmsum erfðafestuhöfum í Garðalandi leyfi til þess að láta búpening sinn ganga sameiginlega á lendu þessari og beitilandi Garða. Fyrir hagagönguna tekur stefndi beitartoll, sem reiknaður er fyrir mánaðargöngu búpenings, en innheimtur einu sinni á ári.

Telja verður, að vegna framangreindrar nýtingar stefnda á eignarhluta sínum úr landi jarðarinnar Óss útsvarsárið 1941 hafi hann samkvæmt b-lið 8. gr. þágildandi útsvarslaga nr. 106/1936 orðið útsvarsskyldur í Skilmannahreppi, enda er ekki heimild til að telja bæjarfélög eða sveitar, er hafa slík afnot af landi jarða í öðru sveitarfélagi, undan þeirri skyldu. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma lögtakið.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma lögtakið.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði hrd. Gizurar Bergsteinssonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Jón sýslumaður Steingrímsson hefur sem setufógeti kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 30. nóv. 1944 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. des. s. á., krefst þess, að úrskurður fógeta verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er. Svo krefst hann og, að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Umboðsmenn aðilja hér fyrir dómi skýra frá atvikum máls þessa á þann hátt, sem nú verður rakið: Ytri-Akranesshreppur, nú Akranesskaupstaður, keypti 1928 hluta af beitilandi jarðarinnar Óss, sem er í Skilmannahreppi. Liggur Óssland að landi jarðarinnar Garða, sem Akranesskaupstaður á og er innan vébanda kaupstaðarins. Stjórnvöld kaupstaðarins girtu Garðaland og Ósshlutann einni og sömu girðingu. Er íbúum Akranesskaupstaðar, þeim er búfé eiga, leigð erfðafestulönd í Garðalandi svo og hagbeit innan nefndrar girðingar. Endurgjald fyrir hagbeitina er reiknað sem mánaðargjald fyrir hverja skepnu, sem höfð er þar á beit. Akranesskaupstaður á enga gripi á þessu landi, og ekki láta stjórnvöld kaupstaðarins stunda þar heyskap, ræktun matjurta eða hafa þar önnur búskaparnot fyrir reikning kaupstaðarins. Ráðstöfun kaupstaðarins á jarðarhlutanum verður því ekki talin slík sjálfstæð starfræksla á landinu, að telja megi til ábúðar, lóðarafnota, er gefa arð, eða leiguliðaafnota, sbr. b-lið 8. gr. laga nr. 106/1936, og brestur því lagaheimild til að taka kröfur áfrýjanda til greina, enda breytir það engu um þessa niðurstöðu, þó að stefndi hafi árin 1930—1937 greitt áfrýjanda útsvar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Akranesskaupstaðar 27. júlí 1944.

Með beiðni, dags. 1. júlí 1943, fór oddviti Skilmannahrepps þess á leit við bæjarfógetann á Akranesi, að hann gerði lögtak hjá Akranesskaupstað fyrir 54 króna útsvari, er Skilmannahreppur lagði á kaupstaðinn árið 1942.

Hinn 7. s. m. úrskurðaði hinn reglulegi fógeti, Þórhallur Sæmundsson, bæjarfógeti á Akranesi, að hann viki sæti í málinu ex officio, þar sem hann á sæti í bæjarstjórn Akranesskaupstaðar.

Hinn 6. október 1943 skipaði dómsmálaráðuneytið Jón Steingrímsson sýslumann í Borgarnesi til þess sem setufógeta í Akranesskaupstað að fara með og úrskurða mál þetta.

Gerðarbeiðandi byggir kröfu sína á því, að Akranesskaupstaður eigi landsvæði í Skilmannahreppi, sem kaupstaðurinn hafi arð og afnot af.

Umboðsmaður gerðarþola, bæjarstjórinn á Akranesi, mótmælir því, að hin umbeðna lögtaksgerð fari fram. Skýrir hann svo frá, að land það, er Akranesskaupstaður á í Skilmannahreppi, sé beitiland, er keypt hafi verið undan jörðinni Ósi, til að nytja það til beitar fyrir skepnur, er íbúar Akraness áttu, til viðbótar beitilandi jarðarinnar Garða, er kauptúnið þá átti. Fullyrðir hann, að kaupstaðurinn hafi engan arð af þessu landi, því beitargjöld hafi eigi verið hækkuð, er það var keypt, enda hafi kaup þessa landsvæðis eingöngu verið gert með hag almennings fyrir augum. Mótmælir hann því, að Akranesskaupstaður reki atvinnu í Skilmannahreppi, en telur, að hann eigi þar óarðbæra eign.

Gerðarbeiðandi mótmælir framangreindum rökum gerðarþola. Telur hann, að Akranesskaupstaður hafi keypt beitilandið til hagsbóta fyrir einstaka menn, er landbúnað stunda að öðrum þræði. Hafi kaupin verið Skilmannahreppi til óhags, vegna þess að þau hafi leitt til þess, að minni búskap var hægt að reka á jörðinni Ósi, en Akranesskaupstað til hagsbóta, því að þessi aðstaða kaupstaðarbúa til búskapar skapi þeim auknar tekjur, er bæjarsjóður væntanlega leggi útsvar á.

Að réttarins áliti verður eigi talið, að Akranesskaupstaður sæti útsvörum í Skilmannahreppi, þótt hann hafi keypt hluta af beitilandi einnar jarðar í hreppnum og heimili kaupstaðarbúum beit fyrir búpening sinn á því landi. Verður því að telja óheimilt að leggja á kaupstaðinn útsvar það, er í máli þessu getur, sbr. lög nr. 46/1926, 6. gr. A III. b., og verður því krafa gerðarbeiðanda um, að lögtakið nái fram að ganga, eigi tekin til greina.

Málskostnaður falli niður.

Dráttur sá, er orðið hefur á því, að úrskurður væri kveðinn upp, stafar af annríki setufógetans við sýslufundarstörf og undirbúning manntalsþinga, enda hefur hann eigi átt erindi til Akraness fyrr en nú á þingaferðum.

Því úrskurðast:

Lögtakið á eigi fram að fara.

Miðvikudaginn 25. september 1946.

Nr. 19/1946. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
Eigendum Alþýðublaðsins
(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson.)

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 9. febrúar 1946, gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir fógetann að framkvæma lögtak það, sem krafizt er. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Telja verður útgáfu Alþýðublaðsins, eins og henni nú er háttað, eðlilegan þátt í stjórnmálastarfsemi Alþýðuflokksins, sem gefur blaðið út, en ekki raunverulegt atvinnufyrirtæki. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.
Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 23. nóv. 1945.

Gerðarþola, Alþýðublaðinu hér í bæ, var gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ár 1944, kr. 1100.00, og fyrir ár 1945, kr. 1000.00. Þar eð útsvör þessi hafa eigi fengizt greidd,

hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að þau yrðu innheimt með lögtaki.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og krafizt þess, að gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarþola málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins. Kröfur sínar byggir umboðsmaður gerðarþola á því, að hann (gerðarþoli) sé samkvæmt 6. gr., A. II. 2. b., laga um útsvör nr. 106 frá 23. júní 1936 undanþeginn útsvarsskyldu, þar eð það ákvæði nái til stjórnmálafélaga, en Alþýðublaðið sé ekki sjálfstætt fyrirtæki, heldur sé það gefið út af Alþýðuflokknum, og öll útgjöld og tekjur í sambandi við rekstur blaðsins séu greidd úr eða renni í flokkssjóð. Þá hefur og umboðsmaður gerðarþola bent á, að á umræddu ári (1943) hafi orðið verulegur rekstrarhalli á blaðinu, og hefur hann lagt fram í rskj. nr. 6 rekstrarreikning blaðsins fyrir árið 1943 til 31. desember það ár.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur haldið því fram, að enda þótt stjórnmálasamtökin Alþýðuflokkurinn sé undanþegin útsvarsskyldu samkvæmt 6. gr. II b. útsvarslaganna, þá nái sú undanþága ekki til hvers konar almenns atvinnurekstrar, sem slíkur félagsskapur kunni að stofna til, þar á meðal ekki til blaðaútgáfustarfsemi, sem sé útsvarsskyld eftir almennum reglum, enda hvergi undanþegin útsvarsskyldu að lögum. Með skírskotan til þessa hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda haldið fast við kröfu sína um lögtak.

Gerðarþoli hefur áskilið sér rétt til endurgreiðslu á kr. 500.00, er hann hefur greitt upp í útsvar 1944, enda er það in confesso í málinu, að hann hafi greitt upphæð þessa með fyrirvara.

Aðiljar lögðu atriðið undir úrskurð réttarins.

Í 6. gr. II 2. b. útsvarslaganna eru talin upp þau félög, er undanþegin eru útsvarsskyldu, og eru stjórnmálafélög þeirra á meðal. Eins og umboðsmaður gerðarþola hefur tekið fram, er Alþýðublaðið ekki sjálfstætt fyrirtæki, heldur haldið úti af Alþýðuflokknum, sem ber hallann af því eða nýtur tekna af því, ef um er að ræða. Það er vitanlegt, að blaðið er fyrst og fremst stjórnmálablað flokksins og þar af leiðandi einn þáttur í stjórnmálastarfsemi hans. Enda þótt blaðið hafi einhverjar tekjur, svo sem af auglýsingum eða þ. h., þá breytir það í engu afstöðu blaðsins til stjórnmálaflokksins eða hefur það þau áhrif, að á það verði litið sem sérstætt fyrirtæki, enda er það ljóst af því, sem fyrir liggur í málinu, að rekstrarhalli blaðsins árið 1943 hefur verið borinn af Alþýðuflokknum sem slíkum. Rétturinn verður því að fallast á, að Alþýðublaðið sé ekki sjálfstætt fyrirtæki, heldur aðeins þáttur í stjórnmálastarfsemi Alþýðuflokksins og haldið úti fyrir hans reikning, og beri því að líta svo á, að það falli undir undanþáguákvæði 6. gr. II 2. b. útsvarslaganna. Þykir því verða að neita um framgang hinnar um-

beðnu lögtaksgerðar, en eftir atvikum verður málskostnaðarkrafa gerðarþola ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á ekki fram að ganga. Málskostnaðarkrafa gerðarþola er ekki tekin til greina.

Föstudaginn 27. september 1946.

Kærumálið nr. 12/1946. **H/f Sæfinnur**

gegn

Bæjarstjóranum í Neskaupstað f. h. bæjarsjóðs.

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Frestun máls.

Úrskurður hæstaréttar.

Með kæru, dags. 1. júlí þ. á., sem hingað barst 12. ágúst s. á., kærir sóknaraðili málskostnaðarákvæði úrskurðar fógetadóms Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu, sem upp var kveðinn 24. júní í lögtaksmáli varnaraðilja á hendur sóknaraðilja.

Varnaraðili hefur skotið framangreindu máli til hæstaréttar með stefnu 14. þ. m. til þingfestingar í desembermánuði n. k. Þykir því rétt samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta kærumálinu ex officio, unz séð er, hvort áðurnefnt áfrýjunarmál verður í dóm lagt.

Ályktarorð:

Máli þessu er frestað ex officio samkvæmt framanskráðu.

Föstudaginn 27. september 1946.

Kærumálið nr. 11/1946. **H/f Foss**
gegn
Sigfúsi Baldvinssyni og Hirti Lárussyni.

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Um málskostnað.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru, dags. 14. júní 1946, sem hingað barst 24. s. m., hefur kærandi skotið til hæstaréttar samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 málskostnaðarákvæði í dómi sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar frá 11. júní þ. á. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst hann þess, að téð ákvæði verði fellt úr gildi og að varnaraðiljar verði dæmdir til að greiða honum málskostnað í undirrétti í greindu máli að mati hæstaréttar. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðiljar hafa ekki sent hæstarétti greinargerð um málið.

Eftir atvikum þykir rétt að staðfesta hið kærða málskostnaðarákvæði.

Kærumálskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms í málinu Sigfús Baldvinsson og Hjörtur Lárusson gegn H/f Fossi á að vera óraskað.

Kærumálskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 11. júní 1946.

Ár 1946, þriðjudaginn 11. júní, var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var í réttarsal embættisins af fulltrúa bæjarfógeta Kristni Ólafssyni sem sjódómsformanni og meðdómendum Birni Helgasyni skipstjóra og Sigurði Guðnasyni skipstjóra, uppkveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 24. maí s. l.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi með stefnu, útgefinni 23. marz 1945, af Sigfúsi Baldvinssyni og Hirti Lárussyni, útgerðarmönnum á Akureyri, gegn stjórn h/f Foss í Hafnarfirði, þeim Jóni B. Eliassyni skipstjóra, Ólafi Einarssyni framkvæmdastjóra og Guðmundi Erlendssyni verkstjóra, til greiðslu á skaðabótum, að upphæð kr. 83462.30, eða til vara annarri hæfilegri upphæð að mati dómsins auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Í flutningi málsins varð að samkomulagi milli umboðsmanna aðilja og samþykkt af dómurunum, að máflutningi yrði skipt þannig í tvennt, að málið yrði fyrst flutt um skaðabótaskylduna eina, og liggur það því fyrir til úrlausnar nú.

Umboðsmaður stefnda hefur krafizt þess, að félagið yrði algerlega sýknað. Í fyrsta lagi byggir hann kröfu sína um sýknu á því, að um aðildarskort sé að ræða, því stefnendur eigi enga kröfu á hendur umbjóðanda sínum, þar sem þeir hafi engin viðskipti átt við hann um kaup á vél þeirri, sem um ræðir í málinu. Í öðru lagi mótmælir hann, að stefndi sé skaðabótaskyldur yfirleitt í sambandi við sölu eða vegna sölu á vél þeirri, er hér um ræðir. Í þriðja lagi mótmælir hann skaðabótaskyldunni einnig á þeim grundvelli, að þó hún kynni að hafa verið fyrir hendi, þá hafi rétthafi hennar glatað skaðabótaréttinum gagnvart stefnda vegna ófullnægjandi tilkynningar.

Þá hefur hann og krafizt umbjóðanda sínum tildæmdan hæfilegan málskostnað úr hendi stefnenda.

Stefnendurnir skýra svo frá, að veturinn 1944 hefðu þeir keypt 280 ha diselmótor frá H/f Fossi í Hafnarfirði fyrir milligöngu Vélasölunnar h/f. í Reykjavík, og var söluverð 126 þúsund krónur. Þegar farið var að setja vélina í skip þeirra m/s Rúnu, hefði komið í ljós, að „gírinn" vantaði frá vélinni. Gírinn var svo sendur seinna, en þá hefði hann reynzt svo skemmdur, að skipaeftirlitið hefði dæmt hann ónothæfan, og þó reynt hefði verið að gera við hann, hefði sú viðgerð aðeins dugað til bráðabrigða. Þá hefðu einnig vantað keðjur frá vélinni, sem hefði orsakað margra daga töf. Þetta hvort tveggja, sérstaklega þó bilanir á gírnum, hefði haft í för með sér miklar tafir og bakað útgerðinni gífurlegt tjón bæði vegna viðgerða og rekstrartafa, og reikna þeir sér, að það nemi hinni umstefndu upphæð, er þeir telji H/f Foss ábyrgt fyrir bæði gagnvart stefnendum eða eftir atvikum gagnvart Vélasölunni h/f, en rétt hennar gagnvart h/f Fossi hafa þeir fengið sér framseldan.

Í aðiljaskýrslu Þorgils G. Einarssonar (rskj. 6), sem er framkvæmdarstjóri stefnds félags frá stofnun þess í marz 1940 og til þessa dags, segir hann frá atvikum að sölu umræddrar vélar. Eftir nokkrar viðræður milli hans og Sæmundar Stefánssonar, for-

stjóra Vélasölunnar h/f, hafi kaupin verið afráðin um miðjan sept. 1943 á þann veg, að h/f Foss seldi Sæmundi E. Stefánssyni f. h. S. Stefánssonar & Co. h/f umrædda Liztervél fyrir kr. 115000.00 og kr. 1000.00 fyrir að skila henni á afhendingarstað.

Samkvæmt þessu og öðrum upplýsingum, sem fram komnar eru um það atriði í þessu máli (sbr. rjsk. 9), virðist nægilega sannað, að stefndi hafi selt umrædda vél Sæmundi Stefánssyni f. h. S. Stefánsson & Co h/f, en hvorki stefnendum máls þessa né Vélasölunni h/f. Það getur ekki skipt neinu máli hér, þó eigendur kunni að vera hinir sömu að S. Stefánsson & Co og Vélasölunni h/f, þar sem hér er um að ræða tvö sjálfstæð hlutafélög.

Verður því að fallast á þá röksemdafærslu stefnda, að stefnendur bresti aðild til höfðunar máls þessa, og því ber að sýkna stefnda af kröfum stefnendanna vegna aðildarskorts.

Það þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stjórn h/f Foss skal vera sýkn af kröfum stefnendanna, Sigfúsar Baldvinssonar og Hjartar Lárussonar, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 30. september 1946.

Nr. 47/1946. **Ragnheiður Guðmundsdóttir**
gegn
Sigfúsi Sighvatssyni.

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Um öflun skýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur er lagður á mál þetta í hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á að afla skýrslna um þau atriði, er nú skal greina.

Rétt er, að Aðalsteinn Guðmundsson lögfræðingur, sem gætti hagsmuna áfrýjanda gagnvart stefnda, sé látinn gefa skýrslu um málið fyrir dómi. Sérstaklega skal hann spurður um það, hvort hann hafi tekið við leigugreiðslum hjá

áfrýjanda fyrir mánuðina júní, júlí og ágúst 1945, og ef svo var, þá hvenær. Þá skal hann inntur eftir því, hvort hann hafi boðið stefnda eða umboðsmanni hans greiðslu á tímabilinu frá 5. júní til 3. sept. 1945, og hafi svo verið, hvers vegna greiðsla hafi þá farizt fyrir. Enn skal hann um það spurður, hvort hann hafi haft uppi gagnkröfu á nefndu tímabili við umboðsmann stefnda og af hvaða rótum hún hafi verið runnin, ef gerð var.

Æskilegt er, að stefndi gefi skýrslu fyrir dómi, einkum um það, hvaða tímabil Helgi heitinn Erlendsson hafi annazt kyndingu húss stefnda, hvaða laun hann hafi átt að fá fyrir það starf sitt, og þá með hvaða hætti launin hafi verið greidd.

Þá er rétt, að aðiljar afli gagna um önnur þau atriði, er framhaldsskýrslur gefa efni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómarinn skal veita aðiljum kost á að afla framangreindra gagna.

Mánudaginn 30. september 1946.

Nr. 157/1945. **Ólafur E. Einarsson & Co. h/f**
gegn
Oddi Kristinssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Einarsson & Co. h/f, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. september 1946.

Nr. 85/1946. **Jón Þorsteinsson og Kristín Dahlsted**
gegn
Karli Árnasyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Jón Þorsteinsson og Kristín Dahlsted, er eigi mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 4. október 1946.

Kærumálið nr. 13/1946. **María Jónsdóttir**
gegn
Sigurði Berndsen.

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Synjað frests.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 19. júní þ. á., sem hingað barst 23. f. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðinn 12. júní s. l., þar sem sóknaraðilja er synjað um frest í máli, er varnaraðili hefur höfðað gegn honum.

Sóknaraðili hefur hvorki sent hæstarétti greinargerð né kröfur af sinni hendi, en ætla má, að kært sé í því skyni, að úrskurður borgardómara verði úr gildi felldur og að fresturinn verði veittur í málinu.

Varnaraðili hefur eigi borið fram neina greinargerð eða kröfur af sinni hálfu.

Af ástæðum þeim, sem raktar eru í hinum kærða úrskurði, ber að staðfesta hann.

Þar sem kröfur hafa eigi komið fram af hendi varnaraðilja, fellur kærumálskostnaður niður.

Af hálfu sóknaraðilja hefur hvorki í héraði né fyrir hæstarétti svo mikið sem verið reynt að færa rök að því, að eigi hafi verið unnt að leiða fyrir dóm vitni það, sem í málinu greinir, til staðfestingar vottorði því, sem mótmælt var á dómþingi 13. desember 1945. Verður því að víta umboðsmann sóknaraðilja, Brand héraðsdómslögmann Brynjólfsson, fyrir tilefnislausa kæru málsins, sbr. 188. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 12. júní 1946.

Mál þetta hefur Sigurður Berndsen, Grettisgötu 71 hér í bænum, höfðað eftir árangurslausa sáttaumleitan með stefnu, útgefinni 13. nóvember s. l., gegn Maríu Jónsdóttur, Háteigsvegi 26 hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 1600.00, með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir: Hinn 20. apríl 1945 gaf stefndi skriflega viðurkenningu fyrir því, að hún skuldaði stefnanda kr. 1600.00 í sölulaun fyrir hæð í húsinu nr. 12 við Hraunteig, sem stefnandi hefur selt Kristjáni nokkrum Sumarliðasyni. Fjárhæð þessa lofaði stefndi að greiða 14 maí 1945. Þegar ekki varð af greiðslu, höfðaði stefnandi mál þetta og byggir dómkröfur sínar á fyrrgreindri yfirlýsingu stefnda.

Stefndi byggir kröfur sínar á því, að stefnandi hafi ekki séð um sölu hæðar þeirrar, er áður greinir, og eigi því enga kröfu á þóknun, en hún kveðst hafa gefið fyrrnefnda yfirlýsingu sökum þess, að stefnandi hafi ranglega skýrt sér svo frá, að hann hafi séð um söluna.

Mál þetta var þingfest 15. nóvember s. l. Fékk umboðsmaður stefnda þá frest til greinargerðar til 29. s. m. og framhaldsfrest í sama skyni til 6. desember s. l., en þá lagði hann fram greinargerð í málinu. Umboðsmenn aðilja fengu síðan sameiginlegan frest til gagnasöfnunar til 13. desember. Lagði umboðsmaður stefnda þá fram eitt vottorð, sem umboðsmaður stefnanda mótmælti þegar sem röngu og óstaðfestu fyrir dómi. Upp frá þessu hafa umboðsmenn aðiljanna fengið sífellda framhaldsfresti til gagnaöflunar, án þess þó að nokkuð hafi verið gert í málinu, þar til 6. þ. m. Fór þá umboðsmaður stefnda enn fram á vikufrest til gagnaöfl-

unar og taldi það vera í því skyni að leiða Kristján Sumarliðason, sem gefið hefur áðurnefnt vottorð í málinu, fyrir dóm. Umboðsmaður stefnanda mótmælti öllum frekari fresti í málinu, þar eð hann taldi, að nægur tími hefði unnizt til að leiða nefndan Kristján fyrir dóm. Var atriðið síðan tekið til úrskurðar.

Af því, sem að framan var rakið um sögu máls þessa hér fyrir dóminum, er ljóst, að stefnda gafst tilefni til að láta staðfesta hið umrædda vottorð þegar hinn 13. desember s. l. Verður eigi annað séð en að þegar hafi verið veittir nægilegir frestir í því skyni og ber því með skírskotun til 111. gr. sbr. 110. gr. laga nr. 85 frá 1936 að synja um hinn umbeðna frest.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, hefur kveðið upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Mánudaginn 7. október 1946.

Nr. 47/1945. **Skipaútgerð ríkisins.** (Hrl. Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Hreppsnefnd Flateyrarhrepps f. h. hreppsins (Hrl. Ragnar Ólafsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Skaðabótamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. apríl 1945, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m. Gerir hann þær dómkröfur, aðallega að hann verði algerlega sýknaður, en til vara, að dæmd fjárhæð verði lækkuð. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, virðist e/s Esja ekki hafa lagzt rétt að bryggju stefnda í umrætt skipti. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því er fébætur varðar.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda samtals 2000 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er fébætur varðar.

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnda, hreppsnefnd Flateyrarhrepps f. h. hreppsins, samtals 2000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 7. júní 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 15. janúar 1944, af hreppsnefnd Flateyrarhrepps f. h. Flateyrarhrepps gegn Skipaútgerð ríkisins. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða skaðabætur, kr. 14817.84 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. febrúar 1943 til greiðsludags svo og kostnað við matsgerð, kr. 613.45, og málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst *aðallega* sýknu, en *til vara*, að fébótakrafan verði stórlega lækkuð eftir mati dómsins. Í báðum tilvikum krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málsatvik eru þau, að þann 22. febrúar 1943 lagðist v/s Esja, sem er eign stefnda, við hafnarbryggjuna á Flateyri. Veður var þá mjög slæmt NA 10, og segir í leiðarbók skipsins, að innri hluti bryggjunnar hafi svignað talsvert, um leið og skipið lagðist að henni. Eigandi bryggjunnar, stefnandi í máli þessu, taldi, að bryggjan hefði orðið fyrir talsverðum skemmdum við þetta, og voru þessar skemmdir metnar af dómkvöddum mönnum á kr. 18000.00, en skemmdunum lýsa þeir þannig: „Norðurálma bryggjuhaussins sveigð sem næst 60 sm frá lóðréttri línu. Framkantur bryggjuhaussins, sem var nýr, þverbrotinn um 5 m frá norð-austur horni haussins. Fimm af lóðréttum máttarstólpum bryggjunnar brotnir. Tvö sjóbönd brotin ásamt skástífu í norðaustur horni bryggjunnar. Burðarslá (dregari) í norðaustur uppkanti brotinn með meiru.“ Við þessar skemmdir hefur nú verið gert, og nam viðgerðarkostnaðurinn kr. 14817.84, sem ásamt matskostnaði er dómkrafa stefnanda í máli þessu.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að umræddar skemmdir

á bryggjunni hafi orsakazt vegna óvarkárni skipverja á Esju, og beri því eigendum skipsins að bæta það tjón, sem af þessu hlauzt.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að ósannað sé, að umræddar skemmdir hafi orsakazt, þegar Esja lagðist við bryggjuna. Og þótt svo yrði talið, þá sé ósannað, að skipverjar eigi nokkra sök á skemmdunum. Bryggjan sé gömul og feyskin, auk þess sem vantað hafi fullnægjandi styrktarstoðir, og sé það orsök skemmdanna, en um enga handvömm hafi verið að ræða af hálfu skipverja.

Vitnið Jón Þorbjarnarson hefur borið, að það hafi heyrt brothljóð í bryggjunni, þegar skipið lagðist að henni, og kveðst það hafa tekið eftir því, að norðausturhorn bryggjunnar, sem skipið hvíldi eingöngu á, skekktist upp að landinu, en kveðst ekki hafa veitt skemmdunum nánari eftirtekt. Vitnið Jóhannes Ívar Guðmundsson segist hafa setið í bíl á bryggjunni, þegar skipið lagðist að henni. Heyrði það þá brothljóð og fann, að bíllinn kastaðist til. Gekk bryggjan til, er skipið lagðist á hana, en skemmdirnar skoðaði vitnið ekki nánar, en tók þó eftir, að norðausturbrún bryggjunnar skekktist. Vitnið Jón Guðmundur Guðmundsson segir, að þegar skipið kom að bryggjunni, hafi það skollið með síðuna á norðausturhorn hennar. Heyrði vitnið þá greinilega brothljóð í bryggjunni og sá, að norðausturendi bryggjuhaussins lét undan og svignaði upp að landinu. Segir það, að skipið hafi legið nokkra stund á horni bryggjunnar, en verið síðan fært fram með bryggjunni. Ásgeir Sigurðsson skipstjóri á Esju hefur borið, að formaður hafnarnefndar Flateyrarhrepps hafi kvartað um það, að skipið lægi ekki vel við bryggjuna, og að skipið hafi síðar verið fært til við bryggjuna, svo það lá ekki eins þungt á norðurendanum, en þá hafi bryggjan verið orðin skökk. Telur skipstjórinn, að fullnægjandi styrktarstoðir hafi vantað undir bryggjuna, og byggir það á því, að skástífur í áttina til lands hafi vantað í bryggjuna.

Samkvæmt þessum vitnaframburðum svo og öðrum gögnum í máli þessu verður dómurinn að telja nægilega sannað, að skemmdir hafi hlotizt á bryggjunni, um leið og skipið lagðist að henni eða lá við hana. Ekkert er komið upp í málinu, er bendi til þess, að bryggjan hafi verið skemmd fyrir eða sérstaklega veikbyggð, enda verður að telja sannað, með lýsingu hinna dómkvöddu manna á skemmdunum, að skástífur hafi ekki vantað í bryggjuna. Verður dómurinn að líta svo á, að skemmdirnar hafi hlotizt vegna vangæzlu skipverja á Esjunni, þar sem ekki hafi verið rétt að leggja skipinu að bryggjunni í þeim veðurofsa, sem var, og auk þess virðist skipið ekki hafa legið rétt við bryggjuna fyrst í stað.

Þar sem stefnandi hefur lagt fram sundurliðaðan reikning um viðgerðarkostnaðinn, sem ekki hefur verið hnekkt, verða kröfur

hans teknar til greina, að öðru leyti en því, að vextir ákveðast 5% og reiknast frá stefnudegi máls þessa.

Samkvæmt þessu ber stefnda að greiða stefnanda kr. 14817.84 með 5% ársvöxtum frá 15. janúar 1944 til greiðsludags, og málskostnað, þar með talinn matskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Í dóminum áttu sæti þeir Árni Tryggvason, settur borgardómari, og meðdómsmennirnir Hafsteinn Bergþórsson útgerðarmaður og Jón Axel Pétursson hafnsögumaður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnanda, hreppsnefnd Flateyrarhrepps f. h. Flateyrarhrepps, kr. 14817.84 með 5% ársvöxtum frá 15. janúar 1944 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. október 1946.

Nr. 48/1945. **Skipaútgerð ríkisins** (Hrl. Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Hreppsnefnd Flateyrarhrepps f. h. hreppsins
(Hrl. Ragnar Ólafsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Skaðabótamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. apríl 1945 að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m. Gerir hann þær dómkröfur, aðallega að hann verði algerlega sýknaður, en til vara, að dæmd fjárhæð verði lækkuð. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Þegar e/s Súðin lagði frá bryggju stefnda þann 15. september 1942, virðast skipverjar ekki hafa fullvissað sig um,

að landfestar hefðu verið losaðar af festarhælnum í tæka tíð. Verður því að telja, að áfrýjandi beri ábyrgð á því tjóni, sem á bryggjunni varð, er festarhællinn losnaði. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í hæstarétti, sem ákveðst 600 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnda, Hreppsnefnd Flateyrarhrepps f. h. hreppsins, 600 krónur í málskostnað í hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 7. júlí 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 15. janúar 1944, af hreppsnefnd Flateyrarhrepps f. h. Flateyrarhrepps gegn Skipaútgerð ríkisins. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða skaðabætur, kr. 1587.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1942 til greiðsludags og kr. 1199.66 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. sept. 1942 til greiðsludags, svo og kostnað við matsgerðir, kr. 30.75 og kr. 136.50, og málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst *aðallega* sýknu, en *til vara*, að fébótakrafan verði stórlega lækkuð eftir mati dómsins. Í báðum tilvikum krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málsatvik eru þau, að þann 1. apríl 1942, um kl. 11.30 f. h., lagðist e/s Súðin, sem er eign stefnda, við hafnarbryggjuna á Flateyri. Veður var þá mjög slæmt. Samkvæmt dagbók Súðarinnar var veðrið suðaustan 10 kl. 10,30 f. h. þenna dag, en austan 11—12 kl. 2.30 e. h., og var þá ekki hægt að komast frá bryggjunni vegna veðurs. Eigandi bryggjunnar, stefnandi í máli þessu, taldi, að hún hefði orðið fyrir nokkrum skemmdum, meðan Súðin lá við hana. Telur hann, að skipið hafi rifið upp frambrún bryggjunnar *við norð-austur*hornið á 3—4 metra bili og einnig hluta úr „dekkinu". Þessar skemmdir voru metnar af dómkvöddum mönnum á kr. 1587.00.

Hinn 25. september 1942 var e/s Súðin aftur stödd á Flateyri og lá við fyrrgreinda bryggju. Heldur stefnandi því fram, að

þegar Súðin var að fara frá bryggjunni, hafi strengur sá, er skipið var bundið með, festst við festi-„polla“ á bryggjunni og rifið hann upp, þannig að hann hafi brotið bryggjuna út frá sér. Voru þessar skemmdir metnar af dómkvöddum mönnum á kr. 1199.66.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að hvorartveggja skemmdirnar á bryggjunni hafi orsakazt vegna óvarkárni skipverja á Súðinni, og beri því eigendum skipsins að bæta það tjón, sem af þessu hlauzt.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að ósannað sé, að umræddar skemmdir hafi orðið af völdum Súðarinnar á Flateyri þann 1. apríl og 25. sept. 1942. Og þótt svo yrði talið, þá eigi skipverjar á Súðinni enga sök á skemmdunum. Bryggjan sé gömul og feyskin, og hafi því ekki þolað, að lagzt var við hana þann 1. apríl, en það hafi verið gert á venjulegan hátt og án þess að um nokkra handvömm hafi verið að ræða af hálfu skipverja. Þetta sé opinber bryggja, sem verði að vera svo traust, að hvorki henni né skipum sé hætta búin við að leggjast við hana, enda hafi og fullt bryggjugjald verið krafið og greitt fyrir afnotin. Hafi eitthvert tjón orðið á bryggjunni þann 25. sept., hafi það orðið vegna mistaka þeirra manna, sem áttu að losa strenginn af festi-„pollanum“, en þeir hafi ekki verið í þjónustu stefnda.

Verði *aðal*krafa stefnda ekki tekin til greina, hefur hún gert þá *varakröfu*, að stefnukrafan, sem byggð er á tveimur matsgerðum, verði stórlega lækkuð, þar sem matsgerðirnar séu órökstuddar og tvímælalaust of háar.

Stefnandi hefur lagt fram sundurliðun á kostnaði við aðgerð á hvorumtveggja skemmdunum á bryggjunni, samtals kr. 5294.36, en krefst eigi þeirrar fjárhæðar, heldur sundurliðar kröfur sínar þannig:

1.	Tjón 1. apríl 1942, samkvæmt mati		kr. 1587.00
	Kostnaður við matsgerð:		
	Þóknun matsmanna	kr. 20.00	
	Dómkvaðning matsmanna	— 10.75	
			— 30.75
2.	Tjón 25. sept. 1942:		
	Festi-„polli“ næstur suð-austurhorni á frambrún bryggjunnar rifinn af boltum og frambrúnin sprengd og brotin út frá staurnum beggja vegna samkvæmt mati		— 1199.66
	Kostnaður við matsgerð:		
	Þóknun matsmanna	kr. 120.00	
	Dómkvaðning matsmanna	— 16.50	
			— 136.50

Um 1. Vitnið Guðmundur Valgeir Jóhannesson, sem er eftirlitsmaður bryggjunnar, hefur borið, að um það bil helmingur Súðar-

innar, þ. e. aftari hluti hennar, hafi staðið út af norðausturhorni bryggjunnar. Taldi hann þetta óverjandi, þar sem ekki voru hafðar landfestar úr framanverðu skipinu, en veðurhæðin mjög mikil. Segir vitnið, að skipið hafi ekki verið fest þannig, fyrr en það fór þess á leit, en tjónið þá orðið. Vitnið Ögmundur Ólafsson, III. stýrimaður á Súðinni, bar, að skipið hafi legið þannig við bryggjuna, að framendi þess, um þriðjungur, hafi staðið austur af bryggjunni. Segir það, að eftirlitsmenn bryggjunnar hafi ráðlagt, að strengur yrði lagður í land, og að það hafi verið gert. Enn fremur að sýnilegt hafi verið, að bryggjan svignaði og riðlaðist til, en brot sá það engin. Samkvæmt þessum vitnaframburðum svo og öðrum gögnum í máli þessu, og þegar þess er gætt, hve veðurhæðin var mikil, verður dómurinn að telja nægilega sannað, að skemmdir hafi hlotizt á bryggjunni af völdum Súðarinnar í þetta skipti, enda ekkert komið upp í málinu, er bendi til þess, að bryggjan hafi verið skemmd fyrir. Verður dómurinn að líta svo á, að þessar skemmdir hafi hlotizt vegna vangæzlu skipverja á Súðinni, þar sem ekki hafi verið forsvaranlegt að leggja skipinu að bryggjunni í þeim veðurofsa, sem var, auk þess sem skipið virðist ekki hafa legið rétt við bryggjuna né verið nægilega tryggilega bundið. Verður því sýknukrafa stefnda ekki tekin til greina, að því er snertir þenna lið, og þar sem matsgerðinni hefur á engan hátt verið hnekkt, ber að taka þenna kröfulið til greina óbreyttan.

Um 2. Í málinu hefur verið lagt fram vottorð frá tveimur mönnum, sem voru sjónarvottar að því, þegar e/s Súðin fór frá hafskipabryggjunni á Flateyri þann 25. sept. Segja þeir, að skipið hafi rifið festar-„polla“ af boltum og sprengt tré á frambrún bryggjunnar, en festar-„pollinn“ hafi verið óskemmdur, þegar skipið lagði að bryggjunni. Hefur vottorð þetta ekki verið véfengt sem óstaðfest. Vitnið Guðmundur Valgeir Jóhannesson var ekki á bryggjunni, þegar Súðin fór frá henni, en hefur borið, að annar fyrrgreindra vottorðsgjafa og aðrir sjónarvottar hafi skýrt sér svo frá, að skipið hafi haft „spring“ á festi „polla“ við suðausturhorn bryggjunnar. Þegar skipið hafi verið komið nokkuð frá, hafi komið átak á „springið“, vegna þess að það hafi virzt vera fast um borð í skipinu. Hafi þá „pollinn“ rifnað af boltum og bryggjubrúnin að nokkru með, en skipið hafi oltið mjög mikið vegna átaksins, þótt logn væri. Vitnið kveðst hafa skoðað verksummerki strax, eftir að skipið fór frá.

Þeir skipverjar á Súðinni, sem leiddir hafa verið sem vitni í máli þessu, minnast þessa atviks ekki, en með framangreindu vottorði og vitnaframburði verður að telja sannað, að skemmdir hafi orðið á bryggjunni, um leið og Súðin lagði frá henni. Verður ekki annað séð en að skemmdirnar hafi orsakazt þannig, að skipverjar á Súðinni hafi ekki gefið það mikinn slaka á vírinn, að hægt væri

að kippa vírnum upp af festi-„pollanum“ á bryggjunni. Verður því að telja skipverja eiga sök á þessu tjóni, og þar sem fyrrgreindri matsgerð hefur ekki verið hnekkt, verður þessi kröfuliður einnig tekinn til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1587.00 + kr. 1199.66, eða samtals *kr. 2786.66*, með 5% ársvöxtum frá stefnudegi, 15. janúar 1944, til greiðsludags, svo og málskostnað (þar með talinn matskostnað), sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Í dóminum áttu sæti þeir Árni Tryggvason, settur borgardómari, og meðdómsmennirnir Hafsteinn Bergþórsson útgerðarmaður og Jón Axel Pétursson hafnsögumaður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnanda, hreppsnefnd Flateyrarhrepps f. h. Flateyrarhrepps, kr. 2786.66 með 5% ársvöxtum frá 15. janúar 1944 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. október 1946.

Nr. 80/1943. **Ásgeir Kristjánsson** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Kaupfélagi Þingeyinga og gagnsök
(Hrl. Gunnar Möller).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Um samskipti samvinnufélags við félagsmenn.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Júlíus Havsteen, sýslumaður Þingeyjarsýslu.

Aðaláfrýjandi, sem hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 18. sept. 1943, krefst þess, aðallega að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 7500.00, en til vara kr. 1500.00. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 25. marz 1944 að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefst hann algerrar sýknu og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjandi bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi, sem er félagsmaður í Kaupfélagi Þingeyinga, átti samkvæmt 4. tl. 3. gr. laga nr. 46/1937 og 1. málslið 1. mgr. 23. gr. samþykkta kaupfélagsins rétt til fullnaðarverðs fyrir vöru þá, sem hann lagði inn í kaupfélagið og í máli þessu greinir. Hann varð ekki með ályktun aðalfundar sviptur þessum rétti, og ekki hefur hann glatað honum fyrir vangeymslu. Ber því að taka aðalkröfu hans til greina og dæma gagnáfrýjanda til að greiða honum kr. 7500.00.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda samtals kr. 2500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Kaupfélag Þingeyinga, greiði aðaláfrýjanda, Ásgeiri Kristjánssyni, kr. 7500.00 og samtals kr. 2500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Þingeyjarsýslu 23. júlí 1943.

Mál það, sem hér liggur fyrir og dómtekið var 10. maí síðastliðinn, er, að undangengnum árangurslausum sáttaumleitunum, höfðað af útgerðarmanni Ásgeiri Kristjánssyni í Húsavík fyrir aukarétti Þingeyjarsýslu með stefnu, dags. 24. okt. 1941, gegn framkvæmdarstjóra og stjórn Kaupfélags Þingeyinga í Húsavík f. h. Kaupfélags Þingeyinga til greiðslu á uppbótum á innlögðum fiski til hraðfrystingar af vélbátnum „Einari Hjaltasyni" á árunum 1937—1940, kr. 3500.00, og uppbót á innlagðri síld til söltunar af sama bát árið 1939, kr. 4000.00, eða samtals f. kr. 7500.00, svo og til greiðslu málskostnaðar eftir réttarins mati.

Tildrög málsins eru þessi:

Árið 1937 hóf Kaupfélag Þingeyinga þá starfsemi að hraðfrysta fisk til útflutnings og hélt henni áfram til ársins 1942 a. m. k. Á árunum 1937—1940 var lagður inn fiskur til hraðfrystingar við frystihús kaupfélagsins af eigendum og útgerðarmönnum vélbátsins „Einars Hjaltasonar" frá Húsavík, en sækjandi máls þessa, Ás-

geir Kristjánsson, er einn þeirra og var jafnframt þessi árin og mun enn vera félagsmaður í Kaupfélagi Þingeyinga.

Um verðið á fiskinum til innleggs voru engir sérstakir samningar gerðir við sjómenn í Húsavík, en auglýst var á sérstökum miðum, sem festir voru upp sumrin 1937 og 1938 á frystihúsdyrunum, þar sem fiskinum var veitt móttaka, en hin árin yfir skriftarborði í flökunarklefa frystihússins, þar sem út voru gefnar nótur fyrir hinn innlagðra fisk, og í eitt skipti á skúr, sem áfastur er við aðalfiskhús kaupfélagsins, að frystihúsrekstur Kaupfélags Þingeyinga keypti fisk og kola tilteknu verði, og var verð þetta hið sama og Fiskimálanefnd hafði í hvert sinn ákveðið.

Árið 1939 tók eða keypti Kaupfélag Þingeyinga síld til söltunar, og var þá lögð inn síld af vélbátnum „Einari Hjaltasyni", en hvorki er það upplýst, að kaupfélagið hafi gert sérstaka samnniga um síldarverðið, né að það hafi auglýst verð, sem gefið var fyrir síldina.

Þegar fram var lagður eða félagsmönnum birtur rekstrarreikningur kaupfélagsins fyrir árið 1940, komu m. a. fram á honum tekjur af hraðfrystingunni árið 1937—1940, kr. 22793.57, og tekjur af síldarsölu 1939, kr. 27184.41.

Litu nú eigendur og útgerðarmenn vélbátsins „Einars Hjaltasonar" svo á, að þeim bæri sem félagsmönnum uppbót sú á innlögðum fiski til hraðfrystingar og innlagðri síld til söltunar fyrir framangreind ár, sem í máli þessu er krafizt, og gerðist stefnandi, Ásgeir Kristjánsson, eigandi að allri uppbótarkröfunni, kr. 7500.00, sem stefnt er út af.

Kröfu sinni til stuðnings heldur sækjandi því fram, að þar sem eigendur vélbátsins „Einars Hjaltasonar" hafi ávallt verið félagsmenn í Kaupfélagi Þingeyinga, beri þeim samkvæmt samvinnulöggjöfinni og samþykktum kaupfélagsins, sérstaklega 23. gr., tvímælalaus réttur til þess að fá uppbót á útborgað verð, ef vörurnar seldust hærra verði en í fyrstu var búizt við. Hið ákveðna verð, sem þeir hafa fengið, þegar afurðirnar voru innlagðar, hafi þeir aðeins skoðað sem bráðabirgðaverð, eins og venjulegt er og hefur verið að greiða fyrir afurðir þær, sem K. Þ. tók og tekur við af félagsmönnum sínum, en talið víst, að síðar yrði gert upp að fullu og þeir þá látnir endurgreiða, ef halli hefði orðið á sölu afurðanna, en fengið uppbót í hlutfalli við ágóða og innlegg.

Í þessu sambandi hefur sækjandi tekið fram, að vel megi vera, að kröfur sínar séu ekki reiknaðar nákvæmlega upp á eyri, en það komi til af því, að hvorki hafi framkvæmdarstjóri né stjórn kaupfélagsins látið sér í té upplýsingar um heildarinnlegg þessara tveggja vörutegunda, sem stefnt er út af, né heldur viljað ákveða uppbætur á innlegg nefnds vélbáts, og hafi sér því verið einn kostur nauðugur að ákveða og reikna út uppbætur, eins og hann

vissi þær réttastar samkvæmt upplýsingum, er hann um þær hafi aflað sér.

Þykir réttast að geta þess þegar á þessu stigi málsins, að sjálfar tölur sækjanda hafa ekki verið af stefnda véfengdar.

Sækjandi tekur fram, að hann á ári hverju hafi orðið að gefa loforð til kaupfélagsins um fiskinnlegg, en síðan hafi stjórn félagsins eða framkvæmdarstjóri metið, hvað fiskmagnið lofaða myndi seljast, og lagt þá upphæð til grundvallar fyrir því, hversu mikið sækjandi mætti taka út. Sé þetta m. a. sönnun þess, að afurðir sínar hafi aldrei verið keyptar föstu verði.

Auglýsingarnar um verð á fiski, teknum til hraðfrystingar nefnd ár, segist sækjandi aldrei hafa séð og alls ekki hafa orðið var við það, að almennt væri svo litið á af sjómönnum í Húsavík, að K. Þ. keypti hin umgetnu ár fisk og kola föstu verði. Þessu til sönnunar hefur hann lagt fram vottorð, undirrituð af 40 útgerðar- og sjómönnum í Húsavík, og vísar jafnframt til framburða vitna þeirra, er hann hefur leitt í máli þessu, kröfum sínum og upplýsingum til sönnunar.

Stefndi í máli þessu hefur krafizt algerðrar sýknu af kröfum og kærum sækjanda þessa máls bæði í framkominni aðalkröfu og varakröfu.

Aðalkröfu sína byggir stefndi á þeim forsendum, sem nú skal greina.

Með hraðfrystingunni á fiski til útflutnings hafi Kaupfélag Þingeyinga hafið starfsemi, sem var alger nýbreytni í félaginu, og því hafi félagsmenn verið tregir til þess að bera persónulega áhættuna við þessa tilraun. Hafi því verið ákveðið, að félagið keypti fiskinn föstu verði þannig, að félagsheildin bæri áhættuna og nyti þá líka arðsins, ef nokkur yrði.

Um síldina 1939 sé það að segja, að erfitt hafi verið að fá útgerðarmenn til þess að salta síld á Húsavík, nema þeim væri tryggt, að þeir gætu endanlega borið úr býtum það verð, sem greitt var almennt fyrir hrásíld, en þetta var ósamrýmanlegt umboðssölufyrirkomulaginu, en þar sem félagsheildinni var hagsmunamál, að síldarútgerð væri rekin í Húsavík nefnt ár, hafi svo ráðizt, að K. Þ. hafi ákveðið að kaupa síld föstu verði, og sanni réttarskjal nr. 19 í máli þessu, að þetta hafi síldarútgerðarmönnum í félaginu verið kunnugt.

Aðallega sé þó sýknu krafizt sökum þess, að Kaupfélagi Þingeyinga var fyllilega heimilt að kaupa fisk til hraðfrystingar og síld til söltunar föstu verði af félagsmönnum sínum og að félagsmönnum hafi verið það ljóst eða mátt vera það ljóst, að K. Þ. keypti föstu verði árin 1937—1940. Það hafi um langt skeið verið viðskiptavenja í K. Þ. að kaupa ýmsar vörur föstu verði hjá félagsmönnum, svo sem skyr, fiður, rabarbara, rekavið, bögglasmjör o.

s. frv., og sé á þessum kaupum og því, að kaupa fisk og síld, enginn eðlismunur, þessu ráði aðalfundur í hvert sinn og hafi á aðalfundum hin nefndu ár verið gerð grein fyrir þessari verzlunaraðferð.

Þá hafi það verið „notoriskt" eða á almannavitorði á Húsavík, eða meðal sjómanna þar, að K. Þ. keypti hin umræddu ár fisk og síld föstu verði. Þetta sanni fyrst og fremst hinar uppfestu auglýsingar, þar sem verðtaxti Fiskimálanefndar á hverjum tíma var látinn gilda, alveg eins og síldin var keypt sama verði og síldarkaupendur almennt greiddu. Með því að auglýsa, að hraðfrystingin keypti fiskinn fyrir ákveðið verð og áskyldi sérstök skilyrði fyrir afhendingu hans og gæði, hafi K. Þ. gert útgerðarmönnum ákveðið kauptilboð og sögnin „að kaupa" svo og að fiskinum skuli skilað á vigt, sýni glöggt, „að hér voru tveir sjálfstæðir aðiljar að kaupa og selja, en ekki umboðssali að veita vörum móttöku til sölumeðferðar."

Þá sýni og vitnaleiðslurnar í máli þessu í sambandi við réttarskjal nr. 18 í málinu, að sjómönnum hafi frá upphafi verið kunnugt um, að K. Þ. keypti hinar umræddu sjávarafurðir föstu verði, og komi þetta glöggt fram í óánægju þeirri, sem sækjandi hefur lagt kapp á að sanna, að átt hafi sér stað meðal sjómanna, því hún hafi einmitt sprottið af því, að verðið var strax fast og óhagganlegt.

Loks hafi sækjanda persónulega verið það fullljóst, þar sem hann var meðal helztu útgerðarmanna á Húsavík, að K. Þ. greiddi fast verð fyrir hinar umræddu afurðir hans á nefndum árum, og megi í því sambandi sérstaklega minna á framkomu hans á fundi þeim, sem haldinn var á Húsavík 6. febr. 1941 af nefndum, kosnum úr öllum deildum K. Þ. í Húsavík, svo og úr Fiskifélagsdeild Húsavíkur og Verkamannafélagi Húsavíkur til þess að ræða og komast að niðurstöðu um frystihúsmál K. Þ. Bar sækjandi fram svo hljóðandi tillögu: „Fundurinn skorar eindregið á stjórn K. Þ. að gefa sannvirði fyrir hraðfrystan fisk frá byrjun," en tillagan var felld með 8 atkvæðum gegn 3.

Til stuðnings varatillögu sinni um sýknu heldur stefndi því fram, að ef rétturinn liti svo á, að það sé rétt hjá sækjanda, að hann hafi lagt afurðir þær, sem mál þetta er risið út af, inn hjá K. Þ. til sölumeðferðar í umboðssölu, þá beri samt sem áður að sýkna sig sökum þess, að hinum samansafnaða arði af sölu þessara afurða hafi með löglegri félagssamþykkt á aðalfundi kaupfélagsins 1941 verið ráðstafað til þess að mynda tvo tryggingarsjóði, hvorn að upphæð 20 þúsund krónur, til þess að mæta töpum, sem kunna að verða af sölu umræddra afurða hjá félaginu í framtíðinni. Tryggingarsjóðir þessir eru færðir á rekstrarreikningi K. Þ. 1940 og stofnaðir samkvæmt skýlausum tilmælum fiskinnleggjenda sjálfra eingöngu til gagns fyrir frystihúsrekstur inn og síldarverzl-

unina. Tillaga hafi að vísu komið fram frá fundarmanni á nefndum aðalfundi um að skipta upp í reikninga viðkomandi félagsmanna, er lagt hafi inn fisk í hraðfrystinguna frá byrjun þessarar starfsemi til ársloka 1940, þeim arði eða sérstaka sjóði, sem þannig hefur myndazt, en þessi tillaga hafi verið felld með samhljóða atkvæðum fulltrúa, einnig þeirra, sem mættu fyrir deildirnar í Húsavík.

Gegn sýknukröfum stefnda hefur sækjandi tekið sérstaklega fram út af aðalkröfunni, að það sé með öllu rangt, að leitað hafi verið álits félagsmanna um það, hvort þeir vildu bera persónulega áhættuna af hinni nýju frystihússtarfsemi eða ekki. Þetta hefði stjórn K. Þ. átt að gera, en látið það algerlega undir höfuð leggjast, og sama sé að segja um þá staðhæfingu stefnda, að erfitt hafi verið að fá útgerðarmenn til að salta síld í Húsavík, nema þeim væri tryggt það verð, sem þá var greitt fyrir hrásíld. Um þetta hafi Kaupfélag Þingeyinga engar eftirgrennslanir gert, og ekkert hafi komið fram í máli þessu, sem sýni, að stjórn K. Þ. hafi gert nokkrar samþykktir, ráðstafanir eða samninga við félagsmenn sína um að kaupa fisk til hraðfrystingar eða síld til söltunar föstu verði árin 1937—1940.

Í lögum um samvinnufélög frá 13. júní 1937, sérstaklega í 3. gr. laganna, séu talin upp ýmis aðaleinkenni á skipulagi samvinnufélaga í þeim tilgangi að binda þau við ákveðnar starfsaðferðir og með 4. tölulið nefndar greinar sé lögfest eitt aðaleinkenni samvinnufélaganna sem sé, að þau greiði ekki fast verð fyrir afurðir meðlima sinna, heldur sé endanlegt verð þá fyrst greitt, er afurðirnar hafa verið seldar og vitað, hvað fyrir þær hefur fengizt. Þessa meginreglu hafi K. Þ. tekið upp í samþykktir sínar, sbr. 23. gr. samþykktanna, og þetta sé orðin svo föst venja í viðskiptum K. Þ. við félagsmenn, að út af henni megi ekki bregða, nema sérstaklega sé um samið við þá eða fulltrúaráð félagsins setji um það sérstakar reglur eða samþykktir, sem gerðar séu félagsmönnum kunnar. Það geti ekki talizt hliðstætt, að K. Þ. kaupi í daglegum viðskiptum smáafurðir eða aukaframleiðslu, sem engin eða lítil áhætta stafi af að taka föstu verði hjá félagsmönnum, við það að taka sjávarafurðir, sem fisk og síld, föstu verði, þar sem oftið geti á tugum og jafnvel hundruðum þúsunda króna. Þá verði það með engu móti talið upplýst í máli þessu, að það hafi verið á almannavitorði eða „notoriskt", að K. Þ. tæki fisk til hraðfrystingar og síld til söltunar hin umgetnu ár. Þvert á móti sýni framlögð vottorð sjómanna og útgerðarmanna á Húsavík í máli þessu, svo og vitnaleiðslur þær, sem fram hafa farið í sambandi við vottorðin, að skoðanir manna hafa verið mjög á reiki um það í Húsavík, með hvaða kjörum K. Þ. tók fisk til hraðfrystingar og síld til söltunar, þó mikill meiri hluti þeirra félagsmanna, sem hagsmuna

höfðu að gæta í sambandi við vörur þessar, hafi verið þeirrar skoðunar, að fiskurinn og síldin væru ekki keypt föstu verði.

Á vottorðum kaupfélaga ýmissa, sem fram hafa verið lögð í máli þessu, sé ekkert mark takandi, þar sem félögin séu öll eða flest undir sömu syndina seld, eins og stefndi í máli þessu, og því raunverulega að gefa vottorð í sjálfs sín sök.

Staðirnir, þar sem auglýsingarnar hafi verið festar upp, sé engan veginn á almannafæri, og flestir þeir sjómenn og útgerðarmenn, sem rekið hafi í þær augun, hafi litið á hið tilgreinda verð Fiskimálanefndar sem gildandi fyrir utanfélagsmenn, en aðeins sem reikningsverð til félagsmanna, sem síðar yrði bætt upp, og beri vitnaleiðslurnar í máli þessu ljósan vott um þessa skoðun.

Gegn varakröfu stefnda um sýknu er því af hálfu sækjanda haldið fram, að eins og samþykktir þær, sem gerðar hafi verið á framangreindum nefndarfundi hinn 6. febr. 1941, hafi ekki verið bindandi fyrir sig, og hann á fundinum tekið fram, að yrði K. Þ. ekki við tilmælum sínum eða tillögu um greiðslu uppbótar á fiski og síld 1937—1940, myndi hann leita réttar síns með málssókn, eins séu samþykktir fulltrúaráðs K. Þ. ekki bindandi fyrir sig og geti ekki svipt sig uppbótargreiðslum þeim, sem stefnt er út af í máli þessu. Félagið gæti ekki svipt einstaka félagsmenn eignum sínum, eins og hér hafi verið gert, jafnvel ekki með sérstökum sjóðsstofnunum.

Út af staðhæfingu sækjanda um, að hann sé óbundinn af því, sem samþykkt var á nefndarfundi 6. febr. 1941, tekur stefndi sérstaklega fram, að enginn slíkur fyrirvari sé bókaður á fundinum af hálfu sækjanda, né um það, að hann hafi áskilið sér rétt til að lögsækja stefnda til greiðslu á verðuppbót þeirri, sem stefnt er út af í máli þessu. Tillaga sækjanda um úthlutun arðsins af hraðfrystistarfseminni árin 1937—1940 var felld, en í staðinn samþykkt varatillaga þess efnis, að leggja fenginn arð í sérstakan varasjóð, „er hafður sé til þess að mæta verðfalli hraðfrysts fisks, þegar aftur kreppir að.“ Eins og sækjandi sé bundinn við samþykkt þessa fundar, eins sé hann sem félagsmaður í Kaupfélagi Þingeyinga ekki síður, heldur miklu fremur bundinn við samþykktir aðalfundar K. Þ. 1941, þar sem ágóðanum af hraðfrystirekstrinum og síldarsölunni var með samhljóða atkvæðum fulltrúa ráðstafað eftir óskum útgerðarmanna og sjómanna til stofnunar tryggingarsjóða þeirra tveggja, sem teknir voru upp á rekstrarreikningi K. Þ. 1940, en um sjóðstofnanirnar voru fundarmenn einhuga.

Þegar kveða skal upp dóm í máli því, sem hér liggur fyrir, virðist fyrst og fremst þurfa að skera úr tveimur spurningum, sem sérstaklega snerta *aðal-sýknukröfu stefnda.*

Var Kaupfélagi Þingeyina heimilt að kaupa fisk þann til hraðfrystingar og síld þá til söltunar, sem mál þetta er út af risið, föstu verði hjá félagsmönnum?

Var það á almannavitorði eða „notoriskt" í Húsavíkurkauptúni og þá einkum meðal sjómanna og útgerðarmanna, að K. Þ. keypti fisk til hraðfystingar og síld til söltunar einungis gegn föstu verði 1937—1940 af félagsmönnum jafnt og af utanfélagsmönnum?

Kaupfélag Þingeyinga er með elztu samvinnufélögunum hér á landi, og taka því lög um samvinnufélög frá 13. júní 1937 sérstaklega til þess svo og samþykktir félagsins, prentaðar 1939.

Samkvæmt nefndri löggjöf er *markmið* samvinnufélaga „að efla hagsæld félagsmanna í réttu hlutfalli við þátttöku þeirra í félagsstarfinu," *verksvið* þeirra: 1. Að kaupa vörur til heimilisþarfa handa félagsmönnum o. s. frv., 2. að selja afurðir af búum félagsmanna eða vörur, er þeir framleiða sjálfir með eigin atvinnurekstri o. s. frv., en í 3. gr. laganna eru talin *aðaleinkenni á skiplagi samvinnufélaga,* og þykir þá sérstaklega hlýða að taka hér upp 4. tölulið nefndrar greinar, sem er svo hljóðandi: „Tekjuafgangi í ársreikningi félagsins, er stafar af því, sem útsöluverð á keyptum vörum félagsmanna hefur verið ofan við kostnaðarverð, *ellegar útborgað verð fyrir seldar vörur þeirra hefur reynzt neðan við fullnaðarverð, skal úthlutað eftir viðskiptamagni hvers um sig.*" Þetta lagafyrirmæli, sbr. sérstaklega orðið „skal" um úthlutun arðs eða uppbótar, að lokinni sölu vörunnar, til framleiðanda, er svo tekið orðrétt upp í samþykktum Kaupfélags Þingeyinga, en þau frávik eru gerð í 24. gr. samþykktanna og þau ein, að „nánari fyrirmæli um verðlagningu á vörum og úthlutun á tekjuafgangi getur fulltrúaráðið sett *með reglugerð,* er félagsstjórnin semur og fulltrúaráð samþykkir."

Því er haldið fram af stefnda eða umbjóðanda hans, að hraðfrystingin á fiski til útflutnings hafi verið nýbreytni í félaginu, „og voru því félagsmenn tregir til að bera persónulega áhættuna við þessa tilraun," og enn fremur sagt: „Var því ákveðið, að félagið keypti fiskinn með föstu fyrirfram ákveðnu verði." Fyrir því, að þessar staðhæfingar séu réttar, liggur engin upplýsing í máli þessu, og virðist þó hafa verið innan handar og sjálfsagt af stjórnendum K. Þ. að ræða einmitt þessi atriði með sjómönnum í félaginu og fá úr þeim glöggt skorið ellegar láta fulltrúaráðið staðfesta jafn gagngerða fyrirkomulagsbreytingu sem þá, að kaupa fisk og síld föstu fyrirfram ákveðnu verði, er kemur í bága við lög og fastar reglur í verzlun með aðalafurðir félagsmanna. Sama er að segja um kaupin á síld til söltunar af félagsmönnum 1939. Ekkert er það í máli þessu af hálfu Kaupfélags Þingeyinga, sem upplýsir, að um fast verð hafi sérstaklega verið samið við félagsmenn eða það auglýst. Það breytir engu í þessu sambandi, að upplýst er og kunnugt, að Kaupfélag Þingeyinga hefur tekið með föstu verði ýmsa minni háttar aukaframleiðslu félagsmanna. Slík starfsemi, sem er með öllu áhættulaus fyrir félagsheildina, verður

að teljast sprottin af kröfum hins daglega viðskiptalífs og því sem þegjandi samkomulag milli félagsins og félagsmanna. Hitt mun ekki sjást, að samvinnufélög hafi tekið eða taki aðalframleiðsluvörur bænda svo sem kjöt ull, gærur með föstu fyrirfram ákveðnu verði, en einmitt slíkar vörur eru hliðstæðar fiski og síld, þegar um sölu þeirra er að ræða og til þeirra kasta kemur að gera endanlega upp sannvirði þeirra, en það er einmitt hið svonefnda sannvirði, sem félagsmenn eiga rétt á að fá að lokum.

Af orðalagi auglýsinga þeirra, sem festar voru upp með verði á fiski, keyptum til hraðfrystingar 1937—40, verður ekkert sérstaklega ráðið um það, hvort beri að skilja þær svo, að hið tiltekna verð sé einnig fast fyrir félagsmenn.

Það er upplýst, að verð fiskimálanefndar er á þeim lagt til grundvallar, en það er ekkert í orðalagi þeirra, sem gefur til kynna þá miklu nýbreytni fyrir félagsmenn, sem stefndi vill halda fram, að þær hafi boðað, að einnig fyrir þá hafi samkvæmt auglýsingunum aðeins um fast verð verið að ræða.

Að vísu segir í þeim „kaupir", en merking þessa sagnorðs er í daglegu tali svo víðtæk, að það út af fyrir sig er ekki nægileg aðvörun eða auglýsing til félagsmanna um fastbundið verð.

Þegar svo athugað eru vottorð þau og vitnaleiðslur þær, sem fram hafa farið um það, hvort félagsmenn hafi litið á hið auglýsta verð sem fast fyrir þá, kemur í ljós, að um þetta atriði eru vottorðsgefendur og vitnin mjög á reiki og ósamhljóða. Fjórtán vottorðsgefendur segja, að þeim hafi verið vel kunnugt, að kaupfélagið tók fiskinn til hraðfrystingar aðeins gegn föstu fyrirfram ákveðnu verði, en fjörutíu vottorðsgefendur segja hið gagnstæða, og þegar athugaðir eru framburðir vitna, kemur það fram hjá meira hlutanum, að þeir hafa skilið auglýsingarnar svo, þeir sem á annað borð sáu þær og veittu þeim eftirtekt, að hið auglýsta verð hafi gagnvart félagsmönnum aðeins verið venjulegt reikningsverð, sem síðar yrði bætt upp, ef til kæmi, að hraðfrystingin bæri sig. Láta sum vitnin í ljósi, að þau hafi við nánari athugun litið svo á, að K. Þ. væri ekki heimilt að setja félagsmönnum fast verð. Þá er það upplýst, að óánægja hefur risið meðal sjómanna út af því, að stjórn K. Þ. og framkvæmdarstjóri *hafi ætlað* að hafa verðið fastbundið einnig gegn félagsmönnum, og er í því sambandi eftirtektarverður framburður vitnisins Hallmars Helgasonar. Segist vitnið hafa orðið vart við óánægju félagsmanna út af því, að kaupfélagið *ætlaði að setja fast verð* á frystan fisk og saltaða síld þegar árið 1939, við meiri óánægju 1940, en við hana mesta í janúar 1941, og „þá mætti kaupfélagsstjórnin á fundi í deildum til að ræða þessi mál eftir óskum félagsmanna."

Verður af þessu séð, að hvorki hafa sjómenn á Húsvík, sem voru félagsmenn í K. Þ., almennt litið á hið auglýsta verð sem

„notoriskt“ fastbundið verð fyrir þá né talið kaupfélaginu heimilt að skammta þeim fast verð.

Þá ber og réttarskjal nr. 26 í máli þessu, sem er útdráttur úr fundargerð félagsstjórnar K. Þ. 10. apríl 1940, það með sér, að á stjórnarfundinum er tekin ákvörðun um, að eftirstöðvum þeim, sem yfirfærðar eru á síldarkaupareikningi félagsins, skuli hvorki verja til uppbótar á verði innlagðrar síldar ársins 1939 né til almennrar eyðslu á rekstursreikningi félagsins, heldur leggja þær í sérstakan sjóð. Virðist þetta óbein játning stjórnarinnar á því, að ekki var annað með þenna gróða að gera en annað hvort að skila honum sem uppbótum til þeirra félagsmanna, sem lögðu inn síld 1939, ellegar fá samþykki til þess, að stofna með honum sérstakan tryggingarsjóð, „sem hafi það hlutverk að bera töp, ef verða kunna á slíkum viðskiptum eftirleiðis.“

Og þegar svo goluþyturinn 1939 út af fasta verðinu til félagsmanna á fiski, innlögðum til hraðfrystingar, verður að hvassviðri 1940 og að stormi 1941, þá er líka slegið undan og horfið til nýrrar sjóðstofnunar, í stað þess að úthluta sjómönnum uppbót.

Í sambandi við það, sem hér að framan er sagt, skal svo að síðustu fram tekið, að gegn eindreginni neitun sækjanda á því, að sér hafi verið kunnugt um hið fastbundna verð á fiski til hraðfrystingar og síld til söltunar af hálfu K. Þ. eða stefnda árin 1937—1940, verður hið gagnstæða ekki talið sannað í máli þessu.

Samkvæmt því, sem hér að framan hefur verið rökstutt, verður í máli þessu ekki hægt að taka til greina aðalkröfu stefnda um sýknu, og skal þá horfið að *varakröfu* stefnda fyrir sýknu.

Eins og þegar er fram tekið, tók félagsstjórn K. Þ. hinn 10. apríl 1940 þá ákvörðun að stofna sérstakan tryggingarsjóð með hagnaði þeim eða eftirstöðvum, sem urðu af verzlun félagsins með saltaða síld 1939, og var á þessa sjóðstofnun fallizt bæði af sjómönnum og útgerðarmönnum, og má í því sambandi vísa til réttarskjals nr. 19 í máli þessu svo og til fulltrúafundar 1941, sem staðfesti sjóðstofnunina, eins og hún var tekin upp á rekstrarreikningi K. Þ. 1940.

Þá er upplýst í máli þessu, að á fundi þeim, sem haldinn var í Húsavík 6. febr. 1941 af nefndum úr öllum deildum K. Þ. í Húsavík ásamt nefndum úr Fiskifélagsdeild og Verkamannafélagi Húsavíkur, var tillaga sækjanda um, að K. Þ. greiddi uppbætur á hraðfrystan fisk frá byrjun starfseminnar, felld, en samþykkt að verja arði hraðfrystingarstarfseminnar 1937—1939 til endurbóta á frystihúsi K. Þ. og enn fremur samþykkt „að gera kröfu til þess, að arður síðastliðins árs (1940) verði látinn ganga til hlutaðeigandi félagsmanna sem verðuppbót. Geti stjórn K. Þ. ekki orðið við kröfu fundarins, skorar hann á stjórn K. Þ. að leggja fenginn arð í sér-

stakan varasjóð, er hafður sé til þess að mæta verðfalli hraðfrysts fisks, þegar aftur kreppir að."

Hinn 4. apríl 1941 mætti sjö manna nefnd frá sjómönnum í Húsavík til þess að ræða við félagsstjórn K. Þ. um sjávarútvegsmál, og var sækjandi í máli þessu einn þessara nefndarmanna.

Báru sjómenn þar upp tvær óskir eða tilmæli, og var önnur sú, að K. Þ. tæki framvegis fisk félagsmanna til hraðfrystingar í umboðssölu, og taldi félagsstjórnin sjálfsagt að verða við henni, þar sem hún væri í samræmi við aðalreglur félagsins, en hin óskin var á þá leið, að K. Þ. greiddi félagsmönnum arð hraðfrystingarinnar fyrir 1940 í verðuppbætur. Við þeirri málaleitun taldi stjórnin sig ekki geta orðið, en vildi hins vegar verða við þeirri varakröfu sjómanna, að leggja arðinn af rekstrinum í varasjóð fyrir hraðfrystingu og síldfrystingu félagsins.

Ekki verður annað séð en að fundir þeir, sem hér eru nefndir, hafi farið vel fram og ágreiningslaust, og var sækjandi einn fundarmanna og þá um leið í tölu flutningsmanna þeirra, sem reifuðu hraðfrystihúsmálið við stjórn kaupfélagsins.

Það virðist einmitt hafa verið niðurstöður þessara tveggja funda svo og niðurstaða stjórnarnefndarfundarins 10. apríl 1940, um stofnun tryggingarsjóða þeirra tveggja, sem fram kom á rekstrarreikningi K. Þ. f. 1940, sem lágu fyrir aðalfundi eða fulltrúaráðsfundi Kaupfélags Þingeyinga 1941 og fundurinn samþykkti einróma, án þess að fulltrúar deilda í Húsavíkurhreppi gerðu þar nokkurn ágreining.

Tryggingarsjóðir þessir virðast því stofnaðir samkvæmt skýlausum tilmælum sjómanna og útgerðarmanna sjálfra og, eftir því sem séð verður, eingöngu til hagsbóta fyrir hraðfrystihúsrekstur-inn og síldarverzlunina, og þar sem löglegur fulltrúaráðsfundur samþykkti sjóðstofnanirnar einróma, en hann hefur æðsta vald í málefnum félagsins með þeim hætti, sem lög og samþykktir þess ákveða, en samkvæmt þeim virðist heimilt að stofna sjóði sem þá, er hér um ræðir, sbr. c-lið 2. gr. samþykkta K. Þ., verður að telja gerðir aðalfundar K. Þ. 1941 bindandi einnig fyrir sækjanda þessa máls sem félagsmann í Kaupfélagi Þingeyinga með sérstöku tilliti til þess, að hann með framkomu sinni á framannefndum fundum virðist hafa fallið frá rétti sínum til þess að gera frekari kröfu gegn stefnda, Kaupfélagi Þingeyinga, en samkvæmt því, sem nú er sagt, verður ekki hjá því komizt að taka varakröfu stefnda um sýknu til greina og samkvæmt henni að sýkna stefnda, þ. e. framkvæmdarstjóra K. Þ., Þórhall Sigtryggsson, ásamt stjórnarnefndarmönnum, þeim Birni Sigtryggssyni, Bjartmari Guðmundssyni, Baldri Baldvinssyni, Páli Jónssyni og Karli Kristjánssyni, f. h. Kaupfélags Þingeyinga af kröfum og kærum stefnanda, Ásgeirs

Kristjánssonar, í máli þessu. Til þess að sekta málsaðilja fyrir gagnkvæm móðgandi ummæli finnst ekki nægileg ástæða. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Mál þetta hefur verið rekið skriflega samkvæmt síðustu málsgrein 109. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði.

Þá þykir og rétt að geta þess, að frest þann, sem varð á rekstri málsins, meðan héraðsdómari lá veikur í vetur, sem leið, notuðu málsaðiljar samkvæmt 110. gr. nefndra laga til þess að skiptast á skjölum í málinu og flýta fyrir úrslitum.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppkvaðningu dóms þessa, stafar aðallega af veikindum dómarans og veikindum bæði á heimili hans og fulltrúa hans svo og af óvenju miklum embættisönnum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, framkvæmdastjóri K. Þ., Þórhallur Sigtryggsson, svo og stjórnarnefndarmenn K. Þ., þeir Björn Sigtryggsson, Bjartmar Guðmundsson, Baldur Baldvinsson, Páll Jónsson og Karl Kristjánsson, allir f. h. Kaupfélags Þingeyinga, Húsavík, skulu vera sýknir af kröfum stefnandans, Ásgeirs Kristjánssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 14. október 1946.

Nr. 26/1945. **Dánarbú Ásgríms Sigfússonar, Ásgeir Stefánsson og Þórarinn Egilson**
(Hrl. Lárus Fjeldsted)
gegn
H/f Sviða (Hrl. Garðar Þorsteinsson).

Setudómarar próf. Gunnar Thoroddsen og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Skýring og fylling samnings.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. febr. 1945. Krefjast þeir aðallega algerrar sýknu af kröfum stefnda í málinu, en til vara, að dæmd fjárhæð verði lækkuð. Svo krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar af áfrýjendum in solidum fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og í héraðsdómi greinir, var sýknukröfu áfrýjenda vegna aðildarskorts stefnda hrundið í héraði með úrskurði 2. maí 1944. Úrskurði þessum hefur hvorki verið skotið til hæstaréttar samkvæmt 71. gr. laga nr. 85/1936 né heldur ásamt dómi þeim, sem hér liggur fyrir. Verður þess vegna ekki hjá því komizt að telja stefnda aðilja máls þessa.

Aðiljar eru á einu máli um það, að við kaup hlutabréfanna og við samningsgerðina 25. sept. 1941 hafi hvorki seljandi né kaupandi haft í huga, að auknar skattkröfur, er stöfuðu frá rekstri félagsins á fyrri árum, yrðu gerðar á hendur því. Svo verður og samkvæmt málflutningnum að leggja það til grundvallar, að á þeim tíma hafi hvorugum samningsaðilja verið kunnar skuldir þær, kr. 21531.86 og kr. 4292.00, sem í héraðsdómi greinir, enda voru þær ekki skráðar í bókum félagsins. Þar sem svo stóð á, þykir eðlilegast, þrátt fyrir orðalag samningsins frá 25. sept. 1941, að áfrýjendur beri hallann af því, að framangreindar kröfur komu síðar fram á hendur félaginu. Ber því að dæma þá til þess að greiða stefnda kröfurnar, eins og gert er í héraðsdómi.

Með því að samningsgerðin um hlutabréfin var ekki eins glögg og ástæður lágu til og óvarlega frá samningnum gengið af hálfu kaupenda, þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjendur, dánarbú Ásgríms Sigfússonar, Ásgeir Stefánsson og Þórarinn Egilson, greiði stefnda, h/f Sviða, in solidum kr. 83900.85 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 79650.26 frá 26. okt. 1943 til 11. nóv. 1943 og af kr. 83900.85 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 18. janúar 1945.

Árið 1945, fimmtudaginn 18. janúar, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar, sem haldið var á skrifstofu embættisins í Hafnarfirði af hinum reglulega dómara, bæjarfógeta Bergi Jónssyni, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. janúar s. l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26. október 1943, af Garðari Þorsteinssyni hrl. f. h. Sviða h/f gegn fyrrverandi stjórn Sviða h/f, þeim Ásgrími Sigfússyni, fyrrum útgerðarmanni í Hafnarfirði, Þórarni Egilson útgerðarmanni, sama stað, og Ásgeiri Stefánssyni framkvæmdarstjóra, sama stað, öllum persónulega, til greiðslu in solidum kr. 105167.26 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt taxta Málflutningsmannafélags Íslands, og framhaldsstefnu, útgefinni 11. nóvember 1943, af sama stefnanda gegn sömu stefndu til hækkunar framangreindri frumstefnukröfu um krónur 4250.59, og var þá stefnukrafan orðin kr. 109417.85 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaðar samkvæmt taxta Málflutningsmannafélags Íslands. Báðir aðiljar hafa lýst því yfir í málsskjölum, að þeir séu á einu máli um það að leggja málið eigi til sátta fyrir sáttanefnd, og við þingfestingu málsins lýstu þeir yfir því með skírskotun til 15. tölul. 5. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, að útilokað sé, að sátt gæti á komizt fyrir sáttanefnd. Dómarinn leitaði um sættir bæði við þingfestingu aðalstefnu hinn 2. nóvember 1943 og framhaldsstefnu hinn 11. nóvember 1943, en sáttatilraun reyndist árangurslaus.

Af hálfu stefndu var í fyrsta lagi höfð frammi krafa um sýknu vegna aðildarskorts, en stefnandi mótmælti þeirri kröfu. Varð samkomulag um það með aðiljum að óska munnlegs flutnings um greinda kröfu eina út af fyrir sig, áður en málið kæmi til álita að efni til, ef svo mætti verða. Fór fram munnlegur málflutningur um þetta atriði hinn 21. apríl 1944, en sýknukröfunni var hrundið með úrskurði dómsins, upp kveðnum 2. maí f. á. Úrskurðurinn var eigi kærður til hæstaréttar, en málið tekið fyrir af nýju 13. júní 1944, og að loknum gagnasöfunum var málið tekið til munnlegs málflutnings í réttarhaldi 9. nóvember 1944. Af ástæðum, sem getur um í málinu, varð munnlegur málflutningur ekki háður fyrr en 3. janúar 1945, svo sem fyrr greinir.

Stefnandi hefur við lokamálflutninginn lækkað stefnukröfu sína þannig, að frá kr. 109417.85 dragist kr. 25517.00, sbr. rskj. nr. 28, og er því krafa hans kr. 83900.85 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði.

Stefndu mótmæla kröfum stefnanda og krefjast sýknu í málinu og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómarans.

Málavextir eru sem hér segir:

Hinn 8. september 1941 sendi Gísli Jónsson í umboði Sviða h/f í Hafnarfirði tilboð til Hrímfaxa h/f, sem eru stefnendur í máli þessu, um sölu á 88 hlutabréfum Sviða h/f, og skyldi kaupverð vera kr. 18500.00 á hvert bréf, að nafnverði kr. 1500.00. Auk þess fylgdu kaupunum 8 hlutabréf, sem félagið átti sjálft. Kaupverð alls skyldi vera kr. 1628000.00, og skyldu fylgja bréfunum allar eignir félagsins samkvæmt lista yfir eignir og skuldir, sem umboðsmaður lét fylgja og hafði undirritað. Stjórn h/f Hrímfaxa, stefnandi í máli þessu, samþykkti sölutilboðið með áritun á það og áskildi í samþykkinu, að efnahagsreikningurinn (framangreindur listi um eignir og skuldir) væri réttur í *öllum verulegum atriðum*. Á tímabilinu frá 8. sept. til 25. sept. 1941 var af hálfu stefnanda gerð nokkur athugun á bókum Sviða h/f, og virtist stefnanda vantaldar skuldir á listann í 7 liðum, samtals að upphæð kr. 76835.10, að því er stefnanda segist frá. Aðilja greinir nokkuð á um það, hvort listi þessi hafi verið ræddur, eða að minnsta kosti, að hve miklu leyti, á sameiginlegum fundi aðilja hinn 25. sept. 1941. Umboðsmaður stefnanda segir, að listinn hafi legið fyrir fundinum og rætt hafi verið um alla 7 liðina, en umboðsmaður stefndu kveðst aðeins muna eftir, að stefnandi hafi „röflað" eitthvað, en viðurkennir þó, að muna eftir, að fjóra liðina var minnzt á. En hvað sem réttast kann að vera um þetta atriði, er viðurkennt af báðum, að fundinum lauk með undirskrift beggja aðilja undir samkomulag eða yfirlýsingu, sem liggur fyrir í málinu, þar sem seljendur (stefndu) lækkuðu kaupverðið um 28000.00 kr., og kaupandi (stefnandi) fellur frá að gera athugasemdir við uppgerð á eignum og skuldum seljenda og „tekur á sig allar skuldir og skuldbindingar félagsins og eignir þess undantekningarlaust, og falla báðir aðiljar frá að gera nokkrar athugasemdir síðar, enda er kaupanda kunnugt um allar ráðstafanir, er félagið hefur gert til þessa dags í sambandi við félagið."

Eftir áramót 1942 athugaði G. E. Nielsen endurskoðandi bókhald Sviða h/f frá undanförnum árum samkvæmt fyrirmælum ríkisskattanefndar, og 4. marz 1942 skrifaði ríkisskattanefndin stefnanda, þáverandi eiganda Sviða h/f, og tilkynnti athugun þessa og lét fylgja skýrslu endurskoðandans. Var tekið fram í bréfinu, að búast mætti við skatthækkun, reista á skýrslunni. Stefnandi sendi umboðsmanni stefndu bréfið og skýrsluna þegar í stað og tók jafnframt fram, að hann sem kaupandi hlutabréfanna teldi sér væntanlegar skattahækkanir óviðkomandi, og bæri fyrri eigendum að gera athugasemdir við skýrsluna. Hinn 14. marz 1942 svaraði umboðsmaður stefndu með bréfi og lýsir yfir því, að stefndu telji sér málið

óviðkomandi með skírskotun til samkomulagsins frá 2⅝ 1941 og annarra skjala snertandi sölu hlutabréfanna. Hinn 23. marz s. á. var umboðsmanni stefndu svarað bréflega og honum tilkynnt enn, að stefnandi telji sér athugasemdir endurskoðenda og væntanlegar skatthækkanir á félagið fyrir árið 1940 óviðkomandi, og kveðst muni sækja seljendur hlutabréfanna um endurgreiðslu, ef nýr skattur af þeim ástæðum verði lagður á Sviða h/f og ef kaupandi (stefnandi) skyldi neyðast til að greiða hann um stundarsakir.

Hinn 18. maí 1942 fékk stefnandi bréf frá ríkisskattanefnd, þar sem tilkynntur er úrskurður nefndarinnar, en samkvæmt honum voru skattar Sviða h/f fyrir 1940 hækkaðir þannig: Tekjuskattur úr kr. 78540.00 í kr. 120640.00. Stríðsgróðaskattur úr kr. 29115.00 í kr. 65952.00, og eignarskattur úr 3450.80 í kr. 3856.70. Var 14 daga frestur veittur til svars um löglega fjáryfirfærslu í nýbyggingarsjóð. Út af þessu skrifar stefnandi umboðsmanni stefndu bréf hinn 6. júní, endurtekur fyrri afstöðu sína til skatthækkana og sendir afrit af bréfi ríkisskattanefndar, til þess að umboðsmaður stefndu eða þeir sjálfir geti svarað athugasemdunum. Enn fremur kveðst stefnandi muni krefja endurgreiðslu á þeim sköttum, sem hann kunni að verða tilneyddur að greiða.

Umboðsmaður stefndu svaraði þessu bréfi 18. s. m. og kveður umbjóðendur sína standa við allar fyrri yfirlýsingar. Kveður stefnanda verða að bera ábyrgð á vanrækslu, ef hann geri sig sekan í henni. Mótmælir allri ábyrgð á skattaútreikningi eða skattskyldu Sviða h/f.

Þá var óskað lögtaks hjá Sviða h/f, og skrifar stefnandi þá enn bréf til umboðsmanns stefndu, minnir á skattahækkanirnar, endurtekur ábyrgðarleysi sitt á hækkunum og áskilur sér endurgreiðslurétt, ef hann verði að greiða þær. Tilkynnir, að lögtakið muni hefjast sama dag kl. 2, til þess að umboðsmanni stefndu eða þeim sjálfum veitist kostur á að mæta. Bréfi þessu svarar umboðsmaður stefndu samdægurs og kveðst vera fús til að mæta í lögtaksmálinu og veita umboðsmanni stefnanda aðstoð, án þess að viðurkenning á nokkrum skyldum umbjóðenda sinna til greiðslu skattauka felist í því. Enn segist stefnandi hafa skrifað umboðsmanni stefndu bréf 7. ágúst og spurzt fyrir um varnir, sem hann kynni að vilja láta koma fram við lögtaksgerðina, en hann svarar 31. ágúst, að lögtaksmálið sé sér óviðkomandi og verði stefnandi að svara að öllu leyti til sakar.

Lögtak var úrskurðað, og greiddi stefnandi þá skattaukana. Voru það samtals kr. 79343.40. Er stefnt fyrir þeirri upphæð og kr. 4250.59 að auki, sem var 10% viðauki við skattana, en síðar hefur stefnandi dregið kr. 25517.00 frá þessum upphæðum samkvæmt upplýsingum Nielsens endurskoðanda um, að sú upphæð

hafi verið offærð á árið 1940, sbr. rskj. nr. 28. Er því stefnukrafa þessa liðs samtals kr. 58076.99.

Tvær aðrar upphæðir hefur stefnandi greitt og telur sig eiga endurgreiðslurétt á:

1. Stríðstryggingariðgjald og stimpilgjald frá 1940, sem ekki hafði verið tekið með á efnahagsreikning 31. des. 1940, kom hvergi fram í bókhaldi félagsins og kom fyrst fram á árinu 1942, £ 825:6:9, eða ísl. *kr. 21531.86*.
2. Kr. 4292.00 til Stríðstryggingarfélags íslenzkra skipshafna fyrir árið 1941, en sú upphæð var ekki færð í bækur félagsins, og kveður stefnandi sér hafa verið ókunnugt um þá upphæð fyrr en um áramót 1942—1943.

Stefnandi rökstyður kröfur þessar með því, að hér sé um „faldar" skuldir að ræða, sem ekki geti hafa fallið undir samkomulagið frá 25. sept. 1941, því hann hafi ekki haft nokkra hugmynd um, að þessar kröfur gætu komið fram, þar sem stefndu ekki hafi látið þeirra getið, og sjálfur hafi stefnandi aðeins látið fram fara lauslega tölulega athugun á bókum félagsins, en enga „kritiska" endurskoðun.

Stefndu halda því hins vegar fram, að greint samkomulag frá 25. sept. 1941 hafi átt að vera „endir allrar deilu", og geti stefnandi því enga kröfu haft í frammi á hendur þeim, frá því hafi verið gengið með þeim 28 þús. króna afslætti, sem veittur var á kaupverði bréfanna. Hefur umboðsmaður stefndu látið þess sérstaklega getið, að hann hafi sjálfur orðað samkomulagið og talið sig undirhyggjulaust hafa tekizt að láta það koma greinilega fram í orðalagi, að þetta ætti að vera „endir allrar deilu" um skuldir og eignir. Enn fremur hefur því verið haldið fram af hálfu stefndu, að kaupin hafi verið kaupendum svo hagstæð og þeir með þeim hagnazt svo mikið á seljanda, að hann eigi frekar endurgreiðslurétt á hendur þeim. Stefnandi hefur haldið því fram, að hið síðast talda skipti ekki á neinn hátt máli, með því allt hafi verið selt fyrir fast verð, og telur dómarinn þá skoðun rétta, eftir því sem fyrir liggur í málinu.

Dómarinn lítur svo á, að úrslit málsins hljóti að velta aðallega á tveim atriðum. Í fyrsta lagi, hvort stefnandi var tilneyddur að greiða sjálfur af hendi þær kröfur, sem hann hefur stefnt út af, og í öðru lagi, hvort endurgreiðsluréttur á hendur stefndu getur samrýmzt samkomulagi aðilja frá 25. sept. 1941 eða ekki. Það virðist tvímælalaust um allar þær kröfur, sem hér koma til greina, að stefnandi varð að hlíta því, að gengið væri að honum fyrir þessum skuldum, þar sem hann hafði við kaup hlutabréfanna tekið við eignum og skuldum hlutafélagsins og átti út á við að svara til skuldanna, hvernig sem endurgreiðslurétti á hendur stefndu

væri varið á milli aðilja sjálfra. Í þeim tilfellum var einnig um svo réttháar kröfur að ræða, að stefnanda var raunverulega ókleift að skjóta sér undan greiðslu þeirra. Samkomulagið frá 25. sept. 1941 er að orðalagi mjög víðtækt, sérstaklega þar sem sagt er, að kaupandi *„tekur á sig allar skuldir og skuldbindingar félagsins og eignir þess undantekningarlaust."* En þegar nánar eru athuguð ákvæði eða ummæli skjalsins, sést að þetta er byggt á forsendum, sem takmarka allmikið svið þessa víðtæka orðalags. Í lok þriðju málsgreinar segir *„enda er kaupanda kunnugt um allar ráðstafanir, er félagið hefur gert til þessa dags í sambandi við félagið."* Í þessari setningu hlýtur að felast sá fyrirvari, að hann nái aðeins til þeirra ráðstafana, sem kaupanda *gat* verið kunnugt um eða hægt var að ætlast til, að hann byggist við eða hefði eitthvað tilefni til að ráða í. Samkvæmt þessum skilningi virðist augljóst, að þær ráðstafanir, sem urðu til þess, að greindar stefnukröfur komu fram síðar og féllu á stefnanda, svo hann sá sér ekki fært annað en að greiða skuldina upp á væntanlega endurgreiðslu, komast ekki undir hina síðarnefndu málsgrein samningsins, því ekki var hægt að ætlast til þess, að stefnanda væri kunnugt um, að rannsókn myndi fara fram á bókhaldi félagsins með þeim árangri, að félagið reyndist hafa haft þá galla á bókhaldi eða talið þannig fram til skatts, að rannsókn leiddi til stórfelldra skatthækkana um fleiri ár aftur í tímann. Sama má segja um það, að þeim er ekki bent á, að kröfur myndu koma fram fyrir liðinn tíma fyrir lögboðin stríðstryggingariðgjöld, stimpilgjöld og gjöld til stríðstryggingarfélags íslenzkra skipshafna, úr því ekki var getið um það á eigna- og skuldalista eða í bókum félagsins. Virðist eðlilegast að líta svo á, að kvartanir stefnanda yfir þeim kr. 76835.10, sem hann heldur fram, að hafi virzt vantaldar skuldir hinn 25. sept. 1941, hafi gefið tilefni til þess, að 28000 kr. afslátturinn var veittur, en ekki hafi verið gert ráð fyrir því hvorki af seljendum eða kaupendum, að hærri skuldir ættu eftir að reynast vantaldar. Verður seljendum ekki ætluð sú undirhyggja, að reyna að hylja vitund sína eða grun um slíkar skuldir, sem stefnt er fyrir í máli þessu, með hlutdeild sinni í samkomulaginu og orðalagi þess í þeim tilgangi að velta þeim á kaupanda og nota sér þannig, að hann hlaut að vera grandlaus um tilveru skuldanna.

Samkvæmt framanrituðu er það skoðun dómarans, að hinar umstefndu kröfur falli ekki undir margnefnt samkomulag aðilja frá 25. sept. 1941. Þegar af þeirri ástæðu og með skírskotun til framanritaðs ber að taka kröfur stefnanda að öllu leyti til greina og dæma stefndu til þess að greiða stefnanda in solidum stefnukröfuna, kr. 83900.85, ásamt 6% ársvöxtum frá 26. október 1943 af kr. 79650.26 til 13. nóvember 1943, en frá þeim degi 6% ársvextir af kr. 83900.85 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað.

Þess ber að geta, að á meðan mál þetta var fyrir rétti, dó einn hinna stefndu, Ásgrímur Sigfússon framkvæmdarstjóri, en umboðsmaður hinna stefndu hefur svarað til saka fyrir dánarbú hans.

Því dæmist rétt vera:

Hinir stefndu, dánarbú Ásgríms Sigfússonar, Ásgeir Stefánsson og Þórarinn Egilson, greiði stefnandanum, Garðari Þorsteinssyni f. h. Sviða h/f, in solidum kr. 83900.85 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. október 1943 af kr. 79650.26 til 13. nóv. 1943, en frá þeim degi 6% ársvextir af kr. 83900.85 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. október 1946.

Kærumálið nr. 14/1946. **Ásgrímur Albertsson**
gegn
Erlendi Þorsteinssyni.

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Synjun frests.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Í kærumáli þessu, sem hæstarétti hefur verið sent með bréfi bæjarfógeta Siglufjarðar, dags. 25. f. m. og hingað komnu 1. þ. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Siglufjarðar 19. f. m., þar sem sóknaraðilja er synjað um frekari frest varnaraðilja gegn honum.

Hæstarétti hefur borizt greinargerð frá sóknaraðilja. Krefst hann þess, að úrskurði héraðsdómara verði hrundið og honum veittur nægilegur frestur til vitnaleiðslu í málinu.

Varnaraðili hefur hvorki sent hæstarétti kröfur né greinargerð í kærumálinu.

Á dómþingi 9. maí þ. á. lagði sóknaraðili fram vottorð tveggja manna, og voru vottorð þessi tekin gild sem staðfest væru af umboðsmanni varnaraðilja. Var öflun gagna þá talið lokið og dagur til munnlegs málflutnings ákveðinn.

Þar sem héraðsdómari hafði þá ekki ástæðu til að leiðbeina sóknaraðilja um öflun frekari gagna, verður sóknaraðili að teljast bundinn við ákvörðun þá, sem tekin var í málinu, og á hann því ekki rétt til frekari frests. Samkvæmt þessu bera að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Siglufjarðar 19. september 1946.

Aðiljar málsins eru Erlendur Þorsteinsson, framkvæmdarstjóri Síldarútvegsnefndar, Siglufirði, sem stefnandi, og sem stefndi Ásgrímur Albertsson gullsmiður, Siglufirði, við málshöfðunina ritstjóri og ábyrgðarmaður blaðsins Mjölnis.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 14. febr. s. l., og málið þingfest 21. febr. 1946, en samkvæmt stefnunni stefnir stefnandi stefnda fyrir átalin ummæli í grein blaðsins Mjölnis frá 23. jan. 1946, er kom út „í blaðinu undir fyrirsögninni: Hvers vegna er Erlendur Þorsteinsson andvígur byggingu niðursuðuverksmiðju“ til refsingar fyrir ummælin, til ómerkingar ummælanna og til greiðslu bóta fyrir mannorðsspjöll þau, er ummælin valdi.

Við þingfestingu málsins 21. febr. s. l. lagði stefnandi fram greinargerð af sinni hálfu, en stefndi sendi þá aðilja-spurningu til stefnanda, sem stefnandi svaraði. Bað stefndi svo um frest í málinu til 9. maí s. l. og fékk hann. 9. maí s. l. leggur stefndi svo fram greinargerð af sinni hálfu og leggur fram vottorð frá Tryggva Helgasyni síldarútvegsnefndarmanni og annað vottorð frá Kristjáni Eyfjörð síldarútvegsnefndarmanni, og hljóðuðu bæði vottorðin um stefnanda á síldarútvegsnefndarfundi *24. ágúst 1945*. Stefndi gagnspyr og formann Síldarútvegsnefndar, sem stefnandi hafði leitt sem vitni í réttarhaldi í málinu 9. maí s. l. Svo langt frá því að biðja þá um frest til vitnaleiðslu, sem málavextir benda til, að að ekki hefði fengizt gegn mótmælum gagnaðilja, samþykkir stefndi með stefnanda, að öflun gagna skuli lokið, og báðir aðiljar biðja um sameiginlegan frest til 23. maí s. l. til þess að *flytja* málið, og var sá frestur veittur. Með bréfi, dags. 15. maí s. l., krefst stefndi, að öflun gagna verði tekin upp aftur í málinu, og vill fá frest til nýrrar vitnaleiðslu um, hvað stefnandi hafi sagt og gert á fyrrgreindum fundi Síldarútvegsnefndar 24. ágúst 1945 og réttarhaldi málsins 23. maí s. l. Tekur umboðsmaður stefnanda hin

framlögðu áðurnefndu vottorð téðra síldarútvegsnefndarmanna gild sem eiðfest væru.

Bókun réttarhaldsins 9. maí ber með sér, að stefndi hefur eigi þá beðið dómarann um frest til vitnaleiðslu, enda gerði stefndi það eigi, eins og þó umrætt bréf frá 15. maí s. l. vill vera láta, enda gat slíkt ekki samrýmzt því að samþykkja, að öflun gagna væri lokið, auk þess sem málavextir stefnda til frestunar hefðu verið þeir, að stefndi hafði þá í einu haft frest í málinu frá 21. febr. s. l. til 9. maí, og notaði þann frest til þeirrar einnar gagnaöflunar að gagnspyrja eitt vitni, er stefnandi leiddi, og leggja fram tvö vottorð fyrrgreindra síldarútvegsnefndarmanna um það, er fram hafði farið af hendi stefnanda á síldarútvegsnefndarfundi 24. ágúst 1945. Auk þess viðurkennir stefndi, að dómarinn hafi brýnt fyrir stefnda, er hann fékk frest, að nota hann vel til öflunar gagna. Að vísu segir stefndi, að hann muni ekki, hvort dómarinn tæki fram, að nota bæri frestinn til vitnaleiðslu, en hann kveðst þó muna, að dómarinn hafi lagt ríka áherzlu á, að málinu yrði hraðað sem frekast mætti. Auðvitað er vitnaleiðsla öflun gagna, og eigi er málinu hraðað eftir mætti, ef vitnaleiðslu í því er ekki hraðað eftir beztu getu.

Í fyrirtöku málsins 23. maí s. l. heldur stefndi enn fast við upptöku öflunar nýrra gagna í málinu, en umboðsmaður stefnanda tekur þá gild sem eiðfest umrædd vottorð síldarútvegsnefndarmanna Tryggva Helgasonar og Kristjáns Eyfjörðs. Fellur þá úrskurður dómarans, er neitar stefnda um frekari frest. Úrskurði þeim áfrýjar svo stefndi til hæstaréttar, er nemur úrskurðinn úr gildi af ástæðum, er eigi víkja að því, hvort stefndi hafi rétt til umbeðins frests eða eigi, og vísar frestbeiðninni heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Af því, er framan segir, er ljóst, að stefndi hefur, þrátt fyrir að stefndi viðurkennir áminningar dómarans að nota frestinn vel til öflunar gagna, ekki notað frestinn frá 21. febr. til 9. maí, svo sem skylt var og dómarinn benti honum á, og við það gegnum neitun stefnanda ekki haft frekari rétt til frekari frests til frekari gagnaöflunar. Verður þetta enn auðsærra, er stefndi 9. maí samþykkir, að öflun gagna sé lokið, og ásamt stefnanda biður um sameiginlegan frest til þess að flytja málið, en áður en byrjað er að flytja málið, ber vitnaleiðslu að vera lokið, svo sem lög greina.

Fyrir því úrskurðast:

Stefnda, Ásgrími Albertssyni, verður eigi gegn mótmælum gagnaðiljans veittur frekari frestur til vitnaleiðslu í máli þessu.

Miðvikudaginn 16. október 1946.

Nr. 56/1945. **Holger P. Gíslason** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Benedikt Sigfússyni
(Hrl. Garðar Þorsteinsson).

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað Árna Tryggvasonar.

Bifreiðaslys. Skaðabótamál.

Dómur hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20. apríl 1945. Gerir hann þær dómkröfur, aðallega að hann verði sýknaður, en til vara, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, verði lækkuð. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Bætur stefnda til handa fyrir tjón það, er í 4. og 5. kröfulið getur, þykja hæfilega ákveðnar kr. 12500.00 samtals. Ákvæði héraðsdóms um aðra liði bótakröfunnar þykir mega staðfesta. Ber því að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 13560.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 30. júní 1944 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda samtals kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Holger P. Gíslason, greiði stefnda, Benedikt Sigfússyni, kr. 13560.00 með 5% ársvöxtum frá 30. júní 1944 til greiðsludags og samtals kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 21. marz 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var þ. 20. þ. m., er höfðað fyrir aukarétti Eyjafjarðarsýslu, en var síðan með samkomulagi aðilja rekið fyrir bæjarþingi hér með stefnu, útgefinni 30. júní f. á., af Benedikt Sigfússyni húsmanni, Hofi, Arnarneshreppi, gegn Holger P. Gíslasyni rafvirkja, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðarslyss, að fjárhæð kr. 44060.00, með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara lækkunar á kröfum stefnanda.

Atvik máls þessa eru þau, að þann 2. júlí 1943, laust fyrir kl. 8 síðdegis, var stefnandi á ferð gangandi eftir veginum fyrir sunnan Hvamm í Arnarneshreppi með hestvagn, en svarðarhlass var á vagninum. Fólksbifreiðin R 129, sem stefndi stýrði og var einkabifreið hans, kom á eftir stefnanda og ætlaði að aka fram hjá honum hægra megin á veginum, en stefnandi hafði, að því er stefnda virtist, numið staðar á vegkantinum vinstra megin með hestinn og vagninn. Vegurinn er mjór á þessu svæði. Stefndi ók hægt og varlega, á fyrsta hraðastigi, er hann ætlaði fram hjá hestvagninum. Í tjónstilkynningunni til vátryggingarfélagsins Baltica segir stefndi, að þegar hann ætlaði að aka fram hjá, hafi vinstri afturhlíf bifreiðarinnar kræktzt fyrir hjólöxul vagnsins með þeim afleiðingum, að vagninum hvolfdi og stefnandi varð undir svarðarhlassinu. Við aðiljayfirheyrslu í málinu síðar hélt stefndi því fram svo og vitni, er með honum voru í bifreiðinni, að hesturinn hafi fælzt, þegar bifreiðin var komin á hlið við hestinn og vagninn, og samtímis því hafi hjóli vagnsins og aurhlíf bifreiðarinnar lent saman, enda kom dæld í aurhlífina. Stefndi nam samstundis staðar, og fór hann og samferðafólk hans út úr bifreiðinni og hjálpuðu stefnanda á fætur.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi ekið hratt og bifreiðin hafi ekið utan í hestvagninn, þannig að vagninn valt út af veginum á hvolf, en hesturinn hafi hrökklazt út af veginum, en annars ekki sakað. Stefnandi, sem gekk við hlið hestsins vinstra megin, kvaðst hafa orðið undir vagninum, en hesturinn hafi dregið hann ofan af sér.

Stefnandi hlaut nokkur meiðsl af áfalli þessu, sem virðast hafa verið mar í hægri öxl. Hann lá aldrei rúmfastur, en varð óvinnufær vegna stirðleika og sársauka í axlarliðnum. Samkvæmt læknisrannsókn, er fór fram 1. febr. 1944, hafði hægri handleggur rýrnað nokkuð, og var talsvert minna afl í hægri hendi en vinstri. Var stefnandi þá talinn algerlega óvinnufær og ólíklegt talið, að hann muni nokkurn tíma verða það aftur.

Stefnandi var 68 ára gamall, er slysið varð, og telur sérfræð-

ingur, er athugað hefur skýrslur læknanna varðandi meiðsl stefnanda, að elli hans sé því valdandi, að hann hafi ekki fengið fullan bata eftir 1—2 mánuði.

Stefnandi byggir skaðabótakröfu sína á því, að stefndi hafi átt sök á slysinu með ógætilegum akstri. Stefndi byggir hins vegar sýknukröfu sína á því, að hann hafi sýnt alla varúð, er honum bar, en orsök slyssins liggi í því, að stefnandi hafi ekki haft stjórn á hestinum.

Atvik slyssins eru ekki alls kostar ljós, enda er lögregluréttarskýrsla tekin af stefnanda 7 mánuðum eftir slysið, og stefndi ásamt vitnum þeim, er með honum voru í bifreiðinni, gefa skýrslu fyrir dómi 15½ mánuði, eftir að slysið varð. Stefndi virðist ekki hafa gert löggæzlumanni aðvart um slysið samkvæmt 9. gr. umferðarlaga nr. 24 1941. Tjónstilkynning stefnda til vátryggingarfélagsins Baltica er rituð þremur dögum eftir, að slysið varð, og verður því að teljast betra sönnunargagn í málinu, þar sem hún er útgefanda í óhag, heldur en skýrsla stefnda fyrir dómi og vitna, er með honum voru í bifreiðinni, sem tekin var 15½ mánuði síðar. Það er og upplýst með vitnaleiðslum, að hestur sá, er var fyrir vagninum, var vanur bifreiðaumferð og ófælinn. Bendir það og ekki til, að hesturinn hafi fælzt, að þegar stefndi og vitnin komu út úr bifreiðinni, stóð hesturinn utan við veginn og virðist ekki hafa verið á hreyfingu.

Ekki verður séð, að stefnandi hafi sýnt af sér óvarkárni, er slysið varð.

Hins vegar er eigi heldur sýnt, að slysið hefði hlotið að vilja til, þrátt fyrir alla aðgæzlu og varkárni af hálfu bifreiðarstjórans, stefnda í máli þessu. Verður því að telja stefnda skylt að bæta stefnanda tjón af slysinu samkvæmt 34. gr. bifreiðalaga nr. 23 1941.

Bótakröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Lækniskostnaður	kr.	30.00
2.	Ferðakostnaður á læknisfund	—	30.00
3.	Bætur fyrir sársauka og óþægindi, þ. á m. taugaáfall	—	5000.00
4.	Bætur fyrir vinnumissi til útgáfudags stefnu ..	—	9000.00
5.	Bætur fyrir tapaða vinnuorku	—	30000.00
		Samtals kr.	44060.00

Stefndi hefur viðurkennt tvo fyrstu liði bótakröfunnar, og verða því einungis 3.—5. liðir athugaðir.

Um 3. Þessum lið mótmælir stefndi sem allt of háum, einkum að því er varðar bætur fyrir taugaáfall, þar eð ekkert hafi komið fram, er gefi tilefni til að álíta, að stefnandi hafi fengið tauga-

áfall. Virðast þau mótmæli á rökum byggð, og þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 1000.00.

Um 4. Stefnandi var 68 ára gamall, er slysið varð. Hann var ásamt aldraðri konu sinni, sem nú er látin, í húsmennsku og ekki fullkominn verkmaður sökum aldurs og slits. **Framfæri sitt hafði** hann af nokkrum skepnum, er hann hirti og heyjaði fyrir. Hafa tekjur hans því verið mjög lágar. Þykir því tjón stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega metið kr. 4500.00.

Um 5. Með tilvísun til þess, sem segir um kröfulið 4, og með tilliti til þess, að ekki liggur fyrir örorkumat og ekki er útilokað, að stefnanda kunni eitthvað að batna, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega áætlaðar kr. 12000.00.

Telst tjónið af umræddu slysi þannig hafa numið kr. 17560.00, sem stefnda ber að greiða stefnanda auk málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Holger P. Gíslason, greiði stefnandanum, Benedikt Sigfússyni, kr. 17560.00 með 5% ársvöxtum frá 30. júní 1944 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. október 1946.

Kærumálið nr. 15/1946. **Ásgrímur Albertsson**
gegn
Erlendi Þorsteinssyni.

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Ómerking úrskurðar.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur upp kveðið hinn kærða úrskurð.

Í kærumáli þessu, sem hæstarétti hefur verið sent með bréfi bæjarfógeta Siglufjarðar, dags. 25. f. m. og hingað komnu 1. þ. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Siglufjarðar 19. f. m., þar sem sóknaraðilja er synjað um frekari frest í máli varnaraðilja gegn honum.

Hæstarétti hefur borizt greinargerð frá sóknaraðilja.

Krefst hann þess, að úrskurði héraðsdómara verði hrundið og honum veittur nægilegur frestur til vitnaleiðslu í málinu. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Varnaraðili hefur hvorki sent hæstarétti kröfur né greinargerð í kærumálinu.

Í blaðagrein þeirri, sem í úrskurðinum getur, bar sóknaraðili varnaraðilja það á brýn, að hann hafi keypt og fengið innfluttan sykur frá Ameríku handa sænskum síldarkaupmönnum og látið hagsmuni þeirra sitja í fyrirrúmi fyrir hagsmunum Síldarútvegsnefndar, er hann starfaði fyrir.

Á dómþingi 9. maí þ. á. lýsti varnaraðili yfir því, að tveir nafngreindir menn í Síldarútvegsnefnd, atvinnumálaráðherra og einhver úr Viðskiptaráði hefðu verið ásáttir um að greiða fyrir sykurinnflutningnum, er hann hefði rætt við þessa aðilja um það efni.

Á dómþingi þessu var öflun gagna talið lokið og dagur til til munnlegs málflutnings ákveðinn. Er flytja skyldi málið munnlega, æskti sóknaraðili 4 vikna frests til þess að fá skýrslu ofangreindra aðilja fyrir dómi. Vitnaskýrslur þeirra gátu skipt máli um sakarefnið, og bar því dómaranum þegar 9. maí að benda sóknaraðilja á það og spyrja hann, hvort hann vildi kveðja þá vættis. Ekki verður séð, að dómarinn hafi leiðbeint sóknaraðilja, sem er ólöglærður, um þessi atriði, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936. Af þessu leiðir, að sóknaraðili hafði ekki fyrirgert rétti til frests þess, sem hann bað um 23. maí þ. á. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 100.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Erlendur Þorsteinsson, greiði sóknaraðilja, Ásgrími Albertssyni, kr. 100.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Siglufjarðar 19. september 1946.

Aðiljar málsins eru Erlendur Þorsteinsson, framkvæmdarstjóri Síldarútvegsnefndar, Siglufirði, sem stefnandi, sem stefndi Ásgrímur Albertsson gullsmiður, Siglufirði, við málshöfðunina ritstjóri og ábyrgðarmaður blaðsins Mjölnis.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 14. febr. s. l., og málið þingfest 21. febr. 1946, en samkvæmt stefnunni stefnir stefnandi stefnda fyrir átalin ummæli í grein blaðsins Mjölnis, er kom út 23. jan. 1946 í Siglufirði með fyrirsögninni „Fáheyrt hneyksli", til refsingar fyrir ummælin, til ómerkingar ummælanna og til greiðslu bóta fyrir mannorðsspjöll þau, er ummælin valdi.

Við þingfestingu málsins 21. febr. s. l. lagði stefnandi fram greinargerð af sinni hálfu. Það stefndi svo um frest í málinu til 9. maí og fékk hann, og lagði dómarinn um leið og hann veitti frestinn ríka áherzlu á það við stefnda, að hann notaði hann vel til gagnaöflunar og að málinu yrði hraðað sem mest, að hægt væri, og viðurkennir stefndi það. 9 maí leggur stefndi svo fram greinargerð af sinni hálfu og spyr stefnanda aðiljaspurningar, sem hann hann fær svarað. Svo langt frá því að biðja þá um frest til vitnaleiðslu, sem vannotkun stefnda á þegar veittum löngum fresti bendir til, að ekki hefði fengizt gegn mótmælum andaðiljans, samþykkir stefndi með stefnanda, að öflun gagna skuli lokið, og með stefnanda biður um sameiginlegan frest til 23. maí til þess að flytja málið. Var þá frestur veittur. Bókun réttarhaldsins 9. maí s. l. ber með sér, að stefndi hefur eigi þá beðið dómarann um frest til vitnaleiðslu, enda gerði stefndi það ekki. Málavextir stefnda til nýs frests 9. maí til vitnaleiðslu hefðu og verið þeir, að stefndi hafði ekkert notað hinn langa frest frá 21. febrúar til 9. maí, sem stefndi hefur viðurkennt, að dómarinn hafi áminnt hann um að nota vel til gagnaöflunar.

Stefnda var innan handar fyrir 9. maí að hafa leitt þau vitni, er hann vildi leiða og hann taldi til styrktar sínum málstað, en þegar hann hirðir eigi um slíkt og það þrátt fyrir áminningu og leiðbeiningu dómarans um að nota vel frestinn, hlýtur slík vannotkun langs frests að leiða til, að stefndi nú getur eigi fengið nýjan frest til þess að leiða vitni um þau atriði, er hann hefði getað fyrir 9. maí hafa leitt.

Því úrskurðast:

Stefnda, Ásgrími Albertssyni, verður eigi gegn mótmælum stefnanda veittur frekari frestur til vitnaleiðslu í máli þessu.

Föstudaginn 18. október 1946.

Nr. 69/1946. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Ragnar Ólafsson)
gegn
Friðrik Jónssyni (Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Bifreiðarslys. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Bifreið ákærða rann a. m. k. þrjár lengdir sínar, frá því að ákærði byrjaði að hemla og þar til hún nam staðar. Má af því ráða, að henni hafi verið ekið óhæfilega hratt, eins og á stóð. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að refsing ákærða verði 60 daga varðhald og að hann sé sviptur ökuleyfi 3 ár.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 500 krónur til hvors.

Rannsókn þessa máls er í ýmsum greinum ábótavant. Lögreglumenn fóru ekki á vettvang fyrr en daginn eftir, að slysið varð, enda þótt lögreglunni væri tilkynnt það samdægurs. Réttarpróf er ekki hafið fyrr en 28. september f. á. og því eigi haldið áfram með nægilegum hraða. Hvorki hefur ákærði né farþeginn í bifreiðinni verið spurðir um það, hvort ákærði hafi gefið hljóðmerki, er hann nálgaðist börnin. Er þetta aðfinnsluvert.

Dómsorð:

Ákærði, Friðrik Jónsson, sæti varðhaldi 60 daga. Hann skal sviptur ökuleyfi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verj-

anda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Ólafssonar og Sveinbjörns Jónssonar, 500 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. febrúar 1946.

Ár 1946, þriðjudaginn 12. febrúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 3553/1945: Réttvísin og valdstjórnin gegn Friðrik Jónssyni, sem tekið var til dóms 24. janúar s. l.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Friðrik Jónssyni bifreiðarstjóra, Ránargötu 10 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla hegningarlaga nr. 19 12 febr. 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25. september 1904. Hinu 10. október 1944 var hann með réttarsætt sektaður um 20.00 krónur fyrir ólöglegan flutning fólks, en að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu. Hinn 15. ágúst s. l. vann ákærði með bifreið sinni, vöruflutningabifreiðinni R 2644, að malarakstri í veg á Sandskeiði. Síðari hluta dagsins, þegar ákærði var hættur vinnu, ók hann bifreiðinni vestur Suðurlandsbraut áleiðis til Reykjavíkur. Við hlið hans í stýrishúsinu sat Gunnleif Kristín Sveinsdóttir, sem á þeim tíma var matráðskona hjá vegavinnuflokknum á Sandskeiði, en aðrir voru ekki í bifreiðinni. Farmur var enginn á bifreiðinni, og hún var samkvæmt prófun lögreglunnar daginn eftir í góðu lagi. Veður var gott og þurrt, en sólskinslaust.

Þegar ákærði ók fram sjá Baldurshaga um klukkan 5,30 síðdegis, varð þriggja ára gömul stúlka, Erna Guðrún, dóttir Karls Svavars Þorsteinssonar veitingamanns á Baldurshaga fyrir bifreiðinni og beið bana af. Framan við veitingastaðinn Baldurshaga, sem stendur við Suðurlandsbrautina, er vegurinn sem næst 9 metra breiður, malborinn, en frá vegarbrúninni og heim að húsinu er malborið svæði, sem næst 11 metra breitt frá vegi að húsi og alllangt, og er enginn eða lítill sem enginn hæðarmunur á veginum og þessu svæði, og er til þess ætlazt, að aka megi bifreiðum hindrunarlaust af veginum inn á svæðið, hvar sem er, og öfugt. Er vegurinn og svæði þetta glöggt sýnt á hinum framlagða uppdrætti. Þenna dag fóru Erna heitin og tvö systkini hennar, 5 ára og 2 ára, til berja og voru að koma úr þeirri ferð, þegar slysið varð.

Þegar ákærði, sem var að öllu leyti vel fyrir kallaður, kom í

námunda við Baldurshaga, ók hann á vinstri vegarhelmingi með á að gizka 45 km hraða, miðað við klukkustund. Þegar hann tók eftir börnunum, sem þá stóðu í hóp á norðurbrún vegarins framundan vesturenda hússins, telur hann bifreiðina hafa verið í um 65 metra fjarlægð frá þeim. Virtist honum börnin vera róleg og engin merki sýna þess, að þau ætluðu yfir veginn. Ákærði ók áfram með óbreyttum hraða, en þegar hann átti ófarna um eina bifreiðarlengd að börnunum, hljóp Erna heitin þvert inn á veginn. Um leið og ákærði sá það, beygði hann til vinstri og hemlaði bæði með fót- og handhemlum, og álítur hann sig hafa hemlað eins mikið og unnt var. Þegar hann hafði breytt stefnu bifreiðarinnar, varð hann þess var, að barnið lenti á bifreiðinni, og virtist honum það lenda utan á hægra frambretti eða stigbretti. Telur hann, að barnið hafi þá verið komið á syðri vegkantinn. Bifreiðin stöðvaðist, þegar hún var komin rúmlega hálfa aðra lengd sína frá þeim stað, er ákærði telur hana hafa rekizt á barnið, og um þrjár lengdir bifreiðarinnar frá þeim stað, sem ákærði byrjaði að hemla á. Þegar bifreiðin hafði numið staðar, lá barnið meðvitunarlaust um eina lengd bifreiðarinnar aftan við hana.

Framanskráð atvikalýsing er samkvæmt framburði ákærða. Vitnið Gunnleif Kristín Sveinsdóttir, sem hjá honum sat í bifreiðinni, hefur skýrt frá atvikum efnislega samhljóða ákærða, svo langt sem skýrsla hennar nær. Hún kveður ökuhraðann hafa verið venjulegan utanbæjarhraða og alls ekki mikinn. Segir hún ákærða hafa dregið úr ökuhraða bifreiðarinnar, þegar hann nálgaðist börnin, en eigi kemur það þó alls kostar heim við skýrslu ákærða sjálfs.

Eigi voru önnur vitni að slysinu. Heimafólk í Baldurshaga var inni, þeim megin í húsinu, er frá veginum sneri.

Strax og ákærði hafði stöðvað bifreiðina, tók hann barnið upp og bar það inn í húsið, og tók faðir þess við því. Var síðan farið með það í skyndi á Landspítalann í bifreið, sem þarna var stödd. Þar andaðist það um kl. 8 síðdegis sama daga af afleiðingum slyssins. Við krufninguna kom í ljós höfuðkúpubrot og blæðing á heilann og innvortis lemstur, sem útlit var fyrir, að orsakazt hefðu af miklum þunga, sem lagzt hefði ofan á bringsmalir barnsins. Bendir þetta til þess, að barnið hafi að einhverju leyti orðið undir hjóli bifreiðarinnar, en ákærði telur þó útilokað, að svo hafi verið.

Faðir barnsins hefur haldið því fram, að bifreið ákærða hafi staðnæmzt litið eitt fjær árekstrarstaðnum en ákærði hefur haldið fram. Ósannað er, að svo hafi verið, og verður gengið út frá skýrslu ákærða um þetta atriði.

Þar sem ákærði sá þrjú smábörn á vegbrúninni framundan, bar honum skylda til að gæta sérstakrar varúðar gagnvart þeim,

því að af börnum á þessum aldri má ætíð búast við skyndilegum og gálauslegum hreyfingum, enda reyndist svo í þetta sinn. Verður að telja það skyldu bifreiðarstjóra, þegar eins stendur á og þarna, að aka eigi hraðar en svo, þegar komið er í námunda við börnin, en að unnt sé að stöðva bifreiðina þegar í stað, ef börnin hlaupa inn á veginn. Ákærði gætti ekki þessarar varúðar, og þykir hann því hafa ekið of hratt, eins og á stóð. Þetta varð meðorsök slyssins og þykir varða ákærða refsingu samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, 26. gr., 1. mgr., og 27. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23, 16. júní 1941 og 4. gr., 3. mgr., sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24, 16. júní 1941.

Refsingin þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna þykir bera að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum í 1 ár.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Sveinbjörns Jónssonar, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Friðrik Jónsson, sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði skal sviptur bifreiðarstjóraréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Sveinbjörns Jónssonar, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. október 1946.

Nr. 153/1945. **Réttvísin** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Jóhanni Hermanni Júlíussyni

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

og

Sigurði Björnssyni (Hrl. Lárus Fjeldsted).

Setudómari próf. Gunnar Thoroddsen í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Ákærði Jóhann Hermann Júlíusson þykir með vísun til þeirra raka, sem í héraðsdómi greinir, hafa unnið til refs-

ingar, og ákveðst hún samkvæmt þeim lögum, sem í dóminum eru talin, 5 mánaða fangelsi. Svo skal hann og sviptur réttindum til að vera stýrimaður um 5 ár.

Ákærða Sigurði Björnssyni mátti vera ljóst, að ákærði Jóhann Hermann hafði ekki nægilega útsýn til sjávar fram undan skipinu. Verður og að telja, að ákærða Sigurði hafi borið að vera þarna á verði ásamt stýrimanni. Ber því að refsa honum samkvæmt þeim refsilögum, sem getur í hinum áfrýjaða dómi. Ákveðst refsing hans 500 króna sekt, er afplánist 10 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað í héraði staðfestist.

Ákærði Jóhann Hermann Júlíusson greiði málsvarnarlaun verjanda síns í hæstarétti, kr. 500.00.

Ákærði Sigurður Björnsson greiði málsvarnarlaun verjanda síns í hæstarétti, kr. 500.00.

Allan annan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti greiði hinir ákærðu in solidum, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda í hæstarétti, kr. 600.00.

Próf máls þessa eru ekki nægilega rækileg, einkum um verkaskiptingu á skipinu.

Dómsorð:

Ákærði Jóhann Hermann Júlíusson sæti fangelsi 5 mánuði. Hann er sviptur rétti til stýrimennsku um 5 ár. Ákærði Sigurður Björnsson sæti 500 króna sekt, er afplánist varðhaldi 10 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestist.

Ákærði Jóhann Hermann Júlíusson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Sveinbjörns Jónssonar, kr. 500.00. Ákærði Sigurður Björnsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Lárusar Fjeldsteds, kr. 500.00.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði báðir

hinir ákærðu in solidum, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Gústafs A. Sveinssonar, kr. 600.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Ísafjarðar 2. október 1945.

Ár 1945, þriðjudaginn 2. október, var í sjó- og verzlunardómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóhanni Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta sem formanni dómsins með meðdómsmönnunum Haraldi Guðmundssyni skipstjóra og Kristjáni Kristjánssyni varahafnsögumanni, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn þeim Jóhanni Hermanni Júlíussyni stýrimanni, til heimilis að Hafnarstræti 5 á Ísafirði, og Sigurði Björnssyni háseta, til heimilis að Ránargötu 5 á Flateyri, fyrir brot gegn XXIII. kafla hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 68. gr. sömu laga, og sjómannalögum nr. 41/1930.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna.

Jóhann Hermann Júlíusson er fæddur 26. marz 1912 að Atlastöðum í Sléttuhreppi í Norur-Ísafjarðarsýslu, en Sigurður Björnsson 17. des. 1907 að Stóragarði í Mýrahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Ákærði Jóhann Hermann Júlíusson hefur sætt eftirtöldum refsingum.

1. 1937, 14. júní: Áminntur fyrir brot gegn 6. grein laga nr. 70/1931 um notkun bifreiða (of hraðan akstur).
2. 1944, 25. jan.: Sektaður um 25 krónur til bæjarsjóðs Ísafjarðar fyrir brot gegn 3. grein lögreglusamþykktar Ísafjarðar.

Ákærði Sigurður Björnsson hefur hvorki sætt ákæru né refsingu hér í umdæminu, svo kunnugt sé.

Tildrög málsins eru þessi:

Að kvöldi 25. júní 1944 var vélskipið Harpa Í.S. 42 frá Flateyri við fiskveiðar út af Haganesvík á Skagafirði. Er leið að miðnætti, var haldið af stað austur með landi og siglt í 1—2 sjómílna fjarlægð frá ströndinni. Var ferðinni heitið austur undir Tjörnes. Þegar komið var út af Almenningsnöf, sem er yzta nes austan Fljótavíkur, fór skipstjórinn, Guðmundur Sölvi Ásgeirsson frá Flateyri, af verði, en við tók stýrimaðurinn, Jóhann Hermann Júlíusson, ákærði í þessu máli, og með honum þeir Sigurður Björnsson háseti, meðákærði í máli þessu, og 1. vélstjóri, Guðmundur Ólafsson frá Flateyri. Út af Siglufjarðarmynni sigldi v.s. Harpa á færeyskan trillubát, sem þar var við handfæraveiði. Á bátnum var fjögra manna áhöfn, og drukknuðu þrír þeirra, en einum var bjargað.

Við rannsókn málsins hefur þetta upplýstst um nánari atvik að slysinu.

Formaður á hinum færeyska trillubát var Johan Beck frá Tværaa í Trangisvaagfirði, og var hann eigandi bátsins, sem nefndur var Brynhild. Hásetar voru Eli og Henning Beck, synir Johans Becks, og Clement Johannesen, og var hann frá sama stað í Færeyjum. Clement Johannesen var bjargað. Hann hefur skýrt frá því, að um kl. 2 f. h. hafi þeir farið frá Siglufirði í fiskiróður. Var þetta fyrsta sjóferð þeirra frá Siglufirði. Voru þeir við handfæraveiðar á um 12 faðma dýpi, 1—2 sjómílur frá mynni Siglufjarðar. Vindur var austlægur og svo hvasst, að tveir af skipshöfninni urðu að vera í andófi. Þegar þeir höfðu verið þarna við handfæraveiðar skamma hríð, veittu þeir því athygli, að skip kom að vestan og stefndi beint á trillubátinn. Þegar skipið var komið svo nálægt bátnum, að árekstur virtist yfirvofandi, kölluðu þeir allir, til þess að vekja á sér athygli, en enginn á vélskipinu virtist taka eftir þeim, og engan mann sáu þeir ofan þilja. Í sömu andránni og áreksturinn varð, hljóp Johan Beck aftur í bátinn og virtist ætla að reyna að draga úr þunga árekstrarins. Rakst stefni skipsins á bakborðshlið trillunnar, fyrir aftan vélarúmið. Brotnaði skutur trillunnar við höggið, og sökk hann þegar í sjó. Samstundis hvolfdi bátnum. Komst Clement á kjöl og Henning nokkuð upp á síðuna, en í þeim svifum sökk báturinn, og fóru þeir í sjóinn. Taldi Clement, að báturinn hefði ekki flotið nema brot úr mínútu á hvolfi, og var hann við afturenda vélskipsins, þegar hann sökk. Vindhraðann áætlaði Clement 4—5 stig. Eftir að þeir, sem á vélskipinu voru, urðu árekstrarins varir, snéru þeir skipinu við og virtust gera allt, sem þeir gátu, til þess að bjarga mönnunum.

Ákærði Jóhann Hermann Júlíusson hefur skýrt svo frá atvikum fyrir sjódómi Siglufjarðar 26. júní 1944, að nóttina, sem slysið varð, hafi hann verið á verði á v.s. Hörpu, sem var á leið austur að Tjörnesi. Stóð hann sjálfur við stýrið, en meðákærði, Sigurður Björnsson háseti, við glugga á stjórnborðshlið stýrishússins. Enginn af skipshöfninni var á þilfari. Vindur var austan, um 5—6 vindstig, og ágjöf svo mikil, að illfært var um þilfarið. Gluggar á framanverðu stýrishúsinu voru salthúðaðir að utanverðu. Hann varð ekki var við áreksturinn eða neitt, sem benti til þess, að skipið hefði orðið fyrir höggi. Hins vegar sagði Sigurður, að skipið hefði komið við eitthvað, og teygði hann sig út í gluggann, en fór síðan út úr stýrishúsinu og kallaði til hans, að eitthvert flak væri fyrir aftan skipið. En síðar mundi ákærði ekki til þess, að Sigurður hefði haft orð á því, að skipið hefði orðið fyrir árekstri.

Ákærði kveðst þegar hafa sagt Sigurði að vekja skipstjóra, en

á meðan snéri hann skipinu við og átti skammt eftir að flakinu, þegar skipstjóri kom upp. Þá sá ákærði þrjá menn í sjónum og enn fremur árar og spýtnabrak. Tókst að ná tveimur af mönnunum upp í skipið, en þriðji maðurinn sökk, áður en til hans náðist. Hér fyrir sjódóminum hefur ákærði þannig lýst nánar tildrögum að slysinu:

Hann tók við stjórn skipsins, eftir að lagt var af stað frá Haganesvík. Skipstjóri fór þá niður í káetu að sofa. Taldi ákærði, að klukkan muni þá hafa verið nálægt 1,30, en síðar skýrði hann frá því, að hann hefði ekki gætt á klukkuna, þegar skipstjóri fór niður. Hins vegar leit hann á klukkuna, þegar björgun var lokið og lagt var af stað til Siglufjarðar, og var hún þá 3,30. Skyggni var slæmt, en þó sá ákærði Gjögrana við Eyjafjörð, Sól var ekki á lofti og dimmur bakki til hafsins. Allmikil ágjöf var á skipið, meðan það sigldi með fullri ferð. Þegar áreksturinn varð, voru þeir Sigurður tveir í stýrishúsi, ákærði sjálfur við stýrið, en meðákærði Sigurður við gluggann í boganum á stjórnborðshlið stýrishússins, en ákærði mundi ekki, hvort glugginn hefði verið opinn eða lokaður. Framburður ákærða um gluggaskipun og tölu glugga á stýrishúsinu var nokkuð á reiki, og einnig um það, við hvaða glugga Sigurður hefði staðið, er áreksturinn varð.

Samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, er stýrishúsið bogadregið að framan, og eru þrír gluggar á framhlið, einn gluggi á sitt hvorum boga og tveir á hvorri hlið, eða alls níu gluggar.

Ákærði hefur skýrt frá því, að enginn glugganna á framhlið stýrishússins hafi verið opinn sökum þess, hversu mikið gaf á skipið, og voru þeir salthúðaðir að utan, og sást því illa út um þá, en á gluggunum á bogunum var engin salthúð. Ákærði stýrði skipinu eftir áttavita, en kveðst þó annað veifið hafa gætt fram fyrir skipið. Treysti hann „útkiggsmanni" alveg til að hafa gætur á skipaferðum, og opnaði þess vegna ekki gluggana á framhlið stýrishússins. Á hinn bóginn gaf hann Sigurði ekki nein fyrirmæli um að hafa gætur á skipaferðum.

Ákærði Sigurður Björnsson hefur á eftirfarandi hátt skýrt frá tildrögum að slysinu:

Hinn 25. júní 1944 var v/s Harpa Í.S. 42, sem ákærði var háseti á, við fiskveiðar með botnvörpu út af Haganesvík. Um miðnætti var lagt af stað austur með landi. Tók stýrimaður þá við vakt ásamt ákærða og 1. vélstjóra. Veður var þá sæmilegt, vindur austlægur og lítil alda. Ágjöf var því lítil, en þó skvettist öðru hverju inn á skipið. Veður var bjart, svo að nálega var eins bjart og um dag. Skyggni var svo gott, að Gjögrar, sem eru fjöll austan Eyjafjarðar, sáust greinilega. Út af Siglufirði kom ákærði upp úr hásetaklefa frá að hita kaffi. Stýrimaður var þá við stýrið í stýrishúsi, en fleiri voru ekki ofan þilja. Fyrsti vélstjóri sat í

hásetaklefa, þegar ákærði fór þaðan. Ákærði tók sér stöðu við fremri glugga á stjórnborðshlið stýrishússins, án þess þó að stýrimaður gæfi honum nein fyrirmæli í þá átt. Hafði hann höfuðið fast við gluggann, sem var opinn. Aðrir gluggar á stýrishúsinu voru lokaðir. Úr glugganum sá hann upp á land og á skáfram undir „vanta" á skipinu. Sjódrif skvettist á gluggana á framhlið stýrishússins, og sást því ekki vel út um þá. Um tíu mínútum eftir að ákærði kom í stýrishúsið, varð hann þess var, að skipið snerti eitthvað, en ekki gat hann gert sér grein fyrir, hvað það var. Hafði hann orð á þessu við stýrimann, en hann hafði einskis orðið var. Fór ákærði samstundis út á þilfar og aftur fyrir stýrishúsið til þess að athuga þetta nánar, og sá hann þá menn í sjónum og brak á floti. Snéri hann þegar við, og skýrði stýrimanni frá þessu. Mennirnir og brakið flutu aftur undan skipinu á stjórnborða. Stýrimaður snéri skipinu samstundis, en ákærði fór niður í káetu til þess að vekja skipstjóra og skýra honum frá því, sem við hafði borið. Skipstjóri kom þegar upp og stjórnaði björgun mannanna. Þegar ákærði kom upp úr káetu, hljóp hann fram í hásetaklefa, til þess að vekja þá af skipshöfninni, sem þar sváfu.

Ákærði skýrði frá því, að skipið hefði farið með venjulegri fullri ferð, og taldi hann, að hraðinn mundi hafa verið 5—6 sjómílur, miðað við klukkustund, þegar áreksturinn varð. Ákærði gizkaði á, að liðið muni hafa um hálf klukkustund frá því, að björgun hófst, og þangað til haldið var af stað til Siglufjarðar.

Vitnið Kristján Gíslason, matsveinn á v/s Hörpu, hefur borið það, að um það leyti sem hann kom upp á þilfar um nóttina, hafi verið eins bjart og um hádag og sézt vel til fjalla. Var klukkan þá um 3 f. h. Suðaustan kaldi var og sjór smár. Hann varð ekki var við högg, þegar áreksturinn varð, og vaknaði ekki fyrr en kallað var til þeirra, sem sváfu í hásetaklefanum. Vitnið sá fjóra menn í sjónum, og voru þeir í 20—30 faðma fjarlægð frá skipinu, þegar hann kom upp á þilfar.

Guðmundur Sölvi Ásgeirsson skipstjóri á v/s Hörpu Í.S. 42 hefur verið leiddur sem vitni í máli þessu. Hann hefur gefið eftirfarandi skýrslu: Þegar skipið var út af Almenningsnöf austan Fljótavíkur, fór hann af verði og gaf stýrimanni, sem þá tók við skipstjórn, skipun um að halda austur með landi, í hæfilegri fjarlægð frá landi. Skyldi stefnan vera á Gjögrana austan Eyjafjarðar. Vindur var þá austan, allt að 5—6 vindstigum. Lítils háttar vindbára var beint á móti og vaskágjöf á skipið. Stýrisbúnaði skipsins er þannig fyrir komið, að stýrishjólið er fyrir miðju stýrishússins, um hálfan metra frá framhlið hússins. Sá, sem stendur við stýrishjólið (stýrið), getur því séð beint fram fyrir skipið og til beggja hliða, ef ekki er móða á gluggunum.

Venja er að hafa gluggana opna, ef ekki sést nægilega vel út um þá, vegna móðu eða salthúðar, sem á þá hefur setzt.

Þegar vitnið fór af verði, var þokubakki meðfram sjóndeildarhring til hafsins og skuggsýnt, enda var þá lágnætti eftir sólargangi. Þegar hann kom aftur upp klukkan rúmlega 3, var enn þá þokubakki til hafsins og ekki sá til sólar. Hins vegar var sól farin að skína á fjöllin og því bjart yfir til landsins. Á sjóinn sló skugga af þokubakkanum. Vitnið tók samstundis og hann kom upp í stýrishúsið við stýrinu og stjórnaði björgun mannanna.

Hann hefur skýrt frá því, að skipið sigli með 6½ sjómílna hraða, miðað við klukkustund, þegar það fari með venjulegri fullri ferð.

Þá hefur Guðmundur Ólafsson, 1. vélstjóri, verið leiddur sem vitni í málinu. Vitnið sat niðri í hásetaklefa, þegar árekturinn varð, en hann varð þó ekki var við hann eða neitt högg, hróp eða hljóð. Þegar vitnið kom upp úr hásetaklefanum, sá hann brak á floti nokkurn spöl aftan við skipið á stjórnborða. Þegar hann kom í stýrishúsið var Guðmundur Sölvi Ásgeirsson skipstjóri tekinn við stjórn skipsins, og hafði það beygt í átt að brakinu. Vél skipsins var spennt ¾, og taldi vitnið, að skipið mundi hafa farið með sjö sjómílna hraða, þegar slysið varð. Vitnið fór sem snöggvast niður í vélarúmið og leit á vélina, en fór síðan tafarlaust upp aftur og aðstoðaði við björgunina.

Í málinu hefur verið lagður fram uppdráttur af stýrishúsi v/b Hörpu (rskj. nr. 6).

Einnig hefur verið lagt fram vottorð frá veðurstofunni í Reykjavík, og segir þar, að 25. júní 1944, kl. 18 samkvæmt sumartíma, hafi á Siglunesi verið 3 vindstig á austan, skýjað, skyggni 10—20 km, gráð á sjó og 26. júní 1944, kl. 0,7 eftir sumartíma, austan 4, skýjað, skyggni 10—20 km.

Ekkert hefur komið fram við rannsókn málsins, sem bendi til þess, að skipshöfn v/s Hörpu hafi ekki gert allt, sem í hennar valdi stóð, til þess að bjarga mönnunum.

Engar skaðabótakröfur hafa komið fram í málinu.

Í máli þessu var dæmt fyrir aukarétti Ísafjarðar 13. des. 1944, en með dómi Hæstaréttar 6. júní 1945, var málinu vísað heim til rannsóknar og dómsálagningar fyrir sjódómi.

Dómurinn lítur svo á, að ákærðu hafi gert sig seka um hirðuleysi um skyldur sínar og sýnt vítavert gáleysi við framangreint atvik. Bar stýrimanni, ákærða Jóhanni Hermanni Júlíussyni, sem gegndi starfi skipstjóra, að gæta fyllstu varúðar og hafa eða láta hafa nána gát á skipaferðum á siglingaleið skipsins, en það gerði hann ekki, og hefur hann með þessu hirðuleysi sínu orðið valdur að slysinu.

Að því er snertir ákærða Sigurð Björnsson, lítur dómurinn

svo á, að honum hefði átt að vera ljóst, að stýrimaður sýndi ekki nægilega varúð í starfi sínu, og bar honum því af sjálfsdáðum að gæta nauðsynlegra varúðarreglna.

Ber að heimfæra brot ákærðu undir 215. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 84. grein sjómannalaga nr. 41/1930, og þykir refsing sú, sem ákærði Jóhann Hermann Júlíusson hefur unnið til, hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi. Þá skal hann samkvæmt heimild í 68. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og 84. grein sjómannalaga sviptur stýrismannsréttindum í tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Refsing ákærða Sigurðar Björnssonar þykir með tilliti til stöðu hans á skipinu hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað hennar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði kostnað sakarinnar in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jóhann Hermann Júlíusson sæti fangelsi í þrjá mánuði. Hann skal sviptur stýrimannsréttindum í tvö ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Sigurður Björnsson greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði kostnað sakarinnar in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 28. október 1946.

Nr. 118/1946. **Mjólkursamsalan í Reykjavík** (Hrl. Egill Sigurgeirsson)
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs (Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Steindór Gunnlaugsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. ágúst þ. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Undanþága frá útsvarsskyldu til handa áfrýjanda samkvæmt lögum nr. 96/1936 virðist einungis taka til þeirrar starfrækslu, sem mörkuð er í lögum nr. 1/1935. Er hann því útsvarsskyldur af verzlun með vörur þær, sem í úrskurði fógeta greinir.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 1500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Mjólkursamsalan í Reykjavík, greiði stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, kr. 1500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 26. júlí 1946.

Gerðarþola, Brauð- og sælgætissölu Mjólkursamsölunnar, var gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir árið 1945, kr. 40000.00.

Þar eð gerðarþoli hefur eigi greitt útsvar þetta, hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að það verði innheimt með lögtaki.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Af hans hálfu er því haldið fram, að starfsemi Mjólkursamsölunnar sé undanþegin útsvarsskyldu með lögum nr. 96 23. júní 1936, en þar er svo ákveðið, að Mjólkursamsalan skuli undanþegin öllum tekju- og eignarskatti, svo og því að greiða aukaútsvar eftir efnum og ástæðum. Vegna þessara laga hafi aldrei síðan verið lagt útsvar á samsöluna fyrr en árið 1945 og tekjuskatts hafi aldrei verið krafizt. Samsalan hafi tekið til

starfa 15. jan. 1935 og hafi þá auk mjólkur og mjólkurafurða selt brauðvörur, sælgæti, smjörliki, öl, gosdrykki og egg. Allar sömu vörutegundir hafi Mjólkursamsalan selt síðan, að undanteknum eggjum.

Fyrir fyrsta starfsárið, 1935, var samsölunni gert að greiða kr. 4050.00 í útsvar árið 1936, en ekki er upplýst í málinu, hvort það hefur verið greitt.

Umboðsmaður gerðarþola telur útsvarsálagninguna ólöglega og brot á ákvæðum áðurgreindra laga frá 1936. Og með skattfrelsi undanfarinna 10 ára, þá sé það ástand helgað af undanfarandi venju og geti gerðarbeiðandi ekki nú eftir aðgerðarleysi sitt allan þenna tíma gert útsvarskröfu gildandi gegn gerðarþola. Umboðsmaður gerðarþola heldur því og fram, að ekki verði gerður greinarmunur á brauða- og sælgætissölu Mjólkursamsölunnar og öðrum verzlunarrekstri hennar, enda fjárhagur þeirrar sölu ekki aðgreindur og engar sérreglur settar um fyrrnefnda sölu. Brauð- og sælgætissalan geti því ekkert grætt og ekkert eignazt. Sé um hagnað af henni að ræða, komi það aðeins fram í því, að minni frádráttur verði á því, sem útborgað sé til framleiðenda, en mótsett, ef um tap sé að ræða á slíkri sölu. Það er stofnunin sjálf, Mjólkursamsalan, sem nýtur útsvarsundanþágu laga nr. 96 frá 1936 að áliti umboðsmanns gerðarþola. Hann mótmælir því og að Mjólkursamsalan sé félag í skilningi útsvarslaganna nr. 66 1945, þar sem hér sé aðeins um samtök nokkurra aðilja að ræða um að koma framleiðslu sinni í verð, og sé ekki skrásett í firmaskrá Reykjavíkur. Enn fremur er á það bent af hálfu gerðarþola, að eigendur samsölunnar, og þar með brauða- og sælgætissölunnar, sé samvinnufélög og sé því útsvarið einnig þess vegna ólöglega á lagt, þar sem ekki sé fylgt að því leyti löglegum aðferðum, sbr. 6. gr. 2., 2. tölul. laga nr. 66 1945, enda einnig undanþegin útsvarsskyldunni samkvæmt 6. gr. 2, 2. c.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur tekið það fram, að Mjólkursamsalan í Reykjavík sé rekin samkvæmt fyrirmælum laga nr. 1 1935 um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. Þar sé svo ákveðið, að þar sem fleiri en eitt mjólkurbú eru starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, svo sem er hér, þá skuli öll sala og dreifing á neyzlumjólk, rjóma og skyri í kaupstað eða kaupstöðum verðjöfnunarsvæðisins fara fram frá einni sölumiðstöð. Auk þess sé stjórn samsölunnar heimilað að taka í sínar hendur sölu og dreifingu annarra mjólkurafurða, sem mjólkurbúin framleiða. Hins vegar sé öðrum en mjólkurbúum eða samsölu, sem hér er um að ræða, bannað að selja greindar vörur. Með þessum lagaákvæðum sé starfsvið Mjólkursamsölunnar afmarkað. Það sé því aðeins Mjólkursamsalan í Reykjavík, svo sem hún er skilgreind í lögum, sem sé undanþegin útsvarsskyldunni. Þar af leiðandi sé annars

konar starfsemi þess fyrirtækis, svo sem brauða- og sælgætissala, ekki undanþegin útsvarsskyldu, enda ástæðulaust, þótt rétt þætti að undanþiggja skattgreiðslu þá starfsemi framleiðenda, sem beindist að því að koma afurðunum í verð. Umboðsmaður gerðarbeiðanda heldur því þess vegna fram, að gerðarþoli hafi verið útsvarsskyldur hér allan tímann, síðan samsalan hófst, enda þótt láðst hafi að leggja útsvar á þessa starfsemi á undanförnum árum. En slíkt geti á engan hátt skapað gerðarþola venjuhelgaðan rétt til undanþágu frá skattgreiðslu, enda sé það ekki á valdi þeirra, sem leggja á útsvör eða aðra skatta, að breyta löggjafarákvæðum um skattskyldu, jafnvel þó um langan tíma sé. Enn fremur er því haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að ef Mjólkursamsalan væri útsvarsskyld samkvæmt reglum um samvinnufélög, þá sé útsvarið réttilega lagt á viðskipti utanfélagsmanna, brauðsöluna, sbr. 6. gr. 2, 2. tölulið útsvarslaganna, sbr. og 5. gr. Mjólkursamsalan geti heldur ekki verið undanþegin útsvarsskyldu samkvæmt 6. gr., 2, 2. c. lið sömu laga, þar sem hún sé hagsmunasamband atvinnurekenda og verji ágóða sínum þeim til hags.

Báðir málsaðiljar hafa krafizt málskostnaðar eftir mati réttarins.

Rétturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar, að úrslit þessa máls um útsvarsskyldu gerðarþola velti aðeins á því, hvort lög nr. 96 frá 1936 undanþiggi sölu þá, sem útsvarið er lagt á, útsvarsskyldu. Tilefni þeirrar lagasetningar er að sjálfsögðu sú, að niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur lagði útsvar 1936 á Mjólkursamsöluna. Það verður ekki séð af undirbúningi málsins á Alþingi né heldur af lögunum sjálfum, hve langt lögunum er ætlað að ná eða hver takmörk eru fyrir því, hve víðtæk sölustarfsemi Mjólkursamsölunnar má vera til að njóta verndar um undanþágu frá útsvarsskyldu. En að sjálfsögðu hefur það ekki verið tilætlun löggjafans, að undanþágan gildi um hvers konar verzlunarrekstur, sem Mjólkursamsalan kynni eða gæti rekið í sambandi við og samhliða sölu þeirra afurða, sem henni er rétt og skylt að selja samkvæmt lögum nr. 1 frá 1935.

Rétturinn verður því að líta svo á, að undanþága sú um útsvarsgreiðslu, sem felst í lögum nr. 96 frá 23. júní 1936 til handa Mjólkursamsölunni í Reykjavík, sé takmörkuð við sölu og dreifingu á neyzlumjólk, rjóma, skyri og öðrum mjólkurafurðum, sem mjólkurbúin framleiða, eins og lög nr. 1 frá 1935 ákveða starfsvið samsölunnar, en nái ekki til annars verzlunarrekstrar hennar, sem lagt hefur verið útsvar á og ágreiningur er um í máli þessu.

Samkvæmt þessu verður því að telja útsvarið réttilega á lagt, og verður því að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 30. október 1946.

Nr. 70/1946. **Einar B. Guðmundsson f. h. Mildred M. Mc. Coy.** (Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
Gunnari Sveinssyni (Hrl. Theódór B. Lindal).

Setudómari próf. Gunnar Thoroddsen í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Bifreiðaslys. Skaðbabætur.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. maí þ. á., gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 48000 krónur ásamt 6% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 25. október 1944 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir undirrétti og hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti samkvæmt mati hæstaréttar.

Ljóst er, að maður sá, sem fyrir slysinu varð, hefur með ógætni sinni og óhæfilega hröðum akstri átt meginsök á því. Hins vegar verður að telja, að stefndi hafi einnig sýnt nokkra óvarkárni, er hann að nauðsynjalausu lét bifreið sína standa án ljósa á einhverjum fjölfarnasta vegi landsins, eftir að dimmt var orðið. Samkvæmt því, sem nú var rakið, þykir rétt að leggja ⅕ hluta sakarinnar á stefnda.

Hinn látni maður var 25 ára að aldri, er slysið varð, og er talið, að tekjur hans, næstu 5 ár áður en hann gekk í herþjónustu, hafi verið samtals um 4500 bandaríkjadalir. Eiginkona hans var 19 ára að aldri, og áttu þau eitt barn á fyrsta ári. Tekur krafan á hendur stefnda einnig til bóta

barninu til handa. Samkvæmt þessu þykir hæfilegt að gera stefnda að greiða áfrýjanda 14000 krónur ásamt vöxtum, eins og krafizt er, enda hefur upphafstíma vaxtanna ekki verið mótmælt. Þá þykir og rétt, að stefndi greiði áfrýjanda samtals 1800 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Sveinsson, greiði áfrýjanda, Einari B. Guðmundssyni f. h. Mildred M. Mc. Coy, kr. 14000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. október 1944 til greiðsludags, og 1800 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. apríl 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Mildred M. McCoy, til heimilis að Idabel Mc Curtain County Oklahoma, Bandaríkjum Norður-Ameríku, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 19. nóv. s. l., gegn Gunnari Sveinssyni, Álafossi í Mosfellssveit, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 48000.00 með 6% ársvöxtum frá 25. október 1944 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málsatvik eru þessi: Þann 25. október 1944, um kl. 18,40, ók eiginmaður stefnanda, Louis Mc Coy, sem var hermaður í þjónustu setuliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi, litilli herbifreið (jeep) frá herstöðvum setuliðsins innan við bæinn til bæjarins. Mc. Coy var með einn farþega, liðsforingja í setuliðinu, og skildi hann eftir hér í bænum, en skyldi sækja hann aftur á ákveðinn stað í bænum um kl. 20,30 sama dag. Mc Coy kom aftur til herstöðvanna úr ferð þessari kl. 19,12, en kl. 20,25 ók hann aftur af stað frá herstöðvunum til bæjarins að sækja nefndan liðsforingja. Ók Mc Coy Suðurlandsbraut til bæjarins. Um 44—45 metrum fyrir vestan vegamót Suðurlandsbrautar og Grensásvegar stóð vörubifreiðin G. 321, eign stefnda, á vinstri vegarbrún. Var hún mannlaus og sneri í áttina til Reykjavíkur. Er Mc Coy kom að þessum stað, virðist hann ekki hafa séð vörubifreiðina og ók aftan á hana, og lenti framhluti herbifreiðarinnar á hægri hluta vörupallsins á G 321. Herbifreiðin stórskemmdist, og Mc Coy hlaut

slík meiðsl, að hann lézt samstundis. Bifreiðin G 321 rann nokkuð áfram og út af veginum, en virðist lítið hafa skemmzt við árekstur-inn. Þannig hagar til á slysstaðnum, að vegurinn er steyptur í tveim hlutum, og er hvor hluti 2,96 m á breidd. Beggja megin steypta vegarins er malborinn vegur. Þeim megin sem G 321 stóð, er malborni hlutinn um 1 m á breidd, en hinum megin 4,80 m á breidd. Telur stefnandi, að G 321 hafi staðið um 3 til 4 ensk fet inn á vinstri hluta steypta vegarins. Dimmt var um kvöldið, þegar slysið varð, og vegurinn blautur.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að stefndi eigi megin-sök á nefndu slysi. Hann hafi skilið bifreið sína eftir mannlausa á fjölförnum vegi án ljósa eða sérstakra varúðareinkenna, þó dimmt væri orðið og skyggni slæmt. Þá hafi bifreiðin náð það mikið inn á steypta hluta vegarins, að hún hafi torveldað umferð um hann, og hafi bifreiðar, er um veginn fóru, þurft að víkja til hliðar til þess að komast fram hjá G. 321. Með því framferði sínu, sem að framan er lýst, telur stefnandi, að stefndi hafi sýnt svo vítavert gáleysi, að honum beri að bæta meginhluta tjóns þess, er af hafi hlotizt. Mc Coy heitinn muni að vísu ekki hafa sýnt fyllstu aðgæzlu við aksturinn, og eigi hann því einnig nokkra sök á, hvernig fór. Telur stefnandi, að stefndi eigi að ⅗ hlutum sök á nefndu slysi, og beri honum því að bæta tjón það, er af hafi hlotizt, samkvæmt því, eða alls kr. 48000.00, sem er stefnukrafan í máli þessu.

Stefndi skýrir svo frá málavöxtum, að um kl. 14 þann 25. októ-ber 1944 hafi hann ekið bifreið sinni, G 321, sem er vörubifreið, smíðuð árið 1931 og ber 1,5 smálest, frá Reykjavík áleiðis til Álafoss. Áður en hann hafi lagt af stað, kveðst stefndi hafa fyllt benzíngeymi bifreiðarinnar af benzíni. Stefndi kveðst síðan síðari hluta sama dags hafa ekið frá Álafossi sem leið liggur til Reykja-víkur. Um kl. 17 eða 18 kveðst stefndi hafa verið staddur á Suður-landsbraut, vestanvert við vegamót Suðurlandsbrautar og Grens-ásvegar. Hafi bifreiðin þá allt í einu staðnæmzt, og við athugun hafi komið í ljós, að hún var benzínlaus. Þá hafi bifreiðin staðið öll á vinstra helmingi steypta hluta vegarins, en þar sem veginum halli þarna nokkuð til austurs, kveðst stefndi hafa látið hana renna nokkuð aftur á bak og stöðvað hana svo, er vinstri hjólin hafi alveg verið komin á vegarbrúnina. Hafi bifreiðin þá náð 2 til 3 fet inn á steypta hluta vegarins. Vél bifreiðarinnar hafi verið á 1. hraðastigi, en handhemill ekki á. Ljós hafi ekki verið á bifreið-inni, en aftan á pallbrúninni hægra megin hafi verið rautt gler (kattarglyrni), er sé þannig, að á það glampi, ef bifreið með ljós-um nálgist. Stefndi kveðst síðan hafa farið til bæjarins, og ætlað að sækja bifreiðina sama kvöld, en af því hafi ekki orðið. Um kl. 14 næsta dag kveðst stefndi síðan hafa farið að sækja bifreiðina

og hafa þá séð, að hún hafði runnið nokkuð áfram og út af veginum. Hafi hann síðan fengið sér aðra bifreið og dregið G 321 til bæjarins.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að hann eigi enga sök á nefndu slysi. Hann hafi lagt bifreið sinni yzt á vegarbrún vinstra megin og hægt hafi verið að aka fram hjá henni, án þess að fara yfir á hægri vegarhluta. Þá hefur stefndi bent á, að Mc Coy heitinn hafi tvisvar ekið fram hjá G. 321, eftir að hún var stöðvuð þarna. G. 321 hafi að vísu ekki verið með stöðvunar(park)-ljósum, enda sé slíkt eigi venja hér á landi, en hins vegar hafi hún verið með „kattar-glyrni", eins og áður segir, og sé það nægilegt til viðvörunar þeim, er um veginn aki. — Stefndi telur, að orsök slyssins hafi verið sú, að Mc Coy heitinn hafi ekið með ofsahraða og án þess að sýna þá varfærni, er krefjast verði af bifreiðarstjórum, og eigi hann einn sök á, hvernig fór.

Svo sem að framan er lýst, skildi stefndi bifreið sína eftir mannlausa á vegi, sem er mjög fjölfarinn. Það er fram komið í málinu, að bifreiðin stóð svo tæpt á vinstri vegarbrún, sem unnt var, og virðist sem hún hafi staðið um 0,80 til 1,00 metra inn á steypta hluta vegarins. Dómarinn hefur farið á vettvang og athugað staðhætti. Vinstri helmingur steypta vegarins þarna var 2,96 m á breidd, og gátu því venjulegar bifreiðar ekið fram hjá G 321, án þess að fara yfir á hægri vegarhlutann. Stefndi hafði eigi tendruð ljósker á bifreið sinni, er hann yfirgaf hana, en slíkt er eigi fyrirskipað né venja hér á landi, og verður því eigi talið honum til vangæzlu. Það má telja ljóst af framkomnum gögnum, að Mc Coy heitinn hafi ekið mjög hratt í umrætt sinn, en dimmt var og skyggni slæmt. Telja verður, að sú háttsemi stefnda, að skilja bifreiðina þarna eftir mannlausa, hafi, eins og á stóð, verið vítalaus og að hann hafi lagt bifreiðinni á forsvaranlegan hátt. Með vísan til þessa, svo og með hliðsjón af öðru því, sem fram er komið í málinu um þessi atriði, verður ekki talið, að stefndi eigi neina sök á nefndu slysi, og verður því sýknukrafa hans tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Sveinsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Mildred M. Mc Coy, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 30. október 1946.

Nr. 14/1946. **Jóhann Karlsson & Co.**
gegn
Eiríki Kristjánssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jóhann Karlsson & Co., er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 30. október 1946.

Nr. 129/1946. **Hraðsteypan Málmur h/f**
gegn
Hans Þorsteinssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hraðsteypan Málmur h/f, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 30. október 1946.

Nr. 68/1946. **Úlfar Valberg Þorkelsson**
gegn
Guðbjörgu Maríu Helgadóttur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Úlfar Valberg Þorkelsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefndu, Guðbjörgu Maríu Helgadóttur, sem hefur látið mæta í málinu og krafizt ómaksbóta, 100 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. október 1946.

Nr. 84/1945. **Dieseltogarar h/f** (Hrl. Lárus Jóhannesson)
gegn
Guðmundi Guðmundssyni
(Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Skaðabætur vegna brottvikningar úr stöðu.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefur áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu 11. júlí 1945. Krefst hann aðallega algerrar sýknu af kröfum stefnda í málinu, en til vara, að úrslit málsins verði látin velta á eiði framkvæmdarstjóra áfrýjanda eða til þrautavara á eiði stefnda. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Máli þessu er þannig háttað, að sumarið 1944 vantaði áfrýjanda skipstjóra á skip sitt í stað skipstjóra, sem var að láta þar af störfum. Leituðu fyrirsvarsmenn áfrýjanda þá til stefnda. Fór hann í veiðiferð á skipinu ásamt fyrra skipstóra og tók síðan við stjórn skipsins, er því var siglt til Englands með aflann. Af þessu svo og af skýrslum, er fram hafa komið í málinu, þykir mega ráða, að stefnda hafi staðið til boða, áður en skipið fór til Englands, áframhaldandi skipstjórn á því, en ósönnuð er sú staðhæfing áfrýjanda, að stefndi hafi sjálfur afsalað sér skipstjórninni að þeirri ferð lokinni. Samkvæmt því, sem hér var rakið, og að öðru

leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 700.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Dieseltogarar h/f, greiði stefnda, Guðmundi Guðmundssyni, kr. 700.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 29. maí 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., hefur Guðmundur skipstjóri Guðmundsson, Bárugötu 29 hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 18. október f. á. gegn stjórn Dieseltogara h/f hér í bæ f. h. félagsins til greiðslu kaupkröfu, að fjárhæð kr. 18000.00 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. Þá krefst hann og þess, að viðurkenndur verði með dómi sjóveðréttur hans í skipinu Íslendingi RE 73 fyrir fjárhæðum þessum.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu, en til vara verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda og málskostnaðar. Í greinargerð af hálfu stefnda kom og fram krafa um það, að stefnandi yrði dæmdur til sektargreiðslu fyrir óþarfa málsýfingu, en frá þeirri kröfu hefur síðar verið fallið.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum:

Í ágústmánuði f. á. kom Guðmundur Jónsson, sem þá var skipstjóri á Íslendingi og einn stjórnenda stefnda, að máli við stefnanda og fór þess á leit, að stefnandi tæki að sér skipstjórnina. Eftir nokkrar samræður fékk stefnandi tveggja klukkustunda umhugsunarfrest, og er þeir hittust aftur að honum liðnum, var stefnandi enn deigur við að taka að sér starf þetta, ef honum skyldi bjóðast annað starf betra. Bauð Guðmundur Jónsson honum þá 6 mánaða uppsagnarfrest, og tók stefnandi þá að sér starfið. Hinn 24. ágúst f. á. fór stefnandi ásamt Guðmundi Jónssyni með skipið til fiskveiða, og var bæði veiddur fiskur og keyptur í það, en síðan fór stefnandi með skipið til Englands. Hinn 22. september s. l., er skipið var komið heim aftur, var stefnanda sagt upp starfinu án fyrirvara. Telur stefnandi sig samkvæmt 2. og 3. gr.

sjómannalaganna nr. 41 frá 1930 eiga kröfur til bóta úr hendi stefnda, og telur þær eiga að nema stefnukröfunni í máli þessu.

Stefndi byggir aðalkröfu sína í fyrsta lagi á því, að stefnandi hafi verið ráðinn til þeirrar ferðar aðeins, sem lokið var 22. sept. s. l. Heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi, áður en hann fór með skipið til Englands, af tekið með öllu, að hann vildi vera áfram skipstjóri á skipinu, þar eð það væri illa fallið til fiskveiða. Hafi þá að undirlagi Guðmundar Jónssonar verið tekið það ráð, að láta stefnanda fara í Englandsferðina, til þess að hann bæri á þann hátt sæmilega úr býtum þann tíma, sem hann væri á skipinu. Þá leggur stefndi áherzlu á það, að stefnandi var ekki skráður skipstjóri þann tíma, sem skipið var við veiðar og fiskkaup, þótt honum hafi verið greidd laun sem slíkum. Stefnandi geti því eigi hafa talið sig ráðinn skipstjóra fyrr en hann fór í Englandsferðina, og hafi honum þá átt að vera það ljóst, að hann var ráðinn til hennar einnar.

Af öllum málavöxtum kemur ótvírætt fram, að stefnandi var ráðinn sem skipstjóri á Íslending. Samkvæmt 2. gr. sjómannalaganna bar honum 3 mánaða uppsagnarfrestur, væri eigi annað ákveðið með aðiljum um lengd ráðningartímans, og gegn andmælum stefnanda hefur stefndi eigi fært sönnur á fyrrgreindar staðhæfingar sínar, en sönnunarbyrðina verður að telja hvíla á stefnda. Verður aðalkrafa stefnda því eigi tekin til greina af þessum sökum.

Í annan stað hefur stefndi byggt aðalkröfu sína á því, að framkoma stefnanda í Englandsferðinni hafi verið slík, að hún hafi réttlætt fyrirvaralausan brottrekstur hans af skipinu, enda hafi skipshöfnin hótað að ganga af skipinu, ef stefnandi ætti að halda áfram stjórn þess. Gegn eindregnum mótmælum stefnanda hefur stefndi ekki fært sönnur á staðhæfingar sínar um óviðeigandi framkomu stefnanda í starfi hans, enda njóta þær lítillar stoðar í framburði þeirra skipverja, sem komið hafa fyrir dóm í málinu. Verður aðalkrafa stefnda, byggð á þessum rökum, því eigi tekin til greina.

Samkvæmt framanrituðu verður stefnandi talinn eiga rétt til bóta úr hendi stefnda, og verður því næst fyrir að taka til athugunar fjárhæð bótanna, og verður varakrafa stefnda tekin til meðferðar jafnframt. Stefnandi hefur sundurliðað tjón sitt sem hér segir:

1. Kaup í 3 mánuði. Samkvæmt samningum um kaup og kjör skipstjóra skal mánaðarkaup nema kr. 700.00 um mánuð hvern, en með verðlagsuppbót, miðaðri við vísitölu 173, nemur kaupið kr. 1911.00 á mánuði og því samtals kr. 5733.00.

2. Áhættuþóknun, er nemur kr. 42.00 á dag þann tíma, sem skipið er í förum milli landa, og áætlar stefnandi hana kr. 1764.00 um þetta tímabil.

3. Fæðispeningar í 3 mánuði á kr. 350.00, samtals kr. 1050.00.

4. Samkvæmt samningum um áhættuþóknun skal auk áðurgreindra dagpeninga greiða skipstjóra 2% af brúttó-söluverði afla eða farms. Telst stefnanda svo til, að í október f. á. hafi Íslendingur selt fyrir £ 7141—0—0, í nóvember fyrir £ 7252—0—0 og í desember fyrir £ 7240—0—0. Kveðst hann því eiga þóknun, sem nemi kr. 3744.74 + kr. 3802.94 + kr. 3891.04, eða samtals kr. 11438.72.

Samtals verði þessir fjórir liðir kr. 20075.72, og telur hann sig því hafa stillt í hóf stefnukröfunni.

Um 1. Stefndi hefur ekki, að því er séð verður, hreyft sérstökum andmælum við þessum kröfulið, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Um 2. Stefndi hefur andmælt því, að sér geti borið að greiða stefnanda þetta fé, þar eð áhættuþóknun sé þess eðlis, að sá einn eigi að verða hennar aðnjótandi, sem hættir lífi sínu á sjónum. Á þetta verður ekki fallizt, þar eð þessa þóknun verður að telja til tjóns þess, er stefnandi hefur hlotið af brottvikningunni, þar eð hún hefði fallið til hans að öðrum kosti. Hins vegar hefur stefndi lýst því yfir, að á því tímabili, sem hér skiptir máli, hafi skipstjóra Íslendings verið greiddar kr. 1050.00 í þessa þóknun, og þar eð stefnandi hefur ekki sannað tjón sitt samkvæmt þessum lið meira, verður sú fjárhæð dæmd honum.

Um 3. Stefndi hefur ekki mótmælt fjárhæð þessari sérstaklega og verður liðurinn því tekinn til greina óbreyttur, enda styðst hann við fyrrgreindan samning um kaup og kjör skipstjóra.

Um 4. Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum og talið þar fyrst til, að hinn fasti skipstjóri sigli yfirleitt ekki með farminn til sölu í Bretlandi, heldur sé í landi á meðan, en sá, er sigli skipinu um hættusvæðið, taki þóknun þessa, enda sé hún bundin við það, að hann leggi líf sitt í hættu. Með tilvísan til þess, er um þetta atriði var sagt undir 2. lið hér að framan, verður þessari mótbáru ekki sinnt, enda er ekki gegn mómælum stefnanda unnt að telja í í ljós leitt nokkuð það, er sanni, að slík tilhögun hafi átt að gilda um starf stefnanda hjá stefnda.

Þá hefur stefndi og upplýst, að fyrri tvær tölurnar í þessum kröfulið séu hærri en raunveruleg greiðsla til skipstjórans nam, og hafi honum verið greiddar af októbersölunni kr. 3726.01, en af nóvembersölunni kr. 3784.20, og verða þessar tölur lagðar til grundvallar, þar eð stefnandi hefur eigi fært sönnur á meira tjón sitt. Síðasta talan, kr. 3891.04, hefur sætt sérstökum mótmælum á þeim grundvelli, að sala farmsins fór ekki fram fyrr en nokkrum dögum eftir 21. desember f. á., en eftir þann dag telur stefndi ekki, að stefnandi geti átt frekari kröfur á hendur sér, þar eð þá hafi verið á enda 3 mánuðir frá því, að stefnandi fór úr skipsrúmi. Með hliðsjón af fyrirmælum 8. gr. sjómannalaganna þykir ekki verða hjá því komizt að dæma stefnanda hluta þessarar fjárhæðar, og

þykir hæfilegt að ætla honum helming hennar, eða kr. 1945.52. Samkvæmt framanrituðu verða bætur stefnanda eftir þessum lið kr. 9455.73.

Málinu lýkur því svo, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 5733.00 + 1050.00 + 1050.00 + 9455.73, eða samtals kr. 17288.73 með vöxtum, eins og krafizt var, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Þá verður einnig tekin til greina krafa stefnanda um sjóveðrétt í skipinu Íslendingi, enda á hún stoð í lögum.

Í dóminum áttu sæti Einar Arnalds, settur borgardómari, og meðdómsmennirnir Jón Axel Pétursson hafnsögumaður og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Dieseltogarar h/f, greiði stefnanda, Guðmundi Guðmundssyni, kr. 17288.73 með 5% ársvöxtum frá 18. október 1944 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í m/s Íslendingi RE 73 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. nóvember 1946.

Nr. 128/1945. **Lárus Þ. Blöndal** (Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
H/f Björgvin (Hrl. Lárus Fjaldsted).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Kaupkröfu hrundið. Tómlætisverkun.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 27. sept. 1945 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. október s. á. Krefst hann þess aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 16140.00, til vara kr. 8640.00 og til þrautavara aðra fjárhæð eftir mati dómsins. Svo krefst hann og 6% ársvaxta af fjárhæð þeirri, sem dæmd kynni að verða,

frá 1. janúar 1944 til greiðsludags og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi lét af skipstjórn hjá stefnda í desember 1943. Gerðu aðiljar upp reikninga sína þann 15. des. 1943, og galt áfrýjandi stefnda þá kaupeftirstöðvar til áramóta 1943—1944 svo og ýmsar fleiri fjárhæðir, þar á meðal launauppbót fyrir nóvember 1942 til marzmánaðar 1943. Bendir þetta til þess, að fullnaðarreikningsskil hafi þá farið fram með aðiljum. Þegar þessa er gætt svo og hins langa tíma, er áfrýjandi lét líða, áður en hann krafði stefnda, svo sannað sé, þá þykja kröfur hans ekki vera á rökum byggðar. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til, enda þykir áfrýjandi ekki eiga rétt til vaxta af fjárhæð þeirri, sem honum er dæmd, með því að viðurkennt er af áfrýjanda, að hún hefði staðið honum til boða, áður en mál var höfðað.

Eftir þessum málsúrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 600.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Lárus Þ. Blöndal, greiði stefnda, h/f Björgvin, kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Ísafjarðar 17. apríl 1945.

Ár 1945, þriðjudaginn 17. apríl var í sjó- og verzlunardómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóhanni Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta sem formanni dómsins með meðdómsmönnunum Ólafi Júlíussyni skipstjóra og Ingimundi Guðmundssyni vélsmið, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 9. apríl 1945.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 8. nóvember 1944, af Lárusi Þ. Blöndal skipstjóra, Reykjavík, gegn h/f Bjögvin hér í bænum til greiðslu á kr. 16140.00, kaupi fyrir mánuðina júní—október 1942, útlögðum ferðakostnaði og her-

bergisleigu og vanreiknuðu kaupi fyrir 31. dag átta mánaða, sem stefnandi var í þjónustu stefnda, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1944 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir reikningi. Stefnandi hefur gert þær varakröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 8640.00 auk vaxta og málskostnaðar.

Stefndi hefur krafizt algerðrar sýknu að öðru leyti en því, að hann hefur boðizt til að greiða kr. 600.00 fyrir vantalda kaupdaga. Þá hefur hann krafizt þess, að stefnandi verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa málsýfingu. Loks hefur stefndi krafizt þess, að málinu verði vísað frá dóminum, sökum þess að það eigi ekki heima fyrir sjó- og verzlunardóminum. Frávísunarkröfu sína hefur stefndi rökstutt með því, að krafa sú, sem stefnt er út af, sé eingöngu fyrir starfsemi á þurru landi. Það er upplýst í málinu, að um þær mundir, sem stefnandi telur kröfu þá orðna til, sem hann hefur stefnt út af, var hann ráðinn skipstjóri á m/s Gróttu, eign stefnda, en þó að vísu ekki tekinn til starfa. Lítur rétturinn svo á, að af þessum sökum hafi stefnanda verið heimilt að stefna málinu fyrir sjó- og verzlunardóm. Frávísunarkrafan verður því ekki tekin til greina.

Málið var flutt skriflega.

Málavextir eru þeir, að síðast á árinu 1941 varð það að samkomulagi stefnanda og stefnda, að stefnandi yrði skipstjóri á m/s Gróttu, eign stefnda, þegar búið yrði að umbyggja skipið og setja í það nýja vél. Stefnandi virðist þó ekki hafa komið til Ísafjarðar fyrri en í nóvember 1942, um það leyti sem lokið var við að umbyggja skipið.

Í marzmánuði 1942 fór stefnandi til Englands á vegum stefnda til þess að sjá um, að í framkvæmd kæmist afhending á vél, sem stefndi hafði keypt hjá enskri vélaverksmiðju. Úr þessari Englandsför kom stefnandi síðara hluta maímánaðar 1942, og dvaldist hann áfram í Reykjavík eftir það og þangað til hann fór til Ísafjarðar til þess að taka við skipstjórn á m/s Gróttu, nema hvað hann fór þangað stutta ferð einu sinni.

Stefnandi hefur haldið því fram, að stefndi hafi ráðið hann sem umboðsmann fyrir hann til þess að annast ýmiss konar viðskipti fyrir stefnda, og telur sig hafa dvalið í Reykjavík mánuðina júní—október 1942 í þessu skyni. Síðari hluta árs 1942 kveðst hann hafa fengið í hendur reikningsyfirlit yfir viðskipti sín við stefnda, og hefði hann þá séð, að honum var ekki fært til tekna kaup fyrir þessa 5 mánuði. Ræddi hann þá málið við framkvæmdastjóra stefnda, og varð þá að samkomulagi, að stefndi greiddi honum hálft skipstjórakaup fyrir þetta tímabil, eða 1500 krónur á mánuði. Stefndi fór fram á gjaldfrest. Síðan leið og beið þar til 17. ágúst 1944, að enn fóru fram viðræður um kaupið. Bauð stefndi þá fram 5000 króna fullnaðargreiðslu, en því kveðst stefnandi hafa hafnað. Stefnandi taldi, að með þessu væri fallinn niður samningur þeirra

um hálfa kaupgreiðslu, og ætti hann skilyrðislausan rétt til að fá fullt kaup, eða 3000 krónur á mánuði.

Stefndi hefur mótmælt staðhæfingum stefnanda og haldið því fram, að hann hafi alls ekki ráðið stefnanda til þess að vera umboðsmann sinn í Reykjavík, heldur hafi hann aðeins verið beðinn að annast smávegis innkaup vegna endurbyggingar m/s Gróttu. Þá hefur hann einnig neitað því, að nokkurt samkomulag hafi orðið milli þeirra í þá átt, að stefndi greiddi stefnanda hálft kaup eða yfirleitt nokkurt kaup, og hafi yfirleitt aldrei verið á það minnzt. Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi yfirleitt engar athugasemdir gert við uppgerð viðskipta þeirra nema þær, að honum hafði ekki verið reiknað kaup frá 1. nóv. 1942, er hann kom til Ísafjarðar, heldur frá lögskráningu á skipið 17. nóv., og hefði það verið leiðrétt möglunarlaust. Telur stefndi, að þá hefði verið rétti tíminn til að minnast á vanreiknað kaup, en það hefði stefnandi ekki gert. Þá hefur stefndi getið þess, að stefnandi hafi með þessu gert honum greiða, og hefði honum meðal annars þess vegna verið greitt hærra kaup en samningar stóðu til. Stefndi hefur einnig bent á það, að í nóvember 1942 hafi kostnaður við Englandsferð stefnanda verið honum greiddur að fullu, en engar kaupgreiðslur aðrar. Þá hefur stefndi mótmælt útlögðum ferðakostnaði, kr. 260.00, vegna ferðar Thomsens vélfræðings til Ísafjarðar og kr. 280.00 fyrir herbergi á Hótel Vík sem sér algerlega óviðkomandi.

Hins vegar hefur stefndi viðurkennt kr. 600.00, sem stefnandi gerir kröfur til fyrir 31. dag þeirra átta mánaða, sem hann var í þjónustu stefnda, og boðið fram greiðslu á þeirri upphæð.

Stefnandi hefur rökstutt kröfur sínar á eftirfarandi hátt: Hann hefur lagt fram í málinu útdrátt úr sjóðbók sinni, og nær hann yfir tímabilið júní—nóvember 1942. Útdráttur þessi sýnir, að stefnandi hefur á þessu tímabili keypt ýmsar vörur til m/s Gróttu fyrir stefnda. Ekki er þó hægt að sjá af útdrættinum, að allur sá erindisrekstur sé fyrir stefnda. Í júnímánuði virðist stefnandi hafa keypt fyrir stefnda línuspil og kýrauga og annazt eina dollaragreiðslu. Í júlímánuði kaupir hann hjól og keðju, línur o. fl. fyrir allmikla fjárhæð og annast eina greiðslu til Bifreiðaeinkasölu ríkisins. Í ágústmánuði virðist erindisreksturinn lítill. Þá kaupir stefnandi ofnajárn og hákarlskróka og annast tvær smágreiðslur. Í september verður ekki séð, að stefnandi hafi annazt nema eitt erindi og fengið ofnajárnin endurgreidd. Sama máli gegnir um október. Þá virðist stefnandi hafa annazt eitt erindi samkvæmt sjóðbókarútdrættinum. Innifaldar í sjóðbókarútdrætti þessum virðast vera kr. 2275.30, sem koma stefnanda eingöngu sjálfum við, enda er fram tekið, að stefnandi hafi fært þessa upphæð á einkareikning sinn samkvæmt rskj. nr. 5. Símareikningur stefnanda var samkvæmt útdrættinum kr. 941.25 fyrir tímabilið júní

til nóvember, og hefur stefndi endurgreitt stefnanda þá upphæð, þannig að 4. des. 1942 greiðir hann kr. 168.40, símareikninga fyrir október s. á., en 15. des. 1943 fær hann greiddar kr. 1400.00 fyrir símagjöld og risnu í 14 mánuði. Verður þetta ráðið af rskj. nr. 9. Stefnandi hefur bent á það, að stefndi mundi ekki hafa greitt stefnanda svo háan símareikning, ef hann hefði ekki verið í þjónustu stefnda. Þessu hefur stefndi mótmælt og bent á, að símtöl þessi séu að mestu leyti hraðsímtöl, sökum þess að öðruvísi verði sambandi varla náð. Er þetta alkunnugt.

Stefnandi hefur ekki að áliti réttarins fært fullnægjandi sönnur á það, að hann hafi verið ráðinn sérstakur umboðsmaður stefnda í Reykjavík mánuðina júní—okt. 1942. Gegn mótmælum stefnda hefur hann ekki fært líkur fyrir því, að hann fitji upp á kröfum þessum fyrr en með þessari málssókn, rúmum tveimur árum eftir að kaupkröfur hefðu átt að myndast. Þau störf, sem hann leysti af hendi fyrir stefnda á ofangreindu tímabili, virðast ekki hafa verið það umfangsmikil eða mikilverð, að þau bendi til slíks ráðningarsamnings. Þau störf virðast ekki vera meiri en búast hefði mátt við af væntanlegum skipstjóra án sérstakrar þóknunar, einkum þegar þess er gætt, að stefnandi naut betri kjara en almennt gerðist og fékk endurgreiddan símakostnaðinn í sambandi við erindisreksturinn.

Stefnandi hefur lagt fram vottorð firmans S. Stefánssonar & Co. h/f, þar sem skýrt er frá því, að hinn enski vélfræðingur hafi farið til Ísafjarðar eftir beiðni stefnda. Þessu hefur hann mótmælt, og hefur stefnandi ekki fært frekari sönnur á þetta atriði. Þessi hluti kröfunnar verður ekki tekinn til greina.

Þá hefur stefndi mótmælt reikningi stefnanda fyrir herbergi á Hótel Vík sem sér óviðkomandi. Þessum andmælum hefur ekki verið hnekkt. Verður krafan því ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að sýkna ber stefnda af kröfu stefnanda að undanskildum þeim kr. 600.00, sem viðurkenndar hafa verið. Krafa stefnda um, að stefnandi verði sektaður fyrir óþarfa málsýfingu, verður ekki tekin til greina.

Málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, h/f Björgvin, greiði stefnanda, Lárusi Þ. Blöndal, kr. 600.00. Að öðru leyti skal stefndi vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 5. nóvember 1946.

Kærumálið nr. 16/1946. **Helgi Thorlacius, Rakel Sigurðardóttir og Helga Pétursdóttir.**

gegn

Önnu Guðmundsdóttur og Ástríði Ingimundardóttur.

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Ómerking.

Dómur hæstaréttar.

Jónas Thoroddsen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 14. f. m., sem hingað barst 22. s. m., hafa sóknaraðiljar samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 skotið til hæstaréttar úrskurði, er kveðinn var upp í skiptarétti Reykjavíkur hinn 9. október þ. á. Með úrskurði þessum var sóknaraðiljum veittur tveggja vikna frestur til vitnaleiðslu, aðiljayfirheyrslu og gagnasöfnunar, en umboðsmaður sóknaraðilja hafði krafizt fjögurra vikna frests í þessu skyni. Gera sóknaraðiljar þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að varnaraðiljum verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Í hinum kærða úrskurði greinir eigi aðilja málsins. Ekki er þar heldur lýst málsatvikum né málsástæðum nema að litlu leyti. Skiptarétturinn hefur því eigi gætt fyrirmæla 2. málsgr. 190. gr. og 4. málsgr. 193. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara megingalla á úrskurðinum þykir verða að ómerkja hann og vísa máli þessu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Rétt þykir eftir atvikum, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 9. október 1946.

Atriði það, sem hér er lagt undir úrskurð réttarins, er um það, hversu langur frestur skuli veittur til vitnaleiðslu, aðiljayfirheyrslu og til þess að ljúka endanlega við gagnasöfnun í málinu.

Eftir atvikum þykir réttinum fresturinn hæfilega ákveðinn 2 vikur, enda verði þá vitnaleiðslum, aðiljayfirheyrslum og gagnasöfnun lokið.

Því úrskurðast:

Tveggja vikna frestur er veittur í máli þessu til vitnaleiðslu, aðiljayfirheyrslu og gagnasöfnunar.

Miðvikudaginn 6. nóvember 1946.

Kærumálið nr. 17/1946. **Jóhann Hákonarson**
gegn
Hjálmari Þorsteinssyni.

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Máli frestað sjálfkrafa í hæstarétti.

Úrskurður hæstaréttar.

Með kæru 27. september þ. á., er hingað barst 25. þ. m., kærir sóknaraðili málskostnaðar- og sektarákvæði dóms, er upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 21. september s. l. í málinu: Hjálmar Þorsteinsson gegn Jóhanni Hákonarsyni og Sigurði Sveinbjörnssyni.

Varnaraðili hefur skotið framangreindu máli til hæstaréttar með stefnu 30. f. m. til þingfestingar í desembermánuði n. k. Þykir því rétt samkvæmt lögjöfnun frá 2. málsgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta kærumálinu ex officio, unz séð er, hvort áðurnefnt áfrýjunarmál verður í dóm lagt.

Ályktarorð:

Máli þessu er frestað ex officio samkvæmt framanskráðu.

Föstudaginn 8. nóvember 1946.

Nr. 56/1946. **H/f Shell á Íslandi** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
H/f Gísla Súrssyni
(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómarar próf. Gunnar Thoroddsen og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Þóknun fyrir aðstoð skipi til handa.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. apríl þ. á., krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 20000.00 eða til vara aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 13. júní 1944 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Loks krefst hann þess, að dæmdur verði sjóveðréttur í v/b Erni GK 285, nú Auði GK 285, fyrir fjárhæðum þeim, sem dæmdar verði.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í héraðsdómi, þykir mega staðfesta ákvæði hans um þóknun til handa áfrýjanda fyrir aðstoð.

Eftir atvikum er rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 2000.00.

Sjóveðréttur er viðurkenndur í v/b Erni GK 285, nú Auði GK 285, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum samkvæmt 4. tl. 236. gr. laga nr. 56/1914.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Gísli Súrsson, greiði áfrýjanda, h/f Shell á Íslandi, kr. 4800.00 með 6% ársvöxtum frá 13. júní 1944 til greiðsludags og samtals kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Áfrýjandi á sjóveðrétt í v/b Erni GK 285, nú Auði GK 285, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum. Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 16. febrúar 1946.

Mál þetta er upphaflega höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 13. júní f. á., af Hallgrími Fr. Hallgrímssyni f. h. h/f Shell á Íslandi gegn Óskari Jónssyni framkvæmdarstjóra, Norðurbraut 3, Hafnarfirði, f. h. h/f Gísla Súrssonar til greiðslu björgunarlauna, kr. 20000.00 eða annarar hæfilegrar upphæðar að mati dómsins auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins. Enn fremur er krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í vélbátnum „Erni" GK 285 fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Stefndi krefst sýknu af greiðslu björgunarlauna og málskostnaðar gegn greiðslu hæfilegrar þóknunar fyrir aðstoð, þó ekki yfir 800 kr., og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins.

Jafnframt er vátryggjendum v/b „Arnar" stefnt til réttargæzlu í málinu, þeim Ingvari Vilhjálmssyni framkvæmdarstjóra f. h. vátryggingarfélagsins „Gróttu" og Sigurði Kristjánssyni alþingismanni f. h. Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, en engar kröfur eru gerðar þeim á hendur. Hafa þeir látið sækja þing í málinu, en engum kröfum hreyft.

Mál þetta var munnlega flutt í sjó- og verzlunardóminum hinn 16. marz f. á., og dómur þar upp kveðinn 27. s. m. Var málinu því næst áfrýjað til Hæstaréttar og dæmt þar hinn 12 nóv. f. á. með þeim úrslitum, að meðferð málsins í héraði, frá því munnlegur málflutningur hófst, svo og héraðsdómurinn var ómerkt með tilvísun til 4. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936, og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Er málið kom á ný fyrir sjó- og verzlunardóminn, vék hinn reglulegi sjódómsformaður, Guðmundur Í. Guðmundsson bæjarfógeti, sæti í málinu með úrskurði 27. septmeber f. á. Skipaði þá dómsmálaráðuneytið Sigurð Ólason hæstaréttarlögmann til þess að fara með og dæma málið í hans stað, en með honum sátu dóminn sjó- og verzlunardómsmennirnir Björn Helgason skipstjóri og Bror Westerlund forstjóri. Fór síðan fram munnlegur málflutningur að nýju og var málið því næst endurupptekið til ýtarlegri gagnasöfnunar og að því búnu dómtekið hinn 9. þ. m.

Málavextir eru þeir, að hinn 28. ágúst 1943 var vélbáturinn „Örn" GK 285 frá Hafnarfirði, eign hins stefnda hlutafélags, að síldveiðum með reknetum 40 sjómílur NV frá Valhúsbauju. Klukkan tæp-

lega 1 e. h., er báturinn var á heimleið, bilaði vélin, og reyndust engin tiltök að gera við hana á hafi úti. Var báturinn þá staddur 30—32 sjómílur NV af Valhúsbauju, að því er skipverjar skýra frá. Austankaldi var á, 3—4 vindstig, en gekk til norðausturs, er leið á daginn, og lygndi um miðnættið. Loft var léttskýjað og gott í sjó, (sjólag 4).

Nú telja skipverjar á m/b „Erni", að auðvelt hefði verið að sigla bátnum til hafnar á Reykjanesskaga, enda hafi báturinn haft lögákveðinn seglaútbúnað og æfða áhöfn. En þar sem báturinn var með 40 tunnur nýveiddrar síldar innanborðs og vitanlegt var, að sigling til lands tæki langan tíma, ákvað skipstjórinn að leita aðstoðar um drátt til Hafnarfjarðar til þess að bjarga aflanum. Sendi hann því Slysavarnafélaginu skeyti gegnum talstöð bátsins og beiddist aðstoðar skipa eða báta á þessum slóðum, en félagið kom beiðninni samstundis á framfæri með útvarpstilkynningu.

Í tilkynningunni segir að vísu, að báturinn sé ca. „20 sjómílur" undan Valhúsbauju, og er ekki upplýst, hvernig á þessari skekkju stendur.

Þegar þetta skeði, var vélskipið „Skeljungur", eign stefnanda, á leið vestan um land til Skerjafjarðar. Heyrði það tilkynningu Slysavarnafélagsins og var þá, eða kl. ca. 1 e. h., statt um 10 sjómílur NV af Gróttu og átti eftir ca. 2 tíma ferð til Skerjafjarðar. Sneri það þegar við og hélt á staðinn, sem til var vísað, en báturinn fannst ekki, enda var hann samkvæmt framansögðu mun dýpra. Hafði Skeljungur talsamband við m/b „Örn" öðru hverju, meðan á leitinni stóð. Kveðst skipstjórinn á „Erni" hafa viljað halda sig sem mest á sömu slóðum, meðan á leitinni stóð, en þó hengt upp segl og stefnt í átt til Garðskaga. Klukkan 4,50 e. h. kom „Skeljungur" að bátnum, að því er dagbók „Skeljungs" greinir, 27 sjómílur NV af Gróttu, sem kemur heim við mið, sem tekin voru. En það er allmiklu norðar og innar í flóanum en staður sá, sem stefndi telur, að vélin hafi bilað. Hefur báturinn eftir því rekið allmikið, meðan á leitinni stóð, sem gæti komið heim við það, að aðfall var og innstreymi („norðanstraumur"), en með tilliti til þess hins vegar, hvernig vindstöðu var háttað og að bátnum var haldið í átt til Garðskaga, sýnist rekið óeðlilega mikið, og er því sannlegast, að staðurinn, þar sem vélbilunin varð, hafi ekki verið rétt upp gefinn. Klukkan um 6 e. h. hafði „Skeljungur" komið dráttartaugum í bátinn, og lagði „Örn" þær til að nokkru leyti. Var því næst lagt af stað til Hafnarfjarðar og komið þangað eftir nokkra töf vegna eftirlitsskipsins við Gróttu laust eftir miðnætti, eða kl. 5,50. En þar sem dimmt var af nóttu, treysti Skeljungur sér ekki til Skerjafjarðar þá þegar, beið birtingar og kom í Skerjafjörð kl. 8 um morguninn (rskj. nr. 19). Hafði „Skeljungur" þá alls tafizt 17 klukkustundir vegna umræddrar aðstoðar.

Vélbáturinn „Örn“ GK 285, nú „Auður“ GK 285, er 20 brúttósmálestir að stærð, byggður úr eik og furu árið 1907, en umbyggður og stækkaður árið 1941.

Samkvæmt matsgerð, er stefnandi lét fram fara, þegar eftir framangreinda atburði, var báturinn með öllu tilheyrandi metinn á kr. 138000.00, en veiðarfæri og afli í umræddri veiðiferð kr. 8230.00, eða samanlagt kr. 146230.00, og hefur mati þessu ekki verið hnekkt. Skoðun hafði farið fram á bátnum skömmu áður, og vottar skoðunarmaðurinn, að báturinn hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem lög setja um seglaútbúnað og annað það, sem fylgja á slíkum bátum. Á bátnum voru nokkurra daga vistir fyrir áhöfnina, 6 manns, talstöð í fullu lagi, en hins vegar hvorki skipsbátur né fleki, sem og heldur ekki var lögskylt að hafa.

Vélskipið „Skeljungur“ hafði samkvæmt upplýsingum stefnanda verið metið í björgunarmáli í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur á kr. 740000.00. Er og upplýst, að beinn rekstrarkostnaður skipsins var ca. 2000.00 kr. á sólarhring á þeim tíma.

Engar skemmdir urðu á skipunum eða útbúnaði þeirra, enda gekk drátturinn að óskum.

Síldarafla m/b „Arnar“ varð bjargað, en þó ekki að öllu leyti, að því er stefndi telur.

Stefnandi heldur því fram, að verið hafi um fullkomna björgun að ræða, þar sem m/b „Örn“ hafi verið nær öllu ósjálfbjarga og rekið fyrir sjó og vindi, enda þess vegna beiðzt hjálpar gegnum Slysavarnafélagið. Telur stefnandi mjög tvísýnt, að báturinn hefði náð landi á seglum næstu dægur, eins og veðurfari var háttað, auk þess sem báturinn hafi verið í mikilli hættu af hernaðarástæðum, og „Skeljungur“ einnig lagt sig í slíka hættu við björgunina. Að öðru leyti viðurkennir stefnandi, að björgunin hafi ekki verið sérstökum erfiðleikum bundin, enda sé bótakröfunni og stillt mjög í hóf, þar sem hún sé miðuð við 13½% af verðmæti því, sem bjargað var.

Stefndi mótmælir því hins vegar eindregið, að um björgun hafi verið að ræða, heldur einungis venjulega aðstoð án sérstakrar áhættu eða fyrirhafnar. Telur hann kr. 800 vera hæfilega þóknun fyrir hina veittu aðstoð. M/b „Erni“ hefði verið innan handar að ná til hafnar á seglum, eins og veðri og vindátt var háttað. Vitnar stefndi í því sambandi til álits bátaskoðunarmannins, er telur, að enda þótt „vél hefði bilað í bátnum við veiðar hér á flóanum, þá hefði hann komizt hjálparlaust að landi í öllu sæmilegu veðri að sumarlagi.“

Þá vitnar stefndi og til þess, að m/b „Örn“ hafi áður þetta sama sumar lent í vélbilun á svipuðum stað og við svipaðar aðstæður og auðveldlega náð landi á seglum. Ástæðan til þess, að beiðzt var aðstoðar, hafi eingöngu verið sú, að forða aflanum frá skemmdum. Þá telur stefndi og, að „Skeljungur“ hefði ekki þurft að tefjast svo lengi vegna aðstoðarinnar, sem raun varð á.

Rétturinn verður að líta svo á, að eins og öllum atvikum og aðstöðu var háttað, sem nú hefur verið rakið, verði ekki talið, að um björgun sé að ræða í merkingu siglingalaga. Þrátt fyrir vélbilunina er ekki hægt að segja, að v/b „Örn" hafi verið staddur í neyð eða yfirvofandi hættu, sbr. 229. gr. siglingalaganna. Er og ekki annað upplýst en að báturinn hafi verið í fullkomnu lagi að öllum útbúnaði, enda þótt vélar nyti ekki við. Sjór var kyrr og veður gott þenna dag og næstu dægur, og þar sem auk þess vindátt gerðist vestlægari með morgundeginum, virðist mega ganga út frá, að báturinn hefði að forfallalausu náð landi þann dag í öllu falli.

Hins vegar verður að líta svo á, að v/s „Skeljungur" hafi veitt m/b „Erni" allmikilvæga aðstoð, og engan veginn án áhættu eða fyrirhafnar.

Rétt þykir við ákvörðun þóknunarinnar að taka sérstakt tillit til þess, að m/b „Örn" hafði, auk annarra verðmæta, 40 tunnur af nýveiddri síld, sem metin hefði verið á 2000 kr., og lá undir bráðum skemmdum, ef hjálp hefði ekki borizt.

Með hliðsjón af þessu svo og tímatöf „Skeljungs", áhættu og öðrum atriðum, sem máli þykir skipta í þessu sambandi, telur rétturinn þóknun stefnanda hæfilega ákveðna kr. 4800.00. Verður stefnda gert að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 13. júní 1944 til greiðsludags, en sú krafa hefur engum andmælum mætt í málinu.

Þá ber eftir þessum málalokum að dæma stefnanda málskostnað úr hendi stefnda, er telst hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

Loks viðurkennist sjóveðréttur í m/b „Erni" GK 285, nú „Auði" GK 285, fyrir framangreindum fjárhæðum, sbr. 4. tölulið 236. greinar siglingalaga nr. 56/1914.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Óskar Jónsson f. h. h/f Gísla Súrssonar, greiði stefnanda, Hallgrími Fr. Hallgrímssyni f. h. h/f Shell á Íslandi, kr. 4800.00 með 6% ársvöxtum frá 13. júní 1944 til greiðsludags, og kr. 800.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Hefur stefnandi sjóveðrétt í m/b „Erni" GK 285, nú „Auði" GK 285, til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Miðvikudaginn 13. nóvember 1946.

Nr. 117/1946. **Réttvísin** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Kristjáni Birni Bjarnasyni
(Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Með skírskotun til forsendna héraðsdómsins þykir mega staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Kristján Björn Bjarnason, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna, Gunnars Þorsteinssonar og Einars B. Guðmundssonar, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 29. apríl 1946.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Kristjáni Bjarnasyni bifreiðarstjóra í Borgarnesi fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1¾ 1940 með stefnu, útgefinni ⅝ 1946, og tekið til dóms 2. þ. m.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 1⅜ 1924. Hann hefur eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Laugardagskvöldið 29. des. 1945 var haldin dansskemmtun í Samkomuhúsinu í Borgarnesi, og stóð hún til kl. 2 um nóttina. Um kl. 12 um kvöldið komu 7 menn frá Akranesi á bifreiðinni R 1966 til

Borgarness, og fóru þeir allir á skemmtunina. Í bifreiðinni voru fimm Akurnesingar og tveir Reykvíkingar, er unnu að því að mála Íþróttahúsið á Akranesi. Var annar Reykvíkingurinn Garðar Stefánsson verkamaður, Fjölnisveg 1 í Reykjavík. Á leiðinni frá Akranesi til Borgarness var vín haft um hönd í bifreiðinni, og var Garðar Stefánsson nokkuð ölvaður, er hann kom á skemmtunina. Er skemmtuninni lauk, voru þeir ferðafélagarnir frá Akranesi dreifðir um bæinn. Fór svo, að 3 Akurnesingar settust að á Hótel Borgarnesi og sváfu þar um nóttina. 2 Akurnesinganna og 1 Reykvíkingur fóru um nóttina í bifreiðinni til Akraness. Garðar Stefánsson hitti, er skemmtuninni lauk, Jóhann Guðlaugsson frá Kárastöðum, verkamann í Borgarnesi, er verið hefur geðbilaður og var nýlega kominn af geðveikrahælinu á Kleppi, fyrir utan samkomuhúsið. Kveðst Jóhann hafa verið dálítið ölvaður, en segir, að Garðar hafi verið mjög drukkinn. Hjálpaði Jóhann Garðari til að leita upp bifreið þá, er hann hafði komið í, en eigi fundu þeir hana. Fóru þeir þá inn í herbergi Jóhannesar Jóhannessonar bifreiðarstjóra í Borgarnesi, sem er frændi Jóhanns, og háttuðu þeir þar, Jóhann í rúmi Jóhannesar, en Garðar á dívan í herberginu, og sofnuðu fljótlega.

Þetta sama kvöld fór Jóhannes Jóhannesson bifreiðarstjóri í Borgarnesi á bifreiðinni M 2 á dansskemmtun að Hlöðutúni. Á þá sömu skemmtun fór og Kristján Bjarnason bifreiðarstjóri í Borgarnesi á bifreiðinni M 16. Rétt áður en skemmtuninni lauk, fór Kristján Bjarnason af henni og keyrði niður í Borgarnes. Er hann hafði losað sig við farþega, er með honum voru, nema stúlku eina, keyrði hann að húsi Jóns Guðmundssonar í Borgarnesi, þar sem Jóhannes býr, og ætlaði að hafa tal af honum, því hann gerði ráð fyrir, að hann væri þá kominn af dansskemmtuninni. En er hann kom inn í herbergið, sá hann, að þar sváfu Jóhann Guðlaugsson og hönum ókunnur maður. Eigi vakti hann þá félaga, en ákvað að keyra upp veg og mæta Jóhannesi Jóhannessyni og segja honum frá þessu. Rétt fyrir neðan Hamar mætti hann Jóhannesi og sagði honum frá, hvernig umhorfs væri í herbergi hans. Urðu þeir Kristján Bjarnason og Jóhannes Jóhannesson samferða niður í Borgarnes og fóru beina leið inn í herbergi Jóhannesar. Sváfu félagarnir Jóhann og Garðar þá enn.

Fóru þeir Kristján og Jóhannes að vekja þá Jóhann og Garðar. Vakti Kristján Jóhann, er flótlega vaknaði og var sýnilega drukkinn og talaði ruglingslega. Jóhannes vakti hins vegar Garðar, en hann, er einnig var sýnilega drukkinn, lagðist þegar út af aftur. Ýtti Jóhannes þá rösklega við honum á ný, svo hann vaknaði og spurði, hvers vegna hann fengi ekki að sofa í friði. Samtímis sparkaði hann fyrir bringsmalir Jóhannesar, er stóð fyrir framan dívaninn, svo hann hrökklaðist út í horn á herberginu. Þá steig Garðar fram úr dívaninum og stóð andsænis Kristjáni, er stóð við rúmið, og sló

til hans. Bar Kristján af sér höggið og sló jafnframt tvö högg til Garðars, sitt með hvorri hendi. Lenti hægri handar höggið á munni Garðars, en vinstri handar höggið á vinstra kinnbeini hans. Hné Garðar í þessum svifum niður á gólfið þannig, að höfuð hans hvildi á afturenda dívansins. Blæddi jafnframt úr munni hans. Héldu þeir Kristján og Jóhannes í fyrstu, að Garðar hefði fallið sem snöggvast í öngvit, en vissu fljótt, að eitthvað meira var að. Lögðu þeir hann þá upp á dívaninn, en rétt á eftir fölnaði hann upp, og eftir það gátu þeir eigi merkt æðaslög hjá honum. Rétt á eftir komu þeir Helgi Runólfsson og Ólafur Auðunsson, báðir til heimilis í Borgarnesi, er voru í bílnum með Jóhannesi, inn í herbergið, og bar Ólafur gljáfægt vindlingaveski að vitum Garðars, þar sem hann lá á dívaninum, og kom eigi móða á það. Þá tóku þeir Garðar af dívaninum og báru hann út í bifreiðina M 16 og keyrðu með hann til læknis. Báru þeir hann inn í hús læknisins, vöktu hann upp og báðu hann að athuga manninn. Lýsti læknir yfir því, að hann væri látinn. Fóru þeir Kristján og Ólafur þá til sýslumanns og tilkynntu honum látið og atvik að því. Var það kl. tæplega 7 um morguninn.

Dómarinn hóf þegar í stað rannsókn málsins. Jafnframt gerði hann í samráði við rannsóknarlögregluna í Reykjavík ráðstafanir til að koma líkinu sem fyrst til réttarkrufningar í Reykjavík. Um hádegi kom flugvél frá Reykjavík að sækja líkið, og var það þann $3^1/_2$ krufið á Rannsóknarstofu háskólans af prófessor Nielsi Dungal.

Í skýrslu um réttarkrufninguna segir um áverka á líkinu: „Út úr hægra munnviki sést taumur af storknuðu blóði, sem hefur runnið út á kinnina. Þegar varirnar eru athugaðar að innanverðu, sést, að ca. ½ cm frá vinstra munnviki er efri vörin sprungin að innan. Er það ca. ½ cm löng sprunga, sem snýr upp og niður, og ca. 3—5 mm djúp. Beint andspænis henni á neðri vörinni er ofurlítil sprunga í slímhúðinni, sem ekki er nema 2—3 mm löng og mjög grunn, en dálítið mar í kringum hana."

Ályktun rannsóknarstofunnar um dánarorsök er þessi: „Við krufninguna hefur fundizt mikil blæðing undir heilahimnu og inn í öll hólf heilans. Hvergi finnst neitt æxli né útvikkun á æð. En vegna þess, hve blóðið var alls staðar mikið, er engin leið til að finna óbreytta æð, sem hefði sprungið. Sennilega er hér um að ræða, að einhver æð hefur sprungið rétt undir heilahimnunni og blóðið fossað þaðan undir heilahimnuna og þaðan inn í hólf heilans. Þetta hefur valdið bráðum dauða, því heilaþrýstingurinn hefur skyndilega hækkað, og getur það leitt fljótlega til dauða. Blæðing þessi hefur sennilega orsakazt af högginu, sem hinn látni hefur fengið á munninn, en öll líkindi eru til þess, að æðar hans hafi verið sérstaklega veikar fyrir, úr því að þær hrökkva í sundur við ekki meiri áverka. Magasár fannst hjá manninum, sem sýnilega er ekki nýtt. Ekki er óhugsandi, að það hafi átt sinn þátt í því, að æðar

sjúklingsins voru stökkvari en eðlilegt er, því að magasjúkingar næst jafnaðarlega ver en heilbrigt fólk, og getur það komið fram á æðunum, svo að blæðingarhætta eykst."

Samkvæmt því, sem komið hefur fram við rannsókn málsins og réttarkrufningu, verður rétturinn að telja það sannað, að ákærði hafi orðið Garðari Stefánssyni að bana með höggum þeim, er hann greiddi honum sunnudagsmorguninn 30. des. 1945 í herbergi Jóhannesar Jóhannessonar í Borgarnesi.

Fjarstætt er að ætla, að það hafi verið ásetningur ákærða að bana Garðari með höggum þessum, enda virðast þau eigi hafa verið þyngri en oft eru greidd manna á millum í slagsmálum, án þess að nokkrir verulegir áverkar hljótist af.

Hins vegar verður eigi talið, að ákærði hafi greitt höggin í neyðarvörn, þótt Garðar heitinn hafi slegið til hans, áður en hann greiddi þau.

Framkoma ákærða, meðan á rannsókn og rekstri málsins stóð, hefur verið hin prúðmannlegasta. Skýrði hann af sjálfsdáðum frá broti sínu og öllum atvikum að því og reyndi á allan hátt að auðvelda rannsóknina. Þó ber að átelja það, að ákærði og Jóhannes Jóhannesson, er báðir hafa bifreiðarstjórapróf, tóku lík Garðars heitins og fluttu það í bifreið til læknis, í stað þess að kveðja lækninn á staðinn. Hefði það getað orðið að tjóni, ef líf hefði leynzt með manninum.

Samkvæmt framansögðu verður að líta svo á, að dauði Garðars Stefánssonar hafi hlotizt af gáleysisverknaði ákærða, og ber því að heimfæra brot ákærða undir 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1½ 1940.

Refsing ákærða með hliðsjón af 9. tölulið 74. gr. hegningarlaganna þykir hæfilega ákveðin varðhald í 8 mánuði.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Kristján Bjarnason bifreiðarstjóri í Borgarnesi, sæti varðhaldi í átta mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, 400.00 — fjögur hundruð — krónur.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. nóvember 1946.

Nr. 138/1945. **Mjólkurbú Flóamanna**
(Hrl. Egill Sigurgeirsson)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Gjald í varasjóð samvinnufélags ekki talið til rekstrarkostnaðar félagsins.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 31. október f. á., gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 152765.56 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi, 14. maí 1945, til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1943 skal útsöluverð á mjólkurafurðum miðað við verð það til bænda, sem samkomulag varð um í landbúnaðarvísitölunefnd, að viðbættum óhjákvæmilegum kostnaði. Varasjóðsgjald það, sem deilt er um í máli þessu, verður eigi talið til slíks kostnaðar. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. september 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., hefur Mjólkurbú Flóamanna höfðað fyrir bæjarþinginu 14. maí 1945 gegn landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu á kr. 152765.56 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir.

Árið 1944 notaði ríkisstjórnin heimild laga nr. 42 frá 1943 til þess að lækka útsöluverð mjólkur á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur, gegn því að greiða úr ríkissjóði svo mikið, sem nægði til þess, að framleiðendur fengi kr. 1.23 fyrir hvern lítra. Með bréfi, dagsettu 19. marz 1945, skýrði mjólkursamsalan landbúnaðarráðuneytinu frá því, að samkvæmt endurskoðun á reikningum ársins 1944 frá stefnanda, Mjólkursamlagi Borgfirðinga, Mjólkurbúi Hafnarfjarðar, Mjólkursamsölunni og mjókurstöðinni í Reykjavík, vanti kr. 1214252.31 til þess, að unnt sé að greiða framleiðendum kr. 1.23 sem meðalverð hvers lítra. Einn liður í fjárhæð þessari var talinn kr. 157722.41, er leggja bæri í varasjóð stefnanda, en ráðuneytið taldi ríkissjóði óskylt að leggja fram þá fjárhæð, og hefur stefnandi því höfðað mál þetta, sem fyrr segir, til greiðslu hluta hennar. Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að þar eð það sé skráð sem samvinnufélag samkvæmt lögum nr. 36 frá 1921, nú nr. 46 frá 1937, hvíli á því ótvíræð skylda til þess að leggja í varasjóð a. m. k. 1% af óskiptum tekjum, sbr. 24. gr. þeirra laga, svo og gagnályktun af 8. gr. laga nr. 62 frá 1945. Varasjóður samvinnufélags, sem lögskylt sé að leggja fé til, sé hins vegar óskiptilegur, þ. e. félagsmönnum verði ekki úthlutað úr honum við félagsslit, sbr. 9. tl. 3. gr. laga nr. 46 frá 1937, og í 24. gr. sömu laga séu mjög strangar skorður reistar við útborgun úr sjóði þessum. Af þessu sé því ljóst, að fé það, sem lagt hafi verið í varasjóð, geti ekki talizt séreign félagsmanna né verði útborgað til þeirra hvers um sig, og öllu heldur beri að líta á framlagið sem eins konar skattgjald, er að lokum verði almenningseign.

Nú hafi nefnd sú, er samkvæmt 4. gr. laga nr. 42 frá 1943 var falið að finna grundvöll fyrir vísitölu landbúnaðarafurða, miðað verð það, er bændum beri fyrir mjólkina samkvæmt framansögðu, við afhendingu hennar í mjólkurbú og að ekki skuli aðrir kostnaðarliðir koma því til frádráttar en þeir, sem taldir eru í áliti hennar, dagsettu 18. ágúst 1943, en þar er ekki gert ráð fyrir öðrum kostnaði af dreifingu afurðanna en flutningi þeirra á afhendingarstað. Telur stefnandi framanritað sýna, að framlag til varasjóðs stefnanda sé hluti af dreifingarkostnaði og því rekstrarkostnaður, er framleiðendur mjólkurinnar eigi ekki að standa skil á sjálfir, heldur beri stefnda að greiða það, enda hafi ríkisstjórnin (atvinnumálaráðuneytið) viðurkennt þessa skyldu sína í bréfi til mjólkursamsölunnar, dagsettu 3. janúar 1944. Í því bréfi tilkynnti ráðuneytið þá ákvörðun sína að greiða 16 aura uppbót á hvern mjólkurlítra, sem mjólkurbú á verðjöfnunarsvæðinu tóku á móti 15. september 1943 til loka sama árs, og heldur stefnandi því fram, að ráðuneyt-

inu hafi verið kunnugt, að framlag til varasjóðs stefnanda o. fl. hafi verið falið í þeirri fjárhæð, enda hafi maður sá, er reiknaði út og gerði tillögur um uppbót þessa, talið hið lögboðna varasjóðstillag til kostnaðar. Loks hefur stefnandi bent á, að framlag þetta sé innifalið í verðákvörðun mjólkurverðlagsnefndar, er nam kr. 1.70 árið 1944.

Stefndi byggir kröfur sínar á því, að varasjóðsgjaldið sé framlög félagsmanna stefnanda og miðað við viðskipti þeirra og sé ekki unnt að telja það til rekstrarkostnaðar stefnda frekar en hjá félögum með aðra skipan, svo sem hlutafélögum, er einnig hafi varasjóði. Telur stefndi, að þótt hann greiði framlag þetta ekki beinlínis til félagsmanna stefnda, komi það þeim að fullum notum, þar eð hlutverk varasjóðs sé að tryggja félagsmenn gegn taprekstri svo og til eflingar framkvæmda stefnda og þar með til hagsbóta fyrir félagsmenn og búrekstur þeirra, enda sé það aðeins við félagsslit, að bannað sé að greiða úr varasjóði meira en þarf til lúkningar skuldbindingum þeim, er hvíli á félagsheildinni. Samkvæmt þessu telur stefndi, að varasjóðsframlagið sé greiðsla til framleiðendanna og því hluti af vísitöluverðinu, kr. 1.23 fyrir hvern lítra, og leiði af því enn fremur, að ekki sé hægt að telja framlagið hluta af dreifingarkostnaði eftir afhendingu. Loks hefur stefndi haldið því fram, að uppbótin fyrir tímabilið frá 15. september 1943 til loka þess árs hafi verið ákvörðuð af ráðuneytinu og hafi ekki átt stoð í útreikningum eða tillögum manns þess, er að framan getur, enda hafi ríkisstjórninni verið ókunnugt um það, hvort varasjóðsframlagsins gætti í þeim útreikningi eða ekki.

Fallast verður á það með stefnda, að framlag til sjóða félags fái ekki talizt til rekstrarkostnaðar, enda séu sjóðir þeir eign félags áfram. Af þeim ákvæðum laga nr. 46 frá 1937, sem að varasjóði lúta, verður ekki annað ráðið en hann sé sameign félagsmanna og að þeir hafi, þó með skorðum þeim, er 24. gr. sömu laga setur, óskoraðan ráðstöfunarrétt yfir honum allt til félagsslita.

Greiðsla fjár þessa í varasjóð veldur þess vegna ekki því, að félagsmenn séu sviptir fé þessu eða umráðum þess, og verður því eigi unnt að telja framlag þetta hluta af dreifingarkostnaði, þar eð féð er, eins og fyrr segir, eign félagsmanna áfram. Þess ber og að gæta, að grundvöllur sá, sem stefnandi starfar á, er ekki lögboðinn um mjólkurbú almennt, og væri mjólkurframleiðendum því unnt að komast hjá greiðslu framlags í sjóði sem þann, er um ræðir í máli þessu.

Samkvæmt framanrituðu ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina, enda hefur stefnandi gegn mótmælum hans ekki sannað þá staðhæfingu sína, er fyrr greinir, að ríkisstjórnin hafi með greiðslu fyrrtalinnar uppbótar bundið sig til greiðslu varasjóðsframlagsins.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Mjólkurbús Flóamanna, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 18. nóvember 1946.

Nr. 133/1946. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Árna Magnúsi Bjarnasyni
(Ragnar Jónsson cand jur.).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Bifreiðaslys. Sýknað af ákæru um manndráp af gáleysi. Ágreiningur dómenda.

Dómur hæstaréttar.

Strætisvagn sá, er ákærði ók, þegar slysið varð, er þannig gerður, og sæti bifreiðarstjóra og gluggum þannig hagað, að útsýn fram fyrir vagninn og þó einkum til hliðar er mjög takmörkuð. Þykir varhugavert að telja ákærða til sakar, að hann sá ekki dreng þann, sem fyrir slysinu varð, fyrr en það var orðið. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum verður að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Lögreglumenn þeir, er fyrst komu á vettvang, létu ekki athuga ástand strætisvagnsins, og bar þeim þó sérstaklega að láta rannsaka ljósabúnað hans og hemla. Verður að átelja þessa vangæzlu þeirra.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Sveinbjörns Jónssonar og cand. jur. Ragnars Jónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Sératkvæði hrd. Gizurar Bergsteinssonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Sjónarvottar að slysi því, sem í máli þessu greinir, skýra svo frá, að barn það, sem bana beið, hafi hlaupið fyrir bifreiðina, lent á framvara hennar og orðið síðan undir henni. Ákærði varð samt ekki barnsins var fyrr en eftir að hann, þ. e. ákærði, fann hnykk í bifreiðinni og heyrði óp fólks, sem í bifreiðinni var, en það sá barnið hlaupa fyrir hana og hverfa undir hana. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 skal ökumaður hafa góða útsýn fram eftir vegi og til hliðar, og ber hann ábyrgð á, að ökutæki hans sé í lagi, og skal geta stöðvað það snögglega, ef með þarf. Slys það, sem nú var lýst, varð í þröngri götu, þar sem börn voru á ferð. Var ákærða því rík ástæða til að sýna sérstaka aðgæzlu og varfærni, hafa vakandi auga á börnunum og vera við því búinn að stanza snögglega, ef börnin hlypu út á akbrautina og fyrir bifreiðina. Þetta gerði ákærði ekki, heldur ók hann á barn, sem var á hlaupum á götunni ásamt öðrum börnum og komið var fram fyrir bifreiðina frá hægri hlið, miðað við ákærða, án þess að hann veitti því athygli. Aðalorsök slyssins má að vísu rekja til atferlis barnsins, en ætla verður, að ákærði hefði mátt afstýra slysi, ef hann hefði ekið nógu gætilega og tekið eftir barninu í tæka tíð. Verður því að telja, að ákærði hafi með aðgæzluskorti orðið samvaldur að dauðaslysi barnsins, enda getur það ekki leyst hann að fullu undan sök, að útsýn er mjög óhæg úr sæti bifreiðarstjóra í bifreið þeirri, sem hann hafði tekið að sér að aka og hann bar því ábyrgð á, sbr. 4. gr. laga nr. 24/1941.

Með framangreindu hátterni hefur ákærði gerzt brotlegur við 215. gr. laga nr. 19/1940, 4. gr. sbr. 14. gr. laga nr. 24/1941 og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1500 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist 15 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo ber og að svipta ákærða ökuleyfi um eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun skipaðs verjanda í héraði, kr. 300.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að lögreglumenn þeir, sem komu á vettvang eftir slysið, létu ekki fara fram rannsókn á strætisvagninum, einkum ljósabúnaði hans og hemlum.

Dómsorð:

Ákærði, Árni Magnús Bjarnason, greiði 1500 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist 15 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann er sviptur ökuleyfi eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs verjanda í héraði, Ragnars lögfræðings Jónssonar, kr. 300.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, Sveinbjörns hæstaréttarlögmanns Jónssonar og Ragnars lögfræðings Jónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 6. júlí 1946.

Ár 1946, laugardaginn 6. júlí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2236/1946: Réttvísin og valdstjórnin gegn Árna Magnúsi Bjarnasyni, sem tekið var til dóms 4. s. m.

Mál þetta er að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Árna Magnúsi Bjarnasyni bifreiðarstjóra, Laugarnesvegi 67, til refsingar, ökuleyfissviptingar og greiðslu sakarkostnaðar fyrir brot gegn 18. og 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. febr. 1923 í Reykjavík, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Miðvikudaginn 13. febrúar s. l., kl. 18, ók ákærði strætisvagninum R. 975, en í honum var margt farþega, frá Lækjartorgi upp Bankastræti og Skólavörðustíg, austur Njálsgötu og beygði suður Gunnarsbraut og hugðist nema staðar á viðkomustað rétt sunnan við Skarphéðinsgötu, en norðan megin við gatnamót Gunnarsbrautar og Skarphéðinsgötu varð 5 ára drengur, Garðar Hólm Sigurgeirsson, fyrir bifreiðinni og hlaut bana af.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi ekið eftir vinstri (nyrðri) brautarhelming Njálsgötu og tekið bugðuna stóra inn á Gunnarsbraut, en á gatnamótum þessum er mjög þröngt, auk þess sem hann kveður græna vörubifreið hafa staðið vestan megin á Gunnarsbrautinni milli Njálsgötu og Skarphéðinsgötu, en ekkert af vitnum þeim, sem um þetta atriði hafa borið, minnast þessa. Kveðst ákærði hafa ekið með 15 til 20 km hraða, miðað við klukkustund, eftir Njálsgötu, áður en hann beygði suður Gunnarsbraut, en þá dregið úr hraðanum og ekið bifreiðinni, sem er 4 gíruð, í 3. gír og telur, að hraði hennar hafi varla verið meiri en 10 km, miðað við klukkustund. Á Gunnarsbraut segist hann svo aðeins hafa aukið við hraðann, til þess að bifreiðin rynni að viðkomustaðnum sunnan við Skarphéðinsgötu, en milli hennar og Njálsgötu er mjög stuttur spotti. Ákærði kveðst, rétt eftir að hann hafði ekið inn á Gunnarsbraut og bifreiðin orðin svo að segja rétt fyrir á götunni, hafa heyrt slink, eins og eitthvað kæmi utan í bifreiðina, en ekki orðið var við, að nokkuð yrði fyrir hjólum hennar, og um leið hafi einhver eða einhverjir farþeganna hljóðað upp yfir sig. Kveðst ákærði þá hafa hemlað strax, og hafi bifreiðin stanzað þegar í stað. Ekki kveðst hann hafa skipt um gír, er hann stöðvaði bifreiðina, en stöðvað vél hennar og haft hana í gír, þegar hann steig út úr vagninum. Þá segist hann hafa slökkt á ljóskerum bifreiðarinnar, en man ekki, hvort logaði á afturljóskerinu og öðru „parkljóskerinu", en telur þó, að þau hafi bæði verið biluð. Er bifreiðin hafði verið stöðvuð, stóð hún þvert fyrir Skarphéðinsgötu. Fyrir aftan vinstri afturhjól bifreiðarinnar, en þau eru tvöföld, og undir henni lá drengurinn, Garðar Hólm Sigurgeirsson, meðvitundarlaus. Var lögreglunni gert aðvart um slysið og einnig

eftirlitsmanni strætisvagnanna. Ákærði ók svo drengnum upp að Landspítala, en hann mun hafa látizt á leiðinni þangað.

Ekki kveðst ákærði vita, hvaðan drengurinn kom, og ekki orðið var við hann, fyrr en slysið var um garð gengið. Hann hafi ekki orðið var við, að börn hlypu austur yfir Gunnarsbraut í átt frá Njálsgötu. Kveður hann hemla bifreiðarinnar og annan útbúnað hafa verið í góðu lagi, en er ekki viss um, að ljós hafi verið á báðum ljóskerunum, vel geti verið, að ekki hafi logað á ljóskerinu hægra megin, en er viss um, að logað hafi á hinu. Ekki hefur tekizt að upplýsa þetta, enda var bifreiðin ekki skoðuð eftir slysið. Þá kveður ákærði útsýni vera mjög lítið úr strætisvögnum, þegar þeir eru fullir af fólki. Sjáist sérstaklega illa út um hægri hliðarrúðuna, þar eð bæði dyrastafur og farþegar byrgi mjög útsýnið. Ákærði var að öllu leyti vel fyrir kallaður, var vanur að aka strætisvagninum þessa leið og hafði ekið honum þenna dag frá klukkan 13. Hann kveður ekkert hafa dregið athygli sína frá akstrinum og hvorki verið að taka á móti peningum af farþegum né gefa þeim til baka.

Af farþegum þeim, sem í strætisvagninum voru í umrætt skipti, hafa verið yfirheyrð vitnin Bárður Óli Pálsson verkstjóri, Skeggjagötu 6, 35 ára að aldri, Ólafur Georgsson verzlunarmaður, Freyjugötu 46, 28 ára að aldri, en þeir stóðu báðir í miðjum vagninum og sáu því eigi, hvernig slysið skeði, og Helga Jensen húsfreyja, Leifsgötu 15, 43 ára að aldri, sem kveðst hafa setið hægra megin í strætisvagninum í 3. sæti, talið framan frá.

Vitnið Bárður Óli kveður bifreiðinni hafa verið ekið í kröppum boga á Njálsgötu og inn á Gunnarsbraut og muni hún hafa verið sem næst bein fyrir á götunni, er slysið varð. Ekki varð það vart við, að hjól bifreiðarinnar færu yfir drenginn. Telur vitnið, að hraði bifreiðarinnar hafi verið um 20 km, miðað við klukkustund, eftir að henni var ekið inn á Gunnarsbraut, en þar hafi bifreiðarstjórinn aukið lítillega hraðann, og fannst vitninu ákærði aka greitt og ógætilega á þessum gatnamótum. Kveður vitnið ákærða hafa hemlað, er einhver farþeganna hljóðaði upp yfir sig, en þó ekki snöggt, og bifreiðin runnið talsvert áfram. Hemlar hafi þó verið góðir, því skömmu áður, er bifreiðinni var ekið yfir Hringbraut, hafi hún verið stöðvuð mjög snögglega vegna bifreiðar, sem þar var á ferð. Ekki varð vitnið vart við, að ákærði skipti bifreiðinni í lægri gír, og ekkert hljóð kveðst það hafa heyrt í gírkassa. Þá segist það ekki hafa séð greinileg hemlaför eftir bifreiðina og ekki tekið eftir ljósaútbúnaði hennar.

Vitnið Ólafur Georgsson kveður ákærða hafa hægt á hraða bifreiðarinnar, áður en hann ók af Njálsgötu inn á Gunnarsbraut, og telur, að hraði hennar hafi verið 5 til 10 km, miðað við klukkustund, þegar slysið skeði. Ekki kveðst það geta sagt um, hvort ekið

hafi verið í krappri bugðu um þessi gatnamót. Skömmu eftir að ekið hafði verið inn á Gunnarsbraut, kveðst vitnið hafa heyrt eins og barnshróp, en ekki séð drenginn verða fyrir bifreiðinni né orðið vart við, að nokkuð yrði fyrir hjólum hennar. Rétt í þessu var strætisvagninn stöðvaður, en ekki snöggt, heldur eins og þeir almennt eru stöðvaðir hjá viðkomustöðvum, og taldi vitnið svo vera, þar til einhverjir af farþegunum voru komnir út úr bifreiðinni. Ekki tók vitnið eftir ljósaútbúnaði bifreiðarinnar, en hemla kveður það hafa verið í góðu lagi, því að á gatnamótum Barónstígs og Njálsgötu hefði ákærði orðið að stöðva bifreiðina mjög snöggt til að forðast árekstur.

Vitnið Helga Jensen hefur borið það, að dregið hafi verið úr hraða bifreiðarinnar, um leið og henni var ekið inn á Gunnarsbraut, og hraði hennar ekki aukinn eftir það, en veit ekki, hvort sú bugða hafi verið tekin kröpp eða stór. Telur vitnið, að bifreiðin hafi verið orðin bein fyrir vinstra megin á götunni, þegar slysið skeði. Rétt áður kveðst vitnið hafa litið út um hægri hliðarrúðu strætisvagnsins og séð þá drenginn koma hlaupandi og hverfa undir bifreiðina, en er ekki öruggt um, hvaðan hann kom. Kveðst það svo hafa heyrt iskur, og strætsivagninn þá verið stöðvaður strax, en ekkert runnið til.

Vitnið Ingólfur Gísli Gústafsson, Fálkagötu 19, 14 ára að aldri, skýrir svo frá, að það hafi ekið á reiðhjóli norður Gunnarsbraut og verið komið aðeins norður fyrir Skarphéðinsgötu, þegar strætisvagninum var ekið af Njálsgötu suður Gunnarsbraut. Kveður það honum hafa verið ekið í stórri bugðu á þessum gatnamótum, nokkuð hratt og hann verið beinn fyrir á götunni, er drengurinn varð fyrir miðjum framvara bifreiðarinnar, en hann hafi komið hlaupandi fyrirvaralaust af vestari gangstétt Gunnarsbrautar. Segir það hann hafa kastazt lítið eitt frá bifreiðinni, orðið síðan undir henni miðri, en hjól hennar muni ekki hafa farið yfir hann. Kveður það bifreiðina hafa verið hemlaða um leið og hún rakst á drenginn, en dregizt lítið eitt til á götunni, og hafi drengurinn legið á sama stað eftir slysið og þegar hann varð fyrir bifreiðinni.

Hjá viðkomustað strætisvagnanna á Gunnarsbraut rétt sunnan við Skarphéðinsgötu biðu komu strætisvagnsins Jón Guðjónsson Jónsson verksmiðjustjóri, Víðimel 40, 44 ára að aldri, Ólafur Helgi Auðunsson bifreiðarstjóri, Ránargötu 7, 40 ára að aldri, og Garðar Karlsson skógerðarmaður, Tjarnargötu 45, 25 ára að aldri.

Vitnið Jón Guðjónsson Jónsson kveður strætisvagninum hafa verið ekið í nokkuð krappri bugðu af Njálsgötu suður Gunnarsbraut á þeim hraða, sem stætisvögnum er almennt ekið á, og hafi hann um það bil verið orðinn réttur fyrir vinstra megin á akbrautinni, er slysið varð. Ekki getur vitnið sagt um, hvort aukið hafi verið við hraða bifreiðarinnar á Gunnarsbraut, en telur, að

það hafi ekki verið gert. Ekki minnist það, að nokkuð hafi verið athugavert við ljós bifreiðarinnar. Það kveðst hafa séð þrjá drengi að leik vestan megin á Gunnarsbraut skammt frá Skarphéðinsgötu. Skyndilega hafi einn drengjanna hlaupið þvert yfir götuna, lent sem næst á miðjum framvara bifreiðarinnar, kastazt einn til tvo metra frá henni og svo orðið undir henni miðri. Telur vitnið, að hjól bifreiðarinnar hafi ekki farið yfir drenginn og að hann hafi legið sunnar á Gunnarsbrautinni eftir slysið, eins og hann hefði dregizt eitthvað til með henni. Ekki kveðst vitnið hafa getað séð, að hægt væri á bifreiðinni, er hún rakst á drenginn, ekki orðið vart við iskur í bremsum né heldur, að skipt væri um gír.

Vitnið Ólafur Helgi Auðunsson kveður strætisvagninum hafa verið ekið á venjulegum hraða, en treystir sér ekki til að segja um, hvort honum hafi verið ekið á stórri bugðu inn á Gunnarsbraut eða hert á hraða hans þar. Virtist því drengurinn koma hlaupandi frá vestari gangbraut Gunnarsbrautar eða Skarphéðinsgötu og verða fyrir miðjum framvara bifreiðarinnar, er þá muni hafa verið rétt fyrir vinstra megin á götunni. Ekki kveðst vitnið hafa getað séð, að drengurinn kastaðist frá bifreiðinni, heldur væri eins og hann hyrfi undir hana miðja, og hafi ákærði eigi virzt taka eftir þessu, því að hann stöðvaði ekki bifreiðina fyrr en einhver hrópaði til hans. Virtist vitninu hún kastast litið eitt til og fannst það heyra hljóð úr gírkassa hennar, eins og verið væri að skipta í lægri gír. Ekki kveðst vitnið hafa tekið eftir því, hvort ljós væri á báðum ljóskerum bifreiðarinnar, þegar henni var ekið suður Gunnarsbraut, en þegar bifreiðin hafði verið stöðvuð eftir slysið, segist vitnið hafa tekið eftir því, að ljós var aðeins á vinstra ljóskerinu, en man ekki, hvort ljósunum hafði þá verið breytt eða aðeins hafi logað á „parkluktum". Ekki kveðst vitnið hafa getað séð, að drengurinn yrði undir hjólum bifreiðarinnar, og telur, að drengurinn hafi legið sunnar og nær gangstéttinni, eftir að bifreiðin var stöðvuð, heldur en þegar hann féll við aksturinn.

Vitnið Garðar Karlsson kveður bifreiðinni hafa verið ekið á venjulegum hraða strætisvagna og gizkar á um 20 km, miðað við klukkustund, og telur, að ekki hafi verið aukið við hraða hennar, eftir að hún var komin inn á Gunnarsbraut. Kveðst vitnið hafa séð tvo til þrjá krakka koma vestur yfir götuna í áttina frá Pétursbúð, sem er á horni Njálsgötu og Gunnarsbrautar, en er þeir voru komnir að vestari gangbraut Gunnarsbrautar, hafi einn drengur snúið við og hlaupið fyrirvaralaust yfir götuna og lent á miðjum framvara strætisvagnsins, sem eigi var orðinn réttur fyrir á götunni. Vitnið kveðst þó ekki vera fullviss um, nema drengurinn Garðar Hólm hafi komið vestan frá Skarphéðinsgötu eða einhvers staðar vestan megin af Gunnarsbraut. Ekki segist vitnið hafa getað séð, að drengurinn kastaðist frá strætisvagninum, heldur hafi hann orðið undir hon-

um miðjum. Hafi ákærði eigi stöðvað bifreiðina fyrr en einhver hrópaði upp, og muni hún þá hafa verið komin lengd sína frá þeim stað, er drengurinn varð undir henni. Kveður það drenginn hafa dregizt með bifreiðinni, þannig að hann lá sunnar á Gunnarsbrautinni en þar, sem bifreiðin rakst á hann. Vitnið kveðst ekki hafa tekið eftir ljósum bifreiðarinnar og ekki heldur, að skipt hefði verið í lægri gír.

Lögregluþjónarnir Einar Ásgrímsson og Bergsteinn Jónsson fóru að slysstaðnum, en er þeir komu þangað, hafði drengnum verið ekið í strætisvagninum að Landspítalanum. Engin bremsuför voru sjáanleg á slysstaðnum, enda gatan rök og umferð hafði verið mikil. Blóðpollur var sjáanlegur við gatnamót Gunnarsbrautar og Skarphéðinsgötu. Uppdráttur var gerður af slysstaðnum, réttarskj. nr. 2, þar sem blóðpollurinn var markaður á, og telja bæði vitni og ákærði, að drengurinn hafi legið nærri þeim stað eftir slysið.

Eins og fyrr greinir, kveður ákærði bifreið hafa staðið vestan megin á Gunnarsbraut milli Skarphéðinsgötu og Njálsgötu, en ekkert af vitnum, sem um þetta atriði hafa borið, minnast þess. Var haldin framhaldsrannsókn, hvað þetta atriði snerti, og meðal annarra yfirheyrður Magnús Tómas Jónasson bifreiðarstjóri, Njálsgötu 104, 29 ára að aldri. Kveðst hann aka dökkgrænni vörubifreið, R. 2668, og oft skilja við hana vestan megin á Gunnarsbraut á fyrrgreindum vegarspotta, en man ekki, hvort hún hefur staðið þar, þegar slysið varð. Segist hann ekki hafa frétt um slysið fyrr en um kvöldið, þegar hann kom heim til sín, og man ekki, hvort hann var þá fótgangandi eða í bifreið. Meðan verið var að yfirheyra Magnús Tómas, kveðst ákærði hafa séð bifreiðina R. 2668 fyrir framan húsið Frikirkjuveg 11, skrifstofu sakadómara, og hafi það verið sama bifreiðin og stóð á Gunnarsbraut milli Njálsgötu og Skarphéðinsgötu, er slysið varð.

Eins og að framan getur, andaðist drengurinn á leiðinni að Landspítalanum, og leiddi krufning í ljós, að botn höfuðkúpunnar hafði brotnað mjög mikið. Segir í vottorði Rannsóknarstofu háskólans, að dauðaorsökin hafi verið hið mikla brot á kúpubotninum, sem skyndilega hefur orsakað mikið rask á heilabúinu.

Eins og atvikum er lýst hér að framan, þykir ákærði eigi hafa sýnt óvarkárni og eftirtektarleysi við akstur bifreiðarinnar, þótt hann hafi ekki komið auga á drenginn, enda virðist útsýni bifreiðarstjóra úr strætisvagninum eigi nægilegt, og alls óvíst, að takast mætti að afstýra slysinu, þó að ákærði hefði komið auga á drenginn, þegar hann hleypur skyndilega á framvara bifreiðarinnar. Að öllu athuguðu verður ákærði eigi talinn bera refsiverða sök á dauða drengsins, og ber því að sýkna hann af öllum ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur málskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda ákærða hér við réttinn, Ragnars Jónssonar lögfræðings, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Árni Magnús Bjarnason, á að vera sýkn af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða hér við réttinn, Ragnars Jónssonar lögfræðings, kr. 300.00.

Miðvikudaginn 20. nóvember 1946.

Nr. 143/1945. **Sigfús Baldvinsson og Hjörtur Lárusson**
(Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Ólafi Stefánssyni og gagnsök
(Hrl. Egill Sigurjónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Sýknað af bótakröfu vegna brottvikningar skipstjóra.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, með meðdómsmönnum Gísla Eylands og Benedikt Steingrímssyni.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 5. nóv. 1945, og gert þær dómkröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum gagnáfrýjanda í málinu án eða með skuldajöfnuði við gagnkröfur, er þeir telja sig hafa gegn gagnáfrýjanda til bóta fyrir tjón, er hann hafði bakað þeim með afglöpum í starfi sínu í þeirra þjónustu. Til vara hafa þeir krafizt lækkunar á kröfu gagnáfrýjanda. Svo krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 28. marz

s. l. skotið málinu til hæstaréttar með gagnáfrýjunarstefnu, dags. 4. apríl þ. á. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða sér kr. 17892.00 eða aðra lægri upphæð eftir mati dómsins. Svo krefst hann og 6% ársvaxta af hinni dæmdu upphæð frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins svo og að viðurkenndur verði sjóveðréttur sér til handa í m/s Rúnu E A 380 fyrir hinum dæmdu upphæðum.

Með samhljóða vitnisburði fjögra skipverja á m/s Rúnu, þ. e. stýrimannsins Alfreðs Finnbogasonar, 2. vélstjóra Magnúsar Jóhannssonar og tveggja háseta, Jóns Árnasonar og Björns Jónssonar, verður að telja sannað, að gagnáfrýjandi hafi verið ölvaður, er hann kom til skips síns í Vestmannaeyjum laust eftir miðnætti hinn 11. des. 1944 og tók við stjórn þess, og fær það eigi haggað gildi vitnisburða þessara, þótt tveir aðrir skipverjar, Ingvar Guðjónsson 1. vélstjóri og Júlíus B. Magnússon háseti hafi borið, að þeim hafi ekki virzt skipstjórinn vera drukkinn við umrætt tækifæri, enda eru eigi fyrir hendi upplýsingar um það, hvaða aðstöðu vitni þessi höfðu til að athuga ástand gagnáfrýjanda. Verður að telja, að þetta hafi heimilað útgerð skipsins að svipta gagnáfrýjanda skipstjórninni fyrirvaralaust an bóta, sbr. 5. gr. sjómannalaga nr. 41 19. maí 1930 og 21. gr. áfengislaga nr. 33 9. jan. 1935. Verður því að sýkna aðaláfrýjendur af kröfum gagnáfrýjanda.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjendum málskostnað í héraði og í hæstarétti með 1200 kr.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Sigfús Baldvinsson og Hjörtur Lárusson, eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Ólafs Stefánssonar í máli þessu.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum 1200 kr. í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 20. október 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 12. þ. m., hefur Ólafur skipstjóri Stefánsson, Eyrarveg 16, Akureyri, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 16. apríl s. l., gegn þeim Sigfúsi Baldvinssyni útgerðarmanni, Fjólugötu 10, og Hirti Lárussyni útgerðarmanni, Eyrarlandsvegi 4, báðum á Akureyri, til greiðslu bótakröfu, að fjárhæð kr. 18561.15 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaðar eftir reikningi eða mati réttarins. — Þá krefst stefnandi þess, að honum verði dæmt sjóveð í m/s Rúnu EA. 380 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu, en til vara lækkunar á kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu. Til þrautavara hafa þeir krafizt skuldajafnaðar með kröfum, er þeir telja sig eiga á stefnanda fyrir tjón, er þeir telja hann hafa valdið útgerðinni.

Samkvæmt því, er stefnandi skýrir frá, eru málavextir þeir, að þegar hann kom með m/s Rúnu til hafnar í Reykjavík 11. des. s. l. úr Englandsferð, en þangað hafði verið siglt með ísaðan fisk, sagði meðstefndi Sigfús Baldvinsson, sem þá var staddur í Reykjavík, stefnanda upp skipstjórastöðu fyrirvaralaust og án löglegra ástæðna, að því er stefnandi telur. Samkvæmt sjómannalögum er uppsagnarfrestur skipstjóra 3 mánuðir, sé ekki um annað samið, og gerir stefnandi kröfu til, að stefndu greiði honum þriggja mánaða kaup, kr. 6000.00 á mánuði, auk kr. 561.15, sem hann telur kostnað, er hann varð fyrir vegna þess, að honum var ekki sagt upp í heimahöfn. Sundurliðast sá kostnaður þannig:

Dvalarkostnaður í gistihúsi í Reykjavík	kr. 329.15
Farseðill með skipi til Akureyrar og fæði	— 232.00
Samtals	kr. 561.15

Samkvæmt samningi skipstjórafélagsins hér og útgerðarmanna voru samningar um kaup og kjör skipstjóra sem hér segir að sögn stefnanda, og hafa stefndu ekki véfengt það: Grunnlaun kr. 700.00 á mánuði auk verðlagsuppbótar, miðað við vísitölu í janúar 1945. 273 stig, í febrúar og marz s. á., 274 stig, 250% áhættuþóknun á kaupið, meðan skipið sigldi á hættusvæði, 2% af brúttó afla og frítt fæði. Telur stefnandi, að upphæðir þessar nemi ca. kr. 6000.00 á mánuði.

Við munnlegan flutning málsins hefur stefnandi gert þessa kröfu til vara, að bótakrafan nemi þeirri upphæð, er skipstjóri sá, er við tók af honum, bar úr býtum fyrstu þrjá mánuðina á eftir, en sú upphæð nam samkvæmt upplýsingum stefndu kr. 16130.85, sem sundurliðast þannig:

Kaup í 90 daga, kr. 63.23 á dag	kr.	5690.70
Áhættuþóknun í 39 daga, kr. 54.32 á dag	—	2118.46
2% af brúttó aflasölu, £ 15946.00	—	8321.69
Samtals	kr.	16130.85

Stefnandi krefst þess, að við upphæðina bætist:

Fæði í 3 mánuði á kr. 400.00	—	1200.00
Ferðakostnaður	—	561.15
Nemur varakrafan því alls	kr.	17892.00

Samkvæmt því, sem skýrt er frá af hálfu hinna stefndu, eru atvik málsins þau, að þegar m/s Rúna kom til Reykjavíkur úr framangreindri ferð kl. 4 síðdegis þann 11. des. s. l., hafi meðstefndi Sigfús Badvinsson farið um borð í skipið og átt tal við skipstjórann. Var þá ákveðið að fara af stað aftur kl. 6 síðdegis samdægurs til Ísafjarðar til þess að taka fisk í skipið, og var skipshöfninni tilkynnt það. Nokkru áður en skipið átti að fara, fór meðstefndi Sigfús ásamt stefnanda um borð í skipið. Komst hann þá að raun um það, að tveir hásetar voru að fara af skipinu og aðrir tveir skipverjar voru óánægðir og töldu, að skipstjórinn hefði sagt þeim upp eða að þeim væri heimilt að fara af skipinu fyrirvaralaust. Meðstefndi Sigfús kveðst hafa reynt að koma á sættum, en án árangurs. Varð því að fresta ferð skipsins. Morguninn eftir, þann 12. des. s. l., sagði hann síðan stefnanda upp og fékk annan í staðinn. Fór skipið síðan áleiðis til Ísafjarðar kl. 5 þann dag. Varð skipið af fiskinum á Ísafriði að sögn stefndu vegna tafarinnar í Reykjavík og óþarfrar viðkomu í Vestmannaeyjum, er skipið kom til landsins. Misklíð milli skipstjóra og hluta skipshafnarinnar segja stefndu hafa stafað af ölvun skipstjórans og ósæmilegri framkomu í Vestmannaeyjum, en skipið var þar statt 10. desember næst á undan, er það var á heimleið úr framangreindri Englandsferð. Telja stefndu, að þetta ásamt ýmsu, er áður hafði skeð og síðar verður vikið að í sambandi við þrautavarasýknuástæðu stefndu, hafi réttlætt fyrirvaralausa uppsögn skipstjórans. Aðalkröfuna um algera sýknu og málskostnað byggja stefndu á þessu.

Til þrautavara er krafizt skuldajafnaðar milli þess, sem sækjandi kynni að fá tildæmt, og krafna stefndu á hendur stefnanda fyrir tjón, er þeir telja, að hann hafi bakað útgerðinni fyrir handvammir og óreglu í starfi, sem þeir byggja á því, er nú verður sagt:

1. 9. júní 1944, er Rúna var á síldveiðum, hvolfdi öðrum nótabátnum, og töpuðust úr honum ýmsir lauslegir hlutir. Stefndu telja, að tjón þetta hafi orðið fyrir það, að hraði skipsins hafi verið of mikill, eða 9 mílur, og tjón af þessu meta þeir á kr. 1500.00.

2. Þann 13. ágúst 1944, er skipið hafði landað síld á Hjalteyri, kom í ljós, að annar nótabáturinn flóðlak, og varð að gera við hann. Telja stefndu, að lekinn hafi orsakazt af því, að skipið hafi farið of hratt með bátana í eftirdragi, er það var á leið til Hjalteyrar, en stormur var og sjór. Viðgerð bátsins kostaði kr. 500.00, en veiðitjón útgerðarinnar telja stefndu kr. 5000.00 vegna tafarinnar. Gefa þeir stefnanda sök á þessu og telja hann bótaskyldan.
3. Þá telja stefndu sig hafa beðið 7000.00 kr. tjón við árekstur á bryggju á Hjalteyri þann 31. júlí 1944 og við árekstur á skip í Fleetwood þann 30. nóv. sama ár, er þeir gefa stefnanda að sök.
4. Loks telja stefndu, að tjón það, er útgerð skipsins varð fyrir vegna þess, að skipið komst ekki í tækan tíma til Ísafjarðar, er stefnanda hafi verið sagt upp, svo sem fyrr segir, nemi kr. 20 000.00, með því að skipið hafi misst af söluferð til Englands þess vegna.

Um aðalsýknuástæðu stefndu hefur þetta komið fram helzt: M/s Rúna kom til Vestmannaeyja kl. 3 síðdegis þann 10. des. 1944. Einn hásetinn var þá svo ölvaður, að setja varð hann í bönd, þar til hann sofnaði. Skipið hafði viðdvöl í Vestmannaeyjum þar til um miðnætti. Fjórir skipverjar, þar á meðal sá, sem bundinn hafði verið, halda því fram, að stefnandi hafi verið ölvaður, er hann kom um borð um miðnætti. Hafi hann strax tekið við stjórn skipsins og gefið fyrirskipun um að leysa festar. — Kom þá í ljós, að smávegis ólag var á vélinni, þannig að nokkur töf varð á, að skipið færi af stað, og varð að festa því aftur við bát, er skipið hafði rekið að í höfninni. Vitnum ber ekki saman um, hve langur tími það var, en telja, að það hafi verið hálf eða heil stund, sem skipið tafðist við þetta. Þrír þessara skipverja telja, að meðan á þessu stóð, hafi stefnandi viðhaft óhæfilega framkomu og sagt þeim upp skiprúmi. Einn þessara skipverja segir þó, að daginn eftir hafi stefnandi beðið sig fyrirgefningar, og hafi hann þá lofað stefnanda að fara ekki úr skiprúmi næstu ferð. Þegar skipið komst af stað frá Vestmannaeyjum, stýrði stefnandi sjálfur út úr höfninni og að Þridröngum. Segja þessi vitni, að þá hafi hann ekki verið eins áberandi ölvaður.

Stefnandi hefur neitað því, að hann hafi verið ölvaður umrætt skipti, og aðrir skipverjar, sem leiddir hafa verið sem vitni, telja, að hann hafi verið ódrukkinn. Þá er og á það bent af hálfu stefnanda, að stefnandi hafi sjálfur stýrt skipinu út úr höfninni í Vestmannaeyjum, án þess að nokkurt tjón eða óhapp kæmi fyrir, en ólíklegt sé, að ölvuðum mönnum sé það fært vegna þrengsla í höfninni og fjölda báta, sem lágu þar.

Samkvæmt þessu virðist ekki nægilega sannað, að stefnandi hafi verið ölvaður við stjórn skipsins. Þess ber og að gæta, að stefnandi virðist hafa haft ástæðu til að segja þeim skipverja upp skiprúmi, er setja hafði orðið í bönd vegna ölvunar, en gegn mótmælum stefnanda er ekki sannað, að hann hafi sagt öðrum skipverjum upp. Um óhöpp þau, sem stefndu gefa stefnanda að sök, samkvæmt 1.—4. lið hér að framan, er það að segja, að ýmist er sannað, að stefnandi átti ekki sök á þeim, eða ósannað, að honum verði gefin sök á þeim. Aðalkrafa hinna stefndu um sýknu af þessum ástæðum er því ekki nægilega rökstudd og verður ekki tekin til greina. Af þessu leiðir og, að þrautavarasýknuástæða stefndu verður heldur ekki tekin til greina. Telja verður því, að stefndu hafi bakað stefnanda tjón, sem þeim er skylt að bæta.

Kemur þá til álita varakrafa hinna stefndu um lækkun bótakröfunnar eða niðurfellingu hennar af þeim ástæðum, að stefnandi fékk stýrimannsstöðu á öðru skipi skömmu eftir brottför hans af m/s Rúnu.

Samkvæmt 3. gr. sjómannalaga nr. 41/1930 á skipstjóri, sem vikið er úr stöðu án lögmæts fyrirvara og án þess að brottvikning sé nægilega réttlætt, rétt á bótum fyrir tjón það, sem frávikningin bakar honum. Sé annað eigi sannað um upphæð tjónsins, á hann rétt á þriggja mánaða kaupi og auk þess ferðakostnaði og fæðispeningum til hafnar þeirrar, sem ráðningu skyldi slitið í. Nú hefur ekki verið vefengt, að stefnandi hafi fengið atvinnu sem stýrimaður á öðru skipi nokkru eftir, að hann missti skipstjórastöðuna. Hins vegar hefur stefnandi þrátt fyrir áskorun ekki upplýst um kaup sitt í þeirri stöðu. Er því haldið fram af hans hálfu, að þannig beri að skilja bótaákvæði sjómannalaganna, að bæturnar séu fyrst og fremst fyrir tjón það, er skipstjóri verður fyrir vegna þess, að hann hefur lakari aðstöðu til þess að fá skipstjórastöðu vegna álitshnekkis, eftir að honum hefur verið vikið frá fyrirvaralaust.

Rétturinn lítur svo á, að taka beri fullt tillit til þessa við ákvörðun á bótaupphæð, en hins vegar beri líka að taka tillit til atvinnutekna stefnanda eftir brottvikninguna. Verður því ekki hægt að leggja aðal- eða varakröfu stefnanda til grundvallar við ákvörðun á bótaupphæð. Með hliðsjón af því, að stefnandi hefur haft allgóða atvinnu og hann er maður á bezta aldri, þykir upphæð bótanna hæfilega ákveðin kr. 9000.00 auk ferðakostnaðar til heimahafnar, kr. 561.15, sem þykir mega taka til greina að fullu.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndu verða dæmdir til að greiða in solidum stefnanda kr. 9561.15 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og málskostnað, sem ákveðst kr. 1250.00.

Þá verður einnig tekið til greina krafa stefnanda um sjóveðrétt í m/s Rúnu EA 380, enda er sú krafa í samræmi við lög.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Sigfús Baldvinsson og Hjörtur Lárusson, greiði stefnanda, Ólafi Stefánssyni, kr. 9561.15 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. apríl 1945 til greiðsludags og kr. 1250.00 í málskostnað.

Á stefnandi sjóveðrétt í m/s Rúnu EA 380 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. nóvember 1946.

Nr. 32/1946. **Vélabátatrygging Eyjafjarðar og Leó Sigurðsson** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Helga Benediktssyni (Enginn).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Sjálfkrafa frávísun máls frá hæstarétti.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hafa upp kveðið Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, og samdómsmenn Lúðvík N. Lúðviksson og Sigfús Scheving.

Héraðsdómur í máli þessu er upp kveðinn 10. nóv. 1945. Áfrýjunarstefna er út gefin 6. marz 1946 og birt 12. s. m. Er ekki skírskotað til áfrýjunarleyfis í stefnunni, enda er það ekki fengið fyrr en sama dag og stefnan er birt. Af hendi stefnda hefur enginn komið fyrir hæstarétt. Þar sem svo stendur á, sem að framan segir, verður að vísa máli þessu ex officio frá hæstarétti.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá hæstarétti.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 10. nóvember 1945.

Mál þetta er dómtekið var 17. f. m. og endurupptekið í dag, er með stefnu, útg. 29. janúar 1945, birtri 30. s. m., höfðað af Jóni Guðmundssyni framkvæmdastjóra, Akureyri, f. h. Vélbátatryggingar Eyjafjarðar og Leó Sigurðssyni útgerðarmanni, Akureyri, á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 5685.62 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. nóvember 1944 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum reikningi, er nemur kr. 1345.34. Jafnframt krefjast stefnendur, að viðurkenndur verði með dómi réttarins sjóveðréttur í v/s Skaftfellingi fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Stefndi mætti í málinu og gerði þær kröfur, að verða algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda og að stefnendur yrðu dæmdir til að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins.

Sumarið 1943 stunduðu skipin v/s Súlan EA 300 og v/s Skaftfellingur VE 33 síldveiðar fyrir norðan land. V/s Súlan er eign stefnanda Leó Sigurðssonar, en v/s Skaftfellingur er eign stefnda, Helga Benediktssonar. Föstudaginn 23. júlí 1943 voru bæði skipin ásamt fleirum síldarskipum stödd austur af Tjörnesi og urðu þá vör við síldartorfu. Sigldu bæði skipin að torfunni, en er þau voru að komast að henni, varð árekstur milli þeirra. Lenti stefni Skaftfellings aftan til á bakborðshlið Súlunnar og braut öldustokk, skammdekk, skansklæðningu, eina dekkstyttu og fleira. Á Skaftfellingi brotnaði stefnið við áreksturinn. Samkvæmt mati útnefndra manna, er fram fór á Siglufirði 24. júlí 1943, nam kostnaður við viðgerð á stefninu kr. 1250.00. Hinn 16. október 1943 framkvæmdu matsmenn, útnefndir af bæjarfógetanum á Akureyri 22. sept. s. á., skoðun og mat á skemmdum Súlunnar vegna árekstrarins, og mátu þeir tjónið á kr. 5401.02. Kostnaður við matið og réttarkostnaður nam kr. 284.60. Af þessum upphæðum greiddi Vélbátatrygging Eyjafjarðar kr. 5117.06, en kr. 568.56, eða 10% af tjóninu, lenti á eiganda Súlunnar, Leó Sigurðssyni. Stefnendur máls þessa telja, að Skaftfellingur hafi átt alla sök á árekstrinum, og beri því eiganda skipsins að greiða tjónið, er Súlan varð fyrir. Á þetta hefur stefndi ekki fallizt og talið sökina hjá Súlunni. Stefnendur hafa því höfðað mál þetta til þess að fá viðurkenningu á fyrrgreindum kröfum sínum.

Sjópróf voru látin fara fram út af árekstrinum. Skipstjórinn á Skaftfellingi lét halda sjópróf á Siglufirði daginn eftir áreksturinn, hinn 24. júlí 1943. Hinn 20. september s. á. gáfu skipstjóri Súlunnar og tveir skipverjar skýrslu um atburðinn fyrir sjórétti á Akureyri. Og 23. október og 2. nóvember s. á. gáfu skipstjóri og stýrimaður m/s Dagnýjar SI 7 skýrslu um áreksturinn í sjórétti Akureyrar. Verða framburðir þessir raktir hér á eftir og fyrst byrjað á fram-

burði skipshafnar Skaftfellings, vegna þess að þeir eru fyllstir og samfelldastir.

Í útdrætti úr dagbók m/s Skaftfellings, er lagður var fram í sjóréttí Siglufjarðar 23. júlí 1943 og undirritaður var af skipstjóra, Páli Þorbjarnarsyni, stýrimanninum, Jóni Einarssyni, vélstjóranum, Jóhanni Bjarnasyni, og hásetunum Guðmundi Helgasyni og Jóni Sveinssyni, er skýrt svo frá, að kl. 12,30 föstudaginn 23. júlí 1943 hafi Skeftfellingur verið staddur austur af Tjörnesi, og sást þá síldartorfa. Var þá sett á fulla ferð og haldið að torfunni og hún aðeins höfð á stjórnborða. V/s Súlan kom aðeins á eftir Skaftfellingi á stjórnborða, og stjórnborða við hana var m/s Austri GK 410, en á bakborða við Skaftfelling kom m/s Dagný SI 7. Öll skipin héldu sömu stefnu eða því sem næst. Um kl. 12,35 var komið rétt að torfunni, en þá beygði Súlan allt í einu til bakborða, án þess að gefa það til kynna með hljóðmerki, og var sýnilegt, að ásigling yrði, ef ekki yrði aðgert. Vegna m/s Dagnýjar gat Skaftfellingur ekki vikið til bakborða, og var því ekki um annað að ræða en reyna að bakka, og var vélin látin hafa fulla ferð aftur á bak. Árekstur varð samt milli Skaftfellings og Súlunnar um kl. 12,38. Var þá Skaftfellingur svo til ferðlaus, en Súlan með óbreyttri ferð. Lenti stefni Skaftfellings aftan á bakbordssíðu Súlunnar, og brotnaði stefnið fyrir ofan sjó, en leka varð ekki vart. Ástæðan til þess, hve aftarlega var komið á Súluna, var sú, að afturstefni Skaftfellings snýst til bakborða, þegar honum er bakkað. Er árekstúrinn varð, var skipstjórinn við stýrið, stýrimaður á stýrishúsþaki, vélamaður í vélarúmi á verði og hásetar á þilfari eða uppi í hvalbak.

Allir þeir, sem undirritað höfðu útdráttinn, staðfestu það í sjóréttí Siglufjarðar, að rétt væri frá skýrt í öllum atriðum, en vélstjórinn, Jóhann Bjarnason, þó aðeins að því leyti, er vélanotkunina snerti.

Skipstjórinn, Páll Þorbjarnarson, tók það enn fremur fram, að á að gizka hafi verið 5—10 faðmar milli Dagnýjar og Skaftfellings. Hafi Skaftfellingur verið á um 7 mílna ferð, er hann var að fara að síldartorfunni, en skipin hafi siglt að torfunni hér um bil samhliða með bátana á stjórnbordssíðu, um 5 faðmar milli skipa, og hafi Skaftfellingur legið bezt við torfunni, þar sem Súlan hafi orðið að beygja til bakborða til þess að komast að síldartorfunni með stjórnborðssíðu, þar sem herpinótabátarnir voru. Hann kvað Súluna hafa nálgazt Skaftfelling aftan við þverskipsstefnu.

Stýrimaðurinn, Jón Einarsson, tók það fram, að Súlan hafi ekki verið komin fram úr Skaftfelling, er hún beygði til bakborða, heldur verið alveg samhliða.

Vélstjórinn, Jóhann Bjarnason, kveðst hafa verið niðri í vélarúmi, er áreksturinn varð. Sagði hann, að Skaftfellingur hafi siglt á 6—7 mílna hraða að síldartorfunni, unz hringt hafi verið niður

í vélarrúm: „stop“, og svo að segja á sama augnabliki var hringt aftur: „fullt aftur á bak“. Þessu kvaðst hann hafa hlýtt samstundis.

Guðmundur Helgason, háseti á Skaftfellingi, kvaðst hafa verið staddur á þilfari stjórnborðsmegin, er áreksurinn varð. Sagði hann, að Súlan hefði verið á meiri ferð en Skaftfellingur og komizt samhliða honum, er hún beygði.

Jón Sveinsson, háseti á Skaftfellingi, kvaðst hafa verið staddur á hvalbaki skipsins, er áreksturinn varð. Hann sagði, að Súlan og Skaftfellingur hefðu verið samhliða að síldartorfunni, en Súlan aðeins heldur á eftir.

Í útdrætti úr dagbók Súlunnar, undirrituðum af skipstjóra og stýrimanni, og staðfestum af þeim í sjóréttí Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu 20. september 1943, er svo skýrt frá, að föstudaginn 23. júlí 1943, kl. 12,45, hafi Súlan verið að veiðum í S.S.A. af Mánáreyjum og keyrt að síldartorfu. Veður var bjart og sléttur sjór. Súlan keyrði með fullri ferð. Þá hafi Skaftfellingur komið og keyrt með fullri ferð á bakborðssíðu Súlunnar og brotið öldustokk, skammdekk, styttu og beygt uppistöður undir bátadekki og ef til vill fleira. Á stjórnborðssíðu við Súluna voru nót og bátar m/s Dagnýjar, og þar næst m/s Austri.

Skipstjórinn á Súlunni, Þorsteinn Stefánsson, tók það fram, að Skaftfellingur hafi nálgazt Súluna aftan við þverskipsstefnu. Er hann sá, að hætta var á árekstri, kveðst hann hafa beygt til stjórnborða, en gat ekki sveigt meira en gert var vegna nóta og báta, sem voru á stjórnborða. Hann kvað það rangt, að Súlan hefði beygt fyrir stefni Skaftellings. Hann sagði, að Súlan hefði haldið áfram með óbreyttri ferð, en hvorki hægt á sér né bakkað, og kvaðst hann álíta, að Súlan hefði gert það, sem réttast var í árekstraraugnablikinu. Skaftfellingi hefði hins vegar borið að bakka eða víkja, þar sem Súlan hafi verið á réttan bóg, en hvort Skaftfellingur hafi bakkað eða ekki, kvaðst hann ekki geta borið um, en hann hefði nálgazt Súluna á dálitilli ferð.

Stýrimaðurinn á Súlunni, Hermann Sigurðsson, skýrði enn fremur svo frá, að skipið Dagný, Skaftfellingur, og Súlan hafi orðið vör við síldartorfu, og er skipin sigldu að torfunni, hafi Dagný og Skaftfellingur verið á bakborða við Súluna, en þegar að torfunni kom, hafi Dagný verið komin á stjórnborða við Súluna. Dagný hafi siglt fyrir framan Súluna, og hafi þá verið dálítill vegarspotti milli Súlunnar og Skaftfellings. Hann kvaðst álíta, að Skaftfellingur hefði átt að víkja, en í stað þess hafi hann beygt að Súlunni til stjórnborða. Hann kvað Súluna hafa haldið áfram sama striki í árekstraraugnablikinu, enda ekki getað beygt til stjórnborða, af því að Dagný var þar fyrir og bátar hennar. Í tilefni framburðar skipstjórans á Súlunni, tók hann fram, að hafi Súlan sveigt til stjórnborða, hafi það varla getað verið nema örlítið og þá rétt áður en áreksturinn

varð. Hann kvað Súluna ekki hafa hægt á sér, heldur haldið áfram með sömu ferð og áður. Hann kveðst geta hugsað sér, að Súlan muni ekki hafa farið yfir 7 mílna hraða, áður en áreksturinn varð, og kvaðst halda, að hraði Skaftfellings hafi verið líkur. Hann kvað það rangt, að Súlan hafi beygt fyrir stefni Skaftfellings, og það sé einnig rangt, að Súlan hafi nálgazt Skaftfelling aftan við þverskipsstefnu. Er árekstrinn varð, kvaðst hann hafa verið í brúnni hjá skipstjóra.

Gísli Magnússon, skipverji á Súlunni, til heimilis Ránargötu 2, Akureyri, kveðst hafa verið staddur á þilfari Súlunnar, er áreksturinn varð. Hann kveðst ekki geta borið um, hvoru megin Dagný hafi verið við þá, er áreksturinn varð, en bátar hennar og nót hafi verið til stjórnborða við Súluna. Hann kveðst ekki hafa veitt því eftirtekt, hvort Súlan breytti um stefnu, áður en áreksturinn varð, og ekki vissi hann heldur, hve margar mílur Súlan gekk. Hann sagði, að Skaftfellingur hefði verið til bakborða við þá. Hann kveðst ekki geta borið um, hvort þeir hafi verið aftan við þvert á Skaftfellingi.

Skipstjórinn á m/b Dagný, Arnþór Jóhannsson á Siglufirði, skýrði svo frá í sjóprófi 23. okt. 1943, að skipin Skaftfellingur, Austri, Súlan og Dagný hafi öll stefnt að sömu síldartorfunni. Hann kveðst hafa verið niðri í snurpubátnum, er áreksturinn varð milli Skaftfellings og Súlunnar. Hann kveðst ekki hafa tekið eftir því, hvort Súlan beygði fyrir stefni Skaftfellings, og ekki heyrði hann Súluna gefa hljóðmerki. Hann vissi ekki, hvort Súlan hægði á sér til þess að forðast árekstur.

Stýrimaðurinn á Dagný, Ragnar Guðmundsson, til heimilis Baldursgötu 32, Reykjavík, skýrði svo frá í sjóprófi 2. nóv. 1943, að umræddan dag, hinn 23. júlí 1943, hafi þrjú skip, Dagný, Skaftfellingur og Súlan siglt að sömu síldartorfunni. Dagný sigldi suðaustlæga stefnu að torfunni, og eftir því virtist honum Súlan, er var til stjórnborða, sigla næstum því austur. Honum virtist þá Skaftfellingur vera til bakborða við Súluna. Hann sagði, að Dagný hefði orðið fyrst að torfunni og sleppt bátunum fyrir framan Súluna. Hafi þá Skaftfellingur komið fyrir aftan þvert á Súluna. Hann kveðst ekki geta nákvæmlega um það borið, hvort Súlan var algerlega stöðvuð, er áreksturinn varð. Hann kveðst heldur ekki geta borið um, hvort Súlan hefði getað vikið til stjórnborða, en tók þá um leið fram, að vegna skipsins Dagnýjar gat Súlan vikið til stjórnborða. Í tilefni útdráttar úr dagbók Súlunnar, þar sem segir, að nót og bátar Dagnýjar hefðu verið á stjórnborðssíðu við Súluna, tók hann fram, að hér væri um litlar fjarlægðir að ræða, en skipstjórinn geti betur ákveðið staðinn, hvar bátarnir voru frá sínu skipi. Hann sagði, að það kunni að vera, að Súlan hafi sveigt til bakborða vegna báta Dagnýjar, en hann taldi alveg víst, að Súlan

hafi hægt á sér vegna bátanna, til þess að forðast árekstur á þá, en kvaðst þó ekki geta fullyrt það.

Hann kveðst álíta, að Skaftfellingur hefði getað vikið til bakborða vegna Dagnýjar, því að það langt var milli skipanna, enda taldi hann, að Dagný hefði verið komin langt til stjórnborða bæði við Skaftfelling og Súluna, er áreksturinn varð. Hann sagði, að það væri með öllu rangt, að fyrrgreind 3 skip hafi komið samhliða að síldartorfunni með fimm faðma millibili, því að Dagný hafi komið fyrst að torfunni. Hann tók það fram, að meðan hann veitti skipunum athygli fyrir áreksturinn, hafi Súlan ekki verið á eftir Skaftfellingi. Aðrar upplýsingar varðandi áreksturinn liggja ekki fyrir í málinu, að því undanskildu, að skipstjórinn á Skaftfellingi tók það fram við munnlegan flutning málsins, að við áreksturinn hafi Skaftfellingur snúið Súlunni enn meira til bakborða og við það hafi Dagný orðið til stjórnborða við Súluna. Hélt hann þó fram, að frásögn stýrimannsins á Súlunni og stýrimannsins á Dagný um afstöðu Dagnýjar til Súlunnar og Skaftfellings í árekstraraugnablikinu sé því röng, nema með þessari skýringu.

Eins og framburður Skaftfellingsmanna annars vegar og skipstjóra og stýrimanns Súlunnar hins vegar bera með sér, gætir allmikils ósamræmis í framburðum þeirra um veigamikil atriði. Út af fyrir sig veikir það frekar frásagnir þeirra á Súlunni, hve seint þeir láta sjópróf fara fram, eða allt að 2 mánuðum eftir áreksturinn, enda þótt siglingalögin mæli svo fyrir, að sjópróf skuli halda eins fljótt og unnt er. Svo virðist sem ágreiningslaust sé, að skammt hafi verið milli skipanna á leiðinni að torfunni og þau hafi siglt næstum samhliða. En Skaftfellingsmenn telja, að Súlan hafi verið heldur á eftir, en þeir á Súlunni telja aftur á móti, að Skaftfellingur hafi verið á eftir. Framburður eina óhlutdræga vitnisins, stýrimannsins á Dagný, sker ekki úr um þetta. Hann tekur aðeins fram, að þegar hann veitti skipunum eftirtekt, hafi Skaftfellingur verið á bakborða við Súluna og Súlan hafi ekki verið eftir Skaftfellingi. Þessi framburður bendir til þess, að skipin hafi siglt næstum samhliða með stuttu millibili. Samkvæmt óvéfengjanlegum framburðum beggja aðilja virðast skipin hafa siglt með sama hraða og jafnri ferð. Það verður því ekki unnt að ganga út frá, að annað skipið hafi siglt hitt uppi, og með tilliti til þess, að upplýst virðist, að lítil fjarlægð hafi verið milli skipanna á leiðinni að torfunni, virðist ekki heldur unnt að ganga út frá, að leiðir hafi legið á mis fyrr en rétt fyrir áreksturinn vegna stefnubreytinga annars hvors skipsins eða beggja.

Skaftfellingsmenn halda því fram, að fyrir áreksturinn hafi Súlan beygt til bakborða. En þeir á Súlunni virðast hins vegar telja, að Skaftfellingur hafi beygt til stjórnborða. Þetta er viðurkennt af Skaftfellingsmönnum að því leyti, að er skipinu var bakkað, hafi það snúizt til stjórnborða. Skipstjóri og stýrimaður Dagnýjar gátu

ekkert ákveðið um þetta borið, en stýrimaðurinn taldi ekki ósennilegt, að Súlan hefði vikið til bakborða vegna báta Dagnýjar. Ef litið er á aðstæður, verður framburður Skaftfellingsmanna sennilegri. Árekstur inn verður, er skipin eru að komast að torfunni. Bæði skipin eru, eins og algengast er, með herpinótabáta á stjórnborðssíðu og máttu því alls ekki beygja til stjórnborða, því að að öðrum kosti fengu þau ekki báta sína rétt að torfunni, miklu líklegra var, að þau mundu þurfa að beygja til bakborða. Af þessari ástæðu er hreyfing Skaftfellings til stjórnborða ósennileg. Og enn þá ósennilegri verður stefnubreyting Skaftfellings til stjórnborða fyrir þá sök, að því er ómótmælt haldið fram, að Skaftfellingur hafi bakkað einmitt í þessum sömu svifum. Hins vegar er stefnubreyting Súlunnar til bakborða sennileg af sömu ástæðum og hér að ofan hefur verið tilgreint og þegar þess er einnig gætt, að af framburði stýrimannsins á Dagný virðist mega leiða, að annað hvort hafi Súlan orðið að víkja til bakborða eða hægja á ferð sinni til þess að forðast árekstur á báta Dagnýjar, og viðurkennt er, að Súlan hægði ekki á ferð sinni, þykir verða að ganga út frá, þrátt fyrir gagnstæðar fullyrðingar Súlumanna, að Súlan hafi vikið til bakborða, eins og Skaftfellingsmenn halda fram. Þetta verður að telja höfuðorsök árekstrarins. Eins lítur rétturinn svo á, að réttara hafi verið, að Súlan hefði hægt á ferð sinni og bakkað, er árekstur var fyrirsjáanlegur, í stað þess að halda áfram með sömu ferð eins og hún gerði. Hins vegar virðist með tilliti til skýrslna Dagnýjarmanna, að unnt hefði verið fyrir Skaftfelling að víkja til bakborða vegna skipsins Dagnýjar, og hefði það verið réttara, eins og á stóð.

Með tilvísun til þess, er nú hefur verið tekið fram, lítur rétturinn svo á, að Súlan hafi borið höfuðsök á árekstrinum, en Skaftfellingur aðeins að óverulegu leyti. Verður því niðurstaða málsins sú, að stefndi verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Helgi Benediktsson, skal vera sýkn af kröfum stefnendanna, Jóns Guðmundssonar f. h. Vélbátatryggingar Eyjafjarðar og Leós Sigurðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 25. nóvember 1946.

Nr. 113/1946. **Réttvísin og valdstjórnin**
gegn
Sæmundi Guðmundssyni.

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Um öflun skýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur er lagður á mál þetta í hæstarétti, þykir rétt að leggja fyrir héraðsdómarann að afla skýrslu læknis um heilbrigðisástand Árna Ragnars Magnússonar. Með rannsókn læknis ber að leiða í ljós, svo sem kostur er, hver varanleg mein Árni Ragnar kunni að hafa hlotið af áverkum, er ákærði veitti honum, en Árni Ragnar hefur einkum kvartað um minnisleysi í þessu sambandi. Svo ber og héraðsdómaranum að afla annarra gagna, ef efni verða til.

Ályktarorð:

Héraðsdómaranum ber að afla framangreindra gagna.

Mánudaginn 25. nóvember 1946.

Nr. 15/1946. **H/f Rifsnes** (Hrl. Theódór B. Lindal)
gegn
Kaupfélagi Eyfirðinga og gagnsök
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Bjarglaun.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. febrúar þ. á., krefst þess, að fjárhæð sú, er dæmd var í héraði, verði færð niður til mikilla muna, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem gagnáfrýjað hefur málinu með stefnu 21. febrúar þ. á., krefst þess, aðallega að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 395237.46, ásamt 6% ársvöxtum frá 4. maí 1945 til greiðsludags, til vara, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, verði hækkuð eftir mati dómsins, og til þrautavara, að héraðsdómurinn verði staðfestur. Svo krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Samkvæmt skýrslum máls þessa virðist töf sú, sem v/s Snæfell varð fyrir vegna björgunar e/s Rifsness, hafa numið um 40 klukkustundum. Vegalengd sú, sem e/s Snæfell sigldi af leið, virðist hafa verið um 130 sjómílur. Björgunin hafði ekki í för með sér spjöll á e/s Snæfelli og ekki annan kostnað en útgerðarkostnað e/s Snæfells þann tíma, sem töfinni nam.

Þar sem engin virðing hefur verið framkvæmd á hinum björguðu verðmætum, ber við ákvörðun bjarglauna að líta á húftryggingu og hagsmunahúftryggingu e/s Rifsness, enda má ætla með hliðsjón af því, hversu háttað var öflun skipakosts á bjargtímanum, að hagsmunir þeir, sem eigendur hins bjargaða skips höfðu í varðveizlu þess, hafi ekki verið minni en nemur báðum tryggingarfárhæðum.

Þegar virt eru þau atvik, sem áhrif eiga að hafa á hæð bjarglaunanna, þykja þau hæfilega ákveðin kr. 100000.00 með vöxtum, svo sem krafizt er.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 8000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, h/f Rifsnes, greiði gagnáfrýjanda, Kaupfélagi Eyfirðinga, kr. 100000.00 með 6% ársvöxtum frá 4. maí 1945 til greiðsludags og samtals kr. 8000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ég er samþykkur dóminum að öðru leyti en því, að í stað 4. og 5. mgr. í forsendum komi:

Með skírskotun til framangreindra atriða og þess, sem segir í hinum áfrýjaða dómi um verðmæti hins bjargaða, þykja bjarglaun hæfilega ákveðin kr. 100000.00 með vöxtum, svo sem krafizt er.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 8. desember 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., hefur Kaupfélag Eyfirðinga á Akureyri höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 4. maí 1945, gegn h/f Rifsnesi og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, báðum hér í bænum, til greiðslu in solidum á kr. 395237.46 með 6% ársvöxtum frá 5. maí 1944 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins bar stefnandi fram varakröfu um aðra lægri fjárhæð að mati dómsins, en féll jafnframt frá öllum kröfum á hendur Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, sem hafði krafizt sýknu og málskostnaðar og féll þá um leið frá kröfum sínum.

Stefndi hefur krafizt þess að verða aðeins dæmdur til greiðslu hæfilegrar fjárhæðar að mati dómsins og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Hinn 1. apríl 1944 var v/s Rifsnes RE 272, eign stefnda, á leið til Bretlands með farm af ísfiski og hafði samflot við v/s Snæfell EA 740, eign stefnanda. Kl. 7,15 e. h. þenna dag brotnaði gíröxull í vél Rifsness, og varð hún óstarfhæf. Viðgerð var ekki unnt að framkvæma um borð, og bað skipstjórinn skipsjóra Snæfells um dráttaraðstoð til hafnar. Hófst drátturinn kl. 9,15, en kl. 11 slitnaði dráttartaugin, sem samsett var af vír og keðju frá Rifsnesi og 2½" vír frá Snæfelli, 100 faðma löngum. Keðjunni, sem slitnað hafði, var ekki unnt að ná inn, og var henni því sleppt, en nýjum dráttartaugum komið á milli skipanna. Var því lokið kl. 2,00 f. h. 2. apríl og þá haldið af stað enn og stefnu skipanna breytt. Þau höfðu verið á leið til Fleetwood, en nú var siglt til Stornoway og komið þangað kl. 4 síðdegis hinn 3. apríl. Var Rifsnes dregið inn í höfnina og skilið þar eftir. Telur stefnandi, að hér hafi verið um að ræða ótvíræða björgun í merkingu siglingalaganna, enda hafi Rifsnes ekki verið ferðafært og því í greinilegri hættu. Gerir stefnandi grein fyrir kröfum sínum á þessa leið:

1.	Björgunarlaun, miðuð við samanlagðar tryggingarfjárhæðir skipsins (kaskótryggingu og kaskóinteressutryggingu) svo og söluverð farmsins ..	kr. 377781.46
2.	Bætur fyrir tapað farmgjald á heimleið	— 7200.00
3.	Bætur fyrir tafir vegna björgunarstarfsins	— 10256.00
	Samtals	kr. 395237.46

Stefndi byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að skipin voru í samfloti samkvæmt fyrirmælum laga nr. 47 frá 1943 og reglugerðar nr. 86 frá 1943, en í þeim fyrirmælum felist það, að fyrirfram sé samið um gagnkvæma aðstoð og hvoru skipi því lagðar á herðar ríkari skyldur í þeim efnum en ella. Sé því aðeins um dráttaraðstoð, en ekki björgun í skilningi siglingalaganna að ræða. Gegn andmælum stefnanda verður eigi fallizt á þessi rök stefnda, enda verður þeim ekki fundin næg stoð í fyrrgreindum ákvæðum. Er því ekki unnt að taka til greina kröfu stefnda á þessum grundvelli.

Í annan stað styður stefndi kröfur sínar með þeim rökum, að björgunarstarfið hafi verið illa af hendi leyst, þar eð skipið hafi án tilefnis verið dregið til annarar og afskekktari hafnar, en för beggja skipanna var heitið til Fleetwood, sem fyrr segir. Í Stornoway hafi skipið tæpast verið betur sett en í rúmsjó, þar eð í þeirri höfn hafi ekki verið unnt að gera við vélina, og farmur skipsins hafi verið þar algerlega verðlaus, þar eð Sornoway sé ekki fiskkaupstaður. Þá telur stefndi og, að slit fyrri dráttartauganna beri vott um litla verklægni við starfið, og enn, að töf sú, er Snæfell varð fyrir, hafi aðeins numið tæpum sólarhring, þar eð sjálft hafi það þurft um sólarhring til að komast á leiðarenda, þótt ekkert hefði tafið, en Rifsnes var aðeins dregið um 180 sjómílur. Loks hafi hætta sú, er Rifsnes var í, verið lítil sem engin, þar eð skipið var óskemmt og á fjölfarinni skipaleið; Snæfell hafi ekki lagt sig í hættu við dráttinn og skemmdir hafi engar orðið á því né tækjum þess, enda hafi það verið svo illa tækjum búið, að telja megi það hafa verið ófært til að inna starfið af höndum. Að því er verðmæti hins bjargaða varðar, hefur stefndi mótmælt því, að kaskóinteressutrygginguna megi telja til verðmætis skipsins, og haldið því fram, að kaskótrygginguna eina beri að leggja til grundvallar og að frádregnum viðgerðarkostnaði skipsins, um kr. 10000.00. Þá hefur hann, eins og áður var sagt, talið, að Snæfell hafi skilið Rifsnes eftir á stað, þar sem farmur þess var verðlaus, og sé því ekki unnt að telja, að um björgun hans sé að ræða. Að vísu hafi hann síðar selzt fullu verði í Fleetwood, en dráttur Rifsness þangað var með öllu án tilverknaðar Snæfells, og varð stefndi að greiða £ 2.200—0—0 fyrir þá aðstoð. Auk þess beri að sjálfsögðu að draga frá söluverðinu kostnað við hana, er nemi 10—20%. Að lokum hefur stefndi ein-

dregið mótmælt 2. og 3. kröfulið stefnanda sem ósönnuðum og sér óviðkomandi.

Af því, sem upp er komið í málinu, er það ljóst, að aðstoð sú, er Snæfell veitti Rifsnesi, var björgun í merkingu siglingalaganna, enda hafði Rifsnes ekki seglabúnað né önnur færi á að komast til hafnar af eigin ramleik. Eigi verður annað séð en að björgunin hafi tekizt vel og verið unnin af verklægni, enda virðist veðurfar og veðurhorfur hafa valdið þeirri varúð, að Rifsnes var dregið til næstu hafnar, en ekki á upphaflegan ákvörðunarstað þess. Raunveruleg töf Snæfells við að draga Rifsnes til hafnar þá vegalengd, er fyrr greinir, 180 sjómílur, virðist hafa verið um sólarhringur, enda var ekki farið meira en 80 sjómílur út af fyrirhugaðri siglingaleið. Telja verður, að Rifsnes hafi verið í mikilli hættu, enda í ljós leitt við sjóferðaprófin, að önnur skip voru ekki á þessum slóðum, er vélin bilaði, og Snæfelli var stofnað í aukna hættu, þar eð dvöl þess á hættusvæði lengdist. Hins vegar virðist sá hluti dráttartaugar, sem Snæfell lagði til, ekki hafa orðið fyrir skemmdum. Þegar ákvarða skal verðmæti þess, sem bjargað var, verður að leggja til grundvallar gangverð þess í því ásandi, sem það var á þeim stað, er björgun lauk. Mat á þessum grundvelli hefur ekki farið fram um verðmæti skipsins, en leitt er í ljós, að það var kaskótryggt fyrir kr. 560000.00 og tryggt kaskóinteressutryggingu fyrir kr. 140000.00. Nú verður að telja tryggingu sem þá síðarnefndu almennt keypta í því skyni að tryggja skipseiganda þann hag, sem hann telur sig hafa af eign skipsins umfram gangverð þess, þótt stundum sé svo í framkvæmd um tryggingar skipa, að þessi trygging komi að hluta í stað kaskótryggingar. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á það, að svo sé í þessu tilviki, og er því ekki gegn fyrrgreindum andmælum stefnda unnt að leggja til grundvallar hærri fjárhæð en kaskótryggingunni nemur, en frá henni virðist eiga að draga viðgerðarkostnaðinn, sem nam samkvæmt gögnum málsins, um kr. 7640.00. Farmur skipsins var seldur fyrir £ 9063—0—0, en frá söluverðinu ber að draga sölukostnað í Bretlandi, sem þykir hæfilega metinn 10% af fjárhæðinni. Samkvæmt þessu verður verðmæti hins bjargaða samtals um kr. 765000.00, en fallast verður jafnframt á það með stefnda, að tillit beri að taka til fyrrgreindrar þóknunar, £ 2200—0—0, sem greiða varð til þess að koma skipinu í höfn, þar sem viðgerð var unnt að framkvæma og markaður var fyrir farminn.

Að því er varðar 2. og 3. kröfulið stefnanda samkvæmt framanrituðu, er ekki unnt að telja, að stefnandi hafi fært á þá nægar sönnur gegn fyrrgreindum mótmælum stefnda til þess, að taka megi þá til greina.

Að öllu þessu athuguðu þykja björgunarlaunin í heild hæfilega

ákveðin kr. 130000.00. Ber stefnda að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 6500.00.

Í dóminum áttu sæti Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir Jón Axel Pétursson hafnsögumaður og Þorsteinn hagstofustjóri Þorsteinsson.

Dómsuppsaga hefur dregizt nokkuð vegna veikinda eins dómaranna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, h/f Rifsnes, greiði stefnanda, Kaupfélagi Eyfirðinga á Akureyri, kr. 130000.00 með 6% ársvöxtum frá 4. maí 1945 til greiðsludags og kr. 6500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. nóvember 1946.

Nr. 86/1945. **H/f Fákur**
gegn
Þórarni Gunnlaugssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, H/f Fákur, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkisjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. nóvember 1946.

Nr. 125/1946. **Guðmundur Valgrímsson og Magnús Guðmundsson**
gegn
Kristján Elíassyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Guðmundur Valgrímsson og Magnús Guðmundsson, er eigi mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. desember 1946.

Kærumálið nr. 18/1946. **Anna Guðmundsdóttir** og **Ástríður Ingimundardóttir**

gegn

Helga Thorlacius, Rakel Sigurðardóttur og **Helgu Pétursdóttur.**

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Synjun frests.

Dómur hæstaréttar.

Jónas Thoroddsen, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru 18. f. m., er hingað barst 22. f. m., kæra sóknaraðiljar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur, er upp var kveðinn 16. f. m. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum, en með úrskurði þessum var varnaraðiljum veittur 2 vikna frestur til öflunar gagna.

Sóknaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að varnaraðiljar verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Af hálfu varnaraðilja er krafizt staðfestingar á hinum kærða úrskurði og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Þegar mál aðilja var til meðferðar í skiptarétti 12. nóv. þ. á., höfðu varnaraðiljar raunverulega haft frest frá 5. okt. þ. á., til þess að afla gagna í málinu. Hafa þeir ekki sýnt fram á, að frestur þessi hafi ekki verið þeim nægur. Þykir því bera að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Fyrirsvarsmanni sóknaraðilja, Garðari Þorsteinssyni hæstaréttarlögmanni, mátti vera það ljóst, að dómur hæstaréttar í kærumáli þessu mundi ekki ganga, fyrr en um það bil væri liðinn frestur sá, er varnaraðiljum var veittur af skiptaráðanda, sem ekki hafði veitt fresti um of, áður en hinn kærði úrskurður gekk. Var kæran þess vegna fyrirsjáanlega gagnslaus, og ber að átelja málskot þetta.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.
Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 16. nóvember 1946.

Atriði það, sem hér er lagt undir úrskurð skiptaréttarins, er um það, hversu langur frestur skuli veittur til vitnaleiðslu, aðiljayfirheyrslu og til þess að ljúka endanlega við gagnasöfnun í málinu Anna Guðmundsdóttir o. fl. gegn Matstofunni Björk.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Hinn 5. okt. 1946 var mál þetta fyrst tekið fyrir og frestað til 7. s .m., en þá ákveðið samkvæmt kröfu aðilja, að munnlegur málflutningur skyldi fram fara miðvikudaginn 9. okt. um það, hvort uppskrift á eignum og skuldum félagsins skyldi fram fara, og um það, hvort félagið skuli tekið til skipta af skiptaréttinum. Þegar taka skyldi málið til munnlegs flutnings, fór umboðsmaður varnaraðilja fram á frest í 4 vikur í ofangreindum tilgangi, en umboðsmaður sóknaraðilja vildi, að fresturinn væri styttri. Var þetta lagt undir úrskurð skiptaréttarins, sem kvað þá þegar í réttinum upp úrskurð um, að 2 vikna frestur skyldi veittur. Varnaraðili kærði úrskurð þenna til hæstaréttar, þar eð honum þótti fresturinn ekki nógu langur. Var úrskurðurinn ómerktur af hæstarétti þann 5. nóvember s. l. af þargreindum ástæðum og málinu vísað heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju og tekið til úrskurðar af skiptaréttinum þ. 12. nóvember s. l.

Sóknaraðili, Garðar Þorsteinsson hrl. f. h. Önnu Guðmundsdóttur, Skálholtsstíg 7, og Ástu Ingimundardóttur, Njálsgötu 112, Reykjavík, hefur krafizt þess f. h. umbjóðenda sinna, að uppskrift og skipti á eignum og skuldum félagsins Matstofunnar Bjarkar, Njálsgötu 112, væri látin fram fara, en eigendur nefndrar matstofu eru taldir vera Anna Guðmundsdóttir, Ásta Ingimundardóttir, Rakel Sigurðardóttir, Helga Pétursdóttir og Helgi E. Thorlacius, öll til heimilis í Reykjavík. Kröfu sína um það, að skiptarétturinn taki áðurgreint félag til uppskriftar og skipta, byggir sóknaraðili aðallega á því, að fyrrgreindir aðiljar hafi þann 31. maí s. l. gert stofnsamning að hlutafélaginu Björk, en félagið hafi hins vegar aldrei verið löglega stofnað, þar eð ekki hafi verið samþykkt lög fyrir félagið og það ekki tilkynnt til firmaskrárinnar. Heyri því slit á félaginu undir skiptaréttinn.

Enn fremur krefst sóknaraðili þess, að úrskurðað verði um frestinn, eins og málið liggur fyrir nú, en ekki eins og þegar það fór upprunalega til hæstaréttar, þar eð varnaraðili hafi haft nægan tíma til gagnasöfnunar, aðiljayfirheyrslu og til vitnaleiðslu.

Varnaraðili, Magnús Thorlacius hrl. f. h. Matstofunnar Bjarkar, heldur því hins vegar fram, að þann 31. maí s. l. hafi hlutafélagið Matstofan Björk verið stofnað, en skrásetningu á félaginu hafi ekki verið lokið, áður en Anna Guðmundsdóttir, ritari félagsins, hafi farið til útlanda og gjaldkerinn, Rakel Sigurðardóttir, til Vestmannaeyja. Enn fremur heldur varnaraðili því fram, að meiri hluti hluthafafundar hafi þann 29. september s. l. samþykkt að slíta félaginu vegna ósamkomulags, og að þau slit heyri ekki undir skiptaréttinn samkvæmt hlutafélagalögunum. Varnaraðili krefst og þess, að úrskurðað verði um frestinn, eins og málið lá fyrir þann 9. október s. l., og telur annað lögleysu.

Rétturinn lítur svo á, að varnaraðilja geti verið nauðsynlegur nokkur frestur til gagnasöfnunar, aðiljayfirheyrslu og vitnaleiðslu í máli þessu og að leggja verði málið til grundvallar, svo sem því var heimvísað með dómi hæstaréttar þann 5. nóvember s. l. Þykir fresturinn eftir atvikum hæfilega ákveðinn 2 vikur.

Því úrskurðast:

Frestur í málinu Anna Guðmundsdóttir o. fl. gegn Matstofunni Björk skal vera 2 vikur frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Mánudaginn 2. desember 1946.

Nr. 79/1946. **Stórstúka Íslands** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs (Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað Árna Tryggvasonar.

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 14. júní þ. á., gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Hagnaði af bókasölu Stórstúku Íslands ber samkvæmt samþykktum hennar að verja til eflingar bindindi í landinu og þannig að vinna gegn áfengisböli. Er ekkert fram komið, sem bendi til þess, að greindum tekjum sé varið á annan hátt. Þar sem þessi starfsemi miðar til almennings heilla, þá þykir stefndi vera undanþeginn útsvarsskyldu af rekstri bókabúðar sinnar samkvæmt 6. gr. A, II, 2, c lið laga nr. 66/1945.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og neita um framkvæmd hins umbeðna lögtaks.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda samtals 800 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Stórstúku Íslands, 800 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 2. maí 1946.

Gerðarþola, Bókabúð Æskunnar hér í bæ, var gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir árið 1945 kr. 2500.00. Þar eð gerðarþoli hefur ekki greitt útsvar þetta, hefur borgarstjórinn í Reykjavík krafizt þess, að það yrði innheimt með lögtaki.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, þar eð hann telur, að gerðarþoli sé undanþeginn útsvarsskyldu samkvæmt c-lið 2. kafla 6. gr. útsvarslaganna. Kveður hann Stórstúku Íslands eiganda bókabúðar Æskunnar, að öllum ágóða af rekstri búðarinnar sé varið til hagsmuna fyrir Góðtemplararegluna og því til almenningsheilla.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur haldið því fram í málinu, að þótt Góðtemplararreglan sem slík kunni að vera undanþegin útsvarsskyldu að lögum, sem önnur mannúðar- og menningarfélög, þá eigi undantekningarákvæðin í c-liðum 2. og 3. kafla 6. greinar útsvarslaganna þó aðeins við, að starfsemi þar greindra félaga og stofnana, sem tekna sé aflað með, sé í samræmi við eðlilegt starfssvið félagsins eða stofnunarinnar, svo sem það sé nánar skilgreint í lögum og ákvæðum um tilgang félagsskaparins, sem hlut á að máli.

Það hefur komið fram í málinu, enda ekki véfengt af gerðarbeiðanda, að I. O. G. T. hér á landi sé eigandi Bókabúðar Æskunnar. En enda þótt svo sé, verður rétturinn að líta svo á, að þó að sá félagsskapur sé undanþeginn útsvarsskyldu samkvæmt c-lið 2. kafla 6. gr. útsvarslaganna, þá leiði ekki eo ipso af því, að fyrirtæki það, sem Góðtemplarareglan rekur og í þessu tilfelli Bókabúð Æskunnar, séu undanþegin útsvarsskyldu yfirleitt. Lítur rétturinn svo á, að til þess að svo megi verða, verði starfsemi sú, sem um ræðir, að vera innan og í eðlilegu samræmi við eðlilegt starfssvið viðkomandi félagsskapar. Bókaverzlun er hins vegar almennur atvinnurekstur, sem hvaða félag eða einstaklingur, sem er, getur rekið og rekur, en miðar ekki í eðli sínu sérstaklega til mannúðar- eða menningar í því tilfelli, sem hér um ræðir, fremur en sagt verður um aðrar bókaverzlanir, sem reknar eru í landinu. Því verður ekki séð, að fyrir liggi næg rök til þess, að fallizt verði á, að gerðarþoli sé undanþeginn útsvarsskyldu samkvæmt áðurnefndum ákvæðum útsvarslaganna. Þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 6. desember 1946.

Nr. 128/1946. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Einar Arnórsson)
gegn
Þorvaldi Jónassyni (Hrl. Sigurður Ólason).

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Brot gegn 219. og 245. gr. laga nr. 19/1940 og brot gegn bifreiðalögum, umferðarlögum, áfengislögum og lögreglusamþykkt.

Dómur hæstaréttar.

Taka ákærða á olíutunnum og brúsum hinn 1. maí þ. á. varðar við 245. gr. laga nr. 19/1940. Að öðru leyti eru brot ákærða rétt færð til refsiákvæða. Með hliðsjón af 72. gr.

hegningarlaganna þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og greiðslu málskostnaðar staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Þorvaldur Jónasson, sæti fangelsi 2 ár.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og greiðslu málskostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 4. júlí 1946.

Ár 1946, fimmtudaginn 4. júlí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu, Skólavörðustíg 9, af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2197/1946: Réttvísin og valdstjórnin gegn Þorvaldi Jónassyni, sem tekið var til dóms 21. júní s. l.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Þorvaldi Jónassyni bifreiðarstjóra, Hátúni 9, til refsingar, ökuleyfissviptingar og greiðslu sakarkostnaðar fyrir brot gegn 12., 23. og 26. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum nr. 23. 16. júní 1941, umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. október 1906 að Hlíð í Kirkjuhvammshreppi í Húnavatnssýslu, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1924 $^{2}/_{7}$ Dómur aukaréttar Húnavatnssýslu, 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 250. gr. hegningarlaganna frá 1869.

1926 $^{1}/_{6}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir brot gegn 230. gr. hegningarlaganna frá 1869.

1931 $^{2}/_{3}$ Sátt í Reykjavík, 20 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum.

1931 $^{18}/_{6}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 125 kr. sekt og sviptur bílstjóraréttindum í 6 mánuði fyrir brot gegn bifreiðalögunum og áfengislögunum.

1932 $^{9}/_{6}$ Sátt í Reykjavík, 600 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.

1935 $^{19}/_{10}$ Dómur í Hafnarfirði, 90 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, 20 kr. skaðabætur og sviptur ökuskírteini ævilangt fyrir brot gegn 231. gr., 4. lið, hegningarlaganna, sbr. 8. gr. laga nr. 51 1928, 4. og 5. gr. laga nr. 70 1931, sbr. 21. gr. laga nr. 33 1935.

1936 $^{6}/_{6}$ Dómur í Hafnarfirði, 800 kr. sekt fyrir brot gegn 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaganna nr. 33 1935. Staðfest í hæstarétti $^{14}/_{12}$ 1936.

1938 $^{2}/_{6}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 1 árs betrunarhússvinna fyrir brot gegn 271. gr. sbr. 46. gr. hegningarlaganna frá 1869.

1944 $^{2}/_{5}$ Dómur sama réttar, 2 ára fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaganna og húsaleigulögunum. Staðfest í hæstarétti $^{1}/_{2}$ 1945.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

I.

Fimmtudaginn 28. marz s. l., skömmu fyrir hádegi, ók ákærði bifreiðinni R 3174, sem er herflutningabifreið með 10 hjólum, héðan úr bænum áleiðis upp að Eyri í Kjós, en með honum var Sveinn Jónsson, verkamaður, Miðtúni 50, og hafði hann meðferðis eina flösku af sherry og eina flösku af brennivíni. Komu þeir við í sumarbústað í Blesugróf við Elliðaár, sem Sveinn var að hugsa um að kaupa, og dvöldust þar um ½ klukkustund. Tók Sveinn þarna upp sherryflöskuna og saup duglega á henni og segir ákærða einnig hafa sopið lítillega á víninu. Í fyrstu neitaði ákærði því eindregið að hafa bragðað áfengi í för þessari, en í réttarhaldi 6. maí s. l. viðurkenndi hann loks að hafa dreypt á áfengi, meðan þeir dvöldust í Blesugróf, áður en þeir fóru þaðan upp að Eyri. Báðir hafa þeir borið, að ákærði hafi ekki neytt áfengis á leiðinni þangað upp eftir. Þar í fjörunni mokuðu þeir um 5½ tonni af möl á bifreiðina, og telur ákærði, að þeir hafi lokið við verk þetta um kl. 4 til 4,30 um eftirmiðdaginn og þá ekið áleiðis til bæjarins. Sveinn Jónsson segir þá báða hafa neytt áfengis, er þeir voru staddir í fjörunni og höfðu lokið við malarmoksturinn. Kveðst hann hafa fundið til áfengisáhrifa, en ekki merkt vín á ákærða, enda drakk Sveinn meira og hafði ekki neytt matar frekar en ákærði. Hefur ákærði neitað því mjög eindregið að hafa bragðað á áfenginu nema hjá Blesugróf. Kveður hann Svein reyndar hafa rétt sér flöskuna þarna, er hann var sjálfur búinn að súpa á henni og skrúfa tappann á hana,

en segist aðeins hafa borið hana upp að vörum sér, en ekki skrúfað tappann af.

Er ákærði hafði ekið bifreiðinni úr fjörunni og upp á veginn, kveðst hann hafa stöðvað hana til að kæla vél hennar. Hafi Sveinn þá tekið upp brennivínsflöskuna og helt megninu af innihaldi hennar á sherryflöskuna, en lítið var orðið eftir í henni, hafi ákærði svo kastað brennivínsflöskunni, enda hafði það, sem var eftir í henni, helzt niður, en Sveinn svo drukkið niður í hálfa flöskuna með vínblöndunni í. Ekki kveðst Sveinn minnast þess, en treystir sér þó eigi til að véfengja það, og minnir, að ekið hafi verið viðstöðulaust niður fyrir Elliðaár. Báðum ber þeim saman um, að hvorki hafi verið stanzað á leiðinni niður fyrir Elliðaár, þar sem bifreiðin valt út af veginum, eins og síðar greinir, né heldur, að ákærði hafi þá neytt áfengis.

Segir eigi af ferðum ákærða fyrr en hann var á leið eftir þjóðveginum á móts við Korpúlfsstaði í Mosfellssveit. Þar kveður hann vörubifreið með farþegaskýli hafa verið ekið fram hjá bifreið sinni og hann síðar ekið fram hjá henni hjá Grafarholti, en vörubifreið þessari svo ekið aftur fram hjá bifreiðinni R 3174 nokkru þar fyrir neðan. Í brekkunni fyrir ofan Elliðaár ók ákærði svo enn fram með vörubifreiðinni, er hann segir hafa verið ekið vel út á vinstri vegarbrún og frekar hægt, eða á um 20 km hraða, miðað við klukkustund. Rétt áður hafi hann verið búinn að mæta fólksflutningabifreið, en hennar vegna hafi verið auðvelt að komast fram með vörubifreiðinni. Ók hann svo niður brekkuna og yfir brýrnar á Elliðaánum, en skömmu eftir að hann kom yfir þær, valt bifreið hans á hliðina hægra megin út af veginum, þar sem hann segir, að vegarkanturinn hafi sprungið undan þunga bifreiðarinnar, en hann hafi þurft að aka fram hjá tveimur bifreiðum, er stóðu samhliða á veginum. Síðar hefur hann fallið frá þessu og kveður það muni vera rétt, að bifreiðarnar hafi ekki staðið samhliða á veginum, heldur hafi þær báðar staðið þar vinstra megin (sunnan til).

Valdimar Sveinbjörn Stefánsson bifreiðarstjóri, Leifsgötu 11, 49 ára að aldri, skýrir svo frá málavöxtum, að fimmtudaginn 28. marz s. l. hafi hann verið í vinnu með vörubifreið sína R 1042 uppi hjá Reykjum í Mosfellssveit. Að lokinni vinnu lét hann farþegaskýli á vörupall bifreiðarinnar, þar eð hann flytur verkamenn, sem þarna vinna, til og frá vinnu. Kveðst hann hafa lagt af stað áleiðis til bæjarins um klukkan 4,40 um eftirmiðdaginn. Voru átta menn í farþegaskýlinu, en sá 9. sat við hlið Valdimars í stýrishúsinu. Á móts við Lágafell í Mosfellssveit ætlaði hann að aka fram hjá bifreiðinni R 3174, sem hann kveður hafa verið ekið mjög hægt, um 25 til 27 km hraða, miðað við klst., skrykkjótt og hlykkjótt eftir veginum. Gaf hann margsinnis hljóðmerki, en bifreiðinni R 3174 var ekki vikið nægilega út í vinstri vegarkant fyrr en hjá af-

leggjaranum niður að Korpúlfsstöðum, og ók hann þar fram hjá henni. Kveðst hann hafa tekið eftir því, að ákærði og Sveinn Jónsson hafi verið í djúpum samræðum, og hafi hann því grunað, að þeir væru ölvaðir, og segist hafa haft orð á því við Jón Jónsson, er sat við hlið hans í stýrishúsinu. Hjá Grafarholti stöðvaði Valdimar bifreið sína til að hleypa einum farþeganna út úr farþegaskýlinu og kveður bifreiðinni R 3174 þá hafa verið ekið á geysimiklum hraða, um 70 til 80 km, miðað við klukkustund, fram hjá bifreið sinni. Segir hann veginn hafa verið rakan og pollóttan og hann hafa lætzt undan bifreiðinni R 3174. Góðan spöl fyrir neðan Grafarholt hafi hann svo aftur ekið fram hjá bifreiðinni R 3174, en þá hafi henni verið ekið hægt eftir vinstri vegarhelmingi og auðvelt hafi verið að komast fram hjá henni. Skömmu áður en Valdimar ók niður brekkuna fyrir ofan Elliðaár, kveðst hann hafa sett vél bifreiðar sinnar í 3. gír, en hún er fjórgíruð, og ekið niður eftir brekkunni á um 35 km hraða, miðað við klukkustund, og alveg úti í vinstri vegarkanti, enda hafi hann mætt bifreið efst í brekkunni. Rétt eftir að hann hafði lokið við það, hafi bifreiðinni R 3174 verið ekið geysihratt fram með R 1042, og hafi vörupallur R 3174 slegizt í bifreið hans, en síðar hafi fremra afturhjól vinstra megin á R 3174 krækzt í hægra framhjól R 1042 og hún dregizt þannig góðan spöl niður brekkuna, en losnað síðar, er vinstri hjólin voru komin út fyrir veginn. Hafi bifreið hans svo farið út af veginum, þar sem hæst er niður af honum, eða um 7 metrar, og oltið á hliðina. Valdimar Sveinbjörn kveðst ekkert hafa meiðzt, svo að teljandi sé, en farþegar hans slösuðust allir meira og minna, eins og síðar verður frá skýrt, og miklar skemmdir urðu á bifreiðinni.

Strax eftir að slysið skeði, fór Valdimar að rafstöðinni við Elliðaár og símaði þaðan á slökkvistöðina og bað um sjúkrabifreiðar og lækni. Hringdi hann því næst á lögreglustöðina og skýrði frá slysinu, og komu fljótlega sjúkrabifreiðar og lögregluþjónar að slysstaðnum.

Vitnið Kristinn Ólafsson, Reynisvatni, 13 ára að aldri, hefur skýrt svo frá, að það hafi verið á leið heim til sín fimmtudaginn 28. marz s. l., er bifreiðin R 1042 valt út af veginum í brekkunni fyrir ofan Elliðaár. Kveðst það hafa verið statt ofarlega í brekkunni og séð, hvar bifreiðinni R 1042 hafi verið ekið hægt, vel vinstra megin á akbrautinni, áleiðis til Reykjavíkur, er R 3174 var ekið mjög hratt utan í hægri hlið hennar, svo að hún fór út af veginum, þar sem hæst er niður af honum.

Er bifreiðin R 1042 fór út af veginum, eins og að framan greinir, voru 7 farþegar í farþegaskýlinu, verkamennirnir Þorgeir Þorkelsson, 17 ára, og Björn Þorkelsson, 20 ára, báðir til heimilis að Litlu Grund í Sogamýri, Haukur Nielsson, Bragagötu 26 A, 24 ára að aldri, Ingi Jónsson, Freyjugötu 8, 24 ára, Einar Hjaltason, skála 35

á Skólavörðuholti, 17 ára, Ingimar Jónsson, Gunnarsbraut 34, 60 ára, og Erling Valdimarsson, Leifsgötu 11, 16 ára, en í stýrishúsinu hjá Valdimar Sveinbirni sat Jón Jónsson, Grettisgötu 36, 63 ára.

Ingimar Jónsson kveðst eigi hafa veitt umferðinni nokkra athygli og hefur því ekkert getað borið um akstursmáta ákærða, en segist þó hafa orðið þess greinilega var, að bifreiðin R 1042 varð fyrir árekstri. Allir segja hinir farþegarnir, að bifreiðinni R 3174 hafi verið ekið hægt, en mjög slögótt, ýmist eftir vinstri eða hægri vegarhelmingi, á móts við Korpúlfsstaði, en mjög hratt hjá Grafarholti og fram með bifreiðinni R 1042. Telja þeir Haukur, Björn og Einar hraða R 3174 hjá Grafarholti hafa verið allt frá 50 til 65 km, miðað við klukkustund, en Jón Jónsson kveðst ekki minnast þess að hafa séð bifreið ekið svo hratt. Björn Þorkelsson gizkar á, að hraði bifreiðarinnar R 3174 hafi verið um 60 til 65 km, miðað við klukkustund, þegar henni var ekið fram með bifreið Valdimars, en Erling telur hraða hennar þá hafa verið um 70 til 80 km, miðað við klukkustund. Þá hafa þeir Haukur, Björn, Ingi og Einar Hjaltason borið, að orð hafi fallið í þá átt í farþegaskýlinu, að eftir akstursmáta ákærða að dæma, myndi hann vera ölvaður, en hinir farþegarnir minnast þess eigi, að á þetta hafi verið drepið.

Ákærði kveðst ekki hafa heyrt, að hljóðmerki væri gefið frá bifreið Valdimars, áður en henni var ekið fram hjá bifreið hans á móts við Korpúlfsstaði, en í henni sé mikið skrölt og því erfitt að heyra til annarra bifreiða, og hafi hann ekið hlykkjótt og skrykkjótt eftir veginum, þá hafi það verið gert til að sneiða hjá holum, enda sé það venja sín að aka ýmist eftir vinstri eða hægri brautarhelmingi, eftir því hvoru megin sléttara sé. Framburður ákærða, hvað hraða bifreiðarinnar snertir, hefur verið mjög á reiki og lítið á honum byggjandi, enda virðist honum eigi hafa verið ljóst, hvort hraðamælir bifreiðarinnar sýndi hraðann í kílómetrum eða mílum, en samkvæmt vottorði skoðunarmanna mælist hraðinn í mílum. Kveður ákærði eigi mögulegt að aka bifreiðinni yfir 40 km eða 40 mílur, miðað við klukkustund, þar sem lás á benzinpumpu bifreiðarinnar loki fyrir benzinrennslið, þegar komið er á þenna hraða. Þá segir hann vél bifreiðarinnar hafa unnið fremur illa þenna dag vegna ólags í rafkerfi hennar. Eftir margvíslegar breytingar á framburði sínum kveðst ákærði muni hafa ekið á 65 km hraða, miðað við klukkustund, niður brekkuna hjá Grafarholti, en að bifreiðin hafi ekki getað verið komin yfir 30 mílna hraða, miðað við klukkustund, er hann ók fram með bifreiðinni R 1042 í brekkunni fyrir ofan Elliðaár, en svo hafi hraðinn aukizt niður brekkuna, og hann síðan dregið úr honum milli brúnna á Elliðaánum og hafi hann þá verið 45 km, miðað við klst., en mælirinn hafi sýnt 35. Er ákærði ætlaði að aka fram fyrir vörubifreiðarnar, þar sem bifreið hans valt á

hliðina, kveðst hann hafa ekið á um 30 km hraða, miðað við klukkustund, og hafi hann verið nýbúinn að skipta í 3. gír.

Sveinn Jónsson kveður ákærða hafa ekið ýmist áberandi hægt eða hratt, og er hann ók fram með bifreiðinni R 1042, hafi hann ekið nokkuð hratt og mjög hratt niður í brekkunni og þar til bifreiðin valt á hliðina, en ekki kveðst Sveinn hafa orðið var við, að bifreiðin R 3174 hafi rekizt utan í R 1042, og hún oltið á hliðina út af veginum. Einnig hefur ákærði eindregið neitað því að hafa vitað til þessa.

Um það leyti sem bifreiðin R 1042 fór út af veginum, var Magnús Júlíus Magnússon bifreiðarstjóri, Rauðarárstíg 13, 49 ára að aldri, á leið til bæjarins frá sandgryfjunum við Elliðaárvog í vörubifreið sinni R 1333. Aftan á palli bifreiðarinnar voru Sigurður Norðmann Júlíusson verkamaður, Vesturgötu 5, 27 ára að aldri, Kjartan Guðjónsson sjómaður, Egilsgötu 12, 38 ára að aldri, og Hilmar Steinþórsson verkamaður, Laugavegi 160, 17 ára. Öll þessi vitni hafa staðfest framburði sína með eiði og skýra svo frá málavöxtum, að Sigurður Norðmann hafi séð, er bifreiðin R 1042 var að velta út af veginum, og hafi R 3174 verið þar nokkuð neðar í brekkunni á mjög miklum hraða. Gerði hann nú Magnúsi Júlíusi viðvart, en hann stöðvaði þegar í stað bifreið sína úti á vinstri brún vegarins. Í þessu var vörubifreiðinni R 1939 ekið þarna fram hjá, og einnig stöðvuð vinstra megin á veginum fyrir framan R 1333, en á sama tíma hafi ákærði ætlað að aka bifreiðinni R 3174 þarna fram hjá, en við þetta hafi hún oltið á hliðina út af veginum. Þeir Sigurður Norðmann, Kjartan og Magnús Júlíus kveðast hafa fundið vínlykt úr vitum ákærða og að hann og Sveinn hafi verið undir áhrifum áfengis, en Sveinn þó mun meira. Hilmar Steinþórsson kveðst aftur á móti ekki hafa veitt þeim ákærða og Sveini nokkra athygli, þó segist hann hafa séð, að Sveinn var óstyrkur á fótum, en taldi það stafa af meiðslum. Magnús Júlíus spurði ákærða, hvort hann væri undir áhrifum áfengis, og segir ákærða hafa svarað eitthvað á þá leið, að honum kæmi það ekki við, en ákærði segist eigi muna, hverju hann svaraði. Var ákærði beðinn að bíða á slysstaðnum, þar til lögregluþjónar kæmu á vettvang, og honum tjáð, að bifreiðin R 1042 hefði oltið út af veginum, þegar hann ók fram með henni. Sinnti hann þessu engu, en fékk far til bæjarins ásamt Sveini með vörubifreiðinni R 2539, en henni ók Ólafur Jón Sigurjónsson bifreiðarstjóri, skála 34 í Laugarnescamp, 24 ára að aldri. Skýrir hann svo frá, að hann hafi verið á leið upp að Rauðhólum, er hann kom að bifreiðinni R 3174. Hafi ákærði þá beðið hann að aka þeim Sveini til bæjarins. Varð Ólafur Jón við þessari beiðni, því að honum virtist Sveinn vera slasaður á höfði, og ók þeim að Hátúni 9, þar sem þeir fóru úr bifreiðinni. Ekki kveðst Ólafur Jón hafa séð áfengis-

áhrif á ákærða eða fundið vínlykt úr vitum hans, enda átti hann þarna aðeins tal við ákærða í gegnum hliðarglugga bifreiðarinnar, og á leiðinni til bæjarins stóð hann aftan á palli hennar, en Sveinn sat inni í stýrishúsinu.

Vitnið Bjarni Óskar Guðmundsson bifreiðarstjóri, Höfðaborg 63, 38 ára að aldri, skýrir svo frá, að það hafi verið á leið til bæjarins í vörubifreiðinni R 1939, þegar menn þeir, er stóðu á palli bifreiðarinnar R 1333, gáfu því merki um að nema staðar. Kveðst vitnið þá hafa hægt á ferð bifreiðar sinnar og ekið rakleitt fram fyrir R 1333 og stanzað þar vinstra megin á akbrautinni. En í sama mund og það ók fram með bifreiðinni R 1333, hafi það heyrt hljóðmerki frá bifreiðinni R 3174 og henni ekið talsvert hratt fram með bifreið vitnisins og oltið á hliðina hægra megin út af veginum. Kveðst vitnið hafa fundið vínþef úr vitum kærða, en segist ekki hafa getað merkt á honum áfengisáhrif. Aftur á móti hafi Sveinn verið drukkinn.

Hjá Hátúni 9 skildu þeir ákærði og Sveinn, sem fór og keypti sér áfengi í áfengisverzluninni. Gerðist hann mikið drukkinn og var síðar handtekinn, er hann var staddur hjá slysstaðnum. Ákærði fór aftur á móti inn til sín og hitti þar konu sína, Svanhildi Ragnheiði Sigurðardóttur, sem kveður ákærða hafa beðið um kaffi, en hún hafi svarað honum hranalega, þar eð hann hafði farið á skóhlífum inn á nýbónað gólf, og hafi hann þá farið aftur út. Ekki kveðst hún hafa veitt honum nokkra sérstaka athygli og hvorki séð á honum áfengisáhrif né fundið vínþef úr vitum hans.

Eftir þetta fór ákærði inn í íbúð Hákonar Sumarliðasonar, starfsmanns í Kassagerð Reykjavíkur, 27 ára að aldri, en hann býr einnig á Hátúni 9. Kveður ákærði sig minna að hafa sagt Hákoni frá því, að bifreið hans hafi oltið, en Hákon minnist þess eigi og segir þá aðeins hafa heilsazt, en engin önnur orðaskipti hafi farið á milli þeirra, enda hafi hann strax farið aftur út til að kaupa mjólk. Hákon kveðst hvorki hafa séð áfengisáhrif á ákærða né fundið áfengislykt úr vitum hans og honum hafi eigi virzt ákærði vera öðru vísi en hann átti að sér að vera, enda hafi hann enga sérstaka athygli veitt honum.

Ákærði fór nú upp að bifreiðaverkstæðinu Stilli við Laugaveg og hringdi þaðan á Litlu-bílastöðina og bað um leigubifreið. Vitnið Þorkell Sigurðsson bifreiðarstjóri, Bragagötu 27, 22 ára að aldri, sem hefur unnið eið að framburði sínum, skýrir svo frá, að það hafi ekið ákærða frá bifreiðaverkstæðinu Stilli og að bifreiðaverkstæði Egils Vilhjálmssonar. Hafi ákærði tjáð vitninu, að hann hefði ekið bifreið sinni út af veginum inn við Elliðaár, og ætlaði að reyna að fá kranabifreið til að ná henni upp. Orsök þessa hefði verið sú, að tvær bifreiðar hefðu verið stöðvaðar hlið við hlið fyrir framan bifreið hans, þar sem hún var í akstri, en nokkru fyrir ofan þenna

slysstað hefði annarri bifreið verið ekið út af veginum. Ók vitnið ákærða því næst að bifreiðaverkstæði Ketils Jónassonar við Klapparstíg og svo þaðan inn á Barónsstíg, þar sem ákærði átti tal við einhverja rafmagnsmenn, því næst að áhaldahúsi bæjarins og svo inn á Nóatún, en þar fór ákærði úr bifreiðinni og kveðst ætla að hitta mann þann, er með honum var, er slysið skeði. Kom ákærði að vörmu spori aftur, kvaðst ekki hafa hitt manninn, lét aka sér inn á Laugarnesveg 67 og fór þar úr bifreiðinni, en bað vitnið að færa fyrrgreindum Katli lykilinn að benzíntanki bifreiðarinnar. Ekki hitti það Ketil, svo að það fór aftur með lykilinn inn á Laugarnesveg til ákærða. Vitnið kveður ákærða hafa haft orð á því, að hann hafi eigi tilkynnt lögreglunni slysið, því að hann væri lítils háttar undir áhrifum áfengis. Og er það hafi spurt hann, hvernig á því stæði, að hann æki bifreið þannig á sig kominn, hefði ákærði sagzt oft hafa ekið bifreið með áhrifum áfengis og verið það undanfarna daga, en ekkert komið fyrir sig. Þá hefði ákærði tjáð því, að hann væri búinn að drekka mikið edik og þar af leiðandi mundi ekki sjást mikið vín á honum. Ekki kveðst vitnið vera fullvisst um, hvort það hafi fundið vínlykt úr vitum ákærða eða að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, en því virtist framkoma hans vera einkennileg.

Ákærði hefur neitað því að hafa tjáð vitninu, að hann hafi oft ekið bifreið með áhrifum áfengis og verið með víni, er slysið skeði. Þá kveðst hann ekki minnast þess að hafa tjáð vitninu, að hann vildi ekki tilkynna lögreglunni slysið, sökum þess að hann væri undir áhrifum áfengis, og segir, að hafi hann sagt þetta, þá hafi hann gert það af misgáningi vegna þess, að hann hafi orðið eitthvað ruglaður eftir slysið. Þá kveður ákærði það rangt, að hann hafi tjáð vitninu, að hann hafi drukkið edik, en í réttarhaldi því, er þeir ákærði og vitnið voru samprófaðir, kvaðst hann hafa drukkið sýrublöndu hjá Hákoni Sumarliðasyni, en hann segist ekki hafa orðið var við, að matur eða drykkjarföng hafi verið snert á heimili sínu, meðan hann var að sækja mjólkina, en ákærði var farinn á brott úr íbúð hans, er hann hafði lokið við mjólkurkaupin. Þá kveðst Hákon enga sýru eiga, en hvort edik hafi verið til á heimili hans, segist hann ekki vita. Er ákærði hafði heyrt framburð Hákonar, kvaðst hann hafa drukkið sítrónusafa, er verið hafi í bolla upp í skáp, en Hákon kveður vel geta verið, að sítrónusafi hafi verið þar, enda eigi hann iðulega sítrónur heima hjá sér.

Vitnið Eiríkur Hjörtur Sigurður Gröndal verkstæðisformaður hjá Agli Vilhjálmssyni hf, Rauðarárstíg 9, 40 ára að aldri, hefur borið það, að fimmtudaginn 28. marz, milli klukkan 5 og 6 um eftirmiðdaginn, hafi því verið tjáð, að maður nokkur hefði hringt í miklum ákafa til þess, en það hafði verið fjarverandi nokkra stund. Rétt í þessu hafi ákærði hringt til þess að nýju og sagzt vera búinn að

hringja oft og beðið vitnið um að aðstoða sig við að sækja bifreið sína, en hún hefði oltið skammt frá Elliðaánum. Þar sem vitninu virtist ákærði vera æstur og einkennilegur í máli, sagði það honum að koma til sín og svo skyldu þeir fara og ná í bifreiðina. Litlu síðar hafi Valdimar Sveinbjörn komið og skýrt frá slysinu og hafi vitnið þá lofað honum að sækja hans bifreið fyrst. Áður en vitnið lagði af stað að slysstaðnum, kom ákærði og sagði það honum að bíða eða koma aftur að klukkustund liðinni. Vitnið kveðst hafa fundið sterka áfengislykt úr vitum ákærða, en ekki geta fullyrt, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, þó að það telji svo muni vera.

Vitnið Ketill Hlíðdal Jónasson bifreiðaviðgerðarmaður, bróðir ákærða, 27 ára að aldri, kveður ákærða hafa komið til sín á bifreiðaverkstæði sitt við Klapparstíg um klukkan 6 e. h. Hafi það verið að festa vél í bifreið og legið undir henni og minnist þess ekki að hafa séð framan í ákærða, meðan þeir ræddu saman. Kveðst vitnið ekki hafa heyrt neitt óeðlilegt við mæli hans og hann að engu leyti komið því einkennilega fyrir. Bað ákærði það að aðstoða sig við að sækja bifreiðina R 3174 og lofaði það að vera komið að slysstaðnum 20 til 30 mínútum síðar. Var ákærði þá eigi staddur þar, svo vitnið fór við svo búið aftur til bæjarins, enda tjáðu lögregluþjónar því, að ákærði mundi vera valdur að slysinu fyrir ofan Elliðaárnar. Næsta morgun kveðst vitnið svo hafa hitt ákærða á Laugarnesvegi 67 og ekki getað séð þess nokkur merki, að hann hefði verið ölvaður kvöldið áður eða um nóttina, en ákærði hefði kvartað um meiðsli vegna mars. Þá kveðst vitnið hafa minnzt á slysið í brekkunni fyrir ofan Elliðaárnar, en ákærði hefði ekki kannazt við að vita til þess, að hann væri valdur að því.

Vitnið Sveinn Jónsson áhaldavörður, Hrísateigi 21, 56 ára að aldri, kveður ákærða hafa komið til sín og beðið sig um aðstoð til að sækja bifreiðina R 3174. Segist vitnið hafa setið við skrifborð sitt, aðeins séð ákærða yfir öxl sér og veitt honum mjög litla athygli. Kveðst það hvorki hafa séð áfengisáhrif á honum né fundið áfengislykt úr vitum hans. Meðan vitnið og ákærði áttu tal saman, kom fyrrgreindur Ólafur Jón Sigurjónsson, sem nú hafði frétt um slysið í brekkunni fyrir ofan Elliðaár. Spurði Ólafur Jón ákærða, hvort hann hefði gefið sig fram við lögregluna, en hann kvaðst þá ekkert um slys þetta vita og fór burt með þeim ummælum, að hann ætlaði að fara beina leið til lögreglunnar. Ekki kveðst Ólafur Jón heldur hafa séð áfengisáhrif né fundið vínlykt úr vitum hans þarna.

Vitnið Margrét Bjarnfríður Þorsteinsdóttir, Laugarnesvegi 67, móðir ákærða, kveðst hafa komið heim til sín klukkan langt gengin 8 e. h. fimmtudaginn 28. marz s. l., og hafi ákærði þá legið fyrir. Gaf það honum kaffi, en hann tjáði því, að hann hefði ekið bifreið sinni út af vegi. Er það spurði hann, hvort hann hefði verið drukkinn, svaraði hann því neitandi. Kveðst vitnið engin áfengisáhrif hafa

séð á ákærða og ekki tekið eftir, að nokkur vínlykt væri úr vitum hans. Það segir ákærða hafa kveinkað sér eitthvað, verið hálf ringlaðan og morguninn eftir sagzt vera óglatt.

Lögregluþjónarnir Kristján Vattnes Jónsson, Magnús Vigfús Sörensen, Einar Ásgrímsson og Konráð Ingimundarson fóru að slysstaðnum. Í bifreiðinni R 3174 fannst meðal annars áfengisflaska með vínblöndu á. Þá kveða lögregluþjónarnir, að mátt hafi sjá þess ógreinileg merki á veginum, að bifreiðarnar hafi dregizt saman nokkurn spotta, áður en bifreiðin R 1042 fór út af veginum og valt á hliðina, þar sem hæst er niður af honum, eða um 7 metrar, eins og sést á uppdrætti lögreglunnar, rskj. nr. 2, og uppdrætti Jóns Víðis mælingamanns, rskj. nr. 4, en allir, sem um geta borið, telja uppdrætti þessa rétta. Lögregluþjónarnir Konráð Ingimundarson og Einar Ásgrímsson kveða felguna á einu af vinstri afturhjólum bifreiðarinnar R 3174 hafa verið beyglaða, og má sjá það greinilega á mynd, sem tekin var af hjólum bifreiðarinnar, rskj. nr. 8, að hún hefur orðið fyrir miklu höggi. Ákærði kveður ekkert hafa verið athugavert við hjólfelgurnar vinstra megin á bifreiðinni, svo að hann hafi vitað til.

Ákærði hefur borið það, að hemlar bifreiðarinnar R 3174 hafi ekki verið í góðu lagi, því að hann hafi þurft að stíga tvisvar til þrisvar á fóthemilinn til þess að hann verkaði.

Jón Sigursteinn Ólafsson, forstöðumaður bifreiðaeftirlits ríkisins, og tveir starfsmenn þess, Gestur Ólafsson og Hjörleifur Jónsson, skoðuðu og reyndu bifreiðina R 3174 30. marz og 2. apríl s. l. Hafa þeir gefið vottorð þess efnis, að bifreiðin hafi að öllu leyti verið í góðu lagi að öðru leyti en því, að hliðarrúður stýrishússins og einnig afturrúðan hafi verið sprungnar, en útsýni til hliðanna þó sæmilegt. Hemlar hafi verið öflugir og verkað ágætlega, en verið frekar þungir í átaki, og kveður Hjörleifur Jónsson, að eigi hafi þurft að stíga nema einu sinni á fóthemilinn, til þess að hann verkaði. Reynt var á Suðurlandsbraut og Vesturlandsvegi að Reynisvatnsvegamótum, hve hratt hægt væri að aka bifreiðinni án hlass. Á láréttum vegi var hægt að aka henni á 30 mílna hraða, miðað við klukkustund á 5. og 4. hraðastigi, en niður brekkurnar hjá Grafarholti og fyrir ofan Elliðaár á 45 mílna hraða, miðað við klukkustund. Þann 9. apríl s. l. skoðaði Jón Ólafsson bifreiðina að nýju og athugaði sérstaklega, hvort ekki sæjust merki eftir árekstur á vinstri hlið bifreiðarinnar. Kveður hann tvær dældir vera í pallbrúninni, en þær virðast þegar hafa verið þar, er slysið varð. Ytri brún hjólfelgunnar á fremra afturhjólinu vinstra megin sé ýfð upp eða inn í hringinn á um 14 cm kafla og rétt þar við sé djúp rispa eða skurður í hjólbarðanum á ská út frá felgunni um 5 cm á lengd, en á vinstra framhjóli sé ekkert óeðlilegt að sjá.

Allir farþegarnir, sem voru í bifreiðinni R 1042, meiddust og voru

fluttir á Landspítalann, þar sem gert var að sárum þeirra, en síðar voru þeir fluttir heim til sín að tveim undanteknum, sem eftir urðu í sjúkrahúsinu. Verður nú greint frá meiðslum þeirra: Einar Hjaltason brotnaði á vinsta læri rétt ofan við hnéð og einnig á vinstri upphandlegg rétt um olnbogaliðinn. Samkvæmt vottorði Gunnars Cortes læknis, gefnu 12. apríl s. l., varð að spengja lærlegginn, til að hægt yrði að setja brotið rétt saman, og kveður hann Einar, sem lá þá á Landspítalanum, eiga langt í land.

Ingimar Jónsson lá á Landspítalanum frá 28/3 til 5/4 1946. Hefur Gunnar Cortes læknir gefið vottorð þess efnis, að Ingimar hafi verið talsvert „shockeraður" við komuna í sjúkrahúsið og kvartað um verki í vinstri síðu. Mikil eymsli hafi verið við palp á brjóstkassa vinstra megin, öndun þvinguð og yfirborðsleg. Dálitið hruflaður á hnúum hægri handar, en engin önnur meiðsli sjáanleg. Röntgenmyndir hafa sýnt fractura costarum.

Samkvæmt vottorði Péturs Jakobssonar læknis varð Ingi Jónsson fyrir þeim meiðslum, að hryggtindur brotnaði hægra megin á lendarlið og mikil blæðing hafi verið í holdi út frá vinstra nýra.

Axel Blöndal læknir hefur stundað þá Björn og Þorgeir Þorkelssyni. Samkvæmt vottorðinu, er læknirinn gaf 8. maí s. l., telur hann Þorgeir ekki munu vera vinnfæran um óákveðinn tíma, en Björn segir hann hafa verið óvinnufæran í hálfan mánuð vegna tognunar í hálsvöðvum og áverka, er hann fékk á vinstra gagnauga. Í umsögn röntgendeildar Landspítalans varðandi meiðsli Þorgeirs Þorkelssonar segir, „að beinstykki hafi sprungið úr tuberculum majus og að sprunga liggi niður í epifysuna, en smá ójöfnur séu einnig á liðbrúnum í tibia."

Úlfar Þórðarson læknir hefur gefið eftirfarandi vottorð um meiðsli Jóns Jónssonar. „Þann 28/3 1946 slasaðist Jón Jónsson, 67 ára, Grettisgötu 36, í bílslysi og hlaut eftirfarandi áverka:

1) Commotio cerebri (heilahristing) allmikinn (uppköst í 4 daga).
2) Skurð á báðar varir, saumað með 5 saumum.
3) 3 tennur brotnar (2 úr neðri góm, 1 úr efri góm).
4) Skurður 3 cm á v. fæti.
5) Slæmt mar og tognun á h. öxl.
6) Skráma milli augnanna.

Ástand hans sæmilegt eftir atvikum, en þó enn þá mikill svimi og höfuðverkur. Ekki hægt að gefa upp ákveðið, nær hann verður vinnufær."

Samkvæmt vottorði Karls Jónassonar læknis fékk Haukur Nielsson heilahristing og skarst neðan við hægra auga. Var honum ráðlagt að liggja í 7—10 daga.

Erling Valdimarsson kveðst hafa fengið snert af heilahristing, tognað um vinstra hné og marizt nokkuð á vinstri öxl og mjöðm. Segist hann hafa legið rúmfastur á heimili sínu í rúma viku.

Með of hröðum og ógætilegum akstri hefur ákærði orðið valdur að framangreindum umferðaslysum, en ekki þykir sannað gegn eindregnum mótmælum ákærða og með tilliti til framburðar Sveins Jónssonar, að hann hafi orðið var við, er bifreiðarnar rákust saman og R 1042 fór út af veginum. Hefur ákærði með þessu atferli sínu gerzt brotlegur við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febr. 1940, 2., 4. og 5. mgr. 26. og 1. mgr. 27. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941 og 3. mgr. 4. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941. Með því að hverfa burt af slysstaðnum, án þess að skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, hefur ákærði gerzt brotlegur við 29. sbr. 38. gr. bifreiðalaga, 9. sbr. 14. gr. umferðarlaga og 37. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Með framburði Sveins Jónssonar og eigin játningu ákærða er sannað, að hann hafi neytt áfengis við bifreiðarakstur, en einnig þykir framkomnar nægilegar sannanir fyrir því, að ákærði hafi ekið bifreiðinni með áhrifum áfengis, þegar litið er á akstursmáta hans, það háttalag hans að hverfa burt af slysstaðnum og gefa sig eigi fram við lögregluna og með tilliti til framburða framangreindra vitna, sem kveða hann hafa verið með áfengisáhrifum, en þau höfðu bæði betri aðstæður til að dæma um þetta og höfðu enga ástæðu til að draga úr þessu, eins og flest þeirra, er segjast ekki hafa getað séð áfengisáhrif á honum. Hefur ákærði því einnig gerzt brotlegur við 1. mgr. 23. sbr. 38. gr. bifreiðalaga og 1. mgr. 21. sbr. 3. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935.

II.

Miðvikudaginn 1. maí s. l. um kl. 3 e. h. var Roy Ófeigur Breiðfjörð bifreiðarstjóri, Spítalastíg 8, 22 ára að aldri, á leið upp að Árbæ í bifreið, sem Guðmundur Guðmunds Sigurjónsson bifreiðarstjóri, Njálsgötu 110, 26 ára að aldri, ók, til þess að líta eftir benzín- og olíubirgðum, er Sverrir Júlíusson útgerðarmaður á, en birgðir þessar voru áður eign ameríska herliðsins. Á Suðurlandsbrautinni mættu þeir bifreiðinni R 3174, en á vörupalli hennar voru 19 tunnur af traktorolíu og 17 smurningsolíubrúsar. Virtist þeim þetta vera af fyrrgreindum birgðum, svo að þeir sneru við og fóru að Hátúni 9, en þangað hafði bifreiðinni R 3174 verið ekið. Áttu þeir tal við ákærða, sem þeir segja, að hafi tjáð þeim, að hann hefði komið með olíubirgðir þessar sunnan með sjó, þar sem hann ætti benzín og olíu, en farið þessa leið til bæjarins, því að hann hefði þurft að koma við í Sogamýri. Þar sem þeir voru nú ekki vissir um, að ákærði hefði tekið af birgðunum uppi hjá Árbæ, óku þeir þangað upp eftir og sáu strax, að tekið hafði verið af þeim, og einnig voru þar greinileg hjólför eftir bifreiðina R 3174. Fóru þeir því aftur að Hátúni 9 og sáu, hvar ákærði fór upp á vörupall bifreiðarinnar, opnaði eina tunnuna og byrjaði að sjúga upp úr henni

gegnum slöngu. Kveður Roy Ófeigur ákærða hafa boðið bifreiðarstjóra nokkrum, er þarna var, traktorolíu til kaups, kveðið hana vera ágæta og hann hefði notað hana í allan vetur. Þá hafi Roy Ófeigur sagt við ákærða, að þetta myndi verða kært, ef hann færi ekki með olíuna aftur upp að Árbæ, en þessu hefði ákærði neitað, og því hefði hann farið á lögreglustöðina og skýrt frá málavöxtum.

Lögregluþjónarnir Þórður Kárason og Guðbrandur Ágúst Þorkelsson fóru að Hátúni 9, en þá var hvorki ákærði þar né bifreiðin. Fregnuðu þeir, að hún væri hjá bifreiðaverkstæðinu Stilli við Laugaveg. Fengu þeir Hákon Sumarliðason, sem verið hafði með ákærða, að sækja tunnurnar, til að aka bifreiðinni að lögreglustöðinni. Er þangað kom, var ákærði staddur þar, drukkinn og með áverka í andlitinu. Kærði hann yfir því, að hann hefði verið sleginn og bar sig illa. Var ákærði fluttur í fangahúsið við Skólavörðustíg, þar sem ekki reyndist mögulegt að taka af honum skýrslu vegna ölvunar, en farið var með olíutunnurnar aftur upp að Árbæ.

Ákærði skýrir svo frá málavöxtum, að Sveinn Jónsson, Miðtúni 50, hafi fyrir alllöngu tjáð sér, að fyrir ofan Árbæ væri mikið af benzíni á tunnum, sem herinn hefði skilið eftir og hinir og þessir væru að taka af, og hefði Sveinn enn að nýju haft orð á þessu nokkru fyrir 1. maí s. l. Kveður Sveinn það rétt, að hann hafi haft orð á því, að benzínbirgðir væru fyrir ofan Árbæ, en neitar því eindregið að hafa sagt, að öllum væri heimilt að taka af þeim, enda hafi honum aldrei komið slíkt til hugar.

1. maí s. l. kveðst ákærði svo hafa farið upp að Árbæ og sótt þangað framangreindar olíutunnur og smurningsolíubrúsa. Fékk hann Hákon Sumarliðason til að aka bifreiðinni R 3174, en þeir Jón Þorbergur Haraldsson og Guðmundur Ragnar Einarsson, stjúpsonur ákærða, fóru með þeim. Símon Þorgeirsson járnsmíðanemi, Grenimel 33, slóst einnig í förina með þeim, en hann hitti þá á leiðinni þangað upp eftir. Ákærði segir, að það hafi orðið að samkomulagi, að þeir Hákon og Jón Þorbergur fengju tvær til fjórar tunnur af traktorolíunni. Þessu hafa þeir neitað og segja ákærða aðeins hafa haft orð á því, að þeir gætu fengið eina tunnu. Þá segir ákærði, að þeir Jón, Hákon og hann hafi talað um það sín á milli, að herinn hefði skilið tunnur þessar eftir og hverjum manni væri heimilt að slá eign sinni á þær, og hafi Jón Þorbergur sérstaklega verið fastur á þeirri skoðun.

Bæði Hákon og Jón hafa neitað því, að þeim hafi verið kunnugt um, að ákærði hefði tekið olíutunnurnar í heimildarleysi. Kveðst Hákon hafa innt ákærða eftir því, hvort hann ætti tunnurnar, er verið var að setja farminn á bifreiðina, en sjálfur kveðst hann aðeins hafa ekið henni og ekki hjálpað til að setja tunnurnar upp á bifreiðina, þar sem hann megi ekki reyna á sig. Hafi ákærði sagt, að enginn ætti þetta, herinn hefði skilið það eftir og öllum frjálst

að taka af því, þetta væri gert á sína ábyrgð, og Hákon skyldi bara aka bifreiðinni.

Jón Þorbergur Haraldsson, 27 ára að aldri, kveðst ekkert hafa vitað, hver átti olíuna, ekkert spurt um það og ekki heyrt ákærða hafa orð á því, að herinn hefði skilið tunnurnar eftir og enginn ætti þær. Kveðst hann hafa haldið sig vera að vinna venjulega verkamannavinnu og taldi sér bera helgidagakaup fyrir starfann, þar sem hann var unninn 1. maí.

Guðmundur Rafnar, 20 ára að aldri, kveðst ekki hafa vitað um, hver ætti olíuna, hvorki heyrt ákærða né Jón Þorberg minnast á það, og verið ókunnugt um, að hún væri tekin í heimildarleysi. Hákon hafi reyndar tjáð honum, að ákærði hefði sagt, að herinn hefði skilið olíuna eftir og enginn ætti hana.

Símon Þorgeirsson, 23 ára að aldri, kveður ákærða hafa sagt sér, að herinn hefði skilið olíuna eftir og hver, sem vildi, mætti hirða hana.

Vitnið Kristján Rafn Hjartarson, iðnnemi, Ásvallagötu 71, 20 ára að aldri, hefur borið það, að hann hafi komið í bifreið að Hátúni 9 1. maí s. l. og ætlað að hitta kunningja sinn Guðmund Rafnar. Var ákærði þá staddur þar hjá bifreiðinni R 3174 talsvert drukkinn. Bað hann ákærða að láta sig fá benzín á bifreið sína, þar sem benzínafgreiðslur voru lokaðar á þessum tíma. Opnaði ákærði þá eina af jarðolíutunnunum og saug upp úr henni gegnum slöngu, en Kristján Rafn vildi ekki blöndu þessa. Ekki kveður hann ákærða hafa minnzt á að hafa notað traktorsolíuna í allan vetur. Eftir að Roy Ófeigur hafði farið frá ákærða, en Kristján kveðst ekki hafa heyrt, hvað þeim fór á milli, bað ákærði hann að aka bifreiðinni fyrir sig upp að Stilli og þar bak við húsið, og varð hann við þeirri bón hans. Segir Hákon Sumarliðason, að ákærði hefði fyrst beðið sig um það, en hann neitaði því, þar eð hann grunaði, að ekki væri allt með felldu og ákærði hefði ekki haft heimild til að taka olíuna. Kveðst ákærði hafa farið upp að Stilli til að fá að hringja þar á lögreglustöðina og fá vitneskju um, hver ætti olíuna, og einnig kveðst hann hafa ætlað að skipta um rafmagnsgeymi í bifreiðinni. Tókst hann þar á við einhvern ölvaðan mann, en hvernig því lyktaði, kveðst Kristján Rafn eigi vita, þar eð hann fór strax burtu.

Framburður ákærða um þetta atriði hefur verið mjög á reiki, enda hefur hann viðurkennt að hafa verið áberandi ölvaður og ekkert munað eftir, hvað hann sagði við Roy Ófeig, er hann átti tal við hann í síðara skiptið hjá Hátúni 9. Í fyrstu skýrði hann þannig frá, að er hann steig út úr bifreiðinni, hefði Hjalti Benediktsson bifreiðarstjóri, Höfðaborg 12, ráðizt fyrirvaralaust á sig og barið sig, svo að hann hlaut mikinn áverka á vinstra auga. Hafi hann við þetta stungið höndunum í buxnavasana, en þá hefði Hjalti barið hann þrjú til fjögur högg, svo að hann féll í götuna, en í

þessu hafi bifreið borið þarna að, sem honum var ekið í að lögreglustöðinni. Síðar er ákærði hafði heyrt framburð Hjalta Benediktssonar, kvað hann drukkinn mann hafa ráðizt á sig, en hann ekkert tekið á móti honum og beðið Kristján Rafn að losa sig við hann. Er hann hafi svo verið að ganga frá bifreiðinni, hefði Hjalti ráðizt á sig og slegið sig, en drukkni maðurinn þá verið farinn burtu.

Hjalti Benediktsson, 30 ára að aldri, hefur borið það, að hann hafi séð í gegnum glugga í skrifstofu h/f Stillis, hvar ákærði var að hrinda dauðadrukknum manni, sem reyndi að bera hönd fyrir höfuð sér, en farizt það heldur óhönduglega. Hafi hann því farið og ætlað að skilja menn þessa, en ákærði hafi þá ráðizt að honum og slegið hann högg í hnakkann, svo að hann féll við, en ekkert meiðzt, staðið upp og beðið ákærða að láta ekki svona. Ákærði hefði svarað illindum einum, haldið árásinni áfram, svo að hann sló ákærða högg á hökuna, en við það hafi hann fallið á aurbretti bifreiðar, er þar var, enda hafi hann verið áberandi ölvaður. Kveðst Hjalti hafa farið burt í bifreið, en ákærði komið hlaupandi á eftir.

Vitnið Karl Alfreð Hansen bifreiðarstjóri, Laugaveg 163, 25 ára að aldri, kveðst hafa ekið niður Laugaveg 1. maí s. l. Hafði ákærði þá komið hlaupandi og beðið um, að honum yrði ekki ekið að lögreglustöðinni, og varð vitnið við þessari beiðni hans. Kveður vitnið ákærða hafa verið með glóðarauga, en ekki séð hann eiga í erjum við nokkurn mann.

Olgeir Gunnar Jónsson verzlunarmaður, Bárugötu 34, 44 ára, sem séð hefur um sölu á olíubirgðum Sverris Júlíussonar, kveður traktorolíuna vera í 200 ltr. ståltunnum, sem seldar séu á 40 til 50 kr. tunnan (með umbúðum), eftir því, hversu mikið magn er keypt í einu. Smurningsolían, sem er ónotuð, sé á brúsum, en af henni hafi ekkert verið selt, og því sé honum ókunnugt um verð hennar. Hefur ekki tekizt að upplýsa það.

Með framangreindri háttsemi sinni, töku olíunnar, áberandi ölvun og ryskingum á almannafæri, hefur ákærði gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga, 18. sbr. 38. gr. áfengislaga og 3. og 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

III.

Aðfaranótt mánudagsins 20. maí s. l., um kl. 1, var Lárus Salómonsson lögregluþjónn á ferð í lögreglubifreið í Hafnarstræti. Sá hann þá, hvar ákærði var staddur þar með bögguI undir hendinni í sundi milli húsanna nr. 19 og 20. Er ákærði kom auga á lögreglubifreiðina, gekk hann eftir sundinu í áttina að Tryggvagötu, en Lárus ók þangað, kom á móti ákærða og hitti hann í sundinu, þar sem ákærði hafði komið bögglinum fyrir bak við kassa. Handtók Lárus ákærða þarna, en hann stympaðist á móti, svo að leggja varð hann í götuna. Kveður hann ákærða margsinnis hafa boðið sér

peninga, og sagzt skyldu borga það vel, ef hann vildi sleppa sér. Hafði ákærði ekki nema rúmar 50 krónur meðferðis og kveðst sökum ölvunar ekki minnast þess að hafa boðið lögregluþjóninum fé til að sleppa sér. Jóel Kristinn Sigurðsson lögregluþjónn kom svo Lárusi til hjálpar, en heyrði ekki orðaskipti hans við ákærða. Þeir lögregluþjónarnir færðu svo ákærða, sem þeir kveða hafa verið talsvert drukkinn, á lögreglustöðina, þar sem hann var settur í varðhald.

Ákærði skýrir svo frá, að sunnudaginn 19. maí s. l., milli klukkan 6 og 7 síðdegis, hafi hann keypt tvær flöskur af brennivíni af einhverjum manni, sem hann þekkir ekki. Neytti hann áfengis þessa inni í veitingastofunni Gullfoss í Hafnarstræti og kveðst hafa gerzt svo ölvaður, að hann muni mjög óljóst eftir því, sem skeði. Hann segist allt kvöldið hafa verið eins síns liðs ýmist inni í veitingastofunni eða á gangi í Hafnarstræti. Einhvern tíma um kvöldið kveðst hann hafa verið að flækjast inni í eldhúsi veitingastofunnar og þá farið inn í kompu bak við eldhúsið. Þar segist hann hafa tekið tvær yfirhafnir, svarta gúmmíregnkápu og ljósan taufrakka, nokkrar jólakökur og eitthvert annað kaffibrauð. Fór hann síðan með þetta út í Hafnarstræti og kveðst munu hafa ætlað að ná í leigubifreið, er hann var handtekinn.

Framangreindir munir hafa verið afhentir eigendunum, sem kveða taufrakkann vera 3 til 4 ára gamlan, til þess að gera nýhreinsaðan, og hafa kostað 80 til 90 kr., regnkápuna hafa verið dregna á hlutaveltu og kaffibrauðið, talsvert af smákökum og 5 til 6 jólakökur, er kosta kr. 6.50 stykkið, hafa verið algerlega ónýtt.

Ósannað þykir, að ákærði hafi boðið Lárusi Salómonssyni fé til að sleppa sér, og ber því að sýkna hann af kærunni um brot gegn 12. kafla almennra hegningarlaga. Hefur ákærði með háttsemi þeirri, er nú hefur lýst verið, gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga og 17. sbr. 1. mgr. 37. gr. áfengislaga.

IV.

Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði. Rétt þykir, að gæzluvarðhaldsvist hans frá 20. maí s. l. komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga og samkvæmt 1. mgr. sömu greinar, 21. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta hann ævilangt rétti til að stýra bifreið.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 200.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Þorvaldur Jónasson, sæti fangelsi í 18 mánuði. Gæzluvarðhald hans frá 20. maí 1946 skal með fullri dagatölu koma til frádráttar refsingunni.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Hann er frá sama tíma ævilangt sviptur rétti til að stýra bifreið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér við réttinn, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. desember 1946.

Nr. 137/1946. **Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna** (Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson) gegn **Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs og gagnsök** (Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður Grimsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 2. okt. þ. á., skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. s. m., krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 3. þ. m. hefur áfrýjað málinu með stefnu 4. þ. m., krefst þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem í málinu greinir. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna var stofnuð 1942 og skrásett í firmaskrá Reykjavíkur s. á. Félagar geta þeir einir orðið, sem reka hraðfrystihús, annaðhvort sem eigendur eða leigutakar, og er tilgangur félagsins að selja sjávarafurðir, sem framleiddar eru í hraðfrystihúsum félagsaðilja og ætlaðar eru til sölu erlendis. Svo er það og markmið félagsins að annast innkaup nauðsynja til rekstrar á hraðfrystihúsunum, grennslast eftir nýjum mörkuðum fyrir afurðir félagsaðilja og gera tilraunir með nýja framleiðslu og framleiðsluaðferðir í hraðfrystihúsunum. Félagsaðili hver greiði kr. 500.00 framlag til félagsins, er hann hefur samkvæmt umsókn verið úrskurðaður félagsaðili. Rennur framlag þetta í svonefndan stofnsjóð og er eign félagsaðilja. Svo greiðir og félagsaðili hver 3‰ af andvirði afurða, er sölumiðstöðin selur fyrir hraðfrystihús hans á fyrsta heilu starfsári þess. Félagsaðiljar skulu afhenda félaginu alla framleiðslu sína til sölumeðferðar jafnóðum og hún er fullbúin. Annast félagsstjórn síðan sölu afurðanna svo og innkaup allra erlendra efnisvara, sem félagsaðiljar þarfnast til rekstrar á hraðfrystihúsum sínum, annarra en olíu og trékassa. Félagsstjórn heldur eftir 1% af fob söluverði hinna seldu afurða til að standast kostnað af rekstri félagsins og starfsemi. Auk þess getur félagsstjórn lagt allt að 15% á kostnaðarverð þeirra nauðsynja, sem félagið selur félagsaðiljum. Aðalfundur getur ákveðið að leggja allt að 25% af rekstrarafgangi í varasjóð, en að öðru leyti skiptist rekstrarafgangur milli félagsaðilja í réttu hlutfalli við seldar afurðir hvers eins. Slíkar fjárhæðir standa sem lán félagsaðilja til sölumiðstöðvarinnar, þangað til aðalfundur gerir aðrar ráðstafanir. Félagsaðiljar bera einungis ábyrgð á skuldbindingum félagsins með framlagi því, er þeir greiða við inngöngu í félagið, svo og með stofnsjóðseign sinni.

Samkvæmt efnahagsreikningi 31. des. 1944 nam stofnsjóður félagsins kr. 154 004.26 og inneignir félagsaðilja kr. 642 413.56. Auk þess voru kr. 760 575.66 geymdar til ráðstöfunar aðalfundar.

Telja verður með vísun til þess, sem nú var sagt um skipulag og starfsemi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna,

að sölumiðstöðin sé félag samkvæmt útsvarslögum og starfsemi hennar atvinnustarfsemi, sbr. 6. gr. laga nr. 106/1936 og nú lög nr. 66/1945. Sölumiðstöðin getur ekki talizt í hópi þeirra félaga, sem útsvarslögin eða önnur lög þiggja undan útsvarsgreiðslu. Var aðaláfrýjandi því skyldur til greiðslu útsvars í bæjarsjóð Reykjavíkur árið 1945. Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir borgarfógeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber borgarfógeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er.

Aðaláfrýjandi, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, greiði gagnáfrýjanda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, samtals kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 3. maí 1946.

Gerðarþola, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hér í bæ, var gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir árið 1945, kr. 6000.00. Þar eð gerðarþoli hefur ekki greitt útsvar þetta, hefur borgarstjórinn f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að það yrði innheimt með lögtaki.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, þar eð hann heldur því fram, að gerðarþoli sé undanþeginn útsvarsskyldu samkvæmt 6. gr. útsvarslaganna, 2. lið c. Kveður hann Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna stofnaða í þeim tilgangi (sbr. 2. og 9. gr. í lögum fyrirtækisins, rskj. nr. 4.) að selja sjávarafurðir, sem ætlaðar eru til sölu á erlendum markaði og framleiddar eru í hraðfrystihúsum félagsmanna, annast innkaup nauðsynja til rekstrar hraðfrystihúsanna, sbr. 9. gr. áðurnefndra félagslaga, leita eftir nýjum mörkuðum fyrir afurðir húsanna og gera tilraunir með nýja framleiðslu og framleiðsluaðferðir hraðfrystihúsanna. Aðra atvinnu en þessa kveður hann gerðarþola ekki reka, og samkvæmt samþykktum félagsins sé ekki gert ráð fyrir, að fé-

lagið safni nokkrum eignum, öðrum en nauðsynlegum varasjóði, sbr. 11. gr. félagslaganna. Til þess að standast kostnað af rekstri félagsins og starfsemi þess allri taki félagsstjórnin 1% af fob söluverði seldra afurða hraðfrystihúsa landsins, sem í félaginu séu, sbr. 10. gr. félagslaganna. Telur umboðsmaður gerðarþola, að gerðarþoli sé þannig samkvæmt eðli sínu og tilgangi alveg hliðstæður Sölusamlagi íslenzkra fiskframleiðenda og öðrum slíkum fyrirtækjum til almenningsheilla, og því sé óheimilt að leggja útsvar á gerðarþola, og vísar í því efni til dóms hæstaréttar í málinu nr. 48/1944: Fisksölusamlag Ísafjarðar gegn bæjarsjóði Ísafjarðar. Þá bendir og umboðsmaður gerðarþola á það, að gerðarþoli fái engan hagnað fram yfir það, sem lagt er í varasjóð félagsins, til þess að standast kostnað við reksturinn, sem að framan greinir.

Gerðarbeiðandi hefur hins vegar meðal annars haldið því fram, að gerðarþoli hafi á árinu 1944 rekið annars konar starfsemi heldur en greinir í samþykktum þess. — Það hafi sent fisk til Ameríku fyrir eigin reikning, en ekki í umboðssölu fyrir félagsmenn, og hafi félagið því gerzt kaupmaður fyrir eigin reikning og sé ekki heimild til að undanþiggja þá starfsemi útsvarsskyldu. Telur umboðsmaður gerðarbeiðanda, að hagnaðurinn af þessari verzlun, yfir 92 þúsund krónur, réttlæti fyllilega útsvarsálagningu þá, sem hér um ræðir. Virðist gerðarbeiðandi aðallega byggja fullyrðingu sína um útsvarsskyldu gerðarþola á þessu atriði.

Umboðsmaður gerðarþola svo og framkvæmdarstjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hafa fyrir réttinum upplýst, að sala sú, sem hér um ræðir, sé á fiski, sem seldur var til Ameríku, og að hagnaðurinn, umræddar 92 þúsund krónur, sé mismunurinn á því verði, sem selt var fyrir til brezka matvælaráðuneytisins, og því verði, sem fékkst út úr þessari Ameríkusölu. Til þess að allir félagsmenn geti verið aðnjótandi þessa hærra verðs, var þeim félagsmönnum, sem afgreiddu ameríkufiskinn, aðeins greitt brezka verðið, en mismunurinn, kr. 92 133.72, færður á rekstrarhagnað Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna til þess þar með að verða deilt hlutfallslega út til allra félagsmanna eftir útflutningsmagni hvers um sig. — Þá getur og framkvæmdarstjórinn þess, að umræddar kr. 92 133.72 séu meðtaldar á rekstrarhagnaði sölumiðstöðvarinnar fyrir árið 1944, að upphæð kr. 760 575.00, en þessum rekstrarmismuni öllum hafi með aðalfundarsamþykkt 1945 verði deilt hlutfallslega niður á alla félagsmenn.

Rétturinn fellst á það, að gerðarþoli sé fyrirtæki rekið til almenningsheilla og eigi því að vera undanþegið útsvari samkvæmt ákvæðum útsvarslaganna, sem áður eru nefnd, enda hefur ekkert komið fram í málinu, er bendir til þess, að gerðarþoli hafi farið út fyrir starfssvið sitt.

Sérstaklega virðist ljóst, að hagnaður sá, sem félagið fékk af

ofangreindri sölu fisks til Ameríku, var deilt milli félagsmanna að réttu hlutfalli, eins og öðrum hagnaði félagsins, þó að samþykkt um það færi ekki fram fyrr en á aðalfundi 1945. Lítur rétturinn því svo á, að synja beri um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á eigi fram að ganga. Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 11. desember 1946.

Nr. 6/1946: **Hringbraut 56 h/f** (Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarins (Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Skýring og fylling leigusamnings um lóð.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. janúar þ. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir borgarfógeta, aðallega að láta rýma burtu mannvirkjum gerðarþolanda af lóðinni nr. 56 við Hringbraut og fá gerðarbeiðanda umráð lóðarhluta þessa, en til vara, að lagt verði fyrir fógeta að fá gerðarbeiðanda umráð lóðarhlutans án rýmingar á mannvirkjum. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurður borgarfógeta verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 7. gr. samnings þess, sem stefndi og Strætisvagnar Reykjavíkur h/f gerðu hinn 21. nóv. 1933, er leigutaka heimilt að selja og veðsetja leiguréttinn að lóðinni í

heild ásamt húsum þeim og mannvirkjum, sem á henni verða gerð. Ákvæði þetta heimilaði Strætisvögnum Reykjavíkur h/f framsal það á leiguréttindum sínum, sem í máli þessu greinir, og skiptir það ekki máli um gildi framsalsins, hvort og að hve miklu leyti afnotaréttur framsalshafa takmarkast af nefndum samningi eða almennum réttarreglum. Ber stefnda því að rýma burt mannvirkjum þeim, sem á lóðinni eru, og afhenda hana áfrýjanda. Með vísun til þeirra atvika og raka, sem nú voru greind, verður að taka aðalkröfu áfrýjanda til greina.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur og ber borgarfógeta að láta rýma burtu mannvirkjum Reykjavíkurbæjar, sem eru á lóðinni nr. 56 við Hringbraut, og fá umráð lóðar þessarar í hendur gerðarbeiðanda, Hringbraut 56 h/f.

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Hringbraut 56 h/f, samtals kr. 1000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 15. janúar 1946.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 9. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Hringbraut 56 h/f, krafizt þess, að hesthús og hlaða gerðarþola verði með beinni fógetagerð fjarlægt af lóðinni nr. 56 við Hringbraut hér í bænum.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Báðir hafa aðiljarnir krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Með samningi, dags. 21. nóv. 1933, leigði Reykjavíkurbær Strætisvögnum Reykjavíkur h/f lóðina nr. 56 við Hringbraut til 75 ára. Flatarmál hennar er talið 2163.7 m². Þó var ákveðið, að lóðin skyldi

ekki afhent öll strax, heldur skyldi lóðarspilda sú, er hesthús og hlaða bæjarins stendur á og talin er að flatarmáli 839.8 m², afhendast í síðasta lagi 1. nóv. 1938. Lóðarleigan til bæjarins átti ekki að greiðast nema af þeim hluta lóðarinnar, sem þegar var afhentur, þar til Strætisvagnar Reykjavíkur h/f fengju hana alla til afnota. Í 4. gr. umræddS leigusamnings er bæjarstjórn áskilinn réttur til þess að taka leiguréttinn endurgjaldslaust eftir 15 ár, ef hún þarfnast lóðarinnar, gegn því að greiða verð mannvirkja eftir mati dómkvaddra manna.

Hinn 25. jan. 1945 keypti Hringbraut 56 h/f húseignina nr. 56 við Hringbraut ásamt meðfylgjandi lóðarréttindum, og er síðan rekið þar trésmíðaverkstæði. Það hefur og komið fram í flutningi málsins, að Reykjavíkurbær hafnaði kaupum á nefndri húseign, áður en Hringbraut 56 h/f keypti hana, m. a. af þeim sökum, að trúnaðarmenn bæjarins töldu húsið of lítið og óhentugt til rekstrar strætisvagna. Með bréfi, dags. 23. marz 1945, tilkynnti borgarstjórinn í Reykjavík Hringbraut 56 h/f, að félagið gæti ekki vænzt þess, að bærinn fái því til umráða þann hluta lóðarinnar, er Strætisvagnar Reykjavíkur h/f fengu ekki til afnota í upphafi og enn hefði ekki verið afhentur.

Stjórn umræddS félags lét borgarstjórann vita í bréfi, dags. 25. maí 1945 að hún hefði annan skilning á máli þessu og taldi félag sitt eiga tvímælalaust rétt til hinnar umdeildu lóðar.

Af því, sem fyrir liggur í skjölum málsins, og því, sem fram hefur komið í flutningi þess, virðist gerðarbeiðandi einkum byggja kröfu sína á 5. og 7. gr. lóðarleigusamningsins. En í 7. gr. segir, að leigutaka sé heimilt að selja og veðsetja leiguréttinn að lóðinni í heild ásamt húsum þeim og mannvirkjum, sem á henni verða gerðar. Réttur hins upphaflega leigutaka til þess hluta lóðarinnar, er um ræðir í 5. gr., sé algerlega einhliða, og hafi hann getað hagnýtt sér hann, hvenær sem var eftir 1. nóv. 1938, og hafi þessi réttur að sjálfsögðu færzt yfir á núverandi eiganda að lóðarréttindunum.

Þá telur hann, að nefndar húseignir gerðarþola valdi miklum óþægindum við rekstur gerðarbeiðanda, þar sem þær séu byggðar fast upp að verkstæðishúsinu og ófært sé að aka bíl nema að framhlið þess.

Gerðarþolandi heldur því hins vegar fram, að um framgang hinnar umbeðnu gerðar og beri að synja þegar af þeirri ástæðu, að gerðarbeiðandi eigi engan rétt til að fá hina umdeildu lóðarspildu. Strætisvagnar Reykjavíkur h/f hafi aðeins fengið fyrirheit um þenna lóðarauka, en hafi aldrei þurft á honum að halda til rekstrar síns. Fyrirheit þetta hafi verið gefið af hálfu bæjarins með tilliti til þess, að gert hafi verið ráð fyrir, að rekstur Strætisvagna Reykjavíkur h/f kynni að aukast, er tímar liðu, svo

að þörf yrði fyrir stærri lóð en upphaflega var afhent, en til þessa hefði ekki komið og hafi félagið látið sér það vel líka og aldrei gert neina kröfu í þá átt.

Því er og haldið fram, að það hafi verið ákvörðunarástæða af hálfu bæjarins, er umræddur lóðarleigusamningur var gerður, sbr. 2. gr. hans, að lóðin væri notuð til rekstrar strætisvagna, og af þessum ástæðum hafi þessi lóð einmitt orðið fyrir valinu. Leigusamningurinn hafi því verið vanefndur af leigutaka, þar sem annars konar rekstur fari þar fram en lóðin var leigð til. Sömuleiðis hefur því verið hreyft, að hagsmunir gerðarþola af því að halda húsunum séu svo miklir bæði vegna verðmætis þeirra svo og nauðsynjar bæjarins fyrir geymslur í þeim miklu húsnæðisvandræðum, sem nú séu í bænum, að hagsmunir gerðarbeiðanda af því, að húsin verði fjarlægð, séu hreinustu smámunir í þeim samanburði, einnig með tilliti til þess, að svo stuttur tími sé eftir, þar til bærinn geti samkvæmt 4. gr. leigusamningsins tekið leiguréttinn endurgjaldslaust.

Eins og ljóst er af framansögðu, er ágreiningur um, hvernig beri að skilja ákvæði 2. gr., 5. gr., og 7. gr. leigusamningsins á rskj. nr. 2. Í 2. gr. segir: „Lóðin er leigð til þess að reisa á henni byggingar fyrir bílageymslu og verkstæði og enn fremur íbúðarhús o. s. frv.“ Gerðarþoli telur, að í þessu ákvæði komi nægilega skýrt fram, að lóðin sé ekki leigð til annars konar starfsrækslu en þeirrar, er Strætisvagnar Reykjavíkur h/f höfðu að markmiði, þ. e. rekstrar strætisvagna.

Vitnið Valgeir Björnsson, er var bæjarverkfræðingur, þegar umræddur leigusamningur var gerður, hefur skýrt svo frá hér í réttinum, að hann hafi f. h. Reykjavíkurbæjar haft með höndum samningsumleitanir við Strætisvagna Reykjavíkur h/f og „að af sinni hálfu hafi ávallt verið litið svo á, að lóðin væri aðeins leigð til starfrækslu bílaverkstæðis og annarra bygginga í sambandi við rekstur strætisvagnanna, hugmyndin hafi verið, að íbúðarhús þau, er um getur í samningnum á rskj. nr. 2, yrðu byggð ofan á verkstæðis- og bílageymslubyggingunum.“

Þá hefur mætt sem vitni í réttinum Ólafur Þorgrímsson hrl., en hann annaðist ásamt Pétri bróður sínum, sem nú er látinn, undirbúning leigusamningsins af hálfu Strætisvagna Reykjavíkur h/f.

Skýrir hann svo frá, að engin munnleg skilyrði hafi verið sett um það atriði, að lóðin væri leigð til að reisa á henni byggingar fyrir bílageymslu o. s. frv., eins og í 2. gr. nefnds samnings getur, en telur, að lýsingin á því, til hverra afnota lóðin sé leigð, hafi verið sett í samræmi við umsókn félagsins um hana. Ákvæði 4. greinar leigusamningsins um uppsagnarrétt bæjarins að 15 árum liðnum telur hann hafa verið sett með tilliti til þess, að þegar í

upphafi hafi verið í bæjarstjórn uppi raddir um, að bærinn ræki strætisvagnana og að hann hefði möguleika á að taka þá lóð og mannvirki í sínar hendur.

Það er ljóst, að skýrslur þeirra tveggja vitna, sem hér hafa verið raktar í aðalatriðum, eru mjög veigamikil sönnun um, hvernig skilja beri leigusamninginn á rskj. nr. 2, ef samkvæmar væru, þar sem vitnin unnu að samningsumleitunum hvort fyrir sinn aðilja.

Eins og áður segir, stendur í 2. gr. leigusamningsins: „Lóðin er leigð til þess að reisa á henni byggingar fyrir bílageymslu, verkstæði o. s. frv.“ Framburður beggja vitnanna virðist styðja þann skilning, að það hafi verið skilyrði fyrir lóðinni, að hún væri a. m. k. aðallega notuð til rekstrar strætisvagna. Vitnið Valgeir Björnsson telur það hafa verið sitt álit, að hún skyldi aðeins hagnýtt til þessa rekstrar, og vitnið Ólafur Þorgrímsson telur, að skilyrði 4. gr. um rétt bæjarins til að taka lóðina til sín að 15 árum liðnum án endurgjalds hafi verið sett vegna hugsanlegs rekstrar bæjarins á vögnum, en það virðist því sannlegast, að það hafi verið ákvörðunarástæða af hálfu bæjarins, er lóðin var látin af hendi við Strætisvagna Reykjavíkur h/f, að hún yrði í framtíðinni notuð til strætisvagnarekstrar. Því hefur verið hreyft af hálfu gerðarbeiðanda, að jafnvel þó svo yrði litið á, að þessi hafi upphaflega verið tilgangurinn, hafi Reykjavíkurbær látið viðgangast sams konar rekstur samhliða rekstri strætisvagnanna og nú fari þar fram. Sé því ekki um neina vanefnd á leigusamningnum að ræða af hálfu gerðarbeiðanda.

Það má telja sannað af framburði vitnanna Skúla Halldórssonar, Gunnars Björnssonar og vottorði Björgvins Jóhannssonar á rskj. 15, sem hefur verið tekið gilt sem staðfest væri, að rekin voru jafnhliða viðgerðarverkstæði fyrir strætisvagnana bæði húsgagnaverkstæði og trésmíðaverkstæði. Þessi starfsemi virðist þó að nokkru leyti hafa verið rekin til að nýta betur það vinnuafl, sem rekstur strætisvagnanna krafðist, sbr. fyrrnefnda vitnisburði Skúla og Gunnars, og því ekki nema óverulegur hluti heildarrekstrar félagsins. Þó að sennilegt sé, að forráðamönnum bæjarins hafi ekki verið með öllu ókunnugt um starfsemi þessa, verður ekki talið, að þeir hafi með afskiptaleysi sínu af þessari aukastarfsemi fallizt á breytingu hins upphaflega leigusamnings um lóðina. Þar sem starfsemi þessi virðist hafa verið fremur óveruleg og auk þess er upplýst í flutningi málsins, að Reykjavíkurbær styrkti Strætisvagna Reykjavíkur h/f nokkuð við rekstur strætisvagnanna hin fyrstu ár, er því ekki óeðlilegt, að áðurnefndur aukarekstur væri liðinn af hálfu forráðamanna bæjarins, ef hann mætti létta undir með félaginu að bæta úr þörfum bæjarfélagsins fyrir góðan rekstur strætisvagnanna, enda var þá ekki fram komin nein krafa um afhendingu hins umdeilda lóðarhluta.

Báðir aðiljar hafa stutt réttarkröfur sínar með staðhæfingu um, að hagsmunir hvors um sig séu svo miklu meiri en hins, að úrslit málsins beri að láta velta á þeim.

Eftir kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda gekk því fógeti á staðinn að flutningi málsins loknum til að reyna að gera sér þess nokkra grein, en þar sem staðhæfingar þessar eru næsta lítið rökstuddar, þykir ekki vera hægt að taka afstöðu til þessa atriðs.

Samkvæmt því, sem áður er sagt, virðist hafa komið fram nokkur sönnun með framburði vitnanna Valgeirs Björnssonar og Ólafs Þorgrímssonar fyrir því, að það hafi verið ákvörðunarástæða af hálfu Reykjavíkurbæjar, er lóðin nr. 56 við Hringbraut var leigð Strætisvögnum Reykjavíkur h/f, að hún yrði notuð til rekstrar strætisvagna og stærð hennar ákveðin í samræmi við það. Sbr. einnig rskj. nr. 11 og nr. 12, sem ekki hefur verið sérstaklega mótmælt, og með tilliti til þess, að orð 2. gr. leigusamningsins á rskj. nr. 2 þykja nánast benda í sömu átt, bókstaflega skilin, og nefnd grein verður alls ekki talin ósamrýmanleg ákvæði 7. gr. um heimild leigutaka til sölu o. s. frv., þykir réttur gerðarbeiðanda til hinnar umdeildu lóðarspildu ekki svo glöggur, að fært sé með beinni fógetagerð að fjarlægja hús gerðarþola af lóðinni.

Niðurstaða málsins verður því sú, að synja beri um framgang hinnar umbeðnu gerðar. En eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ekki fara fram. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 11. desember 1946.

Nr. 111/1946: **Valdstjórnin** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Guðna Ásgrímssyni (Hrl. Magnús Thorlacius).

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Brot gegn bifreiðalögum.

Dómur hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Kærði var á dansskemmtun, er hófst á tíunda tímanum að kvöldi hins 13. október f. á. og lauk um kl. 2.30 eftir

miðnætti. Drakk hann þar hálfflösku af brennivíni, og hafði hann lokið þeirri drykkju um kl. eitt eftir miðnætti. Eftir þann tíma kveðst hann ekki hafa neytt áfengis. Af þessari neyzlu áfengis fann kærði á sér að eigin sögn fram til kl. 2 til 2.30 um nóttina. Þykir því mega ætla, að hann hafi af þeim sökum verið svo miður sín, er hann nokkru fyrir klukkan 3.30 hina sömu nótt hóf akstur bifreiðar, að bifreiðarstjórn hans í því ástandi varði við 3. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941.

Refsing kærða þykir hæfilega ákveðin 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta hann ökuleyfi 3 mánuði.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og í hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 350.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Guðni Ásgrímsson, greiði í ríkissjóð 800 króna sekt, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er og sviptur ökuleyfi 3 mánuði.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og í hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 350.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 31. desember 1945.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðna Ásgrímssyni bifreiðarstjóra í Kalastaðakoti í Hvalfjarðarstrandarhreppi fyrir brot gegn bifreiðalögum nr. 23 frá 1941 og áfengislögum nr. 33 frá 1935.

Tildrög málsins eru þau, að aðfaranótt 14. okt. s. l. kl. 3,30 var löggæzlumaður Björn Bl. Jónsson á eftirlitsferð í Hvalfirði. Hitti

hann þá á þjóðveginum milli Ferstiklu og Hrafnabjarga fólksflutningsbifreiðina RN 1011, er kærði keyrði. Stöðvaði hann bifreiðina og athugaði bifreiðarstjórann. Telur hann, að þegar hafi komið í ljós, að hann hafi neytt áfengis, því að af honum var áfengislykt, og auk þess var hann eigi skýr í máli og frekar daufgerður og óstyrkur. Viðurkenndi og kærði fyrir löggæzlumanninum að hafa neytt áfengis um kvöldið. Tók löggæzlumaðurinn kærða með til Reykjavíkur og lét þar lækni taka sýnishorn af blóði hans. Var blóðsýnishorn þetta afhent Jóhanni Sæmundssyni lækni í Reykjavík til rannsóknar, og vottaði hann, að áfengismagn þess væri 0,13‰.

Kærði hefur viðurkennt, að hann hafi neytt áfengis, nokkru áður en löggæzlumaðurinn stöðvaði hann við akstur aðfaranótt 14. okt. s. l. Skýrir hann svo frá, að laugardagskvöldið 13. s. m. hafi verið haldinn dansleikur í oliustöðinni í Hvalfirði, þar sem hann vinnur. Fékk hann að sækja fólk út á Hvalfjarðarströndina á dansleikinn á bifreiðinni R.N. 1011, er tilheyrir oliustöðinni. Jafnframt átti hann að skila fólkinu heim aftur að lokinni dansskemmtuninni. Kveðst hann hafa átt, er skemmtunin byrjaði kl. 22, hálflösku af brennivíni og hafa drukkið úr henni á skemmtuninni, en eigi smakkað neitt áfengi hjá öðrum. Úr flöskunni kveðst hann hafa verið búinn kl. um 1 um nóttina, og ekkert drukkið eftir það. Hann kveðst hafa fundið, að hann var undir áhrifum áfengis á skemmtuninni, en mjög hafi verið runnið af sér, er hann keyrði af stað með fólkið, eftir að skemmtuninni lauk.

Rétturinn verður að líta svo á, að það sé sannað og viðurkennt af kærða, að hann hafi neytt áfengis, er hann fékkst við bifreiðarakstur. Hins vegar verður eigi talið sannað, að hann hafi keyrt bifreið ölvaður.

Kærði, sem er fæddur 2⅝ 1918, hefur eigi áður sætt ákæru eða refsingu.

Með atferli sínu hefur kærði brotið 23. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941 og 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 800 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd. Þá ber að svipta hann rétti til að stýra bifreið 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Loks ber að dæma kærða til að greiða allan sakarkostnaðinn. Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Guðni Ásgrímsson bifreiðarstjóri í Kalastaðakoti í Hvalfjarðarstrandarhreppi, greiði 800 — átta hundruð — króna sekt í ríkissjóð, og komi 8 — átta — daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur rétti til að stýra bifreið 3 — þrjá — mánuði frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. desember 1946.

Nr. 41/1946. **Matthildur Halldórsdóttir** og **Kjartan Jakobsson** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök (Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómari hrl. Hermann Jónasson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Skaðabótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. marz þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s. m. Gerir aðaláfrýjandi Matthildur Halldórsdóttir þær dómkröfur, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni 100000.00 krónur eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi 11. desember 1944 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Aðaláfrýjandi Kjartan Jakobsson krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 50000 krónur eða aðra lægri fjárhæð samkvæmt mati dómsins ásamt 5% ársvöxtum frá 11. desember 1944 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. apríl þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m., krefst aðallega algerrar sýknu, en til vara, að dæmdar fjárhæðir verði lækkaðar að mati hæstaréttar. Svo krefst hann þess, að málskostnaður í héraði falli niður, en að honum verði dæmdur málskostnaður í hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati hæstaréttar.

Hið glæpsamlega athæfi, sem aðaláfrýjendur urðu fyrir án nokkurs tilefnis af þeirra hálfu, var með ódæmum svívirðilegt og hlýtur að valda þeim stórfelldu sálarlegu meini og raska mjög högum þeirra til langframa. Samkvæmt þessu og með skírskotun til 264. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940 þykja bætur til aðaláfrýjanda Matthildar Halldórsdóttur hæfilega metnar 60000 krónur og til aðaláfrýjanda Kjartans Jakobssonar 20000 krónur. Svo ber gagnáfrýjanda að greiða 5% ársvexti af báðum þessum upphæðum frá 11. desember 1944 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum samtals 10000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, greiði aðaláfrýjanda Matthildi Halldórsdóttur 60000 krónur ásamt 5% ársvöxtum frá 11. desember 1944 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda Kjartani Jakobssyni 20000 krónur ásamt 5% ársvöxtum frá 11. desember 1944 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum samtals 10000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. október 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hafa þau hjónin Matthildur Halldórsdóttir og Kjartan Jakobsson, Hafnarstræti 20 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. desember 1944, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gert þær dómkröfur, aðallega að stefnanda Matthildi verði dæmdar skaðabætur úr hendi stefnda, að fjárhæð kr. 100000.00, en stefnanda Kjartani skaðabætur, að fjárhæð kr. 50000.00, en til vara, að þeim hjónum verði dæmdar skaðabætur, samtals að fjárhæð kr. 100000.00, og til þrautavara, að fjárhæð bótanna verði ákveðin að mati dómarans. Þá krefjast þau

5% ársvaxta af hinni dæmdu fjárhæð frá 31. ágúst 1941 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara, að stefnukröfurnar verði lækkaðar til mjög verulegra muna, vextir aðeins dæmdir frá stefnudegi og málskostnaður verði látinn falla niður. Málavextir eru þessir:

Að kveldi hins 31. ágúst árið 1941, er stefnendur voru á heimleið úr berjaferð, urðu þau fyrir árás fjögurra karlmanna í hrauninu nálægt bænum Hólmi í Seltjarnarneshreppi.

Menn þessir, er síðar reyndust vera hermenn úr liði Bandaríkja Norður-Ameríku, eða nánar tiltekið svonefndu United States Marine Corps, mættu hjónunum þarna í hrauninu, og ávörpuðu þeir manninn. Hann, sem ekki skildi ensku, hélt, að þeir væru að spyrja, hvað klukkan væri, og sýndi þeim því úr sitt. Síðan héldu hjónin áfram, en hermennirnir eltu þau spölkorn. Skyndilega réðust tveir þeirra á manninn, börðu hann í höfuðið og vörpuðu honum til jarðar. Lögðust þeir síðan ofan á hann og héldu honum föstum. Samtímis réðust hinar tveir að konunni, og greip annar þeirra hendi fyrir munn henni, síðan vörpuðu þeir henni til jarðar, og hélt annar henni niðri, meðan hinn hafði fullkomið samræði við hana með valdi. Skiptust þeir síðan á að halda hjónunum niðri, og höfðu hinir þrír einnig með valdi samræði við konuna. Þá slepptu þeir hjónunum og héldu brott, en þau flýttu sér að sumarbústað einum, er þar var spölkorn í burtu, og flutti eigandi hans þau hjónin til sakadómarans í Reykjavík, en þar var tekin skýrsla af þeim. Að beiðni sakadómarans í Reykjavík rannsakaði héraðslæknirinn í Reykjavík þau hjón sama kvöld. Segir svo í vottorði héraðslæknisins:

„Rannsókn leiddi þetta í ljós:

Maðurinn, Kjartan Jakobsson, var mikið blóðugur í andliti og blóðstorka í báðum nösum, enda nefbroddurinn dálítið þrútinn. Engar skeinur fundust á andlitinu, og hefur því blóðið stafað frá því, að honum hafa blætt nasir eftir áverka. Hakan var einnig nokkuð þrútin og aum. Aftan á hnakka neðan til og ofan til á hálsi, einkum vinstra megin, var rauðleitur þroti og töluverð eymsli eins og eftir högg. Á hér um bil miðjum hvirfli vinstra megin var aum kúla á stærð við stóran sveskjustein, auðsjáanlega eftir högg. Hálsvöðvar vinstra megin voru og dálítið þrútnir og aumir.

Aðra áverka fann ég ekki á honum, enda kvaðst hann hvergi annars staðar finna til.

Þess skal og getið, að hann kvaðst hafa nokkurn höfuðverk og sér hefði sortnað fyrir augum, fyrst eftir að hann varð fyrir höfuðhöggunum, og tel ég það sennilegt.

Konan, Matthildur Halldórsdóttir, hafði dálitla hruflu á vinstri kinn, og efri vörin var einnig dálítið marin vinstra megin, eink-

um að innanverðu. Aðrir áverkar fundust ekki á henni, enda kvaðst hún hvergi meidd annars staðar.

Næsta dag fóru svo herlögreglumenn með þau hjónin í svonefndan Baldurhaga Camp, og voru hermenn þar látnir ganga fyrir þau, en þau kváðust þá þar þekkja aftur þrjá af árásarmönnunum. Varð þetta til þess, að allir hinir seku náðust og voru dæmdir af herrétti. Hlutu tveir þeirra 20 ára fangelsisvist, einn 15 ára fangelsisvist, en einn 10 ára fangelsisvist. Enn fremur voru þeir allir sviptir hermannasæmd og reknir úr herdeildinni.

Telja stefnendur, að samkvæmt lögum nr. 99 frá 1943, sbr. og lög nr. 65 frá 1944, beri stefndi ábyrgð á tjóni því, er þau hafi orðið fyrir við atburð þenna, og hafa þau því gert framangreindar kröfur.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að bótaskylda vegna verknaðar þessa falli utan ákvæða nefndra laga, þar eð menn þessir hafi verið bandarískir sjóliðar í landgönguleyfi, og geti þeir því ekki talizt til herliðs Bandaríkjanna hér á landi, þ. e. þeirra manna, sem séu hingað komnir til þess að taka þátt í vörnum landsins.

Það er upp komið, að hermenn þeir, er frömdu fyrrgreindan verknað, höfðu aðsetur í herbúðum hér á landi og voru í herliði Bandaríkja Norður-Ameríku. Verður því að telja, að skilyrðum ákvæða 1. gr. fyrrgreindra laga sé fullnægt að þessu leyti. Sýknukrafa stefnda verður því ekki á þessu byggð.

Í annan stað byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að skýra beri ákvæði 1. gr. nefndra laga með hliðsjón af 5. gr. sáttmála þess, er gerður var milli ríkisstjórnar Íslands og forseta Bandaríkjanna. Þar sé tekið fram, að Bandaríkin lofi að bæta hvert það tjón, er Íslendingar verði fyrir af völdum hernaðaraðgerða þeirra. Verði því að skýra ákvæði 1. gr. laga nr. 99 frá 1943 þannig, að ríkissjóði sé því aðeins skylt að bæta tjón, að það hljótist af völdum hernaðaraðgerða Bandaríkjanna hér á landi. Menn þessir hafa hins vegar, er þeir frömdu verknaðinn, verið utan starfssviðs síns og ekki verið að vinna að hernaðarstörfum, og verði bótaskylda stefnda, því ekki byggð á lögum þessum.

1. gr. laga nr. 99 frá 1943 hljóðar svo:

„Ríkissjóði skal skylt að bæta íslenzkum ríkisborgurum tjón, er þeir hafa beðið eða kunna að bíða vegna aðgerða hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi eða af völdum manna úr herliði þeirra."

Af niðurlagi greinarinnar svo og fyrirsögn laganna, þar sem talað er um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi, verður ekki ráðið, að sá hafi verið tilgangur löggjafans að takmarka þessi ákvæði á þann hátt, er stefndi heldur fram.

Verður því að telja, að stefndi beri bótaábyrgð samkvæmt lög-

um þessum gagnvart stefnendum á tjóni því, er hlotizt hefur af árásinni.

Sýknukrafa stefnda verður því ekki tekin til greina.

Þá koma til athugunar kröfur stefnenda. Stefnandi Matthildur Halldórsdóttir sundurliðaði tjón það, er hún taldi sig hafa beðið við atburð þenna, þegar hún gerði kröfu sína til amerisku herstjórnarinnar, á eftirfarandi hátt:

1.	Atvinnutjón og röskun á högum í 20 ár, kr. 300.00 pr. mánuð	kr. 72000.00
2.	Bætur fyrir andlegar og líkamlegar þjáningar, óþægindi, sálarkvalir og niðurlægingu	kr. 50000.00
3.	Fataskemmdir, læknishjálp og meðöl í nútíð og framtíð	— 2500.00
	Samtals	kr. 124500.00

Sökum ákvæða laga nr. 65 frá 1944 um hámarksfjárhæð hverrar bótakröfu hefur hún hins vegar takmarkað kröfu sína við kr. 100000.00 og kveðst því leggja sundurliðun þessa fram til hliðsjónar ákvörðunar bótanna, þó þannig, að verði einhver einstakur liður færður niður, hækki hinir að sama skapi, þannig að heildarfjárhæð bótanna verði kr. 100000.00.

Um 1. — Matthildur vann fyrir árásina í niðursuðuverksmiðju S. Í. F. og hafði þar allt að 100 króna tekjum á viku. En síðan hún varð fyrir árásinni, hefur hún ekkert unnið utan heimilisins, þar eð hún kveðst ekki hafa sálarþrek til þess að stunda vinnu innan um annað fólk. Hefur hún í þessu sambandi lagt fram vottorð þess efnis, að laun þeirra kvenna, er unnu sömu störf og hún í nefndri verksmiðju, hafi numið frá 1. september 1941 til 20. maí 1945 kr. 30418.63.

Þessum lið hefur stefndi mótmælt sem allt of háum svo og sem fjarstæðum, þar sem ekkert örorkumat liggi fyrir, er sýni, að hún hafi ekki getað stundað vinnu sína fullkomlega eftir sem áður.

Það er upp komið í málinu, að verknaður þessi var fljótlega á almenningsvitorði, og hlýtur slík vitneskja að raska nokkuð högum konunnar. Auk þess má ætla, að atvik sem þetta hljóti að vekja minnimáttarkennd og draga úr sjálfsbjargarviðleitni. Þykir því verða að fallast á það með stefnanda, að hún eigi nokkrar bætur samkvæmt þessum lið, en að því er snertir fjárhæð þeirra, þykir rétt að ákveða bætur til stefnanda allar í einu lagi.

Um 2. — Stefnandi Matthildur segir, að árásin sjálf og verknaðurinn hafi haft djúptæk áhrif á taugakerfi sitt og sálarlíf. Hún sé ávallt hrædd og búist við árás á sig, svo og þjáist hún af svefnleysi, en til slíkra einkenna kveðst hún ekki hafa fundið áður. Þá hafi hún og dregið sig út úr öllu félagslífi og samneyti við fólk, þar eð

henni finnist það líta á sig sem sérstakt viðundur og hún jafnvel kenna hæðni hjá því.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem órökstuddum og of háum.

Stefnandi Matthildur leitaði til Bjarna Bjarnasonar læknis, og segir svo í vottorði hans, sem dagsett er þann 16. marz 1942:

Frú Matthildur Halldórsdóttir, Njarðargötu 45, hefur leitað mín þráfaldlega síðan 31. ágúst 1941, að hún kvaðst hafa orðið fyrir árás af amerískum hermönnum. Hefur hún þjáðst mjög af svefnleysi, sem hefur ágerzt allt fram að þessum tíma. Stöðugur kvíði og hræðsla við öll óvænt hljóð og ótti við, að á sig verði ráðizt.

Hafi þessi einkenni minnkað nokkuð síðustu vikur, en eru þó allmikið viðloðandi enn þá."

Þá hefur og verið lagt fram í málinu álit dr. Helga Tómassonar yfirlæknis um almennar afleiðingar af áfalli sem slíku, er stefnandi varð fyrir. Er vottorð hans dagsett 28. maí 1945, og segir þar m. a. svo:

„Mundi ég telja, að hjá flestum myndi slíkt áfall, er þetta fólk hefur orðið fyrir, aldrei gróa sem heilt, þó auðvitað sé erfitt að segja um, hvernig gangur dulverkana (complexa) verði á framtíðarhug fólks. En mér virðist, að hér hafi verið um slíkt andlegt svöðusár að ræða, að gersamlega sé hlægilegt að miða bætur eða bótakröfur við líkamlega áverka, fataskemmdir og þess háttar ómerkileg aukaatriði."

Með skírskotun til þessa svo og annars þess, er upp er komið í málinu, verður að telja, að stefnandi eigi kröfu til bóta fyrir þjáningar, hneisu og óþægindi.

Um 3. — Stefnandi Matthildur kveður föt sín hafa skemmzt og óhreinkazt við árásina. Þá hafi hún og, síðan árásin átti sér stað, þráfaldlega leitað læknis vegna hennar.

Stefndi hefur mótmælt lið þessum sem of háum.

Það er upp komið í málinu, að föt stefnanda skemmdust nokkuð við árásina, og bera henni því bætur vegna þeirra skemmda. Hins vegar er því ómótmælt haldið fram, að stefnandi sé í sjúkrasamlagi, og hefur hún gegn mótmælum stefnda ekki fært fram nein gögn fyrir lækniskostnaði eða að til slíks kostnaðar komi síðar.

Stefnandi Kjartan Jakobsson sundurliðar tjón það, er hann taldi sig hafa beðið við atburð þenna, þegar hann gerði kröfu sína til amerísku herstjórnarinnar, á eftirfarandi hátt:

1. Atvinnutjón og röskun á högum, kr. 150.00 pr. mánuð í 20 ár	kr.	36000.00
2. Bætur fyrir andlegar og líkamlegar þjáningar, óþægindi, sálarkvalir og niðurlægingu	—	20000.00
3. Fataskemmdir, læknishjálp og meðöl í nútíð og framtíð	—	1500.00
Samtals	kr.	57500.00

Hins vegar hefur hann einungis gert kröfu til 50000 króna bóta, en kveðst leggja sundurliðan þessa fram til hliðsjónar.

Um 1. — Stefnandi Kjartan kveðst hafa verið frá vinnu í einn mánuð vegna afleiðinga árásarinnar. Kveður hann sér vera kvalræði að því að vera í fjölmenni hér, þar sem atburður þessi sé kunnur. Sé því engan veginn séð fyrir endann á atvinnuörðugleikum sínum í framtíðinni vegna þessa.

Stefndi hefur mótmælt lið þessum sem allt of háum, þar eð ekki sé sýnt fram á neina örorku hans vegna árásarinnar, og hafi hann því ekki orðið fyrir öðru atvinnutjóni en í þenna eina mánuð. Hefur hann í því sambandi lagt fram gögn um að tekjur stefnanda árin 1939—1944 hafi verið þessar:

Árið 1939	kr. 3500.00,	árið 1940	kr. 3550.00,
— 1941	— 8300.00,	— 1942	— 14000.00,
— 1943	— 17400.00,	og — 1944	— 21200.00,

Gögn þessi hafa ekki sætt rökstuddum andmælum af hálfu stefnanda. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda því ekki tekizt að færa sönnur á meira atvinnutjón en stefndi hefur þegar viðurkennt.

Að því er snertir fjárhæð bóta samkvæmt lið þessum, þá þykir rétt að ákveða bætur til stefnanda allar í einu lagi.

Um 2. — Stefnandi Kjartan leitaði til Bjarna Bjarnasonar læknis, og segir svo í vottorði hans, er dagsett er 16. marz 1942:

„Hr. Kjartan Jakobsson, Njarðargötu 45, kom til mín í byrjun september 1941 og kvaðst hafa orðið fyrir árás af amerískum hermönnum 31. ágústmánaðar.

Hann kvartaði um svefnleysi, taugaóstyrk og kvíða.

Var illa útlítandi, fölur, tekinn og lotlegur.

Ég varð að gefa honum svefnlyf og taugameðöl alllengi. En hann virðist nú hafa náð sér nokkurn veginn."

Með skírskotun til þessa svo og þess, sem sagt er hér að framan um þetta efni, að því er konuna varðar, þykir stefnandi Kjartan eiga rétt til bóta fyrir þjáningar, hneisu og óþægindi.

Um 3. — Stefnandi Kjartan kveður föt sín hafa skemmzt og óhreinkazt við árásina. Þá hafi hann og síðan árásin átti sér stað, þráfaldlega leitað læknis vegna hennar.

Stefndi hefur og mótmælt lið þessum sem of háum.

Það er upp komið í málinu, að föt stefnanda skemmdust nokkuð við árásina, og ber honum því bætur vegna þeirra skemmda. Hins vegar er því ómótmælt haldið fram, að stefnandi sé í sjúkrasamlagi, og hefur hann gegn mótmælum stefnda ekki fært fram nein gögn fyrir lækniskostnaði eða að til slíks kostnaðar komi síðar.

Með skírskotun til framanritaðs svo og annarra gagna í málinu þykja heildarbætur til stefnenda hæfilega ákveðnar kr. 30 000.00 til stefnanda Matthildar, en kr. 10 000.00 til stefnanda Kjartans. Ber

stefnda að greiða vexti af hinum dæmdu fjárhæðum, eins og krafizt er, en þó aðeins frá stefnudegi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda Matthildi kr. 2000.00 í málskostnað, en stefnanda Kjartani kr. 800.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda Matthildi Halldórsdóttur kr. 30 000.00 með 5% ársvöxtum frá 11. desember 1944 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað.

Stefndi greiði stefnanda Kjartani Jakobssyni kr. 10 000.00 með 5% ársvöxtum frá 11. desember 1944 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. desember 1946.

Nr. 31/1946. **Kaupfélag Siglfirðinga**
(Hrl. Egill Sigurgeirsson)
gegn
Útibúi Útvegsbanka Íslands h/f á Siglufirði
(Hrl. Lárus Fjeldsted)

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Víxilréttur glataður vegna vangeymslu.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 25. febrúar þ. á., krefst þess, að hann verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Á aðalfundi Kaupfélags Siglfirðinga hinn 21. júní 1945

breytti mikill meirihluti fulltrúa samþykktum kaupfélagsins þannig, að stjórnin skyldi framvegis skipuð sjö mönnum í stað fimm. Jafnframt kaus sami meirihluti fulltrúa nýja stjórnarmenn, felldi úr gildi umboð fyrri stjórnar til meðferðar á málum kaupfélagsins, og veitti hin nýja stjórn Jóhanni Þorvaldssyni prókúruumboð fyrir kaupfélagið. Samdægurs var breytingin á samþykktum félagsins, niðurfall á umboði fyrri stjórnar, kosning hinnar nýju stjórnar svo og prókúruumboð Jóhanns Þorvaldssonar tilkynnt til firmaskrár Siglufjarðar, og fór skrásetning fram daginn eftir, en ekki var þá framkvæmd birting þessara ákvarðana í Lögbirtingablaðinu.

Mikil barátta hafði staðið um yfirráðin í kaupfélaginu, áður en þessar breytingar á stjórnarhögum þess voru samþykktar. Fyrri stjórn kaupfélagsins vildi nú ekki hlíta þessum ráðstöfunum aðalfundar og láta af stjórn kaupfélagsins, heldur tilkynnti hún 21. júní til firmaskrárinnar nokkur mannaskipti í stjórninni, og hinn 10. júlí tilkynnti fyrri stjórnin enn til firmaskrárinnar, að Má Einarssyni hefði verið veitt prókúkúruumboð fyrir félagið. Fór skráning um þetta fram 11. s. m., en ekki var skráning þessi heldur birt þá í Lögbirtingablaði. Var nú málum komið svo, að bæði hin nýja og hin fyrri stjórn höfðu látið skrásetja hvor sína yfirlýsingu um það, hver væri prókúruhafi kaupfélagsins. Hinn 11. júlí s. á. krafðist stjórn, sem kosin var af meiri hluta fulltrúa hinn 21. júní, aðstoðar fógeta til að ná í sínar hendur bókum og eignum félagsins, og tók fógeti þessar kröfur til greina með úrskurði 6. sept. 1945. Var sá úrskurður staðfestur í hæstarétti 11. febrúar 1946.

Hinn 13. júlí 1944 gaf kaupfélag Siglfirðinga út víxil, að fjárhæð kr. 30000.00, sem samþykktur var af h/f Gilslaugu. Þáverandi framkvæmdarstjóri h/f Gilslaugar hefur í máli þessu gefið vottorð þess efnis, að fjárhæð víxils þessa, sem seldur var stefnda, hafi gengið til greiðslu víxils, er kaupfélagið skuldaði sparisjóði Siglufjarðar, en víxilskuldin við sparisjóðinn hafi átt rót sína að rekja til „útborgana kaupfélags Siglfirðinga vegna h/f Gilslaugar". Víxill sá, sem gefinn var út 13. júlí 1944 og nú var greindur, féll í gjalddaga

hinn 13. janúar 1945. Var hann síðan framlengdur tvisvar og féll síðast í gjalddaga 12. júlí 1945. Hinn 13. s. m. ritaði Már Einarsson yfirlýsingu á víxilinn þess efnis, að kaupfélag Siglfirðinga félli frá afsögn hans, og var hann ekki afsagður.

Már var ekki bær að lögum til að gera þenna löggerning, þar sem honum hafði ekki verið veitt lögleg prókúra. Er þá athugamál, hvort fyrirsvarsmaður stefnda hafi unnið stefnda til handa rétt fyrir nokkurs konar traustnám, sem kynni að hafa orðið, ef prókúra Más hefði verið birt í Lögbirtingablaði, svo sem mælt er í 7. gr. laga nr. 42/1903 og 17. gr. laga nr. 46/1937, og fyrirsvarsmaður stefnda hefði mátt vera grandlaus um heimild Más til að binda kaupfélagið. Nú var prókúra Más, sem veitt var eftir kosningu nýju stjórnarinnar, ekki birt í Lögbirtingablaði, en um gildi prókúru Más skiptir ekki máli, þótt umboð einhverra eldri stjórnarnefndarmanna, er sviptir voru umboði á fundinum 21. júní, hafi verið birt fyrir þann fund. Grandleysi fyrirsvarsmanns stefnda, er við Má skipti, getur ekki verið til að dreifa, þar sem alkunna var á Siglufirði í júlí 1945, hver átök þá voru um stjórn Kaupfélags Siglfirðinga og að meirihluti fulltrúa hafði á aðalfundi kosið nýja stjórnarnefndarmenn handa kaupfélaginu. Mátti því fyrirsvarsmönnum stefnda vera þetta kunnugt og var þeim því ærið efni til að athuga firmaskrá kaupstaðarins, en í hana hafði verið skrásett umboð nýju stjórnarinnar og prókúruhafa hennar Jóhanns Þorvaldssonar. Hefði rannsókn á firmaskrá þessari því fært fyrirsvarsmanni stefnda heim sanninn um það, að prókúru Más var ekki treystandi. Loks verður ekki séð, að hin nýja stjórn kaupfélagsins hafi í verki á neinn hátt bundið sig við löggerning Más fyrir hönd kaupfélagsins. Nýja stjórnin gerði það, sem eðlilegast var til að reka réttar síns. Hún bað um aðstoð fógeta hinn 11. júlí 1945, svo sem áður segir, til að fá í sínar hendur bækur og eignir kaupfélagsins og fylgdi því máli fram.

Þegar þessi atvik og atriði eru virt, verður ekki talið, að Kaupfélag Siglfirðinga hafi orðið bundið af yfirlýsingu Más Einarssonar um, að niður mætti falla afsögn á víxlinum.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, hefur víxilréttur stefnda á hendur áfrýjanda liðið undir lok vegna vangeymslu, sbr. 53. gr. víxillaga nr. 93/1933. Fyrirsvarsmaður stefnda hefur hreyft því í málsskýringarskjali, að kröfu hans um greiðslu fjárhæðar þeirrar, sem í víxlinum greinir, mætti til vara reisa á 74. gr. laga nr. 93/1933, ef víxilréttur væri glataður. Mál þetta hefur hann, sem er ólögfróður, samt einungis höfðað samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 og hvorki leitt nægilega í ljós atvik málsins né reifað það svo, að dæmt verði, hvort krafa hans eigi stoð í 74. gr. nefndra laga. Þar sem málatilbúnaði, atburðalýsing og framsögu sakar er svo háttað, sem nú var lýst, þykir verða að ómerkja málsmeðferð í héraði og dóm héraðsdómara og vísa málinu frá undirrétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Meðferð máls þessa í héraði svo og hinn áfrýjaði dómur eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. febrúar þ. á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar.

Á aðalfundi Kaupfélags Siglfirðinga 21. júní 1945 var kjörin ný félagsstjórn af meirihluta fulltrúa. Áður kjörin stjórn félagsins og sá minnihluti fulltrúa, er henni fylgdu að mál-

um, töldu kosningu nýju stjórnarinnar af ýmsum sökum ólögmæta og neituðu að afhenda henni umráð félagsins.

Nýja stjórnin veitti tilteknum manni prókúruumboð fyrir félagið 21. júní 1945, og samdægurs tilkynnti hún kosningu sína og prókúruna til samvinnufélagaskrár á Siglufirði. Tilkynningarnar voru skrásettar daginn eftir, en ekki voru þær birtar í Lögbirtingablaðinu samkvæmt 15. gr. laga um samvinnufélög nr 46/1937.

Eldri stjórnin hélt rekstri félagsins áfram, og hinn 10. júlí 1945 réð hún nýjan kaupfélagsstjóra, Má Einarsson, og veitti honum prókúruumboð fyrir félagið, sem tilkynnt var til samvinnufélagaskrár daginn eftir. Þann sama dag, þ. e. 11. júlí 1945, krefst nýja stjórnin þess í bréfi til fógeta, að henni verði fengin í hendur umráð félagsins með innsetningargerð. Var innsetningarmálið síðan rekið fyrir fógetarétti, og þann 6. sept. 1945 féll úrskurður fógeta á þá leið, að innsetningargerðin skyldi fara fram. Tók nýja stjórnin nokkru síðar við rekstri félagsins. Eldri stjórnin skaut málinu til hæstaréttar, en með dómi hans 11. febrúar 1946 var fógetaúrskurðurinn staðfestur.

Víxill sá, er í máli þessu greinir, að fjárhæð kr. 30 000.00, er gefinn út 12. júní 1945 af áfrýjanda á hendur hlutafélaginu Gilslaugu og samþykktur af því til greiðslu 12. júlí 1945. Hafði stefndi fengið víxilinn til framlengingar eldra víxli sömu fjárhæðar og með sömu víxilskuldurum. Víxillinn var ekki greiddur, er hann féll í gjalddaga. Daginn eftir, 13. júlí, ritaði fyrr nefndur Már Einarsson á víxilinn, að af hálfu kaupfélagsins væri fallið frá afsögn á honum. Fór þessi áritun fram í samráði við útibústjóra Útvegsbankans á Siglufirði. Stefndi höfðaði síðan mál þetta í héraði á hendur h/f Gilslaugu og áfrýjanda til heimtu víxilfjárhæðarinnar. Í málinu hafði áfrýjandi uppi þá mótbáru, að víxilrétturinn væri glataður gagnvart honum, þar sem víxillinn hefði ekki verið afsagður, en Már Einarsson hafi ekki verið bær um að falla frá afsögn af félagsins hálfu, þar sem ólögmæt hafi verið stjórn sú, er að baki honum stóð og veitt hafði honum prókúruumboðið. Hér fyrir dómi reisir áfrýjandi kröfur sínar á þessari sömu málsástæðu.

Það er ágreiningslaust í málinu, að eldri stjórn kaupfélagsins hafði verið lögmæt stjórn þess, unz nýja stjórnin var kjörin. Hinn 13.júlí 1945, er fallið var frá afsögn á víxlinum, hafði ekki verið birt í Lögbirtingablaði tilkynning um stjórnarskiptin, og hafði eldri stjórn félagsins því enn formlega heimild til að koma fram fyrir hönd þess og gat bundið það gagnvart þeim, er hvorki vissu né áttu að vita um heimildarbrest hennar, sbr. 17. gr. laga nr. 46/1937. Gegn mótmælum útibústjóra Útvegsbankans á Siglufirði er ekki sannað, að honum hafi á greindum tíma verið kunnugt um tilkynningu nýju stjórnarinnar til samvinnufélagaskrár, en sönnunarbyrði, um að hann hafi haft vitneskju um skrásetninguna, hvílir á áfrýjanda, sbr. 17. gr. laga nr. 46/1937 og 7. gr. laga nr. 42/1903. Ekkert er heldur upp komið í málinu um það, að útibústjórinn hafi þá vitað um innsetningarbeiðni nýju stjórnarinnar í bréfi til fógeta 11. júlí 1945 né að honum hafi á annan hátt verið kunnugt um heimildarbrest eldri stjórnarinnar til að koma fram fyrir hönd félagsins. Að vísu mun ágreiningurinn á aðalfundi félagsins 21. júní hafa verið alkunna á Siglufirði á þeim tíma, sem hér skiptir máli, en ekki verður til þess ætlast, að almenningi hafi mátt vera ljóst, hvor deiluaðilinn hafði þar meira til síns máls. Þegar þess er einnig gætt, að eldri stjórnin fór enn með rekstur félagsins, þegar oftnefnd yfirlýsing var skráð á víxilinn, og að yfirlýsinguna má telja eðlilega framkvæmd í rekstri þess, þykir útibústjórnin ekki hafa sýnt þá ógætni með viðtöku hennar, að varða eigi brottfalli víxilskyldu áfrýjanda. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að því leyti sem áfrýjanda er dæmt að greiða stefnda víxilfjárhæðina ásamt vöxtum og þóknun af fjárhæðinni. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Kaupfélag Siglfirðinga, greiði stefnda, útibúi Útvegsbanka Íslands h/f, Siglufirði, kr. 30000.00

ásamt 6% ársvöxtum frá 12. júlí 1945 til greiðsludags og ⅓% víxilfjárhæðarinnar í þóknun.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 12. febrúar 1946.

Með stefnu, dags. 19. nóvember s. l., krefst stefnandinn, Hafliði Helgason útibúsbankastjóri, Siglufirði, f. h. Útvegsbanka Íslands h/f, Siglufirði, að stefndu, h/f Gilslaug og Kaupfélag Siglfirðinga, verði dæmd til þess að greiða honum víxilupphæð, kr. 30000.00, samkvæmt víxli, samþykktum af h/f Gilslaugu með gjalddaga 12. júlí 1945, en útgefnum og ábektum af þáverandi kaupfélagsstjóra Kaupfélags Siglfirðinga f. h. kaupfélagsins.

Er krafizt í stefnunni, að hlutafélagið og kaupfélagið verði dæmd in solidum til greiðslu téðrar víxilupphæðar með 6% ársvöxtum frá gjalddaga — 12. júlí 1945 — ⅓% þóknunar af víxilupphæðinni og málskostnaðar eftir reikningi eða mati réttarins, en í málflutningnum er málskostnaðar krafizt með kr. 3081.60.

H/f Gilslaug hefur eigi mætt né látið mæta, og verður því að dæma hlutafélagið til greiðslu víxilupphæðarinnar með 6% vöxtum frá 12. júlí 1945 og ⅓% af víxilupphæðinni og málskostnað, sem álizt hæfilegur 1000 krónur.

Kaupfélag Siglfirðinga hefur látið mæta í málinu og krafizt sýknu, en 1000 króna í málskostnað af stefnanda.

Málsástæður þær, er stefnt kaupfélag flytur fram sér til sýknu, eru á þessa leið.

Víxillinn féll í gjalddaga 12. júlí s. l. Þá fór Már Einarsson, ólöglega kosinn, með kaupfélagsstjórastarf í kaupfélaginu og féll frá afsögn víxilsins (13. s. m.). En með úrskurði fógetaréttar Siglufjarðar 6. sept. s. l. sé honum hrundið sem kaupfélagsstjóra og öll umráð yfir kaupfélaginu af honum tekin. Því sé með úrskurði þessum slegið föstu, að hann hafi verið ólöglega kosinn kaupfélagsstjóri. Séu því verk hans, eins og það að falla frá afsögn á víxli, með öllu ógild, og beri því að skoða víxilinn sem óafsagðan og víxilréttinn því fallinn fyrir vangæzlu, fyrir vantandi afsögn, og af því beri að sýkna útgefandann (og ábeking, kaupfélagið) af dómkröfunni.

Krefst stefnt kaupfélag sýknu og 1000 kr. í málskostnað.

Stefnandinn mótmælir þessu og bendir á, að Már Einarsson hafi verið tilkynntur til firmaskrár Siglufjarðar sem kaupfélagsstjóri án

nokkurrar athugasemdar frá bæjarfógetaembættinu, sem meira að segja hafi kvittað athugasemdalaust fyrir greiðslu fyrir firmatilkynninguna. Hafi stefnandi því ekki annað vitað en hinn tilkynnti væri löglegur kaupfélagsstjóri og því tekið gilt fráfall hans frá afsögn.

Eftir samvinnufélagaskrá Siglufjarðar var 19. júní tilkynnt til skrárinnar, að Guðbrandi Magnússyni hafi verið veitt prókúruumboð, og hefur hann það til 10. júlí, er það er tilkynnt til firmaskrár og skrásett daginn eftir, að Már Einarsson hafi fengið prókúruumboð.

Þann 21. júní er tilkynnt og skrásett sú stjórn, sem kaus Má Einarsson fyrir kaupfélagsstjóra.

Þann 22. júní er tilkynnt og skrásett sú kaupfélagsstjórn, sem með fyrrgreindum fógetaúrskurði voru afhent yfirráðin yfir kaupfélaginu úr höndum Más og þeirrar kaupfélagsstjórnar, sem kosið hafði hann fyrir kaupfélagsstjóra, en 21. júní hafði Jóhanni Þorvaldssyni verið veitt prókúruumboð fyrir kaupfélagið, en prókúruumboð Guðbrands Magnússonar afturkallað, og var það tilkynnt og skrásett 22. júní, sem fyrr segir. Voru báðar þessar tilkynningar sendar 22. júní til birtingar í Lögbirtingablaðinu.

Bæjarfógetaembættið er þarna aðeins skrásetjari, sem skylt er að skrásetja tilkynningar, og engin afstaða tekin við skrásetninguna um lögmæti tilkynningarinnar. Það er dómstólamál, svo að stefnandi getur engan rétt byggt á, að skrásetningunni hafi ekki fylgt athugasemd frá embættinu, auk þess sem það kemur ekki í ljós fyrr en daginn eftir, að efni tilkynningar um Má Einarsson og hans kaupfélagsstjórn sé vefengd og önnur kaupfélagsstjórn kosin. En eftir 21. júní var það nótoriskt í Siglufirði, að deilt var innan Kaupfélags Siglfirðinga um, hvor stjórnin væri lögleg og hvor hefði réttilega prókúruumboð.

Gat það sízt farið fram hjá stefnanda sem lánveitanda (stefnda), er sérstakan áhuga hlaut að hafa á því, hvor deiluaðilja færi með lögleg völd og gæti skuldbundið kaupfélagið, enda er því sérstaklega haldið fram af stefndu, en ekki sérstaklega mótmælt af stefnanda, að stefnandi hafi vitað, að Jóhanni Þorvaldssyni hafi af hinum deiluaðiljanum í kaupfélaginu verið veitt prókúruumboð.

Af stefnda hálfu er þrátt fyrir bendingu dómarans ekkert upplýst um, hvort útgefandi víxilsins hafi haft leyfi til þess að skuldbinda kaupfélagið til víxilábyrgðar samkvæmt framlögðum víxli, er fremur virðist vera ábyrgðarvíxill fyrir samþykkjanda, en ekki víxill tekinn vegna kaupfélagsins sjálfs. En þetta o. fl. um víxilinn hefur ekki verið upplýst fyllilega.

En vegna þessarar afstöðu stefnda verður að ganga út frá, að við útgáfu víxilsins, þótt ábyrgðarvíxill væri, sé ekkert að athuga af hálfu stefnda.

Öll málsvörn stefnda er á þá leið, að kaupfélagið sé laust við víxilábyrgðina, af því að víxillinn hafi ekki verið afsagður, en fallið frá afsögn víxilsins af ólöglegum kaupfélagsstjóra, sem heldur hafði ekkert löglegt prókúruumboð. Með hæstaréttardómi í gær, sem beðið hefur verið eftir að kveða upp dóm í þessu máli, er því slegið föstu, að stjórn, sem kaus Má fyrir kaupfélagssjóra, hafi ekki verið lögleg og Már þá eigi löglegur kaupfélagsstjóri.

Már Einarsson fellur frá afsögn víxilsins 13. júlí og undirritar þá yfirlýsingu pr. pr. Kaupfélag Siglfirðinga með prókúrustimpli félagsins. 13. júlí er enginn starfandi kaupfélagsstjóri í kaupfélaginu nema Már Einarsson.

Hins vegar verður að telja, að ekki þurfi prókúruumboð til þess að falla frá afsögn víxilsins. Að vísu gætir nokkurrar vangæzlu hjá stefnanda, sem hlaut að vita um deilurnar innan kaupfélagsins, en hann hefur að sjálfsögðu gert það í þágu kaupfélagsins sjálfs að láta eigi afsegja víxilinn.

Er ólöglegur kaupfélagsstjóri bær um gagnvart kaupfélaginu, svo bindandi sé fyrir það, að koma í veg fyrir ímynduð, ef ekki sennileg, lántraustsspjöll kaupfélagsins, koma í veg fyrir afsögn víxilsins með í þágu félagsins að falla frá afsögn hans.

Verður að telja einasta starfandi kaupfélagsstjóranum, þótt ólöglegur sé, slíkt leyfilegt, a. m. k. sem óbeðnum negotiorum gestor í þágu kaupfélagsins.

Þá var enginn annar kaupfélagsstjóri, og þótt annar hefði prókúruumboð, gegndi hann ekki kaupfélagsstjórastörfum.

Verður því að telja það réttmæta ráðstöfun, eins og önnur tilfallandi störf kaupfélagsstjórans, sem hann óátalið gegndi, unz með útburðargerð var gerður endi á kaupfélagsstjórastöðu hans, að fallið var frá afsögn víxilsins af hálfu kaupfélagsins. Þegar það er athugað, hvað gerzt hefði, ef ekki hefði verið fallið frá afsögn, sem sé afsögn framkvæmd, er engin ástæða til þess að ætla, að ekki hefði verið fallið frá afsögn, hver, sem hefði verið kaupfélagsstjóri, og gerir það fráfall afsagnar því eðlilegra verk hins starfandi kaupfélagsstjóra, þótt ólöglegur væri, sem yrði þá a .m. k. óbeðinn negotiorum gestor.

Verður því að telja rétt að dæma kaupfélagið til greiðslu á víxlinum in solidum ásamt samþykkjanda með umstefndum vöxtum og kostnaði.

Í málskostnað verður að telja hæfilegt, að stefndu greiði in solidum 1000 krónur.

Fyrir því dæmist rétt vera:

Stefndu, h/f Gilslaug og Kaupfélag Siglfirðinga, bæði Siglufirði, greiði in solidum stefnanda, útibússtjóra Hafliða Helgasyni, Siglufirði, f. h. Útvegsbanka Íslands h/f, umstefnda 30000

kr. víxilskuld með 6% ársvöxtum frá 12. júlí 1945, ½% þóknunar af víxilupphæðinni og 1000 krónur í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 3ja daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. desember 1946.

Nr. 30/1946. **Póst- og símamálastjóri f. h. ríkissjóðs**
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs
(Tómas Jónsson cand. jur.).

Setudómarar hrl. Hermann Jónasson og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Skýring á 6. og 7. gr. laga nr. 22/1945.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 25. febrúar þ. á., krefst þess, að stefnda verði dæmt skylt að greiða frá 1. marz 1945 7% sérleyfisgjald samkvæmt 6. gr. laga nr. 22/1945 af sölu farmiða í strætisvögnum Reykjavíkur, aðallega á öllum ferðum vagnanna, en til vara á ferðum þeirra á milli endastöðva á leiðinni Reykjavík—Lækjarbotnar. Þá krefst áfrýjandi og þess, að stefnda verði dæmt skylt að láta áfrýjanda í té skýrslur um akstur strætisvagna Reykjavíkur samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 78/1936. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í lögum nr. 22/1945 er glöggt greint annars vegar milli einkaleyfis, sem veitt skal kaupstöðum til fólksflutninga með strætisvögnum innan kaupstaðar, og hins vegar sérleyfa og undanþáguheimildar til fólksflutninga á lang-

leiðum, en leyfi þessi má veita aðiljum, er fullnægja tilgreindum skilyrðum laganna. Samkvæmt orðalagi 7. gr. laganna skulu sérleyfis- og undanþáguhafar greiða sérleyfisgjald, 7% af andvirði afhentra farmiða, og skal gjaldinu aðallega varið til að greiða kostnað við eftirlit með bifreiðum samkvæmt lögunum og til byggingar afgreiðslustöðva fyrir sérleyfisbifreiðar. Þegar virt er orðalag þessa ákvæðis og það markmið, sem verja á gjaldinu til, verður ekki talin vera heimild fyrir hendi til að gera stefnda að greiða það. Með vísun til þess, sem nú var rakið, svo og til forsendna héraðsdóms þykir rétt að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í hæstarétti, sem ákveðst kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, póst- og símamálastjóri f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, kr. 5000.00 í málskostnað í hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. janúar 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., hefur póst- og símamálastjórinn hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 24. þ. m. gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarins. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, aðallega að stefndi verði með dómi skyldaður til að greiða 7% sérleyfisgjald af andvirði seldra farmiða strætisvagna stefnda samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 22 frá 1945 svo og til að gefa skýrslur um farmiðasölu samkvæmt ákvæðum 9. gr. reglugerðar frá 6. ágúst 1936. Til vara hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði skyldaður til að greiða 7% sérleyfisgjald af andvirði seldra farmiða á ökuleiðinni Reykjavík—Lækjarbotnar.

Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að hinn 22. ágúst 1944 var stefnda veitt sérleyfi til fólksflutninga með almenningsbifreiðum á leiðinni

Reykjavík—Lækjarbotnar með ýmsum nánar tilteknum skilyrðum, og skyldi sérleyfistíminn vera til 1. marz 1947 með þeim breytingum, sem á sérleyfinu kynnu að verða gerðar. Þann 14. desember s. á. var stefnda enn fremur veitt einkaleyfi til fólksflutninga með áætlunarbifreiðum innan lögsagnarumdæmis bæjarins. Bæði þessi leyfi voru veitt samkvæmt heimild í lögum nr. 62 frá 1935 um skipulag á fólksflutningum svo og lögum nr. 36 frá 1936 um breytingu á þeim lögum. Hefur stefndi síðan haldið uppi flutningastarfsemi þessari. Fyrrgreind lög voru síðan numin úr gildi með lögum nr. 22 frá 1945 um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, er nú gilda um þessi efni.

Aðalkröfu sína í máli þessu byggir stefnandi á ákvæðum 6. gr. laga nr. 22 frá 1945, en þar segir svo í upphafi greinarinnar: „Sérleyfis- og undanþáguhafar skulu greiða séreyfisgjald, 7% — sjö af hundraði — af andvirði afhentra farmiða.“ Telur stefnandi, að það geti engu máli skipt, þótt leyfi það, sem bæjarstjórninni er veitt, sé í lögum kallað einkaleyfi, þar sem hér sé aðeins um venjulegt sérleyfi að ræða, og beri því að greiða sérleyfisgjald af því samkvæmt nefndu lagaákvæði. Hefur stefnandi bent á, að fé þessu skuli aðallega varið til að greiða kostnað við eftirlit og stjórn fólksflutninga með bifreiðum samkvæmt lögum þessum svo og til byggingar afgreiðslustöðva fyrir sérleyfisbifreiðar. Það sé því mjög óeðlilegt, að bæjarfélög, þar á meðal stefndi, eigi að vera undanþegin þessu gjaldi. Til stuðnings því, að einkaleyfi, er bæjarstjórnum skal veita samkvæmt lögunum, séu aðeins venjuleg sérleyfi, hefur stefnandi bent á, að í 1. gr. i. f. sé talað um, að sýsluefða sveitarfélög skuli hafa forgangsrétt til sérleyfa, en þar sem enginn eðlismunur sé á forgangsrétti til sérleyfa og einkaleyfi, sé aðeins um ónákvæmt orðalag að ræða í 5. gr. Loks hefur stefnandi bent á, að þann 23. maí 1945 hafi Viðskiptaráðið samþykkt að leyfa stefnda að hækka fargjöld með strætisvögnum hans, en um leið tekið fram, að ráðið gengi út frá því, að stefndi greiddi sérleyfisgjaldið. Stefndi hafi engum athugasemdum hreyft við þessu og hækkað fargjöldin samkvæmt leyfi þessu.

Að því er varðar kröfuna um skýrslugjöf stefnda, þá hefur stefnandi tekið fram, að sér sé nauðsynlegt að fá slíkar skýrslur, verði krafa hans um greiðsluskylduna tekin til greina, en ella ekki.

Verði litið svo á, að stefnda beri ekki að greiða sérleyfisgjald af andvirði þeirra seldra farmiða, sem einungis gilda innan lögsagnarumdæmisins, þá byggir stefnandi varakröfu sína á því, að stefnda beri þó að greiða gjaldið af andvirði allra þeirra farmiða, sem gilda út fyrir það, enda skipti það engu máli, þótt nokkur hluti leiðarinnar liggi um og innan lögsagnarumdæmisins. Hefur stefnandi í þessu sambandi skýrt frá því, að stefndi hafi til þessa

einungis greitt gjaldið af ökutækjum þess hluta leiðarinnar, sem liggur utan þess, þ. e. frá mörkum Reykjavíkur að Lækjarbotnum.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að samkvæmt ákvæðum laga nr. 22 frá 1945 sé einkaleyfi bæjarstjórna til fólksflutninga með strætisvögnum undanþegið sérleyfisgjaldi. Í lögum þessum sé rætt um þrenns konar leyfi til fólksflutninga með bifreiðum. Sérleyfi samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 1. gr., undanþáguleyfi samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 1. gr. og einkaleyfi samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 5. gr. laganna. Í 1. mgr. 6. gr. sé beint tekið fram, að sérleyfis- og undanþáguhafar eigi að greiða sérleyfisgjald, en ekki nefnt, að einkaleyfishöfum beri að greiða það. Þá hefur stefndi bent á, að sérleyfi séu bundin ýmsum skilyrðum. Þau séu ætíð veitt til ákveðins tíma, gildi fyrir ákveðna tölu bifreiða og feli í sér skyldu til að flytja póst, en engin slík skilyrði séu sett að því er einkaleyfi varða. Enn hefur stefndi bent á, að í 2. mgr. 6. gr. nefndra laga sé tekið fram, að skylt sé að veita bæjarstjórn einkaleyfi til rekstrar strætisvagna innan lögsagnarumdæmis bæjar, þegar tímabil sérleyfishafa sé útrunnið, og sé af þessu ljóst, að ekki sé átt við það sama, þegar rætt er um einkaleyfi og sérleyfi í lögunum. Svo sem að framan getur, skal meðal annars verja sérleyfisgjaldinu til að byggja afgreiðslustöð fyrir sérleyfisbifreiðar. Telur stefndi, að hér sé ekki átt við afgreiðslustöðvar fyrir bifreiðar, sem aka samkvæmt einkaleyfi. Hefur hann í því sambandi bent á, að í athugasemdum við frumvarp að lögum þessum sé aðeins talað um byggingu afgreiðslustöðva fyrir bifreiðar, er gangi frá Reykjavík. Loks hefur stefndi mótmælt því, að ummæli Viðskiptaráðs í áðurgreindu leyfi fyrir fargjaldahækkun, geti nokkru máli skipt í þessu sambandi. Að því er varðar kröfu stefnanda um skýrslugjöf stefnda, þá hefur því verið lýst yfir af hálfu stefnda, að hann viðurkenni skyldu sína til þessarar skýrslugjafar, verði honum talið skylt að greiða nefnt sérleyfisgjald.

Að því er varðar varakröfu stefnanda, hefur stefndi lýst því yfir, að hann greiði sérleyfisgjald af öllu ökugjaldi, er inn komi fyrir akstur strætisvagna hans utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, enda sé þar um sérleyfi að ræða. Hins vegar telur stefndi sér óskylt að greiða gjald vegna aksturs á þeim hluta leiðarinnar, sem liggi innan lögsagnarumdæmisins.

Ákvæði um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum voru fyrst sett með lögum nr. 62 frá 1936, og er 7. gr. þeirra laga samhljóða 5. gr. núgildandi laga um þetta efni, nr. 22 frá 1945. Í lögum nr. 62 frá 1936 var ekkert gjald ákveðið fyrir sérleyfi, en í 7. gr. laga um ferðaskrifstofu ríkisins nr. 33 frá 1936 var ákveðið, að til að afla skrifstofunni tekna, skyldi greiða gjald af farseðlum með áætlunarbifreiðum, 5 aura af hverri heilli krónu í andvirði seðilsins. Svo virðist sem gjald þetta hafi ekki verið krafið af Strætis-

vögnum Reykjavíkur h/f, er þá höfðu sérleyfi til fólksflutninga með áætlunarbifreiðum hér í bænum, enda munu fæstir farmiðar þeirra, er þeir seldu, hafa kostað 1 krónu eða meira. Í 3. gr. laga nr. 22 frá 1945 er talað um sérleyfi, sem veitt er einstaklingi eða félagi, en í 2. mgr. 5. gr. er rætt um einkaleyfi til bæjarstjórnar. Samkvæmt síðara ákvæðinu er skylt að veita einkaleyfi og aðeins það skilyrði sett, að bæjarstjórn hafi sótt um það innan tiltekins tíma, en í 3. gr. laganna er ráðherra heimilað að veita sérleyfi með vissum skilyrðum, sem ekki virðast taka til einkaleyfa. Af þessu orðalagi virðist ljóst, að það hafi verið tilgangur löggjafans að gera mun á sérleyfi og einkaleyfi. Verður því ekki fallizt á það með stefnanda, að einkaleyfi í 2. mgr. 5. gr. sé sama og sérleyfi og þessi orðamunur stafi aðeins af ónákvæmni, enda hefur fleirum en einum verið veitt sérleyfi samkvæmt lögum á sömu leið, en það er ekki heimilt, að því er varðar rekstur strætisvagna, óski viðkomandi bæjarstjórn ein að taka hann í sínar hendur, sbr. 2. mgr. 5. gr. Í 6. gr. laganna er aðeins tekið fram, að sérleyfis- og undanþáguhafar skuli greiða sérleyfisgjaldið og þar sem einkaleyfishafar eru þar undanskildir, verður þeim ekki talið skylt að greiða gjald þetta. Samkvæmt þessu verður að fallast á þá skoðun stefnda, að honum sé óskylt að greiða gjald þetta af ökutekjum af akstri, er einkaleyfi hans nær til. Verður því aðalkrafa stefnanda ekki tekin til greina.

Að því er varðar varakröfu stefnanda, þá er komið fram í málinu, að stefndi hefur venjulegt sérleyfi til aksturs á leiðinni Reykjavík—Lækjarbotnar. Það er viðurkennt, að stefndi hefur greitt og greiðir sérleyfisgjald af öllum ökutekjum sínum á akstri á þeim hluta leiðar þessarar, er liggur utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Stefndi hefur einkaleyfi til fólksflutninga með áætlunarbifreiðum innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og þarf samkvæmt framansögðu eigi að greiða sérleyfisgjald af ökutekjum af þeim akstri. Telja verður, að einkaleyfi hans taki til allra fólksflutninga með áætlunarbifreiðum um og að mörkum lögsagnarumdæmisins, og því einnig að því er varðar leiðina að Lækjarbotnum. Sérleyfi hans tekur því aðeins til þess hluta leiðarinnar, er liggur utan lögsagnarumdæmisins, en stefndi hefur ætíð greitt sérleyfisgjald að því leyti.

Samkvæmt þessu verður varakrafa stefnanda heldur ekki tekin til greina.

Málalok verða því þau, að stefndi verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarins, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, póst- og símamálastjóra, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 16. desember 1946.

Kærumálið Nr. 8/1945. **H/f Bragi**

gegn

Erfingjum Einars Benediktssonar.

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Málflytjanda brast heimild til að krefjast skýrslu um málsatriði.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 22. júní 1945, er hingað barst 3. júlí s. á., kærði sóknaraðili úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 16. júní s. á. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja, en með úrskurði þessum var forstöðumanni Rannsóknarstofu háskólans, Níelsi Dungal, gert að skyldu að leggja fram í málinu skýrslu, er hann hefur samið um krufningu á líki Einars skálds Benediktssonar. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og honum dæmdur kærumálskostnaður eftir mati hæstaréttar.

Umboðsmaður varnaraðilja krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður eftir mati dómsins.

Með úrskurði hæstaréttar, upp kveðnum 28. september 1945, var lagt fyrir héraðsdómara að tilkynna þeim venzlamönnum Einars Benediktssonar, sem getur í 3. mgr. 25. gr. laga nr. 19/1940, að þess sé krafizt, að krufningarskýrslan verði lögð fram í máli þessu, og gefa þeim kost á að andmæla því, að skýrslan verði lögð fram, ef þeim þykir ástæða til.

Héraðsdómari hóf þegar tilraunir til að afla þeirra yfir-

lýsinga, sem lýst var. Að lokinni þeirri eftirleitan, sendi hann hæstarétti skjölin aftur hinn 22. f. m.

Tvö börn Einars skálds Benediktssonar, sem í Ameríku dveljast, hafa fyrir þar til bærum stjórnvöldum lýst því, að þau feli tilgreindri konu í Reykjavík á hendur að koma fram fyrir þeirra hönd í málinu, þar á meðal gefa þá yfirlýsingu, er hér er um að tefla, en kona þessi hefur hvorki, svo séð verði, komið fyrir dóm né tjáð sig á annan hátt um málið. Dóttir Einars Benediktssonar, er í Englandi dvelst, hefur lýst því fyrir sendiráði Íslands þar í landi, að hún hafi sent svar sitt til Sigurgeirs hæstaréttarlögmanns Sigurjónssonar, en svar þetta hefur samt ekki verið lagt fram í máli þessu. Hins vegar hefur einn sonur Einars Benediktssonar komið fyrir dóm í Reykjavík. Kveðst hann ekki geta, að svo stöddu, skýrt frá horfi sínu við því, hvort krafizt skuli, að krufningarskýrslan verði fram lögð.

Framangreind börn Einars Benediktssonar eru aðiljar máls þessa. Þau hafa sum ekki gefið ákveðnar yfirlýsingar um það efni, sem hér skal úr skorið, og umboðsmaður þeirra hér fyrir dómi hefur ekki, þótt tilefni væri til, aflað yfirlýsingar konu þeirrar, sem fengið hafði umboð tveggja barnanna. Svo hefur hann og ekki lagt fram svar þeirrar dóttur Einars, sem í Englandi dvelst. Þegar á þetta er litið, þá verður umboðsmaður varnaraðilja ekki talinn hafa nægilega heimild til að krefjast þess, að krufningarskýrslan verði fram lögð. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að varnaraðiljar greiði sóknaraðilja kr. 400.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðiljar, erfingjar Einars Benediktssonar, greiði sóknaraðilja, h/f Braga, kr. 400.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 16. júní 1945.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 8. þ. m., hefur Sigurgeir hæstaréttarlögmaður Sigurjónsson f. h. þeirra Katrínar Hrefnu Benediktsson, Decastro, Benedikts Arnar Benediktsson, Erlu Benediktsson, Stefáns Más Benediktsson og Einars Vals Benediktsson höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. september f. á., gegn stjórn hlutafélagsins Braga hér í bæ f. h. félagsins og krafizt þess, að síðargreindur samningur verði dæmdur ógildur og stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu að mati dómara.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að hinn 17. janúar 1938 undirritaði Einar heitinn Benediktsson fyrrum sýslumaður samning, þar sem hann selur og afsalar stefnda eignarrétti á öllu því, sem hann hafði samið, og var andvirði hins selda kr. 7000.00. Stefnendur halda því fram, að þegar Einar Benediktsson, faðir þeirra, gerði samning þenna, hafi hann og reyndar löngu fyrr verið svo farinn að heilsu, líkamlega og andlega, að hann hafi ekki getað gert sér ljóst, hvað hann var að gera. Telja þeir, að heilsuleysi hans hafi verið alkunna, og beri því að ógilda samning þenna.

Eftir að gagnaöflun var talið lokið í málinu hinn 26. apríl s. l., ritaði umboðsmaður stefnenda dómaranum bréf og kvaðst hafa orðið þess áskynja, að Einar Benediktsson hafi verið krufinn, og sé skýrsla um skoðun á líki hans í vörzlum forstöðumanns Rannsóknarstofu Háskólans, Níelsar prófessors Dungals, og krafðist þess, að prófessorinn yrði að viðlögðum dagsektum til sín skyldaður til þess að leggja skjal þetta fram í dóm, enda gæti það reynzt mjög þýðingarmikið fyrir úrslit máls þessa, þar eð af því megi ráða mikið um heilsufar hins látna, bæði andlega og líkamlega.

Dómarinn kvaddi síðan samkvæmt heimild í 148. gr. laga nr. 85 frá 1936 umboðsmenn aðilja og fyrrgreindan prófessor Níels Dungal fyrir dóm, og var þeim veittur kostur að gera athugasemdir sínar um kröfu stefnenda. Kannaðist prófessorinn við að hafa í vörzlum sínum skýrslu um skoðun á líki Einars Benediktssonar, en neitaði að leggja hana fram, þar eð það væri sér óheimilt samkvæmt fyrirmælum 10. gr. laga nr. 47 frá 1932, er leggja læknum á herðar þagnarskyldu um slík einkamál, sem þeir komast að í embætti sínu. Umboðsmaður stefnda mótmælti einnig, að prófessorinn yrði skyldaður til að leggja fram skjal þetta, og færði fram til rökstuðnings því einkum 2. mgr. 10. gr. laga nr. 47 frá 1932 svo og það, að hann teldi umboðsmann stefnenda á engan hátt hafa leitt rök að mikilvægi skjalsins fyrir úrslit máls þessa. Var atriðið því næst tekið til úrskurðar.

Telja verður, að framangreint skjal sé þess efnis, að 146. gr. laga nr. 85 frá 1936 taki til þess. Eigi virðist útilokað, að skjal þetta kunni

að hafa þýðingu fyrir málið, og ber því að taka til greina kröfur umboðsmanns stefnenda, enda verður eigi séð, að það fari í bága við 3. tölulið 126. gr. einkamálalaganna né heldur ákvæði 1. eða 2. málsgr. 10. gr. laga nr. 47 frá 1932. Verður prófessornum því gert að leggja skjal þetta fram í dóm innan 15 daga frá því, að honum er birtur úrskurður þessi, að viðlögðum dagsektum til umboðsmanns stefnenda, og þykja þær hæfilega ákveðnar 20 krónur.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Forstöðumanni Rannsóknarstofu Háskólans, Níels prófessor Dungal, er skylt að leggja framangreint skjal fram í dóm innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlögðum 20 króna dagsektum til Sigurgeirs hæstaréttarlögmanns Sigurjónssonar.

Úrskurðinum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. desember 1946.

Nr. 9/1946. **Áki Jakobsson** (Hrl. Lárus Jóhannesson)
gegn
Guðmundi Jörundssyni og gagnsök
(Hrl. Magnús Thorlacius).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Öflun skýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta í hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936, að héraðsdómari veiti aðiljum kost á því að afla skýrslna um eftirgreind atriði.

1. Umboðsmenn aðilja hafa deilt um það hér fyrir dómi, hvort aðaláfrýjandi hafi, áður en mál var höfðað í héraði, kvartað undan samningi þeim, sem Jakob J. Jakobsson gerði fyrir hönd hans við gagnáfrýjanda, og hvort hann hafi mótmælt gildi gernings þessa vegna umboðsskorts nefnds Jakobs. Ber aðiljum að gefa nákvæmar skýrslur um öll skipti sín í þessu sambandi, eftir að samningurinn var gerður, þ. á m. það, hvenær

Jakob hafi skýrt aðaláfrýjanda frá efni samningsins, hvenær aðaláfrýjandi hafi kvartað við gagnáfrýjanda eða mótmælt gildi samningsins vegna umboðsskorts Jakobs og með hverjum hætti hann hafi kvartað eða mótmælt, ef því er að skipta.

2. Þá ber aðiljum að afla annarra gagna, ef efni verða til.

Ályktarorð:

Héraðsdómaranum ber að veita aðiljum kost á að afla framangreindra gagna.

Föstudaginn 20. desember 1946.

Nr. 72/1946. **Jóhanna Pálmadóttir**
(Hrl. Guttormur Erlendsson)
gegn
Guðjóni Sæmundssyni
(Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Synjað innsetningar í herbergi.

Dómur hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. maí þ. á. Krefst hún þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að stefnda verði dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Úrskurður húsaleigunefndar 24. júlí 1943 er á því reistur, að nauðsyn hafi borið til að svipta áfrýjanda tveimur herbergjum til íbúðar handa dóttur stefnda. Þegar íbúðaskipti

dóttur stefnda og Guðlaugs Ketilssonar voru ákveðin og samþykkt af húsaleigunefnd 19. október 1943, tók Guðlaugur aðeins annað herbergið. Átti áfrýjandi þá rétt til að fá áfram afnot þess herbergis, sem Guðlaugur fluttist ekki í, sbr. 14. gr. laga nr. 39/1943. Stefndi virðist ekki hafa skýrt húsaleigunefnd frá því, er hann fékk samþykki hennar um íbúðaskiptin, að Guðlaugur myndi aðeins fá afnot annars herbergisins. Þegar litið er til þessa og annarra skipta aðilja, þykir áfrýjandi ekki hafa fyrirgert rétti til herbergisins með þeim drætti, er á því varð, að hún krefðist umráða þess. Ber samkvæmt þessu að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, Guðjón Sæmundsson, greiði áfrýjanda, Jóhönnu Pálmadóttur, málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 1000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 19. marz 1946.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 9. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Guðjón Sæmundsson, Tjarnargötu 10 C, krafizt þess, að sér verði með beinni fógetagerð fengin umráð herbergis eins í húsi sínu Tjarnargötu 10 C, en herbergi þetta kveður hann leigjanda sinn, Jóhönnu Pálmadóttur, hafa að ólögum tekið til sinna nota.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu innsetningargerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Tildrög málsins eru þessi.

Hinn 14. maí 1939 tók gerðarþoli, Jóhanna Pálmadóttir, fjögur herbergi og eldhús á leigu á 3. hæð hússins nr. 10 C við Tjarnargötu. Með úrskurði húsaleigunefndarinnar í Reykjavík, uppkveðnum 24. júlí 1943, var gerðarþola gert að rýma tvö herbergi af íbúð sinni og veita aðgang að eldhúsi til handa giftri dóttur gerðar-

beiðanda, sem þá var talin húsnæðislaus og að auki barnshafandi. — Hinn 19. okt. s. á. fékk gerðarbeiðandi leyfi húsaleigunefndarinnar til þess, að dóttir hans og maður hennar hefðu íbúðaskipti við Guðlaug nokkurn Ketilsson og konu hans. En með því að greindur Guðlaugur taldi sig eigi þurfa að svo stöddu bæði herbergin, var annað herbergið leigt Ragnari nokkrum Björnssyni. Var það gerðarbeiðandi sjálfur, sem leigði Ragnari herbergi þetta og tók við leigunni. Herbergi þetta er í suðvesturhorni hússins og snýr út að Suðurgötu. Ekki var aflað leyfis húsaleigunefndar fyrir þessari ráðstöfun herbergisins.

Hinn 6. júní 1944 ritaði gerðarþoli, Jóhanna Pálmadóttir, húsaleigunefndinni og fór þess á leit, að úrskurðurinn frá 24. júlí 1943 yrði tekinn til nýrrar athugunar, þar sem gerðarþoli taldi, að hann hefði verið byggður á röngum forsendum. Gerði hún þá kröfu aðallega, að sér yrði úrskurðað aftur allt það húsnæði, sem henni var á sínum tíma gert að rýma til handa dóttur gerðarbeiðanda, en til vara gerði hún kröfu um að fá aftur herbergi það, er Ragnar Björnsson hafði á leigu.

Byggðist aðalkrafa gerðarþola, Jóhönnu, á því, að dóttir gerðarbeiðanda, sem sögð var barnshafandi, þegar henni var úrskurðað húsnæðið, hafi ekkert barn alið, og væri þar með grundvöllurinn undir úrskurðinum fallinn niður. Þá er varakrafan rökstudd þannig, að gerðarbeiðandi hafi í heimildarleysi ráðstafað hluta af íbúð þeirri, er gerðarþola var gert að rýma á sínum tíma, öðruvísi en látið var í veðri vaka, þegar úrskurðarins var aflað. Falli það atriði því undir 14. gr. laga nr. 39/1943.

Gerðarbeiðandi, Guðjón Sæmundsson, bar fram þær varnir fyrir húsaleigunefnd, að engu skipti í sjálfu sér, hvort dóttir hans hafi verið barnshafandi, heldur bæri að líta á hitt, að hún hafi verið húsnæðislaus fyrir væntanlegt heimili sitt og manns síns. Þá bendir gerðarbeiðandi á það, að því er varakröfunni viðvíkur, að gerðarþoli hafi ekki allan tímann frá því október 1943 og þar til 6. júní 1944 haft upp nein mótmæli gegn veru Ragnars Björnssonar í herbergi því, er honum hafi verið leigt, og hafi henni þó hlotið að vera dvöl hans þar kunnug.

Úrskurður húsaleigunefndarinnar um kröfu gerðarþola er kveðinn upp hinn 9. júlí 1945 og var á þann veg, að aðalkrafa gerðarþola var ekki tekin til greina, en hins vegar var Ragnari Björnssyni gert að rýma herbergi sitt gerðarþola til handa, þar sem hann stæði ekki í þeim tengslum við gerðarbeiðanda eða áðurnefndan Guðlaug Ketilsson, að unnt mætti teljast að skerða húsnæði það, sem gerðarþoli hafði áður haft honum til handa. — Með því að Ragnar Björnsson virtist ekki líklegur til að rýma herbergi sitt góðmótlega, krafðist gerðarþoli þess, að hann yrði borinn út, og í fyrsta þinghaldi í málinu fyrir fógetarétti hinn 20. ágúst 1945,

varð sú sætt með aðiljum, að Ragnar skuldbatt sig til að hafa rýmt herbergið fyrir 1. sept. að viðlögðum útburði. Sjá hér rskj. 10. — Ragnar mun svo hafa flutt úr herberginu hinn 12. sept.

Gerðarbeiðandi skýrir svo frá, að þegar er honum var kunnur ofangreindur úrskurður húsaleigunefndarinnar, hafi hann ákveðið að skjóta honum til dómstólanna í breytingarskyni. Þá kveðst hann einnig hafa beðið Ragnar Björnsson að afhenda sér herbergislyklilinn, er Ragnar Björnsson hafði flutt muni sína úr herberginu og hafði læst því, og það hafi Ragnar og gert. Sama dag hafi gerðarþoli gengið eftir lyklinum, en þeirri málaleitun hafi verið synjað, þar sem til stæði að bera úrskurð húsaleignefndar undir dómstólanna, og kveðst gerðarbeiðandi svo hafa búizt við því, að gerðarþoli sækti rétt sinn venjulega lagaleið, ef henni sýndist svo. En að kveldi hins 16. sept. s. l. kveðst gerðarbeiðandi hafa orðið þess var, að gerðarþoli hafði útvegað sér aðgang að herberginu á eigin spýtur, og telur hann þær aðfarir gerðarþola gersamlega ólöglegar. Ritaði hann því fógetaréttinum bréf, dags. 11. jan. 1945, og krafðist þess, að umráð herbergisins yrðu með beinni fógetagerð tekin af gerðarþola og þau fengin sér í hendur.

Í þessu máli hafa aðiljar vísað til þeirra málsástæðna, sem bornar voru fram fyrir húsaleigunefnd í máli því, er leiddi til þess, að gerðarþoli fékk aftur hið nú umdeilda herbergi.

Það verður nú engan veginn fallizt á þá skoðun gerðarþola, að máli skipti um töku hinna tveggja herbergja til handa dóttur gerðarbeiðanda, hvort hún var barnshafandi eða ekki, heldur mun aðalatriði þessa máls hafa verið, að hana skorti húsnæði fyrir sig og mann sinn til stofnunar heimilis.

Gerðarþoli hefur að vísu haldið því fram, að sér hafi verið ókunnugt um, er gerðarbeiðandi fékk leyfi til framangreindra íbúðaskipta, en það verður ekki talið nauðsynlegt, eins og á stóð, að gerðarþola væri tilkynnt um húsnæðisskipti, til þess að þau yrðu lögleg.

Að því er viðvíkur herbergi því, sem um er deilt í máli þessu, athugast eftirfarandi: Gerðarþoli hefur skýrt svo frá fyrir réttinum, að hún hafi fengið að vita það bráðlega, eftir að Ragnar Björnsson var fluttur í herbergið, að hann var ekki vandabundinn Guðlaugi Ketilssyni eða gerðarbeiðanda. Um miðjan veturinn 1943—'44 kveðst hún hafa tjáð konu gerðarbeiðanda, að hún teldi Ragnar kominn að ólögum inn í herbergið.

Kona gerðarbeiðanda, Arnheiður Jónsdóttir, hefur neitað því, að gerðarþoli hafi nokkru sinni fundið að dvöl Ragnars við sig.

Eins og að framan segir, flytur Ragnar Björnsson inn í hið umdeilda herbergi seinni hluta októbermánaðar 1943, en gerðarþoli hefur ekki sannanlega krafizt álits húsaleigunefndar um dvöl hans þar fyrr en í byrjun júnímánaðar 1944.

Verður ekki talið, að þar sem gerðarþoli hafði þolað veru Ragnars Björnssonar í hinu umdeilda herbergi allan ofangreindan tíma, án þess sannanlega að hafa fundið að því við gerðarbeiðanda, að gerðarþoli hafi átt rétt á því að fá herbergi þetta aftur til sinna nota. Ekki verður heldur talið, að sætt sú, sem Ragnar gerði við gerðarþola hinn 20. ágúst 1945, geti haft nein áhrif á mál þetta, eins og það nú liggur fyrir. Kemst fógetarétturinn því að þeirri niðurstöðu samkvæmt framansögðu, að gerðarbeiðandi eigi rétt á að fá herbergisumráðin aftur í sínar hendur, og beri því að leyfa framgang hinnar umbeðnu innsetningargerðar.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 300.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna innsetningargerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, Jóhanna Pálmadóttir, Tjarnargötu 10 C, greiði gerðarbeiðanda, Guðjóni Sæmundssyni s. st., kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. desember 1946.

Nr. 75/1943. **Georg Magnússon**
gegn
Hildiþór Loftssyni

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Georg Magnússon, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 20. desember 1946.

Kærumálið nr. 19/1946. **Guðlaug Björnsdóttir**
gegn
Magnúsi Jónssyni

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Kröfu um frávísun máls frá héraðsdómi hrundið.

Dómur hæstaréttar.

Í kærumáli þessu, sem hæstarétti hefur verið sent með bréfi borgardómarans í Reykjavík, dags. 14. þ. m. og hingað komnu sama dag, hefur sóknaraðili kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur 11. nóvember s. l., þar sem hrundið er kröfu sóknaraðilja um vísun máls varnaraðilja gegn honum frá héraðsdómi. Hæstarétti hefur borizt greinargerð frá sóknaraðilja. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá krefst hann og málskostnaðar í hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili, sem sent hefur hæstarétti greinargerð, hefur krafizt þess, að úrskurðurinn verði staðfestur. Svo hefur hann og krafizt hæfilegs málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Guðlaug Björnsdóttir, greiði varnaraðilja, Magnúsi Jónssyni, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 11. nóvember 1946.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 1. þ. m., hefur Magnús Jónsson, Freyjugötu 10 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitan með stefnu, útgefinni 4. september 1946, gegn Guðlaugu Björnsdóttur, Freyjugötu 6 hér í bænum, til greiðslu á kr. 2212.50 eða lægri fjárhæð að mati dómara auk 6% ársvaxta frá 29. ágúst 1946 til greiðsludags svo og málskostnaði að mati dómara.

Dómkröfur stefnda á þessu stigi málsins eru þær, að málinu verði vísað frá dómi og að stefnandi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómara.

Málavextir eru þeir, að stefnandi er eigandi húseignarinnar nr. 10 við Freyjugötu ásamt lóð þeirri, er henni fylgir, en húseignin nr. 6 við sömu götu, eign stefnda, liggur upp að vesturenda lóðar stefnanda. Milli húsanna er rúmlega tveggja metra spilda af lóð stefnanda, auð og notuð til umferðar, en stefnandi hefur byggt yfir spildunni. Árið 1931 byggði stefndi viðbót við hús sitt, og svipti hún sig með því aðgangi frá götu að baklóð sinni. Áður en til þeirrar framkvæmdar kom, aflaði hún sér yfirlýsingar frá manni, er hún virðist hafa talið til þess bæran, um að íbúar húss hennar hefðu frjáls afnot af framangreindum undirgangi út að götunni. Með dómi merkjadóms Reykjavíkur 26. október 1945 var yfirlýsing þessi dæmd ógild, að því er varðar fasteignina nr. 10 við Freyjugötu. Dómur þessi var upp kveðinn í máli milli stefnanda máls þessa og manns þess, er yfirlýsinguna gaf. Stefndi í máli þessu gerðist meðalgönguaðili fyrir merkjadóminum og krafðist þess, að viðurkenndur yrði réttur íbúa fasteignar hennar til nota undirgangsins. Reisti hún kröfur sínar á því, að nefnd yfirlýsing væri gild, enda hefði stefnandi samþykkt umferðarréttinn. Þá hélt hún því fram, að hún hefði öðlazt notarréttinn fyrir hefð auk þess að almennt sé talin heimil umferð um undirganga öllum þeim, er þörf hafi. Kröfum þessum var vísað frá dómi ex officio, þar eð stefndi hafði eigi höfðað meðalgöngusök með stefnu, eins og 50. gr. laga nr. 85 frá 1936 mælir fyrir. Hefur stefnandi síðan höfðað mál þetta á hendur stefnda til þess að fá hana dæmda til greiðslu þóknunar fyrir lóðarnotin, er hann telur hæfilega metna kr. 150.00 á ári, eða samtals kr. 2212.50 fyrir tímabilið frá 1. janúar 1932 til 1. september 1946.

Stefndi rökstyður kröfu sína um frávísun máls þessa með því, að eigi sé enn úr því skorið, hvort hún hafi umferðarrétt þann um lóð stefnanda, sem greinir hér að framan, þar eð kröfu hennar um viðurkenningu þessa réttar hafi verið vísað frá merkjadóminum. Auk þess heldur hún því fram, að þar eð yfirlýsing sú, er að framan getur, hafi einungis verið ógild dæmd, að því er varðar

fasteign stefnanda, sé ekki úr því skorið, hvern rétt stefndi geti á henni reist.

Stefnandi hefur mótmælt frávísunarkröfunni, en eigi krafizt málskostnaðar í þessum hluta málsins sérstaklega.

Mál þetta er, sem fyrr var sagt, höfðað til greiðslu þóknunar úr hendi stefnda fyrir not hennar af lóð stefnanda. Verður eigi séð, að úrlausn slíks máls sé sérstaklega falin merkjadómi samkvæmt lögum nr. 35 frá 1914, sbr. lög nr. 35 frá 1923. Stefndi virðist og leita kröfu sinni stuðnings í málsástæðum, sem beinast að efnishlið málsins, og þykir því eigi unnt að taka afstöðu til réttmætis þeirra á þessu stigi málsins. Krafa stefnda um frávísun málsins verður því eigi til greina tekin. Með vísun til framanritaðs eru eigi efni til að taka ákvörðun um málskostnað.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreind frávísunarkrafa verður eigi til greina tekin.

Föstudaginn 20. desember 1946.

Kærumálið nr. 20/1946. **Karl Þorfinnsson**
gegn
Hermanni Guðjónssyni og Magnúsi V. Jóhannessyni

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Um vitnishæfi.

Dómur hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með bréfi 30. nóvember þ. á. kært til hæstaréttar úrskurð borgardómarans í Reykjavík, upp kveðinn 27. s. m., þar sem vitninu Magnúsi V. Jóhannessyni er heimilað að staðfesta með eiði eða drengskaparheiti framburð sinn í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Barst hæstarétti kæran 14. þ. m.

Sóknaraðili hefur sent hæstarétti greinargerð, þar sem hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að synjað verði um staðfestingu framburðar nefnds vitnis. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili Hermann Guðjónsson hefur sent hæstarétti greinargerð, þar sem hann krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja Hermanni Guðjónssyni 200 krónur í kærumálskostnað í hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Karl Þorfinnsson, greiði varnaraðilja Hermanni Guðjónssyni 200 krónur í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 27. nóvember 1946.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 20. þ. m., hefur Karl Þorfinnsson, Nýlendugötu 22 hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 9. sept. s. l., gegn Hermanni Guðjónssyni, Nýja Stúdentagarðinum hér í bæ, og krafizt þess, að síðargreind húsnæðisuppsögn verði metin ógild. Jafnframt hefur hann í framhaldssök í málinu, höfðaðri með stefnu, útgefinni 1. október s. l., krafizt þess, að felldur verði úr gildi úrskurður húsaleigunefndar Reykjavíkur, upp kveðinn 23. september s. l., í ágreiningsmáli út af leiguhúsnæði milli aðilja máls þessa. Enn fremur krefst stefnandi málskostnaðar í frumsök og framhaldssök.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar. Jafnframt hefur hann með stefnu, útgefinni 9. f. m., höfðað gagnsök í málinu og krafizt þess, aðallega að áðurnefnd húsnæðisuppsögn verði metin gild að öllu leyti og til vara, að áðurgreindur úrskurður húsaleigunefndar verði staðfestur og gagnstefndi verði skyldaður til að rýma húsnæði það, er úrskurðurinn greinir. Enn fremur krefst hann málskostnaðar í gagnsök að mati dómarans.

Aðalstefnandi hefur krafizt sýknu í gagnsök og málskostnaðar að skaðlausu.

Tildrög málsins eru þau, sem hér segir:

Aðalstefndi fluttist hingað til bæjarins síðast liðið vor og starfar hér sem skrifstofumaður í endurskoðunardeild fjármálaráðuneytis-

ins. Hinn 3. maí s. l. fékk aðalstefndi leyfi húsaleigunefndar Reykjavíkur til að kaupa hér íbúðarhúsnæði og segja upp leigu á því til að taka það til eigin afnota. Samkvæmt afsali, dags. 4. maí s. l., keypti aðalstefndi íbúð, 3 herbergi og eldhús m. m., í húsinu nr. 22 við Nýlendugötu hér í bænum. Seljandi var Magnús V. Jóhannesson yfirframfærslufulltrúi. Hið selda húsnæði er hluti af íbúð þeirri, sem aðalstefnandi býr í. Með bréfi, 12. maí s. l., sagði aðalstefndi aðalstefnanda upp þeim hluta af íbúð hans, sem aðalstefndi hafði keypt. Uppsögnin var miðuð við 1. okt. s. l. Með bréfi, dags. 9. júní s. l., tilkynnti umboðsmaður aðalstefnanda aðalstefnda, að hann neitaði að taka uppsögnina til greina. Var gildi uppsagnarinnar síðan borið undir húsaleigunefnd, sem með úrskurði sínum, dags. 23. sept. s. l., mat uppsögnina gilda að hluta og gerði aðalstefnanda að rýma 2 herbergi íbúðar sinnar ásamt eldhúsi og geymsluherbergi að hálfu. Aðalstefnandi hefur ekki viljað viðurkenna gildi uppsagnar þessarar né sætta sig við úrskurð húsaleigunefndar varðandi hana og hefur því höfðað mál þetta.

Aðalstefnandi byggir kröfur sínar hér fyrir dómi meðal annars á því, að afsal aðalstefnda frá 4. maí s. l. sé málamyndargerningur. Einnig hefur hann gefið í skyn, að seljandinn, Magnús V. Jóhannesson, muni hafa lofazt til að greiða aðalstefnda skaðabætur, ef ekki yrði unnt að losa hina seldu íbúð til afnota fyrir hann 1. okt. s. l.

Hinn 20. þ. m. kom framangreindur Magnús V. Jóhannesson hér fyrir dóm sem vitni í málinu Bar hann vætti um ýmis atriði, er vörðuðu söluna á hinni umdeildu íbúð. Var framburði hans mótmælt af hálfu aðalstefnanda sem röngum, vilhöllum og óstaðfestum. Krafðist umboðsmaður aðalstefnda þess þá, að vitnið ynni eið að framburði sínum, en umboðsmaður aðalstefnanda mótmælti, að vitninu yrði heimiluð eiðvinning. Studdi hann mótmæli sín með þeirri staðhæfingu, „að vitnið bæri hér í eigin sök". Mótmælti umboðsmaður aðalstefnda staðhæfingu þessari, og lögðu aðiljar atriðið í úrskurð.

Vitnið Magnús V. Jóhannesson hefur borið hér fyrir dómi, að afsalsgerningurinn frá 4. maí s. l. sé ekki bundinn neinum skilyrðum, sem ekki séu skráð í honum, og að engir baksamningar séu milli sín og aðalstefnda varðandi margnefnd íbúðarkaup. Vitnið hefur einnig mótmælt því, að það sé samkvæmt samningi skaðabótaskylt gagnvart aðalstefnda, þótt honum takist ekki nú að fá íbúðina lausa til eigin afnota.. Aðalstefndi hefur einnig gefið yfirlýsingar hér fyrir dómi um framangreind atriði, og eru þær í samræmi við framburð vitnisins.

Gegn þessum staðhæfingum vitnisins og aðalstefnda verður ekki talið, að aðalstefnandi hafi leitt líkur að því, að vitnið hafi þeirra hagsmuna að gæta í sambandi við úrslit máls þessa, sem geri það varhugavert að heimila því að staðfest framburð sinn í málinu

með eiði. Ber því að heimila vitninu að vinna eið eða drengskaparheit að framangreindum framburði sínum.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Vitninu Magnúsi V. Jóhannessyni er heimilt að vinna eið eða drengskaparheit að framburði sínum hér fyrir dómi 20. þessa mánaðar.